Alþingistíðindi 1911

B. II.

Umræður í neðri deild.

Reykjavík
Ísafoldarprentsmiðja
1911

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. eða brtill. eða brt. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. eða e. h. = einu hljóði.
flutnm eða flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsm. eða frsm. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. eða háttv. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög (laga).
lagafrv. eða lfrv. = lagafrumvarp.
Nd. = neðri deild.
ráðh. = ráðherra.
skrif. = skrifari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. eða sþ. = samþykkt.
till. = tillaga.
t. = til.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. eða þgm. = þingmaður.
þm. Ak. = þingmaður Akureyrarkaupstaðar.
þm. Árn. = þingmaður Árnessýslu.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftafellsssýslu.
þm. Barð. = þingmaður Barðastrandarsýslu.
þm. Borgf. = þingmaður Borgarfjarðarsýslu.
þm. Dal. = þingmaður Dalasýslu.
þm. Eyf. = þingmaður Eyjafjarðarsýslu.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnavatnssýslu.
þm. Ísfjk. = þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar.
þm. Mýr. = þingmaður Mýrasýslu.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísafjarðarsýslu.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv. = þingmaður Rangárvallasýslu.
þm. Rvk. = þingmaður Reykjavíkur.
þm. Sfjk. = þingmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar.
þm. Skgf. = þingmaður Skagafjarðarsýslu.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellsnessýslu.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V.-Ísf.- = þingmaður Vestur-Ísafjarðarsýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu.
þskj. eða þgskj. = þingskjal.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

FYRSTI FUNDUR, miðvikudaginn 15. febrúar. Eftir að sam. þing hafði lokið störfum sínum og þingdeildirnar skift sér í deildarsalina, var fundur settur í neðri deild alþingis kl. $2^1/_2$ síðdegis. Fundinum stýrði aldursforseti deildarinnar Sigurður Gunnarsson[1]).

Allir þingmenn deildarinnar voru viðstaddir og voru þeir þessir:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
3. Björn Jónsson, þm. Barð., ráðherra.
4. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
5. Björn Sigfússon, 2. þm. Húnv.
6. Björn Þorlákssson, þm. Sfjk.
7. Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
8. Einar Jónsson, 2. þm. Rangv.
9. Hálfdan Guðjónsson, 1. þm. Húnv.
10. Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
11. Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
12. Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
13. Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
14. Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.
15. Jón Magnússon, þm. Vestm.
16. Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
17. Jón Sigurðsson, þm. Mýr.
18. Jón Þorkelsson. 1. þm. Rvk.
19. Magnús Blöndahl, 2. þm. Rvk.
20. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
21. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
22. Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
23. Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
24. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
25. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
26. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Lét þá aldursforseti kjósa forseta þd. fyrir yfirstandanda þingtímabil. Fór sú kosning svo í fyrstu, að Ólafur Briem hlaut 12 atkv. og Hannes Þorsteinsson 12 atkv., 2 seðlar voru auðir. Var þá kosningin endurtekin, og fór svo, að Hannes Þorsteinsson var kosinn forseti með 14 atkv., en Ólafur Briem hlaut 12 atkv.

Vék þá aldursforseti úr forsetastól, en við fundarstjórn tók hinn kjörni forseti Hannes Þorsteinsson.

Þá var gengið til kosninga á 1. og 2. varaforseta deildarinnar. Eftir endurteknar kosningar hlaut Benedikt Sveinsson kosningu sem 1. varaforseti með 14 atkv., en Ólafur Briem hlaut 9 atkv.; auðir voru 2 seðlar. 2. varaforseti var kosinn Hálfdan Guðjónsson með 14. atkv., Ólafur Briem hlaut 1 atkv., auðir voru 11 seðlar.

Loks var gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar. Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Björn Þorlákssson með 15 atkv.
Eggert Pálsson — 8 —

2 seðlar voru auðir.

Þá las forseti upp 3 bréf frá ráðherra, öll dagsett 14. þ. m. Fylgdu þar með þessi frumvörp frá stjórninni:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.
4. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.
5. Frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvbr. 1901.
6. Frv. til laga um erfðafjárskatt.
7. Frv. til laga um aukatekjur landssjóðs.

[1]) Þess má geta, að Björn Jónsson þm. Barðstrendinga var í rauninni aldursforseti deildarinnar, en sem ráðherra lét hann næstelzta þingmanninn (þ. m. Snæfellinga) gegna aldursforsetastörfum í sinn stað.

8. Frv. til laga um útflutningsgjald af ull um stundarsakir.
9. Frv. til laga um vitagjald.
10. Frv. til laga um útrýming fjárkláða.
11. Frv. til siglingalaga.
12. Frv. til laga um breytingu á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman.

Þessum frumvörpum var þá útbýtt í deildinni.

Fjárlög 1912—1913.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913; (stj.frv. A. bls. 1). 1. umr. 17. febr.

Ráðherrann (B. J.): Það er eins og vant er allangt mál, fjárlagafrumvarpið með athugasemdunum eða ástæðunum fyrir því, og ekki hugsa eg, að eg bæti það ritkorn með nokkurri ræðu á þessu stigi málsins, læt mér nægja að vísa til athugasemdanna að svo stöddu. Eg skal benda á það, sem öllum mun vera ánægjuefni, að tekjuhallinn er enginn eða nálega enginn áætlaður eftir frv., og er það nýtt, því að nú um margt ár hefir jafnan verið gert ráð fyrir tekjuhalla eigi alllitlum í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Í þessu frumv. er gert ráð fyrir að eins 11—12 þús. kr. tekjuhalla. Ástæðan er vitanlega sú, að stjórnin hefir eftir megni reynt að draga úr útgjöldunum, en tekjur hinsvegar ekki áætlaðar hærri en seinast var. Af útgjaldaliðum, sem dregið hefir verið úr má nefna t. d. Rangárbrúna, sem mikið hefir verið rætt um á síðasta þingi, en náði þó ekki fram að ganga. Fjárveitingu til þeirrar brúar hefir verið slept nú, með því að stjórnin leit svo á, að mönnum mundi ekki þykja óhjákvæmileg nauðsyn á liggja að brúa þá á nú fremur en á síðasta þingi. Símuleiðis hefir lítið verið veitt til símlagninga nýrra, og þó nokkuð, en þótt minna sé heldur en símastjórinn ætlaðist til. Til samgöngubóta mun vera gert ráð fyrir minna en margur mundi kjósa, og þó ekki alllitlu fé. Nokkuð hefir verið felt burt af styrkveitingum til vísinda og verklegra framkvæmda; kemur það oftast af því, að stjórnin hefir þá ekki fengið skýrslur um, hversu styrkþegar hafa varið styrk þeim, er þeir hafa fengið, þótt svo sé til ætlazt.

Vitanlegt er það, að frv. þessu verður gerbreytt á þinginu, því að sjaldan hefir það haft mikið að segja, hvað stjórnin leggur til í fjárlagafrv.

Það hefir verið siður undanfarin ár að gefa dálitla skýrslu um fjárhagsástand landssjóðs. Eg skal leyfa mér að geta að nokkuru hversu tekjum landssjóðs hefir verið háttað síðastliðið ár, árið 1910.

Kaffi og sykurtollur nemur rúmum . . . . . 400 þús. kr.
Tóbakstollur fullum . . . 200 — —
Vínfangatollur . . . . . 182 — —
Útflutningsgjald . . . . . 169 — —

Þessir tekjuliðir eru langhæstir.

Þar næst eru

Aukatekjur . . . . . 62 þús. kr.
Ábúðar- og lausafjárskattur 50 — —
Vitagjald . . . . . 36 — —

Allir aðrir tekjuliðir þaðanaf minni. Samtals nema tekjur landssjóðs árið 1910 **1,213,700 kr.** Við samanburð á þessari skýrslu og skýrslu um tekjur landssjóðs 1909 kemur það í ljós, að allir eða allflestir tekjuliðir hafa hækkað að mun síðastliðið ár.

Skúli Thoroddsen: Eg skal leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd.

ATKVGR.:

Sþ. í e. hlj. að kjósa 7 manna nefnd.

I nefndina kosnir með hlutfallskosningum:

Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,
Jóhannes Jóhannesson.

1. umræðu frestað. Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður, en Björn Þorláksson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 25. marz (stj.frv. A. bls. 1, 239, n. 246).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg vil aðeins tala örfá orð á þessu stigi málsins til þess að skýra frá, hvernig eg lít á fjárhag landsins. Eins og menn vita eru útgjöldin á aukafjárlögunum 142 þús. kr. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er tekjuhallinn ekki nema 12 þús. kr., en hjá nefndinni hefir hann aukist um 130 þús. Þetta verður til samans um 280 þús. kr. Ef að vanda lætur, bætist talsvert við í báðum deildum; eg hefi lauslega áætlað, að það yrði 100 þús. kr. og er þá tekjuhallinn orðinn um 400 þús. Eg vil leyfa mér að benda á þetta, svo að þingmenn reyni að finna einhver ráð til þess að útvega tekjur, sem geti vegið þennan halla upp, því að öllum hlýtur að vera ljóst, að ekki tjáir að skilja við fjárlögin í slíku ástandi. Eg vil því vona, að menn gæti allrar varúðar og sanngirni; það er ekki nóg að heimta fé úr landsjóði, ef hag landsjóðs er svo illa komið, að enginn vegur sé til að hann geti fullnægt öllum þeim kröfum, sem gerðar eru til hans. Eg skal geta þess, að í ráði er, að borin verði fram frumvörp til þess að auka tekjur landsjóðs, og vona eg, að því verði vel tekið, þegar þar að kemur, því að öllum hlýtur að vera ljóst, að einhvern veg verður að finna til þess að bæta úr fjárhag landsjóðs, sem sannarlega er ekki góður nú sem stendur.

Jón Jónsson (1. þm. S-Múl.): Við þessa umr. verður ekki ástæða til þess að halda neinn eldhúsdag, því að mönnum hefir margsinnis áður gefist tækifæri til þess að lýsa skoðunum sínum á stjórn fyrv. ráðh., enda eru margar af stjórnarathöfnum hans ennþá í hendi rannsóknarnefndar. — Eg get tekið undir með háttv. framsm. (B. Þ.), að fjárhagsástandið er iskyggilegt og verður sjálfsagt ekki álitlegra um það, er umræðunum um fjárlögin lýkur. Að þessu sinni vil eg aðeins benda á, að þótt fjárlaganefndin hafi lækkað áætlun stjórnarinnar um tekjur af vínfangatollinum, þá þarf að lækka hana ennþá miklu meir og mun eg seinna koma fram með brtill. um það.

Benedikt Sveinsson: Svo sem háttv. 1. þm. S.-M. (J. J.) drap á, hefir það áður verið siður við þessa umr. að ræða gerðir stjórnarinnar, ávíta hana fyrir það, sem aflaga hefir farið og benda á það, sem ábótavant hefir þótt í fari hennar. Þetta var þó ekki gert á síðasta þingi, vegna þess að þá voru orðin ráðherraskifti við 1. umr. fjárlaganna. Nú hafa að vísu verið haldnir tveir eldhúsdagar á þessu þingi þegar bornar hafa verið fram vantraustsyfirlýsingarnar, en þó finst mér rétt, að sú venja sé ekki látin fyrnast með öllu að nota framhald 1. umr fjárlaga til þess að tala um það, sem ábótavant er í fari stjórnarinnar, enda væri á margt að minnast, sem ennþá hefir ekki verið tekið fram. Eg ætla mér ekki að fara að ganga í skrokk á fyrverandi stjórn, en ætla aðeins að benda á nokkur atriði, þar sem mér virðist

hún hafa sýnt hirðuleysi, og getur það þá verið núverandi stjórn til leiðbeiningar.

Eins og menn vita, berast stjórnarráðinu mörg bréf og póstsendingar á ári hverju. Er það venja, að landritari tekur öll frímerkin af bréfum þessum og póstsendingum. Þessu hefir verið hreyft í blöðunum og bent á, að það ætti ekki að eiga sér stað. En landritari hefir svarað, að hér væri aðeins um lítilræði, svo sem 100—150 kr. á ári, að ræða. Þetta er alls ekki rétt, og hefi eg full rök fyrir því, að hér er um stórum meira fé að ræða. Það er alls ekki réttlátt, að landritari, hæst launaði maðurinn í stjórnarráðinu næst ráðherra, fái þessar aukatekjur, hvort sem þær eru litlar eða miklar. Tekjurnar af frímerkjunum ættu annaðhvort að renna beint til landssjóðs eða þá til þeirra starfsmanna í stjórnarráðinu, sem eru lægst launaðir, til þess að síður þyrfti að hækka laun þeirra.

Eg ætla ekki að fara langt út í það, að sýna fram á, hvað frímerkin nema miklu fé. En eg vil benda á, að það hlýtur að vera mikið og að það er eign landsins, en ekki landritara. Eg skal geta þess, að einn sýsluskrifari hefir tjáð mér, að hann hafi eitt ár haft 300 kr. aukatekjur af frímerkjum þeim, er sýslumanninum bárust á bréfum og póstsendingum árlangt. Það má því geta nærri, að frímerki þau, er berast stjórnarráðinu árlega, eru nokkrum sinnum 300 kr. virði. Í því sambandi skal eg geta þess, að stjórnarráðið sendi í haust manntalsskýrslur út um land alt og nam þyngd þeirra nálægt 3000 pundum. Þessar skýrslur eru nú endursendar stjórnarráðinu. Var burðargjaldið 1 kr. fyrir hvert pund með landpóstum, en lægra með skipum. Eg hygg, að óhætt sé að ráðgera, að ekki hafi meir en þriðjungur af skýrslunum verið sendur með skipum, þar eð þetta var um nýársleytið og skipaferðir þá ekki tíðar. Hinir $^2/_3$ hlutarnir hafa verið sendir með póstum. Nú er aðgætandi, að stjórnarráðinu berast einungis þjónustufrímerki eða þá önnur verðhá frímerki, helzt 1 og 2 kr. almenn frímerki. Verð allra þessara frímerkja er, þá er þau eru brúkuð, frá 60—90% af ákvæðisverði þeirra eða að minsta kosti 70% að meðaltali. Eftir þessum útreikningi hefir landritari haft um 1400 kr. aukatekjur, að eins af þeim 2000 pundum af manntalsskýrslum, er gera má ráð fyrir, að verið hafi endursendar stjórnarráðinu landveg. Hér við bætast svo tekjurnar af þeim 1000 pundum, er send hafa verið með skipum og nema þær heldur ekki lítilli upphæð. Alt þetta hefir landritari fengið, auk allra þeirra venjulegu aukatekna, er hann hefir af frímerkjum stjórnarráðsins á hverju ári, sem eru geysimikil. Er nú nokkur sanngirni í, að landritari skuli fá alt þetta gefins? Nei, eg skil ekki, að nokkrum geti blandast hugur um, að réttara væri, að þessar aukatekjur rynnu beint í landssjóð eða þá til þeirra starfsmanna í stjórnarráðinu, sem lægst eru launaðir.

Svo vildi eg minnast á annað, sem að vísu eru ekki stórsakir, en leiðinlegt, að skuli eiga sér stað. Það er viðvikjandi einkennisbúningum embættismanna og merkjum þeim, er sett eru utan á opinberar stofnanir. Það er algerlega ótilhlýðilegt og ástæðulaust, að ríkismerki Dana skuli vera sett utan á þinghúsið. Eg vonast til, að búið verði að taka þetta innlimunarmerki burtu, þá er eldhúsdagur verður hér næst. Það er einnig leitt að sjá lögregluþjónana hafa dönsk merki á húfu og belti, þar sem lögreglumál eru þó, jafnvel af Dönum, viðurkend »sérmál Íslendinga«.

Það er alveg sjálfsagt, að lögregluþjónar vorir beri íslenzk skjaldarmerki, eins og þeir dönsku dönsk.

Þetta kann sumum að þykja lítils varðandi, en það er þó ekki þýðingarlaust. Ber vitni um hirðuleysi og skort á þjóðarmetnaði, að burðast með útlend einkenni á búningum, þar sem íslenzk eru til og ætti stjórnin að koma þessum og þvílíkum óvenjum af sem fyrst.

Jón Þorkelsson: Það er nú orðin venja, að nefndarálitin í stórmálunum eru farin að verða nokkuð rýr, eins og t. d. frá háttv. 2 þm. S.-Múl. (J. Ó.) í gær. Eg skal að öðru leyti ekki fara mikið út í þessi nefndarálit. Að eins vil eg geta þess, að mér virðist, að fjárlaganefndin hafi lítið annað gert en sitja yfir því að tína og telja skildinga, sem vafasamt er, hvort til séu. Fjárhaginn telur nefndin sökkvandi, en hefir þó ekki komið fram með neinar tillögur um að auka tekjurnar, en hefir aftur á móti lagt það til, að landið lánaði út 70—80 þús. kr. Rýrara fjárlaganefndarálit hefir víst ekki sést hér á þingi. Þetta kemur kanske af því, að skrifari nefndarinnar er vanur að vera fremur fámæltur. En af öllu má þó ofmikið gera. Breytingartillögur nefndarinnar eru eins og goðasvör, og engar ástæður færðar fyrir neinum þeirra.

Út af ummælum háttb. þm. N.-Þing. (B. Sv.) vil eg geta þess, að eg er honum samdóma um, að þessi dönsku innlimunarmerki, svo sem áletranir á hús, merki þau, er lögregluþjónar vorir bera á húfu og belti, og annar hégómi og hégilja, sem er arfur frá eldri tímum, ætti sem fyrst að hverfa. Ef öðru visi stæði á, væri og ástæða til að fara út í ýmsar sakir, er stjórnin hefir ekki haft tíma til þess að framkvæma á fjárhagstímabilinu.

Eg vil minnast á eitt atriði hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann talaði um að það væri rangt, að landritari skyldi hirða öll þau frímerki, er stjórnarráðinu bærust á bréfum og póstsendingum, og að þetta mundi nema mikilli fjárupphæð. Það getur verið, að hér sé um stóra upphæð að ræða, þó að eg telji það ekki mjög líklegt, en það er aðgætandi, að það er engin skylda fyrir landritarann eða neinn embættismann að hirða brúkuð þjónustufrímerki og því síður að skila landsstjórninni þeim. Það er og siður erlendis, að starfsmenn hirði frímerkin og fái vasafé af andvirði þeirra. Að landritari hafi dregið sér fé af þessu er mjög orðum aukið. Það hefir verið vakið máls á þessu í blaði háttv. þm. og hefir landritari gert fulla grein fyrir andvirði frímerkjanna, hefir hann t. d. varið nokkru af frímerkjafénu til að gefa heilsuhælinu, annað hefir gengið til lægsta starfsmanns stjórnarráðsins. Ef á að víta landritara fyrir að hirða frímerkin, mætti víta fleiri t. d. póstmeistara og landsgjaldkera. En landritari getur alls ekki verið vítaverður fyrir þetta, því að það er engin lagaskylda fyrir hann að hirða frímerkin. Með því að það er utanþingsmaður, er hér á í hlut, finnst mér, að háttv. þm. hefði heldur átt að koma með þessar aðfinnslur í blaði sínu en hér, svo að hlutaðeiganda hefði gefist kostur á að svara fyrir sig. Eg skal svo ekki að sinni fara lengra út í mál þetta nú. Það er lengi kostur á að ræða fjárlögin.

Jón Magnússon: Eg hafði ekki hugsað mér, að eg þyrfti að taka til máls nú. En út af ummælum háttv. þm. N. Þing. (B. Sv.) skal eg geta þess, að eg skil ekki í, hvað þingið varðar um búning lögregluþjóna bæjarins, þareð það leggur þeim ekki til neitt fé til lögregluþjónustu bæjarins. Lögregluþjónarnir eru launaðir þjónar Reykjavíkurbæjar. Ef háttv. þm. vildi hjálpa mér til að útvega fé hjá bæjarstjórn til

þess að breyta búningnum, þá skyldi eg vera honum þakklátur. Það hefir verið venja að fá einkennisbúningana frá Kaupmannahöfn, þareð það er sparnað ur. Það kostar talsvert fé að búa til slíka einkennisbúninga með sérstakri gerð. Að öðru leyti vildi eg mótmæla afskiftum þingsins af þessu máli, sem er bæjarmál Reykjavíkur. En ef þingið legði eitthvað fé fram, væri öðru máli að gegna.

Úr því að eg stóð upp, vildi eg minnast á ummæli háttv. þm. um, að landritari muni hafa miklar tekjur af frímerkjum þeim, er berast stjórnarráðinu á bréfum og póstsendingum. Eg hygg, að háttv. þm. geri fyrst og fremst alt of mikið úr þessum tekjum og að öðru leyti renna þær ekki nema að nokkru til hans. Yfir höfuð er alt of mikið gert úr tekjum embættismanna af notuðum frímerkjum. Skal eg geta þess, að öll þau frímerki, er eg hefi fengið, síðan eg varð bæjarfógeti, á 3. ár, eru ekki meira en 100 kr. virði. Fæstir sýslumenn munu fá frímerki á einu ári fyrir 100 kr. Það getur ef til vill hafa hitst svo á, að einhver sýslumaður hafi, þá er frímerkjaskipti voru, fengið frímerki á einu ári fyrir 300 kr. Eg skal ekki bera á móti því, úr því háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) segir það, þótt mér þyki það ólíklegt. En annars eru þessi frímerki mjög litils virði. Þetta er ómerkilegt atriði og því leiðinlegt að heyra, að háttv. þm. skuli vera að fara út í slíka smámuni.

Benedikt Sveinsson: Eg veit, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) er svo vanur að fá góðar aukatekjur, að hann metur tekjur af frímerkjum ekki mikils. En þetta virðist þó vera honum viðkvæmt mál, eins og embættismönnum er vant að vera, þegar minst er á tekjur þeirra. Eg sé ekki, að það geti verið goðgá af mér að minnast á það, að ósanngjarnt sé, að landritari hafi stórar aukatekjur af frímerkjum landssjóðs og að þessar tekjur ættu heldur að renna til þeirra starfsmanna í stjórnarráðinu, sem eru lægst launaðir. Eða er það nokkur sanngirni í því, að landritari, sem er svo hálaunaður, skuli t. d. hafa haft um eða yfir 1400 kr. aukatekjur af frímerkjum þeim, er bárust stjórnarráðinu á manntalsskýrslunum?

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að sýslumenn hefðu einnig aukatekjur af frímerkjum. Satt er það. En hér er alt öðru máli að gegna, því að bæði berast stjórnarráðinu margfalt fleiri bréf og póstsendingar á ári hverju en einum sýslumanni og svo mun það oft, að sýslumennirnir láta skrifara sína hafa aukatekjur af frímerkjunum, sem þeim berast. — Samkvæmt því ættu skrifararnir í stjórnarráðinu að fá frímerkin þar. Það er enginn samanburður á þeim aukatekjum, er landritari hefir af frímerkjum og þeim, er einn sýslumaður hefir af þeim. Það er heldur ekki að marka, þótt bæjarfógetinn hafi ekki þann tíma, er hann hefir gegnt embætti sínu, haft meiri aukatekjur af frímerkjum en 100 kr., þar sem hann fær nálega einungis bréf úr sínu lögsagnarumdæmi og burðargjaldið innanbæjar er miklu meira en helmingi lægra en burðargjaldið út um land. Ennfremur berst honum allur þorri bréfa, án þess að nokkurt burðargjald sé greitt undir þau. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) furðaði sig á, að einum sýslumanni hafi á einu ári borist frímerki fyrir 300 kr. En það er aðgætandi, að þá voru frímerkjaskifti og svo verður einmitt einnig á þessu ári. Nú verða frímerkjaskifti í sumar, samkvæmt nýlega fengnum upplýsingum frá fyrverandi stjórn, svo að verð hinna eldri frímerkja hlýtur mjög að hækka. Hér er því alls ekki um neinn hégóma að ræða, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) vildi halda fram. Annars virðist mér oft vera þref-

að um 100 kr. og þesskonar smáræði hér á alþingi, þegar ræða er um þóknun til þeirra starfsmanna þjóðfélagsins, sem minsta borgun fá fyrir verk sín; þá eru slíkt ekki kallaðir smámunir. En þegar hér er um margfalt meiri upphæð að ræða, sem einhver hálaunaðasti embættismaður landsins tekur í fullkomnu lagaleysi og með engri sanngirni af eign landsins handa sjálfum sér, þá eru það kallaðir smámunir og hégómi. Er nokkur samkvæmni í þessu? Eg get ekki skoðað það neina goðgá að tala um utanþingsmenn, sem eru opinberir starfsmenn. Hjá því verður oft ekki komist, enda er daglega gert hér í þinginu. Það var heldur alls ekki ætlan mín, að mannskemma neinn, heldur aðeins að benda á það, að óhæfilegt væri að verja jafnmiklu fé, sem er landsjóðs-eign á þann hátt, sem gert hefir verið.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að þingið varðaði ekkert um einkennisbúninga lögregluþjóna bæjarins. En þetta er algerlega rangt. Lögreglumál heyra undir valdsvið þingsins og það hefir fullan rétt til þess að krefjast, að lögregluþjónarnir hafi þann einkennisbúning, sem það ákveður. Það segir sig sjálft, að það er þvert ofan í lög og rétt, að íslenzkir lögregluþjónar hafi danskt ríkismerki á einkennisbúningum sínum. En hvað kostnaðinn við búningana snertir, finst mér sjálfsagt, að þingið leggi til fé til þess að lögregluþjónarnir geti losnað við þessi dönsku innlimunarmerki.

Jón Magnússon: Eg býst ekki við, að kostnaðurinn við breyting á einkennisbúningum lögregluþjónanna verði svo mikill, að þörf sé á að leita til þingsins með hann. Bæinn munar ekki svo mikið um þetta, þar sem hann launar þá að öllu leyti. En hinsvegar kemur það ekki þinginu við, hvernig lögregluþjónarnir eru búnir. Út af þessu frímerkjatali vil eg geta þess, að bæði póstmenn og Landsbankamenn hafa einnig aukatekjur af frímerkjum.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að í nefndarálitinu væri ekki gerð nægileg grein fyrir ýmsum fjárveitingum. Þetta er skakt. Að vísu er það gert í stuttu máli, en nógu skýrt fyrir hvern þann, sem vill skilja. Þar sem á það brestur, liggja til þess sérstakar ástæður, nefnilega þær, að nefndin hefir þar ekki öll verið á sama máli, og hugði eg að það mundi nægja, að gera grein fyrir þeim atriðum í umræðunum seinna. Háttv. þm. sagði að þetta væri lélegasta nefndarálit, sem fram hefði komið hér í deildinni. Eg þakka honum fyrir þau »compliment«, en hann verður að afsaka það, að eg er maður fáorður, og tel það kost fremur en löst. Eg er að því leyti alveg gagnstæður honum, því að hann er sá óþarfasti, langorðasti og dýrasti þm. hér í deildinni, því að þess ber vel að gæta, að hér kostar hvert orð peninga, og eg vil spara fé landsins.

Þar sem háttv. þm. var að fjargviðrast út af lánsheimildum úr landssjóði, þá skal eg fyrst geta þess, að þetta kemur ekki landssjóði við, heldur viðlagasjóði, og í annan stað hins, að það er skýrt tekið fram, að hér er að eins um heimild að ræða, ef til kemur, en enga skipun.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 23 samhlj. atkv.

Önnur umr., 30. og 31. marz., 1. og 3. apríl (Atkvæðaskrá A. 484).

I. Tekjukaflinn 1.—6. gr.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg vil leyfa mér áður

en eg tala um einstakar breyt.till., að fara fáeinum orðum um fjárhaginn. Eg gat þess við 1. umr., að samkvæmt till. nefndarinnar yrði tekjuhallinn 140 þús. kr., þar við bætast 140 þús. á aukafjárlögunum; það verður samtals 280 þús. kr. Þar að auki hafa komið fram milli 60 og 70 brtill. um fjárveitingar, og hefir mér talist svo til, að þær mundu nema yfir 250 þús. kr. Ennfremur hefir verið farið fram á lánveitingar, sem nema eitthvað 160 þús. kr., og færi þá tekjuhallinn að verða sæmilegur, ef þetta yrði alt samþykt. Þess skal reyndar getið um leið, að stungið hefir verið upp á að færa niður ýmisleg útgjöld, og mun sú niðurfærsla nema hér um bil 80 þús. kr. — Eg get nú ekki stilt mig um að lýsa undrun minni yfir slíku háttalagi og vil leyfa mér að spyrja háttv. þingmenn um, hvaða leik menn eru að leika hér í deildinni. En vera má, að þingmennirnir, sem sjálfir taka þátt í þessum leik, verði eigi fljótir til svars, og væri því ef til vill réttara að beina þessari spurningu til áheyrendanna. Margir mundu kalla það trúðleik, þennan bardaga þingmanna um krónur landssjóðs, sem er tómur, — en eg vil kalla það sorgarleik. Mér dettur í hug dálítil skrítla. Mann einn langaði til að fá sér á pytluna. Hann fór til konu einnar, sem hann var vanur að selja fisk, og spurði hana, hvort hún vildi ekki kaupa heilagfiski fyrir 2 kr. Hún kvað já við og borgaði honum peningana, en þegar hún spurði, hvar heilagfiskið væri, svaraði náunginn, að það væri í sjónum! Mér finst vera hér um líkt að ræða; hér er verið að deila um peninga, sem eru — í sjónum, og geta ekki komið á land í næstu 2 ár, að minsta kosti ekki nema lítill hluti þeirra. Aðganginum undir umræðunum um fjárlögin hefir oft verið líkt við hvalskurð í fjöru; en eg vil ekki endurtaka þá samlíking, því að hvalinn hefir ennþá ekki rekið og hann getur ekki rekið. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta.

Eg vil þá snúa mér að tekjukaflanum og gera stutta grein fyrir, að hverju leyti nefndin hefir breytt áætluninni um tekjurnar. Breytingarnar eru ekki miklar. Aukatekjurnar eru færðar niður um 5000 kr., en útflutningsgjald af fiski, síld og lýsi hækkað úr 135 þús. kr. upp í 150 þús. Árið 1909 voru tekjurnar af þessu 200 þús. kr., svo að eg vona að deildin sjái, að hér er farið gætilega að. Aftur á móti þótti meiri hluta nefndarinnar stjórnin hafa áætlað of háan áfengistoll fyrir árið 1912. Samkvæmt áætlun hennar ætti hann að verða 360 þús. kr. Rétt er að taka það fram til skilningsauka, að áfengi má ekki flytja inn, þegar þetta ár er liðið, en það sem áður er flutt inn, má vera í tollgeymslu 1 ár, og má þá búast við, að tollgreiðslan af því að meiru eða minna leyti dragist fram undir árslokin. Stjórnin leit nú svo á, að áfengi mundi eigi einungis verða flutt inn fyrir þetta ár, ɔ: 1912, heldur og fyrir 2 ár að auki, því að svo lengi helzt vínsöluleyfið. Fyrir síðara árið hefir stjórnin slept að setja nokkurn toll, og skoða eg það sem gleymsku, því að þó eigi leyfist að flytja inn áfengi 1913, þá verður þó flutt inn óáfengt öl og meðalaspiritus, og hefir nefndin áætlað 30 þús. kr. toll af þeim vörum. — Eg vil þá aftur víkja að þessum 360 þús. kr. Eg held að það sé eigi of hátt áætlað, en meiri hluti nefndarinnar vildi lækka þessa upphæð um 60 þús. kr. og varð það að bráðabirgðasamkomulagi í nefndinni, að halda fast við 300 þús. kr. En nú er það orðið kunnugt, að nokkrir nefndarmenn þykjast ekki bundnir við þetta samkomulag og ætla að greiða atkvæði með, að

áætlunin verði lækkuð niður í 200 þús. kr. Eg skal svo ekki tala fleira um það að sinni.

Að lokum vil eg geta um eina lítilfjörlega brtill. Nefndin vill fella burt undir 13. tekjulið orðin: »Leyfisbréfagjöld og«, og hækka liðinn á ári um 2500 kr., því að eftir að bannlögin eru komin á, geta engin ný vínsöluleyfi bæzt við, og má þá ganga að því vísu, að ársgjöldin lækki. — Þá er ein lítil brtill. á þskj. 402, að fyrir »ríkissjóð« komi »ríkissjóð Danmerkur«. Nefndin er henni samþykk.

Eg hefi svo ekki annað að segja um tekjurnar en þetta.

Ráðherra (Kr. J.): Svo sem hv. þingmönnum er kunnugt, hefi eg ekki átt þátt í undirbúningi þessa frv. og eg hefi ekki starfað með fjárlaganefndinni, enda var hún komin langt með verk sitt, þegar eg varð ráðherra. Eg get því að eins tekið lítinn þátt í þessum umræðum, en tel það þó skyldu mína að segja nokkur orð á þessu stigi málsins um það, hvernig mér lítist á fjárhagshorfurnar. Háttv. framsm. (B. Þ.) hefir þegar tekið margt fram af því, sem eg vildi sagt hafa og þarf eg þá ekki að endurtaka það. Nokkrar upplýsingar vil eg þó gefa um almennan hag landssjóðs. Eg hefi getið þess áður hér í deildinni, að svo var komið hag vorum um nýárið, að þeir sem hafa landssjóðinn með höndum, urðu hræddir um, að hann gæti eigi staðið í skilum með skyldugjöld sín. Það var svo langt komið, að farið var til annars af bönkunum hér í bænum, og hann beðinn um að hlaupa undir bagga með landssjóði, ef á þyrfti að halda. Þetta nefni eg sem dæmi upp á það, hvernig ástandið var. Þegar til kom, þurfti ekki á þessu að halda. Landssjóður er nú í c. 470 þús. kr. viðskiftaskuld við ríkisféhirzlu, sem heimta má hvenær sem vill. Í sjóði hjá landsféhirði eru ca 150 þús. kr., sem ætlaðar eru til að kaupa veðdeildarbréf fyrir. Það er með öðrum orðum svo: að um 200 þús. kr. vantar upp á, að landssjóður geti goldið skuld sína til ríkissjóðs. Það er óhjákvæmilega nauðsynlegt, að svo mikið sé í sjóði hjá landsféhirði, að staðið verði í skilum með dagleg útgjöld hvenær sem er, en það er langt frá því, að þessu sé óhætt. Ástæðan til þessa ólags er, að of mikil gjöld hafa verið lögð á landssjóð, og að of mikið hefir verið lánað út síðustu árin, það er að segja, að alt of mikið fé hefir verið fest í viðlagasjóði. Peningaforði landssjóðs hefir verið festur þar. Viðlagasjóður var eftir síðustu prentuðu skýrslum nálægt $1^1/_2$ miljón króna, en mun nú vera um 1730 þús. kr.

Önnur ástæðan til hins örðuga fjárhags landssjóðs eru bankavaxtabréfakaup hans. Landssjóður hefir keypt þau síðan 1909 svo að nemur um 1.300.000 kr. (1 milj. 300 þús. kr.), en eigi hefir öllu lánsfénu, sem tekið var til þessara kaupa, verið varið til þeirra, og hefir kaupverðið þá verið greitt af peningaforða jarðabókarsjóðs; hvernig lánsfénu að öðru leyti hefir verið varið, er mér ókunnugt; hefi eigi enn getað grafið það upp. Hefi eg þó leitast við að fá skýrslu um það, en ekki tekist enn. Eg mun skýra þinginu frá því, þegar er mér er komin full vitneskja um það, hvernig fé þessu hefir verið varið, sem fyrverandi ráðherra tók hjá bönkunum í Kaupmannahöfn.

Úr því að eg fór að minnast á þetta, þá skal eg skýra frá skuldum landssjóðs. Við danska banka skuldar landssjóður 1425 þús. kr., er það ofannefnt lán; við ríkissjóð ca. 467 þús., eða alls 1892 þús. kr. Fyrir þessu eru til 1300

þús. kr. í bankavaxtabréfum og hið síðara lánið var sett í arðberandi fyrirtæki, aðallega síma. Eg mintist á það áður, að ein orsökin til þessa örðuga hags landssjóðsins, væri sá, hve mikið fé væri fast í viðlagasjóði. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að ekki er útlit fyrir, að nokkurt nýtt lán verði veitt úr viðlagasjóði á næsta fjárhagstímabili. Þetta bendi eg á deildinni til leiðbeiningar, til þess að hún hrapi ekki að því að samþykkja nýjar lánsheimildir. Það er enginn vegur til þess, að landsstjórnin geti veitt lán, þar sem fé er ekki fyrir hendi til þess. Á landssjóði hvíla loforð frá fyrverandi ráðherra um lán, sem erfitt verður að fullnægja, en verður þó að uppfylla, því að það er ekki sæmilegt, að landsstjórnin haldi ekki loforð sín, þótt ráðherraskifti verði.

Stjórnin gerir í frumv. sínu ráð fyrir 12 þús. kr. tekjuhalla. Þar við bætast 125 þús. kr., sem háttv. framsögum (B. J.) sagði, að fjárlaganefndin bætti við í tillögum sínum. Á fjáraukalögum er útgjalda-aukinn um 142 þús. kr. Og enginn veit, hvað miklu einstakir þingmenn fá bætt við. Enn er ótalið, að til skólanna vantar í fjárlögunum minst 15 þús. kr., ef fullnægja á fyrirmælum gildandi laga.

Þá skal eg víkja að einum tekjuliðnum, sem eg tel alt of hátt settan. Það er ölfangatollurinn. Stjórnin gerir ráð fyrir í frv. sínu, að hann verði 360 þús. kr. f. á. og 30 þús. síðara árið. Þetta er mikils til of hátt. Eg hefi spurst fyrir hjá mönnum, sem bezt skyn bera á þetta mál, embættismönnunum í stjórnarráðinu, og að þeirra áliti er það eigi gerlegt að áætla upphæðina hærri en 200 þús. kr. f. á. og 20 þús. kr. síðara árið. Eg sé líka, að einhverjir þingmenn hafa komið með br.till. um að lækka þennan tekjulið nákvæmlega eins og eg nú drap á, að sennilegast væri, hvort sem þeir hafa bygt á sömu skýrslum sem eg eða ekki. Það má því gera ráð fyrir, að tekjurnar séu áætlaðar um 110 þús. kr. of hátt hjá fjárlaganefndinni, en 140 þús. kr. hjá stjórninni. Auk þessa má gera ráð fyrir ca. 250 þús. kr. útgjöldum við br.till. einstakra þingmanna, svo að með því yrði tekjuhallinn samkvæmt framansögðu rúmar 700 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Og þótt tillögur einstakra þingmanna væru undanskildar, mundi tekjuhallinn nema rúmri $^1/_2$ miljón á fjárhagstímabilinu. Eg veit ekki, hvaðan á að taka alt þetta fé. Mitt álit er og hefir frá öndverðu verið, að landið ætti aldrei að taka lán nema til ákveðinna, nauðsynlegra og helzt arðberandi fyrirtækja, en alls ekki til að fylla það skarð, sem verður af tekjuhalla fyrir ógætilega fjárlagasetningu. Það er óyndisúrræði, og vona eg, að aldrei komi til þess, ef deildin beitir sínum ítrustu kröftum til að gera lögin svo úr garði, að þau verði viðunanleg, sjái ráð til að auka tekjurnar sannsýnilega og færi niður gjöldin sem mest má verða, gæti þess, að veita ekki fé til fyrirtækja, sem landssjóður getur orðið fyrir skakkaföllum af. Eg treysti því og veit það, að deildin gerir skyldu sína í þessu efni, og vona, að þingdm. sjái, að eg tala þetta af einlægri umhyggju fyrir velferð landsins.

Eg gleymdi að minnast á það, er eg mintist á tekjur landssjóðs, að fjárlaganefndin leggur til að gefa ullarverksmiðjunni á Akureyri upp vexti, að upphæð 6000 kr., af láni teknu 18. jan. 1908. Frá sjónarmiði landsstjórnarinnar er þetta hættuleg braut. Sjálfur er eg algerlega mótfallinn þessari tillögu. Ef þetta verður samþykt, þá verður næsta sporið að biðja um uppgjöf á öllu láninu. Þetta ættu þingmenn vel að athuga.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg

geri ráð fyrir, að eg þurfi ekki mikið að mæla með brtill. minni við 2. gr., þeirri að áfengistollurinn sé færður niður í 200 þús. kr. f. á. og 20 þús kr. síðara árið, í stað þess stjórnin áætlaði tollinn 360 þús. f. á. að eins, en fjárlaganefndin 300 þús. kr. f. á. og 30 þús. kr. síðara árið. Hæstv. ráðherra hefir tekið í sama strenginn eftir að hafa leitað upplýsinga um þetta atriði hjá þeim mönnum, sem helzt má vænta, að skyn beri á þetta mál. Það gleður mig, að við höfum komist að sömu niðurstöðu um málið, þótt eg hafi mínar upplýsingar úr öðrum stað en hæstv. ráðherra.

Eg sagði það við 1. umr. fjárlaganna, að það væri óforsvaranlegt að byggja útgjaldaáætlun á svo óábyggilegri tekjuáætlun sem þessi er. Það hefir aldrei komið fyrir, að tekjur hafi verið áætlaðar of hátt. Hingað til hefir það verið afdráttarlaus venja, að tekjuáætlunum hefir verið hagað svo gætilega, að jafnan hefir reynst svo eftir á, að afgangur hefir orðið á tekjunum frá því, sem áætlað var. Bæði þing og stjórn hafa lagst á eitt um það, að fara varlega í þessu efni. Það hefir jafnvel komið fyrir, að þótt landsjóður hafi orðið fyrir mjög stórum aukagjöldum og þrátt fyrir það þótt áætlaður hafi verið tekjuhalli á fjárlögunum, þá hefir samt orðið afgangur. Af þessum ástæðum hefir fjárhagur landsjóðs jafnan verið sæmilega góður. Mér virðist háttv. fyrv. ráðherra hafa vikið frá þessari reglu og slíkt hið sama fjárlaganefndin, og þótt ekki sé hægt að sýna þetta með tölum, þá fullyrði eg, að áætlun mín sé sú hæsta, sem hugsanleg sé, ef skynsamlega er á litið. Árið sem leið voru tolltekjur af áfengi ekki einu sinni 200 þús. kr., heldur að eins 180 þús. kr., eða því sem næst. Þetta ár þurfa þær að verða 280 þús. kr. til þess að ekki komi skarð í það, sem áætlað var. H. framsögum (B. Þ.) sagði, að kaupmenn mundu flytja svo mikið inn þettta ár, að þeir hefðu nægilegar birgðir til næstu þriggja ára. Mér þykir næsta ólíklegt, að þeir muni birgja sig upp í svo stórum stíl. Til þess að geta legið með svo miklar vörur, verður kaupmaðurinn annaðhvort að vera ríkur eða hafa mjög mikið lánstraust, eða hvorttveggja. Fáir kaupmenn hér á landi hygg eg, að hafi þetta annaðhvort til að bera í svo háum mæli. Sá, sem vín fær, verður að greiða innkaupsverð og allan toll fyrir árslok 1912, eins af því víni, sem látið er í tollgeymslu. Mér er ekki kunnugt um innkaupsverð vínfanga, samanborið við tollinn, en eg hygg, að það muni nema álika miklu og allur tollurinn er, og þyrftu kaupmenn því að leggja út fyrir vínföng nokkuð á aðra miljón kr. fyrir árslok 1912, ef áætlun fyrverandi ráðherra á að standa. Eg geri ráð fyrir því, að sumir kaupmenn hér í Reykjavík birgi sig upp með vínföngum, sömuleiðis á Ísafirði og Akureyri, og ef til vill einstaka kaupmenn annarstaðar. En mér er annarsvegar kunnugt um það, því að eg hefi spurst fyrir um það í simanum, að ýmsir kaupmenn, sem vínsöluleyfi hafa nú, ætla sér alls ekki að kaupa vínsöluleyfi áfram né birgja sig upp að vínföngum næsta ár.

Eg vona, að h. þingdm. fallist á það, að þessi tillaga mín hafi við svo góð rök að styðjast, að ekki sé rétt að ganga fram hjá henni.

Eg er þakklátur háttv. framsm. (B. Þ.) fyrir fjárlagayfirlit hans, en eg vil benda honum á það, að engan ugga er eins óvíst um við uppskurð þessa hvals, sem hann talaði um, og einmitt áfengistollinn.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Hæstv. ráðherra mintist á áfengistolinn og hvað sanngjarnt væri að setja hann. Eg held nú, að hvað

sem menn segja um það mál, þá verði það aldrei nema áætlun; menn vaða jafnt í villu og svíma fyrir því. Það má færa sennilegar ástæður í gagnstæða átt því, sem hæstv. ráðherra sagði og hafði eftir kunnugum mönnum, nfl. að tollurinn mundi í hæsta lagi verða 200 þús. kr. f. á. og 20 þús. síðara árið. Eg hefi talað við mann um þetta, sem er kunnugur því, einn af skrifstofustjórum stjórnarráðsins, og hann fullyrðir, að áætlunin á frv. stjórnarinnar sé í lægsta lagi. Það er eg líka sannfærður um, enda mun reynslan sýna það og sanna.

Eg held að lítið sé að marka, hvað vínsölumenn og kaupmenn í þessu efni segja, eða þótt þeir látist munu flytja lítið áfengi inn í landið til 3 næstu ára. Auðvitað berja þeir sér og kvarta, en það er lakur búmaður, sem ekki kann að berja sér. Það má vera, að tollgreiðslan verði þeim nokkuð þung, eða að þeim verði erfitt að svara tolli fyrir nýár 1913 af öllum þeim áfengisbirgðum, sem þeir ætla að hafa til áranna 1913 og 1914, en greiðslan á sjálfu áfenginu verður kaupmönnum ekki erfið, svomikið veit eg, að útlendir bruggarar og vínkaupmenn munu verða fúsir á að lána vín og vægir í kröfum með borgun, enda ekki krefjast hennar fyr en jafnóðum og áfengið selst.

Hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) virtist gleðjast yfir þeirri niðurstöðu sinni, að vínfangatollurinn yrði ekki nema 200 þús. og 20 þús. þessi árin. Eiginlega ætti hann nú fremur að hryggjast yfir þessu, sjá eftir því, hve landssjóður tapaði miklu. En þá má líka gleðja sig af öðrum ástæðum, nefnilega þeim, að þetta gæti orðið til þess, að lýta starfsemi fráfarandi stjórnar, og til þess eru auðvitað refarnir skornir, með þessu að vilja áætla áfengistollinn miklu lægra en vit er í. Þótt sumum kunni að þykja hann hár, eins og hann er áætlaður í frv. stjórnarinnar, þá þarf ekki að gera veður út úr því. Í því frv. er alt áætlað með slíkri varúð, að það kemur ekki fyrir nú fremur en nokkru sinni áður, að tekjurnar reynist í heild sinni minni en áætlað er. Eg get því ekki annað en mælt kröftuglega með því, að fella breyt.till. þeirra hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og hv. 1. þm. Eyf. (H.H.) um að lækka þessa áætlun, en samþykkja till. fjárlaganefndar um að áætla þennan lið 300 þús. fyrra árið og 30 þús. síðara árið, og munu menn sanna, að það er ekkert ógætilegt, eða ofmikið í lagt

Pétur Jónsson: Eg hafði hugsað mér það við framhald 1. umr., að fara nokkrum orðum um fjárhagsástandið og gefa dálítið yfirlit yfir það á liðnum og yfirstandandi tíma. Þá varð ekki af því, enda urðu stuttar umræður. Eg vil þá leyfa mér að gera það nú, og gera um leið eins og viðbót við það sem hæstv. ráðherra sagði, og er þá vert að líta nokkuð til baka, því að óhætt er að segja, að það er ekki þýðingarlaust fyrir oss nú, hvernig fjármál vor hafa gengið að undanförnu.

Viðlagasjóður og peningaforði landsins var við árslokin 1909 ca. 1902 þúsundir, fiskiveiðasjóður 160 þúsundir, eða samtals 2 miljónir, 62 þús. kr. En í ársbyrjun 1904 voru þessir sjóðir 1 milljón 821 þús. Þegar við því lítum á þetta tímabil, meðan fyrsta innlenda stjórnin sat að völdum, þá er «netto«-hækkun þessara eigna landssjóðs ein 240—250 þús. kr. Búskapurinn var því þolanlegur, þrátt fyrir það, þótt ekki væri legið á liði sínu um ýmsar miklar framkvæmdir. Vil eg benda á nokkur framfarafyrirtæki, sem landið hefir komið upp á meðan. og eru beint arðberandi: Símar að kostnaðarverði 1 milj., 80 þús. kr., vitar nýir rúmlega 150 þús. Auk þess má nefna, þó lítið sé, endurtryggingarsjóð sveitabæja 10 þús., það

er fé lagt til hliðar; ennfremur keyptar skógarlendur o. fl. 7000. Þetta til samans verður $1^1/_4$ milj. Þá má og telja óbeint arðberandi eignir, svo sem skólahús, geðveikrahæli o. fl. opinberar bygggingar, sem kostuðu um $^1/_4$ milj. En á þessum eignum hvíla nú lán, 500 þús., sem Hannesarstjórnin tók. Ennfremur má telja til lána það sem »Stóra Norræna« lagði til landsímans. Af því má telja ógreitt full 250 þúsund. Þetta er samtals 750 þús. kr. Sé nú sú upphæð dregin frá eignaaukanum, sem talinn var að framan og nemur 1500 þús., þá verða eftir 750 þús. Og þegar þar við bætist sjóðaukinn, sá er fyrst var talinn, þá verður hreinn gróði landsins á þessum árum nær miljón. Þrátt fyrir þetta voru vegagerðir $^1/_8$ meiri á ári til jafnaðar, en áður, og búnaðarframkvæmdir að sama skapi. Þá þurfti og að kosta mjög miklu fé til fjárkláðaútrýmingarinnar og komu þau útgjöld að nokkru leyti umfram áætlanir þingsins. Þá kom og umfram áætlun konungskoman, á miðju fjárhagstímabili, og því alveg aukreitis, og hún kostaði $^1/_4$ miljón. Þrátt fyrir alt þetta fékst friður til þess að græða heila miljón. Nú hafði þó ríkjandi stjórn og flokkur ámæli fyrir eyðslusemi, og gekk mikið á um að breiða það út, hversu alt gengi í sukki hjá þeim. Eg skal nú ekki gera mig að dómara í þessu máli, eg er einn í flokknum, en mér datt í hug, þegar sá flokkur varð í minni hluta á síðasta þingi: »Geri Björn bróðir betur!«

Þá er nú að líta á yfirstandandi tíma, árin 1910—1911. Verður það þá fyrst fyrir manni, að handbær peningaforði landssjóðs hefir bundist árlega meira og meira í viðlagasjóði. Safnabyggingin stendur fyrir utan landssjóðinn, en byggingarsjóðurinn fekk lán til hennar úr landssjóði, og mörg önnur þörf fyrirtæki; þannig hefir fé bundist einlægt meira og meira. Peningaforði landssjóðs var í ársbyrjun 1904 full 700 þús. kr., en í árslok 1909 ekki nema 360 þús., eða hefir minkað nærfelt um helming, og það gera stórlánin úr viðlagasjóði. Fé er að vísu ekki eytt, — fjárhagurinn er í rauninni góður, — en fé er bundið.

Samkvæmt skýrslum frá stjórnarráðinu eru tekjur ársins 1910 63 þús. kr. hærri nettó en áætlað var. Setjum nú svo, að lík niðurstaða verði þetta ár, og verður þá tekjuhækkunin alls 125 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. En á móti þessu kemur tekjuhalli gildandi fjárlaga, 64 þús., og fjáraukalög nýsamþykt hér í deildinni 147 þús. Þetta er samtals 211 þús., og meira en nokkur von er til að geta náð upp. Auk þess má loks ætíð búast við greiðslum samkvæmt nýjum lögum og greiðslum umfram áætlanir fjárlaganna, svo að þar má búast við stórum halla líka að auki.

Margir hafa nú gert sér vonir um það, að í ár mundi verða mikið vínfangaár, og má vera að vínfangatollurinn verði nokkru hærri en hann var í fyrra, því að þá var tekjuhallinn á vínfangatollinum 98 þús. Það má búast við því, að einstakir menn og kaupmenn, sem ekki hafa tollgeymslu, birgi sig upp að víni í ár, svo að hallinn verði ekki eins mikill þar. En þá má ekki sjóða margar súpur á sama spaðbitanum 1912, og kem eg ef til vill að því máli seinna.

Reyndar væri nú hugsanlegt, að víkja sér undan ýmsum af gjöldum fjárlaganna með einhverjum ráðum, þegar svona stendur á, og það væri eg ekki svo óánægður með að gera, ef vér værum vel undir það búnir og síðasta þing hefði skilið sómasamlega við helztu verkefni fjárlaganna. En það bætir ekki úr skák, þegar þingið 1909 skaut á frest óhjákvæmilegum árlegum útgjöldum, svo sem sérstaklega til símalagninga og

vegagerða, og þá er það fyrirbygt, að grípa megi til þeirra örþrifaráða á ný. Að vísu má nú líta svo á, sem símalagningar séu ekki óhjákvæmileg, árleg útgjöld, en vegirnir eru það. Þingið hefir ákveðið vegaplan, og það er engin meining í því, að vera óendanlegan tíma að leggja landssjóðsvegina. Það hefir verið svo ráð fyrir gert af yfirmanni vegagerðanna, að því yrði lokið á ekki meira en 20 árum, frá því lögin komu í gildi, og þarf þá 150 þús. kr. á ári. Við það hefir milliþinganefndin í skattamálum miðað. Þetta var nú niðurstaðan á þingi 1907, en á þingi 1909 var féð til landssjóðsveganna fært niður um þriðjung frá till. vegfræðings, ekki meira veitt en 200 þús. kr. í stað 300 þús. kr. fullra á fjárhagstímabilinu. Þarna er þegar bláþráður á þeim nauðsynlegustu vegagerðum; kemur þetta nú í baksegl, eins og eg benti á áður, því eðlilega vilja héruðin ekki bíða von og úr viti eftir þeim vegum og símum, sem þau hafa fyrirheit um í vegalögunum. Og hverjir eiga að verða fyrir því að bíða yfir 20 ár. Svipað má segja um símana í rauninni. Eg þykist nú hafa bent á það, að þetta eru ekki góðar horfur. Ef árferði verður mjög gott, þá getur svo farið í bezta lagi, að heima standi tekjur og gjöld um næstu árslok.

Ástandið er því verra en að undanförnu að ýmsu leyti, eða óhægra um vik, þrátt fyrir mikla fjárbrúkun til sérstakra fyrirtækja þá umfram það sem nú er.

Svo eg snúi aftur að peningaforða landssjóðs, þá var hann, eins og hæstv. ráðherra benti á, þegar í byrjun þessa fjárhagstímabils 360 þús. kr. Af þessu er nú þegar fullur helmingur bundinn í nýjum viðlagasjóðslánum, og verði sint hinu helzta af lánsheimildum gildandi fjárlaga, þá verður peningaforðinn í árslok 1911 meira en uppunninn, allur bundinn viðlagasjóði, hvað þá ef tekjuþurð á landsreikningi verður í tilbót.

Þetta sem eg hefi nú bent á get eg alt staðfest með tölum. Það hefir ekki verið tilgangur minn, að gera ástandið svartara en það er, heldur sýna það *eins og það er* og að líkindum verður.

Eg hefi drepið á undirbúning stjórnarinnar á fjárlögunum. Hefir fjárlaganefndin viljað þoka sumu til lagfæringar, en ekki eins miklu og eg vildi. Þar á meðal er áætlun um tekjur af vínfangatolli. Eg verð að lýsa því yfir, að eg get fallist á till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um það atriði. Að vísu spáir maður í óvissu um vínfangatollinn af tollgeymdum vörum. En sú tillaga gengur sízt of langt í varfærni, auk þess sem það er réttara, að maður hafi vaðið fyrir neðan sig. Það er hættulegt að láta fjárlögin líta betur út, en rétt er.

Þá vil eg minnast á tekjur af farmgjaldi. Það er tillaga um að það sé tekið inn á tekjuáætlun frv. Slíkt hefir aldrei verið gert, fyr en frumvarp það, sem tekjuhækkun hefir í för með sér er búið að ná samþykki þingsins. Ef farmgjaldsfrumvarpið verður samþykt, þá er alt af tími til að skjóta áætlaðri tekjuhækkun inn á fjárlagafrumvarpið. Hæstv. ráðherra mintist á uppgjöf á láni til tóvinnuverksmiðju á Akureyri. Taldi hann líklegt, að þetta væri einungis byrjun; fyrst væri farið fram á að gefa upp rentur og síðar yrði svo beðið um höfuðstólinn. Það er ekki vert að fara kaldyrðum um þetta eða gera verra úr því en er. Þetta fyrirtæki er þarft, en hefir orðið fyrir stóru slysi. Það mun eins og og oft er, hafa verið byrjað með of litilli fyrirhyggju ef til vill, en þó einkanlega of litlu fé. En jafnframt valt hér inn í landið »peningakrise« eins og alkunnugt er, og mörgu fyrirtæki hefir orðið að tjóni hér og erlendis. Því varð hvorki fáanlegt nægilegt

hlutafé til stofnkostnaðar, né lánsfé til reksturs. Fyrirtækið varð því að stöðvast því nær fullgert og hefir legið í lamasessi í 3 ár. Er nú farið fram á, að landssjóður gefi eftir vexti í þessi 3 ár. Auk þess, sem það er vert að rétta hjálparhönd í svona kringumstæðum, mætti fjárveitingarvaldið hugsa sem svo: Það er betra að hjálpa fyrirtækinu upp, svo að landssjóður tapi ekki öllu, sem hann hefir lagt í það. Maður má ekki tala með kaldyrðum um þetta mál. Ýmsir hafa lagt meira fé í þetta fyrirtæki, en þeir eru færir um að missa, og það ekki svo mjög í gróðaskyni eins og hinu, að koma á þörfu fyrirtæki. Er nú rétt að setjast að svona mönnum með slæmum getgátum og köldum svörum? En sumir eru þó svo gerðir, að þeir hafa í hávegum þá, sem stöndugir eru, þó þeir séu mestu búrar. En ef einhver leggur á tvíhættu með gott fyrirtæki, en vanhepnast og lendir í fjárþroti, eða það hallast fyrir honum mjög, þá er lagst á hann með fyrirlitning og vantrausti, svo hann steypist alveg. Þannig er það með einstaklingana, og svo er það og með fyrirtækin. Hefi eg svo ekki meira að segja að þessu sinni.

Sigurður Gunnarsson: Háttv. framsm. (B. Þ.) hefir gefið yfirlit yfir fjárhag landsins, og sýnt fram á það, að hann er ekki góður. Því verður ekki neitað. Fjárkröfur verður þá heldur ekki hægt að uppfylla, nema að nokkru leyti, og þá verða *þær* að sitja í fyrirrúmi, sem miða að því að bæta atvinnuvegina og þær sem gefa arð af sér að öðru leyti, beint eða óbeint.

Eg skal ekki fara mikið út í yfirlit það, sem háttv. þingmaður S.-Þing. (P. J.) gaf yfir fjárhaginn undir fyrverandi stjórn, en skal aðeins geta þess, að hægt er að leiða rök að því, að í því yfirliti eru ýmsar villur. (*Pétur Jónsson:* Hverjar? Sannanir!). Þar til skal eg svara því að eins að svo komnu, að það er ekki lokið umræðum um fjárlögin í dag.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði mikið um það, hve ógætilega væri gengið frá fjárlögunum af stjórnarinnar hendi og jafnvel líka nefndarinnar. Vildi hann færa einn tekjustofn niður um 110 þús., úr 330 þús. um fjárhagstímabilið niður í 220 þús. Benti hann á, að vínfangatollur þetta ár hafi verið um 100 þús. kr. lægri en áætlað var. Þar við er athugandi, að árið 1909 var flutt inn mikið af víni, áður en tollhækkunin var samþykt, og veit enginn hverju það munar, en hitt er víst, að það munar miklu. Hann kom og einnig með þau rök, að ólíklegt væri, að kaupmenn mundu birgja sig mikið upp af víni. Hann sagði og, að það væru þeir ríku einir, sem hefðu svo mikið lánstraust. Það er satt. En veit þingmaðurinn ekki, að það eru einmitt auðugu útlendu kaupmennirnir, sem verzla mest með áfengi? Þeir geta mjög vel þolað að birgja sig að víni fyrir fram. Hann gat þess, að hann hefði frétt, að kaupmenn ætluðu alls ekki að birgja sig upp, en eg get lítið lagt upp úr því. Það er spádómur og ekkert annað. Eg ímynda mér aftur á móti, að verða muni mikill innflutningur víns á þessu ári, og eiga vínverzlendur meðal kaupmanna því hægra með það, sem þeir standa betur að vígi og njóta meira lánstrausts. Og vínseljendum í Danmörku er eðlilega mjög hugleikið að koma þeirri vöru á markaðinn hér hjá oss, þótt þeir þurfi að bíða nokkuð eftir borgun. Þeir hafa lengi notað Íslendinginn til að drekka sopann.

Taki maður árin 1907, 1908 og 1909, þá hefir vínfangatollurinn verið áætlaður að meðaltali 200,000 á ári, en eftir áætlun nefndarinnar verður meðaltalið

árin 1912, 1913 og 1914 aðeins 100,000 kr. Hver getur haldið því fram, að hèr sé ógætilega farið? Eg verð því að halda því fram, að áætlun fjárlaganefndarinnar sé mjög hófleg og muni ekki reynast illa. Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði um fjárhaginn að öðru leyti, skal eg benda á það, að hin fyrri stjórn sat að miklu betri kjörum en sú, sem nú fór síðast frá. Þá voru góðæri í verzlun og viðskiftum; tekjurnar reyndust miklu hærri en àætlað hafði verið. Þá gengu yfir »spekulationir« fjöllunum hærri. Afturkippur hlaut að koma, og hann kom 1908 og 1909, og stendur að nokkru leyti enn. Háttv. þingmaður S.-Þing. (P. J.) mintist á það, hversu illa honum fyndist fráfarandi stjórn hafa skilið við fjárhaginn. Eg vil spyrja: Hvaða stjórn var konungskomuárið fræga, sem kostaði 1/4 milj. króna eða þar um bil. Þætti mér gaman að sjá, að nokkur ráðherra tæki þeim ráðherra, er þá hafði stjórnina með höndum, ásamt þingflokki hans, honum fram í fjáraustri. Hefði átt að þegja um slíkt, því aldrei verður það talið þeirri stjórn til gildis. Hefði eflaust mátt hafa viðtökurnar fullsæmilegar fyrir þetta land miklu lægra verði. Eg játa, eins og eg sagði áðan, að fjárhagurinn er ekki góður, en þó má ekki gera hann svartari en hann er. Ýms frumvörp eru nú á ferðinni, sem auka tekjur landsins, svo sem farmgjaldsfrumvarpið og ýms frumvörp frá tolllaganefndinni önnur. Er því von um, að þinginu takist áður en lýkur að auka tekjurnar að mun, svo fjárhagsástæðurnar verði ekki eins slæmar og nú lýtur út fyrir í fljótu bragði.

Bjðrn Jónsson: Eg vil benda á það, að hefði ekki áfengisbannið komist á, þá hefði áfengistollurinn í þessi 3 ár, 1912, 13 og 14, orðið 600 þús. kr. En nú er gert ráð fyrir 330 þús. árið 1912, enda er ólíklegt, að úr því að áfengi fæst í landinu, að menn muni minka það við sig meir en alt að helmingi. Það eru alt spádómar.

En að skortur verði á áfengi þessi 3 ár frá 1912—15, tel eg mjög ólíklegt, því að þótt margir kaupmenn hefðu ekki reiðu peninga til að birgja sig upp, þá má ganga að því vísu, að lánstraust til vínkaupa verði takmarkalaust í Danmörku, því að ef ilska er í bræðraþjóð vorri út af nokkru máli, þá er það út af bannlögunum. Og eg tel það áreiðanlegt, að allar peningalindir þar í landi verði galopnar til þess að veita áfengi yfir Ísland.

Það gæti verið á margt að minnast, sem eg þó tel tilgangslitið að fara út í að sinni. Þegar til atkvæða kemur má búast við, að handagangur verði í öskjunni, og sá þyki mestur, sem rífast fær af hvalnum.

Eg stóð aðeins upp til að benda mönnum á það, að fjárhagurinn hefir oft verið óálitlegri en nú.

Pétur Jónsson: Háttv. þm. Snæf. (S. G.) var að fetta fingur út í síðustu ræðu mína. Eg held samt, að ekki sé auðvelt að benda á villur í henni, hygg að tölurnar, sem eg nefndi hafi verið réttar og svo framsettar, að hægt sé að sanna þær með óhlutdrægri skýrslu. Það er því harla þýðingarlítið að vera að bendla ræðu mína við þann og þann tilgang, annan en gefa rétt yfirlit og sanna mynd af fjárhagnum, eins og hann nú er. En eg get ekki alveg gengið framhjá því, sem svo oft hefir klingt, að stjórnin og flokkurinn, sem slepti völdum 1909, hefði verið eyðslusöm og bruðlunarsöm fram úr hófi. Eg var ekki að koma með samanburð að eins í því skyni að ná mér niðri á nýfráfarinni stjórn, heldur til að sýna fram á það, að eignir landssjóðs í arðberandi fyrirtækjum hefðu á þeim árum aukist um tæpa miljón. Ef

til vill getur háttv. þm. Snæf. (S. G.) fundið áreiðanlegri tölur, og hrakið það, sem eg hefi sagt, en þangað til hann hefir gert það, verð eg að halda fast við það, sem eg hefi flutt. Eg hafði hvorki verri né betri gögn fyrir mér en tölur fjárlaganna og landsreikninganna og get vísað hv. þm. þangað. Samanburður á Hannesi Hafstein og Birni Jónssyni var óþarfur, enda fór eg lítið út í það, en eg vildi aðeins benda á, að sá flokkur, sem okkur brigslaði um eyðslusemi, átti þá að taka okkur eitthvað fram, þegar hann tók við völdum. Það hefði verið það æskilegasta fyrir flokkinn sjálfan og landið alt. Hv. þm. Snæf. (S. G.) var að malda um, að þetta hefði flokkurinn ekki getað gert, og benti meðal annars á, að aðstaða stjórnarinnar 1904 hefði verið miklu betri en 1909. En þetta er alveg öfugt. 1904 var tekjuhallinn í fjárlögum þingsins 4—500 þús. kr. en þegar nýfráfarin stjórn tók við völdum, var hann ekki nema 63 þús. Raunar var það árferði mikið að þakka 1904, að betur rættist úr, en horfur voru á, tekjurnar urðu meiri en áætlað var vegna aukinna vöruflutninga, en samt sjá allir, hve mikill munur er á að taka við 4—500 þús. kr. og 63 þús. kr. tekjuhalla. Sami hv. þm. sagði líka, að ef eitthvað væri að fjárhagnum, þá væri það ekki nýfráfarinni stjórn að kenna, heldur þeirri stjórn, sem hefði búið fjárlögin 1909 undir þingið. Þetta kynni rétt að vera, ef fjárlagafrv. stjórnarinnar 1909 hefði verið samþykt óbreytt, eða með óverulegum breytingum á þinginu. En hv. meirihluti steypti því gersamlega um, slátraði símum og samgöngubótum, svo sem Rangárbrúnni og Eyjafjarðarbrautinni. En var þá fé það, sem til þessa var ætlað, sparað? Nei, öðru nær, heldur var því eytt í eitthvað annað, sumt þarft, sumt óþarft, en flest til vandlegra þyngsla í fjárlögunum framvegis. Við þetta kom svelta í vegalagningar og símalagningar, sem kemur niður á okkur nú. Hv. þm. mintist á, að stjórnin hefði lagt fyrir þingið frv. um tekjuhækkun, sem muni nema 135 þús. kr. á árí. Ef það væri rétt, þá skyldi eg játa, að bót væri í máli. Eg býst nú við, að till. stjórnarinnar nái fram að ganga í aðalatriðunum, frv. um tollhækkun, erfðafjárskatt, vitagjald og aukatekjur landssjóðs, en það er bara sá gallinn á, að tekjurnar eru ofreiknaðar um rúmlega 100 þús. kr., það er hin áætlaða tekjuhækkun samkvæmt tollfrv. Sú hækkun er ekki teljandi miðuð við hin gildandi tolllög og tekin til greina á tekjuáætlun fjárlagafrv. og því tvítalin. Tekjuaukinn verður því aðeins 32 þús. kr. á ári. Svona liggur nú í þessu. Eg fer hér rétt með, og tölurnar verða ekki rengdar.

Hannes Hafstein: Háttv. þm. Snæf. (S. G.) vill gefa mér og minni stjórn sök á því, hvernig fjárhag vorum er nú komið, með því að eg hafi undirbúið fjárlögin undir þingið 1909. En það er hin mesta fjarstæða, að kasta þeirri sök á mig, því, að eins og kunnugt er, urðu valdaskifti þegar í byrjun þingsins 1909, ný stjórn tók við völdum, og alt, sem þá skeði, var gert undir ægishjálmi hins mikla meiri hluta, »*la grand armée*«, sem öllu réði á *því* þingi; tillögum mínum var öllum umsteypt og það kemur því ekki til nokkurra mála, að eigna mér aplagötin, t. d. viðskiftaráðunautinn o. fl. Sami háttv. þm. varpaði til mín einhverjum smánunarorðum út af »bruðlunarsemi« þeirri, er eg hefði gerst sekur í við konungskomuna 1907. En ef eg á að bera ábyrgðina á þeim kostnaði, þá mundi eg líka eiga heiðurinn fyrir, hvernig móttakan tókst. Hvorki nútíminn né eftirtíminn mun álíta, að fé

það, sem til var kostað, hafi verið nærri því eins mikils virði, eins og það álit og sá sómi, sem Ísland gat sér með móttökunni. En nú er því svo varið, að þetta er ekki fremur mér að þakka en öðrum mönnum í móttökunefndinni. Sú nefnd var kosin og samansett af báðum flokkum þingsins, og báðir flokkar voru fullkomlega samtaka í því, að sýna í móttökunni þann menningarbrag, sem föng voru á, og gera gestum vorum dvölina hér þolanlega. Nefndin átti við afarmikla örðugleika að stríða. Vorið var hart og seint sumar, og flutningar dýrir og erfiðir fyrir það. Húsabyggingar á Þingvöllum og við Geysi o. fl. urðu því dýrari en ella. En nefndarmenn voru allir einhuga um framkvæmdina, »minni hluta« menn voru víst alls ekki letjandi fremur en hinir. Eg hafði þar ekki nema mitt eina atkvæði, og hafði ekkert vald til þess að hindra nefndina í gerðum sínum, enda var eg henni samþykkur í öllu, sem gert var.

Háttv. þm. sagði og, að það hefði ekki verið þáverandi stjórn að þakka, hversu vel rættist úr fjárhagnum á þeim árum, sem eg hafði ráðherraembættið á hendi. Hann sagði, að þá hefði verið »yfirspeculation« í landinu í öllum atvinnugreinum, en svo hefði »reaktionen« komið 1908. Eg veit ekki, hvað hann hefir fyrir sér í þessu. Sannleikurinn er sá, að á árunum 1905, 1906 og 1907, var bjart yfir verzlun og viðskift um Íslands við önnur lönd; sæsíminn var lagður og símakerfið innanlands stofnsett, útlendar þjóðir veittu þá Íslandi nýja eftirtekt, þótti það vera á framfarabraut og báru gott traust til okkar, en þegar glapræðið mikla var gert 1909, þá breyttist álit manna mjög bráðlega, og lánstraust og samhygð hvarf. *(Bjarni Jónsson:* Hvaða glapræði?). Það glapræði, að eyðileggja sambandslagafrumvarpið og byrja á nýrri þjóðdrambsstefnu, sem fer okkur illa, og er okkur um megn. Þá var fótunum kipt undan því trausti, sem við vorum að vinna okkur hjá öðrum þjóðum, og samúðartilfinning þeirra til okkar horfin. Hér við hefir svo bæzt ýmislegt, sem sízt hefir verið til þess fallið að bæta álit og fjárhagstraust Íslands hjá öðrum þjóðum.

Eg sé, að hæstv. ráðherra er kominn í sæti sitt. Mig langar því til að spyrja hann að, hvort eg hafi tekið rétt eftir orðum hans. Mér heyrðist hann segja, að nú væri það komið í ljós, að landssjóður hefði ekki fengið innborgað alt það fé, sem tekið var að láni til þess að kaupa fyrir bankavaxtabréf landsbankans, samkvæmt heimild frá síðasta þingi? Var það rétt tekið eftir, og ef svo hefir verið, hvar eru þeir peningar þá niður komnir?

Loks vil eg taka það fram, að eg er samdóma hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að áætlaðar tekjur af vínfangatolli 1912 muni vera of hátt áætlaðar í fjárlagafrv. Mér þykja orð háttv. þm. Barð. (B. J.) um þetta mál nokkuð undarleg, því að eg hefi hér fyrirliggjandi skýrslu um vínfangatollinn á seinustu árum. Jafnvel »eyðsluárið mikla«, er þeir »Ísafoldar« menn nefna árið 1907, var hann ekki nema 213 þús. Háttv. þm. Barð. (B. J.) sagði, að tollurinn hefði þá verið 300 þús. Svo er og þess að gæta, þegar áætlun er gerð, að ekki tjáir að taka að eins eitt ár til að miða við, það verður að taka meðaltal af mörgum árum. Það er ekki nokkur minsti vafi á því, að 330 þús. kr. í *eftir*tekjur af vínfangatolli, eftir að innflutningur er hættur, að eins af vínföngum í eins árs tollgeymslu, nær engri átt. Jafnvel 200 þús. er of hátt áætlað í eftirtekjur. Eg kysi helzt, að það yrði fært niður í 150 þús. Það er óforsvaranlegt, að áætla mikið meira, ef þingið vill ekki

byggja alla fjárhagsáætlun sína alveg í lausu lofti, eintómum gyllingum og hyllingum. Háttv. þm. Barð, (B. J.) er hér ekki viðstaddur, annars hefði eg viljað spyrja hann einnar spurningar. Hann sagði að »ilskan í Dönum« væri svo megn gegn bannlögunum, að allir sjóðir þar í landi mundu standa opnir til að veita áfengisstraumnum yfir Ísland. Eg vildi fá að vita, hvort hann hefir fengið heimild til að lýsa þessu yfir, sem ráðherra, að t. d. að ríkissjóður Danmerkur mundi vilja styrkja menn hér á landi til þess að birgja sig upp með víni. Hann undanskildi engan opinberan sjóð. Var þetta satt sem hann sagði, eða var það að eins eitt af þessum hreystiyrðum, sem hann lætur fokka hér heima fyrir, en forðast og afneitar í Danmörku.

Ráðherra (Kr. J.): Háttv. 1.þ. m. Eyf. (H. H.) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort eg hefði sagt, að lánspeningar þeir, sem landssjóður átti að fá til bankavaxtabréfakaupa, væru ekki enn þá að fullu komnir fram og greiddir á réttan stað. Eg ætlaði ekki að segja þetta, og eg held, að þetta hafi ekki falist í orðum mínum. Hitt vildi eg sagt hafa, að eg hefi enn ekki fengið neina áreiðanlega, greinilega og sundurliðaða skýrslu um, hvernig fénu hefir verið varið og bíð eg eftir henni. Eg ætti að geta haft hugmynd um þetta málefni, því að síðan 1. jan. 1910 hefi eg daglega verið í Landsbankanum og haft stöðugt eftirlit með því sem fram hefir farið þar, bæði uppi og niðri. En eg hefi ekki enn getað gert mér glögga grein fyrir því, hvernig umræddu lánsfé hefir verið varið. Eg efast ekki um, að því hafi verið varið réttilega og að öllu leyti eftir tilgangi sínum, og hefi nú lagt fyrir skrifstofu stjórnarráðsins, þá sem á að fara með slík mál, að gera fullkomna og ábyggilega grein fyrir ráðstöfun lánspeninganna, og mun eg þá að sjálfsögðu þegar skýra þinginu frá skýrslum þeim, er fram koma.

Sigurður Gunnarsson: Það eru fyrst örfá orð viðvíkjandi ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það var alls ekki meining mín að rengja tölurnar sjálfar, sem hann fór með. Eg veit, að hann er samvizkusamur maður, sem gerir sér mikið far um að fá glögt yfirlit yfir fjárhagsástandið, en mér sýndust ályktanir þær, sem hann dró út frá þessum tölum, ekki vera sem allra ábyggilegastar. Mér heyrðist á háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að hann væri mér reiður, og mér þykir leitt, ef eg á einhvern hátt hefi sært hann með orðum mínum. Hann sagði, að eg hefði kastað til sín *smánarorðum* vegna konungsmóttökunnar, en það verð eg eindregið að bera til baka. Eg hefi ekkert smánarorð mælt í hans garð, hvorki fyr né síðar. Hann vildi kasta af sér allri ábyrgð af kostnaðinum við konungskomuna, en það verður nú ekki út skafið, að hann var foringi þess flokks, sem þá hafði völdin, bæði í því og öðru, og bruðlunarsemin við konungsmóttökuna verður því að skrifast að miklu leyti á hans reikning. Allir vildu, að móttakan yrði sómasamleg, en ef háttv. þm. hefði lagt eyrun við raddir manna út um land, þá held eg að hann hefði heyrt þá skoðun hjá flestum, að móttakan hefði getað orðið fullsómasamleg, þótt minna hefði verið sóað. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Eg drap að eins á þetta, af því að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) leiddi samanburðinn á fyrri stjórn og fráfarandi stjórn inn í mál sitt. Líka vildi háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) bera þau orð mín til baka, að hans stjórn hefði verið heppnari, hvað árferði snerti, en stjórn Björns Jónssonar. Eg sný nú samt ekki aftur með það, að í hans stjórnartíð var stakt góðæri, ekki að eins hvað tíðarfar snerti, heldur stóð t. d. verzlun okkar með miklum blóma,

og mörg stórfyrirtæki voru á ferðinni. Þetta gaf miklar tekjur í svip. En það fór svo, að landsmenn spiluðu of hátt spil og »speculeruðu« yfir sig. »Reaktionina« vildi háttv. þm. kenna glapræðinu 1908. Hvaða glapræði var það? Var það meðferð landsmanna á sambandsmálinu? Eg get ekki skilið það, að landið hafi mist traust sitt erlendis, þótt það vildi halda í sögulegan og náttúrlegan rétt sinn. Eg býst við, að háttv. þm. fái ekki marga til að skrifa undir það með sér; það væri þá helzt, að bræðraþjóð okkar Danir væru honum kannske sammála um það af skiljanlegum ástæðum.

Bjarni Jónsson: Það hafa nú fallið hér í deildinni mörg viturleg orð um sparnað. Það er mikið gott að brýna sparnað fyrir mönnum, en þeir, sem það gera, verða líka að gera sér ljóst, hvað sparnaður er. Það er ekki eingöngu sparnaður, að borga sem minst út úr landssjóði — það þarf alls ekki að vera og er mjög opt enginn sparnaður. Landssjóður er ekki sérstök persóna, hann er eign alls landsins, og því er oft betra að styðja fyrirtæki, sem eru arðvænleg fyrir landsmenn, en að láta óveitt fé til þeirra. Það er líka fleira, sem þarf að spara en fé. Það er líka sparnaður að styrkja góða krafta einstakra manna, sem gætu orðið þjóðfélaginu að miklum notum, ef hjálpað væri til að þroska þá í byrjun.

Eg álít rétt, er hæstv. ráðherra sagði, að þjóðin eigi ekki að taka lán nema til arðberandi fyrirtækja, eins og t. d. hafnargerðar. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þjóðin eigi að taka lán til búskostnaðar; hún verður sjálf að standast straum af slíkum kostnaði. Að því er sparnaðinn snertir, er ekki hin eina leið sú, að skera niður gjöldin, heldur að auka tekjurnar. Það gera einmitt margar þjóðir til þess að gagnleg fyrirtæki og framkvæmdir nái fram að ganga. Það var meira að gamni mínu en alvöru, að eg kom nú fram með tillögu um, að áætlaðar séu 180 þús. kr. tekjur af farmgjaldi, því að tillagan á ekki að koma til atkvæða nú, heldur seinna. Eg býst við að háttv. þm. séu því alment fylgjandi, að leggja beri gjald á vörur, sem fluttar eru inn í landið. Eg kom með þess að reyna að koma í veg fyrir, að þingið léki þann skollaleik, að skera margar nauðsynlegar fjárveitingar niður við trog, af því að það þættist engan veg sjá til tekjuauka. Eg þykist vita, að þessi áætlun í tillögunni muni vera nærri sanni, en eg tek tillöguna aftur nú. Eg hefi tekið þetta fram til þess að benda háttv. deild á, að vegur er til að auka tekjurnar.

Eg er háttv. fjárlaganefnd samdóma um, að rétt sé að gefa ullarverksmiðjunni á Akureyri upp þær 6000 kr., er hún hefir beðist uppgjafar á. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók það réttilega fram, að þegar menn legðu mikið í sölurnar til þess að koma á stofn framfarafyrirtækjum, bæri að virða það við þá.

Það er hörmulegt að sjá nirfiilinn, sem hefir nurlað saman með réttu og röngu, hafa meiri rétt í almenningsmálum en hugsjónamanninn, sem er orðinn öreigi við það að leggja alt í sölurnar fyrir þjóðina. Það eru oft mörg og undarleg atvik að því, að menn verða gjaldþrota. Og hugsjónamaðurinn tekur sér venjulega gjaldþrotið nógu nærri, svo að ekki væri á það bætandi, að t. d. nirfillinn, sem væri á leið til kosninga, segði við hann: »Þú átt ekki kosningarrétt, asninn þinn«. Eg skil þetta mjög vel, því að eg er alinn upp í fátækt, en undur er það, að þessi þm. skilur þetta svo til hlítar, þegar rætt er um eftirgjöf á landssjóðsgjaldi, en hafði enga hugmynd um sama hlutinn, þegar nýlega var rætt

um kosningarréttinn. Þá þótti honum ekkert að, þótt hugsjónamaðurinn fengi af skornum skamti almenn mannréttindi. Eg mun greiða atkvæði með tillögunni, svo að sjáist, að mér verður ekki hans dæmi.

Eg skal ekki taka þátt í deilunni um stjórn þeirra háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og háttv. þm. Barð. (B. J.). Eg gæti þá eins vel farið að bera saman þá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og Magnús Stephensen. En allur slíkur samanburður er villandi og til þess eins að tefja tímann.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði um að síðasta þing hefði framið mikið glapræði með því að breyta sambandslagafrv. og færa það í það form, að Íslendingar gæfu ekkert eftir af þeirra sögulega og eðlilega rétti. Þetta kallaði háttv. þm. glapræði, en eg kalla það hið bezta verk, er þingið hefir nokkurn tíma unnið. Háttv. þm. sagði ennfremur, að þetta hefði veikt traust Íslendinga hjá öðrum þjóðum. En það hefir það ekki gert, nema ef til vill hjá Dönum, og þó naumast hjá þeim, því þeir vilja skifta við oss eftir sem áður. Hitt er, að traust og tiltrú Íslendinga hjá útlendingum hefir minkað við það, að á síðustu árum hafa svo margir Íslendingar pantað vörur hjá þeim og svikist um að borga þær. En slíkt er sambandsmálinu með öllu óviðkomandi. Mér er þetta kunnugt, því að eg hefi fengið svo mörg bréf frá ýmsra landa kaupmönnum, einkum þýzkum, um þetta efni. Það er líka aðgætandi, að engar aðrar þjóðir en Skandinavar vita neitt um sambandsmálið, svo það getur ekki hafa veikt tiltrú vora hjá þeim þjóðum, sem ekkert vita um það. Það er víst miklu fremur öll þau illmæli í vorn garð, sem birzt hafa í dönskum blöðum, er hafa veikt tiltrú vora og traust, heldur en sambandsmálið. Hafa þessi blöð neitað mér og öðrum um leiðréttingar, en ginið við fréttaburði úr rægirófum héðan að heiman.

Hannes Hafstein: Eg vildi að eins leyfa mér að segja örfá orð til þess að svara háttv. þm. Snæf. (S. G.). Hann vill ekki kannast við að eg hafi sagt nein smánaryrði í minn garð. Hann verður þó að kannast við, að hann veitti mér ákúrur fyrir að hafa bruðlað með fé landssjóðs til konungskomunnar, og tel eg slík ummæli, sem ekki eru á neinum rökum bygð, mér fremur til vansa sögð. Háttv. þm. hefði átt að setja sig betur inn í þetta mál og vita betur málavöxtu, áður en hann fór að tala um bruðlunarsemi úr mér. Alþingi alt var boðið til Danmerkur — konungs og ríkisþings — árið 1906. Þá lét konungur uppi þá fyrirætlan sína að koma hingað til lands og heimsækja oss árið eftir, 1907. Það er alkunnugt, að báðir þingflokkar voru samdóma um, að sjálfsagt væri að bjóða nokkrum af meðlimum ríkisþingsins hingað um leið og konungur kæmi, og minnist eg þess glöggt, að ýmsum hér heima þótti það nirfilsháttur og ósvinna af okkur, að hafa ekki boðið ríkisþinginu öllu, heldur takmarkað boðið við 40 manns. Eins og eg hefi áður sagt varð byggingarkostnaður og ferðalög dýrari, en nefndin hafði búist við. En eg neita því, að nokkur bruðlunarsemi hafi átt sér stað. Langmest af þeim peningum, er varið var til móttökukostnaðar, fóru til landsmanna sjálfra, en alls ekki út úr landinu.

Framsögumaður (Björn Þorláksson: Eg heyri að í dag eru eldhússdagsumræður, en eg ætla ekki að taka þátt í þeim, heldur halda mér við efnið. Eg vildi sérstaklega minnast á vínfangatollinn, því að umræður hafa talsvert snúist um það, hvort hann væri rétt áætlaður. Háttv. S.-Þing. (P. J.) sagði, að vínfangatollurinn væri nú of

hátt áætlaður, af því að hann hefði reynst að vera minni en áætlað var á síðasta þingi. En þetta er ekki rétt hjá háttv. þm., því það getur enginn sagt neitt með vissu um það. Að vísu reyndist vínfangatollurinn minni en áætlað var á síðasta þingi, en ástæðan fyrir því mun hafa verið sú, eins og háttv. þm. Snæf. (Sig. G.) tók fram, að, þá er tollurinn var 1909 hækkaður um 30%, hafi ýmsir kaupmenn birgt sig svo vel upp, áður en tollaukalögin öðluðust gildi, að þeir hafi haft nægilegar vínbirgðir fram á síðastliðið ár. Þetta mun einmitt vera ástæðan fyrir því, að vínfangatollurinn reyndist minni en áætlað var á síðasta þingi. Eg hygg því, að tollurinn muni reynast samkvæmt því sem hann nú er áætlaður. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að tollurinn væri of hátt áætlaður, því að 1907 hefði hann aðeins verið 213 þús. En það er aðgætandi, að tollgjaldið var þá lægra, 30% hækkun tollsins var þá ekki komin til sögunnar; og sé eg því enga ástæðu til að færa áætlunina niður nú. Háttv. þm. Barð. (B. J.) tók fram með réttu, að ef flutt yrði inn vín til 3 ára, og ef innflutningurinn væri miðaður við hvað mikið hefði verið brúkað af víni að undanförnu, þá væri áætlun fjárlaganefndarinnar sízt of há. Eg vildi taka þetta fram til þess að mótmæla ummælum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Ástæður þær, er færðar hafa verið á móti áætluninni eru á alls engum rökum byggðar. Annars þýðir ekki að ræða mál þetta meira, því eg hygg, að háttv. þm. geti ekki orðið ásáttir um það, og verða atkvæði þingdeildarmanna að skera úr ágreiningnum.

Jón Jónsson, (1. þm. S.-Múl.): Hv. þm. Seyðf. (B. Þ.) sagði að ástæðan fyrir því, að tollurinn hefði reynst minni en áætlað var á síðustu fjárlögum, hefði verið sú, að kaupmenn hefðu flutt svo mikið inn af víni, áður en lögin um tollhækkun öðluðust gildi. En þetta er ekki rétt, því ástæðan fyrir þessu er miklu fremur sú, að minna hefir verið keypt af víni eftir tollhækkunina en áður. Það vildi svo til, að þegar tollurinn var hækkaður, var kaupmagn flestra með minsta móti, og afturkippur í öllum viðskiftum, og því hafa menn eðlilega minkað vínkaupin, þegar þá þar við bættist, að tollhækkunin gerði kaupin örðugri. Háttv. þm. Barð. (B. J.), sagði, að aðalástæðan fyrir okkur, sem höldum því fram, að tollurinn sé of hátt áætlaður, sè sú að gera númer úr þessu, en að það væri ekki alvara. Eg held að háttv. þm. hafi verið að gera sjálfur að gamni sínu, þá er hann setti þessar tölur í fjárlögin. Háttv. þm. Seyðf. (B. Þ.), sagði að eg gleddist yfir því, að tekjur landssjóðs yrðu minni en áætlað er. Þetta er að snúa út úr orðum mínum. Eg gleðst ekki yfir slíku og hefi aldrei látið neina gleði í ljósi yfir því. Eg gæti eins vel haldið því fram, að háttv. þm. gleddist sjálfur yfir því, að áfengistollurinn yrði sem hæstur, þótt því auðvitað fylgdi það, sem honum er verst við, nefnilega að mikið væri drukkið. Vintollurinn verður alls ekki eins mikill eins og áætlað er, því að kaupmenn kaupa ekki eins mikið vín, eins og ráð er gert fyrir. Danir vilja auðvitað gjarnan selja öl sitt og brennivín, en svo fúsir eru þeir þó ekki til þess, að þeir vilji kasta því frá sér út í hreina óvissu eða vonleysu, að því er borgun snertir, og margir kaupmenn hafa alls ekki það lánstraust, er þarf, til þess að geta haft fleiri ára birgðir, og *verða* því að hætta vínsölu eftir þetta ár. Þori eg vel að skjóta þessu undir dóm þeirra, er skyn bera á.

Björn Jónsson: Eg skal ekki lengja þrasið um áætlun mína og háttv. fjárlaganefndar um vínfangatollinn. Mótbárurnar á móti áætluninni eru ekki

annað en spár og ágizkanir. Eg fer meira eftir því sem embættismaður sá, sem er allra manna kunnugastur um þetta, segir um það, en hjali þessara hv. þm. Eg vil ennfremur benda á, hvort miklar líkur eru til, að fráfarandi stjórn hafi farið glæfralega í áætlunum sínum, þar sem ýmsir liðir eru raunar settir lægri en í næstu fjárlögum á undan, og þar á meðal er áfengistollurinn, því það er alveg eins líklegt, að síldarafli lifni við á næstu árum. Það hefir alstaðar verið gætt hinnar mestu varfærni í áætlun teknanna. Víðast hvar verið látið standa við það, sem áður var. Útgjöldin eru tilfærð, eins og áður hefir verið víðast hvar, t. d. til vega og síma. Hitt er satt, að ekki hefir verið ráðist í mörg ný kostnaðarsöm fyrirtæki. Eg og aðrir líta svo á, að eins og fjárhagur landsins er nú, þá eigi að fara svo varlega sem auðið er.

ATKV.GR.: (Atkv.skrá A. 484).

2. gr.

1. brt. 239,1 við 4. sþ. með 18 atkv.
2. brt. 239,2 við 8. sþ. með 19 : 1 atkv.
3. brt. 343 við 9. feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson S.-M.	Bjarni Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Hálfdan Guðjónsson,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

4. brt. 239 við 9. sþ. með öllum atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:

Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,
Jón Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,
Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

5. brt. 239,4 við 13. sþ. með 19 atkv.
6. brt. 239,5 við 17. sþ. með 18 : 1 atkv.
7. brt. 391 tekin aftur.
   2. gr. þannig breytt sþ. með 21 atkv.
   3. gr. sþ. með 18 atkv.

4. gr.

8. brt. 239,6 við 1. sþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Sigurðsson,
Björn Sigfússon,	Jón Þorkelsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

4. gr. þannig breytt sþ. með 21 atkv.

5. gr. sþ. með 22 atkv.

6. gr.

9. brt. 402 sþ. með 22 atkv.

6. gr. þannig breytt sþ. með 22 atkv.

1. gr. breytt samkv. atkvæðagreiðslunni, sþ. í einu hljóði.

II. Gjaldakaflinn 7.—12. gr.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg skal taka útgjaldagreinarnar, sem nú eru til umræðu, í réttri röð.

Það er þá fyrst 9. greinin. Við hana hefir nefndin enga breytingu gert. En háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), hefir gert breytingartillögu við 6. lið hennar Landsbankinn hefir um nokkur ár haft á hendi gjaldkerastörf fyrir landssjóð og hafa samningar verið um þetta. Nú hefir bankastjórnin skýrt nefndinni frá, að bankinn skaðist af að hafa þetta starf lengur á hendi, nema hann fái meiri borgun, og sendi nefndinni áætlun yfir kostnaðinn. Breyt.till. þingmannsins hljóðar svo, að bankinn fái 5000 kr. á ári. Það er ósanngjarnt, að bankinn hafi skaða af því að vera gjaldkeri landssjóðs, en hann á heldur ekki að græða á því, og nú leggur nefndin með því, að bankinn fái borgað alt að 5000 kr. hvort árið eftir reikningi. Við 10. gr. er ekkert athugavert.

Við 11. gr. hefir nefndin gert smábreytingar og er skýrt frá þeim í nefndarálitinu og þar er gerð grein fyrir þeim, og vísast því til þess. Þó álitið sé stutt, þá munu menn samt skilja hvað fyrir nefndinni hefir vakað og eyði eg því ekki fleiri orðum að því.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir komið með breytingingartillögu á þingskjali 360 við staflið 8 við 11. gr.. B—6 um að hækka styrkinn til eftirlits með fiskveiðum útlendinga úr landi. Nefndinni höfðu borist bréf úr 3 stöðum, um að fá styrk til þess að líta eftir fiskveiðum útlendinga; frá Faxaflóa, undan Jökli og af Vesturlandi. Nefndin vildi veita 500 kr. í hvern staðinn eða 1500 kr. alls, gegn því, að jafnmikið fé kæmi annarstaðar frá, frá þeim, sem óskuðu strandgæzlunnar, og yrðu hennar aðnjótandi. Nú vill háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hækka styrkinn upp í 3000 kr. og fella niður athugasemdina eða skilyrðið. Nefndin hefir athugað þessa breytingartillögu en getur ekki fallist á hana, en heldur fast við sína tillögu.

Við 12. gr. hefir nefndin komið fram með ýmsar breytingartillögur, en það er óþarfi að fara út í hverja einstaka af þeim sérstaklega. Aðalbreytingin er þar að lækka styrkinn til Vífilsstaðahælisins úr 25000 kr. niður í 18000 kr., og er það sama upphæð og veitt er árið 1911 á gildandi fjárlögum og á fjáraukalögum s. á. samtals. Ástæðurnar í nefndarálitinu við fjáraukalögin voru stuttar og eg skýrði einnig stuttlega frá ástæðunum í framsögunni, en orð mín voru þá misskilin af einum háttv. þm. (E. P.), en eg hafði ekki tækifæri til þess að leiðrétta það þá, þess vegna vil eg nota tækifærið nú. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), hélt eg hefði lagt til, að meðlag með sjúklingunum yrði hækkað til þess að auka tekjurnar. Það er misskilningur. Eg benti að eins á, að *ef*

meðlagið á dag væri hækkað t. d. um 50 a., þá yrði það gífurlegur tekjuauki. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að eg og annar maður í félagi með mér, munum koma fram með breytingu á fátækralögunum, um að hreppurinn styrki fátæka sjúklinga til þess að leita sér heilsubótar eftir læknisráði, án þess að slík hjálp sé reiknuð sem sveitarstyrkur eða hafi í för með sér neinn réttindamissi. Fleiri mundu njóta góðs af hælinu, ef fátæklingum væri á þann hátt gert mögulegt að komast þangað, jafnvel þó meðlagið væri hækkað úr því, sem nú er. Að öðru leyti held eg því fram fyrir nefndarinnar hönd, að breyt.till. hennar verði samþykt, að hælinu séu veittar 18000 kr. hvort árið, en ekki 25000 kr., eins og stjórnin hefir stungið upp á. Ef hælinu verða veittar 25000 kr., þá hafa aðstandendur þess minni hvöt til þess að afla því tekna með gjöfum og tillögum. Af þessari ástæðu verð eg að halda fast við tillögu nefndarinnar.

Við 12. gr. hafa komið fram 4 brtill., en nefndin hefir ekki viljað sinna þeim, nema ef vera kynni þeirri síðustu. Og er það tillagan á þgskj. 349, um styrk til Önnu Magnúsdóttur, til að geta haldið áfram að vera á ljóslækningastofnun Finsens í Kaupmannahöfn. Hefir það orðið niðurstaðan hjá nefndinni, að hún mundi ekki verða mótfallin að láta stúlku þessa verða einhvers styrks aðnjótandi, enda stendur líka sérstaklega á hér.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg verð að tala dálítið um þá till., sem eg hefi komið með í þá átt, að fá veitta nokkra fjárhæð til byggingar læknisseturs í Hróarstunguhéraði. Framsögumaður fjárlaganefndar hefir lýst því, að hann og nefndin séu tillögu þessari mótfallin.

Eg vil því leyfa mér að skýra nokkru nánara frá uppruna og atvikum málsins, og hvað olli því, að eg ber nú þessa tillögu hér fram í deildinni.

Eins og hinni háttv. deild mun vera kunnugt, þá er Hróarstunguhérað eitt af hinum nýrri héruðum. Tveir læknar hafa verið þar á undan þessum, sem nú er, og báðir hafa þeir, mest fyrir þær sakir, að ekki var til neinn fastur bústaður, hröklast burt, og þessi læknir, sem nú er þar, hefir látið héraðsbúa vita, að hann mundi neyðast til að fara, ef honum yrði ekki séð fyrir hentugum bústað. Nú stendur ennfremur svo á, að Borgarfjörður (eystri), sem er einn hluti af þessu héraði, sækir um að fá sérstakan lækni, og því ekki við því að búast, að þeir muni vilja leggja neitt fram til læknisbústaðar upp í Héraði. Landlæknir hefir gert áætlun um kostnaðinn við bygginguna, og áætlar kostnaðinn um 9000 kr. — og er það sama sem, að um 2000 kr. komi á hvern hrepp í héraði þessu, að Borgarfirði meðtöldum.

Það sem eg þá vil biðja háttv. þm. að hafa hugfast, þegar þeir greiða atkv. um þessa till., er það, að þetta hérað er erfitt umferðar, og því nauðsynlegt, að læknirinn geti setið nokkurn veginn í miðju héraði — í öðru lagi, að þær jarðir, sem helzt hefir verið bent á til læknisseturs, eru mjög illa hýstar, og í þriðja lagi, að héraðið á á hættu að verða læknislaust, ef þetta fjárframlag ekki fæst. Héraðsbúar fengu skólastjórann á Eiðum til að koma þessu máli áleiðis til þingsins, og síðan hefi eg tekið það að mér, og eg verð að játa, að mér finst það hart af fjárlaganefndinni, að ætla nálega eins mikið fé til eins sjúklings, en synja algerlega um fjárveitingu, sem heilt hérað getur átt undir að verða læknislaust, ef ekki fæst, — og núverandi læknir hefir

fyllilega látið það í ljós, að hann fari, ef hann fengi ekki fastan bústað.

Björn Kristjánsson: Eg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir það, hve vel hún hefir tekið í breyt.till. mína á þgskj. 361. Eins og mönnum er kunnugt, hefir bankinn haft nú um nokkur ár reikningsfærslu landssjóðs á hendi og fengið þar fyrir greitt úr landssjóði 2500 kr. á ári. Áður, í tíð landfógeta, kostaði reikningshald þetta landssjóð um 6100 kr. En að bankinn á sínum tíma tók þetta að sér fyrir svona litla borgun, var af því, að landssjóður lét bankann ávaxta fé landssjóðs fyrir lága vexti, þá 2%, og á þeim tíma átti landssjóður allmikið fé, en nú er þetta breytt svo, að bæði er nú minna fé venjulega fyrirliggjandi í landssjóði og svo hafa vextirnir hækkað úr 2% í 4—4½%, og getur því ekki borgað sig fyrir bankann að hafa þetta starf á hendi lengur sér í stórskaða, enda getur bankastjórnin ekki forsvarað það, að hafa á hendi störf, sem fyrirfram er sjáanlegt, að muni verða tap fyrir bankann. Hinsvegar ætlast bankinn ekki til að hafa neinn hagnað af þessu, heldur að eins fá kostnaðinn endurgoldinn, sem nú er orðinn 5000 kr árlega, ef alt er reiknað.

Þá er breyt.till. mín á þgskj. 360, sem framsm. einnig mintist á; tillaga þessi fer fram á aukinn styrk til strandgæzlu úr landi. Á síðustu fjárlögum voru veittar 500 kr. til þessa, en það liggur í augum uppi, að þessi fjárhæð er svo lítil til slíks, sem hér um ræðir, að það er varla til nokkurs að vera að hafa hana á fjárlögunum. Nú stendur svo leiðis á, að beiðnir hafa borist úr mínu kjördæmi um að fá alt að 8000 kr. til þess að halda uppi strandvörnum úr landi. Eg býst nú raunar ekki við, að þingið muni veita svo stóra upphæð í þessu skyni, þrátt fyrir það þó þessu fé mundi enganveginn verða á glæ kastað, heldur geta orðið til þess, að framleiðslan ykist að miklum mun, og að því á þingið að starfa fyrst og fremst með fjárveitingum sínum, að hún aukist, svo þessari fjárbeiðni er alls ekki saman að jafna við þær þar sem ekkert er í aðra hönd. Auk þess stendur hér svo sérstaklega á, að þessar verstöðvar, Garður og Leira, sem sent hafa þessar fjárbeiðnir, eru nálega eini staðurinn á þessu landi, þar sem fiskað er með netum, en þau veiðarfæri eru mjög kostnaðarsöm. Nú hefir verið áætlað, að í þessum tveimur veiðistöðvum mundi fiskast um 300 skp. af fiski, og ennfremur hefir verið gerð áætlun um, að botnvörpungar muni árlega eyðileggja þar um 200 net, auk alls aflatjónsins, sem veiðistöðvar þessar verða fyrir.

Af þessum ástæðum vona eg, að menn sjái, að hér er þörf á sérstakri vernd gagnvart yfirgangi botnvörpunga, og hefi eg leyft mér að koma með breyt.till. í þá átt, að styrkurinn verði hækkaður upp í 3000 kr.; enda þótt mér sé það ljóst, að slík fjárhæð muni ekki hrökkva til þess að gera út sérstakan bát, þá er eg þó hins vegar fullviss um það, að hún getur orðið að mjög miklum notum. Annars má margt um þetta segja, og skal eg ekki þreyta hina háttv. deild á langri ræðu um tillögu þessa.

Þá skal eg leyfa mér að minnast lítils háttar á breyt.till. á þgskj. 359, að aftan við 8. lið g bætist nýr stafliður h svohljóðandi: »Til greiðslu upp í lækningakostnað unglingsins Önnu Magnúsdóttur á fjóslækningastofnun N. Finsens í Kaupmannahöfn 3000 kr. fyrra árið«. Varatillaga er á þgskj 435, að upphæðin verði 2000 kr., og þrautavaratillaga á sama þgskj. 1500 kr., sem er þó satt að segja svo lítið, að það er neyðarbrauð að bera hana fram; en hvað um það, lítið er betra en ekki neitt.

Af því að sérstaklega stendur á um

þetta mál, skal eg upplýsa það með örfáum orðum. Móðir þessarar Önnu Magnúsdóttur dó nú fyrir eitthvað 5 árum; faðir hennar var dáinn löngu fyr; hún var mjög fátæk og lá því ekki annað fyrir börnunum en fara á sveitina. En þó varð ekki af því, því nokkrir góðhjartaðir menn tóku að sér börnin, og þar á meðal einnig þetta barn, sem tómthúsmaður einn í Keflavík tók að sér. Þegar barn þetta var á 9. ári fór að bera á veiki þeirri, sem hana hefir þjáð síðan, en það er svo nefndur »Lupus«. Maður þessi sendi hana þá hingað til Reykjavíkur, og var hún hér undir læknishendi um tíma, en það kom að engu haldi, veikin magnaðist alt af meira og meira. Þá réð Guðmundur Magnússon læknir manninum til að senda hana á ljóslækningastofnun þá í Kaupmannahöfn, sem kend er við dr. Finsen, og var hún þangað send árið 1906, þá 13 ára gömul, og hefir hún dvalið þar síðan, og hefir nú fulla vissu um að verða albata, ef hún getur verið þar eitt ár enn þá.

Þessi fátæki tómthúsmaður gat auðvitað ekki klofið kostnað þann, sem af dvöl hennar leiddi á Finsens hælinu, og neyddist hann því til að senda sveitinni kostnaðarreikninginn, en samkvæmt fátækralögum frá 1908 er framfærslusveitin eigi skyld til að greiða meira en 200 kr. til sjúkraframfæris á sjúkrahúsum; það sem þar er yfir á landssjóður að greiða. Reikningurinn var því sendur áleiðis til stjórnarráðsins með tilmælum um, að það sem til vantaði yrði borgað úr landssjóði.

Nú leið og beið, og stjórnarráðið lét ekkert til sín heyra um þetta mál; en að *sjö mánuðum* liðnum sendi stjórnarráðið úrskurð, er ákvað, að landssjóði bæri heldur eigi að greiða þetta fé, þar sem sjúklingurinn væri á erlendu sjúkrahúsi. Þannig urðu þá endalok þessa máls, en hversu sannsýnt það hafi verið af stjórnarráðinu, að láta manninn bíða í 7 mánuði eftir þessum úrslitum, það vona eg að allir sjái. Nú er stúlkan orðin 18 ára og hefir, eins og eg hefi áður tekið fram, fengið fulla vissu fyrir að fá fullkominn bata, ef hún getur verið eitt ár enn. En þetta kostar mikið, 80 kr. á hvern mánuð, og því ekki von, að fátækur tómthúsmaður geti klofið það, og þess vegna hefi eg farið fram á að fá veittar 3000 kr. og með því móti mundi hlutaðeigandi þó verða að greiða um 800 kr., og er það sannarlega eins mikið og nokkur sannsýni er að ætlast til. En sjái þingið sér eigi fært að veita þá fjárhæð, þá vona eg, að varatillaga mín nái fram að ganga, og þó að 3. tillaga mín sé neyðarúrræði, þá þótti mér réttara að láta hana fylgja með, og vonast til að þingið veiti þetta fé að minsta kosti, svo að þessi unglingur geti fengið fulla lækningu.

Einar Jónsson: Samkvæmt yfirlýsing ráðherra í dag, er fjárhagur landssjóðs svo tæpur, að þýðingarlaust er fyrir einstaka þingmenn að fara fram á fjárveitingar og lánbeiðnir í viðbót við það, sem þegar er samþykt. Í mörg ár hefir verið kvartað um fjárhagsástandið, en áður voru þær umkvartanir ekki á rökum bygðar, og væntanlega er enn þá gert meira úr hinum bágborna fjárhag, en vert er. Það mátti vera öllum ljóst, að fyrverandi stjórn lagði ekki hug á að spara landsfé. Ráðherrann mat það meira, að mata flokksmenn sína og fylgifiska, heldur en hrinda áfram þörfum fyrirtækjum, og styrkja þau.

Mest hefir mig furðað á 2 breyttill., sem hér liggja fyrir. Önnur er frá 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um fjárstyrk til byggingar á sjúkrastofu á læknissetri Norður-Múla sýslu. Eg man eigi betur, en að þar sé áður til sjúkraskýli á öðrum stað í sömu sýslu styrkt af landssjóði, svo að

Norður-Múlasýsla er að því leyti betur sett en flestar aðrar sýslur landsins. Þetta virðist benda í þá átt, að menn þar geti innan skamms farið að biðja um sjúkraskýli á annan hvern bæ. Eg vil því mæla eindregið móti þessari tillögu, nema því að eins, að öll önnur læknishéruð hafi sömu réttindi, en við því býst eg ekki að svo stöddu. Hin till. er frá 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. Dal. (B. J.), og furðar mig eigi síður á henni. Þar er farið fram á 1500 kr. handa Þorvaldi lækni Pálssyni til þess að nema lækningar á sjúkdómum í maga, görnum og þörmum. Hvers vegna heimta þessir háttv. þm. ekki styrk handa sérstökum læknum, til þess að einn geti kynt sér sjúkdóma í heila og hjarta, annar í herðum og handleggjum, þriðji í nárum og nýrum o s. frv. Eg hélt að læknar ættu að þekkja alla byggingu mannsins, alla parta mannlegs líkama yfir höfuð. En ef þeir fara að sækja um styrk til þess að kynna sér hina einstöku parta sérstaklega, þá er bágt að segja, hver endirinn verður. Eg vildi óska, að þingm. hugsuðu sig um, áður en þeir flytja slíkar till. inn á þing. En nú sé eg, að háttv. viðkomandi þm. eru að biðja um orðið, og ætla þeir víst að skamma mig fyrir það, sem eg nú hefi sagt; en eg mun ekki láta það á mig bíta; hætti í þetta sinn, en svara þeim væntanlega að þeirra ræðum loknum.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla að eins að minnast á breyttill. á þskj. 360, þar sem farið er fram á að auka styrk til eftirlits með fiskiveiðum útlendinga hér við land. Það var gott, að stjórnin fór fram á þennan styrk, enn þá betra að fjárlaganefndin vill færa hann upp í 1500 kr., en allra bezt að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vill hækka hann upp í 3000 kr. Í raun og veru viðurkennum við allir, að myndarlegast væri, að Íslendingar önnuðust strandgæzluna sjálfir; en þetta er áreiðanlega spor í áttina. Hér er mikið í húfi, og þessu fé yrði vissulega ekki kastað í sjóinn. Á þessum svæðum, svo sem Hellissandi, Ólafsvík og hér suður með sjó, eru hin beztu fiskimið, og íbúarnir mundu nota styrkinn sem bezt þeir gætu. Eg vil benda á, að undan Jökli hafa komið sterkar beiðnir um slíkan styrk. Þar eru hin veiðisælustu fiskimið, og búa þar um 12—13 hundruð manns, sem eiga alla lífsbjörg sína undir sjónum; en strandgæzlan er þar mjög ónóg, »Fálkinn« sést þar miklu sjaldnar en fyrir sunnan land. Og vegna þess, að kröfur um þetta hafa komið bæði frá Breiðaflóa og Ísafjarðardjúpi, vil eg leyfa mér að mæla með, að sú fjárupphæð verði veitt, sem háttv. 1. þm. G. K. (B. K.) hefir farið fram á. Eg var á leiðinni með sömu tillögu og hann, en sá það óþarft, er eg sá hans tillögu. Eg vona að allir sjái, að fjárveitingin getur eigi komið að nægu haldi, ef hún er höfð minni, þar sem hún þarf að skiftast í 2 eða 3 staði ef til vill.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg vil andmæla ummælum háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) um styrkbeiðni þá til sjúkraskýlis, sem komið hefir úr kjördæmi mínu. Hann leit heldur einhliða á það mál og fór um það ósæmilega hörðum orðum. Hvaða gagn hafa menn af því, að læknishéruð séu stofnuð, ef enginn læknir fæst til að tolla í þeim. Hér er aðallega um það að ræða að byggja bústað handa lækni. Læknar eru, hvað það snertir, heimtufrekari en alþýða og ef þeim er ekki gert til hæfis, geta menn átt á hættu, að þeir þakki fyrir góð gerðirnar og hverfi úr héraðinu; þeir geta sett héraðsbúum sínum stólinn fyrir dyrnar og þess vegna verða menn að taka tillit til þeirra og hlynna að þeim. Eg veit ekki heldur betur, en að bæði landlæknir og aðrir skynbærir menn

telji nauðsyn á að koma upp sjúkraskýlum. Það getur að vísu verið erfitt, að koma þeim upp, en mikið má ef vel vill, enda *verður* að sjá einhver ráð til þess jafnframt því sem ný læknishéruð eru stofnuð. Eg endurtek að aðallega er um það að ræða, að koma upp bústað handa lækninum, þar sem hann unir hag sínum og getur tekið á móti sjúklingum og veitt þeim nauðsynlega hjúkrun. Og eins og eg tók fram áðan, getur læknirinn sagt: Ef eg fæ ekki bústað, þá fer eg. Auðvitað mætti spyrja, hvort héraðsbúar gætu ekki framkvæmt þetta sjálfir. Ef til vill gætu þeir það, en þeim mundi veita það mjög efitt, enda er ósanngjarnt að demba slíkum kostnaði á sveitarfélag. Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti að till. fái gott fylgi í deildinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil leyfa mér að mótmæla orðum hins háttv. 2. þm. Rang. (E. J). út af till. minni og þm. Dal. (B. J.) um námstyrk handa Þorvaldi lækni Pálssyni. Hann furðaði á því, að læknar þyrftu að kynna sér sérstaklega lækningaraðferðir við sjúkdóma í einstökum hlutum líkamans. Eg man þó ekki betur en að þm. sjálfur flytti í hitt eð fyrra hér á þingi till. um styrk handa Brynjólfi nokkrum tannlækni. Tennurnar eru þó sérstakur hluti líkamans. Eg hélt, að flestir þing menn hefðu hugboð um, að á seinni tímum hafa læknisvísindin skifst meir og meir í sérfræðigreinar, enda þarf engum að koma þetta á óvart, því að í þessu fjárlagafrv. er t. d. farið fram á styrk handa augnlækni og svo hefir verið í mörg ár. Nú er orðið altítt, að læknar leggi fyrir sig eina sérstaka grein læknisfræðinnar. Hér er í fjárl. önnur till. um að veita lækni styrk, sem hefir sérþekking um sjúkdóma í hálsi, nefi og eyrum. Það eru líka sérstakir hlutar mannlegs líkama, en við þeirri styrkveiting hefir hinn háttv. þm. ekki amast, svo að mér er óskiljanlegt, hversvegna hann leggur magann í einelti. Einmitt magasjúkdómarnir eru tíðir og hættulegir, svo mikil þörf væri á manni, sem hefði sérþekking í þeirri grein lænisfræðinnar. Eg vona, að hinn hv. þm. sjái, — þegar honum batnar í maganum, að hann hefir hlaupið á sig.

Úr því að eg stóð upp, vil eg minnast á aðra till., sem eg þó ekki er viðriðinn. Það er till. nefndarinnar um að færa niður um helming styrkinn til augnlæknisins. Háttv. þm. Barð. (B. J.) sagði, að Birni Ólafssyni hefði verið veittur svo hár styrkur vegna þess, að hann yfirgaf embætti með eftirlaunarétti, þegar hann settist hér að sem augnlæknir. En það er ekki satt. Björn Ólafsson var aukalæknir án eftirlaunaréttar, þá er hann varð hér augnlæknir. En Andrés Fjeldsteð er embættislæknir nú með eftirlaunarétti; hann hefir ekki viljað segja af sér embætti sínu, fyr en hann vissi, hvaða kostir honum byðust sem augnlækni. En þessi till. er svo vaxin, að ef hún yrði samþykt, mun hann þegar snúa heim aftur í hérað sitt. Ef nefndin heldur till. fast fram getur hún að líkindum komið því til leiðar, að svifta landið augnlækni, því að vér eigum ekki völ á öðrum sérfræðing í þeirri grein en Andrési, enda er veitingin upp á nafn. Eg vil því fastlega ráða hinni háttv. deild frá því að að samþykkja till. nefndarinnar.

Bjarni Jónsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), hefir þegar tekið fram það, sem eg ætlaði að segja. Það er ekki rétt, sem fullyrt hefir verið, að Björn Ólafsson hafi farið frá embætti með eftirlaunarétti. En hann var góður maður og góður læknir og átti vel skilið þau laun, sem hann fekk. Aftur á móti kemur Andrés Fjeldsted úr héraði með 1500 kr. launum og eftirlaunarétti,

og er héraðið þar að auki í 5. röð, hvað aukatekjur snertir. Hann missir því miklu meira í, en Björn gerði, og er því óhæfa að bjóða manninum slík laun, sem nefndin fer fram á, nema ef svo er, að menn álíti hann ekki starfinu vaxinn. Andrés stundaði fyrst augnlækningar undir handleiðslu prófessors Bjerrum's í Khöfn. Síðan var hann 10 mánuði í Englandi og Kristjaníu; þaðan fór hann til Wien og var þar í 5 mánuði. Frá háskólanum í Wien hefir hann fengið góð vottorð, en þar eru taldir einna beztir augnlæknar í Evrópu. Svo sótti hann um styrk til þess að dvelja eitt ár í Wien, en fékk hann ekki; ætlaði hann þá að fara þangað á eigin kostnað, en þá bað landlæknir hann að taka við embætti Björns Ólafssonar. Fór hann þá aftur til Kristjaníu til þess að kynna sér nýjar lækningaaðferðir á »glaucom«. Eg sé því eigi ástæðu til þess að ætla, að maðurinn sé ekki starfinu vaxinn, enda hefir hann ágæt meðmæli. Hann hefir varið alt að 7000 kr. af eigin fé, til þess að fullkomna sig í fræðigrein sinni, svo að óhæft er að bjóða honum einar 1000 kr. í árslaun og meiningarlaust að gera honum slika óvirðing. Þar að auki hefir hann keypt verkfæri fyrir 1150 kr. og ennfremur verkfæri Björns Ólafssonar. Hann hefir altaf búist við að fá sömu laun, sem Björn Ólafsson hafði, og þess vegna fór hann úr héraði sínu, þar sem hann hafði ágætar tekjur.

Einn þm. hefir amast við styrknum til Þorv. læknis Pálssonar, en eg ímynda mér, að það stafi af því, að hann er magaveikur þessa dagana. Þorvaldur ætti að vera hér til þess að lækna hann. Frá því sjónarmiði væri það því mjög æskilegt, að skapið batnaði í oss, bæði Reykvíkingum og þeim þingmönnum, sem hjá oss dvelja um stundarsakir. Þetta segi eg meira í spaugi við háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.). En í alvöru að tala eru magasjúkdómar mjög erfiðir viðfangs, og verða menn oft, vegna læknisleysis í þeirri grein, að fara til útlanda og leita sér þar að bót meina sinna. Sérfræðingar hafa öll tæki betri en venjulegir læknar, og geta bæði þess vegna og betri þekkingar sinnar bætt það, sem aðrir ganga frá. Mér er jafnvel sagt, að sjúklinga með krabbameini í maga takist að bæta svo, að þeim líði vel í 2—3 ár, og er það ekki lítils vert. Eg hefi ekki getað skorast undan að flytja þessa tillögu. Stjórnin sem var, hefir ekki, og því síður sú sem nú er, haft tækifæri til að hugsa um þessa tillögu. En hér í Reykjavík er brýn þörf á því að hafa sérfræðing í maga- og þarmasjúkdómum; þeir sjúkdómar eru einna tíðastir allra sjúkdóma.

Það hefir verið minst á styrkinn til Vífilstaðahælisins, og eg hefi vikið að því, að ekki væri rétt að lækka hann. Sú ástæða, að fólk muni gefa meira, ef styrkurinn er lágur, er lítils virði. Eg ímynda mér, að 25 þús. kr. sé ekki of mikið. Þeir, sem gera slíkar áætlanir, eru vanir að hafa þær fremur of lágar, en of háar. Það má ekki spara við hælið. Þar verða að vera nógar vistarverur handa fátæku fólki, svo að það sé ekki heima og sýki út frá sér.

Pétur Jónsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir komið fram með brt. um að hækka um helming fjárveiting fyrir strandgæzlu úr landi. Eg var ekki svo heppinn að vera við, þegar hann flutti ræðu sína. En eg heyrði, að hann vildi láta fella niður skilyrði fyrir þessari fjárveitingu. Það er þetta atriði, sem eg vildi minnast á, en enga áherzlu legg eg á það, hvað há upphæðin sé; það er skilyrðið, sem mér er annt um. Það væri ekkert á móti þessari fjárveitingu að hafa, ef hún væri notuð, og notuð með áhuga til gagns. En því er

ekki svo farið, eins og fjárlaganefndinni er kunnugt um. Styrkurinn hefir áður verið ætlaður til sunnanverðs Faxaflóa. Nú koma fram beiðnir um samskonar styrk víðar að og mælir það með því að hækka hann. En vilji menn fá þennan styrk, þá er full ástæða til að heimta, að þeir sem styrksins njóta leggi eitthvað á sig á móti. Þessi styrkur hefir staðið á fjárlögunum frá 1906, en verið lítið notaður og líklega að litlu liði komið. Þessvegna var hann settur niður í 500 kr. á síðasta þingi. 1906 voru veittar 1000 kr., en brúkaðar 416 kr., 1907 veittar 1000 kr., brúkaðar 585, 1908 veittar 1500 kr., brúkaðar 78 kr., 1909 veittar 1500 kr., brúkaðar 745. Nú er sagt, að þetta hafi verið af því að fjárveitingin var of lág, en hví er þá ekki allt fé brúkað upp og bætt við af þeim, sem styrksins þurftu með því sem nauðsynlegt var? Þetta er þó arðberandi atvinnuvegur einstakra manna, sem vernda á með þessu. Og ef 1500 kr. er of lítið sunnanvert við Faxaflóa, skyldi þá ekki 3000 kr. verða of lítið handa 3—4 stöðum? Fjárlaganefndin bjóst við því, að þetta yrði of lítið fé, nema menn legðu á sig sjálfir kostnað á móti, og þá fyrst má búast við gagni af styrknum, þegar þeir sem hans njóta fara að leggja eitthvað verulegt á sig í sama skyni, og það er fjárveitingarvaldinu eina tryggingin fyrir því, að fé þetta verði að notum. Vilji þeir ekkert verulegt á sig leggja, er gefið, að styrkurinn er þarflaus og gagnslaus.

Hvað snertir heilsuhælið, mælist það ekki vel fyrir, að nefndin hefir lagt til að lækka styrkinn. Eg kannast við það, að heilsuhælið er þörf stofnun og ágætt fyrirtæki, og meining fjárlaganefndar var ekki að vinna á móti hælinu. En það sem fyrir nefndinni vakti var það, að þetta er »privat«-stofnun, sem verið er að koma á landssjóð. Það er ekki rétt aðferð. Það geta verið og eru deildar meiningar um það, hvort því öllu sé sem sparlegast og hyggilegast varið, sem gengur til hælisins. Yfir því hefir fjárveitingarvaldið og stjórnin ekkert að segja og enga ábyrgð á því. Þar að auki eru margir góðir menn, sem berjast fyrir fallegum hugsjónum og fyrirtækjum, er búa við sama fjárskort eða meiri. Væri nú þeim ágætismönnum, sem stjórna heilsuhælinu opnuð leið til þess að skrifa bara allan tekjuhallann í reikning landssjóðs orðalaust, væri fleiri ágætum mönnum og fyrirtækjum opnaðar dyrnar á sama hátt. Það er þetta, sem fjárlaganefndin vill takmarka.

Eg skal ekki bera á móti því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) gat um eða benti til, að gott væri að létta fátækum mönnum aðgang að hælinu. Eg fyrir mitt leyti mundi ekki vera mótfallinn því, að veittur væri sérstakur styrkur til þess að nokkurir bláfátækir sjúklingar gætu fengið þar fríplass móti því að sveitarfélögin legðu styrk á móti, eða eitthvað í þá átt.

Skúli Thoroddsen: Eg á hér brt. á þskj. 408, sem fer fram á það að veita Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu 400 kr. til þess að launa lækni, er sitji í Bolungarvík. Á þingmálafundi Norður-Ísafjarðarsýslu var mér falið að fara þess á leit, að Bolungarvík yrði gerð að sérstöku læknishéraði. Samkvæmt þessu bar eg fram frv. hér í þingbyrjun um að mynda nýtt læknishérað á þessu svæði og var því frv. vísað til læknaskipunarnefndarinnar. Nú hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu í samráði við mig, að ekki væri fært að veita þetta fé að svo komnu, heldur yrði Hólshreppi veitt sérstök fjárveiting til þess að launa lækni með, gegn tillagi frá hálfu hreppsbúa. — Í Bolungarvík

er mannmargt, einkanlega á vorin. Þangað sækja menn til sjóróðra, jafnvel úr fjarlægum sýslum, svo að þar eru hátt á annað þúsund manns að minsta kosti. Það er mikill kostnaður fyrir þá að vitja læknis til Ísafjarðar, læknirinn þar oft ekki við, og aðstoðarlæknirinn dýr. Það er mjög tilfinnanlegt fyrir Bolvíkinga, að þeim er oft sama sem neitað um læknishjálp, svo að þeir mega heita læknislausir. Þegar þeir nú bjóðast til að leggja fram sjálfir 1000 kr., þá er auðsætt, að hér er um brýna þörf að ræða. Eg hefi minst á það við landlækni, hvort fást mundi læknir þangað, en hann hefir talið þess engan kost, einkanlega af því, að ekki væri um hærri laun að gera. Eg tel víst, að þingið veiti þessa upphæð, úr því að Bolvíkingar vilja leggja svo mikið á sig. En svo er það líka athugandi, að ef þetta verður alment og fleiri héruð taka upp á sömu aðferð, þá sparar það landssjóði að bæta við nýjum læknishéruðum. Eg vona því, að menn taki þessu vel.

Út af því, sem h. þm. Dal. (B. J.) sagði um fjárveitingu til augnlæknisins, skal eg geta þess, að fjárlaganefndinni þótti nóg að veita honum 1000 kr. Því víkur öðruvísi við um augnlækninn en aðra lækna. Hann er sérlæknir og hefir ákaflega aðsókn, ef til vill meiri en nokkur læknir á landinu, nema ef til vill tannlæknirinn. Hann hefir aðsókn af öllu landinu. En auk þess sem hann hefir fyrir augnlækningar, rekur hann stórverzlun með gleraugu. Það er því forsvaranlegt, þótt þingið bjóði honum ekki meira en 1000 kr. Því veik nokkuð öðru vísi við, þegar Björn heitinn Ólafsson fekk styrkinn. Hann var sá fyrsti specialisti hér og þá var ekki eins almennt að leita til augnlæknis eins og nú.

Einar Jónsson: Eg hefi lofað að tala fáein orð til nokkurra vina minna hér, ekki mörg og ekki stif.

Skal eg fyrst snúa mér að háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.). Hann kallaði það ósæmilegt, að fara hörðum orðum um þessa tillögu hans um styrk til sjúkraskýlisins á læknissetri í Norður-Múlasýslu. Það er eins og þetta skýli sé það eina nauðsynlega á öllu landinu, enda þótt allir háttv. þingmenn og þjóðin í heild sinni hljóti að sjá og viðurkenna, að á læknissetrum í þeim héruðum, sem ekkert sjúkraskýli er til á öðrum stað í sama héraði, eru þau enn þá nauðsynlegri. Í Norður-Múlasýslu er þegar komið upp sjúkraskýli á Brekku, og hvers vegna er þá verið að fara fram á aðra sjúkrastofnun í þessari sömu sýslu? Eða á að halda svo áfram þangað til sjúkraskýli er komið á annan og þriðja hvern bæ? Hann talaði um, að það væri erfitt að koma þar sjúklingum til læknis. Eg hélt nú, að það væri víðar, og væri ekki einsdæmi í Norður-Múlasýslu. Annars vil eg minna þennan háttv. vin minn á það, að hika sér við að láta nafn sitt á jafnmörg skrif, eins og hann er nú farinn að gera, sízt nema að bera það undir sinn valdstifa húsbónda áður.

Eg veit að það er rétt, að sumir læknar taka að sér augnlækningar og aðrir annað, t. d. tannlækningar o. fl, og nú heyra menn jafnvel talað um þarma- eða endagarnalækna, sem ekkert annað eiga að stunda. En þótt þeir taki nú þetta að sér, hvar eru þá þeir menn staddir, sem ekki ná til þeirra hér í Rvík? Með þessu lagi rekur að því, að alstaðar verða að vera jafnmargir læknar og líkamshlutarnir eru á manninum — hvað margir veit eg ekki — ef til vill svona 100 í hverju læknishéraði. Eg hygg, að Íslendingar megi lengi bíða, þangað til þeir fá nóga lækna

fyrir allan skrokkinn á sér á þann hátt.

Eg lofaði að vera stuttorður, og skal efna það. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hélt, að eg væri geðvondur af magaveiki, en eg get fullvissað hann um, að eg er hraustur maður — hvorki magaveikur né þarmalæknisþurfi. Þetta kemur því ekki til mála. En eg er hræddur um, að hann sé eitthvað magaveikur sjálfur, þótt eg voni, að það sé ekki harðlífi, sem að honum gengur, því að það sem hann sagði var afar þunt. Annars vil eg af tvennu illu heldur láta leiðast af geðvonsku en monti og peningum.

Eg ætlaði að þakka háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir ýmislegt, sem hann sagði í dag, einkum þar sem hann mintist á síðustu fjárlög 1909. Þau voru þannig útbúin, að við súpum nú seyðið af þeim, og eg er þm. alveg samdóma í því, sem hann sagði um sima og vegi, brýr o. fl., sem þá var felt burtu úr þeim, mót allri fyrri venju. Þess háttar ætti ekki að koma fyrir, og það er skylda þingsins, að sjá þessum nauðsynjafjárveitingum borgið nú, þar sem síðast var slegið svo slöku við í því efni. En auðvitað er í hverju einasta tilfelli erfiðara að uppfylla skyldur og framkvæmdir vissan dag, hafi vanræksla átt sér stað á liðnum tíma.

Þá vildi eg um leið segja örfá orð um heilsuhælið. Meiri hluti háttv. fjárlaganefndar hefir orðið á einu máli um það, að hækka meðlag sjúklinganna um það sem hann áleit sanngjarnt. En þar tók háttv. þm. Dal. (B. J.) vel og viturlega í sama streng og eg við síðustu umræðu, og vildum við þá og viljum enn láta landssjóð gera það sem mögulegt er til þess að létta mönnum þann kostnað. Við erum flestir fátækir, og það er alment játað, að mönnum veiti fullerfitt, eins og nú er, að kosta sig á hælinu, hvað þá ef það verður gert dýrara. Þá mundi svo fara, að mörgum yrði ómögulegt að leita sér heilsubótar.

Eg man nú ekki eftir fleiru í bili, en eg skal enda orð mín á því, að eg tel það illa farið, að þegar menn segja eindregið meiningu sína hér í deildinni, þá fá þeir oft skammir fyrir ummæli sín, enda þó hógvær séu, og væri vel, ef menn gerðu sér far um að fara hægar í það. Og mér hefir virst, sem mönnum sé hvað kærast að ráðast þannig á einn mann hér í deildinni, háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Hann er þó duglegur og áhugasamur þingmaður, og það er hart, að hann fái beinar skammir fyrir það, þótt hann mæli eindregið með áhugamálum sveitamanna, sem hann þekkir betur en flestir aðrir. Eg segi þetta ekki af því, að hann þurfi neinnar varnar við, heldur get eg þessa nú, af því að eg tala fremur sjaldan, og bið eigi ávalt um orðið við þær umræður, sem þetta kemur hvað helzt fyrir við, en vil vara menn við því, að láta svo við mann, sem hefir sérþekkingu á landbúnaðarmálum öðrum fremur, og við því yfirleitt, að þeir séu að koma með búfræðislegar hugleiðingar, sem ekkert þekkja til slíks, en eru bara skapaðir kennarar, en hvorki verzlunarráðunautar né búmenn etc.

Bjarni Jónsson: Eg veit ekki, hvort eg er skapaður kennari, eða ekki. Eg ætla að leiða það hjá mér og tala um annað.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að styrkurinn til Andrésar Fjeldsteds væri nógur vegna þess, að hann hefði svo miklar tekjur af því að selja gleraugu og annað. Það getur vel verið, að hann selji nokkuð, en 2 þús. kr. eru ekki mikil laun handa sérfræðingi, og það þótt þriðja þúsundið bættist nú við fyr-

ir sölu. Ekki þætti það glæsilegt í öðrum löndum, og ef vér tökum upp þá aðferð við sérfræðinga vora, þá getum vér ekki búist við því að fá duglega menn. Eg veit, að maðurinn selur eitthvað af gleraugum og þess háttar, en eftir reynslunni er það svo, að ekki borgast alt, sem læknar láta úti, hvorki meðul né annað, svo að atvinnan verður oft og einatt hæpin. Þessi eina ástæða er því ekki nóg til þess að lækka laun hans. Þar að auk er þess að gæta, að hann á að kenna sína grein við læknaskólann, og hlýtur að vera mikið í það varið að hafa sérfræðing til þess, og við það dregur hann frá sjálfum sér, því að þess færari sem aðrir verða í þessari grein, því færri koma til sérfræðingsins. Hann er og fús til þess, að veita ókeypis læknishjálp, jafnvel tvisvar í viku, ef hitt þykir of lítið, sem nú er, og það mun hann gera, ef ekki verður nú sneitt af þessum styrk. Að öðrum kosti mun hann fara heim í sitt hérað og hafa þá tekjurnar af því, og augnlækningunum að auki. En sá annmarki er á því, að það er hættulegt fyrir augnlækna, að þurfa að vera að fást við annað, t. d. tæringarsjúkdóma, það er svo hætt við því, að þeir setji bakteríur í augu manna. Það verður varla varast, hve varlega sem að er farið, og þótt slíkt yrði ekki nema svona einu sinni eða tvisvar, þá væri það samt óbætanlegt tjón. Eg vona nú, að háttv. nefnd sannfærist um það, að ekki er rétt að færa þetta niður.

Mér heyrðist einn háttv. þm. bregðast eitthvað undarlega við, þegar talað var um sérfræðinga í maga- og þarmasjúkdómum, og jafnvel í eyrna-, nef- og hálssjúkdómum. Nú er þó hingað kominn sérfræðingur í hinu síðarnefnda, og hefir hann góðan orðstír frá veru sinni hjá nafnfrægum lækni í Höfn, er setti hann til að þjóna starfinu fyrir sig um hríð. Vildi eg, að styrkurinn til þess manns yrði hækkaður, því að vér eigum að sjá svo sóma vorn, að launa þeim mönnum, sem eiga að kenna við háskóla vorn, svo, að viðunanlegt sé. Vil eg svo ekki orðlengja þetta frekar, því að háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) vil eg ekki gefa fleiri pillur, þá gæti svo farið, að heilsa hans bilaði.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J.J.) mælti kröftuglega fram með breyt.till. sinni, er fer fram á byggingarstyrk handa lækninum í Hróarstunguhéraði. Eg vildi feginn geta verið með þessu, því að þetta er nú í minni sýslu, en eg get það ekki. Það er ekki siður hér á þingi, að veita styrk til læknabústaða, enda getur þetta verið varasamt fordæmi, því ef þetta fengist, þá mundi koma beiðni um slíkt úr fjölda mörgum stöðum á landinu. Þm. tók fram, að ef læknirinn, sem nú er þar, fengi ekki þennan styrk til byggingar, þá mundi hann fara, og áður hefði verið annar, sem mundi hafa farið af svipuðum ástæðum. Eg held nú að ekki þurfi að kvíða þessu. Það var öðru máli að gegna, þegar læknahéruðin, svo og svo mörg, stóðu óveitt. Nú geta læknarnir ekki lengur sett mönnum stólinn fyrir dyrnar, heldur munu þeir sætta sig við að verða kyrrir, þótt ekki fáist styrkur til byggingar. Mér finst að hér eigi að gera ráð fyrir hinu sama, sem um aðra embættismenn. Prestarnir verða t. d. að byggja sjálfir upp handa sér. Læknarnir eiga að geta gert það líka, og ef þessi læknir getur það ekki, en er þó góður læknir, þá hygg eg að þeir, sem þurfa að nota hann, mundu hlaupa undir bagga með honum. Nefndin leggur því í heild sinni móti þessari fjárveitingu.

Annað, sem eg vildi minnast á, var breyt.till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) á þgskj. 360 um eftirlit úr landi með

fiskveiðum útlendinga. Hún fer fram á að hækka styrkinn til þessa og nema burt skilyrðið, sem fyrir honum er sett, og hafa þeir, þessi hv. þm. og hv. þm. Snæf. (S. G.) talað um það á líkan hátt. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir nú reyndar tekið af mér það ómak, að svara þessu, svo að eg hefi litlu við orð hans að bæta um það mál. Fjárhagur landsins nú leyfir það ekki, að farið sé að hækka þennan styrk upp í 3 þús. kr. En ef hann er aðeins hafður 1500 kr., og skilyrðinu slept, þá væri það of lítið, að skifta í 3 staði, 500 kr. í hvern. Nefndin verður því að vera með sinni tillögu óbreyttri.

Þá er önnur breyt.till. frá sama háttv. þm. um styrk til þess, að styrkja sjúklinginn Önnu Magnúsdóttur á lækningastofnun N. Finsens. Eg skal játa, að þetta er viðkvæmt mál, og leiðinlegt að verða að neita um annað eins. En með því að nefndin hafði ekki tækifæri til að athuga varatillöguna í þessu máli, skal eg ekki svara neinu fyrir hennar hönd. Eg býst við, að ekki verði tekið illa í að veita eitthvað við 3. umræðu, og vildi eg skjóta því til háttv. flutningsmanns, hvort hann vill ekki taka till. aftur nú, en auðvitað ræður hann því sjálfur. En eg get fyrir mitt leyti lýst yfir því, að eg er *nú* á móti öllum þess háttar breyt.till. í öllum myndum.

Þá er breyt.till. nefndarinnar um að færa niður styrkinn til Andrésar Fjeldsted í 1000 kr. hvort árið. Móti henni hafa tveir háttv. þm. talað, 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. Dal. (B. J.), hvor á sinn hátt. Annar sagði, að nefndin mundi engan augnlækni vilja hafa, en því vísa eg frá mér og henni og neita því algerlega, enda hefði þá allur fjárstyrkur verið feldur niður handa þessum manni. Háttv. þm. Dal. (B J.) gaf í skyn, að till. okkar bæri vott um það, að nefndin áliti manninn óhæfan til starfa síns, og væri þá eins gott að veita ekkert. Eg skil ekkert í þessum getsökum, sem ekkert hafa við að styðjast, og eru bæði ósæmilegar og óþingmannlegar. Það sem bygt verður á hér, er það, að á sínum tíma voru Birni Ólafssyni veittar 2 þús. kr., en eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tók fram, það stóð öðruvísi á þá, þegar fáir voru læknar í landinu, og störf því betur launuð, en landssjóður getur gert nú. Þegar Björn heitinn fór hingað, hafði og enginn hugmynd um það, hve vel þetta mundi borga sig. Nú vita menn að hann varð fjáður maður á því, og því hefir það ekki við rök að styðjast, að augnlæknir geti ekki lifað hér með 1000 króna árslaunum, eða að það séu ekki sæmileg laun. Annarhvor þessara þm. sagði, að maðurinn mundi fara, ef hann fengi ekki það sem hann vildi hafa. Það getur vel verið, en um það vissi nefndin ekki, þegar hún komst að sinni niðurstöðu. Eg vil líka geta þess, að þótt ástæða kunni að vera til þess, að gera mun á þessum sérfræðingi og öðrum, t. d. tannlæknum, þá er líka allmikill munur á einu þúsundi og tveim. Og ef full vissa væri fyrir því, að þúsund sé of lágt, þá væri vert að athuga, hvort ekki væri rétt að veita 1500 kr. Það er nú ekki hægt á þessu stigi málsins, en muna má það til 3. umr.

Þá er breyt.till. um að veita Þorvaldi Pálssyni sérstakan styrk til þess að setjast hér að. Eg býst við, að það sé þarflegt að fá góðan lækni í þeim sjúkdómum, sem hér er um að ræða, en eg held að efnahagur landssjóðs leyfi ekki að bæta ekki að bæta við sig nema einum sérfræðingi á ári. Nú er einn kominn í ár, og mætti þá geyma þetta til næsta þings, og verður því að leggja á móti þessari breyt.till.

Svo vildi eg segja örfá orð um Vífilstaðahælið út af orðum háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann tók orð mín svo, sem eg

héldi, að hælinu mundi gefast minna, ef till. stjórnarinnar yrði samþykt. Það sagði eg aldrei, heldur hitt, að ef þessar 25000, sem samkvæmt áætlun vantar enn á kostnaðinn, verða þegar veittar úr landssjóði, þá miðar það til þess, að taka burtu hvötina til að safna fé til þess, og þetta ætla eg að standa við. Meðan stjórn hælisins sér að fé vantar, þá er það sterk hvöt fyrir hana til þess að safna gjöfum og tillögum meðal landsmanna.

Annars skulu menn ekki skilja orð min svo, sem eg vilji leggja móti Vífilstaðahælinu, því fer fjarri. Hvað viðvíkur breyt.till. frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um 500 kr. styrk hvort árið til læknis í Bolungarvík, þá skal þess getið, að nefndin var öll á móti því, nema háttv. flutningsmaður breytingartillögunnar. Bolungarvík er örskamt frá Ísafirði, og þar eru tveir læknar, það væri ekki réttlátt í samanburði við aðra hluta landsins að veita þetta. Á síðasta þingi voru 3 ný læknishéruð stofnuð á Vestfjörðum. Ef þetta kauptún ætti að fá lækni, þá þekki eg 2—3 kauptún, sem hefði eins mikinn rétt til þess að krefjast hins sama. Þykir mér því viðurhlutamikið að verða við þessari beiðni, og verður að leggja móti henni.

ATKV.GR. (Atkv.skrá A. 484):

8. gr.

10. brt. 436 sþ. án atkv gr.
8. gr. svo orðuð sþ. með 20 atkv.

9. gr.

11. brt. 433 sþ. með 15:1 atkv.
12. brt 361 fellur niður.
9. gr. svo orðuð sþ. með 21 atkv.

10. gr.

sþ. með 20 atkv.

11. gr.

13. brt. 239,7 sþ. með 19 atkv.
»Aftan við bætist« sþ. með 20 atkv.
14. brt. 360,1 feld með 14:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N. M.,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

15. brt. 360,2 feld með 13:5 atkv.
16. brt. 239,8 sþ. með 16 samhlj. atkv.
»Aftan við bætist« sþ. með 16:4.
17. brt. 239,9 sþ. með 21 atkv.
18. brt. 239,10 sþ. með 16 atkv.
11. gr. þannig breytt sþ. með 23 atkv.

12. gr.

19. brt. 239,11 sþ. með 21 atkv.
20. brt. 408 sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Pétur Jónsson,
Einar Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

21. brt. 239,12
a. sþ. með 16:5 atkv.
b. sþ. með 19 samhlj. atkv.
22. brt. 414 feld með 19:6 atkv.
23. brt. 239,13 sþ. með 18 atkv.
24. brt. 239,14 sþ. með 21 atkv.
25. brt. 239,15 sþ. með 21 atkv.
26. brt. 239,16 sþ. með 19 atkv.
27. brt. 239,17 sþ. með 15:9 atkv.
28. brt. 239,18 sþ. með 17 atkv.
29. brt. 239,19 sþ. með 20 atkv.
30., 31., 32. teknar aftur.
33. brt. 379 feld með 14:5 atkv.
12. gr. þannig breytt sþ. með 23 samhlj. atkv.

---

13. og 14. gr., 31. marz.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg skal þá fyrst víkja máli mínu að breyt.till. fjárlaganefndarinnar við 13. gr. Eg vil geta þess, að þar eru nokkrar breytingar viðvíkjandi lagningu akbrauta, og er þar aðallega farið eftir tillögu verkfræðings og ekki vikið frá stjórnarfrumvarpinu. Það leggur til, að til Borgarfjarðarbrautarinnar séu veittar 10 þús. kr. síðara árið. Nefndin vill færa tillagið upp í 20 þús., því að þar er um brú að ræða, sem mun kosta alt að 20 þús. kr. Aftur á móti vildi nefndin fella burtu tillag til Skagafjarðarbrautarinnar fyrra árið.

Þá er eftir tillögum vegaverkfræðings viðvíkjandi þjóðvegum lagt til, að 3 nýjar brýr verði bygðar. Einnig hefir nefndin tekið upp Rangárbrúna, sem mikið var deilt um á seinasta þingi. Á þjóðvegunum er lagt til, að bætt sé við Hvammstangavegi með 2300 kr. tillagi f. á. Á þgskj. 239 stendur 2000 kr., en á að vera 2300 kr.

Þá varð sú niðurstaðan, að tvöfaldur koparþráður skyldi lagður milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Meiri hluti nefndarinnar var með þessu, en sumir tóku þó fram, að þeir gerðu þetta að ágreiningsatriði og vildu ekki gefa atkvæði sitt þessu máli. Eg var einn af þeim nefndarmönnum, og skal í stuttu máli gera grein fyrir skoðun minni. Koparþráðurinn á að kosta 66 þús. kr. Hér er að ræða um mikið fé, sem mætti nota til margra þarfafyrirtækja. Sömuleiðis er það athugavert, að á aukafjárlögum er veitt fé til þess að leggja tvöfaldan koparþráð milli Sveinatungu og Borðeyrar, og við það verður miklu betra að tala milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Eg hefi líka leitað álits símastjóra um þetta, og hann hefir skýrt mér frá, að kaup á þessum þræði mætti vel bíða eitt fjárhagstímabil enn, og heppilegra mundi að verja fé þessu til annara fyrirtækja. Hann vildi, sem eðlilegt var, verja þessu fé til ýmsra annara síma, en fyrir mér vakti, að spara þetta fé til vega og brúa, eða nota það til þess að jafna tekjuhallann á fjárlögunum. Eg get auðvitað ekki lagt á móti þessari fjárveitingu í nefndarinnar nafni. Þessar ástæður hefi eg að eins fært frá mínu sjónarmiði og vil vænta þess, að háttv. þingmenn athugi málið vel, áður en þeir samþykkja þessa 66 þús. kr. fjárveitingu. Annað gagn yrði ekki að því, en það yrði dálitið betra að tala milli stöðvanna en nú er.

Þá skal eg víkja máli mínu að brt. háttv. þm. við 13. gr. Nefndin er mótfallin þeim flestum, en ekki öllum. Breyt.till. um fjárveitingu til póststimpla virðist nefndinni óþörf, því að nægilegt fé virðist lagt til póstmála á frv. stjórnarinnar.

Þá er brt. á þgskj. 341 um styrk til mótorbáts í Austur Skaftafellssýslu. Nefndin var fremur mótfallin sérstökum styrk, en hlyntari því, að setja þessa fjárveitingu inn við 3. umræðu undir liðnum um gufuskipa- og mótorbátaferðir.

Þá vildi nefndin færa niður styrk til mótorbáts á Lagarfljóti úr 400 í 250 kr., og er ætlast til að það komi fram undir sama lið, en láðst hefir að gera breyt.till. um alla upphæðina, og verður að leiðrétta það seinna.

Þá eru 4 breyt.till. frá háttv. þm. Snæf. (S. G.), en hann hefir lýst því yfir, að hann taki 4. tillöguna aftur sem óþarfa. Eg skal aðallega tala um eitt atriðið, því að þar hefir fjárlaganefndin komið með miðlunartillögu. Nefndin hefir nefnilega lagt til, að Stykkishólmur verði settur í símasamband gegnum Búðardal og Borðeyri, en ekki gegnum Borgarnes. Ástæður fyrir því eru færðar í nefndarálitinu. Sambandið gegnum Borðeyri yrði Hólminum notadrýgra, því að erfitt mundi vera að tala gegnum Borgarnes, vegna þess, að þar er mjög mikið að gera. Háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir nú gert þá breyt.till., að síminn lægi frá Búðardal um Stykkishólm, Hjarðarfell, Búðir og til Ólafsvíkur. Þótt því sé haldið fram, að Ólafsvíkursíminn mundi borga sig vel, hefir nefndin eigi séð sér fært að leggja út í allan þann mikla kostnað, sem mundi af því leiða. Aftur á móti vill nefndin mæla með því, að síminn sé lengdur til Hjarðarfells yfir Kerlingarskarð. Héruðin í kring mundu þá líka komast í símasamband, því að ekki væri mikið erfiði fyrir menn sunnanfjalls að skreppa að Hjarðarfelli. Eg hefi talað um þetta við símastjórann og hann talið það mikinn vinning. Kostnaðurinn yrði ekki meiri en 6000 kr., og vill nefndin því mæla með þessari línu milli Borðeyrar, Búðardals, Stykkishólms og að Hjarðarfelli, gegn lítilli hækkun á héraðsstyrk.

Eg gleymdi að geta þess, þegar eg mintist á fjárveitinguna til mótorbáts á Lagarfljóti, að með því mælir, að síðan Fagradalsbrautin varð fullger, verður miklu meira um flutning á fljótinu.

Öðrum breyt till. en þessum, sem eg nú hefi nefnt, er nefndin mótfallin.

Þá skal eg víkja máli mínu að 14. gr. Þar skal eg geta þess, að nefndin hefir gert ýmsar breyt till., en óþarft er að minnast á þær allar, því að háttv. þm. geta lesið þær í nefndarálitinu. Þó vil eg taka fram, að nefndin hefir tekið upp eina reglu, sem aðallega miðar að því, að einskorða styrk til ýmsra stofnana við það, að eitthvert tillag komi annarsstaðar frá. Þetta hefir raunar komið fyrir áður, en nefndin hefir fært það út, svo að það nær til fleiri tilfella. T. d. er styrkur til kvennaskólans, Flensborgarskólans, iðnaðarmannaskólanna og verzlunarskólans í Reykjavík, einskorðaður við það, að $^1/_3$ hluti kostnaðar komi annarsstaðar frá. Þetta virðist nauðsynlegt til þess, að sá lítilmannlegi hugsunarháttur hverfi, sem veldur því, að menn sækja alt í landssjóð og vilja ekkert leggja á sjálfa sig.

Eg get nú hugsað, að sumum kunni að líka þetta ekki vel, en nefndin var öll sammála um, að halda fast við þessa reglu. Um einstakar till. nefndarinnar, vil eg, eins og eg tók fram, ekki tala.

Þá eru 5 breyt.till. frá háttv. þm. Nefndin er mótfallin þremur þeirra. En um 2 þeirra: um styrkveitingu til Hvítárbakkaskóla og til lýðháskóla í Hjarðarholti er það að segja, að með því að nefndin hefir enn ekki tekið afstöðu til fræðslumála, sökum frumvarps, sem er á leiðinni í efri deild, um fræðslumál, þá leggur hún hvorki með né móti þessum tillögum, en vill þó skjóta því til flutningsmanns, hvort hann vildi ekki taka þær aftur nú og geyma þær til 3. umræðu, því þá mun nefndin hafa tekið afstöðu til fræðslumálanna.

Jón Sigurðsson: Eg vildi að eins leyfa mér að minnast með fáum orðum á breytingartillögu þá á þskj. 395, er

eg hefi komið fram með um styrkveitingu til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði. Það hefir að undanförnu verið veittur 750 kr. styrkur til þessara ferða. Nú hefir það komið í ljós, að vélin í bátnum, sem notaður er til ferðanna, er ekki nógu kraftmikil og þarf þess vegna að kaupa nýja. Hlutaðeigendur hafa óskað eftir að fá 1000 kr. styrk til þessara kaupa, en eg hefi ekki þorað að koma fram með beiðni um hærra en 800 kr. Skal eg geta þess, að hér er um nauðsynjamál að ræða, og að ekki væri rétt að kippa nú að sér styrkveitingu til fyrirtækis, sem áður hefir verið veittur styrkur til. Slíkt gæti orðið til þess að eyðileggja fyrirtækið, og hefði þá verið betra, að aldrei hefði verið veittur neinn styrkur til þess. Eg vonast fastlega til, að háttv. fjárlaganefnd verði vel við þessari styrkbeiðni. Það mætti auðvitað binda styrkveitinguna því skilyrði, að stjórninni skuli heimilt að kveða á um ferðir og flutningsgjald. Eg skal ennfremur geta þess, að ef styrkur þessi verður veittur, er ráðgert að halda uppi mótorbátsferðum víðar en á Hvítá, t. d. upp eftir Mýrunum; hagar þar víða svo til, að hægt er að fara á mótorbát upp eftir árósum þar. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að háttv. deild sjái, að hér er um þarflegt fyrirtæki að ræða og verði við styrkbeiðninni.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg vildi leyfa mér að segja fáein orð um breytingartillöguna á þskj. 239, um laun aðstoðarverkfræðingsins. Stjórnin hefir lagt til að þau væru sett 2700 kr. Eg hygg að það sé mjög varhugavert að færa þau niður. Vil eg leyfa mér að vekja athygli á bréfi frá verkfræðingnum til háttv. fjárlaganefndar, ásamt fylgiskjölum, þar sem hann færir ítarleg rök fyrir því, hversu nauðsynleg þessi fjárupphæð sé. Bið eg háttv. deild að athuga þetta vel, áður en hún færir upphæðina niður. Það má ekki búa þetta embætti svo út, að ekki sé hægt að fá nýtan mann í það, til þess að leysa störfin forsvaranlega af hendi, en þau aukast altaf.

Eg skal ennfremur minnast á till. um 66 þús. kr. fjárveitingu til þess að strengja tvöfaldan koparþráð á línuna milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Þetta er stór upphæð, og eg álít að þetta sé ekki svo bráðnauðsynlegt, að það megi ekki bíða nokkuð enn. Það er vel hægt að tala við Ísafjörð með þeirri línu, sem nú er; það hefi eg oft reynt. Þess vegna tel eg ekki brýna þörf á að gera þetta nú, þegar fjárskorturinn er svo mikill. En það er sjálfsagt að gera það seinna, eftir 1 eða 2 ár.

Það hafa komið fram breytingartillögur um, að styrkveitingarnar til kvennaskólans í Reykjavík og Flensborgarskólans í Hafnarfirði, skuli ekki fara fram úr $^2/_3$ hlutum af reksturskostnaðinum, og eiga þá þessar stofnanir að leggja fram $^1/_3$ kostnaðar af eigin ramleik. Eg býst við að þetta væri það sama og að loka þessum skólum. Eg skil ekki, hvaðan þeir eiga að taka $^1/_3$ hluta reksturskostnaðarins. Þeir munu ekki geta fengið hann hjá bæjarstjórnum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar; um það tel eg enga von eftir kunnugleik þeim, sem eg hefi á fjárhag þessara bæjarfélaga. Báðir skólarnir hafa staðið lengi. Og vil eg spyrja háttv. deild, hvort það sé ekki athugavert að leggja þá niður. Þeir hafa sjálfir engar tekjur til þess að standast straum af reksturskostnaðinum og geta hvergi fengið það, ef þingið synjar þeim um það. Eg sé svo ekki ástæðu til þess að fara út í fleiri liði í frumv. að svo stöddu, enda var eg óundirbúinn að taka til máls nú.

Björn Kristjánsson: Það eru mörg málefni, sem þörf er á að tala fyrir. Eg ætla þó að eins nú að tala fyrir þeim skóla, Flensborgarskólanum, er hæstv. ráðherra talaði fyrir. Mér þykir hart að þurfa að verja Flensborgarskólann á hverju þingi, og er þetta 6. þingið sem eg tek til máls til þess að halda uppi vörn fyrir hann. Þessi fyrirhöfn mín hefir ávalt borið árangur, svo gott hefir málefnið verið og hefir þingið því ávalt veitt fé til hans. Skólinn hefir nú staðið nálægt 40 árum og trúi eg því ekki fyr en eg tek á, að þingið fari að kippa að sér styrkveitingu þeirri, er hann hefir notið. Háttv. frsm. (B. Þ.) tók fram, að það væri skylda hreppa og félaga að leggja fram fé til ýmsra fyrirtækja, og að nefndin hefði hert á þessu. Það má auðvitað binda fjárveitingar til fyrirtækja því skilyrði, að sýslur, hreppar eða félög leggi einnig fram fé til þeirra. En þetta á ekki að gera við fjárveitingu til skóla, sem hefir staðið í 40 ár, *og ekkert fé hefir* haft að styðjast við að kalla má, nema landssjóðsfé. Eg hefi áður tekið þetta skýrt fram á síðustu 5 þingum. Allar tekjur skólans af eign sinni eru um 180 kr. á ári. Auðvitað væri hægt að auka þær, ef skólinn leigði út húsnæði, sem nú er notað til heimavista fyrir utanbæjarmenn. En slíkt væri tap fyrir þá, er njóta góðs af heimavistunum. Þess ber einnig að gæta, að þingið getur alls ekki skyldað Hafnarfjarðarkaupstað til þess að leggja fram fé til skólans. Skólinn er gömul stofnun og stofnaður fyrir rausnarlega gjöf látins merkismanns, síra Þórarins Böðvarssonar. Skólinn er sá eini skóli, sem er við fátækrahæfi. Námstímanum er svo varið, að fátækir geta sótt skólann og geta þeir unnið sér það inn á sumrum, sem skólaveran kostar þá. Eg hefi gert kostnaðaráætlun um þetta. Eg bar á síðasta þingi kostnaðinn við námið í þessum skóla saman við kostnaðinn við námið í öðrum skólum hér á landi. Má eg til að rifja þetta upp aftur. Árið 1908 voru 83 nemendur í hinum almenna mentaskóla, 94 í Akureyrar gagnfræðaskóla, 57 í kvennaskólanum í Reykjavík og 79 í Flensborgarskólanum. Landssjóðstillagið á hvern nemanda var í hinum almenna mentaskóla kr. 397.21, Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 133.00, kvennaskólanum í Reykjavík kr. 77.17 og Flensborgarskólanum kr. 65.00. Landssjóðstillagið á hvern nemanda um mánuðinn var í hinum almenna mentaskóla kr. 54.13, í Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 15.16, í kvennaskóla Reykjavíkur kr. 10.29 og í Flensborgarskólanum kr. 10.83, kostnaður hvers nemanda á mánuði var í hinum almenna mentaskóla kr. 42.50, í Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 25.00, í kvennaskóla Reykjavíkur kr. 40.00 og í Flensborgarskólanum kr. 21.00. Kostnaður hvers nemanda um skólaárið var í hinum almenna mentaskóla kr. 382.50, í Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 200.00, í kvennaskóla Reykjavíkur kr. 300.00 og í Flensborgarskólanum 126.00. Námstíminn var í hinum almenna mentaskóla 9 mánuðir, í Akureyrar gagnfræðaskóla 8 mánuðir, í kvennaskóla Reykjavíkur $7^1/_2$ mánuður og í Flensborgarskólanum 6 mánuðir. Skólakostnaður fyrir hvern nemanda var í hinum almenna mentaskóla kr. 779.71, í Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 333.00, í kvennaskóla Reykjavíkur kr. 377.17 og í Flensborgarskólanum kr. 191.00. Landssjóðstillag og nemanda í 6 mánuði var í hinum almenna mentaskóla kr. 519.78, í Akureyrar gagnfræðaskóla kr. 240.96, í kvennaskóla Reykjavíkur kr. 301.74 og í Flensborgarskólanum kr. 191.00. Á þessum samanburði sést, að efnalausir alþýðumenn geta sótt Flensborgarskólann. Nefndin hefir getið þess,

að 30 nemendur af 70 hafi verið úr Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þetta hefir ekki verið athugað fyr. Og þó að það komi eða hafi komið fyrir, að bæjarmenn sæki meira skólann en aðrir, þá er það ekki víst, að þeir ílengist þar í bænum. Þeir geta vel dreifst út um land alt. Auk þess er það til góðs fyrir landið, þó menn séu betur mentaðir á einum stað en öðrum. Svo framarlega sem styrkveitingin til skólans verður lækkuð, verður það til þess, að enginn utansýslunemandi fái heimavist. Á þessu ári hefir skólinn haft 70 nemendur, og þeir hafa verið úr öllum sýslum landsins, nema 2.

Eg hefi tekið það fram áður, en eg endurtek það nú, að ef styrkurinn er lækkaður úr því, sem hann er nú, þá fá engir heimavist í skólanum, og það mundi verða mikill bagi fyrir fátæka alþýðumenn hér á landi. Þingið ætlast til þess, að Hafnarfjarðarbær borgi þessar 2000 kr., sem á vantar til þess að skólinn geti starfað, en Hafnarfjarðarbær getur það ekki. Hann hefir alveg nýskeð fengið bæjarréttindi, og er nú að reisa sig úr flagi. Hann hefir nýlega bygt stóran og veglegan barnaskóla, og verður nú að sjá honum farborða. Nýskeð varð bærinn að kaupa undir sig grunn fyrir 35,000 kr., og þar sem hann skuldar alla þá upphæð, virðist hann hafa nægilegt á sínu baki. Einnig hefir bærinn komið á fót hjá sér vatnsveitu og raflýsingu, sem hann einnig stendur í skuld fyrir. Þetta eru stórfyrirtæki, og bæjarfélagið er það skuldugt, að það getur ekki bætt á sig neinum slíkum skatti. Ef þessi niðurfærsla á styrknum verður samþykt, þá fara allir þingmenn heim með þeirri meðvitund, að þeir vita ekki, hvort skólinn lifir eða deyr. Þeir geta alveg átt það á hættu, að þessi um 40 ára gamli skóli deyi, og eg veit þeir vilja ekki vinna það til fyrir 2—3 þúsund kr. Styrkur sá, sem skólanum hefir verið veittur undanfarið, hefir ekki hrokkið fyrir útgjöldunum. Skólinn skuldar nú víxillán, sem nemur 800 kr., og reikningshaldara skólans skuldar hann 1200 kr. En skólinn hefir einnig orðið að borga af þessum 7000 kr., sem hann hefir fengið, vexti og afborgun af gömlum skuldum 1700 kr. á ári. Hér á landi er það ekki nóg, að einn skóli verði 20—30 ára gamall, ef hann er stofnaður af einstökum mönnum. Hver stofnun geldur þess í 20—30 ár, ef hún er sett á stofn af einstökum mönnum. Þannig er »privatinitiativið« launað hér hjá okkur. En ef skólinn er stofnaður og kostaður af landsfé, þá er alt veitt fyrirstöðulaust. Nýlega hafa verið veittar 4150 kr. að eins til þess að *ditta að* Akureyrarskólanum, og þó það sé dýr skóli, þá tel eg þetta ekki eftir, því það er ekki vert, að fjárveitingin sé skorin við nögl, ef hún gerir gagn. Auðvitað er Akureyrarskólinn að tiltölu miklu dýrari fyrir landssjóð en Flensborgarskólinn. Eg vonast til þess, að fjárlaganefndin athugi þetta vel og hugsi vel um, hvort þessi braut, sem hún er nú að ganga inn á, muni líkleg til framfara landi og lýð. Eg skil það vel, að fjárlaganefndin hefir svo mörg mál til meðferðar, að hún hefir ekki nægilegan tíma til þess að gagnhugsa þau öll. Það væri því eðlilegt, þó hún héldi ekki mjög fast við þessa nýju uppástungu sína, að minsta kosti eigi fyr en hún hefir fengið skýringar við umræðurnar í deildinni.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vona, að þingið veiti þennan styrk, eins og það hefir gert áður.

Magnús Blöndahl: Eg skal ekki vera langorður um þessar tvær greinar

fjárlaganna, sem hér liggja fyrir, en aftur á móti mun eg tala ítarlegar um 16. gr. þegar hún kemur til umræðu hér.

Eg get ekki varist því að láta í ljósi undrun mína yfir því, hvað háttv. fjárlaganefnd eru mislagðar hendur í tillögum sínum. Það lítur svo út, sem henni þyki aldrei nógu miklu fé sé varið til ýmsra vissra fyrirtækja, en hún hefir ekki hikað sér við að klípa af styrkveitingum til annara fyrirtækja, sem eru alveg eins nauðsynleg, en sem mundu verða að lifa nokkurs konar sultarlífi, ef svo mætti segja, eða veslast upp, ef þessar tillögur nefndarinnar næðu fram að ganga. Hæstv. ráðherra og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hafa þegar talað um skólana og hversu óviðeigandi það er að heimta, að $^1/_3$ hluti á móts við landssjóðsstyrkinn skuli koma annarsstaðar frá. Það er alveg ótækt að binda styrkveitinguna þessu skilyrði. Hvar eiga skólarnir að fá þennan þriðja part, sem þeir eiga að leggja til? Eg þekki suma þessa skóla, og veit að þeir eru stofnaðir með gjöfum frá einstökum mönnum. En þegar eg lít til annara skóla í landinu, sem ekkert er klipið af við — og eg lasta það ekki — þá finst mér þessi aðferð nefndarinnar alleinkennileg. Við eigum ekki að minni hyggju að binda styrkinn því skilyrði, að neitt skuli koma annarstaðar frá. Eg kannast við, að það er orðin venja að veita kvennaskóla Reykjavíkur svo og svo mikið, ef bærinn leggi til þetta eða hitt, en það er mjög ósanngjarnt. Með því að setja slík skilyrði, er þingið að fara í vasa bæjarmanna eða veita fé úr bæjarsjóði. Og mér er spurn, hvaða rétt hefir þingið til þess? Þetta er því undarlegra, sem greinileg skýrsla um hag kvennaskóla Reykjavíkur hefir legið hjá nefndinni. Þessi skýrsla er frá stjórn skólans, og hún gefur mönnum fullkomlega ljósa hugmynd um það, að skólinn er ekki neinn kákskóli. Aðsóknin að honum er svo mikil, að í vetur voru í honum 100 námsstúlkur og 30 varð að vísa frá af þeim sem sóttu, sökum þess að húsrúm vantaði. Í vetur varð stjórn skólans að neita 14 stúlkum um heimavist, af því húsrúm var ekki til. Eg vænti þessi nú, að nefndin játi, að það sé ekki nema rétt og sanngjarnt að fella burtu skilyrðið fyrir styrkveitingunni. Annaðhvort er að veita styrkinn skilyrðislaust eða ekki. Eg skal svo ekki tala meira um þetta að sinni, en geta þess, að við 3. umr. mun eg koma með breytingartillögu við 14. gr.

Þá vil eg leyfa mér að fara örfáum orðum um 23. br.till. nefndarinnar við 13. gr. B I. 2 um að lækka laun aðstoðarverkfræðings landins úr 2700 kr. ofan í 2400 kr. Eg vænti þess að nefndin hafi tekið til íhugunar bréf stjórnarráðsins um þetta efni? 24 br.till. nefndarinnar er ekkert athugavert við. Það er víst alveg nóg, sem þar er veitt. Ef nefndin og þingið kannast við, að þörf sé á verkfræðingi, þá er það varla gerlegt að bjóða honum lægri laun en þau, sem gert er ráð fyrir í frv. stjórnarinnar. Þetta verk, sem maðurinn á að hafa með höndum, er svo vandasamt og mikilsvert fyrir landið, að þingið á ekki að skera launin um of við neglur sér. Hér er heldur ekki um neinn austur úr landssjóði að ræða, því mismunurinn er einar 300 kr. Það væri miklu meiri ástæða til fyrir nefndina, að láta þetta standa óbreytt og sleppa skilyrðinu fyrir styrkveitingunni til skólanna, heldur en að koma með tillögu um það, eins og hún hefir gert, að gefa eftir 6000 kr. vexti til tóvinnufélags á Akureyri. Ef þetta er ekki hættulegt spor, sem fjárlaganefndin hefir stigið hér, að gefa eftir vexti af láni, sem hefir verið veitt með mjög hagfeldum og vægum kjörum, þá

veit eg ekki, hvað er hættuleg braut að komast inn á; hvað verður þá næsta sporið? Sennilega gefa lánið eftir. Þingið verður að vera strangt með það, þegar það veitir lán með kostakjörum, að ganga þá ríkt eftir því, að þessir litlu vextir og afborganir séu borgaðir skilvíslega.

Mér þótti vænt um að heyra, að nefndin hefir tekið aftur tillögu sína við 13. gr. D II. 2 (*Björn Þorláksson*: Nei). Eg hafði þó skilið framsögum. svo. Annars liggur við að manni blöskri þessi sífeldi austur í ritsímana, það er eins og sú hít verði aldrei fylt, og því miður lítur ekki út fyrir, að menn geri sér mikla grein fyrir þeim óhemju kostnaði er hlýtur að verða, þegar sá tími kemur, að endurreisa verður allar símalínurnar að nýju. Eg held því þessi tillaga fjárlaganefndarinnar ætti að takast aftur. Það er ekki þörf á því að kasta út 66000 kr. á næsta fjárhagstímabili til þess að leggja tvöfaldan koparþráð til Ísafjarðar.

Eg vænti þess, að deildin felli burt athugasemdina um skilyrðið fyrir styrkveitingunni til skólanna og vona að nefndin taki aftur 41. breyt.till., svo ekki þurfi að fella hana hér í deildinni Eg mun greiða atkv. móti henni og 57. breyt.till. af ástæðum, sem eg þegar hefi tekið fram.

Þorleifur Jónsson: Eg þarf ekki að tala mikið um breyt.till. mína á þingskjali 341 um styrkinn til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu. Mér heyrðist á háttv. framsögum. (B. Þ.), að nefndin mundi taka þetta til greina við 3. umræðu. Og mér þykir það líklegt, með því þessi styrkbeiði er svo sanngjörn og flestar aðrar styrkbeiðnir, sem hafa farið í líka átt, verið teknar til greina, þar á meðal styrkur til mótorbátsferða á Lagarfljóti.

Eg fór fram á það við 2. umræðu fjáraukalaganna, að þessi styrkur væri tekinn upp á þau. En sökum misskilnings, þá féll það með eins atkvæðismun. Framsögumaður hafði þá víst ekki gert sér glögga grein fyrir, hversu þörfin er mikil á mótorbátsferðum í Austur-Skaftafellssýslu, né heldur, að þetta væri flutt hér samkvæmt ósk kjósenda; en þetta kom fram á fjölmennum þingmálafundi í Lóni, og er fundargerðin til sýnis hér.

En þar sem háttv. framsögumaður (B. Þ.) hefir tekið svo vel í þetta, og lofað að nefndin komi með tillöguna sjálf til 3. umræðu, þá get eg tekið hana aftur að sinni.

Þá á eg aðra breyt.till. á þingskjali 340 um að veita 2500 kr til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu. Eins og menn vita, er Austur-Skaftafellssýsla með lengstu sýslum á landinu, eitthvað 4 eða 5 dagleiðir og þjóðvegurinn liggur eftir endilangri sýslunni. Minst af allri þessari óraleið er vegað, sem heldur er ekki von, þar sem það er nú fyrst á síðari árum að farið er að hressa upp á vegi þar. Og skal það játað, að mikil bót er að því sem komið er, en þó eru enn langir kaflar hingað og þangað um sýsluna, sem þurfa mikilla umbóta. Á seinustu árum hefir verið byrjað á akvegarlagningu í Nesjum, er Laxárbrúin, sem gerð var í sumar leið á þeim akvegi, en sá vegur komst þá stutt áleiðis, lítið eitt vestur fyrir Laxá. Nú vantar framhald af þessum akvegi, er kemur því ekki nema að hálfum notum, og er þó auðsæ þörfin á akvegi þar og engin hætta á, að hann verði ekki notaður, þegar hann er kominn á. Strax í sumar var farið að nota vagn á þessum parti, sem búinn er, fluttu menn á vögnum úr kaupstað, það sem vegurinn nær. En svo verður að taka alt uppá hestbak, þar sem vegurinn endar og geta allir getið því nærri, hve slíkt er óþægilegt og óviðunandi.

Á ýmsum fleiri stöðum í sýslunni er mjög mikil nauðsyn á að bæta vegi, t. d. í Lóni og Suðursveit og víðar og ætlast eg til, að einhverju af þessari upphæð, sé varið til að bæta veginn í Mið-Lóni. Þar þarf 800—1000 kr. til að laga veginn. Hér hafa verið bornar fram ýmsar tillögur um að leggja fram fé til sýsluvega, jafnvel hreppavega af landssjóði, en eg tel eðlilegast, að þeir vegir, sem landssjóður á að kosta gangi fyrir, en það eru þjóðvegir og póstleiðir.

Eg álít því réttmætara, að þessi tillaga mín um að fá þessa fjárupphæð til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu, nái fram að ganga, þar sem eg sé mér ekki annað fært, vegna fjárhagserfiðleika landsins, en að stinga undir stól ýmsum fjárbeiðnum, sem komu fram á þingmálafundum í minu kjördæmi. Þar var farið fram á að fá fé til að bæta bátahafnir við Skinneyjarhöfða á Mýrum, og Ingólfshöfða í Öræfum, brú á Kolgrímu í Suðursveit o. fl. — og ef eg hefði borið hér fram allar þær tillögur, sem fram komu á þingmálafundunum í mínu kjördæmi, þá er eg viss um, að það mundi nema tugum þúsunda. En eins og nú stendur fjárhagurinn sé eg að það er þýðingarlaust, þótt eg hins vegar vonist til að þm. láti sér skiljast, að mikil óánægja muni verða í kjördæmi minu, ef ekki fæst fjárframlag til þessa vegarspotta, sérstaklega þegar sýslubúar mínir fara á mis við svo mörg þægindi, sem aðrir landsmenn verða aðnjótandi t. d. millilandaferða, símasambands o. fl. Eg vonast því til að deildin líti með sanngirni á þetta og samþykki þessa fjárveiting.

Þá nokkur orð um breyt.till. á þgskj. 394, er fer fram á að veita Jörundi Brynjólfssyni styrk til að stunda nám á kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn. Þessi maður, sem er tímakennari við barnaskólann hér í Reykjavík, mun eiga fáa hér að, og þekkir víst fátt af þingmönnum, hefir beðið mig, sem er kunnugur honum, að bera sig hér fram á bænarörmum. Hann er útskrifaður úr búnaðarskólanum á Hvanneyri með beztu einkunn, og hefir nú lokið burtfararprófi af kennaraskólanum hér, sömuleiðis með beztu einkunn, og langar nú til að geta fullkomnað sig við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Þessi maður hefir beztu meðmæli bæði frá Hirti skólastjóra á Hvanneyri, Magnúsi Helgasyni, kennaraskólastjóra, og Morten Hansen, barnaskólastjóra og taka þessi meðmæli það skýrt fram, að maðurinn sé mjög ástundunarsamur og reglusamur, og get eg mælt með því af eigin kunnugleika, að svo er. Hann hefir fyrir dugnað og ástundunarsemi, komist fram án styrks frá öðrum. Nú hefir hann mikla löngun til að geta fullkomnað sig í ýmsum þeim greinum, er nauðsynlegar eru fyrir kennara, svo sem: náttúrufræði og stærðfræði o. fl., en hefir engin efni til að kosta nám sitt erlendis, því leitar hann nú á náðir þingsins, og þar sem þingið áður hefir veitt mönnum styrk til slíks framhaldsnáms, þá vona eg, að háttv. deild veiti nú þennan styrk.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.). Eg get tekið mér í munn orð háttv. þm. A.-Sk. um það, að ef eg ætti að bera fram hér á þingi allar þær fjárbænir, sem til mín hafa komið úr mínu kjördæmi, þá mundu þær nema eigi alllítilli upphæð, og þó eru þær flestar, ef ekki allar á fylstu rökum bygðar, en mér hefir ekki fundist fært né jafnvel rétt að fara fram á fleiri, en eg hefi nú framborið. Fjárhagsútlitið leyfir enga eyðslusemi, og margt nauðsynlegt og nytsamlegt verður að bíða. Og þær till., sem eg er

viðriðinn í þessum kafla fjárlaganna munu ekki verða með rökum kallaðar ónauðsynlegar eða frekjulegar.

Það er þá fyrst fjárveiting til að brúa Hamarsá í Geithellahreppi. Héraðsbúar þar hafa óskað að fá brú á þessa á, og sýnt fram á það með ljósum rökum, að full nauðsyn ber til þess; en af því eg geri ráð fyrir, að fæstir þingmanna séu kunnugir á þessari, þá skal eg með örfáum orðum leyfa mér að lýsa, hvernig tilhagar.

Áin er á þjóðvegi og aðalpóstleið, og þess vegna skylda landssjóðs að koma brú á hana. Áin er jökulvatn og þess vegna oft mikil á sumrin, og er því hinn mesti farartálmi, og mjög oft al-ófær, ef ekki væri sú bót, að oftast nær er hægt að komast yfir hana á fjörum, en til þess verður þó að sæta sjávarföllum og stundum er hún einnig ófær á fjörunum, einkum fyrir ísrek og krap. Það sjá nú allir, að þó hægt sé að komast yfir á þessa með mjög mikilli tímatöf, jafnvel svo dægrum skiftir, þá er slíkt hin mestu vandræði fyrir alla, er hlut eiga að máli, póst, langferðamenn og þó einkum sveitarmenn sjálfa, þar sem áin er á kaupstaðarleið margra þeirra. Sveitarstjórn Geithellahrepps skýrir svo frá, að fyrir löngu hafi menn séð og fundið þörf á að brúa þessa á, og þar sem nú flestar stærri ár á landssjóðsvegum hafa verið brúaðar, þá líta þeir svo á, að nú sé tími til kominn að benda á þörfina hjá sér. Verkfræðingur landsins, Jón Þorláksson, hefir gert ráð fyrir, að brú á þessa á mundi kosta um 10500 krónur, ef hún væri úr járni og sömuleiðis, þótt hún verði bygð úr steinsteypu, eins og sést af skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram, og eg hefi hér í höndum nú.

Þá er 2. liður tillögunnar, að veittar séu 2000 kr. til akvegar í Eiðaþinghá; 1000 kr. hvort árið. Nú er svo komið, að alt Fljótsdalshérað getur flutt vörur sínar á vögnum beint frá Reyðarfirði að Lagarfljótsbrú, og mótorbátur gengur eftir leginum upp í Fljótsdal, en íbúarnir í Eiðaþinghá og annarstaðar í Úthéraði geta ekki notað þennan bát sökum þess hve fljótið er grunt. Nú hefir vegurinn út héraðið fyrir skömmu verið gerður að sýsluvegi og hefir verið varið til hans sýsluvegagjaldinu, og gerður akvegur út eftir héraðinu, auðvitað enn ekki nema dálítinn spöl, og ekki er hann heldur enn algerlega tengdur við Fagradalsbrautina, þótt lítið vanti á það. Eg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta, þar sem sýslubúar hafa sýnt svo mikla viðleitni, og að eins er um 1000 kr. að ræða hvort árið móti jafnmiklu tillagi að minsta kosti annarstaðar frá — og vil eg ljúka máli mínu með því, að benda á það, að ef ástæða hefir verið til að veita fé til sýsluvegaaðgerða nokkursstaðar, þá er að minsta kosti einhver ríkasta ástæða til þess hér; og vænti eg að h. deild líti á þetta með sanngirni og samþykki þessa tillögu.

Björn Jónsson: Hefi 2 eða 3 fjárbænir fyrir mína kjósendur: Vita á Bjargtöngum og svo tvo símaspotta. Langt síðan talað var um að leggja síma frá Hólmavík inn í þetta hérað.

Stefán Stefánsson: Eg og samþingismaður minn 1. þm. Eyf. (H.H.), eigum viðaukatillögu á þskj. 365, þar sem við förum fram á, að veitt verði fé til að halda áfram akbrautinni í Eyjafirði. Eins og kunnugt er, er akbraut þessi ákveðin í vegalögunum frá 13. apríl 1894 og því skylda landssjóðs að leggja hana svo fljótt, sem kostur er á, en nú hefir engin slík fjárveiting til brautarinnar átt sér stað um síðastliðin 10 ár, þrátt fyrir margítrekaðar óskir Eyfirðinga.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar á síðasta

þingi, voru 10 þús. kr. áætlaðar til akvegarins hvort árið, samkvæmt tillögum landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar, og sú upphæð samþykt þá hér í deildinni við þrjár umræður, en svo felt þegar kom til efri deildar. Nú hefir verkfræðingurinn enn lagt til, að veittar yrðu 10000 kr. hvort árið til þessarar brautar, en hvorki hefir landsstjórninni þóknast að taka til greina þá tillögu hans og enn fremur gengur fjárlaganefndin fram hjá henni og tekur fjárveitinguna ekki upp. Þegar Eyfirðingar hafa átt þessu að mæta, bæði af stjórninni og fjárlaganefndinni, þrátt fyrir beina skyldu landssjóðs hins vegar, þá höfum við ekki séð okkur fært að fara fram á nema 10000 kr. síðara árið í fullri von um, að þingið vilji styðja svo hóflega tillögu.

Í sambandi við þetta vil eg benda á fjárveitinguna til Borgarfjarðarbrautarinnar, sem á enn óeyddar 1500 kr. af fjárveitingu síðasta alþingis, fær nú á aukafjárlögum 2000 kr. og á fjárlögum 10,000 kr. fyrra árið en 20,000 kr. síðara árið. Þetta er því fráleitara, sem verkfræðingurinn hefir alls eigi mælt með svo hárri upphæð til Borgarfjarðarbrautarinnar, en eindregið lagt til, að 10 þús. kr. yrðu veittar hvort árið til akbrautarinnar í Eyjafirði. Eg vil því vona, að háttv. deildarmenn taki svo til greina þær ástæður, sem eg nú hefi skýrt frá, að þeir samþ. tillöguna um fjárveitingu að eins síðara árið. Síðari till. er sams konar og eg flutti á síðasta þingi, og fer fram á, að veittar verði 2000 kr. til akbrautar um Svarfaðardal. Þessari málaleitun var vel tekið á síðasta þingi. Háttv. þm. Barð. (B. J.) mælti þá með fjárveitingunni og var hún þá samþykt hér í deildinni með 20 atkv. Eg vona að deildin kunni enn að meta þann dugnað og framtakssemi Svarfdælinga, að hafa ráðist í að gera svo dýra og vandaða vegagerð, sem sjáanlega veldur afarþungum gjöldum á sveitin næstu ár. Og það er sönnun fyrir því hvílíkt nauðsynjafyrirtæki þetta er fyrir Svarfdæli, að þeir leggja fram 4000 kr. yfir fjárhagstímabilið, áður jafnvel enn meira fé, því kunnugt er mér um það, að ekki er færð til reiknings ýmis konar fyrirhöfn og ómök, sem einstakir menn þar hafa orðið að leggja á sig þess vegna. En nú er sveitinni enn örðugra að leggja féð fram en áður, því að þá var til dálítill vegasjóður, er safnað hafði verið, til þess að geta byrjað fyrirtækið, sem nú er tæmdur, en verkið hefir gengið ágætlega, og það hefir aukið þeim áhugann, enda margur bóndinn lagt fram meiri vinnu en ákveðið var. Annars má svo segja, að allir Svarfdælingar séu samtaka um að styðja að vegagerðinni af fremsta megni; og til þess að það verði sem bezt unnið, hafa þeir ráðið til sín dýran verkstjóra, enda er svo til vegarins vandað, sem frekast er unt, t. d. eru öll ræsi í veginum úr cementsteypu og allir brúarpallar lagðir í carboleum (inpregneraðir), og sýnir það, hvað ant þeim er um að gera veginn sem beztan og varanlegastan. Ennfremur hafa þeir fengið vegfræðing Pál Jónsson til þess að mæla veginn, og áttu þeir þó innan sveitar mann, sem gat talist allvel hæfur til þess, en sem sagt, þá er á öllu þessu starfi sá myndarbragur, sem hlýtur að teljast sveitinni til hins mesta sóma. Eg vona því, að háttv. deild taki þessu máli með sömu velvild og hún gerði á síðasta þingi.

Jón Þorkelsson: Mér er ekki þægð í að fá orðið í þetta sinn, en eg stend upp vegna þess að eg óttast, að annars detti botninn úr umræðunum. Eg hefi ekki syndgað mjög í þessum kafla fjárlaganna og þarf því ekki að tala til afbötunar fyrir sjálfan mig.

Eg vil fyrst minnast lítið eitt á styrk-

inn til kvennaskólans. Háttv. framsm. »nefnilega« fjárlaganefndarinnar, kallaði það sníkjur »nefnilega«, að menn sem rækju opinberar stofnanir, leituðu styrks hjá landssjóði. Þetta er ljótur munnsöfnuður; öll fjárlögin væru samkvæmt því réttnefndur sníkjubálkur. Enda hygg eg að fáir muni skrifa undir þetta með honum, því að það er alment talið sanngjarnt, að landssjóður styrki þau störf að nokkru, sem fyrir alþjóð eru unnin. — Í fjárlagafrv. stjórnarinnar, er kvennaskólanum ætlaður 5800 kr. styrkur; nefndin hefir fært þennan styrk upp í 7000 kr., en bætir því skilyrði við, að $^1/_3$ af reksturskostnaðinum komi annarsstaðar að. Mér er kunnugt, að þetta er svo virt af mörgum, sem þingið sé að veita fé úr bæjarsjóði Rvíkur, en til þess brestur þingið vald. Í frv. stjórnarinnar er ætlast til, að hver stúlka, sem á skólann gengur, fái 40 kr. styrk, en aftur á móti er námsmeyjunum í kvennaskólanum við Blönduós ætlaður 50 kr. styrkur. Ef nokkurt mark má taka á þessu, þá ætti að vera dýrara að lifa þar nyrðra en hér í Rvík. Eg sé, að nefndin hefir sett sömu skilyrði fyrir fjárveitingunni til Flensborgarskólans sem til kvennaskólans í Rvík, en Blönduós-skóla, sem nú er í köldum kolum, eru engin slík skilyrði sett. Mér hefir komið til hugar, að það kunni að vera háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.), sem hafi valdið því, að svona hefir farið. Hann hefir jafnan verið kempa mikil í kvennamálum hér á þingi, en þó hefir honum ekki tekist að gæta svo jafnréttis kvenna í skólamálum, sem skyldi. Styrkurinn, sem lagður er til mentaskólans nemur 42 kr. á hvern pilt, en styrkurinn, sem veittur er kvennaskólanum verður að eins 9 kr. fyrir hverja stúlku. Hér er um hið mesta misrétti að ræða og verða vænt-

anlega allir kvenvinir fúsir til að leiðrétta slíkt. Því er sjálfsagt að veita kvennaskólanum riflegan styrk. Að minni hyggju ætti hann að vera landsskóli, ekki síður en búnaðarskólarnir og gagnfræðaskólinn á Akureyri. Eg skal ljúka máli mínu með því að skora á nefndina að taka þetta skilyrði aftur. Það væri þinginu til minkunar, ef það yrði samþykt, enda er hér ekki um stóra fjárupphæð að gera.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg þarf að svara orðum ýmsra háttv. þingmanna. Háttv. þm. Mýramanna (J. S.) mælti fram með auknum styrk til mótorbátsins á Hvítá; en ekki færði hann nægileg rök fyrir því, að nauðsyn bæri til þess að hækka styrkinn, og get eg því ekki verið því meðmæltur. Eg vil benda á, að það hérað, sem mundi njóta góðs af þessu, hefir á síðari árum fengið mjög mikinn styrk úr landssjóði. Fyrir það fyrsta hefir mikið fé verið lagt til akbrauta um Borgarfjörð og er því enn haldið áfram. Ennfremur er einn landsskólinn á Hvanneyri og er það mikill hagur fyrir héraðsbúa. Þá hefir og verið varið fé úr landssjóði til alþýðuskólans á Hvítárbakka og er nú farið fram á sama styrk til hans. Þá er á það að líta, að efnahagur manna í þessu héraði er miklu betri en alment gerist hér á landi, og sýnist því engin ástæða til þess að verða við þessari beiðni.

Hæstv. ráðh. mælti fram með því, að laun aðstoðarverkfræðings yrðu framvegis 2700 kr., eins og þau í raun og veru væru samkvæmt gildandi fjárlögum, en ekki 2400, eins og nefndin hefir farið fram á. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tók í sama streng, svo að eg get svarað þeim báðum í einu. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) furðaði sig á því, að nefndinni skyldi detta í hug að bjóða verkfræðingi slík laun.

En eg vil benda honum á, að í gildandi fjárlögum eru launin ákveðin 2000 kr., en á síðasta þingi var bætt 700 kr. við þau, sem launaviðbót fyrir þáverandi aðstoðarverkfræðing. Á sínum tíma hafa því 2000 kr. verið álitin sæmileg laun, og ættu í rauninni að nægja ennþá. Eg veit, að aðalverkfræðingurinn hefir skrifað nefndinni um þetta og lagt til, að launin verði framvegis 2700 kr.; bendir hann á, að enginn verkfræðingur muni fást til þessa starfs, ef launin verði lægri. En þetta er sífelt viðkvæðið, þegar menn eru að sækja um styrki eða launahækkanir. Hitt er víst, að verkfræðingum fer sífjölgandi, og 2400 kr. eru meiri en nóg laun handa ungum mönnum. Krafa þessi hefir því að minni hyggju ekki við rök að styðjast.

Þá mintist hæstv. ráðh. og 1. og 2. þm. Rvk. á kvennaskólann í Rvík og þá till. nefndarinnar, að binda fjárveitinguna til hans því skilyrði, að $^1/_3$ af reksturskostnaði kæmi annarsstaðar að. Háttv. 1. þm. G.-K. talaði um annan skóla, Flensborgarskólann, og fáraðist yfir, að samskonar skilyrði, sem sett hefir verið fyrir fjárveitingu til hans, mundi ríða honum að fullu. Sama mátti lesa út úr umræðunum um kvennaskólann. Eg skal nú fara nokkrum orðum um þetta. Það heyrðist á ræðumönnunum, að ókleift mundi að útvega þennan $^1/_3$ reksturskostnaðar. Mig furðar stórlega, ef svo er. Eg vil benda á, að síðasta ár voru 80 lærisveinar í Flensborgarskólanum, af þeim voru 50 úr Kjósar- og Gullbringusýslu; nú eru þar 70 lærisveinar, og er fullur helmingur þeirra úr Hafnarfirði og Gullbringusýslu. Það er því Hafnarfjörður og Gullbringusýsla, sem hafa hálft gagnið af skólanum, og sýnist því ekki til of mikils mælst, að hann fái einhvern styrk úr þessum bygðarlögum. Sýslusjóður og bæjarsjóður Hafnarfjarðar ættu að hlaupa hér undir bagga, og þar að auki væri engin fjarstæða, þótt krafist væri skólagjalds. — Sama er að segja um kvennaskólann. Það virðist liggja beint við, að Reykjavík leggi einhvern styrk til hans, en Reykvíkingar eru orðnir því svo vanir að fá alt úr landssjóði, að þeir skoða hann sem sinn sjóð. Að minsta kosti væri ekki óeðlilegt, þó að stúlkur, sem hér eiga heima, greiddu eitthvert skólagjald, en á því töldu hinir háttv. þm. öll tormerki, svo að mér tjáir víst eigi að tala frekar um það, það er ekki hætt við öðru en þeir virði orð mín að vettugi. Hinir háttv. þm. tóku mentaskólann, Akureyrarskólann og búnaðarskólana til samanburðar við kvennaskólann, en sá samanburður er með öllu rangur, því að landinu er skylt að styrkja þessa skóla, en gagnvart kvennaskólanum hefir það enga slíka skyldu. Mig furðar á slíkri heimtufrekju; en eg þykist skilja, að þetta er eitt af táknum tímanna, meiningin er sú, að smeygja sem flestu upp á landssjóð. Sérstaklega hefir sá hugsunarháttur fest djúpar rætur hér í Reykjavík.

Eg vík aftur að því, sem þessir háttv. þingmenn voru að segja, að þetta skilyrði mundi drepa skólana, og að þingmenn mundu verða að hverfa heim til sín með samvizkubiti út af slíku illvirki, ef þeir samþyktu till. nefndarinnar. En eg vil minna 1. þm. G.-K. (B.K.) á, að það var eg, sem á síðasta þingi lét Flensborgarskólann lifa — skólinn flaut þá á mínu atkvæði —, og er honum því þarflaust, að gera mér getsakir um, að eg vilji hann feigan, enda þori eg að segja, að þessir skólar munu halda áfram, þótt skilyrði nefndarinnar verði samþykt. Menn mundu bráðlega sætta sig við það. Þessar hótanir ættu ekki heldur að hafa nein áhrif; það er orðið svo

altítt, að menn hafi hótanir í frammi, þegar þeir sækja til alþingis um styrkveitingar.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.), mintist á kvennaskólann í Reykjavík, og sagði, að réttara hefði verið af fjárlaganefndinni, að lýsa því yfir, að hún vildi enga skóla hafa, heldur en að leggja til að veita svo lítinn styrk. Þetta er sama fjarstæðan hjá honum, sem mörgum öðrum háttv. þm., sem um skólann hafa talað. Ef nefndin hefði ekki viljað hafa skólana, mundi hún hafa lagt til, að fella niður alla fjárveiting til þeirra.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), minntist á till. sína um styrk til mótorbátsferða í Hornafirði. Því er engu að svara framar en eg hefi þegar gert. Um styrkveitingu til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu er það að segja, að nefndin kannast við, að hér er um þarft verk að ræða, en sökum fjárskorts treystir hún sér eigi til að mæla með þeirri fjárveitingu. Sama er að segja um fjárveitingu til brúar á Hamarsá. Verkfræðingurinn hefir ekki gert tillögu um þetta, og sér nefndin sér ekki fært að mæla með fjárveitingunni.

Um fjárveitinguna til akbrautar um Eiðaþinghá, get eg sagt það af persónulegri þekkingu, að ef akvegur lægi eftir sveitinni, yrði bændum hægara að nota Fagradalsbrautina. En þó eg persónulega sé þeirri fjárveitingu hlyntur, þá leggur fjárlaganefndin í heild sinni á móti henni.

Eg þarf að svara háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.). Hann hneykslaðist á því, að eg hafði minzt á sníkjulegan hugsunarhátt. Hann þarf sízt að tala mikilmannlega; enginn hefir fleiri fjárbeiðnir flutt, hvorki nú né á síðasta þingi, en hann, Ummælum hans um kvennaskólann í Rvík hefi eg svarað.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg ætla að minnast nokkurum orðum á 2 breyt.till. frá mér. Eg hefi farið fram á, að styrkur til mótorbátsferða á Lagarfljóti yrði 400 kr. Nefndin hefir nú lagt til, að hann verði 250 kr., er það að vísu til nokkurra bóta, en þó ekki nægilegt. Það er aðgætandi, að þetta fljót rennur eftir blómlegum og fjölbygðum sveitum. Báturinn hefir hingað til gengið aðeins upp að brúnni, en hægt væri að láta hann ganga upp að fossi, og til þess veitti ekki af 400 kr. styrk, þótt eg hinsvegar geri mér till. nefndarinnar að góðu.

Hin breyt.till. mín fer fram á að veita 5000 kr. til þjóðvegarins frá Lagarfljótsbrú að Fossvöllum. Það er ekki hægt að segja, að þessi fjárveiting sé óþörf né gerð til þess að krækja í fé úr landssjóði. Þessi vegur er framhald af Fagradalsbrautinni, sem nær aðeins í brúnina á héraðinu og er því mestöll í óbygðum; er það því óþægilegt fyrir héraðsbúa, að geta ekki notað vagna, en það er ekki hægt vegna þess, að sú leið, sem eg fer nú fram á, að vegur sé lagður um, er mestöll móar og mýrar. Eg vona því, að engum blandist hugur um, að hér er um verulegt framfaramál fyrir héraðið að ræða. Eg var ekki við, þegar framsögumaður mintist á þessa fjárveitingu, en þykist vita, að hann hafi lagt á móti henni og barið við fjárskorti. Eg lít nú svo á, að þótt gott sé að hafa síma, þá séu vegir betri og notadrýgri heldur en hitt að geta skrafað í talsíma út um alla heima og geima. Eg hafði þessa fjárbeiðni svo lága, vegna þess, að eg er hlyntur sparnaði. Þarf eg svo ekki að tala meira um þetta, en fel deildinni málið.

Björn Sigfússon: Eg vil sérstaklega minnast á breyt.till. fjárlaganefndarinnar um 2300 kr. fjárframlag til að koma sýsluveginum frá Hvammstanga í

Húnavatnssýslu í samband við þjóðveginn. Eg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir að hafa fallist á þetta, því að þetta er mikil nauðsyn. Af því að eg veit ekki, hvort háttv. þingdm. hafa kynt sér skjöl um þetta mál, skal eg leyfa mér að skýra það með nokkrum orðum.

Síðastliðið sumar var lagður alllangur kafli af þessum vegi í Vestur-Húnavatnssýslu yfir hinar verstu torfærur og kostaði 10 þús. kr., þar af voru 5 þús. kr. úr landssjóði, en 5 þús. kr. lagði sýslan til, og það aðallega 3 hreppar, og má það heita drengilega af sér vikið. En nú eru báðir endar vegarins ógerðir. Einkanlega er nauðsynlegt að koma austurendanum í samband við þjóðveginn. Eg hefi hér fyrir mér áætlun landsverkfræðingsins, og sést af henni, að það sem ógert er muni kosta 12900 kr. Nú er hér að eins farið fram á 2300 kr. til þess að fullgera austurendann og koma honum í samband við þjóðveginn, og um þann kafla er glögg kostnaðaráætlun landsverkfræðingsins. En í sambandi við þetta er það aðgætandi, að hér er um meira en sýsluveg að ræða, því að eftir áliti verkfræðingsins Daníels Hjálmssonar getur ekki hjá því farið, að þessi vegur verði með tímanum flutningabraut. Ef nú svo færi, að vegurinn yrði gerður að flutningabraut, þá er það mikill sparnaður fyrir landssjóð, sem sýslan hefir lagt til. Eg vona, að hv. þingdm. sjái, að hér er mjög hóflega farið, þar sem að eins er beðið um 2300 kr. af 12900 kr.

Við þm. Húnv. eigum breyt.till. um 1000 kr. fjárveitingu til vegar í Svínavatnshreppi. Hér liggja fyrir ítarleg skjöl um þetta frá hreppsnefndaroddanum í Svínavatnshreppi og verkfræðingi Páli Jónssyni á Akureyri, sem hefir gert áætlun um veginn. Landsverkfræðingurinn hefir líka athugað þetta. Það er sjáanlegt, að þessi vegagerð verður afar dýr; því að hér er um eintómar vegleysur að ræða, og vegalengdir miklar, svo að sveitinni er ókleift að kosta þennan veg að öllu leyti, nema landssjóður létti ofurlítið undir með. Þessi sveit er að mörgu leyti góð og landkostarík, en hinar óvanalegu vegleysur þar standa henni fyrir þrifum framar öllu öðru. Íbúarnir í Svínavatnshreppi hafa gert með sér fastan samning um að leggja fram til vegagerða þar 3 dagsverk á ári í 10 ár fyrir hvern karlmann á aldrinum 16—65 ára. Þetta gera menn ekki nema um brýna nauðsyn sé að ræða. Til þess nú að hlaupa ofurlítið undir bagga með þeim höfum við komið með þessa tillögu, og vænti eg þess, að háttv. þingd. sjái, að hér er um sanngirnisspursmál að ræða, og eins hitt, að þessi fjárbæn er mjög hófleg. Ennfremur er þetta í fullu samræmi við það, sem gert var á síðasta þingi, þegar Fljótshlíðingum og Svarfdælum var veittur styrkur til vegagerða undir líkum kringumstæðum, og var þó að eins helmingurinn frá sveitunum, en hér verður tillag sveitarinnar vitanlega miklu meira.

Hvað kvennaskólann á Blönduósi snertir, þá hefir, eins og hv. frsm. (B. Þ.) tók fram, enn ekki verið tekin nein afstaða til þess máls, og er það illt. Eins og menn vita, er skólinn nú brunninn, og sýslunefndirnar í báðum Húnavatnssýslum hafa nú komið sér saman um að reisa hann aftur, og er þá leitt að vita ekki, hvaða styrkur fáist. Það er ekki rétt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði um þetta mál. Hann veit ekkert um afstöðu mína í þessu máli, en veit hinsvegar, að ekki eru allir fjárlaganefndarmenn alt af sammála um öll atriði. Meirihluti fjárlaganefndar ákvað, að heimta skyldi $^1/_3$ tillag frá héruðunum móti landssjóðstillaginu til þeirra skóla, sem ekki hafa fengið viðurkenning sem landsskólar, en eg lít svo á, að

ekki eigi að gilda sama reglan um þá alla. Það á að gera mun á sérskólum, sem búnir eru að starfa í 30—40 ár, eins og kvennaskólarnir, og unglingaskólunum, sem nú eru að rísa upp. Eg kannast við það, að ekki sé ósanngjarnt að nokkuð af kostnaðinum komi úr öðrum stað, og eg hefði getað gengið inn á $^1/_4$ hluta, því að alt af verða notin auðvitað meiri fyrir nálæg héruð en fjarlæg, en þetta skilyrði fjárl.nefndar er of hart, og þess vegna er eg á móti því. Þá vildi eg og gera þá athugasemd við orð háttv. þm., að ef nokkurt vit á að vera í þessum lausa 2 þús. kr. styrk, þá hlýtur sú upphæð að vera miðuð við heimavistirnar, hve margar þær eru í hverjum skóla; eftir því sem þær eru fleiri eftir því verður skólahaldið dýrara, húsrými og annað. Nú eru þær ekki nema 30 í Rvík, og koma þá 66 kr. 66 a. hverja námsmey, en á Blönduósskóla hafa þær verið fullar 40, og því ekki nema 50 kr. á hverja. Hér er því enginn jöfnuður heldur.

Bjarni Jónsson: Eg skal ekki lofa því, að halda mönnum vel vakandi, því að það eru margir liðir, sem eg get ekki gengið fram hjá.

Fyrst ætla eg að gera nokkrar athugasemdir við brtill. háttv. fjárln. Það er þá fyrst við 13. gr. A. 1. b. 1., að í stað 7000 komi 6600 kr. Eg veit ekki hvaða rök eru fyrir því, að fara að færa niður laun póstafgreiðslumanna í Rvík um þessar 400 kr. Mér finst frv. ekki fara of hátt, og er því mótfallinn þessu. *(Björn Þorláksson:* Rökin eru tekin fram í nefndarál).

Þá er brtill. við B. I. 2, um að færa laun aðstoðarverkfr. niður í 2400 kr. Eg lagði til að lækka þessi laun á síðasta þingi, en þá komst þingið að þeirri niðurstöðu, að þau mættu ekki vera lægri. Eina ástæðan nú mun vera sú, að Íslendingur á að taka starfann, en þá ástæðu læt eg mér ekki lynda. Verkfræðingar geta alstaðar fengið hærri laun en þetta, og sérstaklega veit eg það, að sá maður, sem hér er um að ræða, mundi ekki þurfa að leita lengi fyrir sér eftir betri stöðu. Ekki sé eg heldur hvaða ástæða er til þess, að færa skrifstofukostnaðinn úr 700 niður í 500 kr. Það er smámunasemi, en engin rök fyrir.

Þá er ein till. nefndarinnar á þgskj. 239, að í stað 40 þús. komi 39 þús., eða með öðrum orðum að lækka styrk þann, er skifta skal á milli ýmissa flutningabáta um 500 kr. og taka umráð þess fjár úr hendi stjórnarinnar. Eg álít rétt, að stjórnin hafi það í sinni hendi, því að þar þarf ýmist meira eða minna, og úthlutar þá stjórnin fénu, eins og bezt á við, eftir því, hvernig á stendur. Breiðafjarðarbáturinn komst ekki af með minna en 8 þús. kr., en hér er gert ráð fyrir 7 þús. Það ætti að gera mönnum sem hægast fyrir um að bæta flutningana frá því sem nú á sér stað. Nú hefir dönsk verzlun ferðirnar á hendi, og fær þannig landssjóðsstyrk til vöruflutninga sinna.

Það hefir gleymst að lagfæra »hraðskeyti« og setja í staðinn »loftskeyti«. Deildin hefir nú samþykt loftskeytin, og ekki kemur það til mála, að orða þetta sitt á hvað í sömu greininni. Hér eru því þegar tekin af öll tvímæli, svo að þetta ætti að geta gengið orðalaust.

Um D II. 2. skal eg ekki segja annað, en að benda háttv. fjárln. og deildinni á það, að hugsanlegt er að leggja símann frá Búðardal til Stykkishólms aðra leið, en gert er ráð fyrir, sem sé hinum megin fjarðarins frá Langey, og yfir Breiðasund, það er ekki lengra en út Skógarströndina. Eg hefi nú ekki komið fram með till. um það, en veit ekki, hvort eg geri það seinna.

45. brtill. er sama aths. og áður um hraðskeyti og loftskeyti.

Svo kemur aths. við 14. gr. B, um styrkveitingar við æðri skólana, að húsaleigustyrkur skuli veittur utanbæjarmönnum eingöngu. Það getur nú verið nokkuð til í þessu, og eg ímynda mér að allir skólastjórar láti innanbæjarmenn mæta afgangi, en óþarfi er að kveða svo stranglega að orði. Það gæti orðið til þess, að styrkur yrði veittur utanbæjarmönnum, sem betur eru staddir, en hinir, því að þótt menn búi innan bæjar, geta þeir eins þurft á fé að halda, og verið jafn rétt að veita þeim og hinum. Þess vegna er slík aths. óþörf. Skólastjórar vita betur um ástæður nemenda, en þingið, og aldrei er hægt að gera ráð fyrir öllum tilfellum.

Næst er að minnast á kvennaskólann í Rvík. Nefndin vill veita honum 7 þús. kr., en með því skilyrði að $^1/_3$ af rekstrurskostnaðinum komi annarsstaðar að. Þessi aths. við þennan skóla og marga aðra, er þess valdandi, að fé fæst ekki fyr en eftir á, eða þá aldrei, því að skólinn fær ekki svo mikinn styrk úr öðrum áttum, hann hefir ekki nema 500 kr úr bæjarsjóði. Hann hefir sótt um 9—10 þús. kr. og þyrfti að fá það. Kostnaðurinn eykst af aðsókninni; nú segir forstöðunefndin, að sé alveg plásslaust, og skólinn getur ekki borgað kennurum sínum nema 70—75 aura fyrir tímann. Þetta er alveg óviðunanlegt, með því fær hann ekki nema allra lökustu kennara, ef hann fær þá nokkra. Þá hefir og orðið að bæta við einum bekk, og verður það alt til þess að auka kostnaðinn. — Ef mönnum þykir of mikið fara til skólans, eins og hann er nú rekinn, þá er ekki annað, en að landssjóður taki við honum í sína eigu með öllu sem hann á, sem eru 20 þús. kr., því að það stendur til boða. Hann á sjóð, sem ætlast er til, að varið verði til hússkaupa, til þess að hann þurfi ekki að leigja sér húsnæði eins dýrt og það er nú, 2500 kr., auk vatns og ljóss. Nú kunna menn að fara að vitna í það, að þessi skóli sé hér í Reykjavík og ekki fyrir aðra, en þá skulum við bera saman, hve margar sveitastúlkur eru á þessum skóla og öðrum. Þær eru 73 hér, en ekki nema 30—40 á Blönduósskólanum, eða m. ö. o. helmingi færri. Þetta er ekki svo staðbundið, eða hve margar af Blönduósskólastúlkunum ætli séu úr Húnavatnssýslu? Og Reykjavík ætti enda tilkall til síns skóla, þótt hún væri ein um hann, því að þar býr $^1/_8$ hluti allra landsmanna. Þegar svona er ástatt, á skólinn það ekki skilið, að svo sé með hann farið, og hver verður afleiðingin? Féð verður ekki nægt til að reka skólann, nema hann fari ofan í sinn eiginn vasa og eyði hússjóðnum. Eini liðurinn, sem kynni að mega hækka, er styrkurinn úr bæjarsjóði, og drægi það víst ekki stórt. Eg sé ekki hvað er unnið með þessu, annað en það, að hamla þroska og viðgangi skólans. Hann verður þá að hætta við að bæta við sig einum bekk og bæta við sig kennurum. Því ætti landið ekki að kosta þann skóla, sem sótt er að um land alt? Það kostar gagnfræðaskólann á Akureyri, þótt annar sé hér samskonar. Það er sagt, að konur eigi aðgang að þeim báðum líka. Já, eg skal koma að því. Hvernig færi, ef 121 stúlka kæmi inn í mentaskólann? Þá þyrfti að fjölga bekkjum og byggja nýtt skólahús, ef til vill. Það yrði dýrt, og kennurum þyrfti að fjölga um svona þriðjung. Menn geta nú reiknað, hvort ódýrara muni vera. Það er margt að athuga við þetta. Það er ekki rétt að taka aftur með annari hendinni það sem veitt er með hinni, og landssjóð eiga allir, Reykvíkingar

jafnt og aðrir, og segi eg þetta af því, að það kveður einatt við, hve mikið þeim sé lagt til. Reykvíkingar hafa ekki beiðst meiri fjárframlaga, en þeir hafa átt rétt á, tiltölulega við aðra. Þær tölur, sem eg hefi tilfært, eru frá skólastjórninni sjálfri og því óhrekjanlegar.

Svo ætla eg að minnnast á 60. lið hjá fjárlaganefndinni. Þar er talað um kenslu blindra barna í Danmörku. Eftir orðalaginu hlýtur hér að vera átt við blind börn í Danmörku, helzt dönsk og önnur, sem þar eru í landi, en ekki eingöngu íslenzk börn, sem þangað eru send. Annars skil eg ekki, hvers vegna endilega þarf að binda þetta við Danmörku með lögum, í stað þess að hafa *erlendis*. Er óskiljanlegt að ekki megi fá eins góð kjör annarsstaðar en í Danmörku.

Ein tillaga nefndarinnar er það, sem eg er mjög fylgandi, og það er styrkurinn til Stefáns Eiríkssonar til kenslu í tréskurði. Verð eg því að mæla hið bezta með þeirri tillögu.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir brú á Austurá í Dölum. Þykir mér mjög vænt um það. Á þessi er oft ófær yfirferðar; rennur hún þar sem komið er niður af Bröttubrekku, þegar að sunnan er komið. Geta menn því orðið úti við hana, ef illa vill til.

Auk þessarar brúar er mikil þörf á brúm og vegum í því héraði. Á þingskjali 404 hefi eg farið fram á, að landið léti brú gera á Ljá í Dölum. Verkfræðingur landsins hefir áætlað, að brú þessi mundi kosta 3000 kr. Á þessi er ill yfirferðar, rennur í halla og er stór hættuleg á vetrum, því að kaldaversl er í og ryður hún sig því, þegar minst varir. Póstur sá, sem gengur á milli Ísafjarðar og Hjarðarholts, leggur sterklega til, að á þessi sé brúuð. Yfir á þessa á allur vesturhluti Dalasýslu að sækja til læknis, og stórt hérað í kaupstað í Búðardal.

Þar sem brú þessi mun ekki kosta meira en 3000 kr, og þegar tekið er tillit til, hversu nauðsynleg hún er, þá vonast eg til, að þingið samþykki þessa fjárframreiðslu. Landssjóður hefir lagt lítið fram til samgöngufæra í þessu héraði, og lítið að öðru leyti því til þarfa. Á síðasta þingi voru að vísu veittar 10,000 kr. til að mæla upp Gilsfjörð, en stjórnin hefir ekki látið gera neitt í því efni. 1000 kr. voru veittar til vegagerðar milli Ljárskóga og Svínadals. Á Fáskrúð vantar brú, sem er á ill yfirferðar. Hérað þetta hefir verið mjög vanrækt. Enn hefi eg verið beðinn að leita eftir styrk til að brúa Kjarlaksstaðaá. Er það stór á, og má oft frá henni snúa, einkum þegar ísbroði er á henni. Hún liggur að vísu ekki á landssjóðsvegi, heldur sýsluvegi. En yfir hana verður að sækja lækni og margt fleira. Vildi eg fara fram á, að þingið veitti $^2/_3$ hluta af verðinu. Verkfræðingur landsins hefir gert áætlun um, að sú brú mundi kosta 7000 kr. Áin er of breið til þess, að það geti trébrú verið. Hún hlýtur því að verða annaðhvort úr járni eða steini. Eins og eg gat um, þá hefir verkfræðingurinn gert áætlun um þessa brú, en skjöl því viðvíkjandi munu glötuð. Eru hvorki hjá stjórnarráðinu né sýslumanni, og enginn veit hvar þau eru niðurkomin. Eg veit ekki, hvort sýslan vill leggja fram þann $^1/_3$ hluta, sem á mundi vanta, en þó svo væri ekki, þá yrði það ekki eyðslufé, þótt þingið leyfði þessa fjárveitingu. Skal svo lokið umræðum um það mál.

Við 14. gr. hefi eg gert nokkrar breyt.-till. Handa aukakennara við Mentaskólann ætlast eg til að veittar verði 1800 kr. í stað 1600 kr. Eftir minni hyggju er það rangt að níðast á vissum

mönnum, sem ekki hafa annars að gjalda, en að þeir hafa komið of seint, og verða fyrir þá sök að vera atvinnulausir, eða sama sem, svo árum skiftir. Eg hefi stungið upp á 1800 kr., ekki af því, að eg álíti það sæmilega borgun, en þó er það nokkuð í áttina.

Þá hefi eg borið það fram, að sira Ólafi Ólafssyni í Hjarðarholti í Dölum séu veittar 2000 kr. til þess að halda lýðskóla á heimili sínu. Hefir hann haldið þesshättar skóla í vetur. Allir hér þekkja þennan mann og vita, að það er gáfaður maður og vel mentaður. Börn hans hafa og notið góðrar mentunar, meðal annars hér í Mentaskólanum, og munu því vel fallin til að taka þátt í þeirri kenslu. Eg hefi að vísu tekið þessa till. aftur í bili, og bíð þar til eg sé, hvað verður um fræðslufrumvarp stjórnarinnar í efri deild.

Þá er ein till. viðvíkjandi prestinum í Suður-Dalaþingum. Vill hann fá styrk til að byggja upp prestssetrið Kvennabrekku. Eftir þeim nýju lögum um skipun prestakalla, eiga 2 brauð þar að steypast saman. Situr hann í öðru þeirra, en prestssetur verður ekki ákveðið, fyr en brauðin renna saman. Fær hann því ekki lán úr landssjóði upp á brauðið. Húsin eru þar fallin, en maðurinn er bláfátækur. Vona eg því, að háttv, deild líti á nauðsyn þessa manns og veiti þennan litla styrk. Þessar fjárhæðir, sem eg hefi nefnt, eru svo litlar, en allar nauðsynlegar.

Þá hefi eg gert ráð fyrir 200 kr. til póststimpla. Það stendur svo á því, að á mörgum stimplum hér stendur Danmörk. Ætti þessu að breyta Ekki veit eg hvort þetta fé er of lítið, eða mikið, en stjórninni er óhætt að bæta við, ef þörf gerist Það sjá allir, hver ómynd er að hafa þessa stimpla. Ef upphæðin er fjarri sanni, þá má laga það við 3. umr.

Þá býst eg við, að eg hafi vikið að flestu því, sem eg hefi verið beðinn fyrir, og mér hefir legið á hjarta.

Sigurður Gunnarsson: Eg á breyt.till. við 13. gr. á þskj. 383. Hefi lýst því yfir áður, að eg hefi tekið 4. lið aftur. Eru þar því aðeins liðir, sem mér heyra til og tel miklu máli skifta.

Annar er um símalagningu vestur á Snæfellsnes. Síðan sími kom hér til lands eru nú liðin 5 ár. Gekk það ekki orðalaust af. Allir könnuðust við nauðsyn þess að komast í hraðskeytasamband við önnur lönd, en um aðferðina var þráttað. Vildu sumir ritsíma og talsíma en aðrir loftskeyti. Eg skal ekki fara út í þráttanir, en kannast við, að þá hafi mjög mikið framfaraspor verið stigið, þótt dýrt hafi það reynst. Síðan línan frá Seyðisfirði norður um land til Reykjavíkur var lögð hefir verið bætt við 10 álnum um flestar sýslur landsins. Áður en þetta þing kom saman, þá voru ekki aðrar sýslur eftir en Skaftafellssýslur, Vestmanneyjar og Snæfellsnessýsla símalausar. Eins og menn muna, þá lagði stjórnin 1909 til, að sími væri lagður frá Borðeyri til Stykkishólms. Náði það ekki fram að ganga, þótt við það væri kannast, að þörfin væri mikil, eina ástæðan er við var barið, var fjárþröng.

Hin nýfráfarna stjórn tók aftur fjárveitingu til síma vestur til Stykkishólms á fjárlög þau, er nú ligga fyrir þinginu, en af því henni var kunnugt, að flestir sýslubúar óskuðu, að hann yrði lagður frá Borgarnesi en ekki Borðeyri, hallist hún að hinu áðurnefnda.

Hin háttv. fjárlaganefnd hefir aftur á móti hallast að leiðinni frá *Borðeyri* til Stykkishólms, og nú sé eg, að hún hefir loks gjört viðaukatill. um það, að lengja línuna frá Stykkishólmi að Hjarðarfelli, sem var varatillaga mín. Hins vegar hafði eg leyft mér að leggja til

sem aðaltillögu, að síminn yrði lagður í einu lagi og alla leið til Ólafsvíkur. Er það auðsætt, að að því kemur bráðlega hvort sem er, að það verður að leggja síma þangað. Mundi það kosta að auki 28000 kr. Til stuðnings því, að aðaltill. mín sé á rökum bygð, skal eg benda á ummæli landssímastjórans um þetta mál, og vil því með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr bréfi frá honum til mín um þetta efni. Hann segir:

»Eg er þingmanninum sammála í því, að bezt væri fyrir Snæfellsnes að byggja línuna frá Stykkishólmi og vestur í Ólafsvík, samstundis og línuna frá Borðeyri til Stykkishólms, bæði með tilliti til lagningskostnaðar, en sérstaklega vegna sýslutillagsins til línanna. Þingmaðurinn og sýslumaður Snæfellinga hafa sagt mér, að það sé áreiðanlegt, að sýslunefndin vilji ekki leggja fram hið umbeðna tillag til línanna, 7000 kr., ef hún verður ekki lögð lengra en til Stykkishólms, en einnig er mjög skiljanlegt, að þetta muni breytast, þegar línan verður samstundis framlengd til Hjarðarfells og um Búðir til Ólafsvíkur. Að eg tók ekki Ólafsvíkurlínuna með í lagningaruppástungu minni, hinni fyrri, var aðeins af sparnaðarástæðum. Þó vil eg nú, samkvæmt því sem fram er komið í þessu máli, stinga upp á framlenging línunnar til Ólafsvíkur, um leið og línan verður lögð til Stykkishólms, um leið og eg tek það fram, samhliða því sem áður er nefnt, að stjórnin ætti að taka sem allra mest tillit til sanngjarnra óska og tillagna frá héraðsbúum í málum, eins og þessu, þar sem viðkomandi hérað er skyldað til að kosta sinn hluta lagningarinnar og taka þátt í rekstursútgjöldunum. Eins og nú stendur á, nær það heldur ekki tilganginum að setja skilyrði fyrir fjárveitingunni til Stykkishólmslínunnar, sem fyrir fram hefir verið bent á, að ekki er hægt að fullnægja. Eg álít, að línan ætti að vera lögð frá Stykkishólmi yfir Kerlingarskarð og Staðarsveit til Ólafsvíkur, þetta er örugg símaleið og hefir margt til síns ágætis fremur nyrðri leiðinni yfir Grundarfjörð«.

Þetta eru tillögur símastjórans.

Eins og sést af tillögum mínum, þá hefir verið sett sem skilyrði 12000 kr. tillag frá héruðunum.

Eg vil benda á, að sími til Stykkishólms bætir lítið úr; hitt þó nokkur bót, ef það næði fram að ganga, að lögð væri lína nú þegar að Hjarðarfelli, eins og varatillagan fer fram á. Eg vil nú samt biðja háttv. deild að virða fyrir sér, hvort ekki sé réttlát sanngirniskrafa, að síminn væri í einu lagður alla leið til Ólafsvíkur. Þar úti á nesinu eru aðal-fiskiþorpin við Breiðaflóa, og mundi það lyfta undir alla verzlun þar og fiskveiðar, ef þau fengju að ná til síma. Ef dregin er lína yfir nesið um Grundarfjörð, þá búa þar fyrir utan fast að helmingi allra héraðsbúa, sem mestmegnis lifa á fiskiveiðum. Sömuleiðis mundi það létta mikið undir með strandgæzluna, ef þar væri símastöð komin, því þá væri jafnan hægurinn hjá að koma skeytum til varðskipsins. Strandgæzla hefir þar verið af mjög skornum skamti til þessa, og botnvörpungar oft gert mikinn usla. En að mörgu öðru leyti gæti orðið gagn af síma á þeim stöðum. Það er ef til vill ekki von, að þeim háttv. þm., sem búa í héruðum, sem þegar hafa fengið síma, taki símaleysið eins sárt og okkur, sem búum í símalausum héruðum. En það er ljóst, að því lengra sem það dregst, að þessi héruð fái síma, því meira dragast þau aftur úr öðrum héruðum í samkepninni, og það er hið stakasta ranglæti. Kaupmenn í þeim héruðum segja,

sem rétt er, að þeir séu miklu ver settir nú en þegar landið var ekki í neinu símasambandi. Eg vona samt, að fjárlaganefndin skilji það ekki svo, að eg sé henni vanþakklátur, þótt eg haldi fast við aðaltillögu mína. Tillaga nefndarinnar er þó spor í áttina, en fjárframlag það, sem heimtað er af sýslunni, þykir mér í hæsta lagi, einkum þegar þess er gætt, að tillög sýsla til síma í einstaka hlutum landsins, er hið hreinasta ranglæti. Þau héruð eiga engu síður heimting á síma, útgjaldalaust, en önnur, því að þau hafa borgað alveg jafnt í landssjóðinn og hin. Það er siðferðisleg skylda þingsins að leggja fram fé, ekki sízt, þar sem hér er um arðsamt fyrirtæki að ræða, því að ef menn athuga það, þá hljóta þeir að sjá, að það yrðu ekki litlar tekjur af þessum stöðvum. Miklu fleiri skip innlend og erlend mundu koma sérstaklega inn á Ólafsvík og Grundarfjörð til að nota símann. Það úir og grúir af botnvörpungum þar fyrir framan, á hinum auðugu fiskimiðum, svo að óhætt er að fullyrða, að símalína þessi mundi vel borga sig. En því sjálfsagðara er, að þingið sinni nú loks kröfum um símalagningu alla leið til Ólafsvíkur, sem héraðinu er gert að skyldu að leggja mikið fé til. Vegna þess, að breyt.till. eru margar, sé eg ei ástæðu til að eyða fleirum orðum um þetta mál, eg veit, að menn muni hljóta að vera því fylgjandi. Að eins skal eg bæta því við, hversvegna eg nú er fylgjandi leiðinni frá Borðeyri til Stykkishólms. Það kemur til af því, að eg varð að beygja mig fyrir rökum símastjórans og fjárlaganefndar. Það væri öruggara samband við Reykjavík og Vestfjörðu, þar sem lagður hefir verið þegar tvöfaldur koparþráður að Sveinatungu og þaðan er víst, að einnig verður lagður tvöfaldur koparþráður til Borðeyrar, og síðar milli Ísafjarðar og Borðeyrar. Þá er alt í bezta lagi að því leyti.

Þá kem eg að breyt.till. minni á sama þingskjali, þar sem farið er fram á, að á eftir tillaginu til Mosfellsheiðarvegar komi 8000 kr. hvort árið til Stykkishólmsvegarins með brú á Haffjarðará. Eg skal geta þess, að vegaverkfræðingurinn hefir tekið þetta upp í tillögur sínar til stjórnarinnar, með sömu upphæð, 8000 kr. hvort árið. Tillögur hans eru skynsamlegar og góðar, og mér er ekki vel ljóst, hversvegna háttv. nefnd hefir kipt þessari fjárveitingu einni burtu af þeim fjárveitingum, sem verkfræðingurinn fer fram á. Eg skil ekki, hversvegna þingið vill nema staðar, einmitt þegar komið er að verstu torfærunni. Háttv. þm. ættu að vita, að með lögunum frá 1899, er vegurinn milli Borgarness og Stykkishólms orðinn þjóðvegur, og landssjóður á því að kosta hann að öllu leyti. Síðan eru nú liðin 12 ár, og vegurinn ei kominn lengra en gegnum Kolbeinsstaðahrepp, og tæplega það, því að ennþá vantar spotta að Haffjarðará, sem er versta torfæran, ásamt nokkrum kafla þar fyrir vestan. Það eru ekki viðeigandi orð, þegar um þennan veg er að ræða, sem eg hefi heyrt nýlega, að þjóðvegir skuli standa neðar en flutningabrautir, vegna þess að gagnið af þeim sé ekki eins mikið. Þetta getur satt verið, ef vegurinn er að eins lagður með það fyrir augum, að hann sé greiðfær lausríðandi manni. En þessi vegur á að vera akfær. Það hefði verið of mikið fé til hans lagt, ef ætlast hefði verið til, að hann yrði að eins reiðvegur eða skemtivegur. Mér finst það því óneitanlega hart, að þingið skuli nú kippa að sér hendinni 12. árið, því altaf hefir það þó lagt eitthvað til vegarins — og einmitt nú, þegar vegurinn er þetta kominn og einmitt eftir að brúa verstu torfæruna og

koma veginum vestur fyrir Hafursfell. Brúin kostar ekki meir en 12 þús. kr. Eg vona því, að háttv. deild sjái, að breyt.till. þessi er ekki fram komin að ófyrirsynju, og hún þolir vel samanburð við aðrar. T. d. er mikið fé áætlað til Borgarfjarðarbrautarinnar, en þar sýnist nú vel að verið, þótt ekki sé lagt fram nema 10 þús. kr. fyrra árið, þar sem nýlega er gerð 30 þús. kr. brú á Norðurá, auk annara dýrra vegagerða. Eg er alls ekki að mæla á móti tillagi til þessa vegar, en held þó, að ekki sé meiri ástæða til að vera með stöðug fjárútlát til hans, en að halda áfram dálítið lengra vestur á bóginn. Enn er eitt, sem mælir með þessari tillögu minni, að íbúarnir í þessum héruðum eiga mjög langt til læknis, og það getur riðið mjög á lífi manna að komast vestur yfir ána eða suður. Eg á enga breyt.till. við fjárlögin og ætla ei að koma með neina, sem hljóðar upp á nafn, því að eg álít fjárhag vorum nú svo háttað, að við séum neyddir til að skera nokkuð við nögl, jafnvel í því, sem lýtur að aukinni framleiðslu og bættum samgöngum, hvað þá fjárveitingum til einstakra manna. Þó á eg undir 5. lið á 383, 13 E III, meinlausa tillögu um, að laun vitavarðar í Elliðaey, sem ern áætluð 400 kr., séu færð upp í 500 kr. og hefi það fyrir mér, að þessi viti verði, þegar hann nú er fullger, með 2 lömpum, alveg samskonar og vitinn á Arnarnesi við Skutilsfjörð. Stjórnin hefir kannast við, að hin fyrri laun vitavarðarins væru hlægilega lítil og því lagt til, að þau verði færð upp í 400 kr. En þar sem vitavörðurinn á Arnarnesi hefir 500 kr. laun, finst mér og sanngjarnt, að ekki sé gerður munur á þessum tveim mönnum. Eg veit, að lengra er frá bæ í vitann á Arnarnesi og vitavörðurinn verður að vera þar stundum nóttina. En móti því kemur aftur það, að Elliðaey, þar sem þessi viti er, er djúpey, fulla viku undan landi, og vörðurinn getur því ekki átt á hættu að fara til lands, nema í blíðviðri um hásumartímann. En maðurinn er hins vegar fjölskyldumaður fátækur, en smiður hinn bezti, er gæti haft mikla atvinnu í landi að öðrum kosti, og sleppir því niður mikilli atvinnu við vitagæzluna, auk þess, sem hann verður að sleppa mörgum fiskiróðri, heimili sínu til bjargar. Tíminn leyfir mér ekki að fara út í fleiri breyt.till., þó vil eg að eins geta þess, vegna þess að eg held að fáir háttv. þm. þekki Hamarsá, að það er alveg rétt, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði um hana. Eg hefi ferðast þar um og veit, að hún getur verið hættuleg yfirferðar. Hún rennur eftir bröttum og þröngum dal, með snjóbrúnum. Eg áleit mér skylt að gefa þessa upplýsingu, þar sem eg gat það, en að öðru leyti verð eg að sýna með atkvæði mínu, hvernig eg snýst við þeim brtill., sem fyrir liggja.

Ólafur Briem: Eg býst við, að eg haldi uppteknum hætti á þessu þingi, að fylgja tillögum fjárlaganefndar í flestum málum. Eg ætlaði aðeins að segja örfá orð viðvíkjandi tillögum nefndarinnar um flutningabraut í Skagafirði. Í frv. stjórnarinnar er lagt til, að 10 þús. krónur séu lagðar til þessa verks hvort árið, en nefndin vill ennþá fresta því um eitt ár, og fella burtu fjárveitinguna fyrra árið. Mér virðist þetta nokkuð undarleg tillaga, því að það sýnist ekki sanngjarnt gagnvart þessu héraði að fresta nauðsynjaverki, sem þegar hefir orðið svo afarlangur dráttur á, um eitt ár enn, þar sem flutningabrautir annara héraða, eru annaðhvort fullgerðar, eða að minsta kosti byrjað á þeim. Einkum virðist tillagan undarleg, þar sem hér

er ekki að ræða um að spara landssjóði útgjöld, með því að það er lögákveðin skylda landssjóðs, að kosta lagning þessarar flutningabrautar, eins og allra annarra flutningabrauta í landinu. Og afleiðingin af því, að frestað væri enn um eitt ár að byrja á lagningunni, yrði sú, að verkinu gæti ekki með sama árlegu tillagi orðið lokið fyr en ári seinna en ella. Líka ber þess að gæta, að fjárhagurinn 1912 verður að öllum líkindum sæmilega góður, vegna hins mikla vínfangatolls, en hætt er við, að hann verði nokkuð erfiðari næstu ár. Sömuleiðis er tillaga stjórnarinnar í samræmi við álit vegaverkfræðings, sem háttv. framsögumaður (B. Þ.) sagðist taka svo mikið tillit til. Eg vona því, að háttv. deild felli tillögu nefndarinnar í þessu máli, en fallist á ákvæðið í frumvarpi stjórnarinnar.

Þá er önnur tillaga nefndarinnar, sem margir hafa minst á, og eg get því verið fáorður um. Hún er þess efnis, að styrkur til kvennaskólans í Reykjavík sé bundinn því skilyrði, að $^1/_3$ hluti komi annarsstaðar frá á móti tillagi landssjóðs, sem yrði $^2/_3$ hlutar alls kostnaðar. Afleiðingin af þessu yrði sú, að ef stofnunin fengi ekki nema lítinn styrk annarsstaðar frá, þá minkaði tillag landssjóðs, sem er áætlað 7000 kr., að sama skapi. Sú ástæða er færð fyrir þessu, að hér sé um »privatskóla« eða einkastofnun að ræða, sem landssjóði beri engin skylda að styrkja, nema kannske að litlu leyti. Öllum ber saman um, að skóli þessi sé ekki að eins Reykjavík, heldur öllu landinu að miklu gagni, og hann er ekki einkaskóli, nema að því leyti, að einstakir menn hafa brotist í að stofna hann, og nokkrar sæmdarkonur og menn hér í bænum hafa lagt fram tíma og mikið starf til þess að stjórna honum, án þess að hafa nokkuð í aðra hönd. Því fer fjærri, að þær græði nokkuð á því, eða hafi aðra hvöt til að styðja skólann, en þá, að gera landinu gagn. Afleiðingin af því, að styrkurinn yrði minkaður að stórum mun hlyti meðal annars að verða sú, að skólinn yrði að sleppa heimavistum og það kæmi aðallega niður á fátækum sveitastúlkum, því að ekki verður sagt, að heimavistirnar séu til neinna hagsmuna fyrir Reykjavikurbúa, sérstaklega. Ef skólinn væri að eins fyrir Reykjavík, þyrfti hann miklu minna fé, en hann er sóttur mikið úr öllum fjórðungum landsins. Önnur afleiðingin af því, að styrkurinn væri færður niður, yrði sú, að skólinn neyddist til að heimta skólagjald af nemendum. Það gæti auðvitað verið vegur, en það er því aðeins sanngirni, að sömu reglu yrði fylgt um aðra skóla. En nú er svo ekki. Nemendur eru ekki aðeins lausir við skólagjald á embættismannaskólunum, heldur og á flestum öðrum skólum. Ef þessu væri beitt við kvennaskólann einan, kæmi það ekki vel heim við jafnrétti kvenna við karla, sem svo tíðrætt hefir orðið um. Vitaskuld má segja, að stúlkur hafi jafnan aðgang og karlmenn að öðrum skólum, sem kostaðir eru af landsfé, t. d. að mentaskólanum og gagnfræðaskólunum, en í engum þeirra skóla eru þær greinar kendar, sem konur sérstaklega þurfa að leggja stund á, til að búa sig undir húsmóðurstöðu. Því er þeim stúlkum sem vilja búa sig undir húsmóðurstörf, ekki nægilegt að sækja hina skólana, og margar stúlkur geta ekki kostað sig nema 1 eða 2 vetur og því ókleift að sækja fleiri skóla en einn. Það er því slæmt að þrengja kosti þessarar stofnunar, og mun eg greiða atkvæði móti lækkun á fjárstyrk til hennar.

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (B. Þ.) hefir í mörg horn að líta og hefir því farið laust yfir nokkur atriði, meðal

annars vegamálin. Mér fanst hann hefði átt að gera grein fyrir þeirri heildarhugsun, er vakti fyrir háttv. fjárlaganefnd, þá er hún kom með breyt.till. sínar við stjórnarfrv., sem fara fram á töluverða hækkun á útgjöldunum til vegagerða. En nefndinni fanst, að ekki verði hjá því komist. Verkfræðingurinn hefir í ítarlegu skjali gert ákveðnar tillögur um vegagerðir miðað við að venjulegt tillag úr landssjóði sé 300 þús. kr. á fjárhagstímabili. Stjórnin hefir lækkað þetta um nærfelt 100 þús. kr. með því að fella í burtu Rangárbrúna, Eyjafjarðarbrautina, veginn við Ingólfsfjall o. fl. Nefndin leit svo á, að vegabætur þessar væru tímabærar og of lítið lagt til vega í stjórnarfrv., en treysti sér þó ekki til að fylgja algerlega tillögum verkfræðings, og hækkaði því fjárveitinguna að eins upp í 261 þús. kr. Eg fyrir mitt leyti hefði ekki hikað mér við að fara algerlega eftir tillögum verkfræðings, enda þótt þröngt sé í búi. En nefndin treysti sér ekki til þess að fara lengra, og sízt af öllu getur hún fallist á nokkuð það, sem verkfræðingurinn hefir ekki lagt til, því að hann er sá maður, sem mesta þekkingu hefir á þessum málum, og mestan kunnugleika á staðháttum og þess vegna óhlutdrægur. Það væri undarlegt, ef þingið tæki ekki mest tillit til þess, er sá maður leggur til, sem vegamálin hefir með höndum og óhlutdrægastur er að sjálfsögðu í þeim málum. En stjórnin hefir ekki fylgt þeirri reglu. Hún hefir t. d. tekið hálfa brú á Borgarfjarðarbrautinni og kastað norður í Skagafjörð. Til þess að halda áfram flutningabrautinni í Borgarfirði þarf að gera brú á Þverá, en hún kostar um 20 þús. krónur. Fjárhæðin í tillögum verkfræðings til þessarar brautar var miðuð við, að þessi brú yrði bygð. Því var ekki annað fyrir nefndina að gera, en að fella alla fjárveitinguna burtu, eða að hafa hana samkvæmt tillögum verkfræðings. Það er ekki hægt að neita því, að nefndin hefir tekið alt of lítið tillit til þess, er verkfræðingurinn hefir lagt til.

Eg ætlaði um leið að minnast á tillögur frá einstökum háttv. þm. til hækkunar á útgjöldum til vegagerða. Eg skil ekki, að það sé rétt að taka þær til greina, en hafna ýmsum tillögum verkfræðingsins. Eg hefi ekki sjálfur treyst mér til að koma fram með neinar tillögur, sem ekki eru samkvæmt tillögum verkfræðings, og hefði þó eigi minni ástæðu til þess. En ef þessar breytingartillögur, sem hér liggja fyrir frá einstökum þingm., verða samþyktar, mun eg ekki hika við að koma fram með samskonar tillögur. Eg þekki ýmsa vegi, sem þurfa bráðlega aðgerða, t. d. einn fjölfarnasta veg landsins, veginn gegnum Ljósavatnsskarð. Vegur þessi er mikið farinn af »túristum«. Í fyrra sumar, um hásumarið, fóru tveir útlendingar um veg þennan, en lentu í keldu skamt frá Hálsi og sneru burt aftur. Eg veit ekki, hvort það muni verða til þess að efla álit okkar út á við, að »túristar« lendi í keldum á fjölförnum vegum. Það hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að bæta þennan veg. Eg nefni þetta að eins sem dæmi upp á, hvað koma mætti með margar breytingartillögur með jafn miklum rétti, ef þessar breytingartillögur, sem hér liggja fyrir verða samþyktar. Sérstaklega nefni eg þær, sem ætlaðar eru til sýsluvega. Þegar landssjóður ekki gerir skyldu sína til vegagerða samkvæmt vegalögunum, er fjarstæða að veita styrk til annara vegagerða. Eg greiði því atkvæði móti öllum slíkum tillögum.

Þá vildi eg minnast á annað atriði í 13. gr., sem er Thoresamningurinn. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að nefndin hafi ekki tekið neina afstöðu gagnvart

þeim lið. Eg tek það svo, að með því sé meint, að nefndin taki ekki neina afstöðu um þennan lið við þessa atkvæðagreiðslu. Eg fyrir mitt leyti álít, að samningurinn sé ólöglegur og ógildur í 2 atriðum. Fyrst og frems eru þær 6000 kr., sem tilskildar eru af póstfé. Þar næst, að samningurinn uppfyllir ekki þau skilyrði, er sett voru í fjárlögunum. Eg vildi þó til þess að greiða fyrir málinu spyrja hæstv. ráðherra (Kr. J.), hvort ekki mætti á friðsamlegan hátt losna við samninginn, eða ef það er ekki hægt, að lagfæra hann svo, að hann uppfylli þau skilyrði, er sett eru í fjárlögunum. Að öðrum kosti álít eg, að ekki eigi að samþykkja lið þennan.

Hvað skólamálin snertir hefir nefndin bundið fjárveitingar til þeirra við viss fjárframlög annarstaðar að. Slík fjárframlög geta sumir skólar auðveldlega fengið, eg hefi einmitt tekið eftir því, en fyrir suma skóla er það töluverðum erfiðleikum bundið að líkindum, svo sem kvennaskólann hér og Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Þótt skólar þessir séu góðar og gagnlegar stofnanir á landið erfitt með að taka þá að sér að öllu leyti. En ef þessar skorður eru ekki settar fyrir fjárveitingunum til þessara skóla, verður afleiðingin sú, sem á bólar mjög, að fjölda margir aðrir skólar þrengja sér að fullu upp á landssjóð, án þess við það verði ráðið. Til þess að út á þá götu sé haldið lengra, þarf að íhuga rækilega, hvað mikið fé landssjóður þarf að leggja fram til þess að gera öllum landshlutum jafnt undir höfði í þessu efni. Það gæti verið spurning um, hvort landssjóður ætti ekki að taka að sér kvennaskólann hér í Rvík, og ráða þá fyrir honum. Nú hefir áður legið hér fyrir þinginu frumv. um húsmæðraskóla, en ekki komist fram. Það átti að vera landsskóli líkt og bændaskólarnir, og að vera í sveit. Það virðist nú svo, að áður en kvennaskóli Rvíkur er tekinn til fulls á arma landssjóðs ætti að komast eftir vilja kvennanna hér í landi um það, hvort húsmæðraskólar í sveit eigi að sitja á hakanum fyrir honum. Kvennaskólinn í Rvík er prívatskóli ennþá, þó landið leggi honum til mest alt fé. Ætti þingið að hugsa sig tvisvar um, áður en það setur hann í fyrirrúm fyrir reglulegan húsmæðraskóla.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil leyfa mér að gera örfáar athugasemdir við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, áður en gengið er til atkvæða. Skal eg minna menn á umræðurnar í gær um tekjuvonir og fjárhagshorfur landssjóðs á næsta fjárhagstímabili, þar sem rækilega var bent á, hversu litlar þær væru. Verða háttv. þm. alvarlega að minnast þessa með gætilegri atkvæðagreiðslu í dag. En ef dæma ætti eftir þeirri skæðadrífu af breyt.till., er komnar eru inn í háttv. deild, mætti ætla, að nóg fé væri til. Breyt.till. hv. fjárlaganefndar miða til mikils útgjaldaauka úr landssjóði, fram yfir það, sem hún hefir lagt til, að sparað verði á öðrum liðum frumvarpsins. Þó veit eg fyrir víst, að nefndin vill fara gætilega, en hefir ekki gert það nægilega, sérstaklega að því er snertir útgjöldin til síma, þar sem hún hefir lagt til, að veittar verði 66 þús. kr. til þess að strengja tvöfaldan koparþráð á línuna milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Þessi útgjöld virðast ekki svo bráðnauðsynleg nú. Eg hygg, að í bráðina megi vel una við það samband, sem er nú. Því hefir verið haldið fram hér, meðal annara af hæstv. ráðherra, að það mætti standa í allgóðu talsímasambandi við Ísafjörð, eins og nú er. Og sama segi eg fyrir mitt leyti, að úr miðri Húnavatnssýslu má vel tala til Ísafjarðar, það hefi eg reynt sjálfur; þess vegna

er það kynlegt, að verja svona hárri upphæð til þessa koparþráðar, þegar hans er ekki meiri nauðsyn, en þetta. Ef Ísafjörð vantaði síma, þá væri alt öðru máli að gegna. Sumir hafa sagt, að hér væri um gamalt loforð að ræða, sem þingið yrði að efna. En hvernig er þetta gamla loforð til komið? Eg held, að menn hafi búist við, þegar síminn var lagður til Ísafjarðar, að sambandið með einföldum járnþræði, mundi verða mjög stopult, og þess vegna hafi þingið sagt sem svo, að ef þetta dygði ekki, þá mundi verða lagður koparþráður. En nú hefir sambandið með járnþræðinum gefist allvel, og þess vegna er ekki ástæða til þess, að efna þetta svo kallaða loforð, með því, að það var gefið á öðrum grundvelli. Eg tek þetta til dæmis, af því að það munar mestu af þeim fjárveitingum, sem eg tel skaðlaust að fresta að þessu sinni.

Eg lýsi því yfir, að í flestum atriðum mun eg annars fylgja tillögum fjárlaganefndar. Eg vil drepa á eitt atriði, þar sem eg vil ganga feti framar en nefndin, það er í skilyrðunum fyrir styrkveitingu við skólana. Aðrir hafa talað um þetta atriði, og seinast háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), svo eg get verið fáorður um það. Mér dettur ekki í hug, að fjárlaganefndin sjái sér jafnan fært, að veita allar þær fjárupphæðir, sem beðið er um til skólanna. En hitt kann eg ekki við, að það skilyrði sé sett, að styrkurinn verði ekki útborgaður, nema hlutfallslegt tillag komi annarsstaðar frá, allra sízt þegar ekki er hægt að benda á, hvaðan þetta tillag eigi að koma. Hefi eg þá sérstaklega í huga kvennaskólana og Flensborgarskólann. Háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, að þetta væru »privat« skólar, en það gerir muninn ekki svo mikinn, að það eigi að binda fjárveitinguna til þeirra öðrum skilyrðum fyrir þá einu sök, að svo má nefna þá að nokkru leyti.

Um breytingartillögur einstakra hv. þingmanna, hefi eg fátt að segja. Þó mætti búast við, að eg hefði eitthvað að segja um eina breyt.till., sem mitt nafn stendur á, en háttv. samþingismaður minn (B. S.) hefir talað svo vel fyrir henni, eð eg hefi þar engu við að bæta, en staðfesti öll ummæli hans um vegamálin.

Eg vil þá leyfa mér að benda á nokkur atriði í vegamálum í sambandi við það, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, um vegina í vesturhluta Húnavatnssýslu, sem síðasta þing veitti 5000 kr. til. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) lagði ekki sérstaklega á móti þessum vegi, en hann lagði á móti fjárveitingu til allra slíkra vega. Eg veit ekki, hvort hann hefir athugað það, sem háttv. samþingismaður minn sagði um þetta, að það væri álit verkfræðings, að þegar fram liðu stundir, yrði þessi vegur áreiðanlega tekinn í tölu akbrauta, því að þessi vegur tengir kauptúnið, sem er í vestur-sýslunni við þjóðveginn. Og með því vegurinn, eftir nokkur ár, verður tekinn í tölu þjóðvega, þá er beinn hagur fyrir landið að því fjárframlagi, sem hlutaðeigandi hérað hefir lagt til þessarar vegagerðar.

Á þingmálafundunum í minu kjördæmi komu fram áskoranir um, að þingið veitti fé til vegabóta, brúagerða og síma í Húnavatnssýslu, en við höfum ekki viljað koma fram með þær vegna stefnu okkar í fjármálum. Það er ekki af því, að þörfin sé ekki eins mikil þar, eins og annarsstaðar, heldur af því, að það er ekki samkvæmni í því, að bera þær fram og mæla með þeim, en mæla svo á móti samkyns till. frá öðrum og greiða atkvæði á móti þeim. Af þessu vona eg, að mönnum sé ljóst, að eg muni yfir höfuð að tala vera

andvígur þeim breytingartillögum, sem fara fram á hækkun útgjaldanna.

Ráðherrann (Kr. J.): Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), spurði um eitt atriði snertandi gufuskipafélagið »Thore«, sem sé það, hvort samningurinn við það mundi vera í samræmi við fjárlögin. Eg býst við, að fjárlaganefndirnar í þinginu athugi það, og dæmi um, hvort samningurinn er í samræmi við fyrirmæli þau, sem síðasta þing setti í þessu efni. Ef það er ekki, þá er samningurinn að sjálfsögðu ekki skuldbindandi, því að hann átti að vera í samræmi við ákvæði fjárlaganna. En um þetta vil eg ekki dæma; vona að samningurinn sé settur samkvæmt nefndum ákvæðum. Hvort samningurinn hafi verið uppfyltur, get eg ekki sagt um, að svo stöddu. Það atriði verður að athugast fyrst. En ef einhverju er ábótavant í því efni, þá mun verða séð svo um, að útgerðarmaðurinn leiðrétti það. Og ef það kemur í ljós, að verulegir gallar séu á samningnum, þá mun stjórnin gera tilraunir til að fá því breytt, en annað mál er, hvort von er um, að þær tilraunir takist. Eg skal svo ekki fara frekar út í málið að svo stöddu.

Skúli Thoroddsen: Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, hefir fjárlaganefndin lagt það til, að 66000 kr. séu veittar til þess að leggja tvöfaldan koparþráð frá Borðeyri til Ísafjarðar, og er það í samræmi við loforð, sem gefin voru á þinginu 1905. Þá var það lagt til í frumvarpi stjórnarinnar, að tvöfaldur koparþráður yrði lagður til Ísafjarðar, en af fjárhagslegum ástæðum þá var því slept á þinginu þá. en það var talið sjálfsagt, að næsta þing mundi bæta úr þessu. Á þinginu 1907 fórst það þó fyrir, en nú má ekki fresta þessu lengur. Nú eru símtöl við Ísafjörð því nær ómöguleg héðan úr Reykjavík, og þegar eg hefi reynt að tala við Ísafjörð héðan, þá hefir mér verið það ómögulegt. Og að tala héðan til Patreksfjarðar er alveg ókleift, meðan ekki kemur koparþráður til Ísafjarðar. En ef sambandið væri í lagi til Patreksfjarðar, þá mundi það verða mjög arðvænlegt fyrir landssjóð og hann fá mun meiri tekjur af símanum en nú, því til Patreksfjarðar koma árlega fjöldi fiskiskipa, sem mundu nota símasambandið mikið, ef kostur væri á. En meðan Ísafjörður er sama og talsímasambandslaus, þá kemur þetta ekki að fullum notum. Eg vil því leyfa mér að mæla hið bezta með þessari tillögu. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar var henni meðmæltur, þó framsögumaður væri henni mótfallinn, og símasambandið til Ísafjarðar er þannig, að það er ekki viðunanlegt lengur.

Sigurður Gunnarsson: Eg vildi leyfa mér að segja örfá orð, út af einu atriði í ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem sagði, að hann legði ekki mikla áherzlu á það, sem eg hafði eftir landsverkfræðingnum. En hann tel eg vera þessu máli kunnastan og óhlutdrægastan og ekki halda öðru fram, en hann álítur sannast og réttast, enda hefir þessi sami þm. að undanförnu óspart vitnað í álit og tillögur verkfræðings þessa, er *honum* hefir legið á. Þessvegna hefi eg komið fram með breyt.till. á þingskjali 382 um að veita 8000 kr. hvort árið til Stykkishólmsvegarins.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal taka liðina eftir þeirri röð, sem þeir eru í á atkvæðaskránni.

Athugasemdin við 36. lið, um að pósthúsið skuli vera opið 9 stundir á virkum dögum og 2 stundir á helgum dögum, er gagnslaus. Eins og nú stendur, er pósthúsið opið 9 stundir á virkum dögum. Það er því engin bót að þessari athugasemd. En það er engin mynd á því eins og nú er, að pósthúsið skuli

vera lokað á hverjum degi milli kl. 2 og 4, svo menn geta ekki einu sinni keypt sér frímerki. Pósthúsið ætti að að vera opið 11 stundir á virkum dögum; ef athugasemdinni væri breytt þannig, að pósthúsið skyldi vera opið 11 stundir á virkum dögum og 2 stundir á helgum dögum, þá væri bót að henni. Það kostaði heldur ekkert aukið mannahald, að eins að póstþjónarnir færu til skiftis heim til að borða miðdegisverð.

Eg þarf ekki að tala mikið um akbrautina í Eiðaþinghá, því að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir gert það rækilega. Eg býst við að flestir, þó ókunnugir séu, þekki Fljótsdalshérað á kortinu. Nú er akvegur úr Reyðarfirði að Lagarfljótsbrú. Svo hafa Héraðsmenn lagt á sjálfra sín kostnað akveg, sem lítið skortir nú á, að nái alla leið út að Unaósi. Ef nú landssjóður legði fram þessar 1000 kr., sem vantar til þess að vegurinn verði fullger, þá má aka alla leið neðan úr Reyðarfirði og norður að Héraðsflóa, og landssjóður væri vel haldinn af því, að fá þannig samanhangandi akbrautakeðju gegn um Héraðið, og hafa ekkert þurft fram að leggja til hennar, nema þessar einu 1000 kr.

Það er leitt, að nefndin hefir klipið af þessum lítilfjörlega styrk, sem var ætlaður til launahækkunar símritara á Akureyri og í Reykjavík. Þetta átti að vera lítilfjörleg launahækkun handa stúlkum, sem lengi hafa verið á símastöðinni. Það hefir nýskeð verið rætt mikið um kvenfrelsi hér í deildinni og sagt, að kvenfólkið ætti að hafa jafnrétti við karlmenn, en nú sýnir það sig, að þetta hefir verið tómt gaspur, því af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá. Það var mjög ómerkilegt af nefndinni, að skera þetta niður.

Þá hefi eg ásamt háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) komið með tillögu um að veita Jörundi Brynjólfssyni 600 kr. styrk fyrra árið til þess að leggja stund á og fullkomna sig í náttúrufræði við polytekniska skólann í Höfn. Hann hefir tekið burtfararpróf af kennaraskólanum með ágætis-vitnisburði og kennir nú í barnaskóla. Hann er ágætlega vel að sér í náttúrufræði, og það eru sannarlega ekki of margir hjá okkur, sem eru vel að sér í þeirri grein, sízt af þeim, sem kenna. Þessum styrk væri vel varið, ef hann fengi hann til þess að nema náttúrufræði í eitt ár. Menn hafa oft verið aðstoðaðir með meira fé, en hér er farið fram á að veita. Eg vona, að menn séu svo sanngjarnir, að veita þennan litla styrk, því það hefir oft verið veitt meira, þegar árangurinn hefir verið ólíklegri en hér.

Ýmsir hafa talað um kvennaskóla Reykjavíkur og minst á styrkinn til hans. Hér í deildinni hefir margt verið fallega sagt um kvenfrelsið, og nýskeð hefir einnig verið samþykt hér í deildinni að veita konum kosningarrétt og kjörgengi. Þegar á að veita þeim svona alt í einu, þá ætti þingið að sjá um, að það væri til einhver skóli, þar sem þær gætu mentast. Nú er kvennaskóli Reykjavíkur sá eini skóli, sem veitir konum sérstaklega nokkra verulega almenna mentun. Sumir hafa sagt, að stúlkurnar gætu farið í Mentaskólann, en það er eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að ef Mentaskólinn ætti að taka við öllum þeim stúlkum, sem nú ganga í kvennaskóla Reykjavíkur, þá yrði að byggja nýtt hús handa skólanum og bæta við hann mörgum kennurum, svo það mundi verða miklu dýrara.

Það hefir verið stungið upp á því, að þessi skóli og aðrir líkir skólar ættu að leggja til $^1/_3$ hluta af rekstrarkostnaði á móts við landssjóðsstyrkinn. Einn af þeim skólum, sem þetta eiga að gera,

er Verzlunarskólinn. Hann á engar eignir. Hvar á hann að fá þennan þriðja part á móts við landssjóðsstyrkinn? Ef það hefði verið áskilið, að það ætti að vera einn fjórði partur, þá hefði hann ef til vill getað klofið það. Eg vænti þess, að þessi tillaga verði feld. Þetta var það helzta, sem eg ætlaði að taka fram, enda er nú orðið all-framorðið.

Björn Jónsson: Gilsfjarðarmælingunni verður væntanlega lokið nú á áliðnu sumri, ef landmælingamennirnir taka þann kafla til framkvæmdar í sumar, svo sem þeir ráðgerðu í fyrra. Landmælingar alveg ómissandi undirstaða fyrir sjómælingum eða hafnamælingum. Slíkar mælingar gagnslausar, ef ekki eru miðaðar við alveg óyggjandi rétta mæling á þeim hæðum o. s. frv., sem miðað er við.

Þá er Thoresamningurinn. Um hann hefir verið sagt ýmislegt af sama tagi og fyr — rangfærslur og útúrsnúningar. Sannleikurinn sá, að samið var við 2 félög, Sameinaða gufuskipafélagið um millilandaferðirnar og við Thorefélagið um strandferðirnar, og fylgt nákvæmlega fyrirmælum þingsins. En ofan á þetta bætti Thorefélagið við talsverðum millilandaferðum frá því sem áður hafði verið, og það án nokkurs styrks og fyrir utan alla skyldu, og þeirra hluta vegna, að millilandaferðir þess félags voru með öllu óstyrktar, þá fékk það lítilfjörlega þóknun fyrir að flytja póstflutning, sem sum blöð hafa þyrlað upp svo miklu moldviðri út af og rangfært og snúið út úr.

Forseti bar þá upp tillögu um að slíta umræðunum, þá er framsögumaður hefði talað. Tillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

Framsögumaður (Björn Þorláksson.): Þó eg sé vanur að vera fremur stuttorður, get eg þó ekki orðið það í þetta sinn.

Eg vil þá fyrst leyfa mér að svara háttv. þm. Barð. (B. J.) fáum orðum. Hann fer fram á fjárframlag til að byggja vita á Bjargtöngum og til þess að leggja síma um sitt kjördæmi, en sá er gallinn á, að engin áætlun og ekkert álit hvorki símaverkfræðings eða vitaverkfræðings liggur fyrir. Af þessu hefir fjárlaganefndin ekki séð sér fært að taka þessar fjárveitingar upp á fjárlögin, og verður að leggja á móti því, að þessar fjárveitingar verði samþyktar. Þá nokkur orð viðvíkjandi Eyjafjarðarbrautinni. Fjárlaganefndin áleit að vísu, að hér væri um þarft fyrirtæki að ræða, en það mætti þó bíða til seinni og betri tíma, af því að Eyfirðingar eru svo vel settir, að þeir hafa að vetrinum til akbraut frá náttúrunnar hendi, nefnilega Eyjafjarðará, og þar sem margt þarf að gera, en fé lítið fyrir hendi, þá álít eg það fyllilega afsakanlegt, þó þetta fyrirtæki mæti afgangi, einkum þegar litið er á það, að víðast hvar í Eyjafirði eru góðir vegir. Og þar sem þm. Eyf. kvarta um misrétti, er 20000 kr. hafi verið veittar til Borgarfjarðarbrautar s. á., þá stendur svoleiðis á því, að á þeirri braut þarf að byggja brú, er kostar alt að 20000 kr., svo annaðhvort verður að veita það fé eða ekki neitt; hitt væri meiningarleysa að veita hálft brúarandvirðið.

Hvað viðvíkur veginum í Svarfaðardal, þá hlaut nefndin að vera á móti því, að styrkja það fyrirtæki, þar sem það er sýsluvegur og landssjóði því ekki skylt að styrkja hann, þótt eg hins vegar játi, að mjög sé leiðinlegt að geta ekki veitt fé til þessa vegar, því héraðsbúar hafa sýnt mjög mikinn áhuga á vegabótum. Um till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), er það að segja, að nefndin áleit, að 250 kr. mundu nægja til að halda uppi mótorbátsferðum á Lagarfljóti. Ennfremur ber sami háttv.

þm. fram aðra breyt.till. um fjárframlag til þjóðvegarins frá Lagarfljótsbrú að Fossvöllum. Nefndin varð að vera á móti því, að þetta fé yrði veitt, verkfræðingur landsins hefir ekki lagt með því, og þar að auki hefir verið lagt þar mikið fé til vega og nú síðast veitt fé til að brúa Rangá, svo þetta hérað hefir ekki ástæðu til að kvarta að sinni. Af sömu ástæðum og eg hefi áður tekið fram um veginn í Svarfaðardal, hlýtur nefndin að vera á móti till. háttv. þm. Húnv. um styrk til vegar við Svínavatn. Þá hefir háttv. þm. Dal. (B. J.) fundið nefndinni margt til foráttu, og skal eg svara því fáum orðum. Hann sagði, að nefndin hefði lagt til, að styrkurinn til skrifstofu póstmeistara yrði lækkaður. En þar hefir honum skjátlast, eins og í því, að segja, að nefndin hefði lagt til, að meiri hluti botnvörpusektanna skyldi renna í ríkissjóð Dana, að nokkru leyti. Hvorugt þetta hefir nefndin gert, heldur lagt til, að stæði við sama og hefir áður verið. Þá fann hann að því, að nefndin hefði sundurliðað styrkinn til gufubáta og mótorbátaferða, en þetta er ekki nýtt, því nefndin hélt sér við þá sundurliðun, sem áður hafði verið. Þá fann hann að því, að notað er orðið hraðskeytasamband í staðinn fyrir loftskeytasamband. Til þess er því að svara, að orðið »hraðskeyti« getur innihaldið í sér: loftskeyti. Ummælum hans og fleiri þm. um kvennaskólann hér í Reykjavík, Flensborgarskólann og fl. þarf eg ekki að svara, því þar í var ekkert nýtt, heldur gömul upptugga. Fjárlaganefndin hefir lagt til, að blind börn fengi 1000 kr styrk til að njóta kenslu í Danmörku; þetta skildi háttv. þm. Dal. (B. J.) svo, sem styrkurinn ætti að vera handa börnum í Danmörku, og tók hann fram, að í stað orðanna »í Danmörku«, kysi hann heldur að staðið hefði orðið: »erlendis«. Háttv. þm. hefir ekki þótt vera mikill sparnaðarmaður hér á þingi, en nú sýnir hann, að hann er miklu meiri sparnaðarmaður en við allir, því hann vill nú skifta þessum 1000 kr. milli allra blindra barna erlendis.

Þá á háttv. sami þm. till. um, að þingið veiti fé til að brúa tvær ár fyrir vestan, Ljá og Kjarlaksstaðaá, og hefir hann líklega komið með þessar tillögur í því trausti, að ómögulegt væri að tæma landssjóðinn, en nefndin lítur öðru vísi á, og verður því að vera á móti þessum fjárveitingum. Þá er tillaga sama þm., um að hækka laun magisters Ágústs Bjarnasonar úr 1600 í 1800. Nefndin sá ekki ástæðu til að taka þá tillögu til greina, meðal annars af því, að þessi maður nýtur nú 600 kr. styrks af landssjóði, og vegna þess, að vænta má, að bráðlega verði breyting á kennurum við skólann, og þá fær hann að sjálfsögðu betra embætti. Þá vill sami þm. fá fé handa prestinum á Kvennabrekku til byggingar. Nefndin fekk í hendur umsókn frá presti þessum, þar sem hann kvaðst ekki geta fengið fé lánað til að byggja upp á jörðinni, af því ekki væri enn þá ákveðið, hvort þessi jörð yrði prestssetur framvegis; nefndin hefir athugað þetta, og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri fært að svo vöxnu máli, að ráða til þess, að umbeðinn styrkur yrði veittur. Sami háttv. þm. fer fram á, að 200 kr. verði veittar til að kaupa fyrir póststimpla, því á nokkrum stöðum hér á landi standi Danmörk á stimplinum í staðinn fyrir Ísland. Eg vil nú að sjálfsögðu ekki hafa Danmerkurnafn á póststimplum hér, en verð þó að vera á móti þessari till. þm., af því, að þegar hefir verið veittur styrkur til þess að kaupa póststimpla.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) vill fá fé til að leggja símalínu um Snæfellsnes alt til Ólafsvíkur, en eg vil leggja áherzlu á það, að símastjóri sagði nefndinni, að mikil bót væri þó síminn lægi ekki nema að Hjarðarfelli, en áleit þó, að hitt mundi borga sig; en þar sem svona er ástatt með fjárhaginn, eins og hv. þm. er kunnugt, þá verð eg að vonast til þess, að háttvirtir þingdeildarmenn verði á móti því að sími þessi verði lagður alla leið til Ólafsvíkur nú, en greiði atkv. með breyt.till. fjárlaganefndarinnar. Að öðru leyti þarf eg ekki að svara þessum háttv. þm.; háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir tekið það ómak af mér. Þá hefir verið talað um kvennaskólann hér í Reykjavík. Þar verð eg að taka í sama streng og háttv. þm. S.-Þing. (P. J,). að ef honum ekki nægir sá styrkur, sem honum hefir verið veittur, þá verði hann að færa saman kvíarnar eða hætta. Þm. S.-Þing. (P. J.) hélt því réttilega fram, að sökum fjárskorts yrði að fresta mörgum nauðsynlegum fyrirtækjum. En hvers vegna er fjárskorturinn svo mikill.? Það er vegna þess, hvernig fór með eitt mál hér í deildinni á síðasta þingi, nefnilega frumv. um farmgjald. Það var felt frá umræðum í efri deild. En ef það hefði náð fram að ganga, þá hefði landssjóður nú verið alt að 400 þús. kr. ríkari, og þá hefðum við ekki þurft að fárast um fjárskort nú. Þetta tek eg hér fram til þess, að menn skilji, hverjir eru í raun og veru valdir að fjárskortinum nú.

Þar sem nú á þessu þingi er þrengra um fjárhaginn, en verið hefir lengi, þá held eg að þetta mætti bíða þangað til 1913. Áður hefir verið tekið fram, að af því að tvöföld lína er til Borðeyrar, þá er betra samband við Vesturland, en t. d. við Austurland.

ATKV.GR.: (Atkv.skrá A. 484).

13. gr.

34. brt. 239, 20. við A. 1. b. 1. sþ. með 13 : 14 atkv.
35. brt. 239, 21. við A. 2. sþ. með 21 samhlj. atkv.
36. brt. 239, 22. við A. 3. b. sþ. með 21 samhlj. atkv.
37. brt. 388 feld með 16 : 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,

A-kafli greinarinnar sþ. með 21 samhlj. atkv.

38. brt. 239, 23. við B. I. 2. sþ. með 14 : 7 atkv.
39. brt. 239, 24. við B. I. 3. sþ. með 16 : 3 atkv.
40. brt. 239, 25. við B. II. 1. sþ. með 13 : 9 atkv.
41. brt. 239. 26. við B. II. 4. feld með 12: 12 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl.
Sig. Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.

42. brt. 365. við B. II, Feld með 13:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

44. brt. 383, I. við B. III. feld að viðhöfðu nafnakalli með 14:11 atkv og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson S. M.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv. og telst með meirihlutanum.

43. brt. 239. 27. sþ. með 21 atkv.

45. brt. 340 við B. III. sþ. með 13:5 atkv.

46. brt. 378. við B. III. 2. feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Benedikt Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson.	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

47. brt. 404 við B. III. 2. feld með 15:10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,

48. brt. 343 við B. III. feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Einar Jónsson,

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

49. brt. 239, 28. eftir B. III. 2. sþ. með 17 : 2 atkv.
50. brt. 239, 29. eftir B. III. 2. sþ. með 18 atkv. samhljóða.
51. brt. 239, 30. eftir B. III. 2. sþ. með 22 atkv.
52. brt. 239, 31. við B. VII. sþ. með 15 atkv. shlj.
53. br. 239, 32. eftir B. VII. sþ. með 19 atkv. shlj.
54. brt. 343 við B. VII. sþ. með 15 : 2 atkv.
55. brt. 239, 33. eftir B. VIII sþ. með öllum atkv.
56. brt. 406 við B. VIII. feld með 13 : 6 atkv.
57. brt. 365 við B. VIII. sþ. með 16 : 1 atkv.
58. brt. 411 við B. VIII. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N. M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

B-kafli greinarinnar svo orðinn samþ. með 20 atkv.

59. brt. 395 við brt. 239, 35 (70), feld með 14 : 6 atkv.
60. brt 341 við brt. 239, 35 tekin aftur.
61. brt. 434 N. við brt. 380 sþ. með 18 atkv shlj.
62. brt. 380 við brt. 239, 35, tekin aftur.
63. brt. 239, 34 við C. 2. sþ. með 18 atkv. shlj.
64. brt. 239, 35. við C. 2. sþ. með 14 : 2 atkv.
    C-kafli gr. svo breyttur sþ. með 16 : 3 atkv.
65. brt. 239, 36. við D. sþ. með 15 : 2 atkv.
66. brt 443. N. við brt. 239, 37 sþ. með 17 : 1 atkv.
67. brt. 239, 37. við D. II. 1. sþ. með 21 : 1 atkv.
68. brt. 383, 2. við brt. 239, 38 feld með 14 : 4 atkv.
69. brt. 443 N. við brt. 239, 38. sþ. með 20 atkv. shlj.
70. brt. 239, 38. við D. II. 2. sþ. með 19 shlj. atkv.
71. brt. 383, 3 við brt. 239, 39. tekin aftur.
72. brt. 443 N. við brt. 239, 39. sþ. með 18 : 2 atkv.
73. brt. 239, 39. við D. II. 2. tekin aftur, en orðaákvæðin sþ. með 16 : 1 atkv.
74. brt. 416 við D. II. 2. feld með 16 : 6 atkv.
75. brt. 416 við D. II. 2. feld með 16 : 4 atkv.
76. brt. 239, 40 sþ. með 16 atkv.
77. brt. 383, 4. við brt. 239, 41. tekin aftur.
78. brt. 239, 41. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Benedikt Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hálfdan Guðjónsson,

Já:	*Nei:*
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Þorleifur Jónsson.

79. brt. 239. 42. við D. III. 2. sþ. með 13 : 4 atkv.
80. brt. 239, 43 við D. III. 3. sþ. með 14 : 3 atkv.
81. brt. 239, 44. við D. III. 4. sþ. með 16 shlj. atkv.
82. brt. 239, 45. við D. III. 8. og 9. sþ. með 13 : 12 atkv.
83. brt. 429, N. sþ. með 19 : 1 atkv.
84. brt. 239, 47. við D. III. sþ. með 16 shlj. atkv.
85. brt. 239, 46 við D. IV. sþ. með 15 shlj. atkv.
    D.-kafli greinarinnar svo orðinn sþ. með 20 atkv.
86. brt. 383, 5. við E. III. sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalla og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson.	

87. brt. 239, 48. við E. IV. sþ. með 16 shlj. atkv.
88. brt. 239, 49. við E. IV. sþ. með 16 shlj. atkv.
89. brt. 239, 50. við E. VI. sþ. með 19 : 1 atkv.
90. brt. 417 við E. VI. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

91. brt. 239, 52. við E. XIV. sþ. með 18 shlj. atkv.
    E.-kafli greinarinnar sþ. með 18 shlj. atkv.
    13. gr. svo orðin sþ. í e. hlj.

14. gr.

92. brt. 239, 52. við A. b. 2. sþ. með 18 shlj. atkv.
93. brt. 405 við A. b. 4. tekin aftur.
94. brt. 239, 53. við B. IV. c. 2 sþ. án atkv.gr.
95. brt. 387 við B. IV. c. 4. feld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson.	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,

Já:	*Nei:*
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

96. brt. 239, 54. við B. IV. c. 13. sþ. með 18 atkv.
97. brt. 239, 55. við B. V. b. 4. sþ. með 17 : 2 atkv.
98. brt. 239, 56. við B. VI. b. 5. sþ. með 15 : 1 atkv.
99. brt. 239, 57. við B. VIII. a. 1.—2. sþ. með 15 shlj. atkv.
100. brt. 394. við B. VIII. b. 6. feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

Af fundi voru gengnir þeir Pétur Jónsson og Jón Jónsson S.-M.

101. brt. 239, 58. við B. VIII. b. 7. b. sþ. með 14 : 3 atkv.
102. brt. 239, 59. við B. VIII. c. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Björn Kristjánsson,
Sig. Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Þorleifur Jónsson.

103. brt. 392. við B. VIII. tekin aftur.
104. brt. 239, 60. við B. VIII. g. sþ. með 16 : 1 atkv.
105. brt. 344. við B. VIII. tekin aftur.
106. brt. 239, 61. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen.	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

107. brt. 239, 62. sþ. með 18 atkv. shlj.
108. brt. 239, 63. sþ. með 18 : 1 atkv.
109. brt. 239, 64. við IX. b. sþ. með 18 atkv. shlj.

14. gr. þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.

15.—23. gr., 1. og 3. apríl.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg skal þá leyfa mér að fara fyrst nokkrum orðum um 15. gr. frv. Fyrir breyt.till. sínum hefir nefndin gert grein í nefndarálitinu, en eg verð þó að fara nokkrum orðum um sumar þeirra. Það er lagt til, að 600 kr. séu veittar hvort árið, til þess að Ísland gangi í hið svonefnda Bernersamband, til þess að vernda rétt íslenzkra ríthöfunda.

Það hefir tíðkast í útlöndum, að íslenzkar bókmentir hafa verið þýddar og gefnar út að höfundum fornspurðum og endurgjaldslaust. Þannig hefir verið hallað á íslenzka rithöfunda. Tillagan er þá gerð í því skyni, að rétti þeirra verði ekki lengur traðkað, og þeir fái fult endurgjald fyrir, að rit þeirra eru þýdd á önnur mál. Styrk þennan má kalla almennan skáldastyrk, og því er minni ástæða eftir en áður að hækka styrk til einstakra skálda í framtíðinni.

Þá er önnur tillaga þess efnis, að bókasafni Seyðisfjarðarkaupstaðar séu veittar 500 kr., eitt skifti fyrir öll, til kaupa á íslenzkum bókum. Bókasafn þetta er ekki mjög gamalt, það er stofnað fyrir tæpum 20 árum, hefir altaf haft lítið fé til umráða og aðallega varið því til kaupa útlendra bóka. Það á því ekki aðrar íslenzkar bækur en þær, sem hafa verið gefnar út fáein síðustu árin, eftir að þau lög gengu í gildi, að fjórðungabókasöfnunum skyldi sent eitt eintak af öllum þeim ritum, sem gefin eru út á Íslandi. Eg vona því, að tillaga þessi fái góðan byr hér í deildinni, og verði samþykt.

Þá verð eg að leiðrétta dálítið mishermi í nefndarálitinu. Þar stendur nefnilega, að magister Ágúst Bjarnason skuli fá sama styrk og hann hefir nú. Þetta er ekki rétt. Hann hefir undanfarin 2 ár haft styrk bæði árin, en nú hefir nefndin viljað leggja til, að hann fái aðeins styrk fyrra árið, 1912 Eg hefi heyrt sagt, að þessi styrkur geti ekki komið að fullum notum, og býst því við, að málið verði athugað aftur á fundi nefndarinnar fyrir 3. umræðu og ef til vill leiðrétt þá.

Frá háttv. þingmönnum hafa komið 13 breyt.till. við þær greinar, sem nú eru til umræðu. Eg mun, eins og áður, að eins minnast á þær, sem nefndin hefir fallist á. Það er þá fyrst breyt.till. á þingskjali 386, um að styrkurinn til jarðskjálftarannsókna sé hækkaður um 50 kr. á ári. Maðurinn, sem við þær fæst, hefir lýst því yfir, að hann geti ekki fengist við starfið lengur, ef styrkurinn sé ekki hækkaður, og þar sem farið er fram á svo lága upphæð, sér nefndin eigi ástæðu til að leggja á móti þessari fjárveitingu.

Þá er breyt.till. á þskj. 410, um hækkun á námsstyrk til Laufeyjar Valdimarsdóttur. Styrkurinn var í upphafi áætlaður 300 kr. Brtill. fer fram á 500 kr., en nefndin vill fara meðalveg og mæla með 400 kr. styrk. Eg verð að fara örfáum orðum um brtill. á þskj. 402, um útgáfu alþingisbókanna. Sú fjárveiting var feld í nefndinni með öllum atkvæðum Eg var persónulega hneigður til þess að styðja þessa fjárveitingu, því að hér er um mikinn fróðleik að ræða, en þar sem það hefir ekki fengið náð á fyrri þingum, get eg sætt mig við, að það dragist eitt árið enn.

Þá hafa komið nokkrar tillögur um hækkun skáldastyrks. Meiri hluti nefndarinnar vildi halda sér við frv. stjórnarinnar, en ýmsir háttv. nefndarmenn lýstu því þó yfir, að þeir vildu hafa atkvæði sín óbundin í þessu máli.

Viðvíkjandi brtill. nefndarinnar við 16. gr., get eg vísað til nefndarálitsins. Þó skal eg geta þess, að nefndin hefir lagt til, að ein upphæðin til bændaskólans á Hólum, ɔ: til verklegrar kenslu, sé færð niður, í því skyni, að samræmi komist á milli fjárveitinganna til Hólaskóla og Hvanneyrarskóla. Hólaskóli hefir hingað til haft hærri styrk, en nefndinni þykir rétt að gera ekki upp á milli skólanna, þar sem engar ástæður hafa verið færðar fyrir því.

Það var felt hér í deildinni fyrir nokkru frumvarp til laga um eftirlaun handa

Torfa skólastjóra í Ólafsdal, með rökstuddri dagskrá. Deildin ætlaðist til þess, að fjárlaganefndin sæi fyrir fjárveitingu til hans, sem viðurkenningu fyrir gott starf í þarfir þjóðarinnar. Nefndin hefir því lagt til, að Torfi í Ólafsdal skuli settur inn í þessa grein fjárlaganna með 1200 kr. í stað 1500 kr., sem hann hafði áður. En nefndin hefir sömuleiðis felt í burtu orðin: til verklegrar búnaðarkenslu, og með því gefið í skyn, að hann þurfi ei að gera grein fyrir, hvernig hann verji þessu fé, en það beri að eins að skoða sem viðurkenningu fyrir langt og gagnlegt æfistarf.

Í 99. breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. stendur, að 33. liður falli burt. Það er prentvilla — á að vera 31. liður. 31. liður er um 2500 kr. fjárveitingu fyrra árið, til þess að byggja turn á Hólakirkju. Nefndin vill fella þessa fjárveitingu burt, jafnvel þótt hún viðurkenni, að kirkjan sé merkileg. En hún sá ei ástæðu til að veita fé til þessa nú, þar sem svo mörg þarfafyrirtæki verða að bíða.

Þá skal eg minnast á brtill. háttv. þm. við þessa grein. Nefndin hefir athugað þær allar, en eg vil að eins tala um þær, sem hún hefir aðhylst.

Fyrst er breyt.till. á þskj. 363, um að 3000 kr. séu veittar til framhalds rannsóknar á járnbrautarstæði austur í sýslur. Nefndinni var kunnugt, að fé hefir verið veitt til þessa á fjárlögunum áður, en veit ei hve langt rannsóknin er komið og hversu mikið fé muni þurfa til að ljúka henni. Afstaða nefndarinnar í þessu máli er því óráðin, þangað til nánari upplýsingar koma, sem hæstv. ráðherra getur væntanlega gefið.

Þá hefir komið fram tillaga um það, að fella burt styrkinn til samvinnusmjörbúanna, en veita í þess stað 5000 kr., til þess að styrkja nýstofnuð smjörbú. Nefndin verður að leggja á móti þessari tillögu, með því að hún lítur svo á, að tilgangurinn með styrkveitingunni til smjörbúanna hafi í upphafi verið sá, að hjálpa til að koma þeim á laggirnar og styrkja þau fyrstu árin. Í samræmi við það hefir styrkurinn minkað um 2000 kr. á ári. Mér hefir láðst að geta þess, að í frumv. stjórnarinnar er byrjað á sömu upphæð og endað var á seinasta ári, 12 þús. kr., og hefir nefndin því komið með brtill., að í stað 12 þús. og 10 þús. kr. í frv. stjórnarinnar komi 10 þús. og 8 þús. kr.

Ennfremur hefir nefndin fallist á breyt.till. háttv. þm. Skagf. (Ó. Br.) á þskj. 373, um fjárveitingu til bryggjugerðar á Sauðárkrók, 3000 kr., gegn $^2/_3$ hlutum annarsstaðar frá. Með því að hér er farið fram á það sama og nefndin hefir fallist á, að veitt sé til bryggjugerðar á Húsavík, vill nefndin einnig mæla með þessari styrkveitingu.

Á þskj. 369 er brtill. sem fer fram á, að Landsbankanum séu gefnir upp vextir af seðlum, sem bankinn hefir frá landssjóði. Eins og kunnugt er, fékk bankinn 750 þús. kr. frá landssjóði í seðlum, og á samkvæmt 2. gr. bankalaganna að gjalda 1% vexti af þeim. Meiri hluti nefndarinnar lætur tillögur þessar hlutlausar og eru atkvæði nefndarmanna því óbundin í þessu máli.

Þá eru ekki fleiri breyt.till. við þessa grein, sem nefndin hefir aðhylst, eða lætur hlutlausar. Við 17. og 18. gr. eru engar brtill.

Við 19. gr. er ein brtill. frá háttv. þm. Dalamanna (B. J.), en með því að hún fer fram á það sama og brtill. nefndarinnar nr. 105, þá er hún óþörf.

Þá skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um lánbeiðnirnar í 22. gr. Eins og eg sagði í upphafsræðu minni um fjárlögin, þá er farið fram á lán úr

viðlagasjóði, sem samtals nema 161 þús. kr. Hæstv. ráðherra hefir nú lýst því yfir, að ekkert handbært fé væri að fá úr viðlagasjóði, enda var nefndinni kunnugt um, að svo mundi vera. Þar sem ganga má að því vísu, að ekkert gagn verði að því, þótt lánbeiðnir þessar séu samþyktar, vill nefndin ekki vera að leggja fast að þingmönnum að fella þær, þótt hún sé yfirleitt á móti þeim. Ef menn hafa gaman af að vera að flagga með þessar lánsheimildir á pappírnum, þá er, ef til vill, ekki vert að vera að svifta þá þeirri ánægju.

Eg hefi þá drepið lauslega á þær breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, sem nefndin vill leggja til að samþyktar verði, eða er ekki mótfallin. Flestum hinum, sem eg hefi ekki minst á, er nefndin á móti.

Einar Jónsson: Eg vildi leyfa mér að segja fáein orð, vegna þess, að eg hefi komið fram með nokkrar breyttill. við fjárlagafrumvarpið, sem hér liggur nú fyrir. Háttv. fjárlaganefnd hefir ekki komið fram með neinar breytingartillögur um skáldastyrkina og hefi eg því leyft mér að koma með þær. Eg sýndi á síðasta þingi, að eg er því mótfallinn, að skáldum sé yfirleitt veittur nokkur styrkur. En ef þeim er veittur styrkur, verður styrkveitingin að vera óhlutdræg. Þess vegna hefi eg komið fram með breytingartillögur á þskj. 384 um að Einari Hjörleifssyni verði ekki veittur hærri styrkur en Guðmundi Magnússyni, eða með öðrum orðum, að styrkur Einars verði lækkaður niður í þá upphæð, er Guðmundur hefir, og ennfremur, að styrkurinn til Þorsteins Erlingssonar verði færður niður um helming. Eg veit, að Þorsteinn Erlingsson hefir aðeins einu sinni gefið út 1 kvæðabók, sem flestum mun að vísu þykja góð. En á þingið altaf að halda áfram að launa hann fyrir þetta? Eg hygg, að hann sé búinn að fá bókina nógu vel borgaða. Hann hefir ekki, að undanteknum nokkrum tækifæriskvæðum, er honum mun oftast vera goldið fyrir, ort neitt annað en þessa einu bók. Annað liggur ekki eftir hann. Mér finst það ekki rétt, að landssjóður sé að halda áfram að launa hann fyrir að ganga með hendurnar í vösunum, og vildi mega vænta þess, að honum væri sjálfum þyrnir í augum, að taka meiri peninga úr landssjóði fyrir Þyrna sína. Eg vona að háttv. þm. athugi það vel, að hér er um landsfé, en ekki þeirra eigin fé, að ræða. Mig langaði til að koma fram með tillögu um, að styrkurinn til Þorsteins Erlingssonar, og helzt allra skálda yfir höfuð, yrði strykaður út af fjárlögunum. En af því að eg þekki vel, hvernig háttv. deild tók í þetta mál á síðasta þingi, hefi eg ekki þorað að koma fram með slíka tillögu, en er háttv. deild hinsvegar þakklátur, ef hún vildi taka breytingartillögu mína til greina.

Mér finst óréttlátt, að styrkurinn til Einars Hjörleifssonar skuli vera meiri en til Guðmundar Magnússonar, sem vinnur þó alla jafna mest allra skálda, og að margra dómi engu lakari en aðrir skáldsagnahöfundar. Einar Hjörleifsson hefir ritað ýmislegt, sumt dágott, en sumt fremur lélegt. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi gefið út nein rit síðan »Ofurefli« kom út, en sem eg hygg að hafi verið honum sjálfum ofurefli, þar sem hann þarf svo mjög að hvíla sig á eftir. Mér er nú að vísu tjáð, að rit hans, sem »Gull« nefnist, sé þegar komið út. Það er á þessu augnabliki lagt hér á borðið bjá mér og sýnist vera fallegt hið ytra. En þar eð bókin er alveg nýútkomin, býst eg við, að margir hafi alls ekki lesið hana ennþá. Það er því alls ekki víst, að þetta gull sé nokkurs virði,

en landssjóðsgullið aftur á móti hefir fult gildi. En alveg burtséð frá því, hvort þetta Gull hans Einars Hjörleifssonar er nokkurs virði, verð eg að halda því fram, að það er mjög ranglátt að veita honum hærri styrk en Guðmundi Magnússyni. Það ætti þó að minsta kosti að gera þeim jafnhátt undir höfði. Að því er styrkveitingu skáldanna snertir, sem virðast reyndar fremur vera föst laun en styrkveiting, skal eg til samanburðar geta þess, að bændur fá að eins einu sinni styrk úr þeim sjóðum, sem annars veita þeim nokkuð, t. d. sjóði Kristjáns 9., Ræktunarsjóðnum og máske fleiri, fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum; þessi styrkur er mjög lítill, svo sem 50—150 kr., og þetta á bændun um að nægja. En á þá Þorsteinn Erlingsson o. fl. skáld að liggja altaf uppi á landssjóði, enda þó verkið sé að eins að hafa einu sinni gefið út eina kvæðabók? Mér finst að sama regla ætti að gilda um skáldin og bændurna, að heiðursstyrkur sé veittur í eitt sinn fyrir vel unnin, þörf og nauðsynleg verk, en árleg laun ekki. Einar Hjörleifsson og Þorsteinn Erlingsson eru að ýmsu leyti vel gefnir og gætu því lifað á því, sem þeir ynnu sér inn við ýms ærleg störf, sem vel hæfra manna þarfnast. Það er óþarft, að landssjóður skuli vera að ala þá. Hið sama er að segja um Guðmund skáld Guðmundsson. Hann er vel gefinn maður og hefði vel getað lokið námi, ef hann hefði verið reglusamur. En landssjóður á ekki að gjalda þess, og sé eg enga sanngirni í að veita honum neinn styrk. Það ætti helzt að slá svörtu striki yfir allar þessar styrkveitingar til skáldanna.

Þá vildi eg minnast á breytingartillögu, er eg hefi komið fram með, um lánbeiðni til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri. Mér hefir verið tjáð, að ekkert þýddi að koma fram með lánbeiðnir, því að ekkert fé væri til, en eg hefi samt sem áður komið með tillöguna, samkvæmt vilja kjósenda minna. Eg hygg, að allir hinir háttv. þm. hafi heyrt Safamýri nefnda. Skal eg í stuttu máli skýra frá því, hvað hún gefur af sér nú og hvað hún gæti gefið af sér, ef hún væri vernduð fyrir vatnságangi af Djúpós, eftir því sem kunnagir og fróðir menn álíta. Mýrin er um 4000 vallardagsláttur að stærð og er nú venjulega heyjað í henni um 11—12 þús. hestar. En ef hið umbeðna lán yrði veitt og því varið til þess að vernda mýrina fyrir vatnságangi, mætti, að kunnugra manna sögn, heyja í henni 40—48 þús. hesta til viðbótar, og auk þess á Hofshverfis- og Sandhólaferjuengjum 6—7 þús. hesta fram yfir það, sem nú gengst við. Eg hygg því, að engum geti blandast hugur um, að lánbeiðnin sé á góðum rökum bygð og að þessum peningum sé mjög vel varið til þessa fyrirtækis. Lánið umbiðst því aðeins, að landsverkfræðingurinn skoði, hvort hægt sé að stemma stigu fyrir vatnságanginum, og einungis gegn ábyrgð sýslunnar. Það hafa komið svo margar breytingartillögur við fjárlagafrv., að það er nálega ókleift að rekja þær allar. Eg get þó ekki stilt mig um að minnast á eina breyt.till., sem gengur út á að veita stórstúku Goodtemplara styrk sem að undanförnu, enda þótt eg þykist vita, að margir háttv. þm. reki upp stór augu, er eg minnist á þetta. Það er alkunnugt, að til eru hin svo nefndu aðflutningsbannslög frá 1909. Hvað hefir þá stórstúkan að gera með styrk? Ætlar hún kannske að nota hann til þess að útrýma víni úr landinu, þegar ekkert vín er innflutt? Þarf hún að senda Sigurð regluboða út um land, til þess að stofna stúkur, þegar allir verða að vera í bindindi, vegna þess að ekkert vín er að fá? Nei, það er augljóst, að styrkveitingin er óþörf. Stúkan getur hætt að starfa og má því setjast í

helgan stein, en það er algerlega óþarft að launa hana til þess.

Eg skal ennfremur minnast á tillögu frá háttvirtum þm. Rvk., um að veittar verði kr. 3000.00 til þess að rannsaka járnbrautarsvæði austur í sýslur. Eg er háttv. þm. þakklátur fyrir tillöguna og hefðu þeir ekki komið með hana mundi eg og háttv. samþingismaður minn hafa gert það. Samskonar tillaga var feld á síðasta þingi vegna eintómrar hlutdrægni. Áður hafði verið veittar kr. 16000.00 til þessa fyrirtækis, en síðasta þing vildi ekki veita þá hina litlu upphæð, sem fram á var farið, til þess að rannsakað yrði til hlítar, og þær 16000 kr., sem áður voru notaðar, því til einkis gagns enn þá. Það er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að rannsaka þetta mál, og óska eg þess fastlega, að tillagan nái fram að ganga.

Jón Magnússon: Eg á breytingartillögu, sem stendur í sambandi við fjárveitingu, sem fyrir skömmu var samþykt hér í deildinni. Þessi breyt.till. fer fram á að lána Vestmanneyingum fé til hafnargerðar í eyjunum. Eins og eg tók fram, þegar fjáraukalögin voru hér til umræðu, þá er höfn í Vestmannneyjum lífsskilyrði fyrir fiskiútveg eyjabúa. Mótorbátum eyjamanna, nú um 50, og mörgum stórum, er allhætt á höfninni í vissri átt, ef hvasst er, því að höfnin er lítil um sig og grunn, og bátunum hætta búin að liggja á henni, ef sjór er mikill. En aftur á móti er hvergi eins auðvelt að gera höfn trygga, eins og þar og með tiltölulega litlum kostnaði. Á þrjá vegu er land að höfninni, og það mundi mega gera þar alveg trygga bátahöfn fyrir 50—60 þús. kr. Þennan kostnað vilja Vestmanneyingar leggja á sig, og þeir fara ekki einu sinni fram á að fá styrk til þess hjá landssjóði, þó alstaðar annarsstaðar hafi verið veittur styrkur til hafnargerðar, og þingið talið sjálfsagt að veita hann. En þeir vilja ekki fara fram á slíkt. Vita að fjárhagurinn er mjög þröngur nú, og eru hræddir um, að það mundi að eins tefja fyrir málinu, að fara slíks á leit, en hafnargerð hjá þeim þolir enga bið.

Aðra breyt.till. á eg, sem fer fram á, að veita styrk til bryggjugerðar í Vestmanneyjum, sem nú er lokið. Bryggjan hefir kostað um fimtán þúsund kr. En er taldar eru með festar fyrir vélabáta til að liggja við, hefir tilkostnaður við höfnina þar orðið um 23 þúsund. Nú er þess farið á leit að veita 5 þús. kr. til bryggjugerðarinnar. Hér á hlut að máli lítið sveitarfélag, og hér er ekki farið fram á annað, en það, sem öll kauptún, er fram á það hafa farið, hafa fengið, er þau hafa ráðist í bætur á höfn eða bryggjum. Mér er kunnugt um, þótt hv. frsm. (B. Þ.), hafi ekki getið þess, en það hlýtur að vera af gleymsku hjá honum, að meiri hluti hinnar háttv. fjárlaganefndar er þessu meðmæltur, eins og hennar var von og vísa, því þetta er ekki annað en réttmæt og sanngjörn krafa. Eg þarf því ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vona, að þeir, sem hafa heyrt mál mitt, muni samþykkja þessa fjárveitingu. Að því er snertir lán til hafnargerðarinnar, þá skal eg að lokum láta þess getið, að eg býst við að beiðnin um það fái áheyrn vegna nauðsynjar eyjamanna. Eg veit það að vísu, að það er rétt hjá háttv. frsm., að ekki sé hægt að veita fé, ef það er ekki til. En ef það er til, þá á sannarlega að veita það til slíks fyrirtækis. Eg skal svo ekki þreyta hina háttv. deild með öllu lengri ræðu. Þótt eg sé yfirleitt á móti hinum miklu skáldlaunum eða skáldastyrk, er þingið eys stöðugt út, altaf meira og meira, þá vil eg þó láta þess getið sérstaklega, að eg er ekki með því að færa niður eða fella

burtu styrkinn til Einars Hjörleifssonar. Eg er ekki að þessu leyti samdóma hv. 2. þm. Rangv. (E. J.). Síðan Einar Hjörleifsson fór að njóta styrks af almannafé fyrir rit sín, þá hefir hann sannarlega unnið íslenzkum bókmentum gagn. Styrkurinn hefir borið ávexti. Hann hefir gefið út tvær stórar skáldsögur, og margar smærri. Hann er með öðrum orðum stöðugt að auðga bókmentir vorar, og það að stórum mun. Og get eg ekki að því gert, að minnast á það, að þá er öðru máli að gegna um Þorstein Erlingsson, sem ekkert sést eftir framar, eða ekkert sem teljandi sé. Eg vil í þessu sambandi geta þess, að það gæti verið ástæða til þess að hækka styrkinn til Guðmundar Magnússonar og það stendur sérstaklega á með hann, þar sem hinir tveir, er eg nefndi, hafa svo að segja verið kostaðir til þessa frá upphafi af almannafé, þá hefir aldrei verið eytt neinu til þessa manns. Ef tillit væri tekið til þess, þá ætti hann að fá hærri styrk nú. Að öðru leyti skal eg ekki tala um þær breyt.till., sem ekki koma mér við. En yfirleitt mun eg greiða atkvæði þannig, að sem minst bætist við tekjuhallann og vera móti þeim fjárveitingum, sem ekki er ætlað til verklegra fyrirtækja.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að eins að minnast á nokkur atriði í tillögum fjárlaganefndarinnar, og skal eg vera eins stuttorður og mér er unt.

Þá skal eg fyrst tala um aukaskjalavörðinn. Fjárlaganefndin vill lækka laun hans úr eitt þúsund kr. ofan í 800 kr. Eg veit ekki á hverju hún byggir þetta, en ekki þykir mér líklegt, að duglegur maður fáist fyrir svona lágt kaup. Þá hefir upphæðin, sem ætluð hefir verið til bókbands handa safninu, verið færð niður. Það er alveg misráðið hjá nefndinni, því það var engin hætta á, að meira hefði verið bundið inn, en þurft hefði nauðsynlega, og það er illt, ef handritin skemmast, af því ekki er nægilegt fé fyrir hendi til þess að láta binda þau inn, og er það því verra, sem mörg þeirra eru dýr og illt að handritin glatist.

Þá vill nefndin lækka fjárveitinguna til þess að kaupa forngripi handa forngripasafninu úr 1500 kr. niður í 1000 kr. Flestum mun vera það kunnugt, hve mönnum er gjarnt að selja útlendingum forngripi, ef þeir gefa krónunni meira. Og er það illt fyrir umsjónarmann safnsins að verða þannig af góðum gripum, af því hann getur ekki boðið eins hátt fyrir þá og aðrir. Eg álít því, að þetta sé mjög misráðið, og mun því verða á móti þessari lækkun.

Eg hefi rekist hér á breytingartillögu frá nefndinni um að veita 600 kr. til Bernersambandsins til þess að vernda rétt íslenzkra rithöfunda, og mælti háttv. framsögum. (B. Þ.) mikið með þessari fjárveitingu og gagni því, sem íslenzkir rithöfundar mundu hafa af þessu. En eg hygg, að á þessu máli séu tvær hliðar. Ef Ísland kemst undir Bernersamþyktina, þá má enga bók þýða á íslenzku nema með leyfi höfundarins. Hingað til hafa þeir, sem hafa fengist við að þýða rit úr íslenzku, mátt heita sleppa vel, ef þeir hafa sloppið skaðlausir frá útgáfunni og engin laun fengið fyrir þýðinguna. Þannig veit eg að því hefir verið varið með Poëstion og Küchler. Og þegar Reclame-útgáfan sér sér ekki fært að borga meira en 1—200 hundruð mörk fyrir bækur eins og »Pilt og stúlku«, þá sjá menn hvaða gagn höfundarnir mundu hljóta af þessu. Eg hygg, að þetta mundi verða fremur haft á þá, sem vildu þýða bækur okkar. Þeir menn, sem þýða bækur okkar nú, gera okkur mikið gagn, en það er óvíst, hvort þeir mundu vera að þýða þær, ef þeir

yrðu að borga fyrir það. En það er líka til önnur hlið á þessu máli. Útlendir höfundar mundu ekki vilja leyfa okkur að þýða sín rit nema þeir fengju borgun fyrir það. Og við erum ekki færir um að borga neitt svipað því, sem aðrar þjóðir borga höfundunum í ritlaun. Og ef við ættum að borga höfundunum há ritlaun, þá yrðu ekki eins margar góðar bækur þýddar á íslenzku og hingað til hafa verið þýddar. Við eigum því aldrei að hreyfa við því að komast í Bernersambandið, því það er til stórskaða fyrir okkur að hafa ekki aðgang að öllum þeim bókum, sem við viljum þýða. Og eg vona, að nefndin taki þessa tillögu aftur, þegar hún hefir athugað þetta.

Þá eru hér breytingartillögur frá nefndinni um að lækka styrk til tveggja vísindamanna ofan í 1200 kr. til hvors þeirra um sig. Hvorttveggi þessara manna heitir Helgi, og er annar þeirra bróðir minn. Aðrar ástæður eru ekki tilfærðar fyrir þessari lækkun en að fjárhagurinn sé svo þröngur, að ekki séu tiltök að hafa styrk þennan hærri. Hér sé í svo mörg horn að líta o. s. frv. Eg held nefndin ætti ekki að berja lóminn, eins mikið og hún gerir. Hún ætti að gera ráð fyrir því, að þessi skrif hennar þektust annarstaðar og það yrði kunnugt út um heim, að jarðfræðingi landsins hafi verið neitað um styrk til jarðfræðisrannsókna, af því landið hafi ekki haft fé til. Eg held slíkt yrði ekki til þess að styrkja lánstraustið, ef það fréttist, fremur en »glapræðið mikla«, sem svo hefir verið nefnt. Þótt þessi maður hafi verið lasinn um stund, þá á þingið ekki fyrir þá sök að kippa að sér hendinni, því með því móti gæti það bakað honum áhyggjur og þannig svift hann lífsgleði sinni. Þótt annar þessara manna sé bróðir minn, mun mér þó leyfilegt að segja þá skoðun mína, að eg þekki ekki menn, sem séu áhugasamari um starf sitt en þessir tveir menn. Og eg fæ ekki skilið, að fjárhagurinn sé svo þröngur, að þingið þurfi að nema burt þessar 300 kr., sem síðasta þing hækkaði styrkinn um. Og ef eg fer oftar út sem viðskiftaráðunautur, þá treysti eg mér ekki til þess að segja, ef eg verð spurður, hvers vegna styrkurinn til þessara vísindamanna hafi verið lækkaður, að það hafi verið af fjárþröng. Því það er þessum mönnum og öðrum vísindamönnum að þakka, að margir menn kannast við Íslendinga og vita að þeir eru til. Eg vona, að allir sjái, að þessar tillögur eru á engum rökum bygðar og þess vegna eiga þær að falla.

Þá er ein breytingartillaga frá nefndinni, sem er all undarleg. Það er styrkurinn til Torfa í Ólafsdal. Eins og menn muna, þá bar fjárlaganefndin fram frumvarp hér í deildinni fyrir skömmu um 1500 kr. eftirlaun handa Torfa í Ólafsdal. Þá var það tekið út af dagskrá, af því margir ætluðust til, að slík eftirlaun yrðu veitt á fjárlögunum, og menn treystu nefndinni til þess að standa við tillögur sínar. En engum datt þá víst í hug, að nefndin mundi stinga upp á að lækka eftirlaunin úr 1500 kr. ofan í 1200 kr. þegar hún kæmi með þessa tillögu í fjárlögunum frá sjálfri sér aftur. Torfi í Ólafsdal á það svo margfaldlega skilið, þó hann fái 1500 kr. árlega í eftirlaun, að það væri ekki nema örlítill partur af þeim ágóða, sem við höfum haft af því að nota ljáina hans, því ef hann hefði tekið einkaleyfi á þeim, þá hefði hann verið stórríkur maður. Mér datt ekki í hug, að nefndin mundi lækka þetta, og leit því ekki eftir þessu, því þá hefði eg komið með breytingartillögu um að hækka þetta. En nú mun eg við 3. umr. koma með breyt.till., sem færir þessi eftirlaun upp í 1500 kr.

Þá er styrkurinn til iðnskólanna bundinn sama skilyrðinu og styrkurinn til skólanna, sem talað var um hér í gær, það voru þá færð rök fyrir því, að ekki væri rétt að hafa þetta skilyrði, og það er heldur ekki rétt hér.

Tillögu mína um viðskiftaráðunautinn mun eg tala um seinna.

Þá á eg hér ásamt með háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) tillögu um að veita Jóhanni skáldi Sigurjónssyni 600 kr. árlegan skáldstyrk. Þessi styrkur var feldur á síðasta þingi og var það ómaklegt, því að maðurinn er gáfaður og efnilegt skáld og hefir tekið sér fyrir hendur þá grein skáldskaparins, sem er erfiðust og minst kunn hér á landi. En það, sem hann hefir birt eftir sig, gefur manni vonir um, að við mörgu góðu megi búast frá hans hendi. En eg skal ekki tala meira um hann að sinni, því háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mun mæla með honum, þegar hann tekur til máls, og hann hefir í höndum meðmæli, sem Jóhann hefir sent, frá ýmsum mönnum. Það þarf ekki að láta hann gjalda þess nú, að hann skrifi á dönsku, því það gerir hann ekki, heldur semur hann á íslenzku og þýðir svo á dönsku. Eg veit fullvel um það, því eg hefi séð hann vinna.

Þá hefi eg komið með tillögu um, að Jóhannesi S. Kjarval séu veittar 1200 kr. hvort árið til þess að nema málaralist. Af málverkum hans, sem eru hér frammi á lestrarsalnum, hafa menn séð, hversu mikið líf og sál er í myndum hans. Einnig geta þeir lesið meðmæli þau, sem Ásgrímur Jónsson hefir gefið honum. Maður þessi hefir hingað til lifað af handafla sínum, fór að heiman þegar hann var 15 eða 16 ára og hefir verið sjómaður síðan, en hefir fengist við málaralist í tómstundum sínum. Og sama daginn og hann sendi umsókn sína til þingsins fór hann út á sjó. Hér er um verulegt mannsefni að ræða og ætti því þingið ekki að teljast undan að styrkja hann. Það ber einnig að líta á það, að þessi fjárveiting er, eins og margt af því, sem heyrir til 15. gr. í fjárlögunum, sprottin af því, að við eigum ekki sjóði, sem efnilegir ungir menn geti leitað til, og þessvegna verða þeir að leita til landssjóðs. Eg skal taka það fram, að Danir t. d. eiga marga slíka sjóði, og hafa Helgarnir, sem eg talaði um áðan, notið mikils styrks af Carlsbergssjóðnum og verið vel farið með þá af Dönum. Er það leiðinlegt fyrir Íslendinga, að láta Dani og aðra útlendinga vera að styrkja sína fáu vísindamenn. Er það jafn nauðsynlegt til allra þjóðþrifa, að styrkja bókmentir og listir, sem smjörframleiðslu. Að verklegar framfarir séu og styrktar, því mæli eg ekki á móti. En hitt fær enginn mig til að halda, að matpokinn sé meira virði en sálin. Hefir þessi þjóð fengið frelsi sitt fyrir andlega starfsemi forfeðra sinna.

Háttv. fjárlaganefnd hefir lagt til, að styrkur til landskjálftamælisins sé færður upp, svo sem tillaga mín fer fram á og er eg henni þakklátur fyrir það. Maður sá, sem að honum gætir, verður mikið fyrir honum að hafa. Verður hann oft að sitja yfir honum fram á nætur. Hefir hann vottorð frá verkfræðing Krabbe.

Þá er tillaga, sem gengur út á það, að veita meistara Guðmundi Finnbogasyni styrk til að gefa út heimspekisfyrirlestra sína. Samskonar styrk hefir Ágúst Bjarnason haft til að gefa út sína fyrirlestra. Eg verð að mæla fast með þessari till. minni, því það er hörmulegt, að íslenzkar bókmentir skuli fara á mis við þann dýrasta gimstein bókmentanna, heimspekina, sem heita má að vera rjómi vísindanna. Fyrirlestrar Ág. Bjarnasonar hafa verið heimspekis-

stofnaður árið 1878 með gjafabréfi séra Þórarins Böðvarssonar og 2 manna annara. Þessi gjöf var því skilyrði bundin, að ef skólinn legðist niður, þá félli þetta fé aftur til erfingjanna. Þetta vil eg biðja deildina að athuga, að ef ekki er veitt nægilegt fé til skólans, svo að hann geti haldið áfram, þá mundi landssjóður gefa einstökum mönnum ekki svo lítið fé. Ennfremur skal eg benda á það til sönnunar mínu máli um að skóli þessi sé ekki privatskóli, og það er, að þegar eftir að skólinn var stofnaður, var hann þegar settur undir 3 manna nefnd, er landshöfðingi skipaði, en sú nefnd stóð aftur undir eftirliti stiftsyfirvaldanna; skólinn hefir þannig frá fyrstu byrjun verið undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, og þess vegna getur enginn sagt, að skóli þessi sé einstaklings eign. Og þegar þess er gætt, að skóla þessum hefir nú um 33 ára skeið verið lagt af almannafé það sem hann hefir þarfnast til þess að geta haldið áfram, þá virðist mér sem það sé nokkuð hart að fara nú að svifta hann þessum styrk, því skóli þessi verður að skoðast sem eign hins opinbera, sem því er skyldugt að halda við.

Út af því að fjárlaganefndin hefir stungið upp á því, að þessi skóli legði skólagjald á nemendur sína, þá verð eg að líta svo á, að slíkt sé með öllu ógerningur; því þess ber að gæta, að á þennan skóla ganga mestmegnis mjög efnalitlir menn, sem alls ekki hafa efni á að greiða skólagjald, að því einnig ógleymdu, að hvorki hér við mentaskólann né skólann á Akureyri á slíkt gjald sér stað — þvert á móti er nemendum við þessa skóla veittur styrkur til námsins; það virðist því vera lítið samræmi í því að láta nemendur Flensborgarskólans eina borga skólagjald.

Þá hefir því verið haldið fram og fundið skólanum til foráttu, að hann væri aðallega fyrir Hafnfirðinga. Auðvitað eiga Hafnfirðingar hægast með að nota skólann, en Reykvíkingar eiga líka hægast með að nota mentaskólann hér, og dettur þó engum hinna háttv. þm. í hug að leggja til að lækka styrkveitingu til hans. Það gegnir furðu, hversu mikið kapp sumir þm. sýnast vilja leggja á það, að svifta þennan skóla styrk, og mér finst óneitanlega, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) höggvi nokkuð oft í sama knérunn, er hann flytur 3 brtill. um niðurskurð á fjárveitingum í þessu kjördæmi, þótt það kóróni að vilja endilega eyðileggja Flensborgarskólann, af því að hann er svo óheppinn að standa í þessu kjördæmi.

Pétur Jónsson: Það hefir mikið verið talað um fjárhagsástandið, og virðast allir á sama máli um það, að ekki sé hægt að komast hjá stórum, jafnvel óforsvaranlega stórum tekjuhalla á fjárlögunum. Tekjuhallinn er nú 188 þús. — Svo liggja fyrir breyt.till. frá fjárlaganefnd, sem nema 70 þús. kr. útgjaldameginn — útgjöld, sem að mestu hafa við lög að styðjast — og býst því ekki við, að eg né aðrir greiði atkv. móti þessari hækkun. Tekjuhallinn er þá orðinn nær 260 þús. króna. Setjum nú svo, að tekjurnar af vínfangatolli séu of hátt áætlaðar um 100 þús. kr., þá er tekjuhallinn orðinn 360 þús. kr. Mér hefir því þótt það merkilegt, að sumir þm. hafa við þessar umræður fjárlaganna greitt atkvæði með nálega hverri tillögu, sem fer fram á fjárhækkun eða útgjöld, þrátt fyrir það, þótt fjárhagurinn sé svona, og þegar gengið er að eins á þá sveifina að samþykkja alt sem er til eyðslu, en hugsa ekkert um sparnað, þá stefnir fjárhagnum í beinan voða. — Það sem fráfarandi stjórn lagði fyrir þingið, var að ýmsu leyti falskt, t. d. vantaði í það af óhjákvæmilegum útgjöldum: til vega um

hafa fjölskyldu fram að færa, geti orðið styrksins aðnjótandi, og vænti eg þess, að hún mæti ekki mótspyrnu.

Næst get eg minst á viðaukatill. á þgskj. 524 um styrk til Reynis Gíslasonar til þess að fullkomna sig í samhljómsfræði og hljóðfæraslætti, og var það gleymska ein, að sú till. kom eigi fram við 2. umr. Þetta er unglingsmaður, sonur Gísla Finnssonar járnsmiðs hér í bænum, og er þegar orðinn kunnur að því, hve vel hann leikur á hljóðfæri og orðinn mjög vel að sér í »harmoníu«-fræði. Hann hefir ekki haft annað fyrir stafni í mörg ár en stunda þetta, og er nú orðinn svo vel að sér, að hann mun ganga næstur þeim útlenda manni, O. Johansen, sem hér þykir leika bezt, enda hefir sá maður nú tekið hann til aðstoðar sér. Það er fullkomin ástæða til þess að veita áheyrn ungum, efnilegum manni, sem hefir stundað slíkt svo lengi án styrks, og á að eins eftir að verða fullnuma erlendis. Þessi piltur hefir hugsað sér að ganga á »Musikkonservatorium« í Khöfn og hefir ekki farið fram á meira til þess en 600 kr. hvort árið, en veran þar mun kosta miklu meira, því að kensla í slíkum greinum er mjög dýr, ef til vill 6—8 kr. á tímann, ef tekin er tímakensla hjá góðum kennurum auk kenslu á skólanum, sem þörf er á. Það sjá því allir, að hér er ekki að ræða nema um brot af kostnaðinum, en á hinn bóginn er það víst, að ef hann getur verið þar í 2 ár, þá kemur honum það að miklu liði. Hann hefir og hin beztu meðmæli frá öllum söngfræðingum þessa bæjar, enda veit eg, að enginn sem hefir heyrt til hans, efast um hæfileika hans.

Þá er á þgskj. 522 till. frá peningamálanefndinni um eftirgjöf á leigum af seðlaláni til Landsbankans, 7,500 kr. hvort árið. Á þgskj. 319 er skýrt frá því í nefndarál., hvers vegna þetta er lagt til, og sjálfur gerði eg einnig grein fyrir því við 2. umr. Bankinn hefir orðið að leggja fram svo mikið fé að veði fyrir veðdeildinni, að hann tapar á því 13 þús. kr. beinlínis í vöxtu, auk þeirra hagsmuna, sem hann hefði annars getað haft af því fé. Og það er því fremur ástæða til þess að létta af þessu gjaldi, þar sem á bankannm hvílir annað gjald, sem sé 7500 kr. til byggingarsjóðs. Nú hefir peningamálanefndin heldur viljað gera þessa breyt.-till. við fjárl. en að létta byggingarsjóðsgjaldinu af bankanum, og er því frumv. þess efnis tekið aftur.

Í síðari breyt.till. á þgskj. 538 frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er það lagt til að fella burtu styrkinn til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, sem samþyktur var hér í deildinni síðast við 2. umr. Mér þykir það kynlegt að koma með slíka tillögu, svona umsvifalaust, og eg efast jafnvel um, að hún getí orðið borin undir atkvæði. Og einkum þykir mér mikið, að hún skuli koma frá sama háttv. þm., sem líka leggur það til, að kippa burtu fjárveitingu til vegar í sama kjördæmi, sem nú er búið að veita fé til í 4 fjárhagstímabil, og vona eg að báðir liðirnir fái að standa. En ef svo skyldi ekki verða, mót von, þá vil eg þó af tvennu illu heldur missa þetta, en að vegurinn fái að standa, því að vandræði eru að verða að hætta við hann í miðju kafi og láta hann bíða, hver veit hve lengi.

Þá fáein orð um breyt.till. þm. S.-Þing. (P J.) um Flensborgarskólann.

Eg sagði það við 2. umr. þessa máls, að eg furðaði mig á því, að mótbárur skyldu koma fram um það, að veita þessum skóla þann styrk, sem hann þó naumast kæmist af með; annað ekki farið fram á. Þessi háttv. þm. lætur sem hann viti ekki, að skóli þessi er landsskóli og landssjóðseign; skólinn er

Á síðasta þingi komum við, háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) og eg fram með góða og eftirbreytnisverða till. um fjárveitingu til bónda eins, sem verið hefir landinu þarfur maður, Þorvalds Björnssonar á Eyri, en háttv. E. d. sá ráð fyrir þeim lið þá, svo að þótt það væri í raun réttri ekki nema sjálfsagt, að bændum væri veitt einhver viðurkenning fyrir framúrskarandi dugnað, þá álitum við ekki ráð að koma fram með þá beiðni aftur nú. Annar maður, sem nefna hefði mátt í þessu sambandi, — og eg hefi fengið hvöt til þess, — er Vigfús Þórarinsson. Hans nafn er mörgum kunnugt, því að það er sami maðurinn, sem fylgt mun hafa flestum þeim, sem einhverntíma á síðasta mannsaldri hafa farið um austurvegu, yfir eina á (Jökulsá á Sólheimasandi), sem samþykt var í þinginu í gær að brúa; gamall og góður bóndi langa hríð. En með því að svo er að sjá, sem þinginu virðist það fjarstæða, að bændur hljóti nokkra sæmdarviðurkenningu í fjárveitingum, þá sé eg ekki ástæðu að fjölyrða frekar um þetta efni að svo komnu, þó að eg áliti að þingið eigi að taka nokkuð á annan veg í slík mál en gert hefir verið hér til.

Björn Kristjánsson: Fyrsta brt., sem eg á, er á þgskj. 583. Það er viðauki við breyt.till. fjárlagan. á þgskj. 518, og eftir samkomulagi milli háttv. fjárlagan. og mín, tek eg hana nú aftur. Eg er nefndinni þakklátur fyrir það, að hún sá að það var sanngjarnt að styrkja þennan sjúkling.

Þá er önnur breyt.till. á þgskj. 582, sem eg á með háttv. þm. N.-Þing. (B.Sv.). Hún er um það, að í stað hraðskeyta komi loftskeyti og stað hraðskeytasambands loftskeytasamband. Við gerum sem sé ráð fyrir því, þrátt fyrir breytingu háttv. e. d. á fjáraukalögunum, að þingið skiljist svo við þetta mál, að þessi orðun verði réttari, og vona eg, að háttv. deild fallist á þetta.

Við 13. gr. eru ýmsar breyt.till. frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), og eru þær að vísu allar í sparnaðaráttina, en ekki hygg eg að deilðin muni fallast á þær af þeim, sem fella burtu úr fjárl. það, sem þegar hefir verið samþykt með miklum atkvæðamun að eigi að standa þar. En það sem eg vildi sérstaklega minnast á í till. hans er vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur, sem hann kallar sýsluveg, en ætti að heita þjóðvegur. Til þessa vegar hefir nú verið veitt fé úr landssjóði á 4 þingum minst gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar að (ɔ: frá sýslunni), og þetta sem nú stendur í fjárl.frv., er síðasta fjárveitingin til þess að lúka honum. Það væri því í meira lagi óviðkunnanlegt að hætta við hana, og þar eð sýslubúar leggja sjálfir svo mikið á sig til þess að fá þessu framgengt, þá vona eg, að eitthvað falli fyr en þetta. Þá vantar mig og ástæður fyrir því, að fara að fella Bjargtangavitann, en setja annan í staðinn á Vattarnesi. Eg vona, þar sem fjárveitingin til Bjargtangavitans er að eins bundin við síðara ár fjárhagstímabilsins, að þá finni háttv. deild enga ástæðu til þess að fresta því máli ennþá lengur.

Þá vil eg minnast á breyt.till. á þgskj. 525 við aths. aftan við 14. gr. B. IV. c. 13., um styrki til nemenda við æðri skólana. Samkv. frv. á húsaleigustyrkur ekki að veitast öðrum nemendum en þeim, sem eiga heima utan bæjar, og að námsstyrk eiga þeir einnig að ganga fyrir innanbæjarmönnum. Nú kemur það stundum fyrir, að menn á æðri skólunum gifta sig og verða fjölskyldufeður hér. Þeir eru líka einatt úr sveit, og það er hart ef þeir, sem eiga sérlega örðugt uppdráttar þessa vegna, verða sviftir styrknum. Þessi till. er því til þess gerð, að þeir nemendur, sem hér

og læknisins við Vífilsstaðahælið, sem hefir 3200 kr., og álít eg það þó alls ekki of mikið. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir nú farið fram á það, að hækka þessi laun úr 2400 kr. upp í 3000 kr., en háttv. fjárl.n. vill ekki fara hærra en upp í 2700, og mun eg halda mér við hærri töluna, þangað til eg sé að það tjáir ekki lengur.

Breyt.till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) get eg fæstum verið meðmæltur. Eg get ekki fallist á þá breyt.till. á þgskj. 571, að nema burtu nafn Thorefélagsins úr fjárlögunum, því félaginu hafa verið faldar ferðirnar með sérstökum samningi, og get eg því eigi séð, að þetta sé á nauðsynlegum rökum bygt, meðan eigi er sannað, að sá samningur hafi verið rofinn af félaginu.

Þá má nefna breyt.till. á þgskj. 573 frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um að lækka ýmsa námsstyrki. Eg skal játa, að hóflega er í það farið, en af mörgum ástæðum verð eg þó að vera till. mótfallinn, enda er féð ekki mikið, eins og er.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði um kvennaskóla. Hann hefir lengi verið því málefni hollur og góður, en ei að síður þori eg ekki að lofa því að fallast á till. hans að þessu sinni, hvað sem verða kann, álít það, eins og nú stendur á, algerlega ógerning. Hann gat þess líka að þær mundu ekki vera alveg óaðfinnanlegar, og hefði háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) séð leik á borði móti þeim. Enda skoða eg þær meira sem gaman og glingur, en alvöru. (*Jón Jónsson S. Múl.*: Háttv. þm. hefir engan rétt til þess). Jú, hann er gamansamur 1. þm. S.-Múl., og eg hugsa, að honum væri ekki meir en svo um, ef þær væri samþyktar, svo að eg veit ekki nema eg kunni að greiða einni þeirra atkvæði. En ekki álít eg þó, að þær hafi það fylgi, að eg þurfi að tala mikið á móti þeim að öðru leyti.

Þá er eg meðmæltur till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um styrk til Reynis Gíslasonar, þótt eg sé ekki söngvinn maður sjálfur. Styrkur til meistara Ágústs Bjarnasonar er aðeins settur fyrra árið. Hygg eg að það sé prentvilla, sem er leiðrétt á þgskj. 589 og hafi átt að vera bæði árin, og mæli eg með því, að svo standi framvegis, hver sem tilætlunin hefir verið upphaflega.

Þá er hér ein breyt.till. á þgskj. 580 frá háttv. þm. Dal. (B. J.), vini mínum, sem eg veit að hann muni tala fyrir sjálfur. Hún er um það, að það á að fara að gefa einhverjum C. O. Jensen 2000 kr. fyrir það, að hann hefir búið til pestarlækninga-bóluefni — ef eg kann að nefna það. — Þetta verð eg að játa að mér er öldungis óskiljanlegt. Eg hefi að vísu heyrt að það hafi verið gefið eitthvað af því hingað til þess að lækna með því pestarkindur, en sé lyfið svo óyggjandi, sem af er látið, þá ætti ekki að þurfa önnur laun, en þá borgun, sem fæst fyrir það, því að pestin fer varla svo fljótt úr landi, að ekki verði nógur markaður fyrir það hér fyrst um sinn. Aftur á móti vil eg styðja breyt.till. á þgskj. 497 um styrk handa verzlunarfróðum manni til þess að kynna sér verkun ög fiokkun á ull og markað fyrir hana. Það er komið meira en mál til þess, að eitthvað slíkt sé gert fyrir þá vörutegund. Það hefir komið að góðu haldi, sem gert hefir verið fyrir fiskinn okkar í þessu skyni, en hitt er kunnugt, að ull er enn oft flutt út héðan sendin, hlandvot og illa þvegin. Það væri meira að segja ástæða til þess, að athuga hvort ekki væri rétt að hafa þá meðferð við um fleiri vörutegundir, að senda valda menn til þess að efla og útvega markað fyrir þær sérstaklega.

En með því að þetta féll við síðustu umræðu, er komin tillaga um að það skuli nefnt «mentasafn« (»Museum«).

Eg er háttv. deild þakklátur fyrir, að hún hefir hækkað fjárveitinguna til innbindingar á bókum skjalasafnsins.

Eg hefi leyft mér að fara fram á, að fjárveitingin til Sighvats Grímssonar yrði hækkuð. Mér rann til rifja, þegar eg sá þennan gamla fræðimann hér síðast, og sá hversu vel hann varði styrknum, sem hann hafði fengið síðast. Eg hefi farið fram á, að honum séu veittar 300 kr. fyrra árið. Háttv. þm. N. Þing. (B. Sv.) hefir aftur á móti farið fram á, að honum séu veittar 200 kr. hvort árið og greiði eg þeirri tillögu atkvæði, en falli hún fylgi eg fram tillögu minni.

Háttv. þm. Dal. (B J.) hefir komið fram með breyt.till. um, að Einari Jónssyni málara sé veittur 400 kr. styrkur fyrra árið. Eg er þessari till. hlyntur mjög, því að maðurinn er snillingur af náttúru; hann er fyrir stuttu byrjaður á málaralistinni og er nú þegar orðinn svo góður í henni að furðu gegnir.

Þá hefi eg komið fram með athugasemd viðvíkjandi viðskiftaráðunautnum. Er ætlast til þess að hann fái 6000 kr. í laun og 4000 kr. í ferðakostnað og að erindisbréf hans frá 30. júlí 1909 haldist óbreytt Það hafa að vísu komið fram skiftar skoðanir um þetta efni. Vilja sumir að eins hafa ráðunaut, sem skifti sér ekki af öðru en verzlun. En eg lít svo á, að við þurfum margs annars að gæta en verzlunar, og á því byggist þessi tillaga. Í rauninni efast eg ekki um það, að fjárveiting til verzlunarráðunauts handa duglegum manni væri einhver hin þarfasta, er þingið gæti í té látið. Viðskiftum vorum hefir verið svo hagað hingað til, að þau hafa að mestu verið bundin við stað, sem liggur krók úr leið, við Khöfn í Danmörku. Þaðan höfum vér fengið flest, og það óþægilegra, dýrara og stundum verra, en það annars mætti vera. Mikið af varningi, sem hingað flytst frá ýmsum löndum, hefir lengi til vor komið yfir Kaupmannahöfn, og varningur margur héðan, sem til annara landa hefir farið, hefir einmitt lagt sömu leiðina, og jafnan við það fallið kostnaður óþarfur á hvorutveggja. Þessu þyrfti að breyta, þannig, að vér fengjum nauðsynjar vorar þaðan sem skemst er og hentugast til að sækja. Það eimir enn þá eftir af gamla laginu, svo að jafnvel hinar öflugustu verzlanir vorar eru hlunnfastar þar ytra. Þetta verður að komast í annað horf. Vér megum ekki án vera viðskiftaráðunauta, það horfir til skaðsemda og skammsýni. Og hvað manninn snertir, þá er ekkert út á hann að setja. Hann hefir gert það sem hægt var að ætlast til, og því vildum við, flutn.m., binda þessa fjárveitingu við nafn hans, svo að þar mætti ekki skjöpla.

Þá vildi eg minnast á Fiskifélag Íslands. Eg er háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir þó viljað veita nokkurt fé til þess, að koma þeim félagsskap á laggirnar. Hún hefir einungis eigi séð sér fært að leggja fram svo mikið sem eg hefði talið nauðsynlegt. Eg hafði til reynslu stungið upp á 4500 kr, en nefndin vill veita 2500. Eg sé nú að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir farið meðalveginn og stungið upp á 3500, og felli eg mig auðvitað betur við það, en vil þó ekki halda því til þeirrar streitu, að það geti orðið málinu til falls í heild sinni.

Það mætti minnast hér á ýmsar till. frá öðrum, t. d. á breyt.till. háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um laun Þórðar Sveinssonar geðveikralæknis á Kleppi, sem er duglegur maður. Till. um þetta efni hefir komið fram fyr, en ekki fengið nægan byr. En ósanngjarnt þykir mér að gera svo mikinn mun þessa manns

greitt henni atkvæði, vegna þess, að málið er enn lítt undirbúið.

Að því er breytingartillöguna á þgskj. 571 snertir, sem fer fram á að feld sé burt tilvitnunin um að styrkurinn til gufuskipaferða skuli veittur Thorefélaginu, skal eg geta þess, að eg álít naumast formlegt að gera það. En hins vegar álít eg, að háttv. deild ætti að koma með athugasemd eða tillögu, þar sem lögð væri áherzla á, að samningnum sé fylgt í öllum greinum. Sömuleiðis ber og að rannsaka, hvort skilyrðum þeim, er síðasta þing setti fyrir fjárveitingunni, sé fullnægt. Að endingu skal eg geta þess, að eg mun við atkvæðagreiðsluna fylgja þeirri reglu, að greiða atkvæði með öllum þeim tillögum, er fara fram á lækkun eða niðurfærslu á fjárveitingum, að svo miklu leyti, sem þær koma ekki í bága við tillögur fjárlaganefndarinnar. Mun eg eingöngu fara þar eftir sannfæringu minni, en ekki neinu öðru.

Stefán Stefánsson: Við 2. umr. fjárlaganna hér var feld tillaga um að veita 10 þús. kr. styrk til vegagerðar í Eyjafjarðarsýslu. Þetta fór því á annan veg en eg hafði vonast eftir, því eg álít það ekki nema sanngjarnt, að styrkurinn sé veittur, þar sem Eyfirðingar hafa nú beðið í 10 ár, án þess að fá styrk til þess að lengja þennan akfæra vegarkafla. Með því að þetta fór þannig, hugsaðist mér hvort ekki væri hægt að greiða fram úr því á annan hátt. Eg leitaði þess vegna umsagnar hjá verkfræðingnum um brúargerðir á vegakaflanum milli Grundar og Saurbæjar og hefi eg komið fram með breyt.till. á þgskj. 539, er fer fram á styrkveitingu til þessa fyrirtækis í samráði við hann. Er upphæðin til hverrar brúar sundurliðuð á þgskj., og er þetta gert til þess, að skýra málið sem bezt fyrir hv. þingm. Sundurliðunin er gerð samkvæmt áætlun verkfræðings (Jóns Þorlákssonar) og álítur hann, að 510 kr. muni þurfa til kaupa á áhöldum og til kaupgjalds handa verkstjóra, auk þess sem alt efni í brýrnar kostar þangað komið. Þó að styrkur þessi verði veittur til byggingar brúnna, vantar samt mjög mikið á, að keyrt verði milli Grundar og Saurbæjar, en við flutningsmenn treystum því, að bændur þar láti vinna svo að því að ryðja og slétta alla þessa leið, sem mun vera um 4500 faðmar, að hægt verði til bráðabirgða, segjum 2 til 3 ár, að keyra léttar keyrslur af akbrautinni til Saurbæjar. Í beztu von um að þeir leggi fram þessa vinnu, þótt ekki sé um neitt endurgjald beinlínis að ræða, þá vil eg leyfa mér að mæla sem allra bezt með því, að þessi styrkur verði veittur.

Jón Þorkelsson: Til þess að ekki sé þögn og umr. slitið, stend eg upp nú, þótt eg ætlaði ekki að taka til máls fyr en síðar. Eg er viðriðinn nokkrar breyt.till. og vildi því segja fáein orð um þær. Skal eg þá fyrst minnast á breyt.till. á þgskj. 570 við 14. gr., er fer fram á að laga ýms nöfn að því er söfnin snertir. Eins og menn vita, er þetta alt í mesta rugli, það er t. d. veitt fé til »fornmenjasafnsins«, en svo einnig skipað að halda opnu »þjóðmenjasafninu«, sem ekkert fé er veitt. En til safns þessa má ekki nema fjárveitinguna altof mjög við neglur sér. Forstöðumaður safnsins er og mikill áhugamaður í sinni grein og hefir hann hugsað sér, að safnað skyldi bæði fornum og nýjum munum, svo að orðið fornmenjasafn á alls ekki við, heldur þjóðmenjasafn. »Safnahúsið« hefir, eftir tillögum bókavarðar, verið skýrt »bókhlaða«, en stjórnin hefir stungið upp á því, að það skuli nefnt »þjóðmentasafn«.

er einnig spurning um það, hvernig eigi að þvo hana. — Þá er annað atriði í þessu máli og það er flokkun hennar. Hverja þýðingu hefir hún fyrir sölu á ullinni?

Um þessi atriði og mörg önnur þarf að fá upplýsingar, og þær upplýsingar eiga menn að fá hjá þeim, er kaupa íslenzka ull og nota hana.

Viðskiftaráðunauturinn hefir nú bent á ýmislegt þessu máli viðvíkjandi í skýrslu sinni til stjórnarinnar, en upplýsingar þær, er hann hefir aflað sér um þetta, virðast benda í þessa sömu átt, að skoðanir manna um, hvernig bezt muni vera að verka ullina, séu mjög á reiki. Fyrir því þarf að leita til þeirra, er kaupa ull héðan og vinna úr henni.

Nú mun megnið af íslenzkri ull vera sent til Ameríku og seld þar verksmiðjum til notkunar. Þyrfti því maður sá, er falið væri að kynna sér þetta mál, að ferðast þangað og tala við þá, er kaupa ullina þar og láta vinna úr henni. Þeim á að vera kunnugast, hvernig bezt sé að verka hana, svo að sem hæst verð fáist fyrir hana.

Eg álít nú, að svo framarlega sem vér höldum áfram að veita fé til viðskiftaráðunauts, þá beri að fela honum þennan starfa á hendur. Hver sá, sem ekki er fær um að taka hann að sér, getur heldur ekki álitist fær til að vera viðskiftaráðunautur. Það ætti því að binda styrkveitinguna annaðhvort við viðskiftaráðunautinn, eða einhvern annan *ákveðinn* mann, sem fær er um að taka þennan starfa að sér. Vil eg leyfa mér að nefna einn mann, sem eg hygg vera langfærastan til að gegna þessu starfi; það er hr. Páll Stefánsson frá Þverá. Væri því æskilegt, að styrkveitingin væri bundin við nafn þessa manns. Tel eg því réttast, að háttv. flutningsmaður taki tillöguna aftur að þessu sinni, svo að málið verði síðar tekið upp í líku formi og landbúnaðarnefndin hefir hugsað sér. — Tillagan er einnig eins og hún nú liggur fyrir, og búið er að sýna að mörgu leyti, lítt hugsuð og fljótfærnisleg, og þarf því að athugast betur.

Þá vildi eg minnast á tillöguna á þgskj. 554 frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Fer hún fram á að fella burtu alla skáldastyrki, nema til síra Matth. Jochumssonar. Eg er hlyntur tillögunni, en hins vegar skil eg ekki, hvað vakað hefir fyrir háttv. þm., þá er hann kom fram með hana. Eg veit ekki betur en að hann hafi áður verið með því, að veita skáldunum styrk, en nú kemur hann með tillögu um, að allar styrkveitingar til þeirra verði strykaðar út. En hann á eftir að gera grein fyrir skoðun sinni á þessu máli, og skal eg því ekki fara mörgum orðum um það nú. Að eins vil eg geta þess, að eg hygg, að þm. meini ekkert með þessari tillögu sinni, og að honum mundi því sviða það sárt, ef hún væri samþykt. En nú mun eg greiða atkvæði með henni, með því það er mín skoðun, að þessir skáldastyrkir eigi að falla burt. — En í sambandi við þessa till., vil eg minnast á aðra till. á þgskj. 574, er fer fram á það, að 17 þús. kr. skuli veittar til vísinda, bókmenta og lista, eftir tillögum 5 manna nefndar, sem kosin sé með hlutfallskosningu af sameinuðu þingi. Hugsunin í tillögunni er alveg rétt. — Það hefir oft verið vakið máls á því, að rétt væri að veita stjórninni heimild til þess að úthluta þessum styrkjum, en það hefir jafnan strandað á því, að menn óttuðust að hún mundi reynast hlutdræg í veitingunum. En öðru máli er að gegna, ef einhver nefnd eða ráð hefði tillögurétt, er stjórnin væri skyldug að taka tillit til við úthlutun styrksins. Eg er því tillögunni hlyntur, enda þótt eg ekki geti

verja megi alt að 5000 kr. úr viðlagasjóði til smjörbúa og ostabúa. Þetta er ekkert nýtt, því að þessi lánveiting hefir staðið í fjárlögunum síðan 1899 og jafnan verið notuð. En nú hefir stjórninni láðst að taka hana upp í fjárlögin, og hugsa eg að það hafi fremur orsakast af gleymsku en því, að stjórnin væri henni mótfallin. Að vísu eru nú mörg smjörbú komin á fót, en þó er gott að hafa lánsheimildina áfram, því að væntanlega bætast fleiri við. Eg hefi bætt því við, að lánsheimildin nái einnig til ostabúa, því að nú er víða mikill áhugi á að koma upp mjólkurbúum, sem sérstaklega leggja stund á ostagerð; einkum á þetta sér stað á Norðurlandi. Í þessu sambandi vil eg geta þess, að menn hafa nú um hrið ekki verið sammála um, hvort heppilegra væri að færa frá eða láta ærnar ganga með dilkum. Auðvitað fer það mest eftir staðháttum, hvort heppilegra er, en svo virðist sem fráfærurnar, er víða lögðust niður um tíma, séu nú að fara í vöxt aftur. Sauðamjólkin er ágæt til ostagerðar, og má ætla að íslenzkir ostar úr henni verði á sínum tíma eftirspurð verzlunarvara. Tillaga mín miðar að því, að einhver rekspölur komist á það mál.

Þá á eg breyt.till. á þgskj. 548, þar sem farið er fram á, að breytt sé skilyrðum fyrir láninu til vatnsveitu á Miklavatnsmýri; eg hygg að þau kjör, sem eg fer fram á að veitt verði, muni vera hentugri fyrir þá, sem hlut eiga að máli.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) á brtill. viðvíkjandi smjörbúum á þskj. 553. — Þótt merkilegt megi heita, virðist honum vera uppsigað við smjörbúin. En gott er til þess að vita, að fjárlaganefndin er mótfallin till. hans og vona eg því, að hún verði ekki samþykt; enda sé eg ekki, að mikið vit sé í henni, sízt í því formi, sem hún er. — Þá er till. háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) aðgengilegri; hún fer fram á, að smjörbú, sem eru 10 ára eða þar yfir, verði eigi veittur frekari styrkur. En ekki get eg þó greitt henni atkvæði mitt, því að svo er mál með vexti, að hin elztu smjörbú byrjuðu flest í svo smáum stíl og höfðu svo ónóg húsakynni og áhöld, að þau urðu að byggja sér nýja smjörskála og útvega sér ný áhöld eftir fá ár. Að því leyti standa þau því ekki betur að vígi en þau smjörbú, sem seinna hafa verið stofnuð og væri því rangt að fara að svifta þau styrknum, enda eiga þau skilið meiri viðurkenningu en hin, því að þau brutu ísinn. Eg skil ekki heldur þessa óþreyju, þar sem ætlast er til, að styrkurinn fari minkandi um 2000 kr. á ári, og finst mér, að menn ættu að geta látið þar við sitja.

Þá er að minnast á till. frá háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) o. fl., um að veita einhverjum hæfum manni 1200 kr. styrk til þess að fara utan og kynna sér meðferð á ull og ferðast síðan um og leiðbeina bændum í ullarverkun. Tillaga þessi er að vísu góð, en eg er þó ekki alls kostar ánægður með, hvernig hún er orðuð. Auk þess álít eg, að styrkurinn sé of lágur, sem farið er fram á, að veittur sé í þessu skyni.

Eins og kunnugt er, þá er ullarverkuninni mjög ábótavant hér á landi. Mönnum er heldur ekki ljóst, hvernig bezt sé að verka ullina, svo að hún geti talist góð vara. Skoðanir manna, er fást við sölu á ull, eru mjög skiftar í þessu efni. Sumir halda því fram, að bezt muni að senda ullina út óþvegna. Aðrir segja, að réttast sé að þvo hana, áður en hún er send, og þeirri reglu er alment fylgt. En þvotturinn á henni er ærið misjafn; það vita allir. Og svo

vasa. Reykjavíkur stúlkur hafa svo margfalt betri aðstöðu en þær til þess að sækja skólann, að þeim verður að teljast vorkunnarlaust að greiða lágt kenslugjald, og það er engin minsta ástæða til, að lendssjóður veiti ríkra manna dætrum í Rvík borgunarlausa kenslu. Eg geri mér því von um, að þessi till. mæti ekki mikilli mótspyrnu, þetta vakir þá fyrir mér í stórum drátt-um: Eg vona að gott samkomulag verði milli landsstjórnar og skólastjórnar og að svo verði umbúið, að landssjóður taki skólann að sér til fulls og leggi honum svo mikið fé að hann geti fullnægt kröf um tímans. — Það sem eg hingað til hefi sagt, vona eg, að ekki mæti neinni sérstakri mótspyrnu. En nú vil eg minn-ast á atriði, sem eg er hræddur um, að veki talsverða mótstöðu. Það er sú skoðun mín, að ekki beri að styrkja nema einn kvennaskóla af landsfé. Kvenna-skólinn hér í Reykjavík er sambland af realskóla og hannyrðaskóla, og er hann aðallega fyrir ungar stúlkur, sem búast við léttari lífskjörum en þeim, sem vinnu-konur og einyrkjakonur eiga við að búa. Eg hygg oss sé nóg að hafa einn slík-an skóla og finst mér sanngjarnt, að löggjafarvaldið láti kvennaskólann hér í Reykjavík njóta þess, að hann er elzt-ur og beztur. Í nokkur ár hefir verið kvennaskóli á Blönduósi, og hafa menn haft mikið starf fyrir því að útvega honum góða kenslukrafta og halda fjár-hag hans í viðunanlegu horfi. Nú er skólahúsið þar brunnið og væri því heppilegt að grípa nú tækifærið til þess að koma skynsamlegu skipulagi á alt kvennaskólamálið. Það er engan veg-inn meining mín að amast við því, að Húnvetningar fái einhvern skóla; en eg vil ekki, að kvennaskóli þeirra sé end-urreistur til að starfa á sama hátt og áður, sem sambland af realskóla og hannyrðaskóla, eins og skólinn hér í Rvík. Ef þeir hinsvegar vildu koma upp einhverri annari skólastofnun hjá sér, annað hvort lýðháskóla, ungmenna-skóla, eða húsmæðraskóla, þá mundi eg vilja stuðla að því, að slíkum skóla yrði lagt ríflegt fé úr landssjóði. Eg geri ráð fyrir, að þeir sem hlut eiga að máli, muni líta öðru vísi á þetta, en eg vil þó biðja þá um að íhuga, hvort eigi muni á þenna hátt vera séð fult eins vel fyrir hag landsins og héraðsins, eins og þó kvennaskólinn væri endurreistur í óþökk margra manna. Hér í deildum þingsins eru sýnilega skiftar skoðanir um þetta mál; efri deild feldi í gær styrk þann, sem neðri deild hafði veitt Blönduósskólanum í fjáraukalögunum. Mér er ekki kunnugt um, hvað vakað hefi fyrir efri deild, en þetta virðist þó benda í þá átt, að allir þingmenn séu ekki sammála um, að skólinn eigi að halda áfram. Eg vona, að svo fari, að á rústum kvennaskólans rísi upp ann-arskonar skóli og að honum verði lagt sæmilegt fé af landssjóði. — Eg mun ekki tala aftur um þetta mál; mér er það ekki það kappsmál, að eg ætli mér að þreyta kappræður út af því, enda vona eg, að eg hafi talað svo ljóst, að mönnum sé vorkunnarlast að skilja, hvað eg meina.

Sigurður Sigurðsson: Eg ætla að gera grein fyrir tveimur meinlaus-um breytingartillögum, sem eg hefi kom-ið fram með. Önnur er á þingskjali 226, og fer fram á að breyta skilyrð-um fyrir lánum þeim, sem fjárlögin heimila að veita til girðingaefniskaupa. Eg hefi gert þessa breyt.till. samkvæmt ósk Búnaðarfélagsins og miðar hún að því, að þessi lán verði veitt með sömu skilyrðum, sem lán þau, er Ræktunar-sjóðurinn veitir. Lánveitingar þessar eru svo náskyldar, að bezt fer á því, að sömu skilyrðin séu fyrir báðum.

Á sama þgskj. er viðaukatill. um að

líti svo út, sem háttv. þm. vilji ekki skilja það. Allir ættu þó að geta séð, að það má ekki eiga sér stað, að prívat stofnanir, hversu nýtilegar sem eru, geti sagt við landssjóð: Eg heimta svona og svona mikið fé, þetta þarf eg að fá, en eg geng ekki að neinum skilyrðum, hvorki um fjárframlag á móti né annað. Fái þessi stefna meðhald á þinginu, eins og nú lítur helzt út fyrir, þá er þar með lagður einn hinn opnasti og beinasti vegur til fjárhagsvandræða, og þessu var lýst rækilega við 2. umr., þegar var fjallað um fjárveitinguna til Vífilsstaðahælisins, og sömul. í sambandi við umræðu um kvennaskólana. Það var ekki nóg með það, að við lágum undir ónotum, bæði innan þings og utan, fyrir að halda þessu fram, heldur var sagt, að við værum óvinir þeirra stofnana, sem í hlut áttu. Og við atkvæðagreiðsluna lét hin háttvirta þingd. sér sæma, til þess að tilgangur till. þeirra um kvennaskólana, sem þá lágu fyrir, gæti ekki komið í ljós, að beita því bragði, sem eg vil fullyrða, að jafnvel enginn þingmaður mundi telja sæmilega aðferð í prívatviðskiftum. Eg vil óska, að slíkt komi ekki fyrir aftur. (*Forseti:* Það er óleyfilegt að gera úrskurð deildarinnar að umtalsefni!). Jú, á þann hátt, sem eg hefi gert það; eg get ekki skilið, að eg hafi farið út fyrir takmörk þess, sem leyfilegt er.

Eg hef nú reynt að orða till. svo, að hið sama gæti ekki komið fyrir aftur, en eg sé nú að háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hefir fundið snöggan blett á henni, svo að enn þá er hún ekki ósæranleg fyrir þeim örvum, sem menn kunna að vilja miða að henni. Efni hennar er það, að landssjóður veiti kvennaskólanum í Reykjavík svo mikið fé, sem hann þarfnast til þess að geta leyst ætlunarverk sitt af hendi. Ef eg man rétt beiddi skólastjórnin upphaflega um 8500 kr.; en nú legg eg til, að skólanum verði veittar 8000 kr. og að það verði gert að fastri reglu, að hver stúlka, sem á skólann gengur, greiði að minsta kosti 15 króna kenslugjald. Á þann hátt ætti skólinn að geta fengið alt að 1500 kr., og hefði hann þá 1000 kr. meira rekstursfé, en skólastjórnin fór fram á. Skilyrðin, sem eg legg til, að sett verði fyrir þessari styrkveitingu, vona eg að menn telji sanngjörn. Hið fyrsta skilyrði er, að skólinn standi undir umsjón landsstjórnarinnar. Eg býst við, að þeir sem hlut eiga að máli, muni ekki hafa á móti því, þar sem ætlast er til, að landssjóður kosti skólann. Annað skilyrðið er, að skólanum verði stjórnað samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir. Mér er ekki kunnugt, hvernig nú háttar að þessu leyti, en geri ráð fyrir, að þetta verði ekki talinn annmarki. Þriðja skilyrðið er, að lágt kenslugjald verði borgað; eg veit að skoðanir eru mjög skiftar um það atriði. Eg kysi helst, að kenslugjald væri borgað við alla skóla, nema barnaskólana, og hér er gott tækifæri til þess að koma þeirri stefnu á framfæri. Þar sem prívatmenn hafa komið upp unglingaskólum, þar er alstaðar heimtað kenslugjald, t. d. á Húsavík 25 kr. Mér er sagt, að kenslugjaldið við verzlunarskólann hér sé 30 kr., og hefir það ekki fælt menn frá honum, því að hann er vel sóttur. Í sambandi við þetta skilyrði ber að skoða það, að eg vil hækka námsstyrk sveitastúlkna úr 300 kr. upp í 600 kr. og vildi eg helzt, að sá námsstyrkur yrði svo mikill, að hann væri ekki minni en kenslugjald það, er utanbæjar stúlkur þyrftu að greiða. Eg hafði ekki fyrir mér skýrslur um, hvað margar sveitastúlkur sækja skólann, en það er mín skoðun að þær ættu að fá svo ríflegan styrk, að þær þyrftu í raun og veru ekki að borga kenslugjaldið úr eigin

Við förum sem sé fram á, á þgskj. 503, að veittur sé fjárstyrkur til dragferju á Þverá hjá Hemlu í Rangárvallasýslu. Tekjuhalli er að vísu orðinn mikill á fjárlögunum, og því athugavert að bæta útgjöldum við. En það er þó með þessa tillögu eins og hina, að það mælir öll sanngirni með henni. Þverá er vont vatnsfall og mikill farartálmi fyrir ferðamenn, og hefir versnað mikið síðan Markarfljót féll mestalt saman við hana. Verkfræðingur landsins hefir reiknað út, að til þess mundu duga 1600 kr. Er það ekki mikið framlag. Viðhald er ætlað að yrði 150 kr. Vona eg, að háttv. þingdeild felli ekki tillögu þessa.

Jón Magnússon: Það er ein till., sem eg hefi leyft mér að bera fram og mæla með. Hún er um styrk til Brynjólfs Sigfússonar til að afla sér frekari fræðslu í söng. Hann hefir góð meðmæli; organleikari dómkirkjunnar gefur honum þann vitnisburð, að enginn þeirra manna, sem hann þekki og hafi sagt til í söngfræði, hafi eins góða hæfilegleika í þá átt sem Brynjólfur. Eg þekki Brynjólf persónulega og hefi þekt hann síðan hann var barn. Af þeirri minni þekkingu get eg borið um það, að hann mundi nota styrkinn vel og samvizkusamlega, ef hann fengi hann.

Önnur breyt.till. frá mér er um það, að ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast lán til hafnarbyggingar í Vestmanneyjum. Eg talaði um þetta við 2. umr. og skal eg ekki þreyta menn á því að hafa það alt upp aftur, sem eg sagði þá. Eg get ekki stilt mig um að láta undrun mína í ljósi yfir því, að háttv. deild skyldi ekki sjá sér fært við 2. umr. að samþykkja lánveitingu þá, er eg þá fór fram á til hafnargerðarinnar, þar sem svo mörg lán voru þó veitt, sem að minsta kosti ekki áttu að ganga fyrir þessari. Því fremur er nú ástæða til að vonast eftir því, að háttv. deild heimili ábyrgð þá, er nú er farið fram á, og virðist eiga að vera með öllu útlátalaus og hættulaus fyrir landssjóð. Vestmanneyjar eru allar hans eign. Fjárframlag til hafnargerðar í Reykjavík var samþykt viðstöðulaust og ábyrgð að auki, væri það hrapallegt ranglæti, ef ekki væri einu sinni látin í té hin umbeðna ábyrgð fyrir Vestmanneyjar.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Það eru ekki margar breyt.till., sem eg er riðinn við. Á þgskj. 527 er ekki nema stutt orðabreyting, sem eg vænti að verði samþ. án atkvæðagreiðslu. Þar stendur styrkur til *ritstjóra* Jóns Ólafssonar til að semja orðabók. Hann er ekki ritstjóri heldur rithöfundur. Ætti því *rithöfundur* að koma í stað *ritstjóra*.

Breyt.till. á þgskj. 506 er annars vegar efnismikil. Hún er við 14. gr. B. VIII. a um kvennaskóla. Hún er einföld, en af því eg veit af gamalli reynslu, að misjafnar eru skoðanir um þetta mál, þá verð eg að eyða nokkrum orðum um hana. En hvernig sem verður út úr orðum mínum snúið, og það mun gert verða, ef að vanda lætur, er um það mál er að ræða, þá hygg eg að eg megi fullyrða, að eg tek ekki aftur til máls um þetta efni. Hið fyrsta, sem vakir fyrir mér, er með tillögunni að reyna að koma í veg fyrir, að þetta mál haldi áfram að vera deilumál, eins og hingað til hefir átt sér stað, bæði utan þings og á þingi. Háttv. framsögumaður fjárlaganefndarinnar (B. Þ.), reyndi að gera mönnum ljóst, að það er hættuleg stefna og alls ekki rétt, að Kvennaskóli Rvíkur og aðrar slíkar stofnanir geti fengið fé úr landssjóði skilyrðalaust og takmarkalaust, heldur sé óumflýjanlegt að setja einhver takmörk, sem ekki verði yfir farið. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir hvað eftir annað, bæði á þessu þingi og áður, skýrt þetta vel og rækilega, þótt því miður

skiftaráðunauturinn lifir og heldur áfram sínum ferðum og starfi, þá eigi hann að hafa þennan starfa á hendi ásamt öðru fleiru. En það hljóta allir að sjá og skilja, hvort sem viðskiftaráðunautur vinnur gagn með sínum ferðum erlendis í ýmsum greinum eða ekki, þá er núverandi viðskiftaráðunautur óverzlunarfróður maður ekki síður í ullarviðskiftum en öðrum kaupum og sölum og því ólíklegur til þess að nægja þessu máli, en einkum er hitt auðséð, að hann hefði ekki tíma til að fara um á milli bænda hér á landi eftir því, sem nauðsyn krefði. En sá maður sem hér er um að ræða myndi aftur á móti ferðast í útlöndum og einnig hér á landi meðal bænda, og kenna þeim þær aðferðir við ullarverkun, sem hann teldi nauðsynlegastar. Vona eg, að þessi tillaga okkar sé hyggileg og miði til þess að koma ullinni í meira álit og hærra verð. Það er öllum kunnugt, að síðan fiskimat komst á hér á landi, þá hefir fiskurinn komist í vissara og hærra verð. Svo mundi það og fara með ullina; verðið mundi hækka og festa komast á, ef maður væri sendur til útlanda til að kynna sér ullarmarkaðinn. Þessi maður þarf að sjálfsögðu að fá ferðakostnað útborgaðan af landsins fé, og vonast eg eftir, að alþingi sjái ekki eftir því fjárframlagi, sem til þess fer. Hér er ekki farið fram á meira en að hann fái lítinn ferðakostnað í 2 ár. Þegar það væri svo búið að standa þetta tímabil, þá þyrfti að koma á reglulegu ullarmati. Þó maður þessi væri ekki nema einn, þá er það álit mitt, að hann ynni máli þessu mikið gagn. Ætlast eg til, að hann ferðist á milli kaupmanna og bænda, og þeir fari svo eftir hans fyrirskipunum. Við, sem eigum ull, vitum mjög vel, að hún er illa vönduð frá vorri hendi í flestum tilfellum. En kaupmenn hafa þar ekki góða afstöðu. Þeir, sem verst vanda ullina, eru oft óvandaðir í almennum viðskiftum. Þeir láta svo ullina upp í skuldir, sem kaupmaðurinn á á hættu að fá aldrei greiddar annars. Vilji nú kaupmaðurinn ekki taka hina illa verkuðu ull affallalausa, þá fer bóndinn með hana til annars kaupmanns. Hann verður þá venjulega fús til að taka við henni í þeirri von að fá góðan viðskiftavin og tekur hana sem góða og gilda vöru. Þessi ull fer svo á útlendan markað óaðgreind frá annari betri tegund, og verður þar að hneyksli ullinni í heild sinni. Hugsun bænda er það, að þetta eftirlit geti orðið til stórkostlegra bóta, líkt og fiskimatið. Eg vil minna menn á, að þessi aukning á fjárlögunum er ekki stór. Flestir munu hugsa sem svo, að við megum ekki bæta við þau. En ef þess er gætt, að hagnaður sá, sem vænta má að af þessu hljótist, verður margfalt meiri en tilkostnaðurinn, þá er þó alla jafna eigi illa ráðið. Nú er ull hjá bændum í hinu mesta ólagi, mest vegna ókunnugleika, og hvort sjá þá menn eftir þessu litla fé til þessara umbóta, þegar þess er gætt, að eitt skáld fær eins mikið fé árlega og þessu nemur, og það þó ekki komi neitt frá því ár eftir ár. Menn verða að gæta þess við hvaða kjör bændur eiga að búa Þeir vinna baki brotnu dag hvern, mega enga stund missa, ef þeir eiga að hafa ofan í sig og sína, og hafa því ekki einu sinni tíma til að lesa það, sem frá skáldunum kemur, hversu mikið »Gull« sem það kann að vera. Óska eg svo, að þessi tillaga nái fram að ganga. Skal eg svo ekki þreyta menn með að tala meira um þetta mál. Vona eg, að öllum sé ljós nauðsyn þess. Meðflutningsmenn mínir munu og taka til máls um það.

Svo hefi eg komið fram með aðra tillögu ásamt samþingismanni mínum.

fært að fara svo hátt, sem fræðslumálastjóri hafði ætlast til.

Þá er lagt til að veita 1500 kr. hvort árið til lýðháskólans á Hvítárbakka; sú fjárveiting stóð ekki í frumvarpi stjórnarinnar, en hún stendur í gildandi fjárlögum, og vildi meiri hluti nefndarinnar halda sér við það, sem þar stendur.

Þá eru ekki fleiri breytingartillögur, sem nefndin hefir gert, og vil eg því víkja að þeim breyt.till háttv. þm., sem nefndin hefir getað fallist á, að meira eða minna leyti.

Fyrst er þá að nefna breyt.till. á þgskj. 594., þar sem lagt er til að lækka Borgarfjarðarbraut um 20 þús. kr., eða fella niður tillag hennar seinna árið, en leggja 12 þús. kr. annað árið til brúar á Haffjarðará. Þá till. getur meiri hluti nefndarinnar aðhylst, og það því fremur, sem það hefir jafnvel komið til tals í nefndinni áður.

Í breyt.till. á þgskj. 537 er farið fram á að lækka Flensborgarskólann úr 7 þús. kr. niður í 6 þús. kr. gegn styrk að fjórðungi annarstaðar frá. Þessu er nefndin samþykk, þar eð þetta er ekki landsskóli, heldur var hann upphaflega gefinn Garðahreppi, en komst í eigu Hafnarfjarðar, þegar þar varð kaupstaður, enda hefir Hafnarfjörður mest gagn af honum og ætti að styrkja hann drjúgum.

Nefndin hefir fallist á, að styrkurinn til Guðm. Finnbogasonar sé miðaður við 50 kr. fyrir örkina, og eins að Jón Ólafsson sé nefndur rithöfundur en ekki ritstjóri.

Enn er fallist á breyt.till. á þgskj. 538, um styrkinn til búnaðarfélaganna, þar sem lagt er til að færa hann aftur í sína upphaflegu mynd, úr 2600 kr. niður í 2200 kr.

Þá er og lagt til að fella burtu styrkinn til Hafnarfjarðarbryggjunnar, 25 þús. kr. Það er stór fjárveiting og varhugaverð, eins og nú er ástatt með fjárhaginn, þar sem nýbúið er að samþykkja 400 þús. kr. fjárveitingu til hafnar hér í Rvík. Ekki svo að skilja, að eg vildi ekki gjarna að Hafnfirðingar fengju bryggjuna, ef fé væri til.

Eg man ekki hvort eg mintist á brt. á þgskj. 522 við 2. umr. Hún um eftirgjöf á leigum af láni til Landsbankans, 7,500 kr. á ári, og er nefndin henni meðmælt. Og loks má nefna till. um það, að fjárveiting til bókbands við skjalasafnið sé hækkuð úr 800 kr. upp í 900 kr.

Það getur nú verið, að nefndin fallist á fleiri breyt.till. en þetta Hún hefir haft svo nauman tíma, að hún hefir ekki getað tekið afstöðu til þeirra allra ennþá. Annars get eg sagt það fyrir mig, að eg mun verða á móti flestu því, sem hefir aukin útgjöld úr landssjóði í för með sér, og læt eg svo þetta nægja að sinni. Eg býst við, að það fari eins og vant er, að allir þurfi að tala, og er þá kostur að því loknu að segja eitthvað fyrir nefndarinnar hönd.

Einar Jónsson: Eg ætla ekki að fara að kritisera allan þann tillögubunka, sem hér liggur frammi, það yrði of langvint og leiðinlegt verk, en um tillögu, sem eg ásamt öðrum háttv. þm. hefi borið fram, ætla eg að fara nokkrum orðum. Það er till. á þgskj. 497. Bændur í sveitunum óska mjög eftir því, að eitthvað sé gert ullinni til bóta og markaði hennar. Hún er ein hin stærsta framleiðsluvörutegund þeirra, og þetta því hið stærsta nauðsynjamál. Eins og tillagan ber með sér, þá er það tilgangurinn, að sendur sé maður til helztu verzlunarstaða erlendis, þar sem íslenzk ull er keypt, sem svo kynni sér rækilega, hvernig ullin skuli þvegin, þurkuð og flokkuð, eða hvort að hún skuli alls eigi þvegin og þess í stað send frá eigendanna hendi óhrein. Eg veit, að ýmsir halda fram, að ef við-

ýmsa útgjaldaliði, hefir læknir spítalans farið fram á þetta og segir, að ekki verði komist af án þess. Þá skal eg og geta þess, að nefndin er því meðmælt, að laun læknisins á Kleppi séu hækkuð úr 2400 upp í 2700 kr., þótt það sé ekki tekið með hér, það er á þgskj. 590. Annars liggur hér fyrir brtill. um að hækka þau upp í 3000 kr., en hana hefir nefndin ekki getað tekið til greina, vegna þess að sami maður hefir 300 kr. þóknun fyrir kenslu við Læknaskólann og ókeypis bústað, svo að honum má heita fyllilega vel launað í samanburði við aðra, ef breyt.till. nefndarinnar gengur fram.

Í breyt.till. á þgskj. 566 er engin breyting á upphæðinni, hún er um styrk þann, er Jóni Ófeigssyni var veittur við síðustu umræðu til þess að semja þýzka orðabók, og er meiningin sú, að styrkurinn sé bundinn því skilyrði, að þessi maður fullsemji og búi undir prentun eigi minna en 45 arka bók. Fyrir nefndinni vakti að með þessu móti mætti fá handhæga bók líka á stærð ensku orðabókinni, er út hefir komið á íslenzku, og vonast hún eftir, að þessi breytingartill. verði samþykt. (*Bjarni Jónsson*: Hvað fær hann þá fyrir örkina? Hann fékk 80 kr. síðast). Já, en það þótti nefndinni of hátt, nú fær hann 67 kr. og það er sæmilegt.

Þá er breyt.till. á þgskj. 510. Þar er launum skógræktarstjóra haldið óbreyttum, styrkurinn til skógræðslunnar færður upp í 8000 kr., en feldur burtu ferðastyrkur skógræktarstjóra. Nefndinni hefir verið skýrt svo frá, að hann hafi brúkað meira fé til ferðalaga en þær 600 kr., sem honum hafa verið ætlaðar í ferðakostað. Er svo til ætlast, að hann hagi ferðum sínum eftir samkomulagi við stjórnarráðið, og eyði ekki meira fé en þarf, til þess að sem mest fé fáist til virkilegrar skóggræðslu. Hér er um 2000 kr. hækkun að ræða frá því, sem var í frumvarpi stjórnarinnar.

Þá er styrknum til fræðslumála öðru vísi hagað í frumvarpi stjórnarinnar en verið hefir, sérstaklega með tilliti til þess, að meiningin var að breyta fræðslulögunum algerlega samkvæmt frumvarpi, er stjórnin lagði fyrir þingið. Það frumvarp fór nú til efri deildar og eftir afdrifum þess þar, þóttist nefndin sjá, að hún yrði að miða breyt.till. sínar við nú gildandi fræðslulög. Þær till. eru á þgskj. 564 og eru, í stuttu máli sagt, flestallar gerðar í samráði við fræðslumálastjóra; að vísu er farið nokkuð lægra en hann vildi sumstaðar, en það munar ekki miklu. Að öðru leyti hefir nefndin lagt til að bæta við þremur styrkveitingum fyrir utan tillögur fræðslumálastjórans. Það er sem sé til unglingaskólahalds á Ísafirði og á Seyðisfirði, og skal eg strax taka fram ástæður fyrir því. Í tillögum fræðslumálastjórans var styrkurinn einungis lagður til unglingaskóla utan kaupstaða. Nú eru kaupstaðirnir 4 fyrir utan Reykjavík, og þar af hefir Akureyri gagnfræðaskóla og Hafnarfjörður alþýðuskóla, sem styrktir eru af landsfé, annar að öllu og hinn og að mestu leyti. Það er því ósanngjarnt að sleppa alveg Ísafirði og Seyðisfirði, og miðar tillagan til þess, að þeir fái jafnrétti við hina í þessu. Það er auðvitað, að útgjöldin til fræðslumálanna verði eftir þessu miklu hærri en í stjórnarfrv. og nemur það 40—50 þús. kr. á öllu fjárhagstímabilinu, þar sem hér er farið fram á hvort árið til barnaskóla 24 þúsund, til farskóla 18 þúsund, til barnaskólahúsa 20 þúsund og til unglingaskóla utan kaupstaða 8 þúsund. Sérstaklega munar mikið um styrkinn til unglingaskólanna, því að þeim fjölgar ár frá ári, og sá nefndin sér þó ekki

henni ekkert vandabundinn, hefir gert þetta af góðsemi sinni. Ætlast nefndin til, að þetta sé veitt í eitt skifti fyrir öll og að eigi komi fram breyt.till. um að hækka styrkinn. Þetta er auðvitað engin lagaskylda, en með því að nefndinni þykir þetta sanngjarnt gagnvart manninum, væntir hún, að brtill. verði vel tekið.

Ein af breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 514 er sú, að prestinum í Suður-Dalaþingum, séra Jóhannesi Lynge, verði veittar 1200 kr. fyrra árið til þess að byggja upp baðstofu á Kvennabrekku. Jörðin er kirkjujörð. Það er óvíst, hvort þar verður prestsetur áfram, en þessi bygging mundi miða til þess að hækka jörðina í verði; hér er ekki verið að fleygja peningum út til einkis, heldur verða þeir lagðir í jörðina. Það mælir líka með þessu, að hér á í hlut sárfátækur maður, með fjölda barna, er hefir orðið fyrir ýmsu heimilsböli, og er því sanngjarnara að veita honum þetta.

Þá er lítil breyt.till. á þgskj. 568; hún hefir engin áhrif á upphæð fjárveitingarinnar, heldur eingöngu á það, hvernig verja skuli fénu, sem ætlað er til bráðabirgðaruppbótar brauðum, sem sé að verja megi 1000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum, sem heima eiga í kauptúnum. Biskup landsins hefir farið fram á það, að þessi breyting sé gerð, og hefir nefndin tekið það til greina. Vænti eg að háttv. deild amist ekki við svo saklausri breytingartillögu.

Á þgskj. 517 er breyt.till. um styrk til mótorbátaferða í Austur-Skaftafellssýslu, 400 kr. hvort árið, til þess að greiða fyrir samgöngunum á þessu svæði, sem ekki nýtur gufuskipaferðanna. Og vil eg mæla með henni.

Á þgskj. 512 er till. um aukna fjárveiting til kvöldskóla á Seyðisfirði. Forstöðunefnd skólans hefir nefnilega fyrir skemstu farið fram á hækkun, því að það er í ráði að hafa skólann í fullkomnari stíl framvegis en hingað til hefir verið, vildi eg mæla með þessari fjárveitingu, því ef borið er saman við Akureyri og Ísafjörð, þá verður munurinn of mikill að tiltölu við fólksfjölda, þar sem Seyðisfirði er ekki ætlað nema 300 kr., en hinum 800—1000 kr., hér er heldur ekki farið fram á nema 100 kr. hækkun hvort árið.

Í breyt.till. á þgskj. 516 er ekki farið fram á hækkun útgjalda, heldur lækkun. Það er Búðardalssíminn, er hér er um að ræða, og er gert ráð fyrir, að hlutaðeigandi hérað, Dalasýsla, borgi meira til hans, 1000 kr. meira, af því að síminn er lengdur alla leið að Hjarðarfelli.

Þá er að minnast á Fiskifélagið. Það er lagt til, að það fái 2500 kr. árlega, og er meiningin að styrkja félagið til þess að koma á laggirnar deildum út um landið með föstu skipulagi. Nefndin lítur svo á, að þetta fé geti ekki orðið til neinna verklegra framkvæmda.

Þá er ein breyt.till. frá nefndinni á þgskj. 567 þess efnis, að landstjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa bæjarsímakerfi Reykjavíkur fyrir alt að 74 þúsund krónur. Þetta er að vísu stórt fyrirtæki, en eykur þó ekki tekjuhallann, af því hér er að ræða um lántöku. Það mælir og með því að taka ákvörðun um þetta nú, að fyrir 1. jan. næsta ár á að vera útgert um það, hvort landið kaupir þetta símakerfi eða ekki, svo að ef það er ekki gert fyr, þá er það um seinan í bráð. Hér er líka að ræða um mjög arðsamt fyrirtæki, sem samkvæmt skýrslu símastjórnarinnar gefur hluthöfunum 13—15% í ársarð. —

Í breyt.till. á þgskj. 569 er það lagt til að hækka útgjöldin til Holdsveikraspítalans um 200 kr. á ári. Þessi hækkun er sundurliðuð og kemur niður á

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

192. brt. 357. við 22. gr. feld með 15 : 7 atkv.

193. brt. 376 tekin aftur.
22. gr. þannig breytt sþ. með 18 atkv.

194. brt. 239, 109. við 23. gr. sþ. í einu hljóði.
7. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 18 atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkvæðum.

Þriðja umr., 7. og 8. apríl. (A. 504, 497, 503, 506, 509—519, 522, 524—529, 534—539, 544—546, 548, 549, 552—571, 573—580, 582—584, 586—592; sbr. Atkvæðaskrá A. 621).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eins og sjá má á fjárlagafrv. eftir 2. umr., er tekjuhallinn 187 þús. kr. Get eg þessa til þess að minna á, að menn verða að sýna mikla varúð í að samþykkja mjög stórar fjárupphæðir, nema brýn nauðsyn sé fyrir hendi.

Við þessa umræðu liggja fyrir 60—70 breyt.till., þar af 12 eða 13 frá nefndinni, hinar frá þingmönnum. Flestar breyt.till. hafa komið svo seint fram, að nefndin hefir ekki getað tekið þær til athugunar. Eg fyrir mitt leyti hefi fæstar séð, og verður framsagan því ófullkomnari en ella mundi.

Eg skal fyrst snúa mér að breyt.till. nefndarinnar. Tek eg þær af handahófi, en get mönnum til hægðarauka númersins á þingskjalinu, sem þær standa á.

Á þgskj. 519 leggur nefndin til að færa styrk til Andrésar Fjeldsteðs augnlæknis upp um 500 kr., úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Þetta kemur til af því, að óánægju var að heyra við 2. umr. hér í þingd. út af lækkun launanna, og það fundið til, að þessi maður hefði þurft að kosta meira upp á sig en aðrir læknar, sem styrks njóta. Enn er á það að líta, að hann hefir tekið sig upp frá góðu læknishéraði. Sömuleiðis hefir hann boðist til að halda ókeypis fyrir fátæka »klinik« einu sinni á viku, ef hann yrði hér áfram. Af þessum ástæðum þótti nefndinni vert, að styrkurinn væri færður upp um 500 kr.

Þá er breyt.till. á þgskj. 515, um að sveitastúlkum sé veitt ókeypis tilsögn í leikfimi. Er ætlast til, að landsstjórnin útvegi kennara. Það má álíta nauðsynjamál, að kvenfólk taki þátt í leikfimi eigi síður en karlmenn og er í samræmi við þá skoðun allra siðaðra þjóða, að engu síður sé um vert að afla líkamanum þroska en sálunni.

Á þgskj. 518 er brtill. um að Önnu Magnúsdóttur séu veittar 1000 kr. upp í kostnað á ljóslækningastofnun Finsens. Eg þarf ekki að lýsa þessari breyt.till., menn minnast líkrar brtill. frá 2. umr. Það er athugandi, að sá maður, sem kostað hefir nefnda stúlku, hefir til þess varið fullum 3000 kr. og mun eiga enn eftir að veita henni styrk. Maðurinn er

185. brt. 239, 107. við 22. gr. sþ. með 14 atkv.

186. brt. 239, 108. við 22. gr. sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson S.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson.	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

187. brt. 415 við 22. gr. tekin aftur.

188. brt. 412 við 22. gr. sþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorlákson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Sigfússon, Jóh. Jóhannesson og Jón Jónsson S.-M. greiddu ekki atkvæði og voru því taldir með meiri hlutanum.

189. brt. 393 við 22. gr. feld með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Jóh. Jóhannesson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hlutanum og Þorleifur Jónsson var ekki viðstaddur.

190. brt. 362 við 22. gr. feld með 15 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson S.-M.	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl.	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Björn Kristjánsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkvæði og voru því taldir með meiri hlutanum. Þorleifur Jónsson var ekki viðstaddur.

191. brt. 318 við 22. gr. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Þorleifur Jónsson.	

178. brt. 372 við 16. gr. sþ. með 20 atkv.
16. gr. þannig breytt sþ. með 20 atkv.
17. gr. sþ. með 20 atkv.

179. brt. 239, 102. við 18. gr. sþ. með 14 : 7 atkv.

180. brt. 239, 103. við 18. gr. sþ. með 15 atkv.

181. brt. 239, 104. við 18. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.
18. gr. þannig breytt sþ. með 19 atkv.

182. brt. 239, 105. við 19. gr. sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

19. grein þannig orðin sþ. með 19 : 2 atkv.
21. grein sþ. með 19 atkv.

183. brt. 239, 106. við 22. gr. sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Skúli Thoroddsen.
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson,	

184. brt. 381 við brt. 239, 107. 22. gr. feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl. greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Já:	*Nei:*
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Jón Þorkelsson.
Þorleifur Jónsson.	

143. brt. 410. við brt. 239, 87. þar með fallin.
144. brt. 239, 87. þar með fallin.
145. brt. 235, 88. sþ. með 15 : 1 atkv.
146. brt. 386, 1. (atkvgr. ekki í fundarb.).
147. brt. 386, 2. sþ. með 14 shlj. atkv.
148. brt. 385. tekin aftur.
149. brt. 418. feld með 15 : 4 atkv.
15. gr. svo orðin sþ. með 21 atkv.
150. brt. 239, 89. við 16. gr. 1. e. 1 sþ. með 14 shlj. atkv.
151. brt. 239, 90. við 16. gr. 1. c. 3. sþ. með 14. shlj. atkv.
152. brt. 239, 91. við 16. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.
153. brt. 317. við 16. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.
154. brt. 363. við 16. gr. sþ. með 14 : 4 atkv.
155. brt. 337. við 16. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
156. brt. 413, 1. við 16. gr. sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Pétur Jónsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

157. brt. 413, 2. við 16. gr. 6. tekin aftur.
158. brt. 239, 92. við 16. gr. 6. feld með 13 : 10 atkv.
159. brt. 363. við 16. gr. tekin aftur.
160. brt. 377. við 16. gr. 11. tekin aftur.
161. viðaukatill. 397. við brt. 377. við 16. gr. tekin aftur.
162. brt. 452. við 16. gr. 11. tekin aftur.
163. brt. 413, 3. við 16. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.
164. brt. 239, 93. við 16. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.
165. brt. 239, 94. við 16. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
166. brt. 239, 95. við 16. gr. sþ. með 13 : 3 atkv.
167. brt. 239, 96. við 16. gr. sþ. með 16 : 6 atkv.
168. brt. 371. við 16. gr. feld með 14 : 8 atkv.
169. brt. 419 við 16. gr. feld með 16 : 5 atkv.
170. brt. 239, 97. við 16. gr. sþ. með 13 : 6 atkv.
171. brt. 389. við 16. gr. tekin aftur.
172. brt. 239, 98. við 16. gr. feld með 14 : 9 atkv.
173. brt. 396. við 16. gr. feld með 16 : 3 atkv.
174. brt. 239, 99. við 16. gr. sþ. með 15 : 4 akv.
175. brt. 239, 100. við 16. gr. sþ. með 21 shlj. atkv.
176. brt. 239, 101. við 16. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
177. brt. 358. við 16. gr. sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,

122. brt. 239, 77. sþ. með 17 atkv. shlj.
123. brt. 239, 78. við 12. sþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson.	

124. brt. 239, 79. sþ. 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Sigurðsson.
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv.; taldist til meiri hlutans.

125. brt. 239, 80. sþ. með 20 shlj. atkv.
126. brt. 400, sþ. með 17 : 3 atkv.
127. brt. 345. sþ. með 17 : 2 atkv.
128. brt. 403. sþ. með 17 : 3 atkv.
129. brt. 384, 1. við 14. feld með 16 : 1 atkv.
130. brt. 384, 2. við 15. feld með 17 : 1 atkv.
131. brt. 370. við 17. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Einar Jónsson,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

132. brt. 370. við 17. sþ. með 16 : 2 atkv.
133. brt. 347. feld með 16 : 6 atkv.
134. brt. 321, 21. sþ. með 14 : 3 atkv.
135. brt. 348. feld með 13 : 6 atkv.
136. brt. 239, 81. feld með 14 : 11 atkv.
137. brt. 239, 82. feld með 15 : 6 atkv.
138. brt. 239, 83. sþ. með 20 shlj. atkv.
139. brt. 239, 84. sþ. með 17 shlj. atkv.
140. brt. 239, 85. sþ. með 19 shlj. atkv.
141. brt. 239, 86. sþ. með 18 shlj. atkv.
142. brt. 444. n. við brt. 410. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,

við, að menn séu orðnir saddir af að hlusta á mig í svip.

Björn Kristjánsson: Eg verð að segja örfá orð út af ræðu háttv. framsm. (B. Þ.) viðvíkjandi bryggjugerð í Hafnarfirði. Hann sagðist efast um það, að Hafnarfjörður gæti lagt fram eins mikið fé og til væri ætlast, þar sem bærinn gæti ekki kostað $^1/_3$ hluta útgjalda til Flensborgarskólans. En þess verður að gæta, að bærinn á ekkert í þessum skóla. Hann er »privat«-gjöf frá merkum manni til landsins alls, og því er sú mesta fjarstæða að halda því fram, að Hafnfirðingum beri skylda til að kosta hann, einkum þegar þess er gætt, að bærinn verður að kosta að öllu leyti dýran barnaskóla fyrir bæinn. Eg varð að minnast á þetta vegna þess, að mér fundust orð háttv. framsm. nokkuð hörð. Annars vona eg, að háttv. deild, sem vill styrkja svo mörg framleiðslufyrirtæki, taki vel í þetta mál, því að það er ekki síður til að styðja framleiðslufyrirtæki en önnur hafnarvirki, sem þingið hefir styrkt.

Þá voru það líka örfá orð út af orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) viðvíkjandi styrkveitingu til Jónasar skálds Jónssonar til þess að safna gömlum kirkjusönglögum. Mér er kunnugt um það, að hann hefir unnið afarmikið að þessu starfi alveg styrklaust. Hann hefir lagt mestar sínar eignir og tíma í þetta safn, og þar sem hann hefir starfað svo mikið og áreiðanlega enginn maður er betur að sér í þessari grein en hann, virðist ekki ósanngjarnt, að þingið veiti honum lítinn styrk til þess að halda verkinu áfram.

ATKV.GR.: (Atkv.skrá A. 484).

110. brt. 239, 65. við 1. sþ. með 17 shlj. atkv.

111. brt. 239, 66. við 2. b. sþ. með 13 : 12, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

112. brt. 239, 67. við 2. c. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Ólafsson,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen.
Þorleifur Jónsson.	

113. br. 239, 68. sþ. án atkvgr. Viðaukatill. um að Forngripasafnið sé opið osfrv. sþ. með 20 atkv.

114. brt. 239, 69. við 3. c. sþ. með 13 : 4 atkv.

115. brt. 239, 70. við 4. sþ. með 20 atkv.

116. brt. 239, 71. við 5. sþ. 18 : 1 atkv.

117. brt. 239, 72. við 5. sþ. án atkvgr.

118. brt. 239, 73. við c. sþ. 13 : 2. atkv.

119. brt. 239, 74. við 7. sþ. án atkvgr.

120. brt. 239, 75. við 8. sþ. með 14 : 5 atkv.

121. brt. 239, 76. við 10. sþ. með 19 atkv. shlj.

Þá er lítil breytingartillaga á þingskjali 337, um 100 kr. styrk til sambands íslenzkra samvinnufélaga til að halda fyrirlestra um kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap og útbreiða þekkingu á því máli. Eg gleymdi að geta þess í fyrstu ræðu minni, að nefndin er tillögu þessari samþykk og vill mæla með henni.

Fjárlaganefndin er móti styrkveitingu til magisters Boga Melsteð, og vakti það fyrir henni, að maður þessi hefir nú þegar fengið nokkuð mikinn styrk úr landssjóði, litlu afkastað, og þetta litla hefði ekki verið meira en í meðallagi að gæðum.

Þá er nefndin líka mótfallin fjárveitingu til Fiskifélagsins. Félagið hefir ekki gert neitt ennþá, og nefndinni virtist það of ungt til þess að fara strax að éta af stalli landssjóðs, og nóg af stofnunum í Reykjavík, sem styrktar eru, þótt þessari sé ekki bætt við. En nefndin álítur ekkert því til fyrirstöðu, að félagið fái styrk seinna, þegar það að einhverju leyti hefir sýnt sig og er orðið meira en pappírsfélag hér í Reykjavík. Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) var að kvarta yfir því, að altaf væri verið að hækka styrk til Búnaðarfélags Íslands. Það er alveg rétt, en eg skal geta þess, að í fyrsta sinn sem því var veittur styrkur, 7000 kr., þá var hann ekki veittur neinu pappírsfélagi. Þegar félagið var stofnað, var það stofnað upp úr Búnaðarfélagi Suðurlands, sem hafði starfað í mörg ár. Búnaðarfélag Íslands er ekki nema áframhald af því félagi, sem sjálfsagt var að styrkja ríflega þegar í upphafi og stöðugt áfram, enda hefir það verið sístarfandi.

Eg ætla ekki að tala mikið um lánsbeiðnirnar, sem rignir niður. Það gerir hvorki til né frá, hvort þær eru samþyktar, því ekkert fé er til að lána út. Margar eru þannig lagaðar, að ástæðulaust væri að sinna þeim, þótt fé væri til, t. d. lánsbeiðnin úr Þingvallasveit.

Hlutafélagið Iðunn hefir áður fengið drjúgan styrk úr landssjóði og er ekki rétthærra, þótt annað félag hafi fengið styrk nú. *(Magnús Blöndahl:* Samræmið). Ein vitleysan réttlætir ekki aðra vitleysuna. Út af hinum löngu ræðum sumra háttv. þm. um lánbeiðnirnar, get eg verið stuttorður. Þar sem háttv. þm. er það kunnugt, að ekkert fé er fyrir höndum til þess að sinna þessum beiðnum, þá verða hinar löngu og uppbyggilegu ræður þeirra að skoðast sem kostnaðarræður, sem heppilegra væri fyrir þá að halda fyrir kjósendur út um borg og bý, héruð og hreppa, en að vera að flytja þær hér, því að þær eru ekki svo mergjaðar sumar, að þær borgi prentkostnaðinn. Annars get eg fyrirgefið þeim þær, ef þær eru sprotnar af því, að þeir finni svo mjög til síns eigin ágætis, að þeir haldi að öllu landinu sé stofnað í bersýnilegan voða, ef þeir verði ei endurkosnir.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu til iðnaðar- og verzlunarskóla borgar sig víst ekki fyrir mig að tala mikið. Eg tala þar fyrir daufum eyrum, meðan helmingur þm. eru Reykvíkingar. Eina aðvörun vil eg gefa. Menn ættu ekki að benda bogann of hátt. Hann kynni að bresta. Og seinna kynni hlutfallið milli Rvíkurþingmannanna og sveitaþingmannanna að breytast og annað verða þá uppi á teningnum.

Nefndin treystir sér ekki til að mæla með firðtalsstyrk, meðan óvíst er um afdrif loftskeytamálsins. Annars hélt nefndin, að maður sá, er hér er um að ræða væri bundinn í þjónustu erlends félags.

Eg hefði ef til vill þurft að svara fleiri orðum ýmsra háttv. þm., en býst

ur. Allir hljóta að viðurkenna, að Goodtemplararreglan hefir unnið ómetanlegt gagn. Hún hefir gert fjölda manna hæfari til starfs, forðað þeim frá sveit og bjargað þeim frá dauða fyrir örlög fram. Þetta eru þó örfá dæmi af öllum þeim, sem til eru, um gagnsemi reglunnar. Eg hefi lesið það nýlega, að uppkominn maður sé metinn 4—6000 kr. virði að meðaltali fyrir þjóðfélagið. Ef reglan nú að eins bjargaði einum manni á 2 árum, þá væri með því fullkomlega borgaður sá styrkur, sem nú er verið að tala um að veita henni um næsta fjárhagstímabil. En eins og eg sagði, það var á laugardaginn, sem h. 2. þm. Rang. (E. J.) sagði, að reglan þyrfti ekki styrk lengur, og gæti nú gengið í helgan stein. Mér finst þessi orð afsakanleg af vörum þeirra manna, sem ekki eru templarar og lítið þekkja til reglunnar, en mig furðar á, að templarar, eins og hæstv. ráðh. (Kr. J.) er, skuli tala svona. En síðan á laugardaginn er framkomið í efri deild frv. til laga um frestun á framkvæmd bannlaganna. Það er því alls ekki víst að þau gangi í gildi á ákveðnum tíma. Því meiri ástæða er þá nú til þess að samþykkja þessa litlu fjárveitingu. Og jafnvel þótt það væri fyrirsjáanlegt, að starfi Good-Templarreglunnar væri nú lokið, þá væru 2000 kr. þó ekki nema örlítil viðurkenning til hennar fyrir alt hennar gagnlega og blessunarríka starf. Hvort þingið gerir sér sæmd eða skömm með því að synja um þessa fjárveitingu getur þjóðin dæmt um. — »Svo bregðast krosstré sem önnur tré« datt mér í hug, þegar mótmæli móti þessum styrk komu frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Eg vænti, satt að segja, ekki mótmæla úr þeirri átt. Hann hefir áður starfað mikið fyrir regluna og líklega aldrei gert eins mikið gott á æfi sinni og hann vann þá, og það verður honum víst reiknað mest til sæmdar, af því sem hann hefir unnið. Hann ætti því manna bezt að vita um gagnsemi reglunnar og sjá, hve sanngjörn þessi fjárveiting er. Hann vildi réttlæta mótmæli sín með því, að reglan væri farin að vasast í pólitik, og mun þá hafa átt við bréf, sem einn af starfsmönnum hennar hefir sent út um land. Eg skal ekkert um það segja, hvort maður þessi hefir misbeitt valdi sínu eða ekki, en þó svo hafi verið, þá er rangt að láta alla regluna gjalda þess. Greiði háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ekki atkvæði með þessari fjárveitingu, þá gefur hann mönnum ástæðu til að trúa því, sem um hann hefir verið sagt, að hann brygðist oft og mest á seinustu stundu.

Það hefir verið mikið rætt um tillögu nefndarinnar um að fella burt liðinn um botnvörpusektirnar; þótt mikið hafi verið um það talað, þá get eg þó ekki alveg gengið fram hjá því. Í nefndinni var stór meiri hluti með þessari brtill., og eg persónulega er líka með henni og verð að leggja að mönnum að samþykkja hana. Þótt svo sé lítið á, sem það hafi verið samningur, að Danir skyldu hafa nokkurn hluta sektanna, þá hefir það aldrei verið annað en bráðabirgðasamningur til tveggja ára, sem alþingi er alls eigi bundið við að endurnýja, einkum þegar á það er litið, að þótt allar sektirnar renni í landssjóð, þá er það ekki nema örlítil borgun fyrir það, að Danir og Færeyingar færa sér í nyt fiskimiðin í landhelgi Íslands. Sumir eru að spyrja, hvað okkur muni um þessa $^2/_3$ hluta sektanna. En hvað munar Dani þá um það? Séu sektirnar lítilræði fyrir okkur, þá eru þær meira lítilræði fyrir Dani. Annars er þetta ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það, að við höldum fast fram okkar réttindum og látum ekki traðka þeim.

styrk til búnaðarfélaga. Því er svoleiðis varið, að áður, meðan lítið var gert að jarðabótum, var styrkur þessi til uppörfunar, en nú þegar styrkurinn deilist á milli svo margra, að engan munar um, álít eg, að hann hafi sáralitla þýðingu, og að klípa af styrknum til Búnaðarfélags Íslands til þess álít eg, að ekki geti komið til tals, því eins og kunnugt er, á Búnaðarfélagið einkum við búnaðarframkvæmdir í stórum stíl, og það getur það ekki gert, nema það fái mikið fé til umráða.

Þá vil eg mæla með litilsháttar styrkveitingu til þess að gefa út dýralækningabók. Það er mjög mikil nauðsyn á slíkri bók og þeim peningum vel varið, sem til þess ganga.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) kvartaði yfir því, að styrkurinn til forngripasafnsins og skjalasafnsins hefði verið lækkaður. Nefndin hélt sér þar við gildandi fjárlög. Um styrkinn til Torfa í Ólafsdal, er það að segja, að ýmsir hafa talað um, að 1200 kr. væri nægilegt, og þótt eg álíti, að slíkur maður sem hann eigi meira skilið, þá vildi nefndin eigi eiga það á hættu að fá það felt.

Um styrkveitingu til Bernarsambandsins til að vernda rétt íslenzkra höfunda í útlöndum fer nefndin eftir tillögum stjórnarinnar, og án þess að eg hafi mikið vit á því máli, þá mælir nefndin með þessum styrk.

Um orðabókarstyrk til Jóns Ófeigssonar, skal eg ekki fjölyrða, álít að sú bók geti beðið og að komast megi af með þýzk-danska orðabók fyrst um sinn, enda geti þá þessi ungi, efnilegi maður búið bókina undir, svo hún gæti komið fljótar út, þá er honum yrði seinna veittur styrkur til þessa.

Engin ástæða er til að veita styrk til gistihúss í Fornahvammi; örskamt þaðan að Sveinatungu, þar sem gott er að gista. Viðsjált fordæmi að veita fé úr landssjóði til gistihúss. Margir mundu eftir koma og beiðast hins sama.

Fjárveitingunni til rannsóknar járnbrautarstæðis austur í sýslur býst eg við að nefndin verði samþykk eftir að hún hefir heyrt þær upplýsingar, sem hæstv. ráðherra (Kr. J.) hefir gefið. Aðeins hefði átt að standa i tillögunni »alt að« 3000 kr.

Breyt.till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um 25 þús. kr. fjárveitingu til bryggjugerðar í Hafnarfirði hlýtur nefndin að leggja á móti, jafnvel þótt mikill hluti alls kostnaðarins eigi að koma annarsstaðar frá. Hafnargerð í Reykjavík gerir þá fjárveitingu ómögulega, enda finst mér, að Hafnarfirði hljóti að vera ókleyft að leggja fram svo mikið fé, sem til er ætlast, til bryggjunnar, þegar honum er um megn að borga $^1/_3$ hluta kostnaðar við einn skóla þar í bænum. Líka hefir beiðni um styrk til bryggjugerðar komið úr svo mörgum bæjum, að ómögulegt er að sinna þeim öllum.

Þá kem eg að orðum háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem lagði á móti styrk til Goodtemplarareglunnar hér á landi. Hann kvað styrkinn alóþarfan, með því að reglan þyrfti ekki lengur að starfa. Hæstv. ráðherra (Kr. J.) tók í sama strenginn. Þetta var nú á laugardaginn og jafnvel þá var það rangt, því að þótt bannlögin gangi í gildi 1. jan. 1912, þá er þó leyft 3 ár eftir það að selja áfengi í landinu. Og því verður að minsta kosti í 3 ár enn að halda bindindisstarfsemi og bindindisútbreiðslu áfram með engu minni krafti en áður. Eg held, að ástæðulaust sé og hafi verið að svifta félagið þessum styrk. Eg hygg, að engin fjárveiting, sem samþykt hefir verið á alþingi, hafi borgað sig betur, en þessi 2000 kr. árlegi styrk-

með sönnu sagt, að þing og stjórn gangi á gefin loforð. Að öðru leyti en þessu hefir málið ekki stórpólitiska þýðingu

Magnús Blöndahl: Út af ummæl um háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) um styrkveitingu til Fiskifélags Íslands, lít eg svo á, að hann áliti, að þar sé um réttmæta tillögu að ræða, og með sérstöku tilliti til þess, að eg muni geta til 3 umræðu komið mér saman við fjárlaganefndina, tek eg þessa tillögu mína aftur að sinni.

Framsögumaður (Björn Þorláksson.): Eg skal ekki vera mjög margorður. Fyrst skal eg minnast á skáldastyrkina. Ýmsir háttv. þm. hafa látið í ljósi óánægju sína yfir því, að t. d. Guðmundur skáld Magnússon fengi of lítinn styrk á móts við þá Einar Hjörleifsson og Þorstein Erlingsson. Það er engu líkara, en þessir menn haldi, að skáld þessi eigi fjárkröfurétt á hendur landssjóði, en það er engan veginn svo; styrkur þessi til skáldanna er gjöf, og þess vegna er það rangt að vera með slíkan samanburð, og þegar þingið útbýtir þessum gjöfum, þá kemur að sjálfsögðu ýmislegt fleira til álits en það, hversu mikið liggur eftir hvert skáld af ritsmíðum, t. d. hvort hlutaðeigandi í raun og veru hefir mikla þörf fyrir gjöfina, og venjulega er þá gefið þeim mun meira, sem þörfin er meiri. Eg lít svo á, að Guðmundur Magnússon þurfi alls eigi að vera óánægður, né þeir menn, sem honum fylgja, hans þörf fyrir styrk er ekki nærri eins mikil eins og Einars Hjörleifssonar og Þorsteins Erlingssonar. Guðm. Magnússon er maður á bezta aldri, hraustur og vel vinnandi, en hinir báðir farnir að eldast og þar að auki ekki hraustir til heilsu. Hins vegar skal eg lýsa yfir því, að eg mun verða á móti öllum nýjum gjöfum til skálda. Allir skáldastyrkir eru óvinsælir hjá þjóðinni, og eg ímynda mér, að hún kunni fulltrúum sínum litlar þakkir fyrir að ausa út fé sínu til einkis, þegar fjöldi gagnlegra fyrirtækja verða að sitja á hakanum sökum fjárskorts.

Þá hafa tveir listamenn sótt um styrk til að fullkomnast í list sinni. Eg verð einnig að vera á móti því, að það verði veitt; annar af þessum mönnum er orðinn svo aldraður, að vonlítið er um, að hann geti tekið miklum framförum, en hinn hefir að vísu meðmæli um það, að hann hafi góða hæfilegleika, en eg álít, að þingið eigi ekki að styrkja slíka menn nema þeir hafi ágæt meðmæli.

Um námsstyrk til Laufeyjar Valdimarsdóttur er það að segja, að hér er stigið inn á mjög hála braut, því búast má við því, að fleiri kvenstúdentar komi á eftir, og eftir þeirri aðsókn, sem nú er að mentaskólanum af kvenfólki, þá gæti styrkur til þeirra að fáum árum liðnum numið þúsundum króna, og til þess að skapa ekki hér hættulegt fordæmi mun eg einnig greiða atkvæði á móti þessum styrk.

Nefndin heldur fast við að lækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss náttúrufræðings. Hann er sem kunnugt er heilsulítill, og því ekki líklegt, að hann geti ferðast, enda væri þá 2000 kr. styrkur honum ónógur, þar sem hann hefir mist af styrk úr Carlsbergssjóði, er hann hefir notið að undanförnu til ferðalaga hér um land. Aftur á móti álítur nefndin, að hann geti komist af með 1200 krónur, ef hann ekki ferðast, það muni vera nægilegt fyrir hann að lifa af. Hvað dr. Helga Jónssyni viðkemur, þá vinnur hann að kenslu 7 mánuði af árinu og fær mikið fyrir það, nefndin álítur því 1200 kr. sómasamlegan styrk fyrir hann til að stunda grasafræðisrannsóknir, sem hann aðeins getur unnið að sumartímann.

Eg verð sömuleiðis að vera á móti breyt.till. þm. Snæf. (S. G.), um aukinn

búið svo í garðinn, að oss er þar gefinn réttur yfir landhelginni, eins og sjálfsagt er. Og svo er um fleira. Þannig eru siglingar sérmál, og gefur það oss skýlausan rétt til þess, að nota sérstakan siglingafána. En það er eins og komið sé við hjartað í þeim, ef á þetta er minst, og af því þarf að venja þá. Eins er t. d. með verzlunina. Hún er sérmál og því er þar vegur til þess að koma upp íslenzkum verzlunarráðunautum í útlöndum. Það er sérmál, þótt Danir kalli það alríkismál, og þeim íslenzka skilningi þarf að koma inn hjá þeim sem fyrst. Þess vegna hefir þetta atriði um sektaféð stórmikla þýðingu og eg get ekki vikið frá stefnu síðasta þings í því. Eg verð enn að taka það fram, að þetta, að fiskveiðaréttinn mætti skoða sem borgun fyrir vörzluna, kom glögglega fram í millilandanefndinni og varð Dönum þar mjakað til þess að telja sig ánægða með þá borgun meðan Íslendingar ekki taka strandgæzluna að sér. Þeir könnuðust við það, að hér væri ekki verið að veita nein ný réttindi heldur hefðum vér þegar rétt til að útiloka þá frá landhelginni, og væri það borgunin, að vér gerðum það eigi. Sé eg svo eigi ástæðu til að segja meira að sinni.

Björn Jónsson: Einhver tók það fram áðan, að úr því eg hefði eigi sett inn í fjárl.frv. styrk til Templarareglunnar, þá væri það vottur þess, að eg mundi nú orðinn þeirrar skoðunar, að hún eigi ekkert að fá. En orsökin til þessa er sú, að félag það hafði ekki sótt um neinn styrk þegar frumvarpið var samið.

Ráðherrann (Kr. J.): Það er út af ummælum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að eg ætla að segja nokkur orð. Hann talaði um tillag landssjóðs til fiskigæzlu hér í kring um strendur landsins, er goldið hefir verið í ríkissjóð Dana af sektum botnvörpunga og andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Hann sagði, að þetta mál hefði stórpólitíska þýðingu. Eg get, með mínum bezta vilja, ekki séð, að þetta mál hafi stórpólitíska þýðingu, það er að segja þýðingu fyrir framgang og afdrif þess máls, sem hann hafði fyrir augum, sem sé sambandsmálsins, eg get ekki séð, að þessi fjárveiting standi í neinu sambandi við nefnt mikilsvert mál. Aðalatriðið í þessu máli, og það sem ekki verður framhjá gengið, er það, að hér var komið á samkomulag milli alþingis annars vegar og Dana hins vegar um meðferðina á botnvörpungasektunum m. m., og að þetta hafi í raun og veru verið svo, sannast bezt með því, að fyrverandi ráðherra, sem á síðasta þingi var mjög mótfallinn ákvæðinu um botnvörpusektirnar, hefir breytt skoðun sinni á málinu, er hann var í Danmörku, og hefir nú sjálfur tekið ákvæðið upp í fjárlögin. Eg skal fúslega viðurkenna, að þingið hefir formlegan rétt til þess að fella ákvæðið úr fjárlögunum, og þannig neita að greiða þetta tillag til fiskiveiðagæzlunnar, en eg er hræddur um, að svo verði litið á, að við höfum þá gengið á gerða samninga. Það hafa því miður heyrst raddir frá ýmsum merkum og mikilhæfum mönnum í Danmörku í þá átt, að vér hefðum brugðið loforðum okkar í þessu máli, og að okkur væri ekki trúandi. Eg veit ekki, hversu mikið tillit háttv. þm. nú munu vilja taka til ummæla háttv. fyrv. ráðherra, þar sem hann hefir sagt við forsætisráðherra Dana, eins og nú er sannað, að hann mundi »bestræbe sig for« — þ. e. vinna að því, að þetta ákvæði yrði sett inn á fjárlögin aftur og þá auðvitað einnig samþykt, en eg held því fram, að þingið eigi sóma síns vegna að samþykkja ákvæðið um botnvörpusektirnar, því það er harla mikilsvert fyrir þjóðina, að eigi komist það orð á eða verði

legri. Hefir það eigi litla þýðingu, þar sem þeim fjölgar árlega, er heimsækja Þingvelli og dvelja þar.

Skúli Thoroddsen: Mér láðist það síðast, að geta um þá breyt.till. frá fjárl.n., að Sighvati Grímssyni Borgfirðing verði veittar 200 kr. til þess að kynna sér skjalasafnið hér. Hann hafði til þess 200 kr. á síðasta fjárhagstímabili og var hér um vetrartíma, og mun landsskjalavörður geta vitnað það, að hann var við starf sitt vakinn og sofinn á safninu alt þangað til hann fór. Og þá kvartaði hann sáran um, að hann hefði ekki getað verið þar lítið eitt lengur. Nú er hér farið fram á það að gefa honum kost á því, og héðan af verður ekki farið fram á frekari styrk til þessa, vænti eg því að þessu verði vel tekið. — Sama vil eg segja um fjárveitingu til lendingarsjóðs Bolvíkinga. Það hefði að vísu verið ætlandi, að hún hefði fengist hærri en þetta, því að meiningin var, að framkvæmdirnar yrðu í töluvert stórum stíl og lending þar er ill og torveld og þarf mikilla umbóta við. Nú hefir fjárl.n. ekki viljað veita nema 1 þús. til þessa og má vera, að það komi að einhverju haldi, þótt lítið sé.

Aðallega stóð eg upp til þess að svara ummælum h. ráðh. (Kr. J.) um botnvörpungasektirnar. Hann lagði fast að þingdeildinni að fara varlega í það mál og vildi leita hófanna um samkomulag. Eg verð að vera því algerlega mótfallinn, að Íslendingar fari að leita samkomulags við aðra um neitt það, sem er jafnfreklega íslenzkt sérmál eins og það, hvað oss þóknast að gera af þessu fé. Og í hverju skyni ætti það að teljast hyggilegt að fara varlega í þetta? Er hæstv. ráðh. hræddur um að Danir muni kippa að sér hendinni og hætta við strand gæzluna? Ekki er eg hræddur um það. Enda ættum við ekki, ef í það fer, að vera þau smámenni, að við reyndum ekki að útvega oss tvo fallbyssubáta. Og það er ekki til neins að segja, að það sé oss ekki heimilt. Því trúir enginn, því að landhelgin er sama sem Ísland. Ekki álít eg heldur, að það hefði neitt gott í för með sér fyrir sambandsmálið, þótt farið væri að ráðum ráðh. í þessu. Það mál er ekki þess eðlis, að vér eigum ekki að halda fullri einurð vorri eða láta traðka rétti vorum, þar sem vér getum annað. Viðvíkjandi því, að hæstv. fyrverandi ráðh. hafi átt að gefa Dönum ádrátt um þetta, þá er það að segja, að hann hefir nú sjálfur skýrt frá því, að hann hafi aldrei lofað öðru frekara en leggja þetta mál undir þingsins dóm, og það var líka eðlilegt, hann gat ekki ábyrgst meira. Danir vita það einnig, að hann réð ekki einn úrslitum þessa máls, heldur alt fjárveitingarvaldið. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði um þetta eins og smáútgjöld. Eg skal játa það, að fyrir Dani þykir mér það lítið að seilast eftir, en fyrir okkur er það ekki svo, við erum ekki nema 80 þúsundir. En aðalatriðið í þessu máli er það, að Dönum sé gert það ljóst, að þeir framkvæma alls ekki þenna starfa endurgjaldslaust fyrir oss eins og er. Veiðirétturinn, sem vér leyfum þeim í staðinn, er margfalt meira virði, en það sem þeir veita okkur í vörzlunni. Og það jafnrétti, sem dönsk hægrimannstjórn kom á í þessu meðal vor og þeirra, að allir þegnar beggja landanna skulu njóta fullkomins atvinnuréttar í báðum löndum, — það hefir ekki við lög að styðjast lengur en vér sjálfir viljum. Það verður að gera Dönum það ljóst, að þótt þetta væri gert í fljótfærni árið 1905, sem aldrei skyldi verið hafa, þá höfum vér eigi með því spilt rétti vorum að neinu leyti, heldur er landhelgin okkar íslenzkt sérmál samkvæmt sjálfum stöðulögunum. Í annari grein þeirra hafa Danir með venjulegri stjórnmálaspeki

var mjög óhyggileg eins og ástóð, og hefði aldrei átt að samþykkjast.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) mintist á styrkinn til smjörbúanna, og vildi helzt afnema hann sem fyrst. Aðalástæðan fyrir því skildist mér vera sú, að það væri ekkert smjörbú á Austurlandi. Til þess er því að svara, að það er ekki alstaðar jafnvel fallið, að stofna þau. Sumstaðar hagar svo til, að ekki er ráðlegt að koma þeim á fót. *(Benedikt Sveinsson:* Á Fljótsdalshéraði!). Eg efast ekki um, að smjörbú geti þrifist á Fjótsdalshéraði, en því nú er svo varið, að þrátt fyrir mikið umtal um að koma því þar á fót, þá hefir það mál aldrei komist lengra. Annars vil eg geta þess, að Fjótsdalshérað er yfir höfuð betur fallið til sauðfjárræktar og kjötframleiðslu en kúaræktar og smjörframleiðslu. Fyrir því tel eg réttara að styðja þar að umbótum á sauðfjárrækt. Í þessu sambandi get eg einnig upplýst um það, að þar er sauðfjárkynbótabú, sem nýtur árlegs styrks frá Búnaðarfélaginu, og í ráði að stofna þar annað á þessu ári og því heitinn styrkur. Það er að sjálfsögðu hagkvæmast og affarasælast í hverjum stað að leggja stund á þá grein búnaðarins, er bezt á við, og hvetja til umbóta í henni. Það er tryggast til framfara og borgar sig bezt.

Þá mintist sami háttv. þm. á tillögu þingmanna Rang. um að heimila lán til þess að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri, og mælti með henni. Eg hefi sízt á móti því, að þessi lánsheimild sé veitt. En þar sem þingmaðurinn í því sambandi mintist á Flóaáveituna og taldi hana ekki eins nauðsynlega, þá er það bygt á misskilningi og ókunnugleika. Hann sagði á þá leið, að með íhleðslunni í Djúpós væri mikið og gott engi varðveitt, en með áveitunni yfir Flóann ætti að búa til engjar. En þetta er talað úti á þekju og lýsir megnum ókunnugleik. Hluturinn er sá, að Flóaáveitan er í sjálfu sér langtum þýðingarmeiri en íhleðslan í Djúpós, og hefir víðtækari áhrif Í Flóanum eru stór engjalönd, sem á að bæta með áveitunni. Þar er þéttbýlt og fólksmargt, og þegar áveitan er komin, getur fólkinu fjölgað enn meir. Þar er greitt um samgöngur og stutt til aðdrátta. Flóaáveitan hefir því mikla hagfræðislega þýðingu ekki einungis fyrir það hérað heldur landið alt í heild sinni.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefi eg ekki miklu að svara. En út af því, sem hann sagði um styrkinn til búnaðarfélaganna, skal eg taka það fram, að eg hefi ekki mælt á móti því, að hann verði hækkaður. Þvert á móti. Eg mun því greiða atkv. með breyt.till. þm. um hækkun þessa styrks. Og verði sú till samþykt, vænti eg, að hann taki aftur till. sína um að lækka styrkinn til Búnaðarfélags Íslands. Öðru, sem hann sagði, finn eg ekki ástæðu til að svara.

Eg hefi mikla freistingu til þess að vera með till. á þgskj. 400 um styrk til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur. Sé mér þó ekki fært að greiða henni atkv. í þetta sinn. En eg tel það sjálfsagt, að ráðist verði í þetta verk áður mjög langt um líður.

Öðrum breyt till, sem fram komnar eru frá einstökum þingm., og fara fram á styrkveitingar til einstakra manna, er eg yfirleitt mótfallinn, og mun greiða atkv. gegn þeim.

Að lokum vil eg mæla sem bezt með brtill. okkar háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um að Sigmundi á Brúsastöðum verði heimilað lán til þess að kaupa Miklaskála og Valhöll. Fái hann lánið og kaupi húsin, ætlar hann að breyta þeim og bæta þau og gera þau hagkvæmari og gisti-

miklum mun dýrari en hún annars þyrfti að vera. Það er því engin vanþörf á að rannsaka betur en gert hefir verið fram að þessu, hvar í raun og veru hentugast er að leggja brautina, og að því vil eg styðja með því að greiða atkvæði með tillögunni um styrk til framhaldsrannsóknar á járnbrautarstæði frá Reykjavík og austur yfir fjall.

Sami háttv. þm. mintist einnig á till. sína um styrk til Fiskifélagsins Út af ummælum hans um það, að fjárl.nefndin hefði tekið illa í að veita styrk þessu félagi, skal eg geta þess, að henni þótti fjárveitingin of há, sem farið var fram á í tillögunni. Að öðru leyti tók hún enga afstöðu um styrk handa þessu félagi. Hins vegar er á það að líta, að hér er að ræðu um nýstofnað félag, sem ekkert er farið að starfa, og er að eins til á pappírnum. Það hefir að vísu sett sér lög og kosið stjórn, en það breytir engu í þessu efni. Þegar félagið fer eitthvað að starfa og verðskuldar styrk, mun ekki standa á því, að hann verði veittur. Það á ekki við að bera saman þetta nýstofnaða félag og Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarfélagið er búið að starfa í mörg ár og það er í raun og veru gamalt félag. Það hét áður Búnaðarfélag Suðuramtsins, og var þá að eins fyrir Suðurland. Hafði það starfað lengi áður en það fékk nokkurn styrk af almannafé. Það er því engin heil brú í því að vera að bera þetta nýstofnaða Fiskifélag saman við Búnaðarfélag Íslands.

Þá mintist háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) á tillögur fjárl.nefndar um skilyrði fyrir fjárveitingu til þeirra skóla hér í Rvík, sem ekki eru að öllu leyti landssjóðsskólar, og þótti honum það óréttlátt. Nefndin áleit og álítur, að þetta skilyrði, um að styrkurinn til þessara skóla fari ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar, sé alveg nauðsynlegt. Með því er ekkert sagt um sjálfa skólana eða verið að gera lítið úr þeim. Það er þvert á móti viðurkent, að þessir skólar séu mjög góðir, og jafnvel ekki sízt Verzlunarskólinn. En það haggar ekkert við skoðun eða tillögu nefndarinnar. Till. er bygð á nauðsynlegu og sjálfsögðu grundvallaratriði, sem nefndin heldur fast við. Skólarnir verða að mestum og beztum notum, beinlínis og óbeinlínis, þar sem þeir eru, og því er ekki nema skylt, að eitthvert tillag komi frá hlutaðeigendum móti því, er landssjóður leggur þeim til.

Sami háttv. þm. var að tala um það, hvað Reykjavík greiddi mikið í landssjóð, og vildi setja það í samband við styrkinn til skólanna. En það á ekkert skylt við þetta mál. Hann sagði, að $^1/_8$ af tekjum landsins kæmi frá Reykjavíkurbæ. Þetta er auðvitað sagt út í bláinn og er hrapallega villandi. Eru það Reykvíkingar einir, sem kaupa þær vörur, sem koma hingað til bæjarins og tollar eru greiddir af í landssjóð? Síður en svo. Og eru það Reykvíkingar, sem draga allan þann fisk úr sjónum, sem lagður er hér á land og fluttur út héðan? Eg held nú ekki. Þessi ummæli þm. eru því mjög fjarri sanni og hafa ekki við rök að styðjast. Hins vegar getur maður sagt, og það með miklu meiri rétti, að meginhluti þess fjár, sem veitt er til skóla, safna og vísindalegrar starfsemi, lendi hjá Reykvíkingum. Það er sannleikurinn.

Um lánið til Iðunnar er það að segja, að eg gæti verið með því í sjálfu sér, ef það hefði nokkra þýðingu. En nú vitum við, að það er þýðingarlaust að samþykkja slíka lánsheimild, þar sem ekkert fé er handbært í viðlagasjóði til að lána. Það er rétt álitið, að eins mikil ástæða sé til að lána Iðunni eins og verksmiðjunni á Akureyri. En um þá lánsheimild vil eg segja það, að hún

íslenzkum sérmálum staðfestingar. Fjárlögin voru því ekki í hættu. En eg tel, að fyrverandi ráðherra hafi gert rétt, er hann hét að styðja þetta mál. Eg vil minna á það, að milli þinga og milli þjóða er til nokkuð, sem heitir »Tro og Love«, eða að halda orð og eiða. Það er tízka að halda það, sem fjárlaganefnd hefir lofað, hvað þá það, sem þing lofar; það er skoðað sem þegjandi samningur, er vamm sé að rjúfa.

Sigurður Sigurðsson: Það eru að eins nokkrar athugasemdir útaf ummælum ýmsra háttv. þm., er eg vildi leyfa mér að gera áður en til atkvæða er gengið, og tek eg þau í sömu röð, sem þeir hafa talað.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) mintist eitthvað á styrkinn til Búnaðarfélags Íslands. Gagnvart ummælum hans vil eg taka það fram, að eg mun greiða atkvæði með, að styrkurinn til búnaðarfélaganna verði hækkaður. En eg kann ekki við, að *bændur* séu að telja eftir þann styrk, sem ætlaður er Búnaðarfélagi Íslands. Annars virðist svo sem þessi háttv. þm. sé næsta ókunnugur Búnaðarfélagi Íslands og starfsemi þess. Hann áleit, að mestur hlutinn af fénu sem félaginu er veittur, færi í sýslurnar austanfjalls. En það er langt frá, að svo sé. Hitt er eðlilegt og sjálfsagt, að félagið beiti sér mest, bæði með styrki og leiðbeiningar, þar sem mest er að gera, og framfaraviðleitnin er ríkust og áhuginn mestur. Að öðru leyti eru styrkveitingar félagsins og leiðbeiningar ekki bundnar við einstök héruð. Það styrkir framfarafyrirtæki, svo sem vatnsveitingar, samgirðingar o. fl. hvar sem er á landinu.

Auk þess má benda á það, að Búnaðarsamböndunum er veittur styrkur frá Búnaðarfélaginu. Þannig er Búnaðarsambandi Austurlands — og kjördæmi þingmannsins er innan þess — ætlað á næsta ári 4500 kr., Ræktunarfélagi Norðurlands 8500 kr., Búnaðarsambandi Vestfjarða 3000 kr., o. s. frv. — Það er því óþarft og ómaklegt að vera einlægt að telja eftir þennan styrk, sem Búnaðarfélaginu er ætlaður.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að eg hefði misskilið hann út af því, sem hann sagði um »sálina og malpokann«. Það má vel vera, að svo hafi verið, en háttv. þm. misskildi einnig það, sem eg sagði í þessu sambandi. Mér kom alls ekki til hugar að brigsla honum um fátækt, eins og hann sagði, að eg hefði gert. Það var svo langt frá því. Mér er það fjarri skapi að brigsla nokkrum manni um fátækt. En það sem eg átti við með ummælum mínum um malpokann, var það, að eg tel alla þá, sem þiggja laun af almannafé, eyða en ekki afla. Og þm. Dal. (B. J.) hefir oftast talist til þeirra, sem þannig er ástatt um.

Þá var það háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.), sem vék að mér nokkrum orðum í sambandi við till. hans um styrk til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði austur. Hann lét þess getið, að mig mundi skorta þekkingu til þess að dæma um það, hvar bezt mundi að leggja járnbrautina. En jafnvel þótt svo kunni að vera, sem þm. sagði, þá get eg þó fullyrt það, að þessi leið, sem sérstaklega hefir verið talað um, að brautin ætti að liggja um, er sú lang snjóþyngsta, sem valin verður. Í öðru lagi er hún langtum lengri, en nokkur önnur leið, er minst hefir verið á í þessu sambandi. Það geta allir séð, hver krókur það er, að fara með brautinni upp á Þingvöll, þar sem endastöðin á að vera Ölfusárbrú eða Þjórsárbrú, í stað þess að leggja hana sem beinasta leið að þessum endastöðvum. Verður brautin með því móti

reproduktions-stofnun á Þýzkalandi og meðal hinna fremstu í heimi, síðan aftur hjá Carlsen í Khöfn. Eg vil benda á, að það er mjög nauðsynlegt að hafa slíka stofnun hér á landi. Það er ilt að þurfa að bíða eftir myndum frá útlöndum langar stundir, þegar um merkisviðburði er að ræða. Hér er árlega útgefið ýmislegt, sem mynda þarf til og skemtilegri gera ritin. Auk þess er nauðsyn að hafa myndir í skólabókum og kenslubókum. Maðurinn er vel hæfur, hefir beztu meðmæli frá kennurum sínum og húsbændum. Hann biður ekki um *styrk*, heldur *lán*, vaxtalaust í 3 ár, en endurborgist síðan á 15 árum. Hefir oft verið styrkt lakara fyrirtæki.

Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) fann að því, að lagt er til að breyta »Þjóðmentasafnið« í »Bókhlaðan«, og færði til, að húsið hýsti fleiri söfn en bókasafn landsins. Hann veit vel, að húsið er hlaðið yfir bókasafnið, þótt hin söfnin fái að vera þar til bráðabirgða. Ekki skiftir þetta þó miklu.

Þá ætla eg að víkja að fjárveitingu til viðskiftaráðunauta. Á síðasta þingi voru flestir sammálu um að veita þetta fé. Hins vegar munu margir hafa hugsað sér, að starfið yrði öðru vísi af hendi leyst. Eg hafði hugsað mér, að þetta yrði verzlunarráðunautur, en ekki pólitiskur ráðunautur. Ekki segi eg þetta til að fella málið; eg vil láta veita fé til *verzlunar*-ráðunauta og má breyta heitinu við 3. umr. Eg er ekki samþykkur sundurliðaninni, en ekki er hún næg ástæða þeim, sem hana þekkjast ekki, til að fella fjárveitinguna nú.

Um styrk til útgáfu alþingisbókanna fornu er það að segja, að hér er um verk að ræða, sem hefði átt að gera fyrir löngu. Eg er tillögunni hlyntur. Upphæðin er ekki há, en prenta verður svo, að síða svari til síðu og lína til línu.

Þá kem eg að fjárveitingu, sem eg hefi jafnan greitt atkvæði með, en mun nú greiða atkvæði á móti; það er styrkurinn til Good-Templarafélagsins. Eg hefi jafnan bannmaður verið og ann bindindi og starfsemi til eflingar því. En ástæðan fyrir því, að eg er á móti fjárveitingunni, er sú, að þetta fé hefir verið illa brúkað, verið brúkað í pólitiskum deilum. Þetta félag hefir reynt að grafa undan þinginu, sent út ósæmilegt bréf í laumi, og leitað þess við menn, að þeir greiddu atkvæði svo eða svo í fjárálögumáli, bannað meðlimum reglunnar að *ræða* málið, heldur agitera fyrir því í laumi! Félagið er þá orðið Jesúíta-regla. Eg hefi sagt þetta stjórn reglunnar. Hún hefir ekki lagfært það. Það þýðir ekkert að vitna í, að stórritari hafi gert þetta upp á eignar spýtur. Nærri hver maður í stjórninni er mér persónulega kunnugur, en eg hefi sagt þeim, að í þessu skyldi engi verða þeim óþarfari en eg. Fyrverandi ráðherra (B. J.) hefir litið líkt á þetta, því að hann hefir ekki tekið fjárveitinguna upp í fjárlögin. Reglan er félag, sem rétt var að veita styrk til að halda uppi heilbrigðum skoðunum, en ekki til pólitiskra agitationa í skattaálögum, sem heyra undir verksvið þingsins. Reglan er líka svo fjölment félag, að hún þarf ekki landsfé eftir að bannlögin hafa verið samþykt. Af þessum ástæðum er eg á móti tillögunni, og þykist vera jafngóður vinur bindindis fyrir því.

Eg ætla ekki að fara út í botnvörpusektirnar. En út úr einu orði hjá fyrverandi ráðherra, háttv. þm. Barð. (B. J.), því, að ákvæðið sé inn komið í fyrstu af ótta við það, að fjárlögin yrðu eigi samþykt, vil eg geta þess, að eg skil ekki, hvernig honum kemur til hugar að segja þetta. Forsætisráðherra Dana hefir lýst yfir því, að dönskum áhrifum yrði ekki beitt til að synja

eins um það að ræða að veita honum styrk í eitt skifti fyrir öll, og væri það ósamkvæmni að synja honum um það, þegar öðrum skáldum er veittur árlegur styrkur. Eg tel goðgá að nefna suma aðra í sambandi við hann.

Mér þótti undarlegt að heyra ummæli háttv. þm. Dal. (B. J.) um styrk til Bernarsambandsins. Mér heyrðist hann halda því fram, að vér ættum að stela frá öðrum þjóðum réttindum þeirra. Þá verður hann að sætta sig við, að aðrar þjóðir steli frá oss. En það er ljótt að stela; stuldur er það, að taka verk annarra manna leyfislaust og þýða. Mér er kunnugt um það, að Björnstjerne Björnson var það sárast, er ritum hans var stolið, ekki vegna ritlaunanna, heldur vegna illra þýðinga á ritunum. Það er rithöfundum mikils vert að geta ráðið því, hver verk þeirra þýðir. Eg er samþykkur því að veita þenna styrk, og fer háttv. þm. Dal. (B. J.) vilt í því, að halda, að íslenzkir rithöfundar geti engar tekjur haft af þýðingum rita sinna. Eg vil benda á bók eins og »Piltur og stúlka«. Sú bók hefir komið út hvað eftir annað, tvisvar á þýzku gefin út af Reclam, tvær þýðingar á dönsku, tvær á ensku (önnur í Englandi hin í New-York). Það er enginn vafi á því, að rithöfundar, sem ritað hafa bækur, er slíka útbreiðslu fá, geti fengið einhver ritlaun. Fyrir bækur gefnar út á ensku má fá talsvert fé. Þótt höfundurinn sé látinn, eru erfingjarnir lifandi. Að þeim bókum, sem sótst er eftir á aðrar tungur, má fá góða þýðendur. Vona eg því, að þessi fjárveiting nái fram að ganga, og að menn setji það ekki fyrir sig, að vant er hér að ræna hvern útlendan höfund ritum sínum. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að hér væru ritlaun svo smá, að ekki væri unt að greiða útlendum höfundum neitt. En útlendir höfundar leyfa þýðingar á ritum sínum endurgjaldslaust, ef þeir mega ráða, í hvers hendur þeir láta réttinn.

Þá vík eg að breyt.till. á þingskjali 421, fjárveiting til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng, 600 kr. hvort ár. Er það sú eina brtill. frá mér. Þessi maður er fróðastur maður hér á landi um þessi efni. Hann er bláfátækur og hefir þó á mörgum árum varið 6—7 þús. kr. til að afla sér bóka í þessari grein. Um fróðleik hans í þessum efnum verð eg að fara eftir annara sögn þar um fróðra manna. Kona í Vesturheimi, frú Lára Pétursdóttir, sem ber gott skyn á þessi efni, hefir lokið lofsorði á útgáfu hans á passíusálmum Hallgríms Péturssonar. Hann hefir og ritað um sönglagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar fyrstur manna, og reynst jafnvel fróðari höfundinum. Hefir hann þar sýnt fram á margt það um kirkjusöng, sem enginn vissi um áður. Eg er ekki söngfróður sjálfur, en ber virðingu fyrir þessari list. Upphæðin er lítil, en getur þó verið honum nokkur styrkur, með því að hann hefir tæmt efni sín. Og þess er eg viss, að enginn styrkur til fræðiverka hefir verið veittur af alþingi, sá er betur sé verðskuldaður.

Breyt.till. er frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um að veita Ólafi Jónssyni myndamótara 6000 kr. lán. Flestir þm. munu hafa séð handaverk hans hér á lestrarsalnum og hversu prýðilegar myndir hans eru. Myndir hans hafa og verið notaðar í íslenzkum tímaritum. Hann hefir numið styrklaust og er það afardýrt; það veit eg af því, að fyrir nokkrum árum gerði eg fyrirspurn um það til Þýzkalands og Englands. Hann hefir numið fyrst í Höfn, unnið síðan þar og hjá Brockhaus í Leipzig, og er það sú bezta

og hafa menn dregið til þess dæmi, að ýms útgjöld í fjárlögunum séu látin standa óhögguð ár frá ári. Það er að vísu satt, en jafnan má á hverju alþingi fella burt hvern þann lið fjárlaganna, sem mönnum sýnist og ekki er öðruvísi ákveðinn með lögum eða fylgir fastri stöðu, og engan þarf að kynja, þótt þingið 1909 samþykti eigi þessa fjárveiting, því að þá höfðu nýjar kosningar farið fram og ný stefna í stjórnmálum var komin til valda. Meðan á þessum umræðum hefir staðið, hefir komið fram tillaga til þingsályktunar frá mér og öðrum þm., sem við ætlumst til að verði samferða fjörlögunum. Hún á að gjöra skýrt, hvort vér eigum landhelgina eða ekki, hvort þetta sé viðurkent sérmál vort eða ekki. Þá fyrst getur komið til mála að leggja fram fé, er við fáum viðurkenning fyrir einkarétti vorum til landhelginnar. En ef landhelgin er talin sameiginleg, þá er strandgæzlan svonefnt alríkismál, og þá ber oss ekki að leggja til hennar. Þessu þurfa menn að glöggva sig vel á, því að þetta er mergurinn málsins. — Eg vík að því aftur, að háttv. fyrv. ráðh. (B. J.) talaði um skilnað í sambandi við þetta; en það er hin mesta fjarstæða, hér er um það eitt að ræða, hvor málsaðilinn eigi þetta mál.

Hér hafa komið fram í dag andmæli frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gegn fjárveitingu til viðskiftaráðunauts. Mér er kunnugt, að margir eru honum samdóma í því máli, en engu að síður er það sannfæring mín, að vér eigum að halda fast við þá fjárveiting. Vér getum ekki og megum ekki láta afskiftalaust, hvað um oss er talað, eða hversu viðskifti vor fara. Í erindisbréfi ráðunautsins var alt það tekið fram, sem okkur reið mest á, og þótt það vitanlega sé takmarkað, sem einn maður fær orkað, þá hefir þó viðskiftaráðunauturinn komið býsna mörgu til leiðar og það þrátt fyrir, að héðan heiman að reis sú alda, sem átti að kaffæra öll hans verk og viðleitni. Sjálfsagt hefðu þó afleiðingarnar af starfsemi hans orðið meiri, ef heppilegar hefði verið með málið farið af hendi landsstjórnarinnar og utanríkisráðherranum ekki leyft að skifta sér af því. Það væri því hin mesta fjarstæða, að leggja þessa stöðu niður; ef menn eru óánægðir með Bjarna Jónsson, þá verða menn að útvega betri mann í hana. En hitt tjáir ekki, að hætta við það, sem hér er byrjað.

Jón Ólafsson: Herra forseti. Eg vil fyrst minnast á það skilyrði, sem þeim skólum hefir verið sett, sem njóta styrks samkvæmt fjárlögunum, að þeir útvegi $^1/_3$ reksturskostnaðar annarsstaðar að. Eg býst við, að þetta skilyrði mundi geta riðið sumum skólum að fullu. Eg þekki til verzlunarskólans og veit, að þetta ákvæði mundi verða honum bagalegt, en þó fortek eg ekki, að hann kynni að geta staðist þrátt fyrir það. —

Þá vil eg fara fáum orðum um styrkinn til skáldanna Þorsteins Erlingssonar, Einars Hjörleifssonar og Guðmundar Magnússonar. Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) hefir komið fram með till. um að lækka styrkinn til Þorsteins og Einars, svo að þeir verði jafnir Guðmundi Magnússyni. En það mætti líka jafna milli þeirra með því að hækka Guðmund.

Þá er breyt.till. um, að veita Þorgilsi gjallanda 1200 kr. heiðurslaun í eitt skifti fyrir öll. Eg skal fúslega kannast við, að þegar eg las fyrstu bók hans, þóttu mér að vísu missmíði á henni. Alt um það hefir engin byrjunarbók íslenzks sagnaskálds glatt mig eins. Og síðan hafa komið frá honum bækur, hver annari betri, svo að nú eigum vér ekkert sagnaskáld betra. Hér er að-

ofurlítinn styrk á síðasta þingi, og var aðdáanlegt, hvað hann notaði hann vel. Hann dvaldi hér í fyrra í 2 mánuði og notaði á þeim tíma yfir 400 bindi og vann oft miklu lengur en söfn voru opin, jafnvel á helgum. Það ætti því að vera sjálfsagt, að veita honum þennan styrk, aðeins finst mér hann alt of lítill.

Þá vil eg minnast á umsókn Jónasar Jónssonar um styrk til þess að rannsaka ísl. söngfræði. Maðurinn er alþingismönnum góðkunnur og mætavel að sér í þessari grein. Því fé, sem honum væri veitt, mundi því ekki vera á glæ kastað.

Þótt eg vilji sem minst tala um skáldstyrkina, þá get eg ekki látið hjá líða að minnast á, að mér finst ástæðulaust að færa niður fjárveitingarnar til þeirra Þorsteins Erlingssonar og Einars Hjörleifssonar. Þorsteinn er nú að gjöra úr garði merkilegt ljóðasafn og Einar hefir gefið margt út síðan á síðasta þingi, nú síðast skáldsöguna Gull.

Til gamans skal þess getið, að enn eitt þjóðskáldið hefir sent beiðni til þingsins um skáldstyrk, það er Símon Dalaskáld; þingmenn hans hafa látið hjá líða, að bera þá fjárbeiðni fram, og hefi eg ekki viljað grípa fram fyrir hendur þeirra.

Þá er að minnast á botnvörpusektamálið. Að mínu viti er hér um eitt af tvennu að ræða, annaðhvort er mál þetta lögreglumál eða hermál. Hér verður því sú spurning fyrir: Eiga Íslendingar eða Danir land þetta og landhelgi? Háttv. fyrv. ráðherra (B. J.) talaði um skilnað í sambandi við það, að menn vilja fella burt þetta ákvæði úr fjárlögunum; en það finst mér óskynsamlegt tal. Spurningin er þessi: er þetta mál íslenzkt, er landhelgin íslenzk? Ef svo er, þá ber oss að hafa löggæzluna á hendi. En nú líta Danir svo á, sem þeir eigi landhelgina hér og er það gamall skoðunarháttur þeirra. 1875 bar Jón frá Gautlöndum fram fyrirspurn til Hilmars Finsens landshöfðingja út af yfirgangi útlendinga hér við land. Hilmar Finsen svaraði svo, að við ættum að hafa lögsögu yfir landhelginni, en við ættum hana ekki. Eg gat þess í gær, að jafnframt því sem Danir heimta borgun fyrir strandgæzluna þykjast þeir hafa *rétt* og *skyldu* til þess að hafa hana á hendi. Þessu til sönnunar vil eg leyfa mér að vísa á orð fyrv. ráðuneytisforseta Neergaards í Fólksþinginu 4. febr. 1910, og lesa má í síðasta Andvara.

Þegar Danir þykjast vera að halda uppi rétti sínum með strandgæzlunni, þá er hart að brígsla oss landvarnarmönnum um, að vér séum að vinna innlimunarverk, þó að vér ekki viljum veita þeim fjárstyrk til slíks. Engan ætti víst að furða á því, þótt vér viljum ekki ausa fé í Dani, til þess að halda uppi rétti *þeirra* hér við land. Hæstv. ráðh. (Kr. J.) óttast afleiðingarnar, ef þetta ákvæði yrði felt burtu. En hverjar mundu afleiðingarnar verða? Hverjar urðu þær 1909? Aðeins dálítið þref og umtal, en hins vegar tók Neergaard skýrt fram í ræðu þeirri, sem eg mintist áður á, að aldrei hefði komið til mála að synja fjárlögunum staðfestingar af þeim sökum. Sú hótun hefir því aldrei verið annað en fyrirsláttur og grýla. Háttv. þm. Barð. (B. J.) kvaðst raunar hafa gengið að því, að koma þessu máli aftur á framfæri, í þeim tilgangi, að forðast fjárlagasynjan af hendi ríkisráðs. Það er því svo að sjá, sem danska stjórnin hafi látið þetta í veðri vaka, en það hefir eins og eg tók fram verið hótun ein og ekkert alvörumál. Því hefir líka verið haldið fram, að illa færi á að fella þetta ákvæði burt, úr því að vér gengum að því 1905 og 1907,

ekkert við það ráðið, þó Danir intu landhelgisgæzluna af hendi þannig, að reka ágangsskip út af landhelgissvæðinu. Hitt, að draga þau fyrir dóm hér á landi, láta taka upp fyrir þeim afla og veiðarfæri og ná sektunum er íslenzkt lögregluatriði, sem mjög eðlilegt er, að vér kostum einhverju til. Og í fjárlagaákvæði því, sem nú er lagt svo mikið kapp á að fella burtu, er það skýrt tekið fram, að þóknunin — sektirnar — greiðist að eins fyrir skip, sem eftirlitsskipið *handsamar* og dregur fyrir dóm á Íslandi.

Eg get ekki betur séð, en að hér sé að ræða um samning, sem orðinn er til á þann hátt, að annar aðilinn samþykkir það, sem hinn fer fram á. Þetta er hér aðalatriðið. Sómi og hagsmunir Íslands heimta, að alþingi standi við orð sín. Í því sambandi hefir það enga þýðingu, þótt hver fjárlög gildi eigi nema til tveggja ára. Hér við bætist svo, að fráfarandi ráðherra hefir nýlega gefið loforð um að reyna að kippa þessu í lag, og er það enn ný ástæða til þess að fella ákvæðið eigi í burtu. Það er óhæfilegt, ef alþingi hegðar sér svo, að framvegis verði eigi treystandi orði íslenzks meirihlutaráðherra. Alþingi má ekki láta það ásannast, að Íslendingar séu þjóð, sem ekki sé semjandi við. Alþingi, löggjafarþing Íslands, handhafi þjóðarvaldsins, verður jafnan að muna eftir virðing sinni, og ætti í þessu máli sem öðrum að hafa hugfast það, sem Sighvatur skáld kvað við Magnús konung hinn góða:

Fastorðr skyldi firða
fengsæll vera þengill.
Hæfir heit at rjúfa,
hjaldrmögnuðr, þér aldrei.

Jón Þorkelsson: Eg drap í gær á flest það, sem eg þurfti að minnast á. Eg vil þegar geta þess, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að líkindum hefir minst á, að eg nefndi ekki nákvæmlega upphæðina, sem runnið hefir í ríkissjóð Dana fyrir sektir og upptæk veiðarfæri botnvörpunga; eg nefndi að eins 120 þús. kr, en upphæðin sem Danir hafa fengið er nær 80 þús. kr.

Eg vík þá að einstökum atriðum, og er þá fyrst að minnast á útgáfu alþingisbókanna gömlu. Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) taldi það ekki nauðsynjaverk, að gefa þær út, því að þær væru öllum aðgengilegar í söfnunum, og að þeir væru fáir, sem þyrftu að nota þær. Þessu má svara svo, að ekki er gott að vita, hvað margir þurfa að nota slík stórmerk heimildarrit. Hinum háttv. þm. mun og eigi ljóst, að söfn þessara bóka eru niðurkominn á mörgum og einkum þó á fjórum stöðum: í þjóðbókasafninu og þjóðskjalasafninu hér og ennfremur í Konungsbókhlöðunni í Khöfn og Málafærzlumannabókhlöðunni (Advocate's Library) í Edinborg, og þó hvergi einhlítt, að þau sé fullkomin. Söfn þessi er því hvergi hægt að nota á einum stað til hlítar. Er því hin mesta nauðsyn á að rannsaka þau öll, og gefa síðan út alþingisbækurnar sem fyllst að auðið verður. Alþingisbækurnar voru og aldrei gefnar samhljóða út, heldur fengu sýslumenn afskriftir hjá þingskrifurunum gömlu, hver eftir því, sem hann þurfti mest á að halda, en létu sleppa því úr, sem þá varðaði ekki. Því væri heildarútgáfa af þingbókunum hið mesta þarfaverk. Þetta eru hin fornu alþingistíðindi vor og hið merkilegasta heimildarrit.

Þá vil eg minnast á nokkra aðra pósta. Eg býst við, að till. á þgskj. 145 þurfi ekki minna meðmæla við, því að fjárlaganefndin er henni fylgjandi. Eg vil mæla með styrknum til Sighvats Grímssonar; hann er nú einn af þeim fáu fræðimönnum, sem vér eigum á þá vísu, sem margir voru áður. Hann fékk

væri um aukin hernaðargjöld að ræða. En þeir, sem til þektu, hlógu að eins að þessu. Fálkinn er ekki bygður ur sem herskip og tilheyrir ekki neinni tegund nýtízku herskipa. Hann er bygður að eins með þarfir fiskiveiðaeftirlitsins hér við land fyrir augum, hann getur hvorki notast sem »Krydser« né »torpedobátur«, »torpedóveiðari« eða hvað þær nú heita þessar herskipategundir. Hann var hafður þannig í gerð, að hann væri sem líkastur botnvörpuskipi til að sjá, en hinsvegar þó nægilega stór og sterkur til að þola útivist hér á vetrum, og með nógu sterka vél til að geta elt uppi botnvörpungana og ráðið við þá. Minna skip en »Fálkinn« er, var ekki álitið örugt hér á vetrum. Alt fyrirkomulagið var miðað við ætlunarverk skipsins hér við land. En þó að nú Jöhnke kynni að hafa komið til hugar, að einhver not mætti hafa af Fálkanum, ef til hernaðar kæmi, skil eg ekki, að það komi þessu máli neitt við. Sá þingmeirihluti sem veitti fé, veitti það alls ekki til herútgjalda heldur eftir beiðni Íslands til aukins fiskiveiðaeftirlits, Íslandi einu til hagsmuna, og eftir því var nafnið valið.

Hugmyndin um, að eitthvað af þeim aukakostnaði, sem bygging og útgerð þessa nýja eftirlitsskips hafði í för með sér, skyldi greiðast af sektum þeim, er inn kæmu fyrir starfsemi þess, á vafalaust rót sína að rekja til blaðsins »Ísafold«, sem um þessar mundir skrifaði skorinort um það, að það væri *ekki vanvirðulaust* fyrir Ísland, að sektafé rynni í landssjóð, sá, sem kostaði skipið, ætti að fá tekjurnar af því. Háttv. þm. Barð. (B. J.), sem þá var ritstjóri »Ísafoldar«, eins og menn vita, kveðst ekki muna þetta; en eg man það vel, og almenningur man það, og hann má vera viss um, að sjóliðsforingjar hér við land hafa vitað um þessar tillögur hans. Víst er það, að fjárlaganefndin danska, er hafði fjárveitinguna til þessa nýja skips til meðferðar, snéri sér til sinnar stjórnar viðvíkjandi þessu. Hún sneri sér ekki til mín, eins og sumir hafa verið að segja, heldur til forsætisráðherrans, er þá var orðinn, J. C. Christensen, og hann skýrði mér frá þessu, eins og eg hefi áður ítarlega frá skýrt, og nenni ekki að endurtaka. Lagði eg svo málaleitunina fyrir alþingi og var hún samþykt af báðum deildum án nokkurs mótatkvæðis, kannske einmitt ekki hvað sízt af því, að þáverandi stjórnarandstæðingar skoðuðu þetta sem »Ísafoldar« tillögu. Eftir að alþingi í heild sinni hafði samþykt þetta, virðist verða að skoða það sem afgert mál.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að Danir hefðu önnur laun fyrir strandvörzluna, nefnilega þau, að hafa hér veiðirétt. Þetta atriði getur komið til greina, þegar gerður er samningur um sambandið milli Íslands og Danmerkur, og svo var og ráð fyrir gert í sambandslagafrumv. millilandanefndarinnar. Hefði það frumvarp verið samþykt, þá hefðu Íslendingar á sínum tíma orðið einráðir yfir landhelgissvæðinu. En nú er ekki því að fagna. Frumvarpinu var hafnað, og þar með einnig því, sem á unnið var í þessa átt. Nú er réttarástandið það, að landhelgisvörnin er sameiginlegt mál Íslendinga og Danmerkur. En landhelgisvörnin felur í sér tvö atriði. Annað er það, að halda uppi drottinvaldi á landhelgissvæðinu, hitt er að ná inn í landssjóðinn sektum fyrir brot á íslenzkum lagafyrirmælum um veiðiskap í landhelgi. Bóndi getur varið land sitt á tvo vegu, bæði með því, að reka úr því óviðkomandi fénað, og með því að gera ráðstafanir til að taka ágangsfénað fastan, setja hann inn, og láta kaupa hann út, þegar skilyrðin fyrir því eru fyrir hendi. Vér gætum

slíkri bók frekara. Er það ómissandi, að slík bók sé til á sem flestum heimilum. Tel eg sjálfsagt, að Magnús Einarsson dýralæknir verði höfundur þeirrar bókar. Vona eg, að þessu verði vel tekið. Um aðrar tillögur skal eg ekki þreyta menn á að tala. Mun eg sýna með atkvæði mínu afstöðu mína til þeirra. Eg mun styðja allar þær tillögur, sem auka og tryggja framleiðslu í landinu og afla þjóðinni heiðurs og sóma.

Hannes Hafstein: Aðeins nokkrar athugasemdir til svars ýmsu, sem sagt hefir verið viðvíkjandi »botnvörpusektunum«. Mér óskiljanlegt, hvernig menn geta lagt svo mikið kapp á að fella þar þar að lútandi ákvæði burt úr fjárlögunum. Það mál snertir ekki sjálfstæði vort. Ekki getur sjálfstæði voru verið hætta búin fyrir það, þótt vér borgum umsamið kaup fyrir unnið starf til verndunar fiskiveiðum vornm. Ekki er heldur svo ástatt, að hér sé um stórfé að ræða, eða útgjöld, er landssjóði séu tilfinnanleg.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði að vísu, að það næmi árlega 126 þús. króna (!!) og væri því meir en helmingi meira en tillagið frá Dönum. En sannleikurinn er sá, eins og landsreikningarnir sýna, að á þeim 4 árum, er ákvæðinu var fullnægt, hefir gjaldið samtals numið 70—80 þús. króna. Að það er svo hátt kemur af því, að árið 1907, þegar kapt. Amundsen var yfirmaður Fálkans, náðust fleiri botnvörpungar en nokkurntíma fyr eða síðar og sektirnar urðu þá miklu meira en helmingi hærri en nokkurn tíma ella. 1905 var gjaldið, $^2/_3$ sekta og upptæks afla, einungis 6000 kr., og síðast um 8000 kr. Hinn háttv. þm. sér því, að sögn hans nær alls engri átt. Hér er venjulega um smáupphæðir að ræða, og ekki eiginleg útgjöld fyrir gjaldendur landssjóðs, heldur hluta af óvissum tekjum, sem ekki er hægt að áætla fyrirfram með neinni vissu. Hér er því að eins að ræða um það, sem í lagamáli er nefnt »lucrum cessans«. Eg skal ennfremur minna á, að það voru ekki Danir, sem fundu upp á því, að byggja nýtt og hentugra skip til fiskiveiðaeftirlitsins hér við land. Það var heldur ekki fundið upp alt í einu. Á þingunum 1899, 1901 og 1903 var stöðugt skorað á landsstjórnina að leita hófanna við Dani að fá annað skip í stað hinna stærri skipa, er hér hefðu verið, sem þóttu óhentug til strandgæzlu hér, og þóttu vera hér of stutta stund. Var stöðugt beðið um minna skip, sem væri likara botnvörpungi, og gæti verið hér lengur. Þegar eg var tekinn við ráðherraembættinu átti eg oft tal um þetta við þáverandi flotamálaráðherra, Jöhnke aðmírál, og kom þar, að hann lagði það til við ríkisþingið, samkvæmt loforði til min, og fékk því framgengt, að veitt var fé til að byggja nýtt skip til strandgæzlu hér við land, yfir 400 þúsund krónur, og jafnframt fjárveiting til að skipið gæti verið árið um í kring. Þetta var 1904.

Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) og þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sögðu, að þetta hefði að eins verið skálkaskjól hjá dönsku stjórninni til þess að auka flotann, og fara þeir hér eftir andstæðingadylgjum og getsökum, sem stóðu í einhverju andvígisblaði stjórnarinnar, sem ætíð hamast á móti öllu því, er á einhvern hátt snertir útgjöld til hers eða flota. Átyllan var að eins sú, að fé var veitt á »budgetti« flotamálastjórnarinnar, af því flotamálastjórnin var talin sameiginlegt mál Íslands og Danmerkur; en fé til fiskiveiðaeftirlits við Danmörk, er veitt með gjöldum til *innanríkisráðaneytisins* danska, sem viðurkent er Íslandi óviðkomandi. Þess vegna vildu mótstöðublöð stjórnarinnar reyna að blása upp úr þessu eitthvert númer, eins og hér

eru í þess konar ritum, sem eru lögþingistíðindin. Í þessu er verulega mikill og þjóðlegur fróðleikur fólginn, og það fróðleikur um þann tíma sögu vorrar, sem vér annars ekki höfum rannsakaðan. Eg er viss um að enginn sér eftir því fé, sem varið yrði til að gefa út lögþingisbækurnar, og geng eg að sjálfsögðu að því vísu, að ekki sé hér um annað en textaútgáfu að ræða.

Það hefir verið spurt um, hvort brýn nauðsyn væri á hafnargerð í Vestmannaeyjum. Eg þykist hafa áður reynt að skýra það fyrir hinni háttv. deild, að svo væri, en skal þá bæta því við, að með því að höfnin er bæði þröng og grunn, hafa orðið þar skemdir í stórbrimum; er mér sagt svo, að skemdir, er urðu á mótorbátum þar í fyrra, hafi numið um 12000 kr., en í ár að eins nokkru minna. Þess vegna álíta Vestmanneyingar, að það beri að bæta höfnina hvað sem það kostar. Flestir þingmenn munu vera svo kunnugir þar, að þeir vita hvernig hagar til. Eg get vel búist við, að þaðan gangi næsta ár 60 mótorbátar eða fleiri. Virðist því nauðsynlegt fyrir fiskiútveginn þar, að hér sé bráð bót á gerð. Skal eg svo ljúka máli mínu.

Sigurður Gunnarsson: Í gær fór 2. þm. Árn. (S. S.) mjög hörðum orðum um breyt.till. mína á þskj. 413. Fór eg þar fram á, að styrkur til búnaðarfélaga væri hækkaður úr 22000 kr. upp í 26000 kr., en jafnframt væri styrkur til Búnaðarfélags Íslands færður niður að sama skapi. Það er trúa mín, að sú styrkhækkun mundi mælast mjög vel fyrir á meðal bænda. Eg hygg, að þingmaðurinn muni heldur ekki geta haft neitt á móti styrkhækkun til búnaðarfélaga. (*Sigurður Sigurðsson:* Eg mælti heldur ekki á móti þeirri styrkhækkun). Fyrir mér vakir að eins það, að fá styrkinn til búnaðarfélaga hækkaðan; hitt hirði eg minna um, hvort hann er lækkaður á Búnaðarfélagi Íslands eða ekki. Það félag er mikilsvert félag.

Þingmaðurinn sagði, að það sæti illa á mér að mæla á móti Búnaðarfélagi Íslands, því nú ætti að setja á stofn námsskeið á Snæfellsnesi. Eg er því mjög feginn, og því fegnari yrði eg, ef þm. gæti sjálfur farið í þann leiðangur. En ef svo er ekki, þá vona eg, að hann sjái svo um, að sendur verði maður, sem er hans jafningi, en enginn liðléttingur. (*Sigurður Sigurðsson:* Enginn efi leikur á því).

Þá sendi þm. nöpuryrði til prestastéttarinnar. Hafði hann eftir mér spaugsyrði, sem eg sagði við hann utan þingdeildar, að mér sýndist, að sendimenn búnaðarfélagsins ættu að hafa með sér meira púður en raun væri á orðin. Tók hann tilefni af því að segja, að lítið púður væri í ræðum klerkanna. En mundu þeir eiginlega margir hér, sem finnna mikið púður í ræðum 2. þingmanns Árn.

Um smjörbúin ætla eg ekki að ræða; aðrir haf lýst skoðun sinni á því máli.

Svo ætla eg að eins að minnast á tvo aðra styrki. Það hefir verið lagt til, að styrkur til Good-Templararreglunnar falli burt. Er hún talin pólitiskt félag, og það talið ósæmilegt. Það er satt, hún hefir haft þá pólitik, að firra menn voða, og tel eg þá pólitik farsæla. Ef svo fer, að banninu verði frestað, þá er full ástæða til að halda styrknum, ef ekki, þá er þó nóg verkefni samt fyrir hana. Þá er styrkur til að semja dýralækningabók. Fjárlaganefndin hefir misskilið mína tillögu. Hún er ekki sú, að svifta dýralækni perónulegri launaviðbót, en það hefir mér ekki komið til hugar. Tillaga mín er sjálfstæð viðaukatillaga. Ekki þarf að mæla með

fram. En út af einu atriði hennar vil eg benda á bréf frá forsætisráðherranum, C. Th. Zahle, dagsett 17. jan. 1910. Þar segir svo:

»I Anledning af, at denne Anmærkning var udeladt paa det i Statsraadet d. 9. Juli 1909 til Allerhöjeste Stadfæstelse forelagte af Altinget vedtagne Forslag til Finanslov for 1910 og 1911 udviklede der sig en Forhandling mellem Konsejlpræsidenten og Ministeren for Island, under hvilken denne udtalte, at han havde isinde at böde paa denne Udeladelse ved Indbringelse af et Lovforslag«.

Hér segir Zahle í bréfinu berum orðum, að ráðherra Íslands hafi 9. júlí 1909 lýst því yfir, að hann ætlaði að bæta úr því, að athugasemdinni var slept úr fjárlögunum, með því að flytja lagafrumvarp í þinginu, auðvitað um ráðstöfun botnvörpusektanna og auðvirðis upptæks afla og veiðarfæra. Bréfið er hér til sýnis hverjum er vill. Hér er ekki vikið einu orði að því, að málinu skuli frestað til næsta alþingis, en auðvitað gat hið umrædda lagafrumvarp, sem fyrverandi ráðherra hefir lofað að leggja fyrir þingið, eigi komið til umræðu fyr en á þessu þingi.

Björn Jónsson: Þetta bréf segir ekki annað, en að Zahle rangminti það, sem gerðist í ríkisráðinu. Eg man það glögt, að eg lofaði ekki að flytja neitt sérstakt frumvarp og lofaði hvorki einu né neinu öðru en því, sem eg sagði áðan og stendur bókað í ríkisráðsfundabókinni. Þar stendur það eins og eg hefi skýrt frá, en ekki eins og hann hefir sagt. Mér er ekki farið að förlast það minni, að eg muni þetta ekki rétt. Ef til vill hefði verið forsjálla að mótmæla undir eins þessu skrifi frá Zahle, en eg taldi þess enga þörf. Eg vildi sjá hvað gerðist, þegar liði að þingi 1911, hvort maður gæti ekki fundið einhverja hagfelda leið í þessu máli. Mín hugsun var að láta féð ganga til góðgerðastofnana hér á landi og í Danmörku, en eg hafði að eins slegið því lauslega fram, en ekki ákveðið neitt í því efni. Svo var afráðið að taka athugasemdina sömu sem áður í fjárlögin og skifta fénu eins og verið hafði. En eg tók enga ábyrgð á því, hvað þingið gerði í málinu.

Jón Magnússon: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd við ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann hefir misskilið það, sem eg sagði um Einar Hjörleifsson í sambandi við Þorstein Erlingsson. Eg var að eins að bera saman hvað eftir hvorn lægi á síðari árum. Þessi h. þm. verður að virða mér það til vorkunnar, þótt eg setji svolitið spurnarmerki við það, sem hann segir um afrek Þorsteins Erlingssonar. Eg minnist þess, að árið 1903 sagðist háttv. þm. svo frá í blaði því, er hann þá hélt úti, Ingólfi, að Þorsteinn Erlingsson hafi fullsamið 5—6 arkir af Eiðnum og langt kominn með Jón Arason. Á þingi 1909 segir hann hið sama, nema að því leyti, að þá sé lokið prentun á 5 örkum af Eiðnum og er það sama og lokið var við að semja þá fyrir 6 árum. 1911 stendur við það sama, nema þá er lokið við að hreinskrifa einni örk meira af Eiðnum. Eg segi þetta ekki af því, að eg sé beint að amast við styrknum til Þorsteins Erlingssonar, heldur til að mótmæla því, að styrkurinn til hans sé borinn saman við fjárveitinguna til þeirra manna, sem vinna að bókmentum vorum og eitthvað sést eftir, svo sem Einars Hjörleifssonar og Guðm. Magnússonar.

Eg vil mæla fram með styrknum til útgáfu lögþingsbókanna. Það ætti fyrir löngu að vera búið að gefa þær út. Hver sú þjóð, sem þjóð vill heita, hlynnir að slíkum fræðum, sem geymd

eg á, að aldrei hefði staðið til að gera það öðru vísi en í fjárlögunum nýju, og var þá þagnað á því. En eg tók vandlega fram, að eg gæti ekkert um það sagt, hvernig fara mundi um málið á þingi, eg gæti enga ábyrgð á því tekið, það gæti alveg eins vel farið þannig, að það væri felt, að $^2/_8$ hlutar sektarfjársins gengju til Dana.

Eg hygg, að enginn á þingi 1909 hafi búist við, að þetta mundi valda svo mikilli óánægju meðal Dana, eins og raun ber vitni. Að vísu munu margir hafa búist við, að Danir mundu ekki skoða þetta sem neitt vinabragð frá vorri hálfu, en að það mundi hleypa æsingi í menn bæði hér og í Danmörku, munu menn ekki hafa búist við. Höfuðslysið er, að það var gengið að þessu á þingi 1905, eins og öðru af þáverandi stjórn. En nú er þetta miklu örðugra viðfangs, þegar það hefir staðið tvö fjárhagstímabil. Við höfum aldrei skoðað þetta sem samninga, þó því hafi verið haldið fram af hinum málspartininum, og þeir líti svo á, sem þetta séu samningar, eftir þeirra skilningi á málinu. Það mun hafa verið orðað svo á fundi hér, að þetta væru samningar, en tekið fram, að sá væri skilningur Dana á málinu. Eg hefi ekki fundið upp á því að fyrra bragði, að kalla þetta samning. Þegar eg kom til Kaupmannahafnar 1909, þá var mér tjáð, að hér væri um samning að tefla, þó ekki skriflegan, heldur munnlegan samning milli danska fjárveitingarvaldsins og íslenzku stjórnarinnar. Og í ríkisþinginu var talað um þetta eins og samning (Overenskomst). Þegar þetta ákvæði var numið burt úr fjárlögunum, þá hafði hvorki mér né öðrum dottið það í hug, að Danir mundu virða þetta til fjandskapar. En nú, úr því svona er komið, er ekki við það að dyljast, að góðu samkomulagi er ekki við að búast um þetta mál nema með einhverri tilslökun af vorri hendi. Eg hefi aldrei lofað öðru en að taka þetta upp í fjárlögin, en eg gæti enga ábyrgð tekið á því, hvað þingið gerði við það.

Það hefir verið vitnað í blað mitt því til sönnunar, að eg hafi einhvern tíma fyrrum, fyrir mörgum árum, átt að vera þessu máli fylgjandi. Eg kannast við, að í því hafi staðið eitthvað í þá átt, að það væri hart, að það væri ekki séð við Dani í neinu, þó landssjóður hefði svona mikinn ágóða af sektunum. En eg þykist geta staðhæft, að ekkert hafi staðið um að skifta sektunum á milli ríkissjóðs og landssjóðs, sízt á þann hátt, sem gert hefir verið. Þetta er orðið nokkuð gamalt, en eg held eg megi fullyrða, að fyrir mér hafi aldrei vakað annað, en að skipshöfninni á varðskipinu væri þægst eitthvað fyrir góða og vasklega frammistöðu. Eg skal endurtaka það, að eg lofaði að taka þetta upp á fjárlögin, til þess að afstýra þeim ófögnuði, að fjárlögunum yrði synjað staðfestingar; meiru gat eg ekki lofað. Eg þurfti heldur ekki að lofa meiru til þess að ryðja þessari tálmun úr vegi. Eg tók aldrei í mál að miðla neinu af sektunum o. s. frv. fyrir árin 1910 og 1911, enda höfum við hirt þær allar. Eg hafði hugsað mér að finna aðra aðferð en skifta því milli ríkissjóðs og landssjóðs, en hætti þó við það og skifti því eins og áður. En þó þessi skifting sé þannig í fjárlögunum, þá mundu þó Danir vel geta gengið að öðru fyrirkomulagi á skiftunum. En þetta þótti mér vekja minsta vafninga. Þannig er sagan sögð eftir því, sem eg man bezt.

Ráðherra (Kr. J.): Þessi skýrsla háttv. þm. Barð. (B. J.) kemur að mestu heim við það, sem eg hefi áður tekið

lagi við Dani. Það er því athugavert fyrir þingið, að breyta þessu, áður en vér höfum leitað hófanna hjá Dönum um það. Eg átti tal við fyrv. ráðherra (B. J.) um þetta, þá er hann var því fylgjandi, að ákvæðið væri felt burtu. Eg sagði honum, að eg liti svo á, að ekki væri rétt að fella það burtu umtalslaust. Það, að fyrv. ráðherra hefir tekið þetta ákvæði upp í fjárlögin nú aftur, er einmitt sönnun þess, að hann er sömu skoðunar og eg, sem sé, að það sé mjög varhugavert að fella ákvæðið úr fjárlögunum. Til frekari sönnunar skal eg geta þess, að eg hefi skjöl í höndum, er bera það með sér, að eg fer hér með rétt mál. Skjöl þessi eru bréf, sem farið hafa á milli fyrv. ráðherra (B. J.) og dönsku stjórnarinnar. Hann lofar stjórninni dönsku í júlí 1909 að kippa þessu máli í lag. Í bréfinu er talað um »Tilsagn«, þ. e. loforð. Það lítur enda út fyrir, að hann hafi ætlað sér að leggja fyrir þingið frumv. til laga, um að Danir skuli fá nokkurn hluta sektarfjár og andvirði upptæks afla, og hafi þannig ætlað að fá botnvörpulögunum breytt beina leið. Í bréfi til forsætisráðherra Dana frá fyrv. ráðherra (B. J.) kannast hann við að hafa gefið loforð um þetta, en að ekki sé hægt að uppfylla það, fyr en á næsta þingi. Fyrv. ráðherra (B. J.) hefir því ætlað sér að koma með frv. um þetta á þessu þingi, en það er ókomið enn, og hvers vegna? Hinsvegar hefir hann tekið ákvæði um þetta upp í fjárlagafrv., og með því viljað uppfylla loforð sitt. Eg hygg, að heppilegast sé, að fella ekki þetta ákvæði burtu, fyr en vér höfum talað við dönsku stjórnina um málið. Þannig horfir málið við nú. Eins og sakir standa nú, hygg eg að íslenzka stjórnin hafi gefið dönsku stjórninni loforð um þetta mál; þessu loforði má ekki bregða, því að gerð loforð verður að halda, annars væri sómi þings og stjórnar í veði. Eg vona nú að háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún fellir ákvæðið burtu. Það er að vísu á valdi þingsins að gera það, en það er harla varhugavert.

Eg vildi því næst gera stutta athugasemd snertandi hina margumtöluðu lántöku fyrverandi stjórnar til bankavaxtabréfakaupa. Eg hefi ekki sagt, eða ætlað mér að segja, að lán þetta hafi misfarist. En eg hefi sagt, að eg hafi enn ekki fengið fullar og nægilegar skýrslur fyrir því, hvernig því hefir verið varið. Eg hefi í dag átt tal við þann mann í stjórnarráðinu, sem á að hafa þetta lán mál með höndum og hann hefir lofað mér að gera brátt grein fyrir því öllu. Eg hygg, að lánið og ráðstöfun þess hafi ekki verið bókfært eins og skyldi. Eg mun gera grein fyrir þessu, þegar fullnægjandi skýrsla er fengin. Eg trúi því ekki, að lánið hafi misfarist eða því varið öðruvísi en vera bar. —

Björn Jónsson: Eg heyri, að missagnir eru um botnvörpusektirnar. Það sem hefir gerst í því máli frá minni hálfu, hefi eg skýrt frá áður, Þá er átti að staðfesta fjárlögin frá 1909, var urgur í Dönum yfir því, að þetta hafði fallið niður, og var því haldið fram í blöðum, að rétt væri að synja staðfestingar á fjárlögunum. Til þess að afstýra þeirri hættu, hét eg því í ríkisráði, að þetta mál skyldi verða tekið til nýrrar athugunar á næsta (þessu) þingi, og mundi eg reyna að stuðla að einhverri þeirri málamiðlun, að báðir málsaðilar létu sér vel líka; en frekar ekki. Eg minnist ekki, að til tals hafi komið að breyta botnvörpulögunum. Eg varð var við, að eg var tortrygður um efndir á þessu, og skilið svo, sem lagfæringin eða málamiðlunin ætti að gerast með sérstökum lögum. En þá minti

sú umsögn var nokkuð óheppileg, því að rit hans eru einmitt full af pólitískum dagdómum. Eg er viss um, að glöggur maður, sem vildi pæla í gegnum bækur gæti séð á hverjum tíma hver bók er hans, skrifuð af því hvað í þær er ofið af þeim flokka-deilu-efnum, sem uppi hafa verið í landinu í það skifti. Skal eg geta eins atriðis þessu til dæmis: Hérna á árunum, þegar mest var þjarkið um »Hafnarstjórn« og »Heimastjórn«, þá gaf maður þessi út ágrip af sögu Íslands og segir þar, að forfeður vorir hafi sett hér á stofn heimastjórn(!) 930. Það þarf ekki að útskýra, hver vitleysa þetta er, né benda á, að ekki er um að ræða »heimastjórn« nema í þeim löndum, sem lúta annara þjóða yfirráðum; engum dettur í hug að segja, að Danir, Englendingar eða Svíar hafi heimastjórn; — en þetta var auðsjáanlega sett í sagnaritið til þess að »agitera« fyrir »And-Valtýingum«, og gefa í skyn, að »heimastjórnin« nýja veitti landinu viðlíka mikið frelsi sem það hafði við að búa á blómaöldum þjóðveldisins. — Þessi viðleitni, að hallinranga sögunni í þágu flokksmálstaðar, kemur víða fram í ritum þessa sagnfræðings. Enn verra er það þó, hversu þau eru stirt og leiðinlega rituð, kostasnauð og lítið á þeim að græða.

Eg er því hlyntur, að þeim dr. Helga Péturssyni og dr. Helga Jónssyni verði veittur styrkur. Þeir eru þess báðir maklegir, því að þeir gera landinu gagn og sóma með vísindaritgerðum sínum.

Það hafa komið fram ýmsar beiðnir um lán úr viðlagasjóði. Það eru víst engir peningar handbærir, svo óþarft er að fara nokkuð út í þessar beiðnir. Þó er ein lánbeiðni, sem eg vil mæla með að verði sint; það er beiðni um 30 þús. kr. til þess að vernda Safamýri. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, þar sem þetta mikla og ágæta engi liggur fyrir stórskemdum af vatns ágangi. Hér á fjöldi bænda hlut að máli og fjárhæðin er ekki mikil móts við það gagn, sem hún getur gert. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) tók það réttilega fram, að það væri nær að vernda Safamýri, sem er ágætt engjaland, eins og hún er, heldur en að veita stórfé til þess að gera tilraunir að búa til nýtt engi. Eg er ekki að tala á móti Flóa-áveitunni, en með því að þessi stóra og grasgefna mýri liggur undir stórskemdum, álít eg að meira riði á að veita fé til þess að vernda hana, heldur en að leggja stórfé í Flóann.

Eg ætlaði að minnast á botnvörpusektirnar, en með því að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) töluðu svo ítarlega um þær, get eg slept því, enda hefi eg þar engu við að bæta.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg hefi leyft mér að biðja um orðið, út af nokkrum orðum, sem beint var til mín áðan, viðvíkjandi botnvörpusektunum. Eg hefi haft mína eigin skoðun á þessu máli áður, sem sé þá, að sektirnar ættu eigi að renna í ríkissjóð. En eg skal geta þess, að málið horfir nú alt öðruvísi við en áður, eftir að alþingi 1905 og 1907 hefir sett ákvæði um það inn í fjárlögin, að nokkur hluti sekta m. m. skuli renna í ríkissjóð. Að því er snertir sögu þessa máls, get eg vísað til þess, er háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók fram; það sem hann hefir sagt um uppruna þessa máls, er satt og rétt, og er það sannað með skjölum og skilríkjum. Þar sem nú Danir hafa samkvæmt ályktun þingsins getað gert kröfu til nokkurs hluta af sektarfé og andvirði upptæks afla, geta þeir litið svo á, að þetta sé orðið samkomulag eða nokkurs konar samningur milli þeirra og Íslendinga. Ef þessi skoðun er rétt, verður þessu ákvæði ekki breytt nema í samkomu-

að fiskiveiðunum getur orðið hinn mesti stuðningur að þessum félagsskap. Landbúnaðurinn er nú kominn í fastar skorður og því ekki eins mikil ástæða til þess að styðja hann. Fiskiveiðarnar eru vandameiri og stopulli atvinnuvegur, og mikið undir því komið, að vitrir og fróðir menn séu þar til leiðbeininga. Við erum líka í þessari atvinnugrein að keppa við útlendinga til þess að verða þeirra jafnokar og þurfum því að fylgjast vel með í öllu, sem miðar að því að bæta atvinnuveginn, bæði hvað veiðiaðferðir og meðferð vörunnar snertir. Fiskiveiðanefnd, sem kosin var á seinasta þingi, lét líka þá skoðun í ljósi, að þingið ætti að veita styrk til stuðnings fiskiveiðaútvegs, jafnskjótt og einhver félagsskapur í því efni væri stofnaður. Nú er Fiskifélag Íslands stofnað, og virðist því kenna nokkuð mikillar ósanngirni, ef á að fara að neita því um þennan 6000 kr. styrk. Menn hafa sagt, að félag þetta væri nýstofnað og óreynt, og mundi líklega einna mest vera stofnað til þess að ná í peninga úr landssjóði. Þetta eru óviðurkvæmileg orð, sem ekki ættu að heyrast sögð í alvöru hér í deildinni. Raunar ætti þetta félag að vera stofnað fyrir löngu. Það er sorglegt að sjá, hvernig fiskurinn er tekinn út úr höndunum á íslenzkum sjávarbændum og lendir allur í vösunum á útlendum auðfélögum og stórverzlunum. Að vísu er nú að vakna talsverður áhugi fyrir íslenzkri botnvörpungaútgerð, enda hefir sú atvinnugrein flutt stórfé í landið. Og þegar það sést, hve mikið fé landssjóður fær í toll af útfluttum fiski, virðist harla ósanngjarnt að neita um jafnlítinn styrk til stuðnings sjávarútveginum. Það virðist líka nokkuð mikið ósamræmi, að landbændur fá 10 aura verðlaun fyrir hvert smjörpund, sem þeir senda til útlanda, en sjómennirnir verða að borga gjald af þeirri vöru, sem þeir flytja út.

Í stjórn þessa félags eru hinir hæfustu menn, sem sjómannastéttin hefir á að skipa. — Tilætlunin er, að félagið breiðist smátt og smátt út um alt landið, með ýmsum undirdeildum. Samtök meðal sjómanna hafa hingað til verið lítil, vegna þess að góða stjórn hefir vantað. Eg skal ekki fara fleirum orðum um þetta mál. Eg vona, að menn hafi séð, að það er nauðsynjamál, og greiði því atkvæði.

Þá er eg meðflutningsmaður að því, að Jóni Ófeigssyni séu veittar 1200 kr. til þess að semja og láta prenta þýzka orðabók. Eftir því sem viðskiftin við Þýzkaland aukast, vex nauðsynin á því, að fá góða orðabók í þýzku, sem greiði fyrir mönnum að læra málið, en það leiðir aftur til þess að greiða fyrir viðskiftunum. Annars gaf háttv. þm. Dal. (B. J.) þessari till. svo góð meðmæli, að eg þarf engu við að bæta.

Þá hefir komið fram tillaga um að breyta styrk til smjörbúa. Eg sé enga ástæðu til að styrkja þessi gömlu smjörbú lengur. Það var ástæða til að styrkja þau á meðan þau voru að komast á laggirnar, en þingið getur ekki haldið áfram að veita þeim fé ár frá ári. Það er miklu nær að veita styrk til nýrra smjörbúa.

Ekki get eg greitt atkvæði með því, að Boga Th. Melsted verði veittur styrkur til sagnaritunar. Því hefir verið haldið fram, að það væri af pólitískum ástæðum, að mjög margir háttv. þm. væru mótfallnir styrkveitingu þessari. En þetta er alls ekki rétt. Til þess liggja aðrar ástæður. Eg hefi óvíða séð annan eins rithátt, eins og hjá þessum sagnaritara. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði áðan, að Bogi Melsted færi ekki með neina dagdóma í ritum sínum, en

mín skoðun, að í þessu máli er það aðalatriðið, hver maðurinn er. Það þarf engri pólitik að blanda inn í það efni. Og þótt eg sé með því að fella burt þennan lið fjárlaganna, þá er það ekki af því, að eg á minsta hátt vilji niðra Bjarna Jónssyni, en segi bara það eitt, að eg hefi aldrei treyst honum til *þessa* starfs, og get bætt því við, að mér hefir stundum þótt hann hafa orðið fyrir nokkuð miklu álasi, þegar hann tók verkið að sér. Eg er þess fullviss, að hann hefir gert það eftir beztu vitund. Einnig held eg að 10 þús. kr. sé alt of lítið fé til þess að hæfur maður fáist og fjárveitingin komi að fullu gagni. Raunar hefir komið breyt.till. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um að tillagið sé hækkað, en mér er nær að halda, að ennþá meira fé þurfi, en þar er stungið upp á, ef full not eiga að vera að fjárveitingunni og hún á að borga sig.

Þá skal eg minnast á breyt.till. frá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um heiðursverðlaun til Jóns Stefánssonar skálds. Eg skal geta þess, að hún er flutt án nokkurra tilmæla frá honum sjálfum, og eg er ekkert við hana riðinn heldur. En eg gladdist þó, er eg sá að till. var framkomin, því að maðurinn er sannarlega verðlauna verður fyrir rit sín. Og honum á einmitt að vera sómi sýndur í þessu formi, að hann fái ákveðna upphæð í eitt skifti. Eg held hann hafi ekki skaplyndi til þess að vera á fjárlögum ár eftir ár með þessum venjulegu eftirtölum og nöldri, þótt svona viðurkenning geti glatt hann og muni gleðja hann. Raunar hefði eg kunnað betur við annað orðalag á tillögunni, en það má leiðrétta, ef þörf þykir við 3. umr. Eg vona, að málið fái góðan byr hér í deildinni og tillagan verði tekin aftur, ef ekki er alveg áreiðanlegt, að hún verði samþykt, því að maðurinn er mjög tilfinninganæmur, og eg vil heldur, að hann missi af þessum 1200 kr., en tilfinningar hans séu að nokkru særðar.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi hér viðaukatill. um 1500 kr. styrk til Vilhjálms Finsens til þess að kynna sér síðustu uppgötvanir um þráðlaust firðtal. Þessum styrk ætlar hann að verja aðallega í París og Berlín til þess að nema nýjustu uppgötvanir og aðferðir í þessu efni. Menn kunna ef til vill að segja, að ekki sé mikil ástæða til að leggja í þennan kostnað, því að það hljóti brátt að koma á daginn, hvað uppgötvað verður í þessu, en menn verða að líta á það, að það er mikilsvert að fylgjast sem bezt með og fá sem fyrst að vita, hverju fram vindur, og koma með því í veg fyrir, að farið sé að leggja í nýjan kostnað við talsíma, ef þráðlaust firðtal kemst á svo hátt stig, að það verður ódýrara og eins örugt og símtal. Það er því ekki einskis virði fyrir stjórn og þing, að hafa sér til aðstoðar og leiðbeiningar íslenzkan mann, sem vit hefir á þessum hlutum. Þessi maður hefir nú í nokkur ár unnið hjá Marconi-félaginu og hefir fengið þar mikið lof, svo að líklegt er, að hann færi sér styrkinn vel í nyt og fjárveitingin beri góðan árangur. Þetta er efnismaður, af bezta bergi brotinn, náfrændi Finsens ljóslæknis, sem nafnkunnastur hefir orðið allra Íslendinga á vorum dögum. Það er ekki víst, nema þessi maður eigi líka fyrir höndum að finna upp nýtilegar umbætur á firðritunartækjum; hann hefir átt talsvert við það og hlotið lofsorð fyrir. Eg hygg því, að þessu fé yrði vel varið og vona að tillagan fái góðar undirtektir í deildinni.

Þá vil eg sérstaklega leggja liðsyrði fjárbón frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um 6000 kr. styrk til Fiskifélags Íslands. Öllum er það kunnugt, hver stuðningur landbúnaðinum hefir verið að Búnaðarfélaginu, og ekki er vafamál,

skólanum, hefði verið felt. Eg skil nú ekki í, að bændur, sem hann kveðst altaf bera fyrir brjóstinu, og sem hafa mikinn hug á því að senda syni sína og dætur á þessa skóla, séu honum samdóma í þessu. Og eg vil spyrja hinn sama háttv. þm., hvort hann muni greiða þessu ákvæði atkvæði sitt, þegar hann veit, að afleiðingin verður sú, að skólarnir loka. Eg vona, að svo verði ekki. Þessi tillaga er að minni hyggju komin fram í hugsunarleysi og vona að h. deild felli hana, þegar hún hefir athugað málið.

Eg sé ekki ástæðu til að svara þeim háttv. þm. mörgum orðum, sem hafa verið að ávíta okkur Reykvíkinga fyrir það, að við skoðuðum landssjóð sem okkar eign, sem við gætum gengið í og tekið úr eftir geðþótta. Eg hygg, að þeir hinir sömu þingmenn hafi sagt þetta í einhverju ógáti eða hita, því að þetta nær ekki nokkurri átt. Hitt hefði verið sanni nær, að geta þess, að Reykvíkingar legðu manna mest í landssjóð og ættu því skilið að fá eitthvað úr honum aftur. Nú sem stendur, leggur Reykjavík fram árlega hér um bil $^1/_3$ af tekjum landsins.

Annars skal eg ekki fjölyrða meira um þetta atriði eða önnur að sinni.

Pétur Jónsson: Það eru fyrst nokkur orð viðvíkjandi breyt. till. frá mér á þingskjali 337, sem eg raunar hafði búist við að háttv. framsögumaður (B. Þ.) mundi minnast á, því að h. fjárlaganefnd hefir tjáð sig henni meðmælta. Tillagan fer fram á 500 kr. fjárveitingu hvort árið, til þess að halda fyrirlestra um kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap framleiðenda í landinu. Till. mælir bezt með sér sjálf, því að í athugasemdunum við hana er ljóslega skýrt frá því, hvernig fé þessu skuli varið eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins. Tillagan er framkomin á þann hátt, að eg hefi fengið áskorun um að flytja hana hér á þinginu frá bændum og bændaefnum, er voru við aukanámsskeið á búnaðarskólanum á Hvanneyri. Álíta þeir réttilega, að fræðsla um þetta efni sé bráðnauðsynleg á öllum búnaðarskólum og fleiri skólum. Meiningin er ekki að eins að rekja sögur erlendra samvinnufélaga og fyrirkomulag þeirra, heldur og að sýna fram á hvaða áhrif þessi félagsskapur hefir á skipun mannfélagsins, í hverju sambandi hann stendur við ýmsar ráðgátur þar að lútandi, og hverja framtíð hann mundi eiga hér á Íslandi. Eg vil því vona, að þessi litla fjárveiting fái góðan byr hér í deildinni.

Þá vil eg minnast á 98. breyt.till. nefndarinnar um að fella niður fjárveitingu til viðskiftaráðunauta. Eg er þessari tillögu nefndarinnar samþykkur. Þegar málið kom til umræðu á þinginu 1909, skýrði eg frá því, að mitt atkvæði væri bundið við það, hvort kostur væri á þeim manni, sem eg og aðrir gætu haft þá tiltrú til, að hann mundi starfinu vaxinn að öllu leyti. Þetta var ekkert nýmæli 1909. Það hafði oft verið umtal um það áður, sérstaklega á fundum kaupfélagasambandsins, en altaf strandað á vöntun á færum manni. Auðvitað var ekki um aðra að ræða en kaupmenn, sem hefðu næga þekkingu og æfingu í þessu efni, eða verzlunarfróðan mann, en mann sem þó væri laus við eða algerlega losaði sig við alla kaupmensku. Á þinginu 1909 spurði eg ráðherra, hvort hann hefði nokkurn sérstakan mann í huga til þess að takast starfið á hendur, og ef svo færi, hvaða maður það væri þá. Ráðherra kvaðst að vísu hafa ákveðinn mann í huga, en áleit að ekki væri rétt að skýra frá, hver það væri, því að svona mál ætti ekki að snúast um nafn. En það er nú

kaupstað skuli veitt 40.000 kr. lán til raflýsingar, og eg fæ engan veginn séð, að sú lánveiting sé bráðnauðsynleg, og enganveginn eykur hún framleiðslu í landinu. Eg hefði nú óskað, að þessi lánveiting til Iðunnar hefði verið með, því hér er einnig um sanngirniskröfu að ræða, þegar litið er til verksmiðjunnar við Glerá á Akureyri, þar sem fjárlaganefndin leggur til, að henni séu gefnir eftir vextir af láni — 6000 kr. — Landssjóður hefir nú lánað þeirri verksmiðju 110 þús. kr., en þó að Iðunni verði veitt þetta lán, þá skuldar hún landssjóði ekki nema 80 þús. kr. og það er ekki meira en svo, að það gæti verksmiðjan fengið að láni gegn tryggingu í $^2/_5$ af eignum sínum, og það mundu flestir telja nægilega tryggingu. Eg býst við, að háttv. þm. hafi lesið umsóknarskjalið frá verksmiðjunni, og hirði því ekki að lesa það nú upp. Aðeins skal eg geta þess, að verksmiðjan hefir mikið að starfa, og bæri sig eflaust mæta vel, ef ekki hefði komið það óhapp fyrir, að um það leyti sem »peningakrísinn« byrjaði kom afturkippur í fyrirtækið. En þá var búið að byggja húsið og panta vélar o. fl., verksmiðjan varð að halda áfram, en til þess að geta starfað, varð hún að taka víxillán, sem voru mjög óþægileg og dýr og erfiðara var að standa í skilum, eins og gefur að skilja, þar sem skuldastaðirnir voru margir, en ef skuldirnar hefðu allar verið komnar á einn stað. Beiðni þessi miðar að því, að þessu fyrirtæki geti orðið haldið áfram. Þetta fyrirtæki vinnur að aukinni framleiðslu í landinu, og þar sem margir, og þar á meðal háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hafa getið þess, að þeir myndu af fremsta megni styðja að öllu því, sem miðaði að aukinni framleiðslu í landinu, tel eg vafalaust að þessi breyt.till. fái góðan byr hér í deildinni og álít óþarft að fara fleirum orðum um hana. Eg á ekki fleiri breyt.till. við þennan kafla, en verð að fara nokkrum orðum um skilyrði þau, sem háttv. fjárlaganefnd vill setja fyrir styrkveitingu til iðnskólans og verzlunarskólans, sem sé þau, að skólarnir leggi fram $^1/_3$ hluta á móti landssjóð. Eg fæ ekki skilið, hvernig nefndin hefir fundið upp á þessu, og einkum furðar mig á því, þar sem nefndin hafði í höndum, þegar hún sat á rökstólum, skýrslur um skólana og tekjur þeirra og hlaut því að vita, að þessi skilyrði væru sama og bending til skólanna um að hætta starfi þeirra. Það er augljóst, að þeir geta ekki lengur starfað, ef svona löguð skilyrði eru sett fyrir styrkveitingu til þeirra. Skólana sækja bláfátækir piltar víðsvegar af landinu, og ef þeir verða að borga hærra skólagjald en nú er, sem hlýtur að verða afleiðingin af samþykt þessa skilyrðis, þá neyðast þeir til að hætta að sækja skólann og fara þannig á mis við þá mentun, sem þeim þó er svo nauðsynleg og sem skólar þessir hafa veitt mönnum. Eg vil ekki búast við, hvað iðnskólann snertir, að nefndin hafi haft það fyrir augum, að Iðnaðarmannafélagið skyldi standa straum af þessum skóla, því hafa þegar verið lagðar svo miklar byrðir á herðar, að það yrði of vaxið kröftum þess, ef meiru yrði á það bætt. Eins og árferðið hefir verið slæmt undanfarið og lítið útlit er fyrir að það batni í bráð, held eg að svo mikið sé nú reynt á pyngju félagsins, að engu sé við bætandi. Nefndin hlýtur því að sjá, að afleiðingin af samþykt þessarar tillögu hennar verður sú, að skólinn neyðist til að hætta störfum sínum. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að sér hefði fallið illa, að samskonar ákvæði og þetta viðvíkjandi kvenna-

en bæði eg og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) Þá skal eg snúa mér að seinni liðnum á sama þingskjali, um 6000 kr. fjárveiting hvort árið til fiskifélags Íslands. — Háttv. fjárlaganefnd hefir sýnilega ekki treyst sér til að ljá þessari tillögu fylgi sitt, en hinsvegar ekki fært neinar gildar ástæður fyrir því, hversvegna hún ekki hefir tekið þetta til greina. Mér er kunnugt um það, að umsókn sú, sem lá fyrir fjárlaganefndinni frá þessu félagi var helmingi hærri — 12000 kr. — heldur en það sem hér er farið fram á, og þótt að fjárlaganefndin beri það fyrir sig, að félag þetta sé nýtt og óþekt, þá er það að vísu svo, að félagsstofnunin er ný, en hugmyndin er alls ekki ný, því hún hefir oftar en einu sinni komist til tals hér á þinginu, og þar að auki er gert ráð fyrir því í reglugerð Fiskiveiðasjóðsins, að slíkur félagsskapur yrði stofnaður, — og þótt félagið sé óþekt, þá eru nöfn þau, sem undir umsókninni standa, næg trygging fyrir því, að fé þessu mun verða vel og skynsamlega varið. En það vil eg taka skýrt fram, að það er mikið undir því komið, hvernig þingið snýst við þessari fjárbeiðni, hvernig félagsskap þessum reiðir af, og ef það skyldi verða ofan á, að þingið ekki vildi sinna þessu neitt, þá hefir þingið gert sitt til að koma fyrir kattarnef þeim félagsskap, sem nú er kominn á fót, til þess að efla og bæta annan helzta atvinnuveg landsins, sjávarútveginn, — og því undarlegra er það, ef fjárbeiðni þessari verður að engu sint, að þegar litið er til Landsbúnaðarfélagsins, þá er þar ekkert til fyrirstöðu að hækka styrk þess ár frá ári, en hver áttæðan er til þess að gera svo herfilega upp á milli landbúnaðar og sæbúnaðar, er mér ekki ljóst. Því er að vísu slegið fram, að sæbúnaðurinn sé stopulli, en það er ekki rétt, því með hinum nýrri veiðiáhöldum er það sjaldgæft, ef afli bregst að mun. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þessa tillögu nú að sinni, en eg vonast til að háttv. deild sýni þá sanngirni, að veita félagi þessu að minsta kosti það sem breytingartillaga mín fer fram á.

Þá á eg breyt.till. á þskj. 419, er fer fram á, að nemandanum Guðjóni Samúelssyni verði veittur 600 kr. styrkur hvort árið, til að fullnuma sig í húsagerðalist o. fl. á fjöllistaskólanum í K.-höfn. Fjárlaganefndin hefir ekki tekið þetta erindi til greina og skal eg því gera nánari grein fyrir ástæðum:

Nú sem stendur eigum við engan mann, sem hefir tekið próf í þessum fræðum, og höfum nálega engan mann, sem fær er um að leiðbeina mönnum í húsagerð; að vísu höfum við einn mann, er komist hefir langt í því efni, en heilsu hans er svoleiðis varið, að hæpið er á hann að byggja framvegis. Um manninn sjálfan er það að segja, að hann er mesti reglu- og dugnaðarmaður og hefir stundað þetta nám með kappi og samvizkusemi. Eg vona því, þar sem styrkur þessi hvorki er hár né til langs tíma veittur, að háttv. deild veiti hann, því eg er sannfærður um, að landið fær hann margendurgoldinn.

Þá er eg flutningsmaður að því, að klæðaverksmiðjunni Iðunni verði veitt 45 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, til 20 ára með 4% ársvöxtum, afborgunarlaust 4 fyrstu árin, en endurborgist síðan á 15 árum. Fjárlaganefndin hefir fært þá ástæðu fram gegn þessari lánbeiðni o.fl., að ekki væri til neins að veita lán úr viðlagasjóði, því sjóðurinn væri tómur, og að veita lán úr honum væri því ekki nema pappírsgagn. Eg get nú raunar ekki séð, að miklu sé spilt, þótt lánsheimild sé gefin, því séu peningarnir ekki til, þá verður lánið að sjálfsögðu ekki veitt. Hinsvegar sé eg, að fjárlaganefndin hefir lagt til, að Seyðisfjarðar-

til Jóns sagnaskálds Stefánssonar, komi í góðan stað niður og sé síður varhugaverð, þar sem hún er í eitt skifti fyrir öll. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), sagðist ekki villa láta hana koma til atkvæða nema því aðeins, að hann væri viss um, að hún yrði samþykt, og þykir mér líklegt að svo verði.

Að öðru leyti vil eg minna á það, að áður fyrri var haft það fyrirkomulag að því er snerti fjárveitingar til vísinda, bókmenta og lista, að þingið veitti ákveðna upphæð, sem svo stjórnin úthlutaði. Það hefir oft komið til tals, að hverfa nú aftur að þessu fyrirkomulagi, en þó þannig, að féð væri veitt af stjórninni eftir tillögum og í samráði við nefnd, sem kosin væri af þinginu. Eg veit ekki, hvort þetta þing vill nú taka ákvæði um þetta. Hygg eg, að það væri til bóta, því það sparaði umræður í þinginu, og auk þess væri að ýmsu leyti heppilegra.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir komið með tillögu á þgskj. 400 um að að veittar væru 1000 kr. til útgáfu og prentunar á hinum fornu alþingisbókum. Fór hann mörgum kröftugum orðum um tillöguna, eins og hans er venja, þá er hann beitir sér fyrir einhverju, sem honum er áhugamál. Eg hygg, að ekki sé þörf á að gefa út þessar bækur, því að að eins örfáir menn mundu hafa not af þeim. Þessar bækur yrðu ekki til aflestrar almenningi, en mundu einungis verða notaðar af sagnariturum eða öðrum vísindamönnum. Væri réttara að nota það fé, sem til slíkrar útgáfu gengi, til ritlauna fyrir nýsamin sagnarit, t. d. íslenzka réttarsögu, sem einhver fær maður, eins og t. d. núverandi kennari í henni við lagaskólann, tæki að sér að semja og gefa út. Höfundar slíkra rita geta haft full not af alþingisbókunum og öðrum heimildarritum, sem liggja í söfnum landsins, þó að eigi sé kostað til að gefa þau út á prenti.

Magnús Blöndahl: Eg skal fara nokkrum orðum um breyt.till. mína á þskj. 363, um fjárveiting til að lúka við rannsókn á járnbrautarleið austur að Þjórsá. Eg hefi farið fram á, að 3000 kr. yrðu veittar í þessu skyni. Það gleður mig, að tillaga þessi hefir fengið góðar undirtektir bæði hjá fjárlaganefndinni og hér í deildinni. — Ástæðurnar fyrir að eg bar þessa tillögu fram eru þessar: Árið 1907 veitti alþingi 16000 kr. til þess að rannsaka járnbrautarstæði austur að Þjórsá. — Þáverandi stjórn hafði óskað þess við hina dönsku landmælingamenn, sem framkvæmdu þetta verk, að þeir byggju til sérstakan uppdrátt af þessu svæði, sem álitið var að járnbrautin ætti að liggja um, er væri teiknaður eftir stærri mælikvarða en venjulega, en hermálaráðgjafinn gerði það að skilyrði fyrir því, að þetta yrði gert, að Íslendingar borguðu þann aukakostnað, sem af því leiddi. Féð var veitt, en hefir ekki hrokkið til, svo ekki hefir verið hægt að fullgera nauðsynlegan undirbúning; vona eg að háttv. deild hljóti að fallast á, að hér er um nauðsyn að ræða, því verði ekki nauðsynlegum undirbúningi þessa máls lokið, er þeim 16000 kr., sem þegar er búið að veita, kastað á glæður. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) furðaði sig á, að þessi tillaga skyldi koma fram úr þessari átt. Eg fæ ekki séð, að tillagan sé nokkurn hlut verri fyrir því, og eg vona að þessi háttv. þm. finni ekki ástæðu til að anda kalt á þessa tillögu, þótt hún sé ekki framkomin frá sjálfum honum. Sami háttv. þm. talaði um, að það væru margar leiðir, sem þyrfti að rannsaka, en eg fyrir mitt leyti treysti betur á rannsókn þeirra manna, sem eru miklu færari að dæma um þessa hluti, heldur

slíks gerist naumast þörf. Það væri alt öðru máli að gegna, ef vér semdum við Dani, um að þeir héldu uppi landhelgisrétti vorum fyrir ákveðið endurgjald. Þá gætum vér greitt þeim fyrir það. Það væri hægt að bjóða þetta út, og væri þá ekki víst, að það yrðu Danir, sem tæku það að sér, heldur gæti það orðið Svíar, Norðmenn eða Englendingar. Danir fá strandgæzluna margfaldlega greidda með fiskiveiðaréttinum. Hver þjóð mundi taka þetta að sér, ef hún fengi slíkan rétt. Eg er alls ekki að tala um, að vér eigum að liggja uppi á Dönum eða níðast á þeim. En eg held því fram, að þeir hafi engan rétt til þess að hafa strandgæzluna, og þess vegna er alls engin skylda til þess að greiða þeim neitt.

Að því er snertir viðskiftaráðunautinn, hefi eg komið fram með tillögu og sýnt fram á, hvernig þessu verður hagað sem bezt. Kostnaðurinn við þetta verður ekki meiri en sá, er ein stórverzlun greiðir fyrir símskeyti og auglýsingar á 1 ári. Eg heyri að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) rengir orð mín, en eg vil skjóta því til háttv. þm. Vestm. (J. M.), hvort eg fer ekki hér með rétt mál. En þó þetta væri ekki rétt, gerir það samt sem áður engan mun. Danir hafa með árásum sínum á viðskiftaráðunautinn sýnt, að þeim hefir þótt vér halda rétti vorum helzt til of mikið fram. En ætla nú Íslendingar að láta þetta sannast með því að fella burtu fjárveitinguna? Ætla þeir að láta undan og hlaupa eftir dönskum blaðagreinum? Skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta. Aðeins vil eg geta þess, að þjóðin mun dæma um þetta og sýna, hvort innlimunarandinn sveimar yfir landinu eða ekki.

Ólafur Briem: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þskj. 372 um að 3000 kr. styrkur verði veittur til bryggjugerðar á Sauðárkrók. Það er kunnugt, að þar er oft mjög brimasamt. Það kemur oft fyrir, að ekki er hægt að lenda eða athafna sig við uppskipun sökum brims við lendingu, og það jafnvel stundum þó uppskipunarbátar geti legið við skipshlið á höfninni og tekið þar á móti vörum. Nú er ráðgert að byggja þar bryggju og hafa hlutaðeigendur farið fram á að fá 6000 kr. styrk til fyrirtækisins, en eg hefi ekki séð mér fært að fara fram á meira en 3000 kr., til þess að styrkveitingin væri í samræmi við aðrar fjárveitingar úr landssjóði til samskonar fyrirtækja. Það liggur fyrir teikning af bryggjunni eftir verkfræðing Krabbe, ásamt lýsingu á fyrirkomulaginu. Eg þykist ekki þurfa að mæla með styrkveitingunni, því mér finnst hún svo sjálfsögð. Sauðárkrókur er næst kaupstöðunum 3. kauptúnið á landinu, að því er snertir útfluttar og innfluttar vörur, nema þær nær $^{3}/_{4}$ milj. Að undanskildum kaupstöðunum er aðeins Eyrarbakki og Stokkseyri hærri. Á Sauðárkrók er einnig útræði og talsvert fiskiúthald á ýmsum tímum árs. Segir það sig sjálft, hve mikið atvinnutjón getur stafað af því, ef slíkur útvegur teppist á einhvern hátt. Það kemur sér einnig mjög illa, að skip, sem koma þangað, skuli þurfa að tefjast og oft og einatt bíða lengi vegna hinnar slæmu hafnar. Þetta fyrirtæki er einnig, að því er millilandaskipin og strandferðaskipin snertir, til hagsmuna fyrir landið, þar sem það miðaði til þess að koma í veg fyrir, að skipin verði fyrir miklum töfum, sem einkum eru hvimleiðar fyrir alla þá mörgu farþega, sem með skipunum ferðast kring um landið.

Eg skal ekki fara mikið út í hinar aðrar breytingartillögur, er fram hafa komið. Þó vil eg geta þess, að eg er hlyntur viðaukatillögunni á þskj. 345, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mælti með. Álít eg, að sú fjárveiting, 1200 kr.

snild, og heldur vil eg þá bók, en mörg bindi af ýmsum sögum annara þjóða, enda mætti hverri þjóð þykja vænt um hana í bókmentum sínum. Þá koma enn smásögur og svo seinast dýrasögurnar hans. Eg hefi sjálfur fengist við að þýða og rita og þykist því bera nokkuð skyn á bækur. Og það segi eg satt, að eg vildi heldur hafa ritað þetta kver, en alt annað þess kyns, sem ritað hefir verið á íslenzku, að undanskildri Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar. Þessi maður kann svo vel að lýsa sálarlífinu, og það með slíkri snild, að slíkt sést óvíða. Eg skal t. d. minnast á söguna um hundinn, sem fór út að stela, af því að svo reyndist, sem oftar, að réttlætiskendin hjá manninum var minni en hjá hundinum. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Eg hefi sagt mitt álit.

Svo vil eg leyfa mér að mæla með því, að *háttv. þm. greiði atkvæði* með láninu til Iðunnar. Býst eg við, að h. 2. þm. Árn. (S. S.) geri það. Það er nauðsynlegt að styðja innlendan iðnað. Hér er að ræða um, að landsmenn geti fengið fult verð fyrir ullina, og því áríðandi að styðja þennan iðnað. Sama er að segja um niðursuðuverksmiðjur. Eg býst ekki við, að eg standi einn uppi með að vilja styðja slík fyrirtæki; að minsta kosti vona eg, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) fylgi mér hér að máli.

Þá kem eg að atriði, sem er deiluatriði við háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Hann mælti með því, að Boga Th. Melsted væri veittur styrkur til þess, að halda áfram sagnaritun. Háttv. þm. sagði, að þessi styrkveiting hefði fallið niður af óskiljanlegum ástæðum. Það er ósatt, að hún hafi verið feld af kala til mannsins, eða til þess að refsa honum fyrir landsmálaskoðanir hans, heldur af því, að hann er ekki fær til þess að vinna þetta verk. Eg lagði það til á síðasta þingi, að styrkurinn væri feldur burtu. Vil eg lýsa því yfir, að það var ekki til þess að refsa sagnaritaranum fyrir landsmálaskoðanir hans. Eg hefi hér cognitionem rei, en 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir ekki nema cognitionem circa rem.

Því næst vildi eg minnast á botnvörpusektirnar, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hældi mér fyrir. Eg þakka honum fyrir það. Hann sagði, að eg vildi í ræðum mínum sýna, að landið stæði á eigin fótum. En þó virtist hann hins vegar heldur draga úr þessu og er eg honum ekki þakklátur fyrir það. Eg fyrir mitt leyti álít, að vér séum sjálfstætt ríki, sem aðeins er í konungssambandi við Danmörku. Þetta er mín sannfæring. Og eg álít, að hvert það verk, er vér vinnum, eigi að vera liður í festi þeirri, er heldur saman réttindum vorum. Það væri að taka burtu einn hlekkinn, að veita Dönum fé fyrir strandgæzluna.

Neergaard segir 7. febrúar í fyrra í fjárlaganefndaráliti:

»... Þegar að því var gengið (o: að gera Valinn), var héðan ekki sett neitt skilyrði, eg má segja auðvitað, um fjárframlög af Íslands hálfu, því að gæzla fiskiveiðanna er framkvæmd á drottinrétti, sem danska ríkið á. Það er réttur danska ríkisins og skylda þess, að halda á drottinvaldi sínu yfir öllum sjóleiðum ríkisins, og beiting þessa réttar, framkvæmd þessarar skyldu á í sjálfu sér að vera því óháð, hver framlög til þess koma frá einum eða öðrum hluta ríkisins«.

Í þessum hug senda Danir hingað skip til þess að framkvæma drottinsvald hér. Og eigum vér að greiða þeim fé til þess að halda uppi drottinvaldi yfir sjóleiðum ríkisins? *Eg gæti fært* fleiri rök fyrir því, að till. háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) er innlimunartillaga, en

það, og kemur það mest af því, að ef einhver Íslendingur skrifar eitthvað, þá rís oftast jafnharðan einhver annar honum samlendur, annaðhvort þar eða hér heima, og ber brigður á það, sem hann segir, en danskir blaðamenn eru ókunnugir högum vorum. En ef vér ættum slíkan fulltrúa, þá vita menn, að hann þorir ekki annað, stöðu sinnar vegna, en fara með það eitt, sem satt er og ábyggilegt.

Bjarni Jónsson: Eg ætla ekki að segja nema örfá orð.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði í fyrradag, að aðrir fyltu malinn, en eg tæmdi hann. Hvað annað? »Hver em eg, að eg liki mér við Sírak?« En eg vil benda honum á það, að það eru óþingleg orð, og eiga ekki að þolast, að bregða mönnum um fátækt. Satt er það, og þess minnist eg með þakklæti, að tveir menn hafa styrkt mig til náms, og það voru þeir faðir minn og Jón heitinn Þorkelsson skólastjóri, en ef þingm. segir, að fleiri hafi mér slíkt veitt, þá eru það ósannindi. En misskilið hefir hann það sem eg sagði. Eg nefndi andlega og verklega framleiðslu, og átti við það, sem vant er að orða svo, að menn éti til þess að lifa, en lifi ekki til þess að éta.

Eg skal í þessu sambandi minnast á 2 skáld, af því að jafnmerkur maður og háttv. þm. Vestm. (J. M), gerðist til þess að bera brigður á það, hve langt væri komið »Eiðnum« Þorsteins Erlingssonar. Eg hefi hér fyrir framan mig til sýnis 6 arkir af honum í handriti hreinskrifuðu, og er þá lokið fyrri hlutanum, um ástir og æsku þeirra Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Daða. Síðari hlutinn er heild sér, um refsinornirnar. Hann er líka gagnhugsaður, og mikið af honum hér til í brotum, og má gera ráð fyrir því, að hann verði albúinn á næstu tveim árum. Þetta verður þá allstórt verk, 14 arkir, og mjög vandað og vel kveðið. Hér eru og sumar kviðurnar af Fjalla-Eyvindi, og brot úr öðrum, og öll söguleg gögn eru þegar fengin til þess verks, og efni þess raðað og gagnhugsað. Auk þess hefir hann fleira í smíðum, en hann er ekki sérlega fljótur að yrkja, sem ekki er von, því að hann er fjarskalega vandvirkur, enda verða verk hans eins og allir vita ólík því, sem tíðkast hjá þeim, sem mestu hrúga upp. Ibsen þurfti ekki minna en tvö ár til hvers af ritum sínum, og varð að margskrifa þau, og þótti það kostur, en eigi löstur.

Hinn maðurinn er Þorgils gjallandi. Það er lagt til, að veita honum 1200 kr. heiðurslaun fyrir starf hans, og þessi maður á sannarlega heiður skilinn. — Hugsum oss sveitapilt, gáfaðan og fróðan, en einurðarlítinn og fátækan, og því ófæran til þess að brjótast áfram til mentunar. Hann verður að strita eins og hinir, en hugurinn hneigist að bókmentum og lestri, eins og títt er í því héraði, þar sem sumir mættu alt eins vel vera prófessorar, eins og bændur. Ef menn hyggja þetta ofmælt, þá skulu menn vita, að eg þekki mig þar, og eg vil biðja þá að tala stundarkorn við Benedikt á Auðnum, eða einhvern slíkan þar um slóðir, áður en þeir dæma um það. Slíkur piltur var Þorgils. Fyrsta bók Þorgils var «Ofan úr sveitum«. Hún er ekki gallalaus, þar kennir útlendra áhrifa og jafnvel lýta á máli. Það sést, að hann hefir enn eigi náð að melta það, sem hann hefir fengið frá Norðmönnum. — En biði menn svo og lesi næstu söguna: »Upp við fossa«. Leiti menn þar að því, sem hann er ekki búinn að læra, og þeir munu ekkert finna. Því að þar er hann ekki lærisveinn Norðmanna lengur. Íslendingurinn hefir fundið sjálfan sig, og stendur nú föstum fótum. Það er hrein

játa það, að mér hefir eigi ætíð virzt hann svo grandvar að undanförnu. (*Jón Jónsson* 1. þm. S.-M.: Dæmi!). Það mætti benda á atkv.gr. í þó nokkrum málum. En um styrkinn til hr. Boga Melsteðs er það að segja, að sumum hefir þótt sem hann væri ekki algerlega óviðkomandi pólitíkinni. Og ekki er hægt annað að segja, en að þinginu hafi farist mjög vel við hann. Hann fékk fyrst styrk 1891 og hefir síðan haldið honum — 1000 kr. á ári — til ársloka 1910. Kann vera, að eitt ár hafi gengið úr, en alls er nú búið að veita þessum manni milli 15 og 20 þús. kr. af landsfé, og hver hefir orðið árangurinn? Maðurinn byrjaði á fornsögunum og er ennþá að gjöra útdrátt úr þeim! Það fer illa á því, þegar þingið styrkir einhvern þannig í góðu skyni, að menn þá reiðist og verði óánægðir, ef þeir fá styrkinn ekki meðan þeir draga andann Þessi maður hefir líka notið styrks úr ríkissjóði Dana til hins sama starfs, auk þess sem hann hefir verið stipendiarius A.-M., enda hefi eg heyrt, að hann sé allvel efnaður, og gera það margir, sem líkt stendur á fyrir, að dunda við svona ritstörf, ef þeir hafa gaman af því, án þess að hafa styrk til þess. Eg mótmæli því þess vegna, að illa hafi verið farið með þennan mann, heldur hygg eg, að honum hafi verið sýnd innileg pólitísk velvild, og vaki hún enn í háttv. 1. þm. S.-M. (J. J.) og geri hann svo brennheitan sem hann er í þessu. Og eg skal líka játa það, að pólitíkin geti haft óbeinlínis áhrif í mótsetta átt, þannig, að mönnum verði það ósjálfrátt ekki eins ljúft að styrkja menn, sem þeir vita að leggja sig í framkróka til þess að blekkja menn og atyrða, sverta og svívirða vissar stefnur og flokka. Það er oft og einatt ekki svo gott að komast hjá slíku, þegar mennirnir hafa ekki vit á að halda sér saman. Afskiftin af pólitík geta verið þannig löguð, að það á ekki saman nema nafnið, hvort menn berjast með rökum, eða varpa fram sleggjudómum og nafnlausum ósannindum með hæfilegum fjölda smánaryrða.

Um skáldastyrkina er það að segja, að fjárln. álítur heppilegast, að þeir standi óbreyttir, eins og þeir voru í frumvarpinu og á síðasta þingi. Annars er svipað um þá að segja og styrkinn til Boga Melsteðs, að sá hugsunarháttur virðist vera farinn að komast inn, að ef þingið styrkir einhvern tíma einhvern, þá eigi hann að halda þeim styrk um aldur og æfi. Þetta er óheppilegt, því að þá verður landssjóður ekki fær um að veita öðrum styrk, þótt sjálfsagt væri, eða að minsta kosti ekki jafnmörgum sem ella. Heppilegra væri að styrkja þann og þann, sem gáfurnar hefir, um ákveðinn tíma, en ekki lengur, því að þá þarf að fara að hjálpa öðrum. Það er vel gert, ef nokkrum er hjálpað, og þeir mega ekki reiðast, þótt kipt verði að sér hendinni, þegar frá líður til þess að hjálpa öðrum. En ekki er eg að ámæla þessum mönnum, því að ætíð hlýtur að seljast lítið af ritum þeirra, og því eru þeir flestir fátækir.

Þá er að minnast á viðskiftaráðunautinn. Meiri hluti nefndarinnar vill kippa þeirri fjárveitingu burt, en því er eg mótfallinn. Hún hefir vakið mikla eftirtekt í útlöndum, en fyrir mér vakir sú pólitíska þýðing, sem hún hefir. Oss er það alveg ómissandi að eiga ábyggilegan mann í útlöndum, sem gefi öðrum upplýsingar um oss og oss um aðra, og leiðrétti þar mishermi um vor mál. Vér stöndum uppi alveg varnarlausir, að heita má, í því efni, allir vita hvernig gengur að koma í dönsk blöð greinum um Íslands mál. Það er eins og það séu samtök meðal þeirra um það að gera mönnum sem örðugast fyrir um

unum, eru aðeins bindandi fyrir fjárhagstímabilið. Þingið hafði því fullan rétt til þess, að kippa að sér hendinni, eins og það gerði. Að þetta var nokkurntíma veitt 1907, skoða eg sem fljótfærni og að málið hafi ekki verið yfirvegað sem skyldi. Hæstv. þáverandi ráðh. hafði mikinn hug á að fá því framgengt, og hafði það þau áhrif, að eg og aðrir létu eftir. Blaðið Ísafold hafði þá og nýlega flutt grein um það, hve óviðkunnanlegt það væri, að veita ekki neitt til strandgæzlunnar. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) lagði þá þýðingu í það, er þessu var í burtu kipt, að sjálfstæðismenn vildu liggja uppi á Dönum. Eg fyrir mitt leyti verð nú að álíta, að Dönum færi hér lítilmannlega að fara fram á annað eins. Sjálfir skilja þeir stöðulögin svo, að landhelgin sé alríkismál, og það er tekið fram með berum orðum í stöðulögunum, að til hinna sameiginlegu mála eigum vér Íslendingar ekkert að leggja, meðan vér eigum ekki fulltrúa á ríkisþinginu. Þannig er þetta frá dönsku sjónarmiði, og virðist mér það því smásmugleg pólitík. — Annars gladdi það mig, að í þessum hluta ræðu háttv. þm. fólst játning á því, að það væri okkar réttur að verja landhelgina og ættum við að kosta til þess. Hann er þá kominn á nokkuð aðra skoðun, en hann hafði í millilandanefndinni forðum. Þegar frv. hennar var á dagskrá, taldi hann það eina ástæðuna til þess að hafa sameiginleg hermál, að vér hefðum ekki heimild til þess, Íslendingar, að hafa strandgæzluna á hendi. En þegar litið er á þetta frá íslenzku hliðinni, þá sést, að Danir fá fulla borgun fyrir strandgæzluna, þótt þeir fái engan eyri af þessu sektarfé. Samkvæmt 2. gr. stöðulaganna eru fiskimið vor íslenzkt sérmál, sem vér getum farið með hvernig sem vér viljum. Þetta sambland, sem nú gengst við, að Danir og Færeyingar hafi jafnan rétt við oss í þessu, eru leifar af dönskum áhrifum, sem hér voru rík í löggjöfinni, meðan ráðherra var búsettur ytra. En þessi réttindi hafa þeir af okkar náð, við getum tekið þau af þeim hvenær sem við viljum, og þetta eru engin smáræðis hlunnindi, þar sem þeir eiga hér allskonar skip við landið að veiðum, og jafnvel smábáta á fjörðum inni. Við þurfum því ekki að bera kinnroða fyrir það, að við séum ómagar á Dönum, að því er strandgæzluna snertir, hún er þeim fullkomlega endurgoldin. Og það má benda á það, að fyrir þessu er fram komin viðurkenning í millilandanefndinni. Þar létu menn sér einungis lynda að láta svo búið standa meðan Íslendingar vildu ekki hagnýta sér rétt sinn til uppsagnar, og — eo ipso — hljótum við að geta tekið af þeim fiskveiðaréttinn um leið og við tökum að okkur strandgæzluna. Það er þessi skoðun, sem vér verðum að heimta, að ráðherra vor haldi fram við Dani og geri þeim þetta ljóst. Þess vegna þótti mér það leitt að heyra hæstv. ráðh. (Kr. J.) vera að reyna að telja þingið á það í ræðu sinni áðan að láta þetta ákvæði standa í fjárl.frv, því að eg verð að halda því fast fram, að hann eigi að halda fram okkar skoðun í þessu máli. Eg sé svo ekki ástæðu til þess að tala meira um þetta, en vænti þess, að meiri hl. háttv. deildar fallist á till. nefndarinnar.

Út af því, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði um Boga meistara Melsteð, skal eg geta þess, að mér þykir það að vísu mjög gleðilegt að heyra hve einstaklega sá maður er orðinn samvizkusamur og grandvar í pólitikinni. Nú má ekki líta á hana framar, þegar um styrki er að ræða. En »nota bene« þykir mér því að eins vænt um þetta, að hér sé um sanna iðrun og yfirbót að ræða, en ekki rétt svona við tækifæri, því að eg verð að

verkum sínum eins eftir sem áður. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að félagið hefði í hyggju að styrkja áveitu eystra, þar með hefir hann að líkindum átt við Flóaáveituna. Það er ekki nema gott, að félagið geti styrkt sem flest fyrirtæki, en hins vegar er það ekki nema eðlilegt, þótt alþingi vilji líta eftir, að styrkveitingar félagsins komi sem jafnast niður á hina ýmsu landshluta. Mér er nær að halda, að hingað til hafi Suðurland borið mest úr býtum hjá félaginu; en það getur verið af þeim eðlilegu orsökum, að þar hafi mest verið starfað að búnaðarframförum. Eg er því mótfallinn yfirleitt, að styrkurinn til félagsins sé lækkaður, en í þessu tilfelli mun eg þó greiða atkvæði með því; eg hygg að sú færsla fjárveitingarinnar, sem hér er um að ræða, sé sanngjörn og líkleg til þess að koma að góðu haldi.

Þá vil eg minnast á till. um að afnema styrkinn til rjómabúanna. Eg hefi heyrt, að þau væru arðsöm fyrirtæki og finst því efamál, hvort rétt sé að halda áfram að styrkja þau. Þó vil eg ekki, að styrkurinn sé allur afnuminn, en tel heppilegast, að því væri svo fyrirkomið, að rjómabúin fengju nokkurn styrk fyrstu 5—10 árin, sem þau standa, en síðan ekki söguna meir. Mér heyrðist háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) segja, að óþarft væri að styrkja ný rjómabú, því að þau gætu hagnýtt sér og lifað af reynslu hinna eldri. Eg skal ekki þrátta um þetta; en þó að reynsla hinna eldri rjómabúa geti að mörgu leyti komið hinum yngri að notum, þá finst mér ósanngjarnt, að svifta þau öllum styrk, enda er óvíst, að þau eigi kost á jafn duglegum ráðunaut, sem hin eldri.

Skúli Thoroddsen: Eins og mönnum er kunnugt hefir fjárlaganefndin lagt til, að fella burtu það ákvæði, að $^2/_3$ botnvörpusektanna renni í ríkissjóð. Eg vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál, sérstaklega vegna þess, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og hæstv. ráðherra (Kr. J.) hafa um það talað. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H). gat þess, að Danir hefðu lagt mikið í kostnað þegar þeir bygðu Íslands Falk til strandgæzlu hér. Þetta er alveg rétt, en hvernig fóru þeir að við það tækifæri? Litu þeir á hagsmuni Íslendinga, eða höfðu þeir annað fyrir augum? Eg lít svo á, að við Íslendingar höfum við það tækifæri verið notaðir sem skálkaskjól. Svo var mál með vexti, að ráðuneytið vildi auka flotann, en hér gat það slegið tvær flugur í einu höggi og byggt skip, sem var tvent í einu, varðskip og herskip. Enn má geta þess, að Danir færa kostnaðinn við »Fálkann« undir útgjöldin úr ríkissjóði til Íslands, og ætti þá skipið eftir því að vera okkar eign. Þetta er alt saman mjög svo óviðfeldið. Ef þeir hefðu litið á hagsmuni vora, þá hefðu þeir átt að byggja 2—3 fallbyssubáta á stærð við »*Beskytteren*«; það hefði orðið okkur miklu notadrýgra en þetta eina stóra skip. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat um, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem 1905 var framsm. fjárlaganefndarinnar, hafi þá gefið yfirlýsing um þetta mál hér í deildinni fyrir hönd nefndarinnar. En eg, sem átti þá sæti í nefndinni, get vottað, að hinn háttv. þm. hefir talað heimildarlaust fyrir nefndarinnnar hönd, hafi hann gefið aðra yfirlýsing en þá, sem fólst í fjárveitingunni sjálfri. Eins og öllum er kunnugt nær fjárhagstímabilið yfir 2 ár, og fyrir þann tíma var þessi fjárhæð veitt, en um það var ekkert ákveðið, að hún ætti að halda áfram eftir það.

Það stendur skýrum orðum í 21. gr. fjárl., að allar þær fjárveitingar, sem eigi standa í öðrum lögum, en fjárlög-

nýlega safnað í lítið kver, sem ætti að vera í hvers manns höndum. Eg hygg það ekki ofmælt, að margir mundu hafa gott af að lesa það, en enginn ilt, því að allar kenna þær með skáldlegum krafti mannúð og mildi, og sumar sögurnar eru svo ágætlega sagðar, að það er hin mesta listanautn að lesa þær. Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vil taka fram, ókunnugum til leiðbeiningar, að maðurinn er nú um sextugt; hann byrjaði ekki fyr á ritstörfum en hann var orðinn vel miðaldra maður og hefir skrifað alt, sem eftir hann liggur, í tómstundum sínum, þó að þær hafi ekki verið margar. Hann hefir altaf búið einyrkjabúskap og orðið að hirða um alt sjálfur, enda gert það afburða vel. Einhver kynni að spyrja, hvað slíkur maður hefði við peninga að gera, hann hafi þó í sig og á. Eg get svarað því svo, að í fyrsta lagi mundi hann hafa gleði af því, að fá slíka viðurkenning fyrir ritstörf sín, og í öðru lagi mundi þessi fjárveiting geta gefið honum tækifæri til þess að ferðast eitthvað um landið; en kringumstæðum hans hefir verið svo varið, að hingað til hefir hann að eins í eitt skifti getað farið úr bygðarlagi sínu, og var hann þá ungur. Hann er sögufróður maður með afburðum, og elskar og skilur sögur vorar fremur en nokkur maður, sem eg hefi þekt, og mundi það verða honum til hinnar mestu ánægju að geta ferðast um landið og skoðað með eigin augum þá staði, þar sem sögurnar hafa gerst. Að endingu vil eg geta þess, að eg geri ráð fyrir, að eg taki þessa tillögu aftur í þetta sinni, ef mér sýnist hætta á, að hún falli. Það vil eg ekki að komi fyrir, bæði vegna sæmdar deildarinnar sjálfrar og vegna mannsins, sem hér á hlut að máli.

Þorleifur Jónsson: Eg á enga breytingartillögu við þennan kafla, og ætla mér að eins að minnast á eitt eða tvö atriði. Eg vil þá fyrst tala lítið eitt um breyt.till. á þingskjali 413, þar sem farið er fram á, að hækka styrkinn til búnaðarfélaganna úr 22 þús. kr. upp í 26 þús. kr. Nú er víða óánægja út af því, hvað styrkur þessi er lítill; mér hefir fundist þessi óánægja vera á rökum bygð og hafði eg því hugsað mér að koma fram með tillögu um að auka styrkinn, en eg hætti við það, þegar eg varð var við þessa breyt.till. Eg hygg, að allir muni játa, að tæpast verði meiri not af annari fjárveiting en þessari, henni er allri varið beint til þess að rækta landið betur og gera það verðmeira og byggilegra. Eg veit ekki hvað menn ættu að styrkja ef ekki þetta. Hér er ekki um annað að ræða, en ofurlítil verðlaun til alþýðu fyrir svitadropa hennar. En nú eru þessi verðlaun orðin hræðilega lítil vegna þess, að þeim mönnum, sem leggja stund á jarðabætur hefir stórfjölgað, og dagsverkafjöldi hjá hverjum einstökum eykst ár frá ári. Styrkurinn er því lægri nú fyrir hvert dagsverk, heldur en fyrir nokkrum árum. Ef miðað er við 22 þús. kr. fjárveitingu, koma nú rúmlega 18 aurar á hvert dagsverk, eftir síðustu jarðabótaskýrslum; en ef styrkurinn væri hækkaður upp í 26 þús. kr., þá kæmi 21 eyrir á dagsverkið. Allir sjá, að þetta er neyðarlega lítil upphæð og þætti mér styrkurinn ekki ofhár, þótt hann væri færður upp í 30 þús. kr. Eg get því ekki trúað öðru, en að þessi breyt.till. verði samþykt. Það er þó galli á henni í mínum augum, að hún fer fram á, að þessar 4000 kr. verði dregnar frá styrknum til Búnaðarfélags Íslands. Mér hefði þótt ákjósanlegra, að ekki hefði þurft að rýra fjárveitinguna til þess félags, en get þó sætt mig við þetta í bili, í þeirri von, að félagið geti þrátt fyrir þetta komið fram þarfa-

vakti allmikla eftirtekt og fékk hlýleg ummæli hjá málsmetandi mönnum. Annað leikrit eftir hann, »Bóndinn á Hrauni«, hefir verið leikið hér og fengið góðar viðtökur, og erlendis hefir það leikrit einnig fengið góða dóma. 1908 komst hann að samningum við Dagmarleikhúsum þetta leikrit; leikhúsið keypti réttinn til þess að leika það, gegn því, að Jóhann fengi ákveðinn hluta af tekjunum og nokkra upphæð fyrirfram. En þess var ekki gætt að taka það fram í samningnum, hvenær leikritið skyldi leikið, og svo hefir farið, að það hefir enn þá ekki verið sýnt á leiksviðinu. Ástæðan til þess er sú, að leikhúsið hefir verið fjárhagslega illa statt og því ekki þorað að ráðast í að leika nýtt leikrit eftir nýjan mann. Hingað til hefir Jóhann frumritað það, sem hann hefir samið á dönsku, og snúið því síðan á íslenzku, en nú frumsemur hann á íslenzku og þýðir svo á dönsku. Þetta, að maðurinn ritar á tveim málum í senn, virðist mér hljóti að vekja eftirtekt á honum og mæla með honum. En enn þá hefir hann nálega engar tekjur haft upp úr ritum sínum, og verður hann því nú að leita landssjóðs. Eg mundi telja það vel farið, ef hin háttv. deild tæki vel í það mál.

En sérstaklega vil eg mæla með tillögu minni og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), um að veita Jóni Stefánssyni, sem nefnir sig höfundarnafninu Þorgils gjallandi, 1200 kr. heiðurslaun í eitt skifti fyrir öll. Eg býst við þeim mótmælum, að það ári ekki til þess að veita fleiri skáldum fé en hingað til. Og auðvitað eru þau mótmæli á nokkrum rökum bygð, en á það er að líta, að svo stendur á hjá oss, að rithöfundar vorir geta aldrei vænzt að fá neinar verulegar tekjur af ritum sínum, og standa því ver að vígi en nokkurs staðar annars staðar. Og þar að auki munu víðast í öðrum löndum vera til sjóðir, sem styrkja bókmentirnar, en hér er ekki því að heilsa, hér er og verður landssjóður að vera eina hjálparhellan. Því hefir mér hingað til þótt forsvaranlegt að veita rithöfundum styrki af landsfé og tel eg sjálfsagt, að því verði haldið áfram. Eg veit, að maður verður ekki vinsæll af því að lýsa yfir slíkum skoðunum, en þetta er og verður sannfæring mín, og því hefi eg venjulega verið slíkum fjárveitingum hlyntur. Sá maður, sem hér á hlut að máli, hefir aldrei sótt um styrk til alþingis, — mér þykir líklegast, að hann hafi ekki einu sinni nokkurn tíma hugsað í þá átt, að minsta kosti er honum allsendis ókunnugt um þessa till.; hann hefir ekki minst á slíkt við mig, hvorki munnlega né skriflega. Einu sinni áður hefir þó verið farið fram á styrk til hans; það var þegar Guðmundur Friðjónsson lagði til, að honum væri veitt fé til þess að geta haldið vinnumann, svo að honum gæfist betri tími til ritstarfa. Sú skynsamlega tillaga komst í framkvæmd síðar, og það gagnvart Guðmundi sjálfum, en ekki gagnvart Þorgils gjallanda. Sú tillaga, sem hér liggur fyrir, fer að eins fram á að veita honum ofurlítinn styrk í eitt skifti fyrir öll. Eg skal ekki eyða tímanum til þess að tala um rit hans, þau munu vera flestum kunnug, en vil að eins geta þess, að hann á margt í fórum sínum, sem enn þá er óprentað. Það sem eg einkum vil vekja athygli á, eru dýrasögur hans; sagnaskáldskáldskapur hans stendur að vísu mjög framarlega, í sumum greinum er þar enginn honum jafnsnjall eða fremri; en dýrasögur hans eru gersamlega einstakar í sinni röð. Margir munu hafa lesið þær, sumar eru prentaðar í Dýravininum, en sumum þeirra hefir hann

Með þm. Dal. (B. J.) flyt eg þá till., að mag. Guðmundi Finnbogasyni sé veittur styrkur til að gefa út heimspekisfyrirlestra sína. Þm. Dal. (B. J.) mælti með þessu, og vísa eg því til hans orða, og skal litlu við bæta. Guðm. Finnbogason er sá næstfyrsti heimspekingur hjá oss, sem hefir framað sig í öðrum löndum fyrir styrk af legati Hannesar Árnasonar. Sá fyrsti var Ágúst Bjarnason. Hafa nú um nokkur ár komið út bækur frá honum, og veit eg fáar betri bækur hafa komið út hjá oss. Er það sögn margra greindra og góðra ólærðra manna, sem eg hefi átt tal við, að þeir telji bækur hans, til dæmis Austurlönd, hinar uppbyggilegustu, sem þeir hafa átt kost á. Get eg ekki séð, að því fé sé öðruvísi en vel varið, sem veitt hefir verið til útgáfu þeirra bóka. Eg hefi ekki heyrt alla fyrirlestra Guðmundar, og er ekki fær um þá að dæma, en þó veit eg, að verði þeir gefnir út, þá munu þeir hafa mjög mentandi og vekjandi áhrif á hugsunarlíf og athugunar-hæfileika manna. Eg vil bæta því við það, sem þm. Dal. (B. J.) gat um, að þessi styrkur, 600 kr. um 2 ár, er ætlast til að muni nægja, og verður ekki sótt um framhaldsstyrk. Bið eg því háttv. þm. að gæta þess, að hér er ekki um útgjöld í mörg ár að ræða. Vil eg mæla hið bezta með þessu.

Önnur tillaga, sem eg er við riðinn, er að veita nú sem oft áður cand. mag. Boga Melsted styrk til að rita sögu Íslands. Eg verð að líta svo á, að það sé ekki rétt, enda fremur óvanalegt, að hætta alt í einu að veita styrk til þarfs verks, og þar með koma i veg fyrir, að verk það, sem þó er áður búið að verja allmiklu til, megi koma að notum. En saga þessa máls er annars töluvert lærdómsrík. Styrkurinn hefir verið veittur oftast um mörg ár. En tvisvar hefir þingið kipt að sér hendinni og felt burt þetta fé. Tíu ár liðu milli þeirra atburða. Það var á þingunum 1899 og 1909, og varla mun með rökum hægt að neita því, að í hvorttveggja skiftið hefir það haft pólitískar orsakir, og ættu þó allir að geta séð, hversu óviðurkvæmilegt er að láta pólitískan skoðanamun ráða úrslitum í þessu efni. 1899 stóð svo á, að Bogi Melsted var mjög opinskár um stjórnmálastefnu þá, er mest óð uppi um þær mundir og kend var við Valtý Guðmundsson, eins og allir kannast við. Ætla eg, að þetta hafi átt þátt í því, að hann var þá sviftur styrknum. Svipað virðist hafa átt sér stað á síðasta þingi. Þá var hann og opinskár og á annari skoðun en meirihluti hér á þinginu, og var svo málefnið látið gjalda mannsins, eins og því miður oftar. Eg vil mæla sem bezt með þessari styrkveiting, og skýt því til háttv. þm., hvort þeir vilja nú ekki sæta færi og bæta upp það er ranglega var gert í hitt eð fyrra. Þessi till. okkar gefur þeim kost á því, og um leið að styðja framgang hins þarfasta máls, sem hreinn og falslaus föðurlandsvinur hefir varið kröftum sínum til. Það er rangt og ilt að launa honum með því, að neyða hann til að hætta starfinu.

Þá er eg ásamt háttv. þm. Dal. (B. J.), flutnm. að breyt.till. um að veita Jóhanni skáldi Sigurjónssyni 600 kr. styrk til þess að hann geti haldið áfram leikritaskáldskap sínum. Eg býst við, að flestir hafi heyrt mannsins getið; hann er eitt af vorum ungu og efnilegu skáldum, en á nú við þröngan kost að búa, því að ment hans hefir enn þá ekki veitt honum tekjur svo að neinu nemi. Hann hefir lagt fyrir sig þá grein skáldskapar, sem er vandasömust og torsóttust, leikritaskáldskapinn. Hann sótti um nokkurn styrk til síðasta þings, en var þá synjað. Eg vil benda á, að hið fyrsta leikrit hans, sem hann gaf út á dönsku,

koma saman um það, að hann sé nauðsynlegur. Dýralæknirinn hefir einmitt hug á að gefa út slíka bók, og mun þegar byrjaður á að safna til hennar. Mælir því margt með tillögunni, og býst eg við, að hún fái fylgi.

Tillaga háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), um að breyta smjörverðlaununum, virðist vera alveg út í bláinn og gersamlega óþörf. Styrkurinn til smjörbúanna hefir undanfarin ár farið lækkandi um 2000 kr. á ári, og þessi lækkun heldur áfram, og með því hverfur styrkurinn smám saman úr sögunni. En annars hefir þessi styrkur gert mikið gagn. Hann er bundinn því skilyrði, að smjörið seljist fyrir ákveðið verð. Það miðar til þess að bæta smjörgerðina, og tryggja það, að smjörið verði vandað. En að vanda smjörið sem bezt, hefir aukinn kostnað í för með sér. Það þarf meðal annars betri áhöld og fullkomnari skála. Annars lítur svo út, sem sumir þingmenn ætli, að hvergi séu til smjörbú á landinu, nema í Árnes- og Rangárvallasýslum. Og svo á að hefna sín á þessum sýslum fyrir það, að önnur héruð hafi ekki haft myndarskap í sér til að koma á fót smjörbúum. En nú skal eg leyfa mér að gefa þær upplýsingar, að það eru 35 smjörbú á öllu landinu. Þar af eru 18 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Hin búin eru í Kjósarsýslu, Borgarfirði, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og á Norðurlandi. Kemur það því fleirum vel, en Árnesingum og Rangæingum, að smjörstyrkurinn sé ekki afnuminn þegar með öllu. Vona eg því, að háttv. þm. taki tillöguna aftur.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) var að telja eftir styrkinn til Búnaðarfélags Íslands og til landbúnaðarins. Hér skal ekki farið út í neinn samanburð á atvinnuvegum landsins. Hitt vita allir, að landbúnaðurinn er grundvöllurinn undir tilveru hinnar íslenzku þjóðar. Alt það gott í fari þjóðarinnar, sem lifir og þroskast með henni á rót sína að rekja til hans, og fyrir því er skylt, að sýna landbúnaðinum allan þann sóma, sem unt er. Vænti eg, að þessi ummæli háttv. þingmanns verði ekki tekin til greina, fremur en aðrar tillögur hans, sem flestar eru fyrirfram dauðadæmdar.

Þá átti eg eftir að minnast á lánin. Um þau er það að segja, að mér finst höfuðatriðið vera, að þau lán, sem heimiluð eru, miði til framleiðslu í landinu. Háttv. fjárlaganefnd leggur til, að það verði veitt 20000 króna lán til áveitu á Miklavatnsmýri í Árnessýslu. Þessi áveita er byrjunartilraun, og undanfari hinnar fyrirhuguðu, stóru Flóaáveitu. Það er viðurkent, að Árnessýsla stendur mest til bóta af flestum eða öllum sýslum landsins, og það hefir því mikla þýðingu, að byrjað sé sem fyrst á hinum helztu umbótum þar. Og áveitan á Miklavatnsmýri, og Flóann yfir höfuð, er til stórra framfara, ekki einungis fyrir það hérað, heldur og fyrir alt landið. Ætti þetta lán því að sitja fyrir öðrum lánum, því það styður að því að auka framleiðslu landsins og bæta efnahaginn.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.). Eg bjóst við, að aðrir mundu tala á undan mér og er enn dálítið óviðbúinn, en vegna þess, að eg er viðriðinn nokkrar breytingartillögur við þennan kafla, þá vil eg í fám orðum reyna að gera ofurlitla grein fyrir þeim. Eg verð að játa, að eg er hræddur um, að sumum háttv. þingdm. þyki þessar till. ekki stefna í rétta átt, þar sem þær heyra til þeim flokki fjárveitinga, er menn nefna bitlinga, en miða ekki til að framleiða brauð og önnur líkamleg gæði. Vil eg svo fara nokkrum orðum um hverja fyrir sig.

brautar héðan austur í sveitir. Og með það fyrir augum greiði eg atkvæði með tillögunni.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Snæf. (S. G.) og tillögu hans á þskj. 413, um að lækka styrkinn til Búnaðarfélags Íslands en hækka styrkinn til búnaðarfélaganna. Það hygg eg sé misráðið, ef menn fara að hækka styrkinn til búnaðarfélaganna á kostnað Búnaðarfélags Íslands. Búnaðarfélag Íslands hefir starfað í mörg ár og komið á fót fjölda gagnlegra fyrirtækja. Það hefir styrkt bæði einstaka menn og ýms búnaðarfélög út um landið til þess að framkvæma mörg þarfleg fyrirtæki, svo sem samgirðingar, vatnsveitingar o. fl. Þessi tillaga mun vera sprottin af því, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) finst hans kjördæmi hafa orðið útundan hjá Búnaðarfélagi Íslands, en því er nú, samt sem áður, ekki svo varið. Eg skil það mjög vel, að klerkurinn í Stykkishólmi hafi ekki orðið var við sendimenn frá Búnaðarfélagi Íslands, þó þeir hafi verið á ferðinni. Eg hefi svo oftast farið um Snæfellsnessýslu, að eg hef ekki komið við í Stykkishólmi. En eg get huggað prestinn í Stykkishólmi með því, að nú ætlar Búnaðarfélagið að senda tvo menn vestur í Snæfellsnessýslu til þess að halda þar fyrirlestra. Háttv. þm. Snæf. gat þess í prívat samtali við mig, að honum þætti fé því, sem varið er til námskeiðanna ekki hafa borið eins góðan árangur og hann hefði búist við. Mér skildist á honum, að þegar sendimenn frá Búnaðarfélagi Íslands væru á ferðinni, þá ættu þeir að hafa svo mikið púður með sér, að alt færi á loft. En eg held nú, að hægra sé að kenna heilræðin en halda þau. Það sýnir reynsla prestanna. Þeim veitti ekki af að hafa meira »púður« í ræðum sínum en raun er á, til þess, að þær vektu fólkið, sem hlustar á þær, í stað þess að svæfa það.

En svo eg víki að Búnaðarfélagi Íslands aftur, þá hefir það sótt um, að styrkurinn verði hækkaður, með því það ráðgerir að setja á stofn tvö ný sauðfjárbú og halda áfram að styrkja menn til sláturnáms. Einnig er í ráði að gefa út kennslubækur handa búnaðarskólunum, og margt fleira hefir félagið á prjónunum. Þessvegna fer það fram á, að styrkurinn til þess sé hækkaður um 2000 kr. á ári. — Hækkun styrksins miðast ennfremur við hina fyrirhuguðu Miklavatnsáveitu, sem búnaðarþingið leggur til að styrkja. Svo bætast ávalt ný störf við árlega, sem ekki er hægt að taka tillit til, þegar fjárhagsáætlunin er samin á búnaðarþinginu, sem gildir fyrir 2 ár.

Nú hefir verið útbýtt hér í þinginu nýlega skýrslu um störf félagsins og um búnaðarþingið, sem nýlega var haldið. En það lítur helzt út fyrir, að þingmenn hafi stungið þessum skjölum undir stól, og ekki lesið þau. Umræður þær, er orðið hafa um Búnaðarfélagið, bera þess ljósan vott. Eg hefi þegar fært nokkrar ástæður fyrir því, hversvegna farið er fram á að auka styrkinn til Búnaðarfélags Íslands, og vona eg að mönnum hafi skilist, að hér sé ekki um óþarfa hækkun að ræða. En þótt eg hafi mælt á móti því að *lækka* styrkinn til Búnaðarfélagsins, þá er eg ekki á móti því, að styrkurinn til búnaðarfélaganna sé aukinn. En hækkun á styrknum til búnaðarfélaganna vil eg ekki kaupa því verði, að styrkurinn til Búnaðarfélagsins sé lækkaður.

Eg gæti fært mörg fleiri rök fyrir styrkhækkuninni til Búnaðarfélagsins, en sleppi því að þessu sinni. Hins vegar vil eg benda mönnum á, að kynna sér starfsemi félagsins af skýrslum þeim, sem útbýtt hefir verið hér í deildinni.

Hvað styrkinn til að gefa út dýralækningabók snertir, þá mun öllum

legri framleiðslu. Þó er það ekki af því, að eg meti andlega framleiðslu lítils. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að mönnum hætti við að meta meira »malpokann en sálina«. Eg skal viðurkenna, að þetta er skáldlega mælt. En hann myndi naumast vera kominn fram á þennan dag, ef hann hefði ekki haft með sér malpokann, sem aðrir hafa fylt en hann tæmt. Að öðru leyti skal eg taka það fram, að eg mun greiða atkvæði móti *öllum* nýjum styrkveitingum til einstakra manna.

Þá er hér tillaga á þgskj. 363 frá þingmönnum Rvíkur, sem fer fram á, að veittar séu alt að 3000 kr. til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík og austur yfir fjall.

Mig furðar það dálítið, að þessi tillaga kemur frá þingm. Rvk. En hún virðist bera þess ljósan vott, að skoðun þeirra á sambandi Reykjavíkur og austursveitanna sé að breytast. Með þessari tillögu viðurkenna þeir, að Reykjavík sé ekki sjálfri sér nóg. og að hún geti ekki verið án þess að hafa greiðar samgöngur og samband við sveitirnar austanfjalls. Það er góðra gjalda vert, að þingm. Rvk. viðurkenna þetta.

Að öðru leyti get eg sagt, að mér þykir vænt um, að þessi tillaga er framkomin. Fyrir nokkrum árum var veitt fé til þessara rannsókna, og árangurinn af þeim rannsóknum er sá, að valin hefir verið sérstaklega ein leið, er þykir einna álitlegust til járnbrautarlagningar. Þessi leið, sem talað hefir verið um, er leiðin frá Reykjavík upp Mosfellsdalinn, yfir Mosfellsheiði, um Þingvöll. Þaðan er svo brautinni ætlað liggja niður með Þingvallavatni að sunnan, yfir Sogið og niður með Ingólfsfjalli að Ölfusárbrú. En hvað sem um þessa leið er að segja að öðru leyti, þá fullyrði eg, að þetta er lang snjóþyngsta leiðin austur yfir fjallgarðinn eða heiðarnar. Eg þykist geta fullyrt, að finna megi aðra leið fyrir járnbrautina, sem er bæði styttri og snjóléttari, og það fleiri en eina. Í þessu sambandi skal eg minna á, að komið hefir til orða, að leggja mætti járnbrautina um Hafnarfjörð og þaðan suð-austur yfir fjallgarðinn, og síðan ofan við Selvog, upp Ölfus að Ölfusárbrú. Á þessari leið er lítið um hraun, eða réttara sagt, það mætti sneiða hjá þeim með brautina. En annars er það talinn ókostur, að járnbrautir liggi um brunnin hraun, vegna þess að þau eru hol og geta látið undan.

Þá hefir einnig verið talað um, að járnbrautina mætti leggja austur Ólafsskarð eða Lágaskarð. Allar þessar leiðir eru bæði styttri og snjóléttari en sú leiðin, sem valin hefir verið yfir Mosfellsheiði, um Þingvöll o. s. frv.

Þegar því um það er að ræða, að veita fé til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði austur, þá er ekki nóg að ljúka við að kortleggja þessa áður umtöluðu leið um Þingvöll. Það verður fyrst og fremst að rannsaka betur en gert hefir verið, hvar yfir höfuð hagkvæmast muni vera að leggja brautina, og þar á meðal þessar leiðir, sem eg hefi nefnt hér. Það hefir verið sagt hér í deildinni, að þessari brautarrannsókn væri langt komið. En samkvæmt því, sem eg hefi þegar tekið fram um þetta mál, þá er langt frá því, að svo sé. Hér er enn margt órannsakað og sem sjálfsagt er að rannsaka, áður en nokkuð er afráðið um það, hvar brautin eigi að liggja austur. Þessvegna er eg með tillögunni á þingskjali 363 og fjárveitingunni til framhalds rannsóknar í þessu efni. En eg tek það um leið skýrt fram, að það er óumflýjanlegt og sjálfsagt að rannsaka alla þá staði eða allar þær leiðir, er koma til álita við lagning járn-

þótt þau séu fyrir löngu orðin arðvænleg fyrirtæki. Og þótt hin árlega styrkupphæð úr landssjóði til smjörbúa yfirleitt hafi farið lækkandi ár frá ári, þá get eg ekki felt mig við þessa stefnu. Það er mín skoðun, að þau ein rjómabú sé nauðsyn að styrkja, sem eru á byrjunarstigi; þau eiga erfiðast uppdráttar. Því er það tillaga mín, að veittar séu 5000 kr. á ári til styrktar nýjum rjómabúum, þó eigi meira en 1000 kr. hverju.

Hæstv. ráðherra (Kr. J.) talaði um botnvörpungasektirnar, og taldi hann sjálfsagt, að við létum Dani fá $^2/_3$ hluta sektanna. Það hefir verið mikið um þetta mál talað, og mér finst, að hvernig sem þetta er skoðað, þá eigi Danir ekkert tilkall til sektanna. Ef við lítum á þetta mál frá sjónarmiði Dana, þá er það sameiginlegt mál, og þá ber Dönum að hafa strandgæzluna á hendi án nokkurs endurgjalds frá vorri hálfu; ef við skoðum það sem sérmál, þá fá þeir svo mikið endurgjald með því að við leyfum þeim að veiða í landhelgi, að það er fullkomin borgun. En færi svo, að okkur þætti Danir reka eftirlitið slælega, þá skil eg ekki annað, en að við gætum haft eftirlitið á hendi sjálfir, ef til þess kæmi.

Eg vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra, hvernig hann lítur á fjárveitinguna til viðskiftaráðunautsins; það væri fróðlegt að fá yfirlýsingu frá honum um, hvernig hann lítur á það mál.

Sigurður Sigurðsson: Það hafa nokkrir þingmenn látið óánægju sína í ljósi með ýmsar gerðir fjárlaganefndarinnar, sérstaklega að því er snertir skilyrðið um skólana, að $^1/_3$ hluti reksturskostnaðar skuli koma annarstaðar frá, og er það þyrnir í augum margra þeirra. Mest hefir þó óánægjan verið meðal þeirra, sem annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis eru við skóla riðnir. Um þetta skilyrði var mikið rætt hér í deildinni í gær, og fór það illa, að það var felt. Þetta skilyrði átti að eins að ná til þeirra skóla, sem ekki eru landssjóðsskólar. Skólunum er ávalt að fjölga. Hinir og þessir hlaupa til og setja á stofn skóla, og svo er sjálfsagt að leita um styrk úr landssjóði. Þetta skilyrði var því alveg nauðsynlegt til þess að takmarka fjárframlögin úr landssjóði til þessara skóla, og tryggja það, að eitthvað fé kæmi þó annarstaðar frá til reksturs þeirra. En þetta sjálfsagða skilyrði hafa háttv. þingmenn ekki getað felt sig við.

Það hefir mikið verið rætt um skáldin. Eg skal geta þess, að fjárlaganefndin sætti sig við, að skáldstyrkurinn héldist óbreyttur eins og hann er á fjárlögunum. En ýmsir úr fjárlaganefndinni mundu þó geta fallist á, að sumir skáldstyrkirnir yrðu lækkaðir eða alveg feldir burtu. Eg fyrir mitt leyti gat þó fallist á, að þeir héldust óbreyttir, heldur en annað lakara tæki við.

Það yrði of langt mál að fara að tala hér um allar þær tillögur, er fara fram á styrk til eintsakra manna. Eg skal þó geta þess, að fjárlaganefndin er yfirleitt á móti því, að veita mönnum styrk til að nema málaralist, nema þeir hafi sérstaka hæfileika til þess og skari fram úr öðrum. Og þær umsóknir, sem nefndinni höfðu borist, báru það ekki með sér, að þær væru frá framúrskarandi mönnum í því efni. Eg skal að vísu játa, að það er mikils um vert, að hafa skáld og listamenn, og háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að menn ættu að styrkja þá, engu síður en verklegar framfarir. Hann hefir einnig verið sjálfum sér samkvæmur í því að greiða atkvæði með öllum styrkveitingum, hverju nafni sem þær nefnast. En því er nú þannig varið með mig, að eg legg *meira* upp úr verklegum framkvæmdum heldur en and-

anum sérstakt hús í þeirri von, að styrkurinn yrði annmarkalaus.

Ekki skal eg skifta mér af smjörbúum né skáldastyrk.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði um Boga Melsteð, að það væri ilt að straffa þennan mann vegna stjórnmálaskoðana, því að þótt hann væri ekki skemtilegur í skrifum, hefði hann aldrei kastað sér út í dagsins stríð. Eg vil ekki segja neitt ilt um þann mann. En eg veit ekki, hvað er að kasta sér út í dagsins stríð, ef það er það ekki, að skrifa hverja greinina á fætur annari í fjölda blaða? Eða segja annað eins og það í formála fyrir síðasta Íslandssöguhefti, að Ísland hafi aldrei »ríki« verið, heldur bara »land«, en hvert goðorð hafi hins vegar verið ríki. Þetta kalla eg að kasta sér út í dagsins stríð, og það tilefnislaust. Enginn bað þig orð til hneigja, og ótilkvaddur mátti hann þegja. Og svo er spektin og mannvitið í kenningu þessari. Ísland með sameiginlegu löggjafar- og dómsvaldi fyrir alt landið er ekki þjóðríki af því, að það samanstendur af smáfylkjum, smáríkjum. Sviss er þá víst svo sem ekki ríki, eða Þýzkaland né Bandaríkin, langt frá því. Þegar því líkar kenningar koma fram tilefnislaust á slíkum stað, ætla eg, að segja megi, að sá, er með fer, hafi kastað sér út í stríð dagsins Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir verið óheppinn í þessu og sýnt, að hann hefir ekki fremur lesið formála en bækur þessa höfundar. Annars skal eg ekki segja til né frá um þessa styrkbeiðni. Það kynni að metast óvildarorð frá mér, ef eg færi að mæla í móti henni.

Þá skal eg víkja að lánbeiðni Ólafs Jónssonar myndamótara. Þetta lán tel eg mjög sanngjarnt, samanborið við margt annað, er landssjóður styður með lánum. Það er ilt, að þurfa að sækja alla slíka hluti til annara landa. Fyrir þá skuld getum vér ekki fylgst með atburðunum, fyr en miklu seinna en aðrar þjóðir. Frá þessum manni liggja fyrir þinginu sýnishorn, og eru þau svo vel gerð sem þau, er bezt eru annarsstaðar. Það er hvorttveggja í senn sómi og gagn að hlynna að slíku. Hér er nóg verkefni handa slíkum manni. Eg skal benda á það, að 1914 eru 300 ár liðin frá því að Hallgrímur Pétursson fæddist. Ættum vér Íslendingar þá að sýna þann manndóm, að láta ljósprenta hið merkilega rit, Passíusálmana, í frumriti, sem varðveitt er í Landsbókasafninu. Aðrar þjóðir mundu gera sér efni úr slíku. Eg skýt þessu fram nú, þótt eg hafi ekki vogað að bera fram tillögu til fjárveitingar í þessu skyni nú; en þetta getur verið til athugunar síðar meir.

Það gæti verið ástæða til að fara út í fleira, en með því að fundur hefir staðið alllengi, vil eg ekki lengja umræðurnar að þessu sinni.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg á till. um lánveitingu til sláturhúss á Austfjörðum. Eg heyrði hæstv. ráðherra(Kr.J.) skýra frá því, að árangurslaust væri að samþykkja slíkar lánveitingar, því að fé væri ekki til í viðlagasjóði handbært til að fullnægja þeim. Eg vil ekki vekja hjá mönnum tálvonir og tel ekki vansalaust, að tildra upp á fjárlögin lánveitingum, sem engin von er að fáist. Það hefir komið fyrir, að mönnum hefir verið synjað um lán, þótt þeir hefðu lánsheimild. Af þessum ástæðum tek eg tillöguna aftur og slíkt hið sama tillögu um lánsheimild til læknisins í Hróarstunguhéraði til að koma upp læknissetri.

Eg ætlaði mér að minnast ofurlítið á styrkinn til smjörbúanna. Það hefir verið stefna þingsins, að veita sömu smjörbúunum styrk ár eftir ár, jafnvel

ur yrði, þótt klerkum stæði það nær en mér, en það er fé til turns á Hóladómkirkju. Það munu menn vita, að Hólakirkja var reist með samskotum erlendis frá, en féð hrökk illa til, svo að ekki var hægt að setja turninn á, og komst því kirkjan ekki í það horf, sem hún átti að koma. Það er því ekki nema sanngjarnt og sæmilegt, að skinna kirkjuna upp og setja turn á hana.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og hæstv. ráðherra (Kr. J.) hafa mælt fram með því að heimila Dönum $^2/_3$ botnvörpusektanna; hafa þeir tínt þar margt til, tjáð og talið. Segja þeir, að Danir hafi af góðmensku sinni við kvabb Íslendinga bygt nýtt skip, er kostaði $^1/_2$ milj., oss til verndar. En aðrir segja, að Danastjórn hafi viljað fjölga herskipum sínum, en átt erfitt uppdráttar í ríkisþinginu, og notað svo Íslendinga til þess að geta fengið styrk til þess. Þessi er önnur hlið málsins. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók það fram, að fyrst hafi þess verið farið á leit, að breytt yrði lögunum frá 1898, um botnvörpusektir, á þá lund, að Danir fengi kvóta í sektunum; en er Danastjórn voru talin tormerki á því, hafi verið valin þessi leið, að fara í kringum lögin frá 1898, og veita Dönum hlut úr sektunum á fjárlögunum. Sami háttv. þm. gat þess ennfremur, að það færi illa saman að vera sjálfstæðismaður og neita þó um þetta. Þar til er því að svara, að úr því að Danir vilja vera að vasast í þessu, hví má þá ekki lofa þeim að gera það fyrir ekki neitt. Það var sagt á ríkisþingi Dana í fyrra, að það væri réttur og skylda Dana, að halda hér uppi strandgæzlu. Á þá að meta það til sjálfstæðis, að vér förum að halda uppi rétti Dana móti oss sjálfum? Þingin 1905 og 1907 veittu þessa upphæð. Þingmenn voru þá hinir sömu bæði þingin, og höfðinginn eða ráðherrann og hinn sami. Hitt er ekki að furða, þótt þingið 1909 liti öðru vísi á málið. Það var þá skýrt fram tekið af þm. Barð. (B. J.), fyrv. ráðherra, að þessi fjárveiting til Dana mætti ekki eiga sér stað. Þá voru og síðar greinir um það, hversu þetta væri tilkomið, hvort Hannes Hafstein hefði sem ráðherra gert nokkurn samning um þetta við Dani eður eigi. Nú er það víst, að þar um hafa engir samningar skráðir verið, að eins samtal munnlegt. Nú hefir fyrverandi ráðherra (B. J.) lagt til að veita þessa upphæð, en skýrt um leið frá því, að hann hafi ekkert þar um samið, heldur að eins lofað að styðja þetta, ɔ: bera það upp á þingi. Og þingið er sjálfrátt, hvað það gerir.

Eg tók eftir því, að hæstv. ráðherra (Kr. J.) gat þess, að þetta væri örðugt viðfangsefni fyrir ráðherrann. Eg skil það ekki. Það er engin skylda af hálfu vor Íslendinga, að greiða Dönum einn einasta eyri fyrir strandgæzlu. Það er algerlega á valdi þingsins, hvort það vill veita nokkurt fé eða ekki. En það er allóliklegt, að þingið veiti fé nú til þess, er það hratt því í fyrra og fjárveitingin hefir mætt mikilli mótspyrnu hjá þjóðinni. Botnvörpusektirnar hafa um síðustu fjárhagstímabil, síðan Dönum var heimilaður hluti úr þeim numið nær 120 þús. kr., eða jafnvel meira heldur en tillagið, sem Íslendingar fá úr ríkissjóði Dana á einu fjárhagstímabili.

Við 15.—18. lið 16. gr., hefir fjárlaganefndin lagt til að setja hin sömu skilyrði við iðnskólann og verzlunarskólann, sem feld voru í gær við Flensborgarskólann og kvennaskólann. Vona eg, að þessar tillögur fái svipuð afdrif. Erindi hefir komið fram frá Iðnaðarmannafélaginu um það, að ef þessi skilyrði væru sett fyrir styrknum, yrði hann ónógur. Félagið hefir bygt skól-

veita félagi þessu, sem alveg væri nýstofnað, og vart tekið til starfa, svo háan styrk, einkum þegar menn þektu ekki, hverjir væru í stjórn þess. Eg skal nú gera grein fyrir, hverjir það eru: Formaður er Hannes Hafliðason, sem lengi var formaður fyrir sjómannafélaginu Öldunni, varaformaður Tryggvi Gunnarsson, sem hefir verið formaður í útgerðarmannafélaginu, Framfarafélaginu o. fl. félögum, en í stjórn félagsins eru að öðru leyti Magnús Magnússon skólakennari, Jón Magnússon í Skuld, Mattías Þórðarson skipstjóri, Geir Sigurðsson skipstj. og í varastjórn: Sigurður Jónsson í Görðunum og Jón skipstjóri Ólafsson. Úrskurðarmenn: Þórhallur biskup, síra Jens Pálsson og síra Ólafur Ólafsson. Endurskoðendur: Magnús lögfræðingur Sigurðsson og Brynjólfur tannlæknir Björnsson. Sést af þessu, hvílikt mannval stýrir félaginu. Til sjávarútvegs er á fjárhagstímabilinu alls varið 32 þús. kr., en til landbúnaðar 152 þús. kr., ɔ: 120 þús. kr. meira til landbúnaðar en sjávarútvegs. Sjá allir, að þetta er hinn mesti ójöfnuður. Þar við bætist svo, að greiða verður útflutningsgjald af fiski og lýsi, en aftur á móti eru veitt verðlaun fyrir útflutt smjör.

Eg er meðflytjandi á brtill. á þgskj. 419, um styrk til handa Guðjóni Samúelssyni til að stunda nám á listaskólanum í Kaupmannahöfn. Ekki þekki eg þennan mann að vísu, en eg þekki föður hans, sem er merkur borgari hér í Reykjavík; en ef til vill mun samþingismaður minn mæla fram með þessari breyt.till., því slíkt kemur meir til hans, er hann hefir meiri verklegri þekkingu en eg, og pilturinn smiður.

Þá skal eg minnast nokkuð á viðskiftaráðunautinn. Stjórnin hefir stungið upp á 12 þús. kr. til viðskiftaráðunauta, en fjárlaganefnd lagt til að fella þann lið alveg niður. Aftur kemur háttv. þm. Dal. (B. J.) með breyt.till., um að hækka þá fjárveitingu. Eg skal minna á það, að á síðasta þingi var þessi fjárveiting veitt alveg í ákveðnum tilgangi. Ráðunauturinn átti aðallega að gefa sig við viðskiftum og því, er þar að lýtur, en hann átti einnig að skifta sér af fleiru. Viðskiftaráðunauturinn hefir sætt miklum árásum, og eru þær, að mínu áliti ómaklegar og sprottnar af flokksofstæki. Þessi fjárveiting er í raun réttri stórmerkileg og áríðandi, hún er vísir til þess, að vér förum sjálfir að hafa á höndum utanríkismál vor, því að viðskiftin eru nú vor einu utanríkismál; þau eru og sérmál vor samkvæmt stöðulögunum og hlýðir því eigi að takmarka eða synja um fjárveitingu þar til, af þeirri ástæðu, að með því sé seilst út yfir takmörk mála vorra, þau er Danir hafa viðurkent að vér ráðum. Menn hafa ekki, að mér finst, með rökum geta fundið ráðunaut þeim, sem nú er, neitt verulegt til foráttu. Eg legg ekki svo mikið upp úr því, þótt til þessa starfs væri valinn lítt framfarinn verzlunarmaður. Starf ráðunautsins er svo margvíslegt og að ýmsu leyti í öðru fólgið en að flakka um með sýnishorn af vörum í skjóðu.

Enn er eg riðinn við lánbeiðni handa Iðunni. Ætla eg samþingismanni mínum að mæla með henni.

Ýmsir hafa mælt fram með fræðimönnum vorum, einkum Helga Péturss. Eg vil taka það fram um nafna hans Jónsson grasfræðing, að hann er einkar maklegur styrks; er mér kunnugt um það, að hann er einhver sá duglegasti og reglusamasti maður á sínu reki.

Einn póstur er það, sem landsstjórnin leggur til að veita, en fjárlaganefnd að fella, og eg vildi mæla með að veitt-

landsins viðvíkjandi vegaspottum og brúagerðum, að eg, sem er nokkurs konar verkfræðingur skjalasafnsins, hefi alls ekki verið spurður um álit mitt á þessu máli af nefndinni. Satt að segja, veit eg ekki hvaða ástæða er til þess, að gera nokkurn mun á lægri bókaverði við Landsbókasafnið, sem á að hafa 1000 kr., og aðstoðarskjalaverði við Landsskjalasafnið, sem aðeins á að fá 800 kr. Mér þykir það óþarfur mikill munur, þegar litið er á störf þeirra. Lækkun bókbandsstyrksins niður í 800 kr., hlýtur að stafa af ókunnugleika. Menn vita ekki, hvernig safnið lítur út. Mikið liggur þar í hrúgum, sem hvorki er hægt að geyma eða lesa, nema það sé innbundið og það sem fyrst, til að forða því skemdum. Eiginlega þyrfti stærri upphæð, en eg hefi samt ekki séð mér kleift, að fara fram á hærra en 1000 kr. Eg rek mig hér á 68. br.-till. nefndarinnar. Fjárlaganefndin talar þar um Fornmenjasafnið, en bætir því við, að Þjóðmenjasafnið skuli opið o. s. frv. Þetta er dálítil ósamkvæmni, en bendir þó á það, að samsetningin »þjóð« í slíkum heitum, sem áður hefir ekki mátt heyrast, virðist vera að komast inn í menn. Við 71. lið (við 15. gr. 5), er stungið upp á því, að í stað »þjóðmentasafnsins« komi »bókhlaðan«. Í gildandi fjárlögum heitir húsið »Safnahús«. Í því er geymt þjóðbókasafnið, skjalasafnið, fornmenjasafnið og náttúrugripasafnið. Þetta á alt að heita »bókhlaðan«! Á húsið sjálft er höggvið inn í granít: »Landsbókasafn«, vegna þess, að hin fyrverandi stjórn flýtti sér að setja það inn, jafnvel þótt henni væri bent á það í tíma, hvað óviðeigandi það væri. Nú á víst líka til virðingar við Landsbókasafnið, að kalla húsið »bókhlöðu». Eg vil stinga upp á því, að nefndin taki þessa tillögu sína, sem hún kveðst hafa frá landsbókaverði aftur. »Þjóðmentasafn« er gott orð hjá háttv. þm. Barð. (B. J.), en samt var hann á móti orðinu þjóðbókasafn. (*Björn Jónsson*: Landsbókasafn var gott og gamalt nafn, sem var búið að vinna hefð á sig). »Safnahúsið« er líka góða og gamla nafnið, og þó breytti stjórnin því.

Þá er eg með breyt.till. við 16. gr. um tillag til rannsóknar á járnbrautarstæði austur í sýslur. Hæstv. ráðherra (Kr. J.)hefir mælt með þessari fjárveitingu, svo eg þarf eigi að fara fleirum orðum um hann.

Þá verð eg að fara nokkrum orðum um till. okkar þm. Rvk., um 6000 kr. styrk til »Fiskifélags Íslands«, sem stofnað var í vetur. Það er ekki óeftirtektarvert, hve mikið er gert upp á milli landbúnaðarins og fiskiveiðanna. Það er stöðugt verið að ausa meiru og meiru fé í landbúnaðinn til styrktar og verðlauna handa einstaka mönnum, en ekkert er gert til þess að hlynna að fiskiveiðunum. Eg segi þetta ekki til þess, að hnýta í landbúnaðinn, en landið stendur og fellur jafnt með báðum þessum atvinnuvegum. Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun til að koma slíkum félagsskap á, og komst það svo langt, að samin voru lög um slíkt félag, en það varð þó ekki fyr en í vetur, þegar Skrifstofa sjálfstæðismanna fór að gangast fyrir málinu, að félag þetta var stofnað í verki. Það var í byrjun febrúarmánaðar. Háttv. deild hefir fengið í hendur lög félagsins, og tilætlunin er sú, að það nái smátt og smátt yfir alt landið, eins og Búnaðarfélagið. Félagið er viðtækt og nær að öllu leyti til allra greina útvegs og þar að lútandi viðskifta. Stjórn félagsins fór fram á 12 þús. kr. styrk, en við fim. höfum ekki séð okkur fært að biðja um meira en 6000 kr. hvort árið. Það hefir verið talað um, að ekki væri þorandi að

efni skuli vera svo litilþægur að vilja, að við notum orðhengilshátt og útúrsnúninga til þess að ganga frá loforðum, í því skyni að geta lafað á áfram sem ómagar á náð Dana í þessu efni. Eg vona, að háttv. þm. láti sér enga læging þykja í því, að taka þessa tillögu aftur — hann hefir auðsjáanlega ekki vitað, hvað hann var að gera, þegar hann kom fram með hana. Eg sé svo eigi ástæðu til að tala meir um þetta. Eg vona, að háttv. deild sjái svo sóma sinn, að alþingi Íslendinga verði ekki með rökum borin á brýn brigðmælgi, og láti það hafa framgang, sem fráfarandi ráðherra síðast hefir gert í málinu og lofað að framfylgja.

Jón Þorkelsson: Eg er nú ekki mjög syndugur að breyt.till. við þennan kafla. Á að eins tvær. Sú fyrri er við 15. gr. og fer fram á fé til útgáfu alþingisbókanna gömlu. Sögufélagið hefir farið fram á 2000 kr. styrk til útgáfu þessara bóka, sem er ómissandi verk fyrir sögu og réttarsögu landsins. Er beiðni félagsins prentuð með tillögunni, og er þar flest hið nauðsynlegasta tekið fram þessu viðvíkjandi. Eg skal geta þess, að þetta mál er ekkert nýmæli hér á þingi. Það kom víst þegar fram á ráðgjafarþingunum og vakti Jón Pétursson máls á því. Löngu seinna var farið fram á það, að bækur þessar skyldi taka að gefa út á 50 ára afmæli þingsins og þótti vel fara á því, að þingið gerði þá sinni eigin sögu nokkura slíka minningu. Þetta var árið 1894; fórum við hæstv. núverandi ráðherra (Kr. J.) fram á, að veittur væri 2000 kr. styrkur á ári til þess að bækurnar yrðu útgefnar. Stjórnin tók vel í málið og ætlaði til þessa verks 2000 kr. hvort árið á næsta fjárlagafrv., en alþingi sá sér ekki fært að veita fé til þessa í það sinn. Eg skal geta þess, að gefa má út óslitin sögugögn alþingis frá 1570—1800, þegar landsyfirrétturinn kom í stað þingsins. Eg hugsa, að enginn, sem nokkuð skyn ber á þessa hluti, geti neitað því, að það er ómissandi fyrir sögu landsins í nær öllum greinum, að þessi gögn séu gefin út. Nú eru bækurnar margvíslegar að frágangi. Sumar afskriftir þeirra eru að eins í ágripi, en aðrar fyllri, svo að nákvæman samanburð þarf margra handrita, áður en bækurnar verða gefnar út. Eg og allir aðrir, sem hlynna vilja sem mest að sögu landsins, verð að leggja mestu áherzlu á, að þetta nái fram að ganga. Og það eru tilmæli mín til háttv. þm., að unna mér þeirrar sæmdar, að fá þessu máli komið nú fram.

Önnur brtill. mín er um fjárveitingu til Einars Jónssonar málara. Hann er mér og öðrum að góðu kunnur, lærði í fyrstu trésmíði og húsamálningu, en hefir nú tekið upp málaralist tilsagnarlaust, og segja þeir, sem vit hafa á, að honum farist það vel úr hendi og muni taka miklum framförum, ef hann yrði tilsagnar aðnjótandi. Hann er snildarmaður að náttúrufari og eg hygg því, að styrk til hans muni vera vel varið. Einar er kominn af merku og gáfuðu fólki. Hann er bróðir Hjalta skipstjóra, sem mörgum er kunnugur. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um mál þetta. Það er nægast að geta þess, að verk Einars og góðar framfarir af sjálfsdáðum sýna sig.

Þá eru ýmsar aðrar tillögur, sem eg verð að fara nokkrum orðum um. Það er þá fyrst breyt.till. frá nefndinni þess efnis, að færð skuli niður laun aðstoðarmanns við skjalasafnið, úr 1000 kr. niður í 800 og sömuleiðis þykja 1000 kr. ofmikið fé til þess að gera við og binda inn skjöl og bækur safnsins. Þá upphæð á líka að færa niður í 800 kr. Það er annars nokkuð undarlegt, þegar altaf er verið að vitna til verkfræðings

hagað. Hann sagði, að það væri réttmæt krafa, að við öðluðumst rétt um leið og við *tækjum oss á herðar skyldur*. Það var þá upplýst, að sjómálaráðherrann danski hafði þegar lagt það á vald Íslandsráðherra, og lagt fyrir forstjóra skipsins, að haga sér við eftirlitið eftir því sem íslenzka stjórnin óskaði. Þetta lét Ed. sér nægja og samþykti ákvæðið með 10 atkvæðum samhljóða. Eftir þing var það tilkynt forsætisráðherra Dana, að nýrri grein væri bætt inn í fjárlögin þess efnis, að upphæð, er næmi $^2/_3$ sektanna og upptæks afla og veiðarfæra skyldu greiðast héðan í ríkissjóð, *sem tillag* af Íslands hálfu til varðskipsins, og þar með hafa Danir auðvitað litið svo á, að Íslendingar hefðu gengið að því, sem þeir fóru fram á. Það liggur líka beinast við að skilja þessa samþykt þannig: að óbreyttum kringumstæðum lofar alþingi að greiða tillag svarandi til $^2/_3$ sektanna frá þeim skipum, sem eftirlits skipið handsamar og dregur fyrir dóm, sem borgun fyrir unnið starf. Það er rangt, sem menn eru alt af að segja, að sektirnar renni í ríkissjóð. Sektirnar sjálfar renna í landssjóð, en borgunin í ríkissjóð fyrir aðstoð varðskipsins við að koma fram hegningu eftir okkar lögum er greidd úr landssjóði. Það er að eins *upphæð* tillagsins, sem miðast við upphæð sektanna. Það hlýtur og að hafa þýðingu fyrir það spursmál, hvort hér sé um samkomulag milli Ríkisþingsins og Alþingis að ræða, að við tókum þetta ákvæði orðalaust upp í fjárlögin 1907, og að málið gekk mótmælalaust aptur gegn um þingið 1907, án þess nokkur nefndi það á nafn. Danir hafa af því haft enn þá meiri ástæðu til þess að halda, að við sjálfir skoðuðum þetta sem afgert mál, að slík upphæð greiddist fyrir aðstoð varðskipsins. Þegar svo þingið 1909, eða hinn virðulegi meiri hluti þess, kipti ákvæðinu burtu, vakti það mikið umtal og óánægju ytra, sem eðlilegt var, og svo fór að lokum, að fyrv. ráðherra (B. J.) lofaði dönsku stjórninni að taka ákvæðið upp í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, það sem nú er til umræðu. Það liggur því í hlutarins eðli, að slíkt getur ekki skilist öðruvísi en að stjórnin hafi gefið loforð um að *styðja* málið; alveg ómögulegt að ráðherra taki tillögu upp í frumvarp sitt, nema hann telji hana réttmæta og fylgi henni sjálfur. Eg vona nú, að háttv. flokksbræður fyrv. ráðherra yfirgefi hann nú ekki í þessu máli, heldur hjálpi honum til að standa við orð sín. Það er naumast hugsanlegt, að menn, sem vita hvernig í öllu liggur, vilji láta verða svik úr þessu aftur.

Eg geng út frá því, að breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) um að fella tillagið burtu, sé sprottin af því, að hann haldi að hér sé um venjulega fjárveitingu til eins fjárhagstímabils að ræða. En svo er ekki. Hér er ekki um neitt það að ræða, er skert geti sjálfstæði vort. Þvert á móti. Hér er eingöngu dállítið peningaspursmál um að ræða, um greiðslu á umsamdri borgun fyrir unnið verk. En í því atriði, að Danir vilji fá þessa borgun hjá okkur, liggur viðurkenning af þeirra hálfu fyrir því, að hér sé um lögreglustarf að ræða, sem Ísland sjálft lætur annast. Sizt skil eg í því, að þeir, sem vilja láta kalla sig »sjálfstæðismenn« skuli vilja fella þetta tillag burtu. Halda þeir að það miði í sjálfstæðisáttina? Þeir vilja gera þingsályktunartillögu um gildi stöðulaganna o. s. frv., en vilja samt liggja upp á Dönum með að framkvæma íslenzk lögreglustörf, sem þeir sjálfir beiðast borgunar fyrir að nokkru. Einkum þykir mér það undarlegt af háttv. þm. Dal., sem hefir verið að leitast við að halda því fram, að við gætum í öllu staðið á eigin fótum, að hann í þessu

hverju leyti taka þátt í kostnaði þeim, er af strandgæzlunni leiddi. Forsætisráðherra Dana sneri sér þá til mín, og bað mig að bera það fram á alþingi, að sektirnar fyrir landhelgisbrot botnvörpunga rynnu í ríkissjóð Dana. Það kvaðst eg ekki geta gert af því, að eg kynni ómögulega við að ákveða það í lögum, að sektir fyrir brot á íslenzkum lögum rynnu annað en í landssjóð Íslands. Hitt kvaðst eg skyldi reyna að bera fram á alþingi, að heimilað væri í fjárlögum að greiða í ríkissjóð tillag eða þóknun fyrir aðstoð varðskipsins við að koma fram hegningu fyrir landhelgisbrot, þannig, að þóknunin væri árlega miðuð við sektaupphæðina, og jafngilti ákveðnum hluta af henni. En það var okkur báðum auðvitað fullljóst, að til þessara samninga varð alþingi að koma, sem annar aðili máls, og síðar kom svo til mín skrifleg málaleitun, í því skyni, að hún væri lögð fyrir alþingi.

Ef menn vilja fletta upp í Þingtíðindunum 1905, geta menn séð, að þessar málaleitanir hafa komið til fjárlaganefndar, og framsögumaður hennar, sem þá var háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), lýsti því yfir, að nefndin mundi fallast á till. mínar í því máli, og réð deildinni til að samþykkja málaleitunina. Með leyfi forseta skal eg lesa upp dálítinn kafla úr ræðu minni við 2. umr. fjárl. 1905 um þetta efni (Alþt. 1905 B. bls. 136—137):

»Háttv. framsm. gat þess, að eg mundi skýra nánar frá málaleituninni, sem eg hefi fengið viðvíkjandi tillagi til eftirlitsskipsins. Háttv. framsm. gerði sjálfur svo glögga grein fyrir þessu, að eg hefi litlu við að bæta. Eins og hann tók fram, kom sú ósk fram í fjárlaganefnd Þjóðþingsins í fyrra, þegar veittar voru á fimta hundrað þúsund króna til þess að byggja nýtt skip eingöngu til fiskiveiðaeftirlits við Íslands strendur, og þar að auki margir tugir þúsunda til viðbótar við útgerðarkostnað »Heklu« í sumar, að Ísland legði einnig eitthvað af mörkum til lögregluefirlits þessa, eða að minsta kosti sektir þær, sem inn koma fyrir tilstilli eftirlitsskipsins, rynnu í þann sjóð, sem kostar skipið og gerir það út. Fjárlaganefndin sneri sér til forsætisráðherrans með tilmælum um, að hann kæmi á framfæri málaleitun um að $^2/_3$ hlutar sekta þessara og jafnmikið af andvirði upptæks afla og veiðarfæra rynnu í ríkissjóð. En af því að lögákveðið er, að þessar sektir renni í landssjóð, hefir forsætisráðherrann farið fram á, að veitt sé sem tillag til varðskipsins af Íslands hálfu upphæð, sem jafngildi $^2/_3$ af sektum og upptækum afla og veiðarfærum. Þetta er auðvitað sama efni, en að eins annað form.

Eg veit, að Íslendingar viðurkenna, að varðskipið vinnur fyrir þá, enda hefir sú skoðun oft fram komið, að við getum ekki minkunarlaust hirt alt, sem inn kemur af sektum og slíku, ef vér leggjum alls ekkert til, og þar sem hér er eiginlega ekki um útgjöld að ræða, heldur afsal á óvissum tekjum, sem hvort sem er koma fram á fjárhagsáætluninni, þá vona eg, að háttv. þingdeild verði því samþykk, að þessi upphæð greiðist í viðurkenningarskyni fyrir það lögregluefirlit, sem kemur Íslandi til góða.

Þetta er ekki bein krafa, en að eins kurteis málaleitun. Eg hefi ekki sett þetta inn á stjórnarfrv., en ætla mér að koma með brt. seinna«.

Það komu engin mótmæli gegn þessari málaleitun dönsku fjárlaganefndarinnar fram á þinginu 1905. Nd. samþykti ákvæðið mótmælalaust með 19 shlj. atkv. Það varð að eins ofurlítið umtal í Ed., þar sem dr. Valtýr Guðmundsson hélt því fram, að við ættum að tryggja okkur umráð yfir því, hvernig eftirlitinu væri

hefir tekið af mér það ómak, enda þekkjum vèr allir verk hans, alt landið þekkir þau, og ætti þjóðin atkvæði að greiða mundi það sjást ljóslega, að hún setur hann ekki skör lægra en hin skáldin sem styrks njóta. Mér dettur ekki í hug að telja eftir styrk hinna skáldanna, en mér finst ekki ástæða til að tiltaka lægri upphæð honum til handa og þeir sem ekki eru kunnugir málavöxtum, geta ályktað á þá leið, að alþingi teldi hann ekki nema tveggja þriðjunga gildi á við hina, en þegar hann er búinn að sýna, að hann er með þeim beztu, þá á einnig að láta hann fá styrk jafnt þeim beztu. Frá sjónarmiði þeirra, sem telja það mikilsvert að efla nýjar, íslenzkar bókmentir, er það ekki góð hagsýni að láta þá fáu, sem fram úr skara, neyðast til að verja tíma sínum til annara atvinnustarfa, að láta t. d. Guðmund Magnússon skáld eyða til venjulegra setjarastarfa þeim tíma, sem hann gæti varið til að skrifa skáldverk, sem margir prentarar, utan lands og innan, munu prenta aftur og aftur, ár eftir ár. Eg vona því, að deildin setji þennan styrk jafnháan og styrkinn til þeirra Þorsteins Erlingssonar og Einars Hjörleifssonar.

Þá er breyt.till. frá mér um að taka aftur upp styrkinn til mag. Boga Melsteð, til að semja Íslendingasögu. Af einhverjum ástæðum, sem eg skal ekki minnast á nú, var þessi styrkur snögglega strykaður út á síðasta þingi. Það má ekki gera ráð fyrir, að það kunni að hafa verið gert í sigurvímu hins nýja meirihluta, meðfram til þess að sýna minnihlutanum í tvo heimana, af því að cand. Bogi Melsteð er annarar skoðunar í pólitíkinni, sérstaklega i sambandsmálinu, en meirihlutaflokkurinn, en nú þegar hitinn er farinn að renna af mönnum, vona eg menn átti sig og líti meira á málefnið. Hr. Bogi Melsteð er sem kunnugt er, ekki búinn að ljúka því verki, sem hann hefir notið styrks til að undanförnu. Að hætta í miðjum hlíðum að styrkja það, að hið mikla verk, sem hann hefir með höndum, verði fullgert, virðist augljóslega misráðið. Hann er mjög grandvar sagnaritari og sýnir enga dagdóma eða pólitiskan lit í ritum sínum. Hann hefir þegar lagt afarmikið starf í aðalverkið, hina stóru sögu sína, og smárit hans, alþýðukenslubækurnar, eru góð rit, sem víst eru talsvert notuð.

Þá skal eg leyfa mér að láta í ljós sama álit og háttv. þm. G.-K. (B.Kr.), um styrkinn til dr. Helga Péturss. Það fórst fyrir vegna veikinda, að hann sækti um styrk úr Carlsbergssjóði, er hann hefir notið árlegs styrks af að undanförnu, og væri því mjög bagalegt fyrir hann, ef styrkurinn til hans væri lækkaður nú í þetta sinn. Hann er nú orðinn albata og bezta von um, að hann geti haldið starfi sínu áfram við rannsóknir í sumar, með venjulegri alúð.

Þá að eins fá orð um botnvörpusektirnar. Eg skal ekki sakast um sögur þær, sem logið var upp um leynisamninga af minni hálfu, á bak við alþingi, um hlutdeild Dana í botnvörpusektunum. Allur sá tilbúningur er nú dauður og marklaus, og »þeir dauðu hafa sinn dóm með sér«. Eg vildi að eins gefa nokkrar upplýsingar. Það er eg sannfærður um, að tillögur þær, sem fram eru komnar um að fella burtu þetta ákvæði úr fjárlögunum stafa af ókunnugleika eða röngum upplýsingum. Málið er þannig tilkomið, að árið 1904, þegar Fálkinn var byggður, eftir eindreginni ósk af Íslendinga hálfu, þá sneri fjárlaganefndin í danska þinginu sér til dönsku stjórnarinnar, — *ekki til mín* —, og bað hana að umgangast það við islenzku stjórnina, hvort Íslendingar mundu ekki vilja, þar sem þeir, eftir margítrekuðum óskum, fengju nú varðskip nærri alt árið um kring, að ein-

að auki getur það haft ill áhrif á heilsu hans. Eg vonast því til, að fjárlaganefndin taki þetta atriði til nýrrar yfirvegunar og láti upphæð þá, sem fráfarandi stjórn lagði til að honum yrði veitt, standa óbreytta.

Þá vil eg taka í sama streng og h. þm. Dal. (B. J.) um lánveiting til Ólafs Jónssonar til að koma á fót myndamótaverksmiðju hér. Eins og sami þm. tók fram, er það stórbagalegt fyrir bóka- og blaðaútgefendur, að hér er engin slík verksmiðja, og þar sem hér er aðeins um lántöku að ræða, vonast eg til að deildin samþykki það.

Sömuleiðis vil eg mæla hið bezta með styrk til mag. Jóns Ófeigssonar, til að semja þýzka orðabók, og það því fremur sem hann fylgir ekki þeim leiðum, sem venjulegar eru í slíkum orðabókum, að útiloka viðskiftamál. Frá þessari hlið er því bókin mjög praktisk, og kemur eflaust að miklum notum, og þingið á því að styrkja það.

Að lokum skal eg minnast lítið eitt á tillögur frá 2. þm. Rangæinga (E. J.) um að lækka styrkinn til tveggja skálda. Þessi tillaga miðar í sparnaðaráttina, en stundum er það svo að menn spara skildinginn og fleygja dalnum.

Hann talaði um, að það væri lítið að vöxtunum, sem lægi eftir þessi skáld, og skal eg, hvað Einar Hjörleifsson snertir, láta mér nægja, að skírskota til ummæla h. þm. Vestm. (J. M.). En viðvíkjandi Þorsteini Erlingssyni, er það að segja, að hann yrkir í bundnu máli, og er þar að auki mjög vandvirkur. Það er nú að vísu satt, að ekkert hefir komið út eftir hann á milli þinga, en hann er búinn að semja við bókaútgefanda að gefa út rit, og það er aðeins fyrir annríki prentsmiðjunnar, að bókin er ekki komin út. Eg vona því, að till. háttv. fjárlaganefndar verði látin standa um þessa menn.

Hannes Hafstein: Eg á aðeins örfáar breyt.till. og þarf því ekki að vera langorður. Fyrst vildi eg þá minnast á breyt.till. sem fer fram á að hækka námsstyrk til Laufeyjar Valdimarsdóttur. Frk. Laufey er stúdent hér frá Mentaskólanum, en af því að námsgreinar þær, sem hún leggur stund á, eru ekki kendar hér, þá neyddist hún til að sigla, en getur þar ekki orðið neins námsstyrks aðnjótandi. Eins og kunnugt er, er móðir hennar ekkja, sem ekki hefir miklu fé úr að spila; bæði hún og maður hennar Valdimar heitinn Ásmundsson, faðir frk Laufeyjar, eru þjóðkunn og góðkunn; þó ekki væri á annað að minnast. en útgáfuna af Íslendingasögum, sem Valdimar annaðist fyrir afarlágt kaup, en Sig Kristjánsson gaf út, væri maklegt að barn hans væri fremur látið njóta hans. Móðir hennar stendur, sem kunnugt er, mjög framarlega í kvennréttindabaráttunni, og er alls góðs makleg. Eg skal að vísu játa það góðra gjalda vert af fjárlaganefndinni að vilja unna henni nokkurs styrks, en 300 kr. á ári er of lítið; það vita allir, sem til þekkja, að ómögulegt er að komast af með, jafnvel fyrir kvennmann, og móðir hennar er ekki fær um að styrkja hana svo neinu nemi. Háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg áttum tal um þetta við mann úr fjárlaganefndinni, og kvaðst hann ekki mundi verða á móti þessum styrk, ef hann færi ekki fram úr 500 kr. á ári. Þessvegna tiltókum við þá upphæð í breytingartillögunni, þótt 600 kr. eiginlega sé hið minsta, sem af hefði mátt komast með. Vona eg, að háttv. þingdeild lofi þessari breyt.till okkar að ná fram að ganga.

Þá skal eg með fáum orðum minnast á styrkveitinguna til Guðmundar Magnússonar skálds. Eg þarf ekki að lýsa verkum hans, háttv. þm. Mýr. (J. S.)

innlent fjárveitingarvald, þá hefir því farið fram, og það einmitt af því, að menn hafa ekki verið of hvumpnir við það, að leggja gjöld á sig til nauðsynjafyrirtækja. Eg vona að þessi tillaga njóti sömu velvildar og aðrar slíkar. Þótt hér standi alt að 25000 kr., þá verður framlag landssjóðs ekki öllu meira en 20000 kr. Eg skal svo ekki mæla meira með þessari fjárveitingu, sanngirnin mælir bezt með henni.

Þá er önnur breytingartillaga á þingskjali 319, um að hlifa Landsbankanum við borgun fyrir seðlalán það, sem þar er um að ræða. Eg hafði áður borið fram frumvarp um það, að leysa bankann frá gjaldinu til byggingarsjóðs. Var því vísað til nefndar og varð hún því ekki samdóma, en gekk aftur á móti að því, að létta *þessu* gjaldi af bankanum — um tíma. Landsbankinn hefir orðið að setja nær 1000000 kr. í verðbréfum að veði fyrir veðdeildirnar, sem eiginlega koma honum ekki við, en á þessu tapar hann svo mikið á móts við það, að hafa féð í veltu, að beint vaxtatap á þessu nemur um 13000 kr. á ári, auk ýms annars arðs, sem hann gæti haft, ef hann hefði þetta mikla fé, 1000000 kr. í veltu. Eg þykist mega ganga út frá því sem sjálfsögðu, að þetta verði veitt.

Svo á eg tillögu á þingskjali 357, um lán til húsabóta á Þingvelli. Sem kunnugt er, er húsakynnum þar mjög áfátt — og þetta gistihús, sem þar er, »Valhöll«,má miklu fremur nefnast skýli heldur en gistihús. Nú hefir Sigmundur á Brúsastöðum sótt um að fá leigðan Miklaskála — en langar til að kaupa hann — en hann er efnalaus — en afarduglegur — og væri því óskandi, að þing og stjórn hlypi undir bagga til þess að hjálpa honum með þetta. Hér er heldur ekki um neina stórupphæð að ræða. — Annars hefði þingið fyrir löngu átt að vera búið að taka þetta mál að sér — því það er satt að segja þjóðarskömm að hafa ekki sæmileg húsakynni á þeim stöðum, sem eru jafnfjölsóttir eins og Þingvellir. Eg vona því, að allir geti fallist einróma á það að veita þetta lán.

Þá á eg ekki fleiri breytingatillögur; en skal þá minnast örlítið á breytingartillögu fjárlaganefndar, viðvíkjandi lækkun á styrknum til dr. Helga Péturssonar. Fjárlaganefndinni hafa eflaust ekki verið nógu kunnar ástæður dr. Helga. Hann hefir, eins og ef til vill sumum háttv. þingmönnum er kunnugt, notið styrks af Carlsbergssjóði — annars hefði hann ekki getað framkvæmt það, sem hann hefir gert fyrir þann lúsastyrk, sem hann hefir haft úr landssjóði; — en nú í vetur stóð svo á, þegar hann átti að sækja um styrkinn, þá var hann veikur, og þess vegna fær hann engan styrk þaðan þetta árið. Af þessu hækkaði fráfarandi stjórn styrkinn til hans upp í 2000 kr. — Það er og þjóðkunnugt, að dr. Helgi hefir gert landi sínu mikinn sóma, bæði utan lands og innan, og þess vegna er það skylda að fara vel með hann. En að veita honum 1200 kr. styrk — og ætlast til að hann ferðist og geri jarðfræðisrannsóknir fyrir það fé — það er með öllu ómögulegt. Allir vita, hversu afskaplega dýrt er að ferðast hér á landi, og þegar þar við bætist, að jarðfræðingar þurfa oft að kaupa dýra menn til að grafa og því um líkt, kaupa dynamit til sprenginga o. fl., þá get eg ekki hugsað mér, að nokkur sé svo skammsýnn að halda, að 1200 kr. geti komið að nokkru verulegu gagni, þegar hann þar að auki á að lifa á þeim — nei 3—4 þús. kr. væri hæfilegt. Það er hvorttveggja stórskaði og ekki hneykslislaust, ef svo ófimlega skyldi takast, að þessi maður lenti í örbirgð, og þar

laun fyrir útflutt smjör skuli standa áfram eða niður falla, um það skal eg ekki þrátta, en þingið hefir nú einu sinni komið sér saman um þá aðferð, þótt hún mætti nokkurri mótspyrnu frá verndarmönnum smjörbúanna, að lækka það um 2000 kr. á ári, unz það hyrfi með öllu. Við þessa reglu hafa nú allir sætt sig, og eg er ekki í vafa um, að það mundi mælast illa fyrir hjá öllum sem við smjörbúin eru riðnir, ef þessu verðlaunafé væri kipt burtu öllu í einu, og ekki sýndi það orðheldni af þingsins hálfu, að gera slíkt. Tillagan, sem gengur út á það að lækka þetta fé um 4000 kr. á fjárhagstímabilinu er framkomin af eintómum misskilningi. Háttv. framsm. fjárlaganefndar (B. Þ.) og nefndin í heildinni hafa, vegna annríkis, ekki gætt þess fullkomlega, hvernig á stendur í þessu efni, að upphæðin, sem í frumvarpinu stendur, er einmitt samkvæmt því sem þingið hefir áður ætlast til. Skal eg þessu til sönnunar benda á það, að árin 1908—'09 var styrkurinn til samvinnusmjörbúanna 16000 kr. fyrra árið, og 14000 kr. síðara árið, og í næstu fjárlögum 14000 kr., eins og áður, fyrra árið, og 12000 kr. síðara árið. Samkvæmt þessari reglu eiga því að koma næst 12000 kr. fyrra árið og 10000 kr. síðara árið, eins og er í frumvarpinu. Þetta er ákveðin regla, sem þingið hefir bundið sig við með mörgum orðum, svo ef fara ætti að gera efnisbreytingu frá þessu, þá væri það sama sem, að ekki mætti lengur reiða sig á það sem þingið hefir sagt og samþykt. Eg vildi því að þessi breyt.till. yrði tekin aftur, þar sem eg hefi nú skýrt fyrir deildinni, að hún hefir ekki við rök að styðjast, þau er samkvæm séu hugsun þingsins.

Eg finn ekki ástæðu til að tala meira um einstakar breytingatillögur, en finst nægilegt að sýna afstöðu mína til þeirra í atkvæðagreiðslunni.

Björn Kristjánsson: Eg ætla fyrst að minnast nokkrum orðum á viðaukatill. á þingskjali 358, um það, að Hafnarfjarðarbæ sé veittur alt að 25000 kr. styrkur til bryggjugerðar. Hafnarfjörður hefir haft allmikil stórræði með höndum síðan hann varð kaupstaður, bæði vatnsveitu og raflýsing, og nú er í ráði að gera steinbryggju, sem kosta mun um 75—80000 kr. Hafnfirðingar hafa notið aðstoðar landsverkfræðingsins og fengið tilboð erlendis frá, sem er dýrt, svo dýrt að ekki er við því lítandi. Hins vegar hafa innlendir menn boðist til að framkvæma fyrirtækið fyrir þetta verð, svo líklega þarf ekki tillagið að nema meiru en 20000 kr., þó hér sé farið fram á 25 þús. kr. fjárveitingu. Þetta fyrirtæki mundi hafa sömu þýðingu fyrir Hafnarfjörð og önnur slík fyrir aðra bæi, og það því fremur, sem þar þarf ekki að kosta til hafnar að öðru leyti. Þar er bezta höfn á Suðurlandi, og því vantar ekkert nema bryggjuna. Bærinn vill sjálfur leggja fram $^3/_4$ hluta kostnaðarins, og er það sama fyrirkomulag og hér á að verða með Reykjavíkurhöfn, og víðast hefir verið annarsstaðar t. d. bæði á Akureyri og í Stykkishólmi. Eg skal taka það fram, að það hefir mikla þýðingu fyrir fiskveiðarnar, að skip geti lagst þar að bryggju, til þess að ferma og afferma. Nú þurfa þau oft að bíða fleiri daga, þar sem þau annars gætu lokið sér af á einum degi. Það er því brýn nauðsyn á því, að koma þessu í gott lag, og þótt þröngt kunni að vera um peninga, sem þó er mest barlómur, þá eru hér engar aðrar leiðir, því ef fyrirtækið borgar sig, þá hjálpar ekki að horfa í kostnaðinn, enda hefir það sýnt sig á seinni árum, síðan landið fékk

Eg vona nú að menn sjái af þessari stuttu skýrslu, að hér er um það að tefla að bjarga afarmiklu og góðu landi frá skemdum, og treysti eg þess vegna því, að deildin muni veita heimild til að lána þetta fé, ef til verður, enda er nokkur munur á því og virðist eitthvað tiltækilegra, að verja svona land, svo ágætt sem það er með tiltölulega litlum kostnaði, en að búa til nýtt samskonar land, þótt það kunni einhverntíma seinna að verða að gagni. Eg ímynda mér, að það þýði ekki mikið að fara fleirum orðum um þetta mál, en vona að mönnum sé orðið það ljóst, hvað hér er í húfi, og eins hitt, að viðlagasjóði er ekki stofnað í neina hættu með þessu láni frekar en öðrum.

Þá vildi eg segja nokkur orð um breyt.till. á þgskj. 363. Þar er um litla fjárveitingu að ræða, en til mjög þarflegs fyrirtækis, þó að eins 3000 kr., til til þess að rannsaka járnbrautarstæðið austur. Það er þegar búið að leggja nokkuð fé í þetta fyrirtæki, og er augljóst, að því er sama sem fleygt í sjóinn, ef rannsókninni verður ekki lokið. Það er álitið, að þetta, sem hér er farið fram á, mundi nægja til þess að fullgera þessar rannnsóknir, og þótt fjárveiting sama efnis væri drepin á síðasta þingi, þá má ætla, að ekki fari á sama hátt nú. Reyndar munu nú vera skiftar skoðanir um það, hvort landið sé því vaxið, að gera járnbrautir, en hitt vita allir, að ef þær eiga að komast hér á, þá verða þær að koma fyrst á Suðurlandsundirlendinu. Eg lít nú svo á, að við verðum að hafa járnbrautir, eins og aðrar þjóðir, sem til menningarþjóðanna geta reiknast. Eg hefi fyrir mitt leyti þá trú bæði á landi og þjóð, að við hljótum að verða því vaxnir mjög bráðlega, að innleiða hjá okkur slíkt menningar- og framfaratæki, sem járnbrautirnar eru. Og álíti nokkur annað, þá virðist mér það lýsa fullkomnu vantrausti, bæði á landinu og á því, að vér getum nokkurntíma staðið öðrum mentalöndum á sporði. En hvað sem því líður, þá er full þörf á því að fá að vita, hvað slíkt mundi kosta; þangað til er þýðingarlaust að ræða um þetta og rita, og skifta sér niður í flokka með og móti. Fyrst þegar þekkingin er fengin á því, hvað járnbraut hér mundi kosta, geta menn farið að tala um, hvort landssjóður eigi að byggja hana sjálfur, eða veita öðrum einkarétt til þess.

Þá eru nokkrar aðrar breyt.till. Fyrst ein frá háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um það, að styrkurinn til samvinnusmjörbúa sé feldur niður, en tekinn upp aftur nýr styrkur til nýrra búa, sem eru ekki til, og er ætlast til, að hvert slíkt bú fái 1000 kr. Hér er með öðrum orðum beinlínis farið fram á, að gefa mönnum fé til þess að stofna smjörbú, þótt ekkert verði svo úr fyrirtækinu, nema stofnunin ein. Eg get ekki felt mig við þetta, því sé það svo, að smjörbúin borgi sig, eins vel og látið er, þá virðist ekki ástæða til að gefa mönnum fé til þess að setja þau á stofn. Það voru einmitt brautryðjendurnir, sem réðust fyrst í slíkt, án þess að vita, hvernig fara mundi, sem áttu skilið að fá slíkan styrk, en fengu þó ekki, því fé það, sem í undanförnum fjárlögum hefir verið veitt sem verðlaun fyrir útflutt smjör, er talsvert annars eðlis. Það getur ekki komið til útborgunar, fyr en smjörið er framleitt og selt. En styrkur sá, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) ber fyrir brjósti, er ætlast til að borgaður verði, þótt ekkert smjör verði framleitt eða selt, að eins ef menn hlaupa til að stofna einhverja rjómabúsómynd, sem strax á næsta ári er svo úr sögunni dottið. En hvort fé það sem í fjárlögunum hefir verið veitt sem verð-

ir hendi til lána. En sé ekki fé í viðlagasjóði, sem eg veit að satt muni vera, þá tek eg undir það, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að ef fé er ekki fyrir hendi, þá verður heimild til slíkra lánveitinga ekki notuð. Og hér er að eins um heimild fyrir landsstjórnina, og ekkert annað að ræða.

Eg skal nú sýna fram á, að hér er um þarft fyrirtæki að ræða, ef það gæti náð framkvæmd. Safamýri kannast allir við, þótt þeir viti máske ekki nánari deili á henni. Safamýri liggur á milli Þjórsár og Hólsár, sem í fornöld hét Djúpá og bærinn Djúpárbakki stóð við, sem menn munu kannast við úr Njálu. Landspilda þessi er eggslétt og svo grasgefin, að ekki eru dæmi til slíks annarstaðar. Hún er að stærð um 4000 vallardagsláttur Þar sem hægt er að fást við heyskap í mýrinni, kemur fyrir, að meðalkarlmaðar slái 40 hesta á dag. Þessi mýri verður nú mjög fyrir vatnaágangi af Þverá og Rangá, sem koma saman í eitt rétt fyrir austan hana og runnu í öndverðu til sjávar eftir Hólsár- eða Djúpárfarvegi. En hafa fyrir all-löngu, einhverntíma á 18. öld, brotið sér farveg gegn um svo að segja miðja mýrina vestur í Þjórsá. Þessi farvegur er það, sem Djúpós nefnist, og nú er verið að hugsa um að teppa, svo að eigi flæði vatn yfir mýrina til jafnmikils tjóns og nú á sér stað.

Að mönnum hefir komið til hugar að framkvæma þetta verk nú, stafar af því, að það hagar svo til, að aðalvatnið hefir nú fyrir skömmu brotið sér nýjan farveg fram, nokkru fyrir austan Hólsárfarveginn, sem kallaður er Valalækur, og með því létt svo á Djúpós, að tök virðast á því að hefta framrensli vatnsins þar. En ef Valalækur stýflast af sandi, þá vex vatnið aftur í Djúpós og flæðir enn meira inn á mýrina. Með öflugri fyrirhleðslu í Djúpós, mætti þegar vatnið legst frá Valalækjarfarveginum koma því til leiðar, að það rynni sinn gamla farveg fram Hólsá, og væri þá Safamýri borgið. Álíta menn, að ef þessi viðgerð fengist, þá mundu fást 55—60 þúsund hestar af mýrinni á ári og mætti heyja það alt með sláttuvélum og rakstrarvélum. En eins og nú er ástatt, er ekki hægt að heyja þar nema 11—12 þúsund hesta. Mýrinni er skift þannig milli hverfa, að Bjóluhverfi á $^1/_7$, sem telja má nothæft eins og er, en Þykkvibærinn $^1/_8$, sem ekki er hægt að nota nú að neinu leyti, vegna vatnsins, En þeir eiga miklar engjar aðrar nokkru framar, sem þeir bjargast við, en hafa þó þörf á að geta haft líka fullkomin not þessara engja og mundi því fyrirhleðsla í ósinn verða hjá þeim til mjög aukinnar framleiðslu og vellíðunar. Hinn hluti Safamýrar liggur undir Vetleifsholtshverfi, og er það að nokkru nothæft, en nokkru alls ekki. Væru nú nægir peningar til framkvæmdar þessu verki, sem hér ræðir um, mætti gera alla Safamýri að nothæfu engi fyrir sláttuvélar, og þeir sem bezt vit hafa á, t. d. hreppstjórinn í Ásahr., sem er búfróður maður, segja, að 30000 kr. mundu nægja til fyrirhleðslu í Djúpós. Lengdin á aðal-fyrirhleðslunni er ekki nema c. 200 faðmar, en þótt hún sé ekki meiri, þá verður samt verkið æðidýrt, því alt efni verður að sækja langar leiðir að; úr mýrinni sjálfri verður það ekki tekið sakir þess, hvað botninn er ýmist blautur eða sandborinn. En þótt hér sé um mikið og erfitt verk að ræða, þá ætti það þó að takast, ef féð væri til; og ekki tel eg vafa á því, að Búnaðarfélagið mundi styrkja þetta fyrirtæki með þeim kröftum og þekkingu, sem það á til. Þess ber og að gæta, að hér er ekki um straumvatn að ræða, því að ósinn er lygn, og ætti það að gera verkið auðunnara.

og tryggja hana. Eg er hlyntur fjárveitingu til bryggjugerðar á Sauðárkrók; slikt hið sama styrk til Fiskifélags Íslands.

Þá hafa margar breyt till. komið fram við 15. gr., bitlingagreinina, eins og vant er, og háttv. þingdm. orðið skrafdrjúgt um þær. En vegna fjárhagsins verður að fara varlega hér sem annarsstaðar. En úr því, að vér erum sérstök þjóð, mentaþjóð, þá verðum vér að velja þá menn úr, sem gera oss mestan sóma og heiður. Má þar til nefna af sagnaskáldunum Einar Hjörleifsson og Guðmund Magnússon. Eg þarf ekki að tala langt fyrir styrk til Einars Hjörleifssonar. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) gerði það sanngjarnlega og viturlega Fá af nútíðarskáldum vorum eru kunnari utanlands en Einar. »Ofurefli« er komið út á dönsku og í undirbúningi með að hún komi út á þýzku. Þessi saga hefir, eins og aðrar hans bækur, hlotið mikið lof að maklegleikum. Af ljóðskáldum sé eg ekki betur en að Guðmundur Guðmundsson sé styrks maklegastur. Þau eru indæl hans ljóð; þau vekja og glæða siðgæðistilfinninguna og alt það, sem er háleitt og fagurt.

Þá skal eg víkja að breyt.till. á þskj. 389 um fjárveitingu til viðskiftaráðunauta. Það lítur út fyrir, að fjárlaganefndin sé mótfallin þessari fjárveitingu, hvort hún er það öll, veit eg ekki. Mér þykir það alveg ótilhlýðilegt að fella þessa fjárveitingu niður, án þess eg líti til nokkurrar ákveðinnar persónu. Hafi þetta þótt gott 1909, þá er það ekki síður þörf fjárveiting nú. Það hefir sýnt sig síðan ráðunauturinn var settur, að nauðsynlegt er að eiga forsvarsmenn í útlöndum til að verja oss og leiðrétta ranghermi í dönskum blöðum, sem og til að koma oss í ný viðskiftasambönd.

Fjárlaganefndin vill lækka styrkinn til smjörbúanna um 2000 kr. hvort árið, en svo er aftur komin fram breyt.till. um, að styrkurinn verði að eins 5000 kr. og sé varið aðeins til nýrra smjörbúa. Mér þykir þessi breyt.till. miklu nær því rétta en till. fjárlaganefndar. Það er aðgætandi, að rjómabúin eru arðvænleg fyrirtæki með góðri stjórn og góðu fyrirkomulagi. Aftur á móti er það rétt, að menn eru jafnan tregir til að mynda nýjan félagsskap, og er því nauðsyn að örfa menn til þess.

Þá skal eg snúa mér að 22. gr. fjárlaganna. Það eru hér um bil 160 þús., eftir því sem háttv. framsögumaður (B. Þ.) sagði, sem lánbeiðnirnar nema, og mun varla unt að fullnægja þeim öllum. Hitt er satt, að ýmsar af þessum lánbeiðnum hafa við góð rök að styðjast, svo sem beiðni um lán til sláturhúss á Austurlandi, til hafnargerðar í Vestmannaeyjum og til símalagninga. Það er alt of lítið fé, sem stjórnin ætlar til að lána héruðum til símalagninga, að eins 10 þús. kr. Úr því að þingið neyðir héruðin til að leggja undan sinni blóðugri nögl fé til móts við landsjóð til símalagninga, þá er það siðferðislega krafa frá héruðunum, að fá lán til þeirra. Menn mega ekki, úr því að komið er inn á þessa framfarabraut, líta á það þótt upphæðirnar séu háar, heldur hafa það fyrir augum, hvort þær miða í rétta átt, ɔ: miða að því að auka framleiðsluna.

Eggert Pálsson: Eg á hér eina breyt.till. ásamt háttv. samþingismanni mínum fram hjá fjárlaganefnd, sem hún sá sér ekki fært að flytja, en setur sig heldur ekki verulega á móti. Breyt.till. fer fram á það, að lána megi Ásahreppi í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins, alt að 30 þús. kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og landi því, sem að henni liggur, og sé lánið endurgreitt með 6% á 28 árum. Eg býst við, að segja megi um þessa lánbeiðni eins og aðrar, að fé sé ekki fyr-

af samræðum við danska stjórnmálamenn sannfærst um, að hentast væri að halda hinu fyrra fyrirkomulaginu. Og eg er einnig þeirrar skoðunar, að það sé réttast. Þetta, að hæstv. fyrv. ráðh. (B. J.) tók ákvæðið aftur inn í fjárlögin, bendir eindregið í þá átt, að hér sé bezt að fara varlega og forðast alla óþarfa úlfúð við Dani. Þegar þetta mál var til umræðu á síðasta þingi, átti eg tal við háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og bað hann leggja sitt liðsinni til þess, að tillagan um burtfellingu ákvæðisins um botnvörpungasektirnar m. m. yrði ekki samþykt, því að eg óttaðist, að það mundi baka þáver. ráðherra óþægindi og erfiðleika. Það er nú komið á daginn, að þetta hugboð mitt var rétt. Eg hygg því réttast að vekja ekki þennan draug upp aftur, heldur samþykkja ákvæðið, eins og það stendur í fjárlagafrumv. stjórnarinnar.

Sigurður Gunnarsson: Eg á ekki margar breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna. Á þgskj. 413 er breyt.till. frá mér um að hækka styrk til búnaðarfélaga úr 22 þús. kr. upp í 26 þús. kr. og lækka að sama skapi styrk til Búnaðarfélags Íslands, svo að þetta er í rauninni tilfærsla. Í þeim héruðum, sem eg er kunnugur, hafa búendur látið mikið af, hve gagnlegur styrkurinn til búnaðarfélaga væri, og að vert væri að færa hann upp. Sömuleiðis hafa þeir látið í ljósi, að þótt búnaðarfélag Íslands hafi unnið markvert og mikilsvert starf, þá hafi þeir samt ekki haft eins mikil not þessarar stóru fjárveitingar, eins og styrksins til búnaðarfélaga. Því hefi eg komið með þessa breyt.till til athugunar. Það er óneitanlegt, að Búnaðarfélag Íslands hafi unnið mjög mikið, en samt hefir það ekki gert eins mikið í þá átt að vekja áhuga manna út um land, eins og búast mætti við. Eg veit að mér verður svarað af háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að óskir um þetta efni komi ekki nógu ljóst fram. En jafndýrt félag á ekki að bíða eftir óskum manna í þessu efni. Það á að segja eins og Muhammeð sagði: »Úr því að fjallið kemur ekki til mín, þá kem eg til fjallsins«. Að öðru leyti ræður deildin, hvort hún samþykkir þetta eða ekki.

Þá á eg breyt.till. við 13. lið 16. gr. um styrk til að gefa út dýralækningabók, alt að 400 kr. Eg hefi ætlað á, að hún mundi verða 12—14 arkir. Sú bók mundi seljast allvel, því að tilfinnanlegur skortur er hér í landi á leiðbeiningum í þessu efni og sterkar óskir hafa komið fram í *minu kjördæmi*, um að slík bók yrði samin. Eins og kunnugt er, fullnægja ekki þessir 2 dýralæknar þeim þörfum, sem í landinu eru fyrir dýralækningar. Mig hefði langað til að bera fram tillögu um, að bætt yrði við einum dýralækni fyrir Breiðafjörð, sem sæti í Stykkishólmi, en þorði það ekki og fór því fram á þessa litlu upphæð. Eg þykist vita, að dýralæknirinn hér í Reykjavík mundi ekki vera lengi að því að semja þessa bók. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hve áríðandi það er að hafa bók, sem veitti góða tilsögn í dýralækningum, og vona eg því, að háttv. þingdeild taki vel í þetta.

Margar tillögur liggja hér nú fyrir um aukin útgjöld, en eg mun fara varlega í atkvæði mínu, því að þröngt er í búi. Það hefir verið minst á það af mér og öðrum áður, að vinsa bæri úr þær tillögur, sem miða að því að auka framleiðsluna, verzlun og siglingar, fiskveiðar og landbúnað. Það, sem miðar að þessu beint og óbeint, *verður* að sitja í fyrirrúmi fyrir öðru. Til þessa tel eg alt það, sem greiðir samgöngur, svo sem síma, vegi og hafnargerðir, því að það miðar alt að því að auka framleiðsluna í landinu

Þá hefir komið fram breyt.till. um að lækka styrkinn til Einars Hjörleifssonar og Þorsteins Erlingssonar. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir sýnt fram á, að Einar Hjörleifsson hefir gert mikið fyrir þann styrk, sem honum var veittur á síðasta þingi. Eg vona, að hann sé fastur í sessi og skal því ekki fjölyrða um hann. Um Þorstein er það að segja, að af sérstökum ástæðum hefir ekki enn þá birzt á prenti 6 arka kvæðabálkur, sem hann þó hefir lokið við, og virðist óhæfilegt að lækka við hann styrkinn fyrir þær sakir. Þó að hann sé seinvirkur nokkuð, þá er það til bóta, að hann er manna vandvirkastur og fáir gallarnir á verkum hans, þegar hann hefir gengið frá þeim, svo sem honum líkar. Eg vil ennfremur leyfa mér að benda á, að þegar slíkir rithöfundar einu sinni hafa fengið fjárlagastyrk, þá er skylt að svifta þá honum ekki aftur, nema þeir hafi brotið eitthvað af sér. Rithöfundarnir hafa fulla kröfu á, að þingið sé ekki að grauta með slíkar fjárveitingar, og það jafnvel ekki þó að nýjar kosningar hafi farið fram, hvað þá heldur, þegar eins stendur á og nú, að hinir sömu menn sitja á þingi, sem greiddu atkv. með þessum styrkveitingum í síðustu fjárlögum. Eg get ekki trúað því, að þeir hinir sömu fari nú að greiða atkvæði ofan í sjálfa sig, enda er eg sannfærður um, að fáum fjárveitingum þingsins er betur varið en þessum. Eg vona því, að þessi breyt.till. verði feld.

Ráðherrann (Kr. J.): Háttv. frsm. (B. Þ.) gerði fyrirspurn til stjórnarinnar um, hvað hún gæti upplýst um rannsókn á járnbrautarstæði héðan austur yfir fjall. Ennfremur hafa hér komið till. frá 1 eða 2 þm. um að veita fé til þess að leiða þessa rannsókn til lykta. Eg hefi fyrir fáum dögum dögum fengið upplýsing hjá landsverkfræðingnum um, að þessari rannsókn væri nú nálega lokið; til hennar hefir verið varið eitthvað 15—16 þús. kr., en eitthvað er þó eftir af verkinu, eg held helzt, að afmarka línuna á landabréf. Hann gizkaði á, að þetta mundi kosta 2500—3000 kr. og beiddist, að breyt.till. kæmi frá stjórninni um, að fé þetta yrði veitt, og mundi eg hafa orðið við þeirri beiðni, ef háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefði ekki tekið af mér ómakið. Þar með hefi eg þá svarað fyrirspurninni, og vona eg, að fé þetta verði veitt.

Annars býst eg ekki við, að eg þurfi að gera sérstakar athugasemdir við þennan kafla fjárlaganna; eg hefi áður bent á, að þingið þurfi að sýna sem mesta sparsemi. Eg sé, að farið hefir verið fram á, að hækka enn þá einu sinni styrkinn til Búnaðarfélagsins; sá styrkur hefir lengi farið hækkandi ár frá ári, en allir hljóta þó að sjá, að einhvern tíma verður að nema staðar. Um styrkinn til Goodtemplara er það að segja, að hann er ekki nauðsynlegur, eftir að bannlögin eru gengin í gildi við næstu áramót. — Þá vil eg minnast á botnvörpungasektirnar. Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er svo hljóðandi ákvæði í 19. gr.: »Fjárhæð, sem svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólögar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið«. Mönnum er kunnugt, hvernig þetta mál er til komið. Á þingunum 1905 og 1907 var samþykt að greiða ríkissjóði þessa fjárhæð og stóð svo í 4 ár. En á þinginu 1909 var þetta ákvæði felt úr fjárlögunum, en hæstv. fyrv. ráðherra (B. J.) sá eftir á, að þetta var talsvert athugavert, og þess vegna hefir hann tekið þetta ákvæði aftur inn í fjárlögin. Eg býst við, að hann hafi

sína í afdali, að þeir græða lítið á búskapnum, enda er gestanauðin hinn mesti timaþjófur á þessum stað. Engum sem til þekkir, mun dyljast, að mikil nauðsyn er á, að koma hér upp viðunanlegu hæli fyrir ferðamenn, annars getur líf og heilsa manna oft og tíðum verið í veði. Bóndinn í Fornahvammi hefir áður haft nokkurn styrk til þess að hýsa póst, en húsakynni hans eru ekki svo góð, að hann geti hýst alla, sem að garði ber. Hann hefir nú skrifað mér og beðið mig að útvega sér 500 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, til þess að koma upp viðunanlegum húsakynnum, og yrði sá styrkur svo bundinn nánari skilyrðum, sem stjórnarráðið setti. Eg vona, að hin háttv. deild íhugi, að hér er um nauðsynjamál að ræða, og að mikið er í húfi, ef neitað er um styrkinn.

Þá vil eg minnast á aðra breyt.till., sem eg á, um að hækka styrkinn til Guðmundar Magnússonar skálds, úr 800 kr. upp í 1200 kr. Síðasta þing hækkaði skáldstyrk hans nokkuð, svo að hann gæti haldið áfram ritstörfum sínum; og er ekki hægt annað að segja, en að síðan hafi ávextirnir verið miklir. Hann hefir á þessum tíma gefið út margar sögur: Grenjaskyttuna, Fylgsnið, Borgir og Þorradægur; síðasta bókin er nú fullprentuð. Ennfremur hafa birzt margar smásögur eftir hann í Skírni og Eimreiðinni. Eg hygg, að það sé almannarómur, að allar þessar sögur séu mjög góðar, enda hafa þær gengið vel út. Eg vil einnig benda á, að dómfærir menn, t. d. dr. Valtýr Guðmundsson, hafa ritað um sögur Guðmundar, og lokið á þær miklu lofsorði. Síra Jónas Jónasson hefir sagt um Fylgsnið, að það væri ein hin efnisþyngsta saga í nýrri bókmentum vorum, og að Guðm. væri nú kominn í fremstu röð meðal skáldsagnahöfunda vorra. Þessi meðmæli eru þung á metunum, því að þau koma frá mönnum, sem vit hafa á. Styrkhækkunin, sem breyt.till. fer fram á, er ekki mikil, einar 400 kr. Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess áðan, að menn mættu ekki vera of nærsýnir í þessum efnum; eg fellst algerlega á það, því að þótt landssjóður hafi í mörg horn að líta, þá aukast ekki útgjöldin til neinna muna við bókmentastyrkina. Eg skal sízt lá þeim, sem vilja spara, en vil þó minna á, að maðurinn lifir ekki af brauði einu saman og því megum við aldrei gleyma, að það eru rithöfundar og sagnamenn, sem hafa haldið nafni þjóðar vorrar á lofti. Það eru nöfn slíkra manna, sem ljóma skærast á söguhimni vorum, og þó að þjóðin hafi eigi altaf kunnað að meta ágætismenn sína lifandi, þá hefir henni seinna skilist, hvers virði þeir voru. En heppilegast er, að menn fái viðurkenningu, meðan þeir eru að starfi í fullu fjöri. Þegar verkleg fyrirtæki hafa verið hér til umræðu, hefir verið talað um, að stuðla ætti að því, að innlendir menn fengju atvinnu við þau. Eg er því fyllilega samþykkur, en vil að eins benda á, að mér virðist gegna sama máli um bókmentirnar. Af því að ekki er ritað og gefið út nógu mikið af fræðibókum og skáldritum innanlands, verða menn að flytja inn í landið mikið af útlendum bókmentum, og er margt af því harla léttvægt. Neðanmálssögur blaðanna eru t. d. oft mjög lélegar og óþarfar, og virðist liggja nær að styrkja innlenda rithöfunda, heldur en að ausa í þjóðina «graut úr útlendum neðanmálssögum«. Eg vona að deildin samþykki þessa fjárveiting; Guðmundur Magnússon á hana sannarlega skilið, því að hann er nú kominn á öndvegisbekk meðal íslenzkra rithöfunda.

der af praktiske Grunde maa medtages, foruden den islandske Oversættelse er tilföjet en Henvisning til de tilsvarende tyske Udtryk. At de i Handelssproget gængse Udtryk er medtagne, vil i höj Grad foröge Bogens Brugbarhed. Jeg anbefaler Bogen paa det varmeste til den af Forfatteren til dens Udgivelse sögte Understöttelse.

Köbenhavn d. 4. Marts 1911.

H. Möller, Dr. phil. Professor i germansk Filologi ved Univ.t.«.

Í bréfi til Jóns hefir próf. Möller ekki annað út á bókina að setja, en að áherzlan er lögð á síðasta atkvæðið á orðinu »adjektiv«, en þar hefir Jón fyrir sér Vietor, einhvern hinn frægasta Þjóðverja í þeirri grein. Vona eg að háttv. deild taki þessi meðmæli til greina. Bókin verður handhæg og svo ódýr, að allir geta hana eignast. Vona eg því, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu.

Svo á eg eina breyt.till. með 1. þm. Eyf. (H. H.). Nefndin hefir lagt til, að Laufeyju Valdimarsdóttur veitist 300 kr. hvort árið. Hún er svo illa stödd af því að hún er kona, að hún getur ekki fengið námsstyrk við Kaupmannahafnarháskóla. Eru því 300 kr. alt of lítið. Leggjum við því til, að það sé hækkað upp í 500 kr. Má það ekki minna vera, ef það á að koma að nokkru haldi. Þingið veitti Ásg. Torfasyni 600 kr., og hefir það verið lágmark, þegar um námsstyrk hefir verið að ræða, svo sem til dýralæknaefna.

Svo er lán úr viðlagasjóði til Ólafs Jónssonar, að upphæð 6000 kr. Sótti hann um styrk til síðasta þings, en fékk ekki áheyrn. Hefir hann verið við nám og skortir fé. Er myndamótunargerð mjög nauðsynleg hér. Verður að senda allar myndir til útlanda og bíða lengi eftir þeim. Blaðamenn eru útilokaðir frá að hagnýta sér nýja viðburði. Ef nú þessi maður fengi þetta lán og settist hér að, þá gætu myndir af atburðum komið út í blöðunum daginn eftir, gamanmyndir breiðst út þegar í stað, áður en tilefni þeirra væri gleymt orðið. Gæti það bætt atvinnu margra manna. Vona eg því, að menn fallist á tillögu þessa, þótt lítið sé til í viðlagasjóði. Vona eg, að landsstjórninni sé að minsta kosti kleift að veita þetta lán, ef samþykt er. Annars vona eg, að þetta þing gangi svo frá, að nýjar tekjugreinar finnist, og því ekki að óttast tekjuhalla. Íslendingar verða að borga sín eigin útgjöld, eins og aðrar þjóðir. Eru það ekki stórhuga menn, sem vilja spara 2—300 kr. á einstökum mönnum, og það sínum beztu mönnum.

Eg vil áður en eg sezt niður, svara dálitlu hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.). Um Einar Hjörleifsson er eg honum sammála, en mér finst hann ekki vera jafn nærgætinn, þar sem hann kallar skáldlaun Þorsteins Erlingssonar eftirlaun. Gæta verður þess, að Þorsteinn yrkir í ljóðum; er hann seinn, en vandvirkur. Er það kostur á hverju skáldi. Hefir hann unnið að »Eiðnum« nú um nokkur ár, og mikið búið til prentunar. Annars þykir mér það ekki viðeigandi, að meta skáld eftir árlegum arkafjölda. Eg skyldi ríma 100 arkir á ári fyrir kaup, ei menn vildu, og láta það jafnast á við þingvísurnar, sem hér er orðið fult af. Er engin ástæða að ákveða laun eftir vöxtunum, en hitt er sjálfsagt hægt, að þingmenn fái að sjá handrit Þorsteins. Skal eg svo ekki tala meira að sinni, en áskil mér að taka til máls aftur.

Jón Sigurðsson: Eg vil fyrst minnast á breyt.till. á þgskj. 396, um styrk til þess að koma upp gistihæli í Fornahvammi. Síðan vetrarferðir urðu tíðari, hefir umferð aukist þar mjög. En svo vill fara fyrir þeim, sem færa bygð

saga. Þessir eru annars efnis. Er það ný grein, sem ekki hefir verið ritað áður um á voru máli. Það er Erkendelsestheori, eða rökfræði í rýmsku merkingu, sálarfræðislegar athuganir. Verður yfirlit yfir þessa fyrirlestra lagt hér fram á lestrarsal, svo mönnum gefist kostur á að kynna sér það. Eg hefi ekki átt kost á sjálfur að hlusta á þessa fyrirlestra, en það veit eg, að Guðmundi er vel lagið að setja skemtilega fram efni, enda segja þeir, sem á hafa hlustað, að svo sé. Tvo af þeim hefi eg þó lesið. Eg lagði eitt sinn fyrir mig sama efni. Sótti eg þá um styrk til þessa þings, til þess að lesa uppeldisfræði. En menn hlógu hér einungis að því, og þótti undrum sæta, að nokkur skyldi láta sér detta í hug að fást við slík efni. Meðflutningsmaður minn hefir sjálfur heyrt á þessa fyrirlestra, og getur því mælt með þeim eftir eigin reynd.

Þá kem eg að tillögunni um viðskiftaráðanautinn. Nefndin leggur til, að sú fjárveiting falli niður. En eg hefi lagt til að varið væri til þess 15000 kr., og hefi eg sundurliðað það þannig: 4000 kr. í laun handa viðskiftaráðanaut, 2000 kr. í ferðakostnað handa honum, 1000 kr. í skrifstofukostnað og 8000 kr. handa verzlunarfulltrúum. Fyrir einn mann yrði það ómögulegt að afkasta öllum þeim störfum. Þarf hann því að hafa skrifstofu og fé til hennar. Síðan hugsa eg mér, að hann fengi sér fulltrúa í þeim löndum, sem helzt þyrfti. Gæti hann fengið þá fyrir 1000 kr. hvern og suma fyrir ekkert, og mundi velja þá í sambandi við stjórnina. Á skrifstofu hans hér ætti svo að leggja út bréf, sem kæmu til manna hér, og snúa bréfum fyrir þá á önnur mál. Sjálfur viðskiftaráðanauturinn héldi svo fyrirlestra og færi ferðir til ýmsra landa, ekki að eins til höfuðstaðanna, heldur einnig til ýmsra annara staða.

Hvernig sem þessu máli reiðir af nú, þá er það spá mín, að innan fárra ára verði þetta mál tekið upp aftur, ef það verður felt nú. Ef menn láta sér þessar 15000 kr. vaxa í augum, sem er ekki meira fé en svo, að ein stór verzlun hér brúkar jafnmikið á ári fyrir símskeyti og stór verzlun erlendis fyrir auglýsingar, þá á eg bágt með að skilja hugsunarhátt manna. En eg veit, að þetta vex mönnum í augum. Eg hefi gaman af að heyra tillögur manna í þessu efni, en mun svo líklegast létta þeirri byrði af mönnum að tala meira um þetta efni.

Þá er við 19. gr. að athuga tvo þriðju hlutana frægu, og skal eg ekki orðlengja um það mál. Þá hefi eg farið fram á að Jóni Ófeigssyni verði veittar 1500 kr. til að semja þýzk-íslenzka orðabók. Hann sótti að eins um 1300 kr., og má lagfæra þetta við 3. umr. Hann ætlast til að bókin verði 45 arkir. Síðasta þing veitti til hverrar arkar 50 kr., en það er alt of lítið. Eg ætlast því til, að styrkurinn sé 80 kr. fyrir hverja prentaða örk. Allur kostnaður til bókarinnar yrði því 3600 kr.

Viðskifti við Þýzkaland fara stöðugt vaxandi, og þýzkunám að því skapi. Er því þjóðarnauðsyn að fá þessa bók. Hún er jafn-nauðsynleg og enskunámsbækurnar á sínum tíma. Eg hefi hér í höndum meðmæli frá sameiginlegum kennara okkar beggja, prófessor Möller í Kaupmannahöfn. Skal eg leyfa mér að lesa þau upp:

»Jón Ófeigssons þýzk-ísl. orðabók, hvoraf jeg har set tre Prövesider, forekommer mig at være en meget brugelig Ordbog, der vil være til stor Nytte for mange Islændere. Det er meget hensigtsmæssigt, at der ved Fremmedord,

100 þús. kr. og til fræðslumála samkv. fræðslulögunum um 60 þús. kr. — En þrátt fyrir þetta alt saman, er eg viss um að hægt er að láta frv. fara út úr þessari deild í sómasamlegu standi, án þess að víkja sér undan óhjákvæmilegum skylduverkum fjárveitingarvaldsins, heldur með því að víkja á bug, því sem vel getur beðið eða fallið niður og koma sumu öðruvísi fyrir. Ef við t. d. tökum okkur til og kippum burtu úr frv. öllum þeim fjárveitingum, er ekki geta talist til skylduverka landssjóðs. — Hefi eg komið með breyt.till. á þskj. 536 í þá átt, að kippa burtu ýmsu, sem eg hefi ekki áður haft mikið á móti, því þegar svo er komið, að þingið *þarf* að fara að skjóta á frest nauðsynlegum, árlegum hlutverkum sínum, þá er ekki horfandi í hitt, sem fjær liggur, og þá verða þingmenn að sýna sjálfsafneitun og leggja frá sér alla hreppapólitík. Af breyt.till. mínum eru 3 þess efnis að fella af frv. alla sýsluvegina. Eg hefði feginn viljað, að þingið hefði getað stutt þessar vegagerðir. En að styrkja þær, og taka fé beint frá nauðsynlegum aðgerðum á landssjóðsvegum, sem landsverkfræðingur hefir farið fram á, finst mér ekki koma til mála.

Þá kemur till. mín um að fella niður Stykkishólmssímann. Hún er ekki eiginleg sparnaðartillaga, heldur einungis til þess að komast hjá tekjuhalla á fjárlögunum. Eg hefi sem sé ásamt öðrum þingm., lagt fyrir þingið frv. til laga um símakerfi Íslands, þar sem stjórninni er heimilað lán til símalagninga, og þar verður Stykkishólmssíminn vafalaust í fyrirrúmi; munurinn einungis sá, að síminn verður þá bygður með lánsfé, en ekki settur á landssjóðstekjur eða til þess að auka tekjuhalla á fjárlögum. Eiginlega ætti aldrei að afgreiða fjárlög með tekjuhalla, heldur hafa þau fyrirtæki, sem eru þess eðlis, að komið geti til mála, að taka lán til þeirra, og árstekjur ekki hrökkva til, á sérstökum lögum, þar sem lánsheimild er einnig handa stjórninni. Hin árlegu gjöld landssjóðs verður að takmarka við upphæð teknanna.

Þá skal eg víkja máli mínu að vitanum á Bjargtöngum. Mér kom það nokkuð undarlega fyrir sjónir, þegar fjárveiting til þeirrar vitabyggingar var samþykt við 2. umr. Vitamálunum er svo varið á þessum fjárlögum, að forstöðumaður vitanna hafði lagt til, að 4 vitar yrðu bygðir á þessu fjárhagstímabili, einn á Vattarnesi, annar á Flatey, þriðji á Skaga og fjórði á Kálfshamarsvík. Þessir 4 vitar eru áætlaðir á ca. 40.000 kr. Stjórnin treysti sér þó ekki til að taka á fjárlagafrv. sitt nema Flateyjarvitann, en lagði þó til, að vitagjaldið væri hækkað, svo að nemur 20 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, og sýnist það nokkuð undarlegt. Fjárlaganefndin vildi nú, að 2 vitar yrðu bygðir og að það væru vitarnir á Húnaflóa, en Flateyjarvitanum yrði slept. Eg veit ekki, hvort það þykja meðmæli með mér, að eg var samþykkur því að sleppa vitananum á Skjálfanda, sem er í mínu kjördæmi, en ef svo er, þá vona eg að menn taki tillit til tillagna minna. En svo kemur breyt.till. frá háttv. þm. Barð. (B. J.) fyrverandi ráðherra, að viti sé reistur á Bjargtöngum. Engin tillaga frá vitastjóra er þó til um þessa byggingu og engin áætlun. Hvorki hann né aðrir vita um það, hvað þessi viti á að kosta. Þessi tillaga var þó samþykt, vitinn átti að koma, hvað sem það kostaði. Sömu menn, sem feldu Flateyjarvitann, innsiglingarvitann á Eyjafirði, sem vitastjórinn ætlaðist til að bygður yrði, eina vitann, sem stjórnin tók á fjárlagafrumvarp sitt, greiddu

atkvæði með þessum vita, sem vitastjóri álítur, að eigi að bíða og hefir því hvorki rannsakað né gert áætlun um. En hér er alt á sömu bókina lært fyrir fráfarandi ráðherra (B. J.) og fyrv. stjórnarflokki. Álit fagmanna, eða þeirra, sem sérstaklega kynna sér málin og hafa yfirlit yfir landið alt, er eldur í þeirra beinum. Þetta hefir komið fram í nærfelt öllum afskiftum fráf. ráðherra (B. J.) af fjárlagaundirbúningnum. Eg get auðvitað ekki sett mig *ákaft* á móti þessum vita, því að eg veit, að sjómenn eiga heimtingu á, að vitagjaldinu sé varið til nýrra vita, en eg vil þá líka láta reisa vita á Vattarnesi fyrir austan. Hann á að sitja fyrir samkvæmt till. vitastjóra og um hann er ábyggileg áætlun. Eg hefi áður leitast við að kynna mér þessi vitamál, þótt eg sé enginn sjómaður, og lífi ekki af sjávarútvegi né siglingum. Eg hefi átt tal við hina kunnugustu kafteina hér við land, og þeir hafa lokið upp einum munni um það, að ekki væri mest um vert að hafa vitana stóra, heldur nokkuð marga. Þeir hafa nefnt mér helztu staðina, þar sem vita væri brýnust þörf, en enginn þeirra hefir minst á Bjargtanga.

Þá kem eg að breyt.till. á þgskj. 538, um að fella niður hækkun á styrk til búnaðarfélaga. Eg hefi aldrei vitað, hvernig á þeirri hækkun stóð, og þótt eg sé bóndi og kannské hneigður til að skara eld að köku minnar stéttar, þá vil eg ekki hækka hann, en hefi aftur á móti ekki á móti því, að hann verði jafn hár og áður. Eg held líka, að styrk þessum sé ekki varið eins heppilega og hægt er, með því að skifta honum niður í verðlaun fyrir unnin dagsverk að jarðabótum. Raunar hefi eg litið svo á, að þessum styrk, sem brytjaður er niður fyrst til búnaðarfélaga um land alt, og síðan af þeim, eftir dagsverkatölu, án tillits til annara verðleika, en þeirra, að hafa kringumstæður á að brölta sem mest í jarðabótum, væri betur komið í höndum Búnaðarfél. Íslands. En það er ekki ennþá komið svo gott skipulag á félagið, að eg álíti vert að leggja þetta fé í hendur þess að sinni, en þegar það vex að reynslu og þroska, verður meiri ástæða til þess og þá veit eg líka, að fénu verður betur varið.

Þá hefi eg lagt til, að fjárveiting til bryggjugerðar í Hafnarfirði sé feld burtu. Menn munu nú kannské bera mér á brýn hlutdrægni, að eg geti ekki unt Hafnarfirði hins sama og Reykjavíkur og mörgum öðrum stöðum, en eins og fjárhagurinn er nú, verður landssjóður að takmarka sig og draga sum þarfafyrirtækin til betri tíma. Það hafa líka fyrir 20 árum verið ráðgerðir vegir um alt land, en fjöldinn allur af þeim er ekki lagður enn þann dag í dag og hætt er við, að 20 ár líði enn, þangað til allir þeir vegir, sem gert er ráð fyrir á vegalögunum, eru lagðir. Eins er eðlilegt, að margar hafnir verði að bíða betri tíma, þótt nauðsynlegar séu. Annars vil eg biðja menn að spara sér þau ummæli, að eg komi með þessar tillögur að eins í því skyni, að eyðileggja fyrir öðrum. En eg hefi ekki komið með breyt.till. um neitt, sem eg gæti sýnt mína persónulegu sjálfsafneitun á. En því er nú svo varið, að fyrir mér er ekki hægt að eyðileggja nema eina bryggju og það er mönnum guðvelkomið, ef þeir álíta það rétt. Eg skal engum reiðast fyrir það.

Ennfremur er eg riðinn við breyt.till. um að nema burt styrk til Goodtemplara, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) mun gera grein fyrir, og sömuleiðis br.-till. við Kvennaskólann og Flensborgarskólann, sem báðar miða í sparnaðaráttina. Þessi sparnaður, sem eg fer fram á í till. mínum, nemur alls 123

þús. kr. Nú kemur talsverðnr tekjuauki við þau lög, sem væntanlega verður samþykt, lögin um aukatekjur landssjóðs, vitagjald og erfðafjárskatt, Tekjuaukinn við þessi lög má gera ráð fyrir að verði 32—33 þús. kr. á ári, eða 65 þús. á fjárhagstímabilinu. En nú er líka á leið í E. d. frv. um frestun bannlaganna, og nái það fram að ganga, má að minsta kosti treysta tölunni í tekjuáætluninni um vínfangatollinn 330 þús. kr. í tvö ár. En eg hygg ekki fjarri sanni, ef bannlögunum verður frestað, að vínfangatollur mundi nema 200 þús. kr. á ári, ef framkvæmd laganna er frestað um svo stuttan tíma, því að kaupmenn munu þá eflaust flytja meira inn. Vínfangatollurinn yrði þá 400 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, eða 70.000 kr. meira en áætlað er. Svo er tekjuauki af þrem stj.frv. 65,000 kr. og sparnaðartill. minar, sem nema 123.000, þetta verður til samans 258.000 kr. Þarna er þá burt numinn sá tekjuhalli, sem eg í byrjun ræðu minnar skýrði frá. Þetta getur deildin, ef hún vill, og ef þingmenn vilja neita sér um sína sérstöku kepphesta. Eg get stilt mig um, að greiða atkvæði með öðrum gjaldahækkunum, en eg í upphafi nefndi. En svo getur farið við atkvæðagreiðsluna, ef eg sé, að þetta fióð af hækkandi tillögum ætlar að skella yfir, að eg þá greiði atkvæði með sumum hækkunartill., sem eg get verið á móti í því skyni, að ná því takmarki með fjárhaginn, sem eg hefi bent á. Eg vil þó ekki að það réttmætasta af þessum tillögum verði útundan hinum, sem lítinn eða engan rétt eiga á sér.

Þá verð eg að fara örfáum orðum um breyt.till. um Flensborgarskólann og skal geta þess, að fyrir mér vakir það eitt með tillögunni, að reyna að reisa skorður við því, að stofnanir, sem landinu koma ekki beinlínis við, vaxi landssjóði yfir höfuð og gerist altaf ásælnari og heimtufrekari. Jafnvel hefi eg viljað reisa skorður við of mikilli fjáreyðslu til berklahælisins, hvað þá til stofnunar eins og Flensborgarskólans. Þótt oft hafi verið góðir kennarar í Flensborg, þá er það þó víst, að þaðan hafa verið útskrifaðir menn, sem alls ekki hafa verið sendibréfsfærir. Eg minnist þess, að háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) las einu sinni upp bréf hér í deildinni frá einum kandídat af Flensborg, sem sýnishorn upp á kunnáttuna, og sá maður gat ekki álitist sendibréfsfær. Þessi skóli á engu meiri heimtingu á landssjóðsstyrk, þótt hann standi í Hafnarfirði en t. d. unglingaskóli á Norðurlandi. Um gagnfræðaskólann á Akureyri og mentaskólann hér í Rvík er alt öðru máli að gegna. Þá skóla hefir landið tekið upp á sína arma, þeir eru opinber eign. En þessi unglingaskóli er ekki annað en privatskóli, sem getur vaxið landssjóði yfir höfuð, ef hann er að öllu tekinn á landssjóð og dregur alla núverandi og væntanl. unglingaskóla landsins í kjölfarið. Verst er þó þegar háttv. þm. eru að bendla stofnanda skólans við þá hugsun, að landssjóður ætti að kosta hann að öllu eftirleiðis, því gat hann ekki eins ætlast til, að hreppurinn, sem hann gaf skólann upphaflega styrkti hann. Landið hefir aldrei tekið skólann að sér og hefir ekkert yfir honum að segja. Sýslunefndin kýs skólastjórnina og hið opinbera hefir ekkert með skólann að gera, nema auðvitað samskonar eftirlit með honum, eins og öllum öðrum privatskólum í landinu, sem njóta landssjóðsstyrks. Annars er það einkennilegt, ef menn hafa haft einhverja stofnun til þess að einblína á í 20 ár, þá á það að vera svo virðingarvert, að sjálfsagt sé að

landssjóður taki stofnunina að sér. Ef til dæmis andlegu askloki er hvolft yfir sjónir heiðursmanna, svo að þeir sjá ekki sólina fyrir einhverri stofnun, þá vinnur hún álit fyrir það. Slíkt þröngsýni er alt annað en virðingarvert í mínum augum. Eg vil biðja menn að gæta þess, að ef landssjóður veitir skólanum að eins $^3/_4$ hluta styrks móti $^1/_4$ annarsstaðar frá, takmarkast landssjóðstillagið við það, sem þeir, er nota vilja skólann leggja fram, en ef landssjóður á að leggja skólanum alt til, þá er engin trygging fyrir, hve langt verður komist í heimtufrekjunni og jafnvel eyðsluseminni á endanum.

Þá hefi eg komið með brtill. við br.-till., um að breyta skilyrðunum fyrir girðingalánum. Það var ætlast til, að lánin væru veitt til 20 ára, væru afborgunarlaus í 4 ár, en yrðu svo borguð á 20 árum með $4^1/_2$ % rentu. Eg legg nú til, að ábúendum á þjóðjörðum og kirkjujörðum séu veitt hagkvæmari kjör, þannig, að lánin greiddust með jöfnum árgjöldum 6% í afborgun og vexti í 28 ár; þannig yrði lánið létt kvöð jörðinni, sem jarðabótin stæði vel á móti. Þetta gæti gefið landssjóði fulla vexti, en er einhver sá auðveldasti vegur til þess að styrkja leiguliða á landssjóðsjörðum til jarðabóta. Eg vona því, að þessi brtill. mín fái góðar undirtektir hér í deildinni.

Þá er enn ein breyt.till. frá mér viðvíkjandi gufuskipaferðum. Eg og fleiri í nefndinni lítum svo á, að með því að þingið samþykti fjárveitingu til Thorefélagsins, með skírskotun til samningsins, hafi það viðurkent samning þann, sem fyrverandi ráðherra (B. J.) gerði við félagið og teldi hann lögmætan að öllu, þetta hefi eg ekki getað fallist á, því að samningurinn er í sumum atriðum ólögmætur og mjög ófullkominn þar að auki. Þar með er ekki sagt, að þingið skuli ónýta samninginn, en að eins það, að við viljum ekki binda hendur nýrrar stjórnar í því að fá honum breytt. Jafnvel þótt samningurinn væri ekki ólöglegur, sem eg hefi ekki heyrt lögfræðinga greina á um að væri, þá getur öllum komið saman um, að hann er óheppilegur í mörgum atriðum og æskilegt væri að fá honum breytt. Ef brtill. verður samþykt, stendur að eins 60 þús. til gufuskipaferða, en við höfum þá ekki bundið hendur okkar, hvorki með tilliti til Thorefélagsins eða annara félaga.

Fleiri till. ætla eg ekki að fara út í, enda hefi eg orðið nokkuð langorður.

Hálfdan Guðjónsson: Nafn mitt stendur hér á tveim breyt.till. Verð eg að minnast á báðar. Þær eru á þgskj. 546 og 574. En í sambandi við aðra þeirra verð eg líka að minnast dálítið á brtill. á þgskj. 506 og 536, því að þær eru henni mjög skyldar. Hin síðarnefnda fer fram á dálítinn vegabótastyrk, sem snertir kjördæmi mitt, og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vill nema burtu. Eg hélt nú satt að segja, að nægileg grein hefði verið gerð fyrir þessari fjárveitingu við 2. umr., en h. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir ekki látið sér nægja þær upplýsingar. Á seinasta þingi var veitt dálítil fjárupphæð til þessa vegar, en hún nægði ekki til þess að koma vegarspottanum á þurt land, þ. e. a. s. í samband við færan veg. Það var því ekki annað fyrir hendi, en að fara fram á dálítinn viðbótarstyrk, svo að vegurinn gæti komið að fullum notum. Háttv. fjárlaganefnd hefir líka fallist á þessa beiðni okkar, en háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir nú snúist öndverður á móti henni. Eg hygg, að ef hér yrði staðar numið, mundi mörgum ferðamanninum bregða í brún, þegar hann kæmi af bezta reiðvegi út í hinar verstu torfærur og sæi, að hann kæmist hvorki

um strönd né lönd. Hann mundi spyrja, hver hefði ráðstafað þessu, og þá væri leiðinlegt ef svarið yrði: Það hefir h. þm. S.-Þing. (P. J.) gert. Málefnisins og mannsins vegna vona eg, að ekki fari svo ólíklega, og vænti þess, að h. deild lofi fjárveitingunni að standa.

Þá verð eg að minnast á breyt till. okkar þm. Húnv., sem fer fram á það, að færa saman í eina tölu þær tvær fjárupphæðir, sem veittar eru til kvennaskólans á Blönduósi. Við komum með tillöguna aðallega í því skyni, að samræmi kæmist á í fjárveitingunni til þessa skóla og kvennaskólans í Reykjavík, en annars er okkur þetta ekki mikið kappsmál. En þegar eg lít á breyt.till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), sé eg að hún fer í nokkuð gagnstæða átt við tillögu okkar, frumvarpsins og nefndarinnar. Það fer ekki mikið fyrir þessari breyt.till. hans, en þegar hún er athuguð nánara og ræða háttv. þm. skoðuð um leið, sést ljóslega, hvað hún fer fram á, og það er að allur styrkur til skóla þessa sé feldur niður og skólinn þá að sjálfsögðu lagður niður, því að styrklaust býst eg ekki við, að hann ætlist til að þessi skóli starfi, fremur en aðrir skólar. Sá tilgangur hans kom og berlega fram í ræðu hans í dag. Þetta óhapp, bruna skólans og forlög byggingarstyrksins til skólans í efri deild í gær, vill háttv. þm. nota til að loka skólanum, hinni einu mentastofnun, sem opin stendur fátækum stúlkum. Háttv. þm. litur án efa svo á, að skólastofnun þessi standi nú óvanalega illa að vígi eftir þessi óhöpp. Það tækifæri vill hann ekki láta ganga sér úr greipum ónotað. Raunar sagði þm. jafnframt einhver fremur óákveðin orð um það, að þarna ætti í þess stað að koma upp einhver gagnleg mentastofnun. Hann skoðar þá ekki þá stofnun gagnlega, sem styður eingöngu að mentun kvenna. — Að svifting alls fjárstyrks miði til þess, að þarna komi upp önnur gagnleg mentastofnun, er mér alveg óskiljanlegt. Maður skyldi nú ætla, eftir framkomu háttv. þm. í kvenréttindamálinu og tillögum hans gagnvart þessum skóla, að hann mundi vera mótfallinn öllum fjárframlögum til kvenna, ef hann væri sjálfum sér samkvæmur. En svo er þó ekki. Hann hefir svo sterka trú á kvennaskólanum í Reykjavík, að hann vill leggja allmikið fé til þess skóla. Það er þó sú stofnun, sem heita má lokuð fyrir fátækum stúlkum, og þær yrðu þá að sitja hjá með sárt ennið, þótt námfúsar væru og góðum gáfum gæddar. Þær hefðu engin ráð á því að leggja fram hálfu meira fé til náms síns hér í Rvík, og svo miklu dýrara er þeim námið hér. Þetta er ekki vel gert, því að það veit þm. þó, að góð konuefni geta verið, þótt fátæk séu. Þeim vill hann meina mentabrautina, sem þeim er eðlilegust, en það er ódýr kvennaskóladvöl. Það er eftirtektartektarvert tímanna tákn, að sá andi skuli koma upp, þegar loks er farið að veita konum jafnrétti á við karlmenn með öllum þeim skyldum og allri ábyrgð, sem því er samfara og öllum þeim menningarkröfum, sem því fylgja, þá sé ráðlagt að loka samtímis menningarbrautinni fyrir fátækum, námfúsum stúlkum, sem hafa hug og hæfileika til að búa sig undir lífsstörfin og lífsskyldurnar, en lítil efni til þess. Í þá átt gengur þó tillagan, sem felur í sér fjörráð við þessa margreyndu, góðu stofnun. Að þessu athuguðu vona eg, að háttv. þingd. felli tillögur háttv. þm.

Á þgskj. 574 höfum við háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) lagt til að færa saman ýmsa styrki til einstakra manna, sem bundnir eru við skáldskap, listir og vísindi. Það vakti fyrir okkur, að það væri óheppilegt og óeðlilegt, að þingið

veitti þessa styrki, meðal annars vegna dómanna um styrkþega, sem falla óspart í umræðunum, listadóma, sem falla jöfnum höndum frá þeim, sem miður eru hæfir og betur til slíkra dóma, sem oft eru til ama styrkþegunum og sýna alloft misskilning á þeim og verkum þeirra. Till. ber með sér, að ekki er farið fram á beinan fjársparnað fyrir landssjóð, en óbeinn hagnaður er það þó að spara tíma þingsins og alt það þref, sem í þingtíðindunum birtist út af þessu. Því fé sem þannig sparast, væri betur varið til einhvers nytsamara. Sannarlega væri nytsamara að verja því fé, sem við það sparast, til þess að styrkja útgáfu góðra bóka og gagnlegra. Einhver þm. segir, að það sé þegar búið að tala um þetta og nú geti enginn sparnaður af þessu hlotist, en seinna koma sumir dagar, og þótt þessi stefna verði ekki ofan á nú, þá er hún þó vænleg til sigurs. Það teljum við ennfremur líklegt til sparnaðar í þessu efni, að líkindi eru til, að slíkum fjárbænum og fjárveitingum fjölgi ekki hóflaust, þegar sú upphæð er fastákveðin, sem verja má í þessa átt. Þessi stefna er ekki ný, en vandhæfi hefir á því þótt, hvernig ætti að framkvæma hana. Ef stjórninni einni væri falin úthlutunin, hafa sumir óttast hlutdrægni; sama mætti nú raunar segja um úthlutun þingsins. En þetta, að stjórnin veiti styrkinn eftir tillögu 5 manna nefndar kosinnar með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi, tryggir það bezt, að styrkurinn verði veittur fremur eftir verðleikum styrkþeganna, en flokksfylgi. Það má deila um það, hversu marga liði ætti að taka með, og má laga það síðar. Ekki geri eg það heldur að kappsmáli, þótt upphæðin væri færð niður. Mér þótti vænt um að heyra, að fjárlaganefndin var ekki mótfallin tillögunni, og er það bending í þá átt, að líklegt sé, að þessi stefna sæki fram til sigurs.

Hannes Hafstein: Eg ætla ekki í þetta sinn að taka þátt í þeim umræðum, sem hér hafa fram farið um aðalágreiningsatriðin, eins og t. d. Thorefélagsstyrkinn, kvennaskólamálið o. s. frv. Eg ætla að eins að minnast með fám orðum á 2 meinlausar breyt.till., sem eg er við riðinn.

Önnur breyt.till. mín fer fram á það, að prestmatan frá Grund í Eyjafirði gangi næsta fjárhagstímabil til þess að halda við kirkjunni á Grund. Sú till. er þannig tilkomin, að við þingm. Eyf. fengum í gærkveldi bréf frá biskupi og fylgdi því bréf frá Magnúsi Sigurðssyni bónda á Grund með beztu meðmælum prófasts, þar sem farið er fram á þetta, og það í viðbót, að prestmatan hverfi framvegis til kirkjunnar á Grund. Svo langt þorðum við þó ekki að fara, heldur leggjum vér til, að prestmatan gangi til kirkjunnar að eins þetta tímabil. Eg skal nú sýna, hverjar ástæður eru fyrir þessari tillögu. Magnús Sigurðsson er eigandi Grundarkirkju. Hann hefir, eins og þjóðkunnugt er, varið til kirkjunnar meira fé en hún getur nokkurn tíma borgað honum. 1904—1905 átti kirkjan í sjóði 1990 kr., en kirkjuna þurfti að byggja upp. Magnús sá það fyrir, eins og síðar varð raun á, að fækkað mundi kirkjum í Eyjafirði og þær lagðar til þessarar kirkju, en hún standa. Hann lét þá byggja kirkju, sem kostaði 25 þús. kr. og er það hin fegursta sveitakirkja á landinu. En nú þarf kirkjan viðhald og síðan hún var bygð hafa komið ný lög, lögin um sóknargjöld, sem rýra mjög tekjur kirkjunnar, svo að þær eru nú að eins 123 kr. og nægir það varla fyrir venjulegum ársútgjöldum, því að enn eru breytingar þær á prestakallaskipuninni, sem ráð er fyrir gert, ekki komnar til fram-

kvæmda. Nú í sumar þarf að mála kirkjuna, og Magnúsi Sigurðssyni hefir dottið í hug, að ekki væri viðkunnanlegt, að hann auk þessara gjalda yrði einnig sem eigandi kirkjunnar að greiða prestmötu 2 hdr. á landsvísu, sem skiftist svo, að $^2/_3$ ganga til hlutaðeigandi prests, en $^1/_3$ til prestins á Akureyri. Biskup mælir með beiðninni, enda er hún svo hógvær, að eg vona, að háttv. deild samþykki hana. A næsta þingi kemur til athugunar, hvort tekjur kirkjunnar hafa aukist eða aðrar kirkjur lagst til hennar, svo að fella megi þennan lið niður. Eg skal geta þess, að prentvilla er á þskj., 200 áln., á að vera 2 hdr. á landsvísu, og er það leiðrétt með annari brt.

Hin breyt.till. er á þgskj. 539. Hinn h. samþm. minn (St. St.) hefir gert grein fyrir henni og hvað nauðsynlegt sé til þess að flutningabrautin í Eyjafirði komi að fullum notum, að árnar séu brúaðar, sem eru á þeim hluta brautarstæðisins, sem enn er ógerður. En þess er enginn kostur, nema landssjóður leggi fram fé til þess, því að þetta er lögákveðin flutningabraut og fé má ekki leggjast til hennar úr sýsluvegasjóði eða hreppsvegasjóði. Í 10 ár hefir ekkert verið veitt til framhalds brautarinnar. Upphæðin er sú sama, sem við bárum fram við 2. umr. að yrði varið til flutningabrautarinnar. En nú förum við fram á að brúa þessar ár: Finnastaðaá, Skjóldalsá og Djúpadalsá, alls 9500 kr. Þar við bætist fyrir áhöld og verkstjórn 500 kr. Ef þetta næði fram að ganga yrði mögulegt að fara með vagna mikið af veginum milli Grundar og Saurbæjar, með því að ryðja og slétta milli brúnna svo að akfært yrði. Eg vona, að þingd. líti sanngjarnlega á þetta mál, sökum þess, hve lengi hefir dregist að halda áfram brautinni, og má svo að orði kveða, að héraðsmönnum sé *lögbannað* að gera þessar brýr, meðan ekkert fé er veitt til þeirra, af því það er *lögboðið*, að landssjóður skuli kosta brautina og brýrnar.

Eg skal áður en eg sest niður gera stutta fyrirspurn til háttv. fyrverandi ráðherra (B. J.). Eg sé að í 16. gr. stendur lítil upphæð, 300 kr., í leigu eftir Gullfoss. En nú hefi eg heyrt, að ráðherra hafi 1909 leigt fossinn norskum ingeniör Johnson að nafni, og hafi hann verið að selja aktiur og mynda félag til að nota fossinn. Sé þetta satt, þá skil eg ekki, að þessi lið̈ur þurfi að standa á fjárlögunum. Eg vænti, að háttv. fyrverandi ráðherra taki af öll tvímæli um það, hvernig í þessu liggur.

Bjarni Jónsson: Eftir tillögum hins háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er ætlast til að fella niður fjárveitingu til símans frá Búðardal til Stykkishólms. Það tel eg illa ráðið, ekki sízt fyrir þá sök, að þessi fjárveiting var tekin út af fjárl. á síðasta þingi. Eigi síður verr ráðið er það að fella niður fjárveitingu til símans á spottanum milli Búðardals og Borðeyrar, 14 þús. kr. Þótt fjárhagur landsins sé þröngur, þá er það ekki ráð að hefta bráðnauðsynleg fyrirtæki, heldur hitt, að bæta svo tekjurnar, að fyrirtækin hafist fram. Nú liggur fyrir þinginu frumv. um farmgjald, sem auka mun tekjur landssjóðs um 180—200 þús. kr., og ættu þeir menn, sem mest kvarta yfir því, hve fjárhagur landsins sé þröngur, að aðhyllast það frumv. eða leggja á bráðabirgðatolla. Einstaklingarnir græða ekki á því, að heft séu dýr fyrirtæki, ef þau eru arðvænleg, en landið tapar á því. Og það er skylda manna, að leggjast ekki undir höfuð neitt, sem orðið getur landinu til gróða og sóma. Það er lítill vandi og lítil framkvæmd til fjáröflunar til handa landssjóði, að skera og skera af nauðsynlegum útgjöldum, þangað til þau eru orðin jöfn á við áætlaðar tekjur. Það

hefði auðvitað þurft að koma skattalöggjöfinni í nýtt horf, en úr því það verður ekki gert nú, verður að finna úrræði til að afla landssjóði tekna á annan hátt, svo að eigi tálmist fjárskorts vegna nauðsynleg fyrirtæki.

Eg á hér tillögu um að 3000 kr. verði veittar til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga. Þetta er alfaravegur og póstleið. Er á á veginum, lífshættleg að haustlagi og vorlagi, þótt lítil sé endranær. Skrifar póstur mér, að hann verði oft að bíða við hana dögum saman. Eg skal ekki fjölyrða um þessa fjárveitingu; eg geri ráð fyrir, að menn séu henni hlyntir, einkanlega þegar þess er gætt, hversu þetta hérað hefir orðið útundan í fjárframlögum frá landssjóði.

Þá skal eg víkja að 14. gr. Fjárlaganefndin hefir lagt til, að veittar séu 8000 kr. til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers. Þetta er því undarlegra, sem jafnframt er lagt til, að unglingaskóli á Ísafirði fái 1500 kr. og á Seyðisfirði 1200 kr. Í kaupstöðunum er langódýrast og auðveldast að halda slíka skóla, en þangað ætlast nefndin til að veita meira heldur en til skóla í sveitunum, þar sem er miklu erfiðara um skólahald. Eg skil ekki, hvernig nefndin hefir hugsað sér þetta, eða vit mitt á skólamálum má vera mjög tekið að förlast. Nefndin leggur til, að veita 1500 kr. til einhvers lýðháskóla á Hvítárbakka. Hver er þessi skóli, hvert eftirlit er á honum og hverra kenslukrafta nýtur hann? Eg veit það ekki, en það ætla eg, að þessi skóli ætti ekki að heita lýðháskóli, heldur það, sem á útlendu máli er kallað »humbug«. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en það stendur vel á því, ef háskóli Íslendinga verður nú drepinn hér í deildinni, en þessi háskóli settur í staðinn, en ekki er mér gott í hug út af því. Þá fer hvað eftir öðru. Nú er ekki hægt að laga þetta með breyt.till., en ef eg næ einhvern tíma aftur í skottið á fjárlögunum, þá skal eg reyna að muna til þessa.

Aftur á móti er eg þakklátur fyrir styrkinn til séra Jóh. Lynge. Það var vel ráðið og viturlega, að bæta honum upp hallann, af því brauðasameiningin er ekki fram farin.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) vill lækka námsstyrki við presta-, lækna- og lagaskóla, en hækka þá við kvennaskólana. Eg óska þess, að allar þær niðurfærslur verði feldar, en hækkunin megi standa. Allar slíkar styrkveitingar eru nú orðnar svo lúsarlegar, að þær mega ekki lækka úr þessu.

Við 15. gr. eru nokkrar breyt.till Ein er frá háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) og háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) og fer fram á að sameina allan styrk til lista og vísinda og fá hann stjórninni í hendur til útbýtingar. Í sjálfu sér er mér þessi tillaga velþóknanleg. Það væri vel til fallið, að stjórnin veitti þennan styrk eftir tillögum hæfra manna. En ekki sparast nú með þessu það sem þegar er búið að veita, þótt vel megi þetta koma til athugunar næst. Svo er eg mótfallinn því, að féð verði veitt eftir tillögum nefndar, er kosin sé af sameinuðu þingi, það veitir enga tryggingu. Til þessa ættu að vera valdir formenn ýmissa stofnana, og af vísindamönnum einkum háskólaráðið, en af listamönnum formenn lista- og rithöfundafél. Þá mundi þess ekki gæta, hver flokkur er ofan á í þinginu. Og upphæðin, sem þeir hafa miðað við í till., 17 þús. kr., mætti ekki minni vera en 20 til 25 þús. kr. Hitt er ljót tala, og stjórnin hefði þá ekki heimild til að bæta við. Eg hygg, að ekki ætti að samþykkja þetta nú, af því að það kemur seint og er lítt undirbúið.

Þá er till. frá mér um að fella burtu 10. lið 15. gr., 600 kr. til þess að kom-

ast í Bernarsambandið. Eg talaði á móti því seinast, en láðist þá að geta þess, sem mest er um vert, en það er leikhúsið. Þetta er mest til þess gert, að hvert leikhús geti eigi grætt á leikurum með því að hver þjóð taki þá frá annari. Það er öllu minna atriði um þýðingarnar, sérstaklega fyrir okkur, þar sem svo fáar íslenzkar bækur eru þýddar á útlend mál. En leikhúsið okkar þarf auðvitað héðan af eins og hingað til að sækja nálega alt til útlanda. Og þótt vér getum fengið leyfi til þess að þýða, af því að vér erum svo fáir, þá er ekki víst, að höfundarnir leyfi okkur að leika leikrit sín fyrir ekkert, því að það halda þeir, að borgi sig, þar sem hér búa þó 10—15 þús. manna í bænum. En það vitum við, að yrði leikhúsinu óbærilegur skattur, ef það yrði að fara að borga útlendum höfundum nokkur hundruð krónur fyrir hvert rit. Eg legg því til, að þetta verði felt. Við töpum á því, en græðum ekkert. Aðra till. á eg um styrk til Jóh. S. Kjarvals. Hann er, eins og eg gat um við 2. umr., ungur listamaður, sem hefir kent sér sjálfur, og sýnt hér nokkrar myndir, þar á meðal er ein úr Borgarfirði eystra, sem Ásgrímur Jónsson segir að sé falleg. Eg bað í fyrstunni um hálfu meira handa honum og nú um þetta lítilræði, og býst eg ekki við, að menn verði á móti því. Pilturinn er efnilegur, og það sem mest er um vert, fullur skáldskapar í efni og litum, áhuga og trúar, ef honum að eins tekst að komast yfir þetta sker, undirbúningsmentunina. Vona eg, að hann vilji hjálpa til þess að skapa nýjan listamann þar sem hann er, hver veit hvað úr honum kann að verða?

Eg sé að nefndin hefir breytt styrknum til að semja þýzka orðabók. Nú eiga það ekki að vera nema 66 kr. fyrir örkina, 14 kr. dregnar af. Eg vil ekki segja um, hvort semjandinn muni taka það að sér, en ef hann gerir það, þá er það af því, að hann er fátækur, og það er ekki rétt fyrir þingið, að níðast á þeim mönnum. En ekki skal eg fjölyrða um það, þeir sem rétt vilja gera munu greiða atkvæði á móti þessu, og láta standa við það, sem samþykt var við 2. umr.

Þá er heiðursgjöfin til próf. Jensens, í 16. gr. Ástæðurnar fyrir því hafa nú einu sinni verið prentaðar, og skal eg því ekki fara langt út í þær, en það vil eg segja, að þeir menn, sem eru mér ekki samdóma í þessu, ættu þó að stilla sig um að gera lítið úr því, sem hann hefir gert. Hann á ekki skilið óþökk fyrir að gera gagn. Vér teljum Dani ekki skylda til slíks sem hann hefir gert, og gerum vel í því, að sýna einmitt með þessu, að vér skoðum þá sem útlendinga, en tökum ekki við velgerðum af þeim eins og sjálfsögðum hlut, af því að þeir séu limir á sama líkama og vér.

Svo er hækkun á styrk til Torfa í Ólafsdal, og býst eg við, að enginn mótmæli því né sjái eftir því, sem hann fær í elli sinni. Hann er nú yfir sjötugt og orðinn sjóndapur, og veit ekki nema hann missi alveg sjónina, og þá er þetta rýrt fyrir mann, sem hefir unnið landinu stórmikið gagn. Þeir sem ekki vilja veita honum þetta, eru beðnir að reikna út í dagsverkum, hve mikið vér græddum á því, að hann útvegaði oss ensku ljáina í staðinn fyrir gömlu spikurnar. Og rétt er það, sem nú var hvíslað að mér, að síðan höfum við ekki þurft að rífa og höggva skógana til viðarkola til þess að dengja við, og er það ekki lítill sparnaður. Að minsta kosti verða þeir, sem vex í augum að hafa 4 skógarverði, að játa það, að örðugra mundi að vera án þeirra, ef þessa hefði eigi notið.

Nú eru ekki fleiri breyt.till. frá mér, en við 22. gr. er till. frá háttv. þm. Vestm. (J. M.) um 60 þús. kr. lán til hafnargerðar í Vestmanneyjum. Eg vil leyfa mér að mæla með þessari tillögu, því að sá staður er sjálfsagðastur, næst Reykjavík, til hafnargerðar, einkum nú í sambandi við það, er hraðfréttasamband fæst þangað í einhverri mynd. Það getur enginn sagt, hve miklar tekjur það mundi gefa af sér. Þá geta öll fiskiskip leitað þangað. Það er ekki nema nokkurra klukkutíma sigling, og tvent ólíkt eða fara inn í botn á Faxaflóa. Þessi eini tekjuauki mundi hrökkva til vaxta og afborgana, eða ef til vill borga alt lánið. Annarsstaðar eru hafnir víða nær eingöngu fyrir þá einstöku staði, en bæði hér og í Vestmannaeyjum fyrir alt landið. Það er sparnaður að lána fé til þessa af því það er gróðafyrirtæki og mætti sanna með áreiðanlegum tölum að svo er. — Eg skal svo ekki segja meira nú, en mun geyma mér rétt minn þangað til seinna.

Ólafur Briem: Við 16. gr., 14. lið er breyt.till. á þgskj. 576, er eg hefi leyft mér að koma fram með, snertandi styrkinn til samvinnusmjörbúa, sem háður er reglum, sem settar voru í lögum 10. nóv. 1905. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem með réttu skoðar sig eins og málflytjanda smjörbúanna, hefir mælt harðlega á móti þessari till. Þurfti hún þó ekki að koma honum á óvart, því að við 2. umr. lágu hér fyrir tvær slíkar till., sem teknar voru aftur í það skifti. Málið var komið í talsvert óefni, og því ekki nema rétt að reyna að bæta úr því, sem þá sást yfir. Eg skal nú til réttlætingar tillögunni bera fyrir mig orð og ummæli tveggja þingnefnda, er fjölluðu um málið 1905, þegar samin voru ákvæðin, sem nú gilda. Í nefnd þeirri, sem skipuð var í neðri deild þingsins, sat meðal annara núverandi biskup landsins, sem þá var formaður Búnaðarfélagsins, en skrifari og framsögumaður nefndarinnar. Í nefndarálitinu er kveðið svo að orði:

»— — Vér lítum svo á, að sanngjarnt væri, að öll búin nytu verðlaunanna sem næst um jafn langan tíma, t. d. 6—10 ár; gengju þá elztu búin frá, hvert af öðru og á einhverju settu ári væru verðlaunin úr sögunni hjá öllum búunum«.

Þessi ummæli standa ómótmælt í nefndaráliti n. d., en nefndin í e. d. kemst svo að orði:

»— — Vér viljum einnig taka það fram, að jafnvel þótt vér álítum, að þessi styrkur eigi aðeins að vera bráðabirgðastyrkur, þá álítum vér þó, að öll sanngirni mæli með því, að þessum styrk verði haldið svo lengi, að einnig þau samvinnusmjörbú, sem eru alveg nýstofnuð, njóti nokkur ár styrks við, og helzt, eins og nefndin í n. d. segir, að öll búin nytu styrks sem næst um jafn langan tíma.«

Háttv. þm. talaði um það, að elztu smjörbúin hefðu verið að komast á laggirnar fyrstu 4 árin, svo að eiginlega væru þau ekki búin að njóta styrksins fullkomlega nema í 6 ár. Það er nú einmitt lágmarkið, sem neðri deildar nefndin á þinginu 1905 lagði til, að yrði fast ákveðið, og það er ekki ósanngjarnt að binda styrkinn þessu skilyrði og láta nýrri bú komast að, en kippa ekki styrknum alveg burt við öll búin í einu. Það er réttara að láta hann smáhverfa og binda hann við það, að elztu búin verði smátt og smátt látin ganga úr.

Þá er á þgskj. 577 lítilsháttar brt. við 15. gr. 8. lið viðvíkjandi styrk til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, um að orðin »alt að« falli burtu. Afleiðingin af því að halda þessum orðum þarna er sú, að ef allar umsóknir um slíkan styrk nema eitthvað lítið meira en hámark fjárveitingarinnar,

1500 kr., verður að draga tiltölulega af öllum umsóknunum, og þá er ekki hægt að veita neinu sýslubókasafni styrk fyr en allar skýrslur eru komnar, eða ekki fyr en ári síðar en vera ætti. En ef þessi breyting er gerð, þá má veita jafnóðum og umsóknirnar koma, með þeirri einni takmörkun, sem fjárlögin setja, að eigi minna fjárframlag komi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði. Ef það reyndist, að landssjóði yrði ofvaxið að greiða helming á móti því, sem sýslunefndirnar leggja til, þá mætti auðvitað takmarka það, en það er ekki reynsla fyrir því enn sem komið er, og þótt upphæðin yrði eitthvað hærri en nú, t. d. kæmist upp í 2 þúsund kr. á ári, þá væri það ekki neitt ísjárvert.

Þá er tillaga á þgskj. 574, sem eg ásamt háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) hefi leyft mér að koma fram með. Hann hefir nú talað fyrir henni allrækilega. Efni hennar er aðallega það, að af fjárhæð þeirri, sem ætluð er til vísinda, bókmenta og lista, veitist styrkur eftir tillögum 5 manna nefndar, er kosin sé af sameinuðu alþingi. Tilgangurinn er ekki eingöngu sá, eins og sagt hefir verið, að spara umræður í þinginu um skáldstyrki og aðrar fjárveitingar til vísinda, bókmenta og lista, heldur aðallega hitt, að tryggingin yrði meiri fyrir því, að slíkir styrkir yrðu veittir að verðleikum og kæmu að tilætluðum notum, þegar þeir menn væru hafðir með í ráðum, sem nægan tíma hefðu til þess að skoða og dæma í ró og næði. Nú er veittur styrkur til hins og þessa, sem einstakir þingmenn bera fram og beitast fyrir oft og tíðum af meira kappi en forsjá. Og sérstaklega er mikill bagi að því, að með þessu lagi skortir algerlega nauðsynlegt heildaryfirlit yfir slíkar fjárveitingar og samanburð á réttmæti þeirra. Fyrir þinginu liggja að vísu umsóknirnar með misjafnlega fullkomnum upplýsingum. En þar á móti er oft misbrestur á því, að þingið fái eftir á þær skýrslur, sem á þyrfti að halda, t. d. um það, hvernig fénu hafi verið varið. Þær kunna ef til vill stundum að koma til stjórnarráðsins, en nefnd, sem sérstaklega væri kosin til þess að fjalla um þessi mál, mundi heimta ítarlegar skýrslur um alt þess háttar, og hún hefði ríkari hvöt en einstakir þingmenn til þess að vega hvað á móti öðru og láta það sitja í fyrirrúmi, er líklegast væri til nytsemdar fyrir þjóðina í heild sinni. Eins mundi það hafa mikið að þýða, að þessi nefnd hefði frumkvæði í því að fá samin rit, sem þörf væri á. Nú er það svo, að einhver og einhver, sem þykist fær í flestan sjó, kemur og býðst til þessa eða hins. En þá liggur það ef til vill eigi ljóst fyrir, hver nauðsyn er á því, eða hvort ekki vantar annað frekar. Tökum t. d. sögu Íslands; ef slík nefnd hefði þetta á hendi, þá væri hægra um vik fyrir hana að semja við hæfa menn um samning slíkra rita. Hvernig slík nefnd væri skipuð, er okkur flutningsmönnum ekkert kappsmál. Þeir sem minst hafa á þessa tillögu hafa játað, að grundvallaratriði hennar væru góð, en það væri ekki hentugur tími nú til þess að koma þeirri skipun á. En hvenær er þá sá hentugi tími? Ef þetta er altaf dregið á langinn, þá verður ekkert úr framkvæmdum þessa máls. Á þessu þingi er nógur tími enn til að koma þessu fram, og efast eg ekki um, að ef tryggilega er um búið, þá mun það verða til mikilla bóta.

Á þingskjali 573 hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. viðvíkjandi námsstyrk til hinna þriggja hærri skóla og mentaskólans. Háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. 1 þm. Rvk. (J. Þ.) hafa,

sem vænta mátti, mælt á móti þeim tillögum. Og satt að segja er eg ekki alls kostar ánægður með breytinguna. Eg hefði heldur kosið, að hún gengi í aðra átt. Það hefði verið réttara í stað þess að lækka styrkinn heldur að setja fast skólagjald eða kenslukaup. Það er að réttu lagi engin ástæða til þess, að allir skuli fá þar ókeypis kenslu, jafnt ríkir og fátækir. Ókeypis kenslu í skólum má skoða sem styrk, sem óþarft er að veita efnuðum piltum og veldur misrétti, þegar enginn greinarmunur er gerður á mismunandi þörf og verðleikum. Eg skal játa, að það er ekki eins ástatt um alla þessa skóla. Á prestaskólanum þarf allmikla viðkomu til þess að fylla upp í prestsembættin, þar sem þau eru tiltölulega flest. Þangað er ætlaður 1000 kr. styrkur, og er hann í till. færður niður í 800 kr. á ári. Læknaskólanum er aftur á móti ætlaðar 2000 kr. sem nemendastyrkur. Að vísu eru læknisembættin færri, en svo er á það að líta, að þingið er smámsaman að fjölga læknahéruðum, en sem stendur vantar menn í sum þeirra. Og kynni það ef til vill að vera álitin næg ástæða til að halda styrknum óskertum. Engin af þessum ástæðum er fyrir hendi hvað lagaskólann snertir. En honum eru þó ætlaðar 1200 kr. Hér stendur svo á, að langfæst embætti eru í landinu af því tagi. Er því ekki þörf á mönnum þaðan hópum saman. Þó allmargir lagamenn geti haft atvinnu sem málafærslumenn o. fl., þá verður það að hafa sín takmörk. Eins og það er mjög mikilsvert að hafa sæmilega marga lögfræðinga í landinu, eins getur það líka orðið varhugavert að hafa þá óþarflega marga. Verður þeim þá stundum fyrir að reyna að skapa sér atvinnu með misjöfnu móti, t. d. með því að ýta undir menn til málaferla eða ginna menn til að gera ýmsa samninga og draga menn út í ýms fyrirtæki, sem svo ekki reynast heppileg. Verði þeir því mjög margir, þá álít eg það enga framför, heldur þvert á móti geti það verið að ýmsu leyti varúðarvert og jafnvel hættulegt.

Þá vil eg minnast lítils háttar á brtill. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) á þgskj. 506 viðvíkjandi kvennaskóla í Reykjavík. Það er tvent, sem virðist hafa vakað fyrir flutningsmanni þeirrar tillögu, fyrst og fremst það, að koma kvennaskólanum hér í sem bezt horf, og svo annað, sem ekki stendur í neinu sambandi þar við, nefnilega að fella niður styrkinn til Blönduósskólans. Hann gat þess í ræðu sinni, að það væri ekki beinlínis tilætlun hans, að Blönduósskólinn væri algerlega lagður niður, heldur hitt, að honum væri breytt t. d. í húsmæðraskóla, og get eg verið honum samdóma um það. En til þess að fá því framgengt, sýnist mér ekki beinasta leiðin vera sú, að fella niður styrkinn, og í því skyni að hindra það hefi eg komið með breyt.till. á þgskj. 587. Ef nú breyt.till. mín væri samþykt, þá fæ eg ekki betur séð, en að tillaga hans um kvennaskólann hér í Reykjavík stæði óhögguð og næði fullkomlega tilgangi sínum. En þó fjárveitingin til Blönduósskólans stæði óhögguð eins og í frumvarpinu, væri innanbandar, ef mönnum litist svo, að ákveða, hvort honum yrði breytt í húsmæðraskóla. Gæti þá orðið samningamál milli aðstandenda Blönduósskólans og annara þeirra, er láta sér ant um mentun kvenna, hvort einn húsmæðraskóli skyldi vera í landinu, og hann þá í Húnavatnssýslu, eða tveir, annar þar og hinn í Múlasýslum, eins og stungið hefir verið upp á.

Eggert Pálsson: Það er ein br.-till., sem eg hefi ástæðu til að fara um nokkrum orðum. Það er breyt.till. okk-

ar þingmanna Rang. á þingskjali 503, um að setja skuli dragferju á Þverá hjá Hemlu. Það er bein skylda landssjóðsins að koma þessari samgöngubót á, ef hún gæti að einhverju gagni komið, þar eð hér er um þjóðveg að ræða og það því fremur, sem hér veltur ekki á neitt sérlega stórri upphæð. Það er ekki ýkja mikið fé, sem ætlað er til þessa fyrirtækis, einar 1600 kr. fyrir dragferjuna og 150 kr. til árlegs viðhalds. Vegfræðingurinn hefir gert teikningar og áætlun í þessu skyni. Geta menn séð það hvorttveggja hér, þar sem það liggur fyrir framan mig. Ferjan er áætlað að kosti 1200 kr., strengir og festar 400 kr. Þegar þannig er litið á þetta mál og þess gætt, að hér er um þjóðveg og aðalpóstleið að gera, og að oft er hér ófært yfir dögum saman, svo að annaðhvort verður að bíða við ána eða taka á sig krók, sem kostar heilan dag, og fara yfir hana á ægilegum og illum brotum innst inn á Aurum, þá verður það bert, að þetta má ekki bíða. Það getur enginn neitað því, að það er hin brýnasta þörf, að bæði póstur og aðrir geti hér sem annarsstaðar komist sem greiðast og vafningsminst að unt er leiðar sinnar. En þótt allir hljóti að skilja þessa þörf, þá mun þó hitt öllum ljósara, hversu afarbrýn nauðsyn er á því, að fólki því, er býr á hinu víðáttumikla og þéttbýla svæði milli Jökulsár og Þverár, sem vera mun 15—18 hundruð manns, gefist einhver kostur á að ná í læknishjálp, þegar brýnasta þörfin kallar á eftir. Að vísu hefir komið hér fram í deildinni tillaga um að stofna sérstakt læknishérað á þessu svæði. En það stoðar næsta lítið, þar sem telja má víst, að því máli sé þannig komið, að ekki verði úr því á þessu þingi. Sama er og að segja um það, að þótt efri deild hafi nú samþykt lög um að brúa Jökulsá, þegar fé yrði veitt til þess á fjárlögum, og það ef til vill nái samþ. þessarar deildar, þá má búast við, að dráttur verði nokkur á framkvæmd á því verki. En ef nú samgöngubót þessi, þó lítil sé, yrði gerð öðrum megin við umrætt svæði, þá má ætla, að nokkru betra verði með það að ná til læknishjálpar, en nú á sér stað. Að vísu heyrir svæðið undir 2 læknishéruð, Eyjafjöllin undir Mýrdalshérað, en Landeyjarnar undir Rangárvallahérað, en eg veit með vissu, að læknirinn í Rangárvallahéraði mundi sinna sjúklingum, þótt sé fyrir utan læknishérað hans, jafnt og í hans héraði væru, svo framarlega sem kringumstæðurnar með nokkru móti leyfðu, enda hefir hann gert það og gerir það stöðugt. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði. En eins og kunnugt er, hefir Helgi Valtýsson snúið sér með uppgötvun sína, hina svonefndu sjálfstýrandi straumferju, til þingsins í því skyni að fá styrk til þess að koma henni einhversstaðar á. Ef nú svo reyndist, að þessi uppgötvun gæti að haldi komið, þá gæti auðvitað komið til mála að reyna hana á þessum stað, og það má að sjálfsögðu eins fyrir því, þó það sé ekki tekið fram í þessari fjárveitingu.

Á þingskjali 571 berum við minnihl. fjárlagan. fram breyt.till. þess efnis, að orðin: »eftir samningi við Thorefélag 7. ág. 1909« falli burt, en að þar standi ekki neitt, nema aðeins: »Til gufuskipaferða«. Það hefir verið tekið hér fram, að óvíst sé, hvort samningurinn við Thorefélagið sé fullkomlega gildur, og eins hitt, að hann sé alls ekki sem hagkvæmastur. Hvort hann sé gildur eða ekki, skal eg ekki fullyrða neitt um. Það er sérstaklega lögfræðinganna að dæma um slíkt, sem og rannsóknarnefndarinnar, sem skipuð hefir verið. En um það hefir rannsóknarnefndin á þessu þingi ekki gefið neitt álit enn mér vit-

anlega. En ef nú þetta væri samþykt, sem í frv. stendur, þá væru menn að mínu áliti sama sem búnir að brenna skipin á bak við sig og yrðu nauðugir viljugir að viðurkenna samninginn, að hverri niðurstöðu sem rannsóknarnefndin kynni að komast. Þess vegna hygg eg réttast sé og skynsamlegast að binda ekki fyrir fram atkvæði sitt í þessu máli eða með öðrum orðum ákveða ekki neitt um þetta atriði fyr en rannsóknarnefndin hefir látið uppi álit sitt um það. Það má líka líta á þá hlið málsins, að Thorefélagið gæti brotið samninginn, þó hann reyndist og væri viðurkendur gildur. En færi svo, þá er það líka spursmál, hvort félagið hefir ekki samt tilkall til peninganna jafnt eftir sem áður, ef það stendur í fjárlögunum, að það og engir aðrir skuli geta átt tilkall til þeirra. En það er líka atriði, sem eg ætla lögfræðingunum en ekki mér að dæma um.

En fyrst eg stóð upp vil eg leyfa mér að minnast dálitið á ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann telur ekki eftir að veita fé að jafnaði. Það er siður en svo. Flestum tillögum til aukinna útgjalda mun hann hafa tjáð sig hlyntan og sýnt það með atkvæðagreiðslu sinni sem af er, en aðeins einni fjárveitingu var hann andvígur, sem sé styrknum til Hvítárbakkaskólans. Finst mér þar satt að segja litið leggjast fyrir kappann. Hann sagði, að þessi fjárveiting mundi ríða háskólanum að fullu. Eg skil nú ekki að svo sé, — ekki sýnilegt hið minsta samband þar á milli — enda mun það ekki ástæðan til þess, að háttv. þm. er argur út í þessa litlu fjárveitingu, heldur hitt, að sá maður, sem veitir skóla þessum forstöðu, er ekki skólagenginn í orðsins vanalegu merkingu. Hann hefir ekki gengið á lærða skólann og því síður háskólann, en brotist áfram við fátækt og erfiðleika. Það sýnist vera orsökin til þess, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir horn í síðu hans. En þótt hann sé ekki hálærður maður, sem svo er kallað — hafi hvorki stúdentspróf eða kandidatspróf — þá hefir hann aflað sér trausts hjá þjóðinni, sem meira er vert en nokkurt próf. Teldi eg fyrir mitt leyti því fé, sem til viðskiftaráðunautsins fer, betur varið, ef því væri skift til fræðslu alþýðunni milli 6 manna jafn ötulla og nýtilegra í þeirri grein og þessi maður hefir reynst. Slíkri breytingu mundi þjóðin vissulega taka með þökkum, og hafa meiri vexti af en viðskiftaráðunautsfénu, eins og því nú er varið.

Finn eg svo ekki ástæðu til að fara út í fleiri breyt.till. og tel það að öllu þýðingarlaust.

Björn Jónsson: Þar vestra hafa þeir beðið um vita á Bjargtöngum. Er svo ætlað, að hann mundi kosta 14000 kr. Er það margt, sem mælir með því, að þetta fé verði veitt.

Um Thoresamninginn er það að segja, að það, sem um hann hefir verið sagt, eru tómir útúrsnúningar. Sá sem síðast talaði sagði, að hann hefði engan lagamann hitt, sem áliti hann gildan. Eg verð að segja hið gagnstæða. Allir þeir lagamenn, er eg hefi átt tal við um þetta mál, telja hann fullgildan. Annars verður það að bíða síns tíma.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.). Eg vil leyfa mér að minnast sérstaklega á tvær breyt.till., er eg hefi komið fram með. Er önnur þeirra um smjörbúin. Eg lít svo á, að fjárveiting til smjörbúa ár eftir ár eigi ekki að eiga sér stað. Tel eg rétt, að þingið veiti mönnum styrk til þess að koma slíkum arðberandi fyrirtækjum á laggirnar, en hins vegar getur þingið ekki haldið áfram með slíkar styrkveitingar. Smjörbúin eru góð og arðsöm fyrirtæki, og er markmiðið með þeim að koma smjörinu í

sem hæst verð. Þess vegna á þingið að styrkja þau í byrjun og hvetja þannig til að koma þeim upp. Þetta er mín skoðun á þessu máli, og vísa eg frá mér öllum aðdróttunum háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) til mín í þessu máli. Sláturfélögin eru að því leyti lík smjörbúunum, að bæði miða að því að koma afurðunum í hátt verð. En sláturfélögin eru bygð á sauðfjárrækt, smjörbúin á kúarækt. Tillaga mín fer fram á, að 1000 kr. styrkur verði veittur hverju smjörbúi til þess að komast á laggirnar, en að enginn annar styrkur verði veittur til smjörbúa. Það situr ekki á háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem er ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, að trana sér fram til þess að berjast fyrir hagsmunum vissra kjördæma. Hann á að líta alment á málið eins og eg. Þingið hefir veitt um 100 þús. kr. til smjörbúa, og eg sé ekki, að hægt sé að halda svona áfram. Eg er sjálfur bóndi og finn þó ekki, að þetta sé sanngjarnt. Ef að þessari miklu styrkveitingu til smjörbúanna væri haldið áfram, yrði það ein göngu til þess að auðga þau. Þetta er ekki sanngjarnt gagnvart þeim, sem aðallega hafa sauðfjárrækt, eins og t. d. bændur á Austfjörðum. Eg segi þetta ekki af hlutdrægni, því að víða gætu risið upp smjörbú á Austfjörðum. Sauðfjárræktin er líka víða annarstaðar aðalatvinnuvegur bænda en á Austfjörðum. Ef þessi tillaga mín yrði samþykt, hygg eg, að smjörbúunum mundi talsvert fjölga. Eg skal hreinskilnislega játa, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) á þakkir skilið fyrir að beitast fyrir góðum og nytsömum málum, en hann má ekki líta of einhliða á einstök mál.

Hvað tillöguna um styrk til sláturhússtofnunar á Austurlandi snertir, skal eg taka það fram, að þetta er mesta nauðsynjafyrirtæki og því rétt að veita hann. Öll slík fyrirtæki eiga erfitt uppdráttar í byrjun og því þörf á að styrkja þau. Hjá okkur er vöknuð hreyfing um að setja á stofn sláturhús. Hafa lögin verið sett og ýmsra upplýsinga aflað. En málið horfði þannig við, er eg fór að heiman, að nægilegt fé vantaði til að reisa húsið. Eg veit, að engum háttv. þm. getur blandast hugur um, að það sé velferðarmál að koma slíku húsi upp til þess að koma kjötinu í hærra verð. Þá mundi verzlunin einnig batna, þar sem bændur fengju peninga fyrir kjötið og hönd seldi hendi. Vona eg, að styrkur þessi verði veittur, enda er hér að eins farið fram á $^1/_4$ hluta af kostnaðinum.

Þá vildi eg minnast á tillöguna um að fella burtu skáldastyrkina, en í stað þess að veita stjórninni heimild til þess að veita þá eftir tillögum nefndar, sem er kosin af þinginu með hlutfallskosningu. Þetta er allþýðingarmikið mál, og finst mér ekki rétt að líta smáum augum á þessar styrkveitingar. Eg lít svo á, að þær geti haft mikla þýðingu. Það er oft vandasamt að úthluta þeim. Eg get því ekki fallist á tillöguna. Að vísu er tillagan um að að nefnd úthluti þessum styrkjum að ýmsu leyti skynsamleg, en eg skal þó geta þess, að fyrirsögnin er ekki nógu yfirgripsmikil, því að í henni er að eins tekið fram, að styrkveitingarnar skuli að eins ganga til vísinda, bókmenta og lista. Mun eg halda mér við frumv. Eg skal geta þess, að þessar styrkveitingar þykja of háar. En það er sjálfsagt að veita skáldum, sem eitthvað láta eftir sig liggja, dálitinn styrk, og hann því hærri, sem meira liggur eftir þau. En það er að vísu leitt, hvað mörg þeirra starfa lítið að skáldskap, og vonandi gera þau bragarbót. Það er aðfinsluvert, að skáld, sem fá styrk, gera ýmislegt annað en

leggja skáldskapinn upp á hylluna. En hér er þó sú málsbót, að styrkirnir eru svo litlir, að eðlilegt er, að þeir starfi annað.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal leyfa mér að geta þess, að eg á að eins tvær tillögur við fjárlögin í þetta sinn. Þær eru á þgskj. 544 og fara fram á, að í þetta sinn verði látið sér nægja 10 þús. kr. fjárveiting fyrra árið til Borgarfjarðarbrautarinnar, og að 12 þús. kr. verði veittar til brúargerðar á Haffjarðará. Háttv. þm. sjái, að þetta er ekki annað en tilfærsla. Mundu sumir kalla þetta hreppapólitík. En eg skal færa rök fyrir, að svo er ekki, heldur er hér um sanngjarna fjárveitingu að ræða. Vil eg leyfa mér að benda á, hvað lítið hefir verið lagt til vegagerðar frá Borgarnesi til Stykkishólms og eru upphæðirnar þessar: 1905 4000 kr. fyrra árið og 8000 kr. síðara árið. Við þessar tvær fjárveitingar er það að athuga, að þær voru veittar til vegagerða í Vesturamtinu, og var það því ekki nema nokkur hluti þeirra, sem gekk til vegagerða milli Borgarness og Stykkishólms. 1907 5000 kr. og 1909 6000 kr. hvort árið. Þetta er alt og sumt, sem veitt hefir verið. En til samanburðar skal eg geta þess, að til Borgarfjarðarbrautarinnar hefir verið veitt 1905 8000 kr., 1907 10,000 kr. og 1909 30 þús. kr. til brúargerðar á Norðurá. Hér er sanngirni ekki gætt. Einkum þegar maður athugar, að megnið af þessu fé kemur Mýrasýslu til góða en ekki Hnappadalssýslu. Þessi tillaga mín hefir ekki fundið náð fyrir augliti háttv. þm. Mýr. (J. S.), sem naumast var við að búast. En eg kippi mér ekki upp við það. Mér fanst eg ekki geta látið undir höfuð leggjast að bera fram þessa tillögu, og ef þingið gætir sanngirni, þá samþykkir það hana, því örðugra og verra vatnsfall yfirferðar en Haffjarðará getur ekki meðal þeirra vatna, er ekki teljast beint stórvötn. Og það er svo undarlegt með þetta, að þegar komið er að verstu torfærunni, sem til er á veginum, Haffjarðará, að kippa þá hverjum eyri burtu. Þegar fjáraukalögin fyrir árin 1910 og 1911 voru hér til umræðu, bar eg fram tillögu um að veita fé til þess að brúa tvær þverár, sem eru á þjóðveginum norðanfjalls, en það var felt. Deildin ræður auðvitað hvað hún gerir við þetta, en það væri ranglæti gagnvart Hnappadalssýslu, að kippa þessari fjárveitingu burtu. Af fjárveitingunni í ár eru 6000 kr. eftir, og má fyrir þær koma veginum að brúarstæðinu og búa stöplana undir að nokkru leyti, en þá er eftir að smíða brúna og leggja vegarspotta frá henni spölkorn vestur eftir. Eg get tekið undir með háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), sem benti á, að það væri lagabrot að verja öðru fé til þessa en landssjóðsfé. Það er alls ekki heimilt að taka til hreppavega- eða sýsluvegafjár í því skyni. Landssjóður er skyldur til þess að veita fé til þessa. Og mér er kunnugt um það, að torfærur í Hnappadalssýslu eru mun meiri en í Eyjafirði.

Þá er breyt.til. við 22. gr. um að hækka fé það, sem sýslufélögum er heimilað að fá að láni til þess að leggja síma, úr 10,000 kr. upp í 15,000 kr. Eg sé fram á, að 10,000 kr. er of lítið til þess að fullnægja lánsbeiðnum þeim, sem hér er um að ræða, því fylgi eg fram þessari minni tillögu, og er hún afarsanngjörn, úr því héruðin eru neydd til að kaupa til sín síma fyrir stórfé.

Þá vil eg snúa mér að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann hefir borið fram breytingartillögu á þgskj. 536 við 13. gr. Og eg verð að segja, að það er svipmikil tillaga. Ræða háttv. þm. í gær var áferðarfögur og að formi virtist hún vera sanngjörn og sprottin af áhuga fyrir að bæta hag landsins. Þótt mér sé

það ekki ljúft að fara í orðadeilur við h. þm. S.-Þing. (P. J.) þá vil eg þó leyfa mér að benda á, að tillagan ber ekki á sér viðfeldinn blæ. Tillagan er í mörgum liðum og fer auðvitað í heild sinni í sparnaðaráttina. En hvernig vill háttv. þm. framkvæma þennan sparnað? Fyrst kemur hann auga á Húnvetninga og ræðst á fjárveitinguna til sýsluvegarins út á Hvammstanga, þegar háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hyggst vera búinn að sjá fyrir fjárveitingunni til kvennaskólans á Blönduósi. Það er ekki hægt að segja annað, en að þá séu þeir búnir að gera hreint borð í Húnavatnssýslu, en ósanngirnin í þessu er auðsæ. Því næst verður háttv. þm. litið vestur á Bjargtanga. Sér að þar á að kveikja ljós til þess að leiðbeina skipum. Undir eins reynir hann að slökkva þetta ljós með því að leggja til að tillagan um vitabygging þar sé feld. Síðan flýgur hann þvert yfir landið og þar sér hann tanga í kjördæmi þm. S.-Múl., sem vert sé að kveikja ljós á (ɔ: Vattarnesi). Dálitið einkennilegt hvar sparnaðurinn á að koma niður, sem sé í kjördæmum meiri hlutans. Til þess að komast ekki í mótsögn við sjálfan sig, þá tekur hann með sýsluveginn frá Egilsstöðum að Eiðum, sem liggur þó í kjördæmi Sunnmýlinga. Eg var um daginn með þeirri fjárveitingu og mun verða með henni enn. Þegar hér er komið sögunni, verður honum litið vestur í Dali og vestur á Snæfellsnes. Þar sér hann síma, sem hann álítur nauðsynlegt að kippa burtu, þegar þingið ætlar að bæta úr rangindunum, sem þau héruð hafa orðið fyrir, og leggja þangað síma, sem mundi koma því til leiðar, að framleiðslan mundi aukast og verzlun og fiskiútvegur eflast, svo þessi héruð yrðu ekki aftur úr í samkepni við aðra hluta landsins. Nú ber hann það fyrir sig, að hann hafi lagt fram hér í deildinni frumvarp um ritsíma og talsíma. Í 8. gr. frumvarps þessa segir svo:

»Til framkvæmda á byggingum og kaupum síma og talsímakerfa, er 5. og 6. gr. ræðir um, *heimilast* landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landssjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum«.

Eg verð að leiða athygli að því, að þetta frumvarp er mjög seint fram borið, alt of seint. Hefði slíkt fyrirkomulag á símalagningum átt að vera tekið upp þegar í byrjun. Nú vil eg benda á, að engin minsta vissa er, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og þó frumvarpið yrði samþykt nú, þá er alls ekki víst, að stjórnin sjái sér fært að taka lánið fyr en eftir mörg ár, svo héruðin yrðu símalaus eftir sem áður. Eg vil alls ekki drótta því að h. þm. með þessu, að hann vilji með þessu frumvarpi grafa talsímalínuna til Stykkishólms, en eg veit hann sér, að hér er tefit á tvær hættur með, að héruðin fái síma á næsta fjárhagstímabili. Sem sagt, hefði þingið 1905 tekið þegar þessa stefnu í símamálinu og tekið stórt lán, sem hefði verið varið eingöngu til þess að leggja síma fyrir og því láni hefði verið haldið aðgreindu frá fjárhag landsins að öðru leyti, þá hefði verið viturlega að verið. En að koma með þetta frumvarp nú, þegar búið er að leggja síma um mikinn hluta lands, og og koma með það svona seint á þingtímanum, það er harla undarlegt.

Sami háttv. þm. sagðist ekki geta unað því, að lán væri tekið til þess að jafna halla á fjárlögunum. Eg man þó, eg hefi lesið í þingtíðindunum, að lán hefir verið tekið, að upphæð $^1/_2$ miljón kr.; og þetta lán var tilfært, sem tekjur fyrir landssjóð. Og eg man að mörg-

um þótti það gott og höfðu ekkert við það athuga.

Þá skal eg minnast á breyt.till. á þgskj. 538 um að fella burt hækkun á styrk til búnaðarfélaganna, sem samþykt var hér í deildinni við 2. umræðu. Eg man eftir því, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að sér þætti ekki hlýða að hækka styrkinn á kostnað Búnaðarfélags Íslands; við atkvæðagreiðsluna var hann þó með því. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) var einnig á móti því, að styrkurinn til búnaðarfélaganna væri hækkaður, af því hann vildi ekki verðlauna menn til þess að gera jarðabætur sem væru sjálfsagðar á eigin jörðum. En því miður eru ekki allir sjálfseignarbændur á Íslandi og styrkurinn hefir komið að mjög góðum notum og er vinsæll meðal bænda. En það er ekki aðallega af því hann sé vinsæll, að eg er með honum, heldur af því hann er bygður á viti og sanngirni. Eg virði Búnaðarfélag Íslands að mörgu leyti, en eg vil taka það fram, úr því eg minnist á það, að það væri viðkunnanlegra að þingið og stjórnin hefðu meira eftirlit með því, hvernig styrknum er varið. Háttv. 2. þm. Arn. (S. S.) gladdi mig með því um daginn, að nú í aprílmánuði ætti að halda námsskeið í mínu kjördæmi. Það mundi gleðja mig, ef hann eða einhver hans jafnoki, sem bændur gætu borið virðingu fyrir, yrði sendur vestur til að halda þetta námsskeið. Mér er ekki kunnugt, hver það á að vera, sem vestur verður sendur, en eg hefi heyrt því fleygt, að maður sá sé enginn skörungur í búnaði, þótt góður drengur sé hann. En eg vil beina því til háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) og annara, sem bera framfarir landbúnaðarins fyrir brjósti, að hann sjái svo um, að það verði maður, sem hafi vit og þekkingu á búnaðarmálum, en verði ekki bundinn af margskonar störfum öðrum, ef til vill málfærslubraski og öðru slíku.

Þá er tillaga um að senda hæfan mann út til að kynna sér markaði á ull og meðferð hennar, til þess að menn fái sem hæst verð fyrir hana. Það hefir verið sýnt fram á, að þessi tillaga kemur ekki í bága við fjárveitinguna til viðskiftaráðunautsins; því hér er um það að ræða, að fá mann, sem hafi sérþekkingu á ull eins og fiskimatsmenn og kjötskoðunarmenn á þeim vörum, er þar eiga í hlut. Tillaga þessi er ekki bundin við nafn og það er ætlast til þess, að maðurinn eftir á, ef stjórninni sýndist það tiltækilegt, ferðist um landið og kenni bændum meðferð ullar. Ef maðurinn, sem til þessa verður ráðinn, er vel fær — og það má gera ráð fyrir hann verði það — þá ætti þetta að geta orðið að miklu gagni. Þegar svo þessi maður hefir ferðast um landið og kent bændum meðferð ullar, þá á stjórnin fyrst að skipa ullarmatsmenn, ef henni sýnist það tiltækilegt eftir þeim upplýsingum, er þá verða fengnar. Hér er mjög varlega og gætilega farið í sakirnar og er það ekki nema rétt. Deildin ætti að hafa það fyrir augum, hvað fiskimatsmennirnir hafa gert mikið gagn, og svipað gagn mundi verða að ullarmatsmönnunum. Fjármálapólitik okkar ætti ekki að vera fólgin í því að auka tolla og skatta eingöngu, heldur ættum vér að kosta kapps um, að vér fengjum hærra verð fyrir vörur vorar, en vér nú fáum. Eg vil benda á, að landhagsskýrslurnar segja, að 1908 höfum vér flutt út 1,370,000 pd. af ull. Ef ullarmatið kæmi því til leiðar, að vér fengjum 5 aur. meira fyrir pundið af ullinni, þá mundi sú hækkun nema 68,500 kr. árlega. Ef verðið hækkaði um 10 aur. pundið þá næmi það 137,000 kr. á ári. Hefi ekki getað séð á landshagskýrslun-

um saltkjötstunnufjöldann, sem fluttur er út af öllu landinu. Eg skal að eins nefna þar sem eg er kunnugastur, í Stykkishólmi, þar flytjast út um 1700 tunnur af kjöti á hverju ári og með 6 kr. verðhækkun á tunnunni mundi það nema um 10 þús. krónum á þeirri einu höfn. Eg er þeirrar skoðunar, að allar tilraunir í þá átt að auka vöruvöndun, sé í rétta átt, og skal eg í þessu sambandi minnast á tillögu háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) um ullarmatsmenn, sem eflaust kæmu að mjög miklum notum, því það er grátlegt að vita til þess hvernig víða hér á landi er farið með ullina. — Þá langaði mig þó til út af þessu, að minnast á þau ummæli háttv. sama þm., er hann sagði, að upphæð sú, sem farið væri fram á í þessu skyni, væri ekki meiri en ein skáldalaun. Þetta er satt, og vil eg þá minna þingmanninn á að það er nákvæmlega sama upphæð, sem einu skáldi sem eg held að þm. S.-Þing. (P. J.) hafi farið fram á skáldlaun fyrir, Jóni Stefánssyni, erætlað. Þetta skáld hefir samið hinar ágætu dýrasögur, sem hvetja menn svo átakanlega til að fara vel með alidýrin, bæði vegna dýranna sjálfra og í hagnaðarskyni og af mannúð; slíkir menn sem þetta skáld, er býr litlu en laglegu búi í sveit, eru mjög gagnlegir fyrir þjóð sína.

Jón Sigurðsson: Það er einkum út af breyt.till. frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) að eg stend upp, því eg er svo heppinn, að eiga enga sjálfur að þessu sinni. Breyt.till. hans fer fram á að klípa $^2/_3$ hluta af því fé, sem þegar er búið að veita til Borgarnesbrautarinnar og færa það vestur á Snæfellsnes. Það stendur nú svoleiðis á, að brautin mun komast að Þverá, en þar liggur brautin að hyl, sem ekki er hægt að komast yfir nema að brúa ána. Þm. sagði að þetta væri ekki hreppapólitík, en mér virtist þó annað af orðum hans að dæma. Hinsvegar þykir mér það undarlegt, ef það á ekki að standa, sem deildin er þegar búin að samþykkja, einkum þar sem fyrirliggja bæði tillögur verkfræðings landsins og fjárlaganefndar með málinu, og eg hefi ekki ástæðu til að ætla að svo komnu máli, að fjárlaganefndin muni skifta skoðun í þessu máli. Þess ber einnig að gæta, að landssjóður er skyldur til að leggja þessa braut; er það því einungis tímaspursmál um fjárframlagið, og væri þá öðru máli að gegna, ef nauðsynlegt væri vegna fjárhagsins að spara þetta fé, þótt maður þá gerði sér það að góðu, en þegar á að taka það og búta í sundur í smáparta, sem engin áætlun liggur fyrir um, þá er ekki hægt að láta slíkt fram hjá ganga umyrðalaust.

Eg álít mjög óheppilega stefnu þá, sem síðasta þing gerði alt of mikið að, að skera niður ýmsar fjárveitingar, sem hinir verkfróðu menn, er landið hefir í sinni þjónustu höfðu lagt til að yrðu veittar — að skera þær niður í smáparta og verja þeim út í loftið »plan«-laust.

Viðvíkjandi Hvítárbakkaskólanum, skal eg að eins geta þess, út af ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.), að sá skóli mun á engan hátt standa mörgum þeim skólum að baki, sem nú njóta styrks af almannafé — og þótt eigandi og forstöðumaður skólans sé ekki útskrifaður úr latínuskólanum og háskólanum, þá hefir hann þó aflað sér mikillar mentunar og brotist áfram, þrátt fyrir fátækt og ýmsa örðugleika, og þegar þess er gætt, að þessi maður hefir lagt mikið fé fram til að gera skólann vel úr garði, þá álít eg, að ekki geti komið til mála að þingið fari að svifta hann þeim styrk, er hann hefir haft áður, og gera þess-

um manni þannig mikið tjón peningalega. Þar að auki verð eg að halda því fram, að þegar þingið í mörg ár í fjárlögunum er búið að veita fé til slíkra stofnana, að þá hafi hlutaðeigandi rétt til að ímynda sér, að því verði ekki breytt meðan ástæður stofnunarinnar gefa ekki tilefni til þess að svifta hana styrknum.

Eg vil því mæla hið bezta með þessum skóla.

Pétur Jónsson: Það hefir farið svo, eins og eg að nokkru leyti bjóst við, að margir hafa verið á móti brtill. minum, og liggur það annaðhvort í því, að þeir hafa ekki komist inn í þann hugsanagang, sem í þeim lá, eða þá að þeir eru á móti þeim í sjálfu sér og á móti allri verulegri lagfæring á fjárlögunum. Eg var ekki við, þegar rætt var um Bjargtangavitana, en eg hefi aftur á móti séð bréf frá stjórninni, þar sem hún segir, að engin áætlun hafi verið gerð um þennan vita. Hann á því ekki að sitja fyrir þeim vitum, sem áætlun hefir sérstaklega verið gerð um í því skyni, að þeir sæti fyrir og yrði bygðir sem fyrst. Eins og eg raunar bjóst við, mælti þm. Snæf. (S. G.) á móti brtill. minni um Stykkishólmssímann. Brtill. mín, eftir því sem eg meina með henni, fer nú að vísu alls ekki fram á, að þessi sími verði settur á neinn haka, heldur að eins að hann verði lagður samkvæmt frv. því, sem eg flyt um ritsíma- og talsímakerfi Íslands. Og eg er ekki í neinum vafa um það, ef þau lög ná samþykki þingsins, þá muni þessi sími verða látinn sitja fyrir, ef það er rétt. Þá mintist hann á, að hann væri mótfallinn lántöku til símalagningar nú, en mundi hafa verið með því 1905. Auðvitað stóð alt öðruvísi á þá; þá var engin reynsla fengin fyrir því, að tekjur símans yrðu umfram reksturskostnað, svo að þær gæti staðið undir lántöku til síma, og þar að auki fjárhagur landsins þá svo góður, að ekki virtist þörf á slíkri lántöku. Nú aftur á móti er það sannað, að símarnir geta borið uppi stórt lán og að þeir eru arðvænlegt fyrirtæki, sem líklegt er að landið græði á — og þess vegna get eg eindregið mælt með lántöku þeirra nú.

Það hefir verið álit mitt, að nauðsynlegt væri að leggja símana eftir einhverju vissu »plani«, til þess að ekki væri hægt að kippa að sér hendinni alt í einu með nauðsynlegar símalagningar, af því tekjur og gjöld á fjárlögunum stæðust í það og það sinn svo illa á, vegna ýmsra misjafnlega þarflegra fjárveitinga.

En það var meira sem háttv. þm. Snæf. var að tala um. Hann fór nokkrum orðum um svipinn á þessum tillögum mínum; þótti hann iskyggilegur og tortryggilegur, og bætti því við, að tillögur mínar væru að vísu áferðargóðar, en tilgangurinn væri að minsta kosti iskyggilegur. Eg skal ekki senna við þm. út úr þessu, en skírskota til þess, að svo margir heiðarlegir menn eru í þessari deild, að þeir vita, að tilgangur minn með þessum tillögum mínum er góður, og sá einn, að hægt sé að skilja nokkurn veginn sómasamlega við fjárlögin. Það sem þm. vinnur með þessu, er því að eins tilraunin sú að rægja þennan tilgang minn og draga hann niður í saurinn og með því móðga mig persónulega, og mun eg ekki svara því, heldur skrifa það í reikning okkar fornu vináttu

En eg vil minnast á svipinn á tillögum hins háttv. þm. sjálfs. Hann vill t. d. kippa 20 þús. kr. frá Borgarfjarðarbrautinni, sem tilgangur vegastjórans er að hraða sem mest, og setja megnið af því niður í sínu eigin kjördæmi. Á þessu er áreiðanlega ákveðinn svipur.

Eg hefi heyrt það á ýmsum, að þeir vilja slá því á frest, að lagfæra fjárlaga-

frv. Búast við að Ed. geri það, og svo verði tækifæri til þess að lagfæra frv. þegar það kemur hingað aftur. Eg þykist því sjá, að tillögur mínar hafi nú svo lítinn byr, að það sé ekki vert að hætta þeim undir atkvæði að þessu sinni, sízt öllum. Mun eg því taka aftur till. mínar á þgskj. 536 — bæði 1., 2., 3. og 4. till.

Eg ætla mér ekki að taka aftur till. mína um Bjargtangavitann, eg vil ekki sýna deildinni það vantraust, að búast við, að hún samþykki hana ekki. Ekki mun eg heldur taka aftur till. mína viðvíkjandi búnaðarfélagsstyrknum; háttv. þm. Snæf. (S. G.) talaði um hana úti á þekju og sagði, að þessi styrkveiting hefði mikla þýðingu, en eg lít svo á, að styrkurinn hafi ekki komið svo heppilega niður, að það sé vert að auka hann. Hann hefir mjög mikið gengið til þess að borga mönnum jarðabætur, sem þeir hafa gert á sínum eigin jörðum; og gerir engan mun leiguliðans, sem bætir ábúðarjörð sína endurgjaldslaust, og hins, sem hækkar sína eigin jörð í verði með jarðabótum. — Aftur á móti tek eg aftur að sinni, till. um að fella niður fjárveitinguna til bryggju í Hafnarfirði og geri eg það þó ekki vegna þess, að eg telji oss færa um að veita fé til hennar nú, þegar ákvarðað er að ráðast í hafnargerð hér í Reykjavík. Eg held enn sem fyr, að Hafnarfjarðarbryggjan geti beðið enn þá nokkurn tíma, enda sýnast þm. kjördæmis þessa ekki vilja leggja mikið í sölurnar fyrir fjárhag landsins, úr því að þeir sækja þetta mál svo fast einmitt nú.

Þá er að minnast á Stykkishólmsveginn. Þegar háttv. þm. Snæf. (S. G.) var að tala um svipinn á till. minni, þá datt mér í hug samanburður á henni og till. hans, um að kippa frá Borgfirðingum og gefa Snæfellingum. En þótt eg sé í rauninni fús á að greiða atkvæði með Stykkishólmsveginum, þá álít eg þó ekki, að þjóðvegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur eigi að sitja á hakanum fyrir honum. Stykkishólmsvegurinn var ekki heldur upphaflega tekinn í þjóðvegatölu, heldur all löngu eftir að vegalögin frá 1894 komu í gildi. Hann er því í annari röð þjóðvega í rauninni, en ekki fyrstu. En eigi að síður hefir verið varið miklu fé til hans og nú hefir verið lagt meira í hann en veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur, sem þó er helzti þjóðvegurinn næst veginum austur frá Reykjavík. Það er því ekki hægt að segja, að þessi vegur hafi verið hafður út undan, enda tel eg það vel farið að vissu leyti, því að héraðið hefir lengi verið í niðurníðslu og þar að auki á landssjóður miklar eignir þar, sem væntanlega hækka í verði við góðar samgöngur. En háttv. þm. Snæf. (S. G.) verður þó að muna, að ekki tjáir að hugsa altaf um einn útkjálka, meginsveitir landsins verða líka að koma til greina.

Þá vil eg minnast á till. um að senda mann til útlanda til þess að kynna sér meðferð á ull. Þetta er ekkert nýmæli; fyrir alt að 30 árum var Kristjáni Jónassyni veitt fé af sýslusjóði Þingeyjarsýslu til þess að fara til Englands í sömu erindum. Hann kynti sér hverjar kröfur voru gerðar á enska markaðinum um ullarmeðferð og varð mikið gagn að ferð hans. Síðan hafa Þingeyingar lagt miklu meiri stund á ullarverkun en áður og hefir afleiðingin orðið sú, að ull þaðan er nú talin betri en úr öðrum héruðum landsins; raunar er líka góð ull í Múlasýslum í eðli sínu, en hún er ekki eins vel verkuð. Eg hefi kynt mér þetta mál nokkuð og veit, að á Englandi eru menn ánægðir með ullarverkun Þingeyinga. Nú er nálega öll íslenzk ull seld til Ameríku, en þar er talsvert öðruvísi markaður en á Eng-

landi. Maðurinn, sem till. ráðgerir að sendur verði, ætti því að fara til Ameríku, en til þess er honum ekki ætlað nóg fé, og þar að auki er markaðurinn vitanlega ekki stöðugur í Ameríku, ullin verður ekki send þangað lengur en þar er hæst boðið fyrir hana og vel getur verið, að innan skamms verði farið að selja hana aðallega til Englands aftur, svo að það er ekki sagt, að mikið hefðist upp úr slíkri ferð. Líka vil eg benda á, að eg er hræddur um, að vér eigum ekki völ á mörgum mönnum, sem eru vel hæfir til slíkrar ferðar, en ekki tjáir að senda einhvern og einhvern, sem býður sig til þess. En ef hægt verður að fá nýtan mann og honum síðan verður veitt nægilegt fé, þá getur vel verið, að gagn yrði að þessu. Annars finst mér, að það lægi næst, að þeir sem hafa áhuga á þessu máli, kyntu sér fyrst ullarmeðferð hér á landi, þar sem hún er bezt, t. d. í Þingeyjarsýslu. Einnig er til góð ritgerð um málið eftir Kristján Jónasson, og geta menn haft mikið gagn af að lesa hana. Menn hafa hingað til litið svo á, að það varðaði miklu að verka ullina eins og verksmiðjurnar, sem íslenzku ullina vinna, vilja hafa hana. Það er að vísu rétt, að það væri mikilsvert, ef flokkun ullarinnar og öll meðferð gæti orðið eftir kröfum verksmiðjanna, og það hefir viðskiftaráðunauturinn bent mönnum á. En slíkt er miklu meira vandaverk, en núverandi aðferð við ullarverkun, þar sem hún þó er talin bezt. En þar að auki vil eg minna á það, að markaðurinn ræður sjálfur mestu í þessum efnum; þó að við gerum hér einhverja tilbreytni um ullarmeðferðina, sem í sjálfu sér er til bóta fyrir ullarverksmiðjurnar, þá fá menn í útlöndum ekki þegar í stað næga trú á vörunni, sem þá er eiginlega ný vara; til þess þarf gagngerða breyting á markaðinum og margra ára reynslu. Það má áreiðanlega hepnast, að koma hinni lakari ull í nokkuð hærra verð, en hún nú er í með sömu flokkun og ullarmeðferð, sem nú er, t. d. í Þingeyjarsýslu, en hitt mun reynast torvelt, að koma ullinni upp úr »príma« verði. Raunar hepnaðist Þingeyingum það síðasta ár með meirihlutann af sinni ull, en hætt er við að öðrum reynist ekki auðhlaupið að því fyrst um sinn. Eg hefi leyft mér að fjölyrða nokkuð um þetta, því að eg hefi fengist við þetta mál hin síðustu 20 til 30 ár.

Björn Sigfússon: Eg hefi hér fyrir framan mig alþýðufræðsluskýrslurnar frá 1909—1910. Þær eru margbrotnar og örðugt að gera sér ljósa grein fyrir, hvernig ástandið er. Það eitt getur maður þó af þeim séð, að framkvæmd fræðslumálalaganna hefir verið mjög ófullkomin. Samkvæmt skýrslunum er gert ráð fyrir, að rúml. $^3/_4$ af hreppunum hafi komið alþýðufræðslunni í það horf, sem lögin skipa fyrir, en eg hefi fengið þá hugmynd, að framkvæmd þeirra muni vera meiri í orði en á borði um land alt. Eg skal nú nefna örfá dæmi, sem gefa bendingu um þetta. Reglugerðin fyrir farskóla og fræðsluhéruð áskilur viss kensluáhöld, sem skylt er að nota og er svo kröfuvæg í þá átt, sem frekast má verða, en þó er niðurstaðan sú, að í heilum sýslum eru ekki keypt meiri áhöld, en sem svarar helmingnum af því, sem á að kaupa í einum hrepp. En allir vita að kensla án áhalda hlýtur að verða tómt kák. Í Suður-Múlasýslu er varið til áhaldakaupa nefnt ár 53 kr., í Norður-Múlasýslu 94 kr., í Austur-Skaftafellssýslu 72 kr., en í einum hreppi, sem eg þekki, hefir 200 kr. verið varið til þess að kaupa áhöld; sá hreppur hefir auðvitað keypt meira en fyrirskipað er, en hann hefir ekki iðrast eftir það. Ef litið er yfir sýslurnar, þá stendur Húna-

vatnssýsla næst hæst, hvað áhaldakaup snertir og veit eg þó, að þar er mjög ábótavant í því efni. Árnessýsla hefir keypt fyrir 100 kr. meir, en það er líka fólksfleirí sýsla. Í Suður-Þingeyjarsýsln hafa kensluáhöld verið keypt fyrir 229 kr.; eg minnist á það hérað vegna þess, að það orð liggur á, að þar sé meiri áhugi á alþýðufræðslu en annarsstaðar á landinu, en þó hafa menn þar eigi séð sér fært að verja stærri upphæð en þetta til þessa nauðsynjamáls, einum 29 kr. fram yfir það, sem þessi eini hreppur, er eg gat um áðan, lagði af mörkum. Þessar tölur benda greinilega á, hvílíkt kák framkvæmd fræðslumálalaganna er. Einhver kann nú að halda því fram, að svo mikið hafi verið keypt um land alt af kensluáhöldum árið áður að þetta stafi af því, en það mun þó ekki vera, því það er vitanlegt, að þetta fyrsta ár var það hreinasta undantekning að lögunum væri fylgt. Þar að auki verða menn vitanlega víða að sætta sig við mjög svo ófullkomna kennara, sem aldrei ættu að koma nálægt neinni kenslu. Auðvitað eru menn að því leyti í miklum vanda staddir, því að tilfinnanlegur skortur er á góðum kenslukröftum, en hitt er ekki síður til mikils meins, að alþýðan hefir enn þá ekki áttað sig á því, að ekki getur hver sem er sagt börnum til svo að vel fari. Ennþá standa menn í þeirri röngu trú, að til þess megi nota hvern þann, sem kann að lesa, skrifa og reikna. Eg hefi þá fengið þetta út úr skýrslunum, að fræðslumálin séu í miklu lakara ástandi en látið er yfir, og að ofmiklu af því fé, sem *nú* er til þeirra varið, sé á glæ kastað; en vera má að þetta geti breytst til batnaðar. Samkvæmt reikningum þeim, sem eg hefi hér fyrir mér, hafa sýslurnar varið til alþýðufræðslunnar þetta ár, sem eg nefndi, 50843 kr., og er ilt til þess að vita, ef lítil not hafa orðið að svo mikilli upphæð. Í sambandi við þetta vil eg geta þeirrar br.-till. frá fjárlaganefnd, að styrkurinn verði framvegis meðal annars miðaður við *fyrirskipuð* kensluáhöld, i stað þess að hann nú er miðaður við nauðsynleg áhöld og dæmir svo hver um það í sinni sveit, hvað nauðsynlegt sé. Eg tel þessa breyt.till. þýðingarmikla og vona að hún verði samþykt.

Þá vil eg minnast ofurlítið á kvennaskólann á Blönduósi. Háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) hefir áður minst á br.till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og talað máli kvennaskólans, svo að eg hefi þar litlu við að bæta. Eg vil að eins stuttlega geta þess, að mér finst veðrabreytingin gagnvart þessum kvennaskóla fremur kynleg. Menn virðast hafa mikla löngun til þess að nota sér slys það, sem skólinn varð fyrir, og láta svo kné fylgja kviði, svo hann geti ekki risið upp aftur. Slíkt verð eg að telja óvanalega og ómannúðlega hugsun. Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði fagurlega um það um daginn, að það væri ódrengilegt að níðast á þeim, sem berðust fyrir góðum málefnum, þótt þeir rötuðu í fjárkröggur og vandræði, og hið sama virðist mér eiga við um stofnanir, sem verða fyrir slysum. Eg hefi áður sýnt og sannað hér á þinginu, að skóli þessi hefir verið sóttur af öllu landinu, og tel því óþarft að fara að leiða ný rök að því. Sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir gert sér far um það tvent, annað, að skólinn yrði sem ódýrastur, og hitt, að þar væri ekki kent annað en það, sem er verulega »praktiskt«, svo ekki er kent annað en það, sem nauðsynlegt er fyrir húsmæðraefni, t. d. er langmestum tíma varið í fatasaum karla og kvenna, en bannaður hinn fínni útsaumur, til þess að ekki sé eytt þar tíma í óþarfa. En að skólinn sé ódýr, það sannar skólagjaldið, sem er að eins 135

kr. fyrir fæði, húsnæði, ljós og hita í $7^1/_2$ mánuð. Það má og benda á það, að staðurinn er svo valinn, að þar er ekkert sem glepur eða freistar stúlknanna til að brúka fé aukreitis. Það er í mesta lagi 15, kr. sem þær þurfa umfram skólagjaldið. Þetta, að skólinn er svo »praktiskur« og ódýr, er aðalástæðan fyrir því, að hann er svo mikið sóttur. Það er altítt, að stúlkur t. d. úr Ísafjarðarsýslu og Múlasýslum og víðar, sem verið hafa á skólanum, hafa dvalið í Húnavatnssýslu um sumarið og fengið þar svo góða atvinnu, að þær hafa þurft litlu við að bæta til þess að geta verið í skólanum næsta vetur. Eg get fullyrt það, að ef skólinn er lagður niður, þá verður fátækum alþýðustúlkum á Norðurlandi gert ókleift að afla sér mentunar. Eg tel það hið mesta óhappaverk, að styðja þessa tillögu, og trúi því ekki fyr en eg tek á að svo verði. Eftir till. hins háttv. þm. er svo að sjá, að hann vilji að aðeins 1 kvennaskóli sé á landinu. Þar við er margt að athuga. Það er svo dýrt að lifa hér í Reykjavík, að foreldrar, sem geta kostað 3 dætur á Blönduósi, geta kostað eina í Reykjavík. Undantekning eru heimavistirnar, en þær eru svo fáar, tæplega 30, að þær eru gersamlega ófullnægjandi fyrir stúlkur af öllu landinu. Þótt menn séu hlyntir þessum skóla, þarf ekki þar fyrir að níða aðra. Eg geri ráð fyrir, að hér séu betri kenslukraftar og því sé skólinn fremur sniðinn fyrir efnaðar stúlkur. Að sporna við að skólinn haldi áfram er særandi fyrir þá, sem lengst hafa barist við að halda honum, það er, eins og hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að níðast á þeim, sem barist hafa fyrir þörfum og góðum hugsjónum, og nota slys til þess að eyðileggja hugsjónir þeirra. Það er talið mannúðlegt og er gott og fagurt, að hjálpa þeim, sem slys ber að höndum. Hér er farið fram á það gagnstæða. Eg skal ekki ganga fram hja því, að hinn háttv. þm., sem talaði alvarlega og hitalaust, eins og hans var von og vísa, kastaði því fram, að hann vildi ekki eyðileggja skólann, heldur breyta honum í lýðháskóla og húsmæðraskóla. En ef honum er alvara í þessu, ætti hann að láta fjárveitinguna standa. Kannske hefir hann hugsað sér að koma með breyt.till. í þá átt, þegar fjárlögin koma hingað aftur úr Ed. En hann hlýtur að sjá, að þar sem ekki er víst, að hlutaðeigandi sýslur vilji fá þessa breytingu nú, getur vel farið svo, að á næstu 2 árum verði menn orðnir sannfærðir um, að þetta sé breyting til batnaðar. Menn þekkja ekki svo vel til slíkra skóla ennþá. Eg hefi spurst fyrir um þetta í símanum og fengið svona svar: »Eg veit ekki; þekki ekki þessa skóla«. Menn vilja alment ekki norðanlands, að slept sé almennri fræðslu í skólanum. Viðvíkjandi matreiðslukenslu er það að segja, að henni hefir ekki verið hægt að koma á vegna féleysis. Það hefir þó verið stigið spor í þá átt að bæta úr þessu, með því að fyrir 2 árum var fengin ráðskona, sem jafnframt leiðbeinir í matartilbúningi, og er það ekki svo lítill útgjaldaauki fyrir skólann, 400 kr. Þótt menn séu mótfallnir því, að sleppa hinni almennu fræðslu, gæti komið til mála, að sleppa einstökum greinum, sem nú eru kendar, og ekki kynnu að sýnast bráðnauðsynlegar.

Hinn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) taldi kvennaskólanum í Reykjavík það til gildis, hve gamall hann væri, og hve aðstandendur hans hefðu mikið á sig lagt til að halda honum uppi. Alveg sama má segja um skólann fyrir norðan. Hann er jafn gamall og menn hafa mikið á sig lagt til að halda honum uppi. T. d. 1 ár voru lagðar 6000 kr. úr sýslusjóði til skólans auk vaxta og

afborgana af lánum. En á sama tíma fékk skólinn í Reykjavík að eins 100 kr. Mér er ant um skólann hér í Rvík og vil taka það fram, að hann hefir verið sérstaklega heppinn með forstöðukonu, því að það eru kennararnir og forstöðumennirnir, sem gera skólana. Eg trúi því ekki, að deildin felli fjárveitinguna, og væri fróðlegt að sjá með nafnakalli, hverjir vildu verða til þess að drepa hann.

Viðvíkjandi breyt.till. okkar þm. Húnv. um að færa saman fjárveitingarnar til kvennaskólans í eitt, þá raskar það ekkert fjárhagnum, en okkur þótti lögulegra að hafa þetta eins við báða skólana, enda hefir aldrei komið fyrir, að á Blönduósskólanum hafi verið færri en 40 námsmeyjar, og þótt það kæmi fyrir, er tilkostnaðurinn sami. Enginn veit fyrir, hve margar koma af þeim, sem sótt hafa, fyr en skóli er settur. Þeir, sem vilja breyta skólanum, ættu að greiða atkvæði með fjárveitingunni til þess að hægt sé að undirbúa breytinguna á næstu 2 árum, og athuga það, ef hann er feldur nú, er óvíst að hann rísi nokkurn tíma upp aftur. Á sameiginlegum sýslufundi fyrir báðar sýslur var samþykt í einu hljóði að reisa skólann aftur, og ráðstafanir hafa verið gerðar til að fá áætlun og teikningar, og hefir þegar vel hæfur maður verið fenginn til þess hér í Reykjavík. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál.

Eg skal svo snúa mér að einstökum atriðum viðvíkjandi flutningabrautunum. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði um, að mikil þörf væri að brúa árnar í Eyjafirði. Eg viðurkenni það. En hann sagði líka, að áframhald flutningabrautarinnar hefði verið hindrað í 10 ár. Hvað má þá segja um Skagafjörð, sem ekki hefir fengið 1 eyri til flutningabrauta í 18 ár? Eða Húnavatnssýslu, sem beðið hefir í jafn langan tíma og loks í fyrra fékk 4500 kr. Þótt ilt sé fyrir Eyfirðinga að bíða, þá er það aðgætandi, að svo mörg önnur héruð hafa orðið að bíða miklu lengur og aldrei fengið neitt. Eg get ekki verið þeim þm. sammála, sem halda því fast fram, að það eigi að fullgera þegar hverja braut í héraði, sem hefir verið svo heppið, að þar var byrjað. Það var ekki gert af því, að talið væri nauðsynlegra að byrja þar en annarsstaðar; það er mér kunnugt um. Því réð teningskast. Eg segi þetta ekki af því að eg sjái ofsjónum yfir Eyjafjarðarbrautinni. Mér þykir vænt um, að henni er svo langt komið. Sama er að segja um Borgarfjarðarbrautina. Það er rangt að segja, að Borgfirðingar séu hart leiknir, þótt henni sé ekki haldið áfram. Það má bera hana saman við hin héruðin, sem ekkert fá, og fyr er betra en lokið sé. Þeir gætu beðið 2, 3 eða 4 ár og unt öðrum þess, að eitthvað sé gert fyrir þá.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J. hefir lagt það til, að veittar séu 1000 kr. til þess að setja á stofn rjómabú, en hann hefir ekki gætt þess, að hér er verið að innleiða nýja reglu. Það hefir aldrei verið gert, að gefa búunum neitt í upphafi, en þeim hefir verið lánað fé með góðum kjörum og það er miklu réttmætara, en hitt er óaðgengilegt. Tillagan er gallagripur og því er eg á móti henni. Það er heldur ekki tilgangur og hefir aldrei verið, að gefa smjörbúunum í það óendanlega, heldur fella burtu styrkinn smátt og smátt, eins og háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hefir ljóslega sýnt fram á.

Eg skal svo ekki eyða frekari tíma í þetta sinn, því margir munu þurfa að segja eitthvað, og ekki taka aftur til máls, nema eg sé knúður til þess.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að víkja nokkrum orðum að ein-

stökum atriðum og tek eg liðina eftir þeirri röð, sem þeir eru í á atkvæðaskránni.

Þar verður fyrst fyrir mér breyt.till. við 12. gr. 4. a., styrkurinn til Andrésar Fjeldsteds augnlæknis. Um daginn var hann settur niður úr 2000 kr., sem hafði staðið í frumvarpi stjórnarinnar, og niður í 1000 kr. Nefndin fékk þá að vita, að þetta væri sama og að svifta bæði landið og Reykjavík augnlækni. Því hann hafði þegar sagt upp bústað sínum hér í bænum og var albúinn að flytja vestur, þegar hann vissi um þessar tillögur nefndarinnar. Hvort hann sættir sig við þetta veit eg ekki. En alveg ófært er að gera ekki svo við þann mann, að vér fáum haldið honum. Við 6. lið er það athugavert, að hinum tveimur sérfræðingum, er gert að skyldu að hafa aðeins ókeypis »klinik« einu sinni í hálfum mánuði. Þetta getur tæplega komið að notum, það getur verið óþægilegt fyrir fáækan mann að ganga með tannpínu í hálfan mánuð, einnig er það óþægilegt fyrir menn, sem eiga heima utanbæjar, að sæta lagi með að koma hingað einmitt á þeim tíma, þegar »klinikin« er opin, þegar svo langt líður á milli. Næst vil eg, að öllum sérfræðingunum sé gert að skyldu að hafa ókeypis »klinik« einu sinni í viku og eg mun stinga upp á því, þegar lögin koma hingað aftur.

Þá hefir nefndin lagt til, að laun læknisins á Kleppi séu hækkuð úr 2400 kr., upp í 2700 kr. Læknirinn á Kleppi hefir ókeypis húsnæði, ljós og hita; svo er hann einnig ráðsmaður, svo hann hefir að líkindum ódýran, ef eigi ókeypis matinn. Og þar sem hann hefir svo mikil hlunnindi, þá virðist vera óþarfi að hækka laun hans, sem auk þess er kornungur maður nýkominn í embætti. Allra sízt þegar maður ber það saman við það, sem læknirinn á Laugarnesspítalanum hefir. Læknirinn á Kleppi hefir einnig mjög mikla *praxis* hér í bænum eða að minsta kosti sér maður hann hér inn í bænum allan daginn. Hvort það er lækningapraxis eða politisk praxis skal eg ekki segja neitt um. En eitt er víst, að menn hitta hann aldrei þar, sem hann á að vera — á hælinu. Sjúklingar, sem komu á Klepp í haust, hafa ekki sèð framan í hann síðan þeir komu; þá kvað hann hafa litið á þá allra snöggvast, en síðan ekki. Þeim manni, sem hefir svona mikið að gera og hefir auk þess fullboðleg föst laun, er óþarfi að launa hærra. Það er alveg ástæðulaust. Það er að minsta kosti ekki af þeim ástæðum, sem við höfum heyrt, og væri æskilegt, að maður fengi að heyra hinar sönnu ástæður.

Mér þótti vænt um, að háttv. S.-Þing. (P. J.) tók aftur breyt.till. sínar við 13. gr. B. VIII., B. IX. og B. X. um tillagið til veganna, því annars hefði verið nauðsynlegt að skera þær niður. Hygg hann hafi fremur gert þær í öðru skyni en því, að hann hafi búist við, að þær till. mundu hafa fylgi.

Þá er önnur tillaga við 13. gr. D. III. 8, þar sem lagt er til, að í staðinn fyrir »hraðskeytasamband« komi: loftskeytasamband. Það var samþykt hér í deildinni um daginn, þegar fjáraukalögin voru á ferðinni, að hafa loftskeyti; en nú höfðu fjáraukalögin verið tekin út af dagskrá í dag í efri deild. En það er óþarfi að taka hraðskeyti úr fyrirsögninni og setja loftskeyti í staðinn, þótt breyting sé gerð á einstökum lið. »Hraðskeyti« nær líka yfir hvorttveggja sambandið, síma og loftskeyti, svo það á mjög vel við.

Nefndin hefir komið með breyt.till. á þingskjali 567 um að stjórninni veitist heimild til þess að taka lán, til þess að kaupa talsímakerfi Reykjavíkur. Þessa tillögu vona eg að deildin samþykki,

því þetta er stórt gróðafyrirtæki fyrir landið, því talsímakerfið gefur nú í hreinan ágóða 15% árlega. Seinna mundi það verða dýrara, og því dýrara sem lengra líður. Einnig er leyfistími félagsins nú á enda og yrði að bíða mörg ár, ef ekki væri keypt nú, og þá yrði það miklum mun dýrara.

Næst er breyt.till. á þgskj. 536 við 13. gr. E. VIII, um að Bjargtangavitinn falli niður, en á eftir E. XI. komi nýr liður, um að byggja vita á Vattarnesi. Þótt Vattarnes sé í mínu kjördæmi, þá er þörfin þar miklu brýnni, auk þess kostar viti á Vattarnesi miklu minna en viti á Bjargtöngum. Eins og eg sagði, þá er meiri þörf fyrir vita á Vattarnesi en á Bjargtöngum, því öll skip, sem sigla til Reyðarfjarðar og frá Reyðarfirði nota hann, og fjöldi annara skipa, sem þar eiga leið um, hafa hans not.

Háttv. þm. Eyf. hafa komið með till. á þgskj. 578 um prestsmötuna á Grund í Eyjafirði. Þetta finst mér allkynleg tillaga; hún hljóðar svo:

»Prestsmatan frá Grund í Eyjafirði, 200 álnir, er nú greiðist prestinum í Grundarþingum að $^2/_3$ og Akureyrarprestinum að $^1/_3$, veitist til viðhalds Grundarkirkju gegn endurgjaldi til hlutaðeigandi presta úr prestlaunasjóði«.

Þetta finst mér óþarfa krókaleið. Af hverju má ekki eins segja, að prestlaunasjóður taki að sér viðhald Grundarkirkju í Eyjafirði. Þetta er ekki sú rétta leið. Eigandi Grundarkirkju er allrar virðingar verður fyrir bygginguna. En eg kann ekki við þessa leið, sem hér er farin, og óviðkunnanlegt að leggja viðhald bændakirkna á prestlaunasjóð — ef það er ekki alveg ólöglegt.

Nefndin hefir hér enn komið með br.-till. á þgskj. 514 við 14. gr. A. b. 4, um að veita síra J. Lynge 1200 kr. til þess að byggja baðstofu á Kvennabrekku og að »við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði, auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi«. Eg veit ekki betur, en það sé skylda að svara álagi við ábúendaskifti. Hvað hefir presturinn gert við álagið, sem hann fékk þegar hann tók við jörðunni? Hefir hann etið það upp eins og sagt var um prestinn í Móðuharðindunum? Hversvegna á landssjóður að borga honum það? Ef það hefir verið af góðsemi eða kjarkleysi, að hann gekk ekki eftir því, þá má hann sjálfum sér um kenna. Landssjóður hefir enga skyldu til þess að bæta honum það upp, þó hann hafi látið snuða sig um það, þegar hann tók við jörðinni. Og gæti ekki farið á sömu leið við næstu prestaskifti? Til hvers er annars eftirlit prófasta?

Næst er breyt.till. á þgskj. 573 við 14. gr. B. I. b. 2., um að færa námsstyrkinn við prestaskólann úr 1000 kr. niður í 800 kr. Eg veit ekki, hve margir stunda nám við prestaskólann, svo það getur verið, að þetta sé nógu mikill styrkur. Sömuleiðis er breyt.till. um að lækka námsstyrkinn handa læknaefnum úr 2000 kr. niður í 1800 kr. Eg veit heldur ekki, hve margir stunda nám við læknaskólann, en býst við að þetta sé nógu mikill styrkur. Ef það er ekki, þá er eg á móti því að lækka hann. Loks er farið fram á að lækka styrkinn til þeirra, sem stunda nám við lagaskólann úr 1200 kr. niður í 1000 kr. Það er undarlegt, að ef læknaskólinn á að hafa 2000 kr. styrk handa sínum nemendum, þá á lagaskólinn, sem hefir meiri nemendafjölda að komast af með helmingi minni styrk handa sínum nemendum. Þessu er eg á móti. Hitt játa eg, að það er ástæða til að lækka námsstyrki, þegar þeir eru misbrúkaðir. En eg álít það sé að mis-

brúka styrkinn, að veita syni séra Lárusar frá Selárdal, einhvers auðugasta manns í bænum, húsaleigustyrk og námsstyrk, þótt pilturinn sé efnismaður. Að öðru jöfnu, og jafnvel meir en að öðru jöfnu, þá eiga fátækari nemendur að ganga fyrir hinum efnameiri. Þetta fé er veitt sem *styrkur* fátækum eða efnalitlum námsmönnum, sem eru ástundunarsamir og reglusamir, en *alls ekki* sem *verðlaun* auðugum eða efnuðum mönnum, þótt efnilegir séu. Eg vona, að stjórn skólans veiti styrkinn þannig eftirleiðis, að ekki sé ástæða til þess að lækka hann aftur. Eg sé heldur ekki ástæðu til þess að veita sonum efnamanna úr sveit námsstyrk, enda þótt þeir séu góðir námsmenn, en setja hjá efnispilta fátæka, þótt þeir séu taldir til heimilis í Reykjavík, ef til vill af því að þeir eiga engan að, en veitir hér auðveldast að fá dálitla atvinnu.

Athugasemdin við B. IV. C. 13., um að húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarmönnum, nema innanbæjarmenn hafi sjálfir fjölskyldu fram að færa, þykir mér og kynleg og ranglát. Það getur verið, að fjölskyldumaður sé atvinnurekandi eða bóndi og hafi næg efni, og samt á hann að fá húsaleigustyrk af því hann hefir fjölskyldu! En annar maður, sem er bláfátækur og umkomulaus, má ekki fá styrk, af því hann hefir enga fjölskyldu. Bæjarmenn eiga að hafa sama rétt til að njóta styrksins og utanbæjarmenn, ef þeir eru fátækir.

Eg hefi komið með breyt.till. á þgskj. 529 við B. IV. 13., um að orðin: »sé aðeins«, breytist í: sé venjulega að eins. Eg gæti nefnt foreldra, sem eiga börn í mentaskólanum, sem ekki gætu komist af án þess að þiggja af sveit, ef þeir nytu ekki góðra manna að. Eg álít, að hér sé bætt úr þessu, ef min breyt.till. verður samþykt, um að veita *venjulega* að eins utanbæjarmönnum styrk.

Þá kem eg að hinni stóru tillögu frá h. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), sem sumum hefir orðið svo bimbult af. Hann talaði mjög ljóst og greinilega fyrir þessari tillögu, eins og hans er vandi. Eg álít, að kvennaskólar eigi ekki að vera til nema fyrir sérmentun kvenna, til þess að kenna þar sérstakt kvennanám, svo sem hannyrðir og matreiðslu. Allir skólar eiga annars að vera sameiginlegir fyrir karla og konur; og konur hafa aðgang að öllum karlmannaskólum hér, þótt þær hafi ekki notað þann rétt. Stýrimannaskólanum sækir kvenfólk ekki að. Karlmenn mundu heldur ekki sækja að skóla, þar sem hannyrðir og matreiðsla yrði kend. En nú stendur svo á, að húsrúm er ekki til í mentaskólanum ef kvennaskóli Reykjavíkur yrði lagður niður. Það yrði þá að reisa nýtt hús og fjölga kennurum að miklum mun, og það yrði enn dýrara en að viðhalda kvennaskólanum. Það er því nauðsynlegt sem stendur að hafa einn kvennaskóla, og það er auðsætt, að það á að hafa þennan skóla í Reykjavík og landið á að styrkja hann, því hvergi annarstaðar er jafnmikill kostur á góðum kenslukröftum og hér. Sá skóli ætti að verða »almennur mentaskóli« fyrir konur. Eða hvar mundu beztir kenslukraftar hér á landi? Það er enginn efi á því, að tímakensla er bezt hér í Reykjavík. Blönduósskólinn hefir ekki völ á góðum kröftum til tímakenslu, og árangurinn af veru sumra stúlkna (eg segi ekki allra) á þeim skóla virðist helztur sá, að þær geta lesið danska eldhúsrómana. En hafi maður fyrir augum gagnsemi skólans, þá er betra hann kosti meira, og að kenslan komi að gagni, því að góð kensla er aldrei ofborguð, en lítil og léleg kensla

alt af ofborguð. Af þessum ástæðum fylgi eg tillögu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Eg hefi ekki viljað drepa Blönduósskólann, heldur þótt heppilegra, að honum yrði breytt í húsmæðraskóla, og tel eg heppilegra, að hann væri í sveit. Af þessum ástæðum aðhyllist eg breytingartillöguna.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) hélt því fram, að mjög mikill munur væri á, hve vel barnaskólar væru útbúnir, og las upp skýrslu, er átti að sýna, að sumir skólar (t. d. í Múlasýslum) hefðu keypt lítið af áhöldum, síðan fræðslulögin komust á, og væru því illa útbúnir. Las hann lista upp yfir hvað einn skóli hefði keypt árið 1910. Þetta sannar ekkert. Sumir skólar hafa átt mikið, áður en kenslulögin komust á. Er þetta því út í bláinn.

Þá er tillaga á þgskj. 584 um að fella niður 600 kr. ferðastyrk til umsjónarmanns fræðslumála. Þetta virðist óskiljanlegt. Er það til lítilla nota, að skylda hann til að hafa umsjón með kenslumálum, en gera honum svo ómögulegt að framkvæma hana. Landinu er skylt að borga þau ferðalög.

Eg hljóp yfir 19. lið á bls. 3, nefnilega breyt.till. 571 við C. 1. Að undanförnu hefir það ekki verið nefnt í fjárlögunum við hvern skyldi gera samning um gufuskipaferðir. Hugsum okkur, að samningurinn frá 7. ágúst 1909 félli í burtu af þeim ástæðum, þótt eg telji það ekki líklegt, að félagið yrði gjaldþrota, eða af hinu, sem ekki er óhugsanlegt, að það brjóti af sér samninginn og hætti að flytja póst, þá yrðu ferðirnar að falla niður, af því að þá væri óheimilt að semja við aðra í staðinn um ferðir. Eg skil ekki, hvað þetta á að þýða. Hitt liggur í hlutarins eðli, að þeim greiðist féð, er samninginn hefir. (Hlé).

Herra forseti! Eg mun hafa verið kominn að 15. gr. þegar hléið varð. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) leggur til, að stofnanir landsins verði uppnefndar. Býst eg við, að þær tillögur hans fari sömu leið og áður. Þó er ein þeirra, sem eg get greitt atkvæði. Það er sú tillaga, að Fornmenjasafnið sé kallað Þjóðmenjasafnið, og er það eðlilegra. Upphaflega, þegar safnið var stofnað, þá var svo ákveðið, að það skyldi heita Forngripa- og þjóðmenjasafn. Öllum hinum tillögunum mun eg verða á móti.

Þá er breyt.till. á þgskj. 577 frá 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) við 8. lið, um að orðin »alt að« falli burtu. Sé eg ekki af hverju þau orð mega ekki standa. Mun eg greiða atkvæði móti þeirri till. Tillagan um að fella styrkinn til Bernersambandsins gengur í sömu átt og áður, og er eg henni mótfallinn af þeim ástæðum, sem eg hefi áður tilgreint. Svo höfum við, eg og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) komið fram með þá breyt.till. við 15. lið 15. gr., að fella styrkinn til Good-Templara niður. Eg var á móti honum við 2. umr. vegna þess, að félagið hefir misbrúkað hann í vetur og notað til pólitiskra agitationa. Í launbréfi frá stórritara reglunnar var öllum félögum skipað að greiða atkvæði eftir hans fyrirmælum. Var þeim skipað að ræða það mál ekki á mannfundum, en að eins hlýða blint. Þessi jesúítaháttur er hættulegur. Mönnum er skipað að hlýða blint, en bannað með öllu að hugsa. Slíkt leyni-veldi í ríkinu er og hefir hvarvetna verið mesti voði — og sízt af öllu eru slík vélræði við löggjafarvaldið styðjandi af almannafé. Þetta var ástæða þess, að eg var á móti styrknum við 2. umr. Eg hefði þó ekki farið að taka þetta mál upp aftur, ef ekki hefði annað nýrra við borið. Það sem eg nú segi um stjórn reglunnar, það segi eg ekki um regluna sjálfa. Good-Templararreglan er gott og göfugt félag, ef hún heldur sér við sitt málefni.

En komist stjórn þess í hendur grunnhygginna og flasfenginna manna, þá getur það orðið háskalegt. Sú ástæða sem eg hér á við, er hótunarbréf það, sem stjórn reglunnar hefir sent öllum þingmönnum. Það er stílað til alþingis, og með því segir reglan alþingi stríð á hendur. Hún segir, að það sé verið að segja sér stríð á hendur, en það hefir ekkert komið fram af þingsins hálfu, sem henni gerir miska. Þetta er altítt, að þeir sem ráðast á aðra að fyrra bragði, segja — án allrar ástæðu — að það sé verið að segja *sér* stríð á hendur. Þetta er tómt ofbeldisverk. Eg er bannlagamaður, en við bannlagamenn skoðum okkur jafn misboðið og hinum. Þetta bréf, sem svo er orðað, heyrir undir 229. gr. hinna almennu hegning arlaga, er ræðir um þá, sem í skjölum til konungs, stjórnarráðsins eða alþingis viðhafa ósæmileg ummæli. Þó má búast við því, að þingmenn fyrirlíti þetta svo, að þeir vilji ekki reka réttar síns, en aðferðin er söm fyrir það. Good-Templararegla ætti ella sjálf alt gott skilið, en nú verður hún að gjalda þess, að hún hefir óhreint höfuð. Er henni það og fyrir beztu, að við strykum þennan styrk út, svo hún gæti sín betur eftirleiðis og velji betri stjórn. Er það ósæmilegt fyrir þingmenn að þola það, að nokkur dirfist að snúa sér til alþingis og segja: Ef þið ekki greiðið atkvæði eins og við viljum, þá segjum við ykkur stríð á hendur. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Við atkvæðagreiðsluna má búast við, að verði nafnakall. Fá menn þá að sjá, hversu sómakærir þingmenn eru.

Þá er tillaga á þgskj 574, frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). Er hún í þá átt, að liðirnir 20—29, 33, 35—38, 45 og 46 falli burt, en í þeirra stað komi: Til vísinda og lista 17000 kr. hvort árið. Eg kom með líka tillögu í Ed. 1905, en hún féll. Svo var upphaflega eftir að þingið fékk löggjafarvald, að landsstjórninni var veitt fé í heilu lagi til bókmenta og lista. Var svo fram til 1883 eða þar um bil. Þá var ekki þingræðisstjórn sem nú. Var oss þá stjórnað af dönskum ráðherra og landshöfðingja, sem enga ábyrgð báru fyrir þinginu. Þess skal þó getið, að landshöfðingi var vanur, þegar um þetta fé var að ræða, að bera sig saman við fjárlaganefnd og heyra hennar tillögur, sem hann jafnan fylgdi. En svo fór að koma óánægja milli stjórnarinnar og þingsins um ýmsar veitingar á þessu fé og varð það orsök til þess, að þingið fór að draga inn undir sig flesta þá hluti, sem það gat eitt haft ráðin yfir. Síðan hefir stjórnin ekki haft yfir þessum styrkjum að ráða, en að eins ráðið menn til samningar kenslubóka.

Mér þykir óviðkunnanlegt, að þingið fari að kjósa nefnd til að úthluta þessu fé, sem svo sé skipuð eftir flokkaskiftingu á þinginu. Þetta gefur enga tryggingu fyrir, að styrkurinn verði óhlutdrægt veittur og auk þess er það hálf óviðfeldið, að þingið skuli ekki trúa sjálfu sér og stjórninni fyrir þessu. Það hefði verið sök sér, ef till. hefði verið orðuð svo, að landsstjórnin veitti styrkinn, en leitaði fyrst álits háskólaráðsins. En eins og till. nú er, get eg ekki greitt henni atkvæði. Mér eru heldur ekki vel kunnar ástæður háttv. fl.m, nema hvað annar þeirra sagði, að það væri óviðkunnanlegt, að vera að ræða mikið um verðleika manna. En þeir verða nú samt að hafa það, því að blöðin ræða um það og almenningur talar um það. Þess er líka að gæta í málinu, að fáar veitingar munu vera veittar með eins litlu tilliti til flokksfylgis og einmitt þær, sem hér um ræðir, svo að eg

álit, hvað það snertir, málinu eins vel borgið hjá þinginu sjálfu, eins og hjá sérstakri nefnd.

Þá kem eg að brtill. okkar háttv. þm. Dal. (B. J.), sem er 70. liður á atkv.-skránni neðst á bls. 8, um styrk til magisters Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út síðasta bindið af »Sögu mannsandans«, 3 bindi eru þegar prentuð. Hingað til hefir honum verið veitt 1200 kr. á fjárhagstímabilinu til þessa starfa en nú hefir háttv. fjárlaganefnd lagt til, að honum yrðu að eins veittar 600 kr. og það var samþykt við 2. umr. Þessar 600 kr. eru ekki nægilegar, nema til $^1/_2$ bindisins, sem eftir er; hann getur ekki komið bókinni út, ef styrkurinn til þessa síðasta bindis verður lægri en til hinna hefir verið veitt. Það er því ekki annað fyrir þingið að gera, en að stryka fjárveitinguna út, eða færa hana upp í 1200 kr. Eg býst við, að þessi breyt.till. okkar fái góðan byr í deildinni, því að eg held, að það hafi stafað af misskilningi háttv. fjárlaganefndar, að styrkurinn var ekki settur hærra en 600 kr. fyrir síðustu umræðu.

Breyt.till. mín, 74. liður bls. 9 á atkvæðaskránni, er ekki annað en orðabreyting, svo eg get slept henni.

Breyt.till. á þgskj. 561. við 3. lið 16. gr., um fjárveitingu til Torfa í Ólafsdal í heiðursskyni fyrir langt og þarflegt starf fyrir þjóðina mun eg greiða atkvæði með.

Þá kem eg að breyt.till. á þgskj. 497 við 24. tölulið 16. gr., um styrk til hæfs manns til þess að ferðast til Englands og kynna sér verkun og flokkun á ull, og ferðast síðan um landið og gefa mönnum ráð og leiðbeiningar í því efni. Eg vil leggja mikla áherzlu á það, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að þótt hér um bil öll íslenzk ull sé seld til Liverpool, þá fer þó mest af henni til Ameríku. Henni er blandað saman við innlenda ull þar og notuð mest í gólfábreiður. Sá maður, sem færi til þess að kynna sér meðferð á ullinni, yrði því að fara þangað. Mér er kunnugt um, að nú á síðustu árum hefir Ameríkumaður ferðast hér um landið og keypt ull, en hvort hann um leið hefir gefið mönnum nokkrar leiðbeiningar um meðferð hennar og verkun, veit eg ekki. En eigi nú að fara að kosta mann til Ameríku, þá eru 1200 kr. svo hlægilega lítið, að þær nægja ekki einu sinni fyrir fargjaldinu fram og aftur, svo að alveg gagnslaust er að samþykkja þessa tillögu.

Þá vil eg mæla með till. okkar háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), um fjárstyrk til Reynis Gíslasonar, til þess að fara utan og nema söngfræði. Hann hefir sýnt hreina undragáfu í þeirri list frá því hann var ungbarn, og þótt eg hafi kannske ekki mikið vit á því, má taka orð 1. þm. G.-K. (B. Kr.) trúanleg, því að hann hefir manna bezt hér í deildinni vit á þessu efni. Öllum ber saman um, að þessi piltur sé frábærlega gæddur músikgáfu og virðist því sjálfsagt að láta svo góða hæfileika ekki fara forgörðum. Eg vona því, að þessi breyt.till. verði samþykt.

Seinast en ekki sízt vil eg mæla með brtill. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 579 við B. I. 3. um laun háskólakennara. Hún er ekkert annað en afleiðing af því, sem nýlega var samþykt hér í deildinni með 19 atkv. með nafnakalli og þessi till. fær vonandi ennþá fleiri atkvæði, þar sem nú er afráðið í báðum deildum á aukafjárlögunum að stofna háskólann.

Ráðherrann (Kr. J.): Það er að eins örstutt athugasemd, er eg vildi gera út af orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Hann nefndi nöfn manna hér í bænum í sambandi við »kritik« á einni skólastofnun, sem eg held að ekki hafi verið

á rökum bygð. Hann var að finna að úthlutun á námsstyrk við lagaskólann og sagði, að einum pilti hér í bæ, sem hann nefndi, hefði ranglega verið veitt ölmusa á lagaskólanum, því faðir hans væri með ríkustu mönnum hér í bænum. Þetta er ekki rétt hjá háttv. þm. Þessum pilti hefir hvorki verið veitt ölmusa né húsaleigustyrkur, heldur 40 kr. verðlaun fyrir dugnað og iðjusemi. Þetta var honum veitt af því fé, sem skólinn hefir til umráða og víst má ráðstafa á þennan hátt. (*Jón Ólafsson:* Samkvæmt hvaða fjárlagaheimild?) Þessi piltur er bæði greindur, iðinn og reglusamur og átti verðlaunin því fyllilega skilin, enda voru honum líka veitt þau eftir einróma tillögum allra kennaranna. Eg vildi að eins leiðrétta þennan misskilning háttv. þm., því að hann fór nokkuð ítarlega út í þetta efni í ræðu sinni.

Björn Kristjánsson: Það eru nokkrar leiðréttingar, og þá fyrst og fremst við ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það er þá fyrst út af ummælum hans viðvíkjandi Flensborgarskólanum. Mér skildist hann vilja halda því fram, að skólinn væri svo bágborinn, að piltar, sem ekki væru sendibréfsfærir, væru útskrifaðir úr honum. Eg skal nú fyrst skýra honum frá því, að skólinn er í 3 bekkjum og að öðru leyti benda honum á, að hér á þinginu sitja 2 menn úr stjórn skólans, sem hann getur fengið nægilegar upplýsingar hjá, þar sem hann virðist vera skólanum mjög svo ókunnur. Eg get líka bent honum á það, sem hann raunar ætti að vita, að skólanum er ekki gefandi sök á því, þótt misjafn sauður sé í mörgu fé og það geti því fyrir komið, að einstaka alls óhæfur maður útskrifist úr honum eins og öðrum skólum. Hann verður að taka við öllum, sem inntöku beiðast og það er ekki svo auðvelt að meta svo hæfileika allra, að einhver heimskinginn nái ekki nægilegri aðaleinkunn til þess að sleppa út úr skólanum. Og þetta gildir um alla akóla. Háttv. þm. sagðist aðallega koma með þessa breyt.till. í því skyni, að hann vildi fyrirbyggja það, að einstaka stofnanir gætu vaðið takmarkalaust í landssjóðinn og fært sig altaf upp á skaftið. En það er als ekki tilfellið hér. Það er að eins farið fram á jafna upphæð og skólanum hefir áður verið veitt, hvorki meira né minna. Eg skal geta þess, að ef á að fara að heimta skólagjald af nemendum við þennan skóla þá lægi nær að hætta að veita nemendastyrk við aðra skóla, svo sem mentaskólann og Akureyrarskólann. Það ætti að afnema það *fyrst*, áður en farið er að tala um skólagjald við aðra skóla. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum þetta mál, eg vona að deildinni sé orðið það nægilega ljóst.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir komið fram með líka breyt.till. og till. mína á þgskj. 525, í þá átt, að utanbæjarmönnum sé ekki veittur takmarkalaus réttur til þess að ganga fyrir við úthlutun námsstyrks við mentastofnanir hér. Eg benti á, að þetta ákvæði gæti verið ranglátt, því að oft gæti það komið fyrir, að fátækir utanbæjarmenn settust hér að og giftu sig og hefðu því ekki síður þörf fyrir námsstyrk en aðrir. Annars hefði eg helzt óskað, að við hefðum getað sameinað þessar till. okkar, sem báðar fara í líka átt.

Þá eru það nokkur orð viðvíkjandi orðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um fjárhaginn og horfurnar núna. Honum þóttu þær nokkuð iskyggilegar og var svo svartur í skoðunum sínum, að hann vildi stryka út fjöldann allan af mestu þarfafyrirtækjum, sem þegar eru komin inn í fjárlagafrumvarpið. Þessar raddir hafa líka heyrst í Ed. og kveðið svo

ramt að þar, að menn hafa verið með grátstaf í kverkunum út af fjárhagnum, talað um hið sorglega ástand o. s. frv. og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kom með heilmikið yfirlit yfir allan hag landsins og býsnaðist mikið yfir útlitinu. Þetta er alt saman vegna 187 þús. kr. tekjuhalla, sem er á fjárlögunum eftir 2. umr. hér í deildinni. Þau býsn hafa menn líklega aldrei heyrt áður. Eg ætla nú að leyfa mér að benda á nokkur undanfarin þing og skýra mönnum frá, hvernig hallinn hefir verið þá eftir 2. umr., í þinglok og í árslok. Eg hef samið skýrslu um það hér á hnjánum, sem nú er verið að prenta og verður útbýtt innan lítillar stundar. Fjárhagurinn hefir verið þessi:

Árin	Halli við 2 umr. kr.	Halli í þinglok kr.	Viðlagasj. tekjueftirst. og pen.	Árin
1899	122,172	99,024	1,656,569	1898/1899
1901	80,743	132,949	1,611,795	1900/1901
1903	380,145	400,500	1,819,328	1902/1903
1905	410,239	259,439	1,821,946	1904/1905
1907	345,326	514,012*	1,627,896	1906/1907
1909	360,273	64,910	1,901,815	1908/1909
1911	187,000			

Eg vil ekki ábyrgjast, að tölurnar séu allar nákvæmar, því tími var enginn til að semja þessa skýrslu, en eg hygg þó, að miklu skakki ekki, enda er þá hægt að leiðrétta það. Svona er þá fjárhagurinn núna, einar 187 þús. kr. í tekjuhalla eftir 2. umr. Er hann nú ægilegur í samanburði við það, sem hann stundum hefir verið áður! Þetta eru öll ósköpin, 187 þús. kr., og svo er mönnum mikið niðri fyrir, að þeir vilja fara að fresta bannlögunum til þess að komast hjá vandræðum. Það er vissulega engin ástæða til. Eg geri ráð fyrir, að landssjóður kæmist klakklaust út úr öllu saman, þó að engin lög yrðu samþykt til þess að auka tekjurnar. Þó vildi eg fyrir mitt leyti mæla með því, að þær verði auknar eftir því sem kostur er á. Menn hafa kvartað yfir því, að landssjóður væri svo peningalaus, þegar hann hefir um 2 milj. kr. handbært fé til að selja eða veðsetja!

Skýrsla mín nær ekki lengra en til 1909. En árin 1910—1911 litu út fyrir að verða beztu ár, svo að ekki hnignar fjárhagurinn mikið á þeim.

Þá skal eg minnast á eina till., sem nokkuð hefir verið rædd hér í deildinni og fer fram á 1200 kr. styrk til manns, eg man hvorki nafn hans eða tillögumanns, til þess að kynna sér í útlöndum verkun og flokkun á ull. Það hefir oft verið talað um þetta. Mál þetta hefir verið lagt fyrir stjórn Búnaðarfélagsins og hún hefir ekki viljað mæla með því. Eg get skýrt mönnum frá því, vegna ýmsra upplýsinga, sem eg hefi aflað mér í þessu efni, að tilraunir til þess að bæta ull og gera hana verðmeiri með annari verkun eru alveg þýðingarlausar. Ullin verður ekkert betri, þótt hún sé betur þvegin, og heldur ekki útgengilegri. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skýrði alveg rétt frá þegar hann sagði, að norðlenzk prima ull kæmist aldrei yfir víst verð samanborið við verð á útlendri ull, hversu vel sem hún er vönduð. Hún getur ekki orðið eins og útlend ull og það stafar ekkert af verkun hennar, heldur af því, hvað hún er gróf í sér. Það þýðir ekkert að þvo hana, og ef á að bæta hana, gera hana fínni, þá verður að veita styrk til þess að breyta *loftslaginu* hér á Íslandi, því að það eru rigningarnar, sem gera það að verkum hvað ullin er gróf og togmikil. Norðlenzk ull er fínni og verðmeiri en sunnlenzk ull *vegna*

*) Á því þingi var ákveðið að taka $^1/_2$ milj. króna lán, sem fært var sem tekjur á fjárlögunum, og er því tekjuhallinn rétt talinn þannig, þó fjárlögin sýni að eins 14,012 kr. tekjuhalla.

þess að veðuráttan er þurrari á Norðurlandi. Ullin verður alls ekki bætt, nema þá í smá atriðum, eins og Kristján Jónasson benti á, svo sem með því að tæta betur í sundur flóka, því að þeir eru óhentugir að vinna fyrir vélarnar — en að öðru leyti verður hún ekki bætt. Eg hygg, að lang bezt sé að selja ullina óhreina. Þeir sem tala um að verka hana hafa tiltölulega lang minst upp úr henni.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þótti það bæði kynlegt og skakt að láta það standa á fjárlögunum, að styrkurinn til gufuskipaferða skyldi veittur Thoreféлaginu. Hann taldi þetta hættulegt, þar sem félagið mundi líklega hverfa úr sögunni á næsta fjárhagstímabili. Eg held, að ekki mundi verða hægt að áfella stjórnina, þó hún leigði önnur skip, ef félagið gæti ekki uppfylt skyldu sína. En félagið mun vera öflugt og er því engin hætta á, að það uppfylli ekki skyldur sínar. Eg vil einnig benda á, að Stóra Norræna félagið gæti einnig orðið gjaldþrota. Annars held eg að hér standi eitthvað annað á bak við en þessi fyrirsögn. Samningurinn við »Thore« er gildur og löglegur. Tók eg það fram við 2. umr., að samningurinn væri ekki einungis löglegur, heldur hefði stjórnin lagt Thoreféaginu ýmsar skyldur á herðar um fram því, sem lögin áskildu.

Ráðherrann (Kr. J.). Að því er fjárhag landsins snertir hefi eg litlu við það að bæta, sem eg sagði við 2. umr. Það er langt frá því, að eg líti með svartsýni á hag landssjóðs eða fjárhag landsins. En maður verður þó vissulega að líta á, hvað handbært er af fé landssjóðs. Nú er peningaforði landssjóðs um 250 þús. kr., og eins og eg áður hefi tekið fram, er þetta altof lítið, enda óvenjulega lítið. Á dögum landfógeta var hann aldrei minni en 400 þús. kr., oftast töluvert hærri, og landfógetinn síðasti, sem eg þekti vel, var vissulega ekki ánægður, ef minna var í kassanum. En þess verður jafnframt að gæta, að vér skuldum ríkisféhirzlu Dana hér um bil 470 þús. kr., sem vér getum átt von á að verða krafðir um á hverri stundu, og þá hrekkur ekki langt þetta fé, sem vér höfum handbært.

Það hefir mikið verið talað um viðlagasjóðinn. Hann er nú sem stendur um 1700 þús. kr. eða ríflega það. En ef litið er á skýrsluna um hann í landsreikningnum, sést að ekkert af þessu getur kallast handbært fé, því að mestur hluti hans er fastur í útlánum, en hitt í verðbréfum, í bankavaxtabréfum og í dönskum ríkisskuldabréfum, sem eigi er unt að koma í peninga, og má fyrir því líka kalla bundið, því að þessi verðbréf verða ekki seld í einni svipan, þó á þyrfti að halda, nema þá með mjög miklum afföllum. Bréfin geta verið og eru góð eign fyrir því.

Þá vil eg skýra frá því, sem eg hefi áður skýrt frá í efri deild, að þetta margumrædda landssjóðslán til bankavaxtabréfakaupa, er nú loks gert upp. Eftir langa mæðu tókst að grafa þetta upp, og skal eg leyfa mér að lesa upp skýrslu um, hvernig láninu hefir verið varið:

Lánsupphæðin var	kr.	1470000.00
Vextir í bönkum erlendis	—	10287.00
Samtals	kr.	1480287.83

Þetta hefir verið greitt þannig:

Til Landsbankans (gegnum Landmandsb.)	kr.	600000.00
Til ríkisféhirzlu	—	100000.00
Til Íslanbanka (gegnum Privatb. og Centralb.)	—	700000.00
Til sama (kr. 7481.80+2462.27+11520.34) samtals	—	21464.41
Afborgun og vextir lánsins til $^{11}/_{12}$ 1909	—	58823.42
Samtals	kr.	1480287.83

Er þá búið að koma þessu heim upp á eyri. En hins vegar má af þessu sjá, að láninu hefir ekki að öllu leyti verið varið eins og til var ætlast. Að vísu hafa verið keypt bankavaxtabréf Landsbankans fyrir lánspeningana, að upphæð 1300000 kr. að nafnverði, en kaupverðið hefir verið 1274000 kr. En svo hafa verið greiddar af lánsfénu inn í ríkisféhirzluna kr. 100000.00, og hafa þær þannig gengið upp í þarfir landssjóðs. Ennfremur hafa gengið til landssjóðsþarfa kr. 21464.41, sem greiddar hafa verið inn í Íslandsbanka, og hafa bankavaxtabréf ekki verið keypt fyrir þessar upphæðir. — Þriðja upphæðin kr. 58823.43 er afborgun og vextir af láninu, sem hefir verið tekin af sjálfri lánsupphæðinni. En þetta er rangt, því að fyrir alla lánsupphæðina átti að kaupa bankavaxtabréf. Það eru því þannig alls kr. 180287.83, sem landssjóður skuldar láninu eða lánskonto. Ef ekki eru taldir með vextir og afborgun af láninu, er skuldin kr. 121464.41. Þetta er þá sú upphæð, sem runnið hefir inn í jarðabókarsjóð og því ekki hægt að kaupa bankavaxtabréf fyrir fyr en jarðabókarsjóður hefir nægа peninga til þess að endurgreiða hana, en það hefir hann nú ekki. — Eg álít, að hér við mætti einnig bæta 26 þús. kr., sem er 2% af þeim 1300 þús. kr. í bankavaxtabréfum, sem keypt hafa verið fyrir lánsupphæðina, með því að þau hafa verið keypt fyrir að eins 98% enda hefir lánið sjálft verið talið með 2% frádrætti (1470000 kr. í staðinn fyrir 1500000 kr.). Eg álít rétt að gefa háttv. deild þessa skýrslu út af því umtali, er hefir orðið um þetta mál. — Greinargerð er þannig fengin fyrir öllu láninu, en því hefir ekki öllu verið varið eins og vera átti, en á því tel eg mig enga ábyrgð hafa, og að svo komnu getur landsstjórnin ekki kipt því í lag.

Bjarni Jónsson: Það er ýmislegt, er eg vildi leyfa mér að minnast á. Styrkurinn til augnlæknisins er of lágur og býst eg við, að hann fari héðan úr bænum, ef hann verður ekki hækkaður. Eg get ekki verið háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) samdóma um það, er hann sagði um lækninn á Kleppi. Háttv. þm. talaði um að læknirinn hefði pólitiska »praxis« hér í bænum. En eg veit ekki til, að menn séu launaðir fyrir að hafa pólitiskar skoðanir eða að láta þær í ljósi í blöðunum. Annars hefir læknirinn ýms aukastörf, svo sem gjaldkerastarfið og því ekki of mikið að hann fái 2700 kr. í laun. Háttv. þm. lagði á móti styrkveitingu til séra Jóh. Lynge. En hér er aðgætandi, að presturinn getur ekki fengið jörðina keypta vegna samsteypu brauðanna, og því alveg rétt að veita þennan styrk. Háttv. þm. talaði ennfremur um tillögu þá, er fram er komin um að binda námsstyrkinn skilyrðum, og er eg honum samdóma um, að þetta sé mjög ranglátt. Tillagan fer fram á að húsaleigustyrkur skuli einungis veittur utanbæjarmönnum, og skulu þeir ennfremur, hvað námsstyrkinn snertir, ganga fyrir innanbæjarmönnum. Þetta er svo ranglátt, að það nær engri átt. Hvernig mundi þetta líta út að því er lagaskólann snertir? Þar eru nú þessir nemendur: Böðvar Jónsson, Björn Pálsson, Jón Benedikts Jónsson, Ólafur Lárusson, Jónas Stephensen, Sigurður Sigurðsson, Andrés Björnsson, Jón Jónasson, Jón Ásbjörnsson Hjörtur Hjartarson, Eiríkur Einarsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Jón Sigtryggsson. Samkvæmt tillögunni gætu þeir Sig. Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Eiríkur Einarsson og Jón Sigtryggsson fengið

húsaleigustyrk og auk þess ættu þeir að hafa forgangsrétt hvað námsstyrk snertir. En Andrés Björnsson og Jón Jónasson, sem eru bláfátækir og því miklu ver settir en hinir, gætu ekki fengið neitt. Er nokkuð réttlæti í slíku? Það er vandasamt að skera úr, hverjir eru mestir styrkþurfar. Það geta einungis kennararnir. Alþingi þekkir ekkert um það; þess vegna er það algerlega skakt af því að setja þetta ákvæði. Eg álít rétt að samþykkja tillögu háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem gengur út á að orðinu »venjulega« sé bætt inn í áðurnefnda tillögu. Þetta gefur kennurunum svigrúm til þess að víkja frá reglunni; þeir hljóta að þekkja þetta betur en þingið. Eg skal t. d. geta, þess, að einn þessara lagaskólanemenda er skrifari hér við þingið; er hann bláfátækur, en þó ætti hann ekki að geta fengið styrk. Hvers eiga þeir að gjalda, sem eru bláfátækir og ekki fjölskyldumenn? Það væri þá bezt að setja það ákvæði, að styrkveitingin sé bundin því skilyrði, að þeir giftist og geti börn. Það er víst meiningin með tillögu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.).

Í gær var hér talað um lýðháskólann á Hvítárbakka, kastaði háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) í mig snuprum fyrir það, að eg er mótfallinn styrkveitingu til skólans. Skal eg ekki svara háttv. þm. Aðeins vil eg taka það fram, að eg vil ekki láta neinn lærdómshroka koma niður á skólastjóranum eins og háttv. þm. komst að orði. Eg vil benda háttv. þm. á ummæli mín um Þorgils gjallanda. Þau bera ekki vott um lærdómshroka í mér. Eg þykist ekki vanur að vera með neinn lærdómshroka. Eg er mótfallinn styrkveitingu til skólans af því, að eg álít skólastjórann alls ekki færan til þess að gegna þessu starfi. En þessi skóli gæti verið unglingaskóli og gæti þá notið sama styrks og aðrir slíkir skólar. Það er rangt að veita þessum svo kallaða lýðháskóla hærri styrk en einum unglingaskóla, og er eg því að eins mótfallinn, að hann fái hærri styrk en slíkur skóli. Það er rangt að veita hærri styrk til skóla í kaupstöðum en í sveit. Það er ennfr. öfugt hjá háttv. deild, eins og svo margt annað, að veita lækni, sem situr á útkjálka lægri laun en lækni, sem situr í góðu héraði. Það borgar sig að halda skóla í kauptúnum styrklaust, en borgar sig ekki að gera það í sveit. Eg hefi sjálfur haldið kvöldskóla hér og hafði upp úr því, þótt eg tæki mjög lágt gjald. En slíkt hefði verið ómögulegt uppi í sveit. Eg ætla ekki að þrátta neitt um það við háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) hvort eg meti meira viðskiftaráðunautsstöðuna eða Hvítárbakkaskólann. Eg eg vil leyfa mér að minnast á, að eg hefi komið fram með till. um styrkveitingu til séra Ólafs í Hjarðarholti til þess að halda skóla, og hver getur líkt þeim saman, séra Ólafi og Sigurði Þórólfssyni? Og þótt þetta sé ef til vill kallaður háskólahroki, skal eg geta þess, að eg hefi eins mikið vit á þessu og hver annar.

Þá kem eg að 95. lið á atkv.skránni, sem fer fram á að hækka tillagið til símalagningar í Dala- og Snæfellsnessýslu. Úr því að þingið er skyldugt til að leggja fé til þessa fyrirtækis, er það ekki ósanngjarnt, að það leggi nú fram 15000 kr. Það er ranglátt, að veita sumum héruðum stórfé til símalagningar, en sumum ekkert.

Af því vér erum smáþjóð, verðum vér mjög að styðjast við aðrar þjóðir í vísindum. Er það alkunna, að vér höfum um margar aldir stundað nám í háskóla Dana. Mun námsstyrkurinn vera þess valdur, að vér höfum ekki sótt til annarra landa en þessa eina. Er það oss mikið tjón, því að allur lær-

dómur vor og þekking verður fremur einhliða með þessu móti, heldur en ef sumir sæktu til Svía eða Norðmanna eða Englendinga eða Þjóðverja. Nú mun að miklu verða ráðin bót á þessu, er vér fáum vorn eigin háskóla. Það má nú verða, hvenær sem vill, því að lögin höfum vér þegar fengið og er eigi annars vant, en fjárveitingar til þess að háskóli Íslands geti tekið til starfa. Ætti nú hver Íslendingur að heimta það af næsta þingi, að það veiti fé til þessa. Þegar vér höfum fengið slíka allsherjar mentastofnun innanlands, þá höfum vér þar með fengið öfluga vernd þjóðerni voru og tungu. En hitt er stórfeld hætta hvorutveggja, að mentamenn vorir sæki til háskóla erlendis, einkum þó ef þeir eru allir í sama landinu og drekka allir af sömu lindum. Má þá svo fara, að menn lítilsvirði sína eigin þjóðmenningu, og meti meira erlenda snikjumenning, og hvar finnum vér þá stað sjálfstæði voru? Ef svo fer, eða að svo miklu leyti, sem svo hefir farið, verðum vér hræmulega undir í viðskiftum vorum við aðrar þjóðir í þessari grein. En háskóli vor mun rétta hluta vorn yfirleitt. Þó eru einkum íslenzk fræði, saga landsins, bókmentasaga þess, mál og menningarsaga, löggjafarsaga og íslenzk lögfræði sérstaklega vel til þessa fallin. Háskóli vor á að verða svo góður að þessu leyti, að hvergi sé svo gott í víðri veröld að nema þessar greinar sem hér. Raunar er sá galli hér á, sem flestum mun kunnur, að Danir og ýmsar aðrar þjóðir hafa náð tökum á handritasöfnum vorum meðan svartnætti vonleysis lá hér yfir landi og þjóð. Þá dirfðust menn eigi að hugsa svo hátt, að Ísland mundi nokkru sinni ná svo langt, sem nú er orðið, hvað þá svo langt, sem verða mun innan skamms. Gerast því beztu menn þjóðarinnar til þess að safna handritum vorum og flytja þau af landi burt, í stað þess að geyma þau hér. Af þessum rótum er það runnið, að nú hafa Danir alla nytsemd og heiður af safni Árna Magnússonar. Að réttu lagi ættum vér að fá það safn alt hingað heim, en það mun þó aldrei fást með góðu. Og þess vegna verðum vér að hitta annað ráð, því að það væri þjóð vorri meira en meðalsmán og stórtjón, ef eigin háskóli vor gæti eigi rannsakað og gefið út sín eigin ágætisrit. Sé eg því eigi annað ráð, en að við verðum að láta ljósskrá öll handritin og mundu Danir verða í því efni viðfangsgóðir. En er vér hefðum fengið þau, mundi háskólinn í Reykjavík innan skamms verða sú mentastofnun, sem ágætust væri um allan heim í þeim fræðigreinum, er eg nefndi fyr. Mundu þá streyma hingað námsmenn úr öllum löndum, þeir er nema vildu þessar greinar. Eg efast ekki um, að Íslendingar mundur skara fram úr í þeim, því að svo hefir jafnan verið hingað til. Hafa þeir jafnan gefið út og þýtt bókmentir vorar, og þótt sumstaðar séu aðrir taldir höfundar, þá hafa þeir oftast eigi gert annað en að skrifa nafn sitt á verk Íslendingsins. Þeir hafa verið og eru kennarar í þessum fræðum í ýmsum háskólum. Auk þess höfum vér nú á síðustu áratugum haft hér heima beztu fræðimennina í þessum efnum. Þarf eigi fleiri að nefna en Jón heitinn Þorkelsson skólastjóra og Björn M. Ólsen skólastjóra, en þó mætti nefna fleiri.

Hefi eg þá leitt rök að því, að vér getum látið háskóla vorn verða fyrirmynd í þessum fræðum, en eg vona, að hverjum manni sé það í augum uppi, hversu mikils verð væri sú frægð, er vér hlytum af. Því að það vita allir menn, að aðrar þjóðir þekkja oss sárlitið, og engu síður vita menn hitt, að menn eru ragir til viðskifta við blá-

ókunna menn og þjóðir. Ef vér yrðum kunnir víðs vegar um heim fyrir vísindi, þótt ekki væri nema í einni grein, þá mundi það, þótt óliku sé saman að jafna, greiða fyrir íslenzkum landsafurðum og sjávar. Auk þess mundu erlendir námsmenn, er hingað kæmu, flytja fé inn í landið. Og jafnvel þótt enginn yrði af því peningahagnaðurinn, þá mundi sómi og andlegur þroski ekki ofkeyptur því verði, sem nemur kostnaðinum af þeim framkvæmdum, sem nú nefndi eg.

Eg sé, að mönnum leiðist að heyra ástæður fyrir réttu máli, og hitt veit eg, að ekki nenna þeir að lesa þær, þótt þeim séu sendar þær ókeypis. Eg mun því hætta að sinni, en það mun sýna sig, þegar frá líður, hvorir hér eru vitrari og hafa fleiri og betri ástæður fyrir sínu máli.

Björn Sigfússon: Eg sagði áðan, að eg ætlaði ekki að taka til máls aftur, nema eg væri knúður til þess. Nú hefir háttv. 2. þm. S-Múl. (J. Ó.) knúð mig til þess. Hann fór mörgum orðum um skýrsluna um fé til áhaldakaupa. Eg gat þess áður en eg las skýrsluna, að hún væri fyrir 1909—10, en svo fór hann að þylja um mörg ár þar á undan. Þetta þótti mér kynlegt, þar sem hér var ekki nema um eitt ár að ræða. Þetta er nú þriðja árið, sem kvennaskólinn fer fram á að fá þennan styrk. Þá var og það, sem hann talaði um framkvæmd fræðslumálanna, þar sem hann gaf í skyn, að fé væri dregið undan, slík fjarstæða, að eg er alveg hissa á skynsömum manni að koma með annað eins. Hann þurfti að fara að tala um kensluna við Blönduósskólann, og var honum það óskylt og ókunnugt. En hann hefði þó getað það án þess að sverta og svívirða konur þær, er þar eiga hlut að máli, en máske honum sé orðið slíkt svo tamt, að slíkt sé ekki tiltökumál. Annars hygg eg, að hann sjái sjálfur við nánari athugun, að hann hefir ofmælt, þegar hann sverti þær svo, sérstaklega gagnvart einni konu, sem mest af öllum setti sitt mót á skólann, en það var frú Elín Eggertsdóttir Briem. Sú kona er flestum kunn og hefir lengi verið álitin einhver bezt mentuð kona í landinu, svo að þessi dómur gerir henni og hennar áliti ekkert til. (*Jón Olafsson:* Eg hefi enga svert). Jú, þm. sagði, að hið helzta, sem lesið hefði verið í skólanum, væri útlent rómanarusl, eldhúsrómánar. Mundi nú nokkur trúa því, að kona sú, er eg nefndi, hefði sett slíkt mót á skólann, eða látið það viðgangast, að þetta væri hið helzta, er kent var, Eg gæti talið margar fleiri sæmdarkonur, sem verið hafa við þennan skóla, en eg skal láta mér nægja að nefna annað nafn, frú Guðrúnu Briem, konu Eggerts skrifstofustjóra. Heldur nú háttv. þm., að þessar konur eigi það skilið, að úthúðað sé svo stofnun, sem þær hafa veitt forstöðu. (*Jón Ólafsson:* Þetta er talað úti á þekju). Nei. Þingm. talaði um skólann og kensluna þar, en það getur verið, að hann hafi verið úti á þekju sjálfur, og ekki meint það, sem hann var að segja. Eg gæti líka nefnt einn nemanda frá þessum skóla, sem var 2 ár á Ytri-Ey og fór síðar til Hafnar og fékk þar undirbúningsmentun. Þessi kona var frú Björg Þorláksdóttir Blöndal. Þrem árum eftir að hún kom til Hafnar var hún orðin stúdent og cand. phil. Bendir nú þetta á, að sú mentun, sem hún fékk þarna, hafi verið svo léleg? Eg álít að þetta sé nóg til þess að hrekja ummæli háttv. þingm. Auðvitað þekkir hann þetta mál ekki vitund, en mér fanst nauðsynlegt að mótmæla orðum hans sem algerlega órökstuddum sleggjudómi. Nú er eg dauður, svo að hann má ráðast á mig eins og hann vill, eg

mun ekki ganga aftur. (*Jón Ólafsson:* Eg held að það væri ekki gustuk).

Benedikt Sveinsson: Eg vildi minnast á nokkrar breyt.till.

Fyrst er breyt.till. á þgskj. 497, um styrk til þess að senda utan mann til þess að kynna sér markað fyrir íslenzka ull og kröfur kaupenda í því efni, og gefa landsmönnum síðan sem glöggasta skýrslu um árangurinn. Það hefir nú komið fram, að sitt sýnist hverjum um þetta mál, þótt allir verði að viðurkenna, að Íslendinga vanti mjög þekkingu um meðferð þessarar vöru, enda kveður svo ramt að því, að þeir hafa ekki vitað, hvort betra væri að senda ullina þvegna eða óþvegna. Þetta sýnir, að fullkomin þörf er á að senda mann til þess að kynna sér þetta til hlítar. Það leikur líka á ýmsu, hvað menn halda um það, hvar markaðurinn muni vera beztur. Nú er mest selt af ullinni til Ameríku og Englands, en samkvæmt skýrslu viðskiftaráðunautsins mundi einnig mega senda hana til Belgíu, og hafði hann þar við að styðjast álit merks manns, þar sem er Heinrich Erkes rithöfundur og verksmiðjueigandi. En þótt viðskiftaráðunauturinn hefði nú gert sitt bezta í þessu efni, sent stjórnarráðinu skýrslu um árangur af rannsóknum sínum og gengist fyrir því, að send væri sýnishorn til reynslu, þá er það ekki nóg. Ráðunauturinn hefir í mörg horn að líta, og er því full ástæða til þess að senda sérstakan mann, einkum af því, að það er ekki nóg, að sá maður kynni sér þetta erlendis, heldur verður hann líka að kenna það landsmönnum sjálfum á eftir. Sjón er sögu ríkari, og ekki hjálpar, þó verið sé að senda stjórnarráðinu einhverjar skýrslur, og liggi það svo á þeim eins og Fáfnir á gullinu á Gnitaheiði. Hitt mundi bera miklu meiri árangur. Það þarf ekki að hika við það, þótt þetta kosti einar 1200 krónur, þar sem nú er flutt út úr landinu á aðra miljón punda af ull á ári. Það þarf ekki mikla verðhækkun á pundið til þess að þar sjái staðar, og allur þorri landsmanna mundi njóta góðs af þessu. Hér er að ræða um spor í áttina til þess að auka verðmæti þessarar höfuð-vöru landbænda, og vænti eg þess, að það beri góðan árangur. Eg tel mikla nauðsyn á því, að fengnir séu ullarmatsmenn, en ekki er til neins að kosta fé til þeirra fyr en kostur er á þeim mönnum, sem hafa aflað sér nægrar þekkingar, og eg býst við svo miklu gagni af þessum eina manni, að þingið sjái seinna ástæðu til að senda fleiri. Í sambandi við þetta má geta þess, að Kaupfélag Þingeyinga sendi fyrir löngu mann til Englands í sömu erindagerðum. Það var Kristján Jónasson. Hann rak erindi sitt samvizkusamlega, og reit bækling um ull, sem hefir stuðlað að því, að ull Þingeyinga hefir síðan verið betur verkuð en annarstaðar, og komist í hærra verð. Eg vona því, að háttv. deild verði ekki mótfallin svona lítilli fjárveitingu og þarfri.

Þá er önnur breyt.till. á þgskj. 557, um styrkinn til Fiskifélags Íslands. Um hann var nokkuð talað við 2. umr., en tillagan þá tekin aftur, með því að mönnum var málið þá ekki vel ljóst. Hingað til hefir félagsskapurinn meðal sjómannastéttar landsins verið allur í molum, og þessi atvinnugrein því orðið fyrir þungum áföllum, sem einmitt mundi hafa orðið afstýrt með góðum félagsskap, og duglegri og áreiðanlegri fiskiveiðastjórn, og fullkomnari leiðbeiningum en kostur hefir verið á. Þessi atvinnugrein er vandameiri en landbúnaðurinn. Hún er að taka snöggum breytingum, og vér verðum að fylgjast með í þeim. Þar er og arðurinn meiri og fljótteknari en af öðrum atvinnugreinum, ef vel gengur, og því brýn nauðsyn, að ekkert fari

í handaskolum. Öll mistök eru þar dýrari; en ef unt er að forðast þau, þá er auðurinn vís. Vér Íslendingar stöndum betur að vígi um fiskveiðar en aðrar þjóðir, af því að vér búum hér fast við fiskimiðin, en aftur hafa stórþjóðirnar, Englendingar og Frakkar, langtum meiri mannaráð og fjárkost, enda er synd að segja, að þær geri ekki það sem þær geta til þess að geta notið sín í baráttunni. Það er ekki smáræðis fé, sem þessar þjóðir verja til eflingar sjávarútveginum. Þótt Englendingar eyði of fjár til vita við strendur landsins, þá þurfa ensk fiskiskip ekki að greiða einn eyri í vitagjald í Englandi, þar sem okkar skip þurfa að greiða mikið fé fyrir fáa vita. Þó ganga Frakkar enn lengra, þeir hafa þegar um mörg ár látið þá sjómenn sína njóta mikilla hlunninda, sem stunda veiðar í norðurhöfum, og nú hafa þeir heitið háum verðlaunum fyrir útfluttan fisk — eitthvað um 16 krónur fyrir hvert skippund. Svo mikla rækt leggur franska stjórnin við það að auka þennan atvinnuveg. Í samanburði við þetta er ekki til mikils mælst, þótt þess sé óskað, að þingið hjálpi Fiskifélagi Íslands, þessu félagi, sem nú er stofnað til þess að sameina krafta og þekkingu sjómanna vorra. Sumir vilja nú reyndar bíða, og sjá hvernig þessu félagi reiðir af, en það er ekki til annars en tefja fyrir þroska þess og framkvæmdum. Tryggingin er nóg fyrir framtíð félagsins. Það er skipað hæfustu mönnum, sem kostur er á hér í Reykjavík, og það er skaði, sem numið getur tugum eða hundruðum þúsunda á ári, að hamla því, að félagið geti sem fyrst og bezt neytt krafta sinna.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) var hátalaður um breyt.till. á þgskj. 555, um launahækkun til læknisins á Kleppi. Byrjunarlaun eru eins og kunnugt er 2400.00, og án eftirlaunaréttar. Hann sótti um viðbót á síðasta þingi, og hafa þeir sem kunnugir eru launakjörum lækna, mælt með þessu, bæði landlæknir, þm. Vestm. (J. M.) og fleiri. Það er því líklegt, eftir undirtektum háttv. fjárlaganefndar, að þessu verði vel tekið, enda liggur það í augum uppi, hve lág laun þessa læknis eru, ef þau eru borin saman við laun annara spítalalækna hér í grendinni, einkum læknisins við Vífilsstaðahælið, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, að fái 3200 kr. í byrjunarlaun, en hinn á að hafa sama og áður. Þetta er ekkert réttlæti, og kemur það því berara fram, þar sem maðurinn hefir engan eftirlaunarétt. Ef hann hefði hann, þá gæti hann sætt sig við lægri laun en ella — og þetta er því undarlegra, sem geðveikralæknar eru með hæstlaunuðu læknum erlendis, sem eðlilegt er, því að starfið er bæði vandasamt og hættulegt. Þar er við menn að fást, sem auðveldlega geta orðið mönnum að skaða, og meira að segja alltítt að svo verði. Enn er á það að líta, að þessi maður hefir staðið mjög vel í stöðu sinni, og er þar að auki hinn mesti dugnaðarmaður í forstöðu sinni fyrir búinu. Hann er bæði gjaldkeri hælisins og ráðsmaður, og sparar það hælinu 1900 kr. á árinu, ef borið er saman við Laugarnesspítala. Þessi maður hefir stundað jarðabætur, og sýna verkin merkin um hagsýni hans, þar sem honum hefir tekist að gera veru hvers sjúklings 30 aurum ódýrari á dag, heldur en í Laugarnesspítala; þó er gjaldkerastarfið miklu örðugra á Kleppi, en í Laugarnesi, því að í Laugarnesi eru mestmegnis sömu mennirnir æfilangt, og kostaðir af landssjóði, en á Kleppi eru 50—60 manns, og þarf árlega að vera eltast við hreppsnefndir og aðra út um alt land, til þess að ná meðlaginu. Vona eg því að menn sjái, að till.

er ekki ósanngjörn. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ympraði á því, að þessi læknir væri oft staddur hér í bænum. Það er alveg rétt, en það er engin furða, hann er ráðsmaður hælisins og þarf oft að koma hér til þess að kaupa til búsins.

Þá er breyt.till. á þgskj. 554, er fer fram á að fella niður styrk til skáldanna á fjárlögunum bæði árin. Þessir skáldstyrkir hafa nú staðið óhreyfðir mörg ár og er helzt svo að sjá, sem ætlast sé til, að ekki verði við þeim haggað nema þá til þess að auka þá, heldur eigi þessi skáld að fá styrkinn sem föst árslaun til æfiloka. — Þessi aðferð mælist víða illa fyrir meðal almennings, og þætti mörgum betur hlýða að veita skáldunum viðurkenning við og við eða í eitt skifti fyrir öll. Því verður heldur ekki neitað, að mörg af góðskáldum vorum hafa enga viðurkenningu fengið, þótt þau standi fullkomlega jafnfætis landssjóðsskáldunum; get eg þar til nefnt t. d. Indriða á Fjalli, Sigurð á Arnarvatni, að ógleymdum höfuðskáldum vorum, þeim Einari Benediktssyni og Stepháni G. Stephánssyni, sem enga viðurkenningu hafa hlotið af alþingi. Úr þessu verður ekki bætt, meðan því lagi er haldið, sem nú er á, en á því yrði bætur ráðnar, ef tillaga mín yrði samþykt. — Sumum kann að þykja þetta harðræði gegn landssjóðsvönum skáldum, en þar sem þau hafa flest notið styrks all-lengi, þá sé eg ekki annað en þau mætti vel við una, þótt hann félli nú niður um lengri eða skemri tíma.

Þá skal eg víkja fáum orðum að styrkveitingu til Sighvats Borgfirðings til þess að fullkomna ritverk sín um sögu landsins, einkum prestaæfir, sem hann hefir lengi unnið að og taka yfir presta um alt land frá fornöld og til vorra daga. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir mælt með þessu og kann eg honum þakkir fyrir. Væri ilt til þess að vita, ef þingið léti þennan mann ekki njóta þeirrar ánægju, í elli sinni, að nota söfnin hér til þess að auka og endurbæta þessi verk sín. Sighvatur er manna kappsamastur og ötulastur við ritstörf og hefir alla æfi unnið mikið að rannsókn á sögu landsins; það er því ekki of mikil viðurkenning, þótt honum væru nú veittar þessar fáu krónur.

Þá hefi eg lagt til, að liðurinn til ferðastyrks handa fræðslumálastjóranum, 600 kr. á ári, falli niður. — Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) talaði um það, að merkilegt væri að ætla fræðslumálastjóranum eftirlit, og gera honum eftirlitið ómögulegt með því að veita honum engan ferðastyrk. En það virðist sem háttv. þm. hafi ekki athugað það, að honum er launað af landsfé til þess að hafa eftirlit með fræðslumálum, og fær fyrir það sæmilega há árslaun, 3000 kr. Og þegar þess er gætt, að þessi embættismaður hefir nú þegar ferðast um mikinn hluta landsins, svo að mikil árleg ferðalög eru ekki brýn hér eftir, enda samgöngur mjög greiðar við flest kauptún landsins, þar sem flestir skólarnir eru, þá sýnist það vera að bera í bakkafullan lækinn að veita honum sérstakan ferðastyrk aftur og aftur ofan á há laun. Það sýnist fremur undarlegt að launa menn fyrst með háum launum til þess að gera eitthvert ákveðið starf og síðar að borga þessum sömu mönnum sérstaklega fyrir hvert viðvik, sem þeir gera að þessu skyldustarfi sínu. Þjóðin ætlast alls ekki til þess, að starfsmenn hennar fái 3—4 þús. kr. í laun á ári að eins til þess að bera embættisheitið sem nafnbót, þótt sumir virðist hafa þá skoðun. — Meðal annara er einn af verkfræðingum landsins látinn hafa 750 kr. í auka-

þóknun fyrir »eftirlit með vitum«, og er það þó höfuðverkefni hans að sjá um alt sem, að vitum lýtur, og fær fyrir það starf hæstu laun. — Þessum mönnum er sannarlega ekki ofætlun að borga af launum sínum viku- eða hálfsmánaðarferð að sumrinu, til þess að líta eftir því sem embætti þeirra við kemur.

Sigurður Sigurðsson: Mig langaði til að gera örfáar athugasemdir, áður en umræðum er lokið.

Vil eg þá fyrst leyfa mér að beina máli mínu til háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Þegar eg í gær mintist á tillögu hans og fleiri þm. um styrk til manns að fara utan til þess að kynna sér ullarmarkaðinn og ferðast síðan um hér á landi til að leiðbeina í ullarverkun, þá kvað hann mig hafa fært það sem ástæðu móti þessari tillögu, að eigi væri sýnt, hvort betra væri að senda ullina út óþvegna eða hreinsaða. Þetta er nú að hafa hausavíxl á hlutunum, eða þá að þm. hefir ekki heyrt, hvað eg sagði, og þar af leiðandi misskilið mig.

Eg hélt því einmitt fram, að vegna þess hvað menn menn hér á landi væru með öllu ófróðir um ullarverkun og hvað þyrfti að gera til þess að bæta hana, þá væri nauðsynlegt að senda mann utan að kynnast ullarverkunarmálinu og fá upplýsingar um hvað muni tiltækilegast að gera til þess að bæta ullarverkunina og koma ullinni í hærra verð. Aðeins að valinn sé til þessarar farar maður, sem trúandi er til að rækja þetta starf og sem ber gott skyn á ullarverkun.

Þá sagði þm., að eg hefði talað um að það væri nóg að skrifa stjórninni um þetta mál. Það sagði eg ekki, heldur gat eg þess, að landbúnaðarnefndin hefði verið að ráðgera að búa til þingsályktunartillögu, þess efnis að skora á stjórnina að láta rannsaka þetta mál. Ætlaðist nefndin til, að þetta væri falið viðskiftaráðunautnum eða þá öðrum manni og yrði varið til þess 2000 kr. af 12000 kr., sem ætlaðar eru til viðskiftaskiftaráðunauts.

Nokkrir þm., háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og 2. þm. Húnv. (B. S.) voru enn að ræða um styrkinn til smjörbúanna. Þeir líta svo á, að þessi styrkur sé óendanlegur. En þeir vita vel, að svo er ekki. Það er verið að lækka hann með 2000 kr. á ári. Þessi lækkun hefir nú átt sér stað undanfarin 4 ár og heldur áfram; styrkurinn er því ekki óendanlegur eins og þessir háttv. þm. halda fram. Eg tek það enn fram, að það er óréttlátt, eins og nú stendur á, að svifta elztu búin þessum styrk. Þau hafa rutt braut viðgreindri smjörgerðarvinnu innanlands, og stutt að því, að íslenzka smjörið hefir hækkað í verði og er að hækka árlega. Það væri því órétt að svifta þessi bú hinum umræddu styrk. Tillaga háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) fer fram á það að veita nýjum búum gefins styrk. Þetta er alveg nýtt, og hefir ekki átt sér áður stað. Tel eg það miður rétt að ganga inn á þá braut. Hingað til hefir þeirri reglu verið fylgt að veita lán til stofnunar nýjum smjörbúum. Það tel eg miklu réttara og því á að halda áfram. Og í því skyni hefi eg komið með tillögu um það, að lánsheimild í þessu augnamiði verði tekin upp í fjárlögin, og vænti eg, að háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) greiði henni atkæði sitt. Eg hefi ekki beint neinum ónotum til 1. þm. N.-Múl. (J. J.) í sambandi við þetta mál, eins og háttv. þm. gaf í skyn. En það lítur svo út, að hann sé undir áhrifum þess vonda, að því er afskifti hans snertir af þessu máli. Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) var að vitna í nefndarálit frá þinginu 1905 til sönnunar því, að þessi umræddi styrkur til smjörbúanna ætti

að falla niður eða að vera endanlegur. Það er hann einnig eins og búið er að sýna. Hér er því ekki um neina nýja uppgötvun að ræða. Það hefir ávalt verið ætlast til þess að styrkurinn væri endanlegur en ekki eilífur.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) talaði um það, að þing og stjórn þyrfti að hafa meiri hönd í bagga með gerðum Búnaðarfélagsins. Eg vil benda hinum h. þm. á það, að það er búnaðarþingið, sem ákveður um aðalstörf og fjárframlög félagsins; og sem kunnugt er, þá sitja Búnaðarþingið 12 fulltrúar, 4 kosnir af aðalfundi og 8 kosnir af sýslunefndum, 2 úr hverjum fjórðungi. Á meðal þeirra fulltrúa, sem nú skipa Búnaðarþingið, má t. d. nefna biskup landsins og 3 alþingismenn og hinir aðrir fulltrúar þess eru einnig valinkunnir og þektir menn. Skýrslu um gerðir félagsins og Búnaðarþingsgerðunum hefir verið útbýtt hér meðal þm., og af þessum reikningum og skýrslum sést glögt, hvernig fénu er varið. Það er því opinbert mál og *óþarft* að vekja tortrygni hvað það snertir. Það getur meir en verið, að eitthvað sé athugavert við fyrirkomulag þessa félags. En þegar minst er á það og verið er að finna að gerðum þess, þá er það oftast gert án þess að benda á nokkuð sérstakt. Sem kunnugur get eg bent á það, að stjórn félagsins fer mjög varlega í allar fjárveitingar. Hinsvegar hefir mér virst, að Búnaðarþingið sé þar miklu djarftækara.

Sem dæmi skal eg við þetta tækifæri benda á eitt stórt atriði í þessu efni, og það er samþykt síðasta Búnaðarþings um að veita styrk til þess að flytja inn fé frá Englandi til framleiðslu kynblöndunarfjár hér. Tilgangurinn er að flytja hingað enska hrúta til þess að framleiða dilka til sölu og slátrunar. En hér er verið að ganga inn á braut, sem að mínu áliti er afarvarhugaverð og jafnvel hættuleg. En það er Búnaðarþingið, sem þessu ræður, en ekki Búnaðarfélagsstjórnin. Það er Búnaðarþingið, sem markar þá fjárhagsbraut, sem félagsstjórninni er síðar ætlað að fylgja í gerðum sínum.

Viðvíkjandi búnaðarnámsskeiðinu í Stykkishólmi skal eg upplýsa hinn h. þm. um það, að það er hr. Einar Helgason, sem fer þangað og verður þar aðalmaðurinn. Svo verður sendur með honum annar búfróður maður. Auk þess heldur hr. Guðmundur Hjaltason þar alþýðufyrirlestra í sambandi við námsskeiðið.

Þá vildi eg að eins minnast á Bjargtangavitann. Hann komst inn á fjárlagafrv. við 2. umr. hér í deildinni. Nú hefir fjárlaganefndin fengið bréf frá verkfræðing Krabbe, og leggur hann á móti því, að þessi viti sé reistur í bráð. Hann upplýsir það, að meira liggi á að fá ýmsa aðra vita og hann kveðst ekki hafa rannsakað eða gert áætlun um, hvað þessi viti á Bjargtöngum muni kosta. Eg mun því greiða atkvæði með tillögu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um að fella niður fjárveiting til að byggja þennan vita.

Eg vil einnig í þessu sambandi taka það fram, að það er mjög óviturlegt, að eg ekki segi blátt áfram ósæmilegt, að vera að samþykkja fjárveitingar hér á þinginu til fyrirtækja, sem ekki er búið að rannsaka og menn hafa enga hugmynd um, hvað kosta muni. Það er í mesta máta óhyggilegt og löggjafarþingi okkar ósamboðið.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal byrja á því að minnast lítið eitt á orð háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) viðvíkjandi Búnaðarfélagi Íslands og orðum mínum í sambandi við það. Hann varði félagið mjög hraustlega, eins og hans var

von og vísa, en eg held að það hafi verið stakur óþarfi, því að orð mín stefndu ekkert í þá átt að hallmæla félaginu, og eg held eg hafi talað svo ljóst, að það yrði ekki misskilið. Eg sagði, að réttara mundi vera að veita gerðum félagsins meiri athygli og sjá hvernig það verði þeim styrk, er það hefir af landssjóði. Þessi orð mín mun eg standa við, og eg hygg, að flestir háttv. þm. séu mér samdóma í þessu, og háttv. þm. Árn. (S. S.) þarf ekki að brígzla mér um neina tortrygni til félagsins, þótt eg álíti sjálfsagt að hafa eftirlit með gerðum þess. Orðið fjandmaður, sem hann notaði, nær ekki nokkurri átt í þessu sambandi. Annars læt eg útrætt um þetta mál, og vona að háttv. þm. sjái, að hann hefir misskilið orð mín áðan.

Háttv. þm. Mýr. (J. S.) þarf eg ekki að svara mörgum orðum. Hann vildi halda því fram, að það væri hreppapólitík af mér að vilja skifta jafnara niður milli kjördæmanna en nú á sér stað. Eg færði rök fyrir mínu máli með skýrum tölum, það er ekki samjöfnuður á því, hvað lagt hefir verið til vesturhéraðanna og til Mýranna, og það var heldur ekki rétt hjá öðrum háttv. þm., (þm. S.-Þing. P. J.), að svo miklu fé hefði verið varið til Borgarnesvegarins, að meira hefði til hans farið en til vegarins milli Rvíkur og Akureyrar. Slíkt er hreinasta fjarstæða, og það veit hann sjálfur. Hann sló þessu bara fram, enda nær það ekki nokkurri átt. Sami háttv. þm. hélt því fram, að meira fé ætti að leggja til aðalhéraðanna en útkjálkanna. Hafi hann meint að þetta hérað, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, væri útkjálki, þá er það rangt hjá honum. Þetta hérað liggur milli Faxaflóa og Breiðafjarðar, þar eru margar sveitir og fast að 4000 íbúum og eg skil ekki í, að það eigi þess eins að gjalda, að það er í laginu eins og nes. Það er því ekki rétt að telja það útkjálka og þó svo væri, þá þurfa útkjálkahéruðin ekki síður á styrk og stoð landssjóðs að halda, en hin.

Þá skal eg í annað sinn víkja að till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þgskj. 536. Eg skal játa það, að eg vítti þær till., en hann vildi halda því fram, að eg væri að rægja tilgang hans og móðga hann. Þessi orð hefði hann ekki sagt, ef hann hefði ekki reiðst mér. Hefði hann ekki talað í reiði, mundi hann hafa sagt, að eg vildi vekja grunsemd um pólitiskan tilgang hjá honum, og eg skal játa, að það gat legið í orðum mínum. Eg sagði, að það væri nokkuð einkennilegur svipurinn á tillögum hans, þar sem þær þræddu alveg kjördæmi andstæðinganna, Húnavatns-, Barðastr.-, Dala-, Snæfellsness-, Gullbringusýslu og Suður-Múlasýslu. Það gerir tillöguna nokkuð einhliða eins og allir sjá. Þetta, sem eg, og eg held margir, hafa hugsað, vildi eg eins segja upphátt framan í hann. Annars er eigi vert að gera meira deiluefni en orðið hefir úr þessum tillögum hans, því að hann hefir nú tekið þær aftur.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meira. Það væri óðs manns æði að fara að tala um allar breyt.till., svo að eg verð að láta mér nægja að sýna afstöðu mína til þeirra, sem eg hefi ekki minst á, með atkvæði mínu.

Jón Ólafsson: Hr. forseti! Eg skal reyna að lengja ekki umræðurnar mikið, en verð þó að svara nokkrum orðum ýmsra háttv. þm., sem fallið hafa hér í þingsalnum. Það er þá fyrst viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðherra (Kr.J.) um húsaleigustyrk til eins af nemendum lagaskólans, sem er sonur eins hins efnaðasta manns hér í bænum og jafnvel í landinu; hæstv. ráðherra vildi ekki kalla það húsaleigustyrk, heldur *præmiu*. Mér

þykir leitt, að eg hefi hvergi í fjárlögunum getað fundið heimild fyrir því að veita nemanda *præmiu* af því fé, sem landssjóður leggur skólanum. Ef eitthvað stæði um þesskonar verðlaun í reglugerð skólans, þá hlyti það að vera í samræmi við einhverja ákvörðun í fjárlögunum, en sú ákvörðun finst hvergi. Þessi verðlaunaveiting hefir því verið ólögleg eða hæstv. ráðherra (Kr. J.) hafa verið gefnar skakkar upplýsingar. Það er líka rangt, að þetta hafi að eins komið fyrir einu sinni. Það hefir komið fyrir tvisvar eða þrisvar.

Út af orðum háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) viðvíkjandi fjárveitingu til Thorefélagsins skal eg geta þess, að slík fjárveiting hefir ekki verið bundin við nafn áður á fjárlögunum. Það er því ekkert nýmæli hjá okkur, sem viljum taka nafnið burtu, svo að fjárveitingin sé eigi bundin við nafn.

Þá skal eg minnast á breyt.till. um launahækkun geðveikralæknisins Þórðar Sveinssonar á Kleppi. Þessi till. hefir verið réttlætt með því, að hann hafi í fleiru en lækningunum að snúast, þar sem hann sé líka ráðsmaður hælisins og þurfi því oft að fara hingað til Rvíkur til þess að gera innkaup. Þótt nú svo sé, þá hygg eg, að hann þurfi ekki altaf að vera hér, eins og raun er á, en ætti að hafa tíma til að líta dálitið oftar til sjúklinganna en hann gerir. Það væri ekki tiltökumál, þótt hann kæmi hingað við og við til þess að gera stór innkaup, en hann þarf ekki að vera hér altaf dag eftir dag frá morgni til kvölds, til þess að kaupa 1 pd. kaffi einn daginn og 1 pd. sykur hinn næsta o. s. frv. Þeir, sem á hælið koma og séð hafa sjúklingana í basti og böndum, geta bezt borið um, hvernig meðferðin á þeim er. Hún er svo fram úr hófi ofboðsleg, að manni hryllir við að hugsa til þess. Það eru mörg dæmi til þess, að læknirinn hefir aldrei séð sjúklinginn, nema sama daginn, sem hann hefir verið lagður inn. Einn sjúklingurinn dó fyrir ekki all-löngu þar bundinn á vanhúsinu — það hafði gleymst að vitja um hann alla nóttina og um morguninn fanst hann dáinn. Kalla menn þetta gott eftirlit og á að fara að verðlauna það og veita manninum launahækkun fyrir? Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að viðasthvar annarsstaðar væri samskonar staða hátt launuð, því að mikil ábyrgð fylgdi henni. Það er mikið rétt, en þeir, sem há laun hafa, verða að vera *reyndir* og samvizkusamir menn. Erlendis eru ekki óreyndir strákar settir í slíka stöðu. En þessi maður var tekinn og gerður læknir við hælið þegar hann var ungur og óreyndur unglingur, nýsloppinn út af læknaskólanum. Svona hefir hann reynst og hér á að fara að bæta kjör hans að óverðskulduðu og óþörfu. Ef það verður ofan á hjá háttv. meirihluta, verð eg að líta svo á, að ekki sé verið að launa manninn fyrir annað en pólitiska starfsemi, sem hann hefir haft fyrir landvarnarliðið hér í Reykjavík.

Þá verð eg að svara háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) nokkrum orðum. Eg skal þó ekki taka mjög hart á honum, því að hann er dauður. En alt hans hjal út af orðum mínum var úti á þekju hjalað. Hann sagði, að eg hefði talað óvirðulegum orðum um kennara Blönduósskólans, hefði svert og svívirt merkiskonur. Eg nefndi enga konu á nafn. Frú Elín Briem er góðvinur minn og eg veit, að hún telur mig góðan vin. Eg mundi manna síst fara um hana óvirðingarorðum, og hún mundi heldur ekki trúa því, þótt henni væri sagt það. Hitt sagði eg, að lítill árangur hefði verið hjá sumum námsmeyjum af kenslunni á þeim skóla, hann hefði ekki verið annað en góður barnaskóli. Og

það sjá allir, sem vilja sjá það, að kennurum skólans er ekki gefandi sök á því, heldur er það skipulagi og fyrirkomulagi skólans að kenna. Háttv. þm. kom með nokkuð skrítið dæmi fyrir ágæti þess skóla, að ein kona, frú Björg Þorláksdóttir Blöndal, hefði gengið í þennan skóla og síðan eftir 3 ár lokið stúdentsprófi í Kaupmannahöfn. Gáfuð kona, eins og hún er, mundi hafa getað gert það þótt hún hefði aldrei í þennan eða jafnvel neinn annan skóla komið. Eg get líka sagt háttv. þm. það, að piltur einn, sem aðeins hafði áður gengið í barnaskólann á Seltjarnarnesi tók stúdentspróf í Höfn eftir $2^1/_2$ ár. Háttv. þm. vill nú víst ekki halda því fram, að allir þeir, sem gengið hafa á Seltjarnarnesskólann, geti lokið stúdentsprófi eftir þann tíma. Hann hlýtur því að sjá, að dæmi hans sannar ekki vitund um ágæti skólans, heldur að eins um ágæti nemandans. Eg sagði það til námsmeyjanna, að margar af þeim bæri það eitt úr býtum, að þær gætu lesið danska eldhúsrómana. Eg verð að vísa á bug þeirri ásökun, að eg hafi farið nokkrum óvirðingarorðum um kennarana við skólann. Eg efast ekki um, að þeir gætu kent mikið meira, en það er eftir fyrirkomulagi skólans alls ekki af þeim heimtað.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) vildi skera öll skáld niður við eitt trog. Eg skil ekki í, að hann hljóti miklar þakkir hjá hávaða Íslendinga fyrir það. Hann vildi gera mun á ljóðskáldum og söguskáldum, en vildi þó skera öll niður. Um ljóðskáldin má raunar segja, að þau þurfi ekki eins mikinn tíma til ljóðagerðar og geti því sint öðrum störfum, en það er auðsætt hverjum manni, að þau skáld, sem skrifa kannske 2 stórar bækur á ári geti ekki sint mörgum öðrum störfum.

Sami háttv. þm. vildi hækka styrkinn til Sighvats gamla Borgfirðings. Eg ætla ekki að fara að hafa mikið á móti því, en vil að eins drepa á ástæður þær, sem hann færði fyrir þessari hækkun. Hann sagði, að þetta væri merkisrithöfundur. En hvað liggur eftir hann? Ekkert annað en stuldur á annara verkum. Hann hefir þózt finna gamalt handrit, sem hann hefir birt, en í raun og veru var það samansett af Gísla Konráðssyni, sem Sighvatur var mjög handgenginn, og þegar hann var dauður stakk Sighvatur því út sem sínu og eignar sér svo heiðurinn. Það er »Natanssaga«, sem eg á við. Líkt er því varið með fleiri hans ritverk — það eru alt annara verk — og þótt hann sitji og grúski hér á söfnunum og afskrifi eitthvað, sé eg ekki, að bókmentirnar aukist mikið við það. Það getur verið, að hann snapi eitthvað lítils háttar og komi því í heild. Annars skal eg ekki vera meinsmaður þess, að karlinn fái að koma hingað suður og grúska í söfnunum, en eg kann illa við, að það sé verið að vegsama hann fyrir ritverk, sem aðrir eiga heiðurinn af, að svo miklu leyti sem um nokkurn heiður væri að tala.

Þá vildi sami háttv. þm. færa niður ferðakostnaðarpeninga ráðunauts fræðslumála. Eg verð að leggja á móti þessari tillögu hans. Þessi maður er hér í Rvík nokkurn hluta ársins og situr við vinnu sína, en er ekki að stöðugu rápi eins og Þórður á Kleppi. Hann er launaður sem ráðunautur stjórnarinnar. Nokkurn hluta ársins ferðast hann um, og það sýnist því ranglátt að svifta hann einan allra ráðunauta ferðastyrk. Eg skal svo ekki tefja umræður lengur í þetta skifti.

Stefán Stefánsson: Það eru fyrst nokkur orð út af orðum háttv. 2. þm. Húnv. (B. S) viðvíkjandi framkvæmd fræðslulaganna úti um landið. Hann

sagði, að lögunum mundi víða alls ekki framfylgt, og þar sem fræðslusamþyktir þó væru komnar á, væri þeim framfylgt svo, að það væri hreinasta kák. Eg er nú kunnugastur í Eyjafirði og get frætt háttv. þm. um það, að þar er lögunum fylgt svo sem framast verður í flestum hreppum sýslunnar, bæði hvað kensluna sjálfa og áhöldin snertir. Hann mun aðallega hafa dregið þessa ályktun sína út frá því, hve litlu fé hefir sumstaðar verið varið til kensluáhaldakaupa síðastliðið ár. En það er alveg rangt að draga þá ályktun af því, vegna þess að fjöldi hreppa var búinn að kaupa mikið af áhöldum fyrir árið 1910. Og þótt það standi í þessari skýrslu, sem hann hefir fengið og hefir fyrir framan sig, að í Eyjafjarðarsýslu hafi verið varið 300 kr. til áhaldakaupa, þá er það öldungis víst, að búið er að verja til þessa 5—700 kr. samanlagt í öllum hreppunum. Í sumum hreppum eru t. d. til þrenn áhöld, og eftir því sem eg veit bezt, eru það ekki yfir 1 eða 2 hreppar, sem ekki eiga kensluáhöld. Það sést því, hvílík fjarstæða er að draga af þessu þá ályktun, að lögunum sé illa fylgt. Þessi orð háttv. þm. eru því úti á þekju töluð, og sýna ekki annað en það, að hinn háttv. þm. er í hjarta sínu á móti lögunum og vill sem minst gera úr viðgangi þeirra. En eg er þess fullviss, að lögin hafa gert mjög mikið gagn síðan þau gengu í gildi 1907; í það minsta hafa þau orðið til þess, að hinir fátækari hafa jafnt getað notið mentunar fyrir börn sín og hinir efnaðri, sem áður fór mjög fjarri allvíða; þetta er líka aðaltilgangur laganna, og hann næst því betur sem menn venjast þeim lengur. Ákvæðum þeirra er nú fullnægt í 162 hreppum, og eftir fræðslumálastjóra er það haft, að menn séu yfirleitt mjög ánægðir með lögin, enda engar tillögur komið fram til breytingar. Það virðist því ástæðulítið að vera að ráðast á þessa réttarbót. (*B. Sigfússon:* Eg hefi alls ekki lastað lögin). Því að vera þá að tefja fyrir framkvæmd þeirra enn um tvö ár, og telja viðleitni almennings þeim til framkvæmda kák?

Þá vildi eg minnast á ummæli hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), þar sem hann kallaði það krókaleið, er við þm. Eyf. leggjum til, að Grundarkirkju verði lögð til viðhalds prestsmatan af Grund, sem er 2 hdr. á landsvísu, og gengur að $^2/_3$ til sóknarprestsins, en $^1/_3$ til Akureyrarprests. Þessi leið sýnist okkur flutningsmönnum beinasta leiðin, sem farin verður til þess að styðja að viðhaldi kirkjunnar, vilji þingið annars virða svo dugnað og höfðinglyndi Magnúsar bónda Sigurðssonar á Grund, að það opinbera eftir ósk hans leggi þessa litlu upphæð, 120 kr., fram árlega. Það væri krókaleið, ef farið væri fram á, að viðhaldið væri borgað úr prestlaunasjóði að sama hluta og mötunni nemur, þar sem prestmatan gelst þar á staðnum. Það er ekki líklegt, að þessi prestmata þyrfti lengi að ganga til viðhalds kirkjunni, því sennilega legst meira eða minna af nærliggjandi sóknum til Grundarkirkju áður mjög langt líður, og þá aukast svo tekjur hennar að líkindum, að hún þyrfti þá ekki lengur að njóta prestmötunnar sér til viðhalds. Eg hugsa, að h. háttv. þingdm. virði svo mikils þetta lofsverða einsdæmi Magnúsar, þar sem hann á eigin kostnað byggir upp kirkjuna og ver til þess úr sínum vasa fullum 25 þús. kr. Eg þykist mega treysta því, að þingm. lítilsvirði ekki svo þessi tilmæli hans, að þeir felli fjárveitinguna. Og eðlilegt er, að hann kunni því illa að bera að miklu leyti viðhald kirkjunnar, auk þess mikla fjár, sem hann hefir til hennar kostað.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg þarf að svara ýmsu í

ræðum manna bæði frá því í gær og í dag. En mér fer eins og stráknum, sem fór í kirkju og var spurður, hvernig honum hefði líkað að heyra til prestsins. »Svona«, sagði strákur, »fyrri partinn talaði hann úr sér, og seinni talaði hann aftur í sig«. Það var margt nýtt hjá háttv. þm. í gær, en svo hefir verið mest um endurtekningar hjá þeim í dag. Það verður því aðallega að svara sumu af því, er talað var í gær.

Eg ætla þá að byrja á því, sem h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði um tillögur nefndarinnar viðvíkjandi skilyrði fyrir styrk til Andrésar Fjeldsteds augnlæknis, að hann haldi ókeypis »klinik« fyrir fátæka menn einu sinni í viku; h. þm. spurði, hvernig á þessu stæði. Eg get sagt honum það. Við 2. umr. var einhver, sem sagði, að hann mundi vilja ganga að þessu skilyrði gegn 2000 kr. styrk. Þm. undraðist það, að ekki væri samræmi í skilyrðunum fyrir styrk til sérfræðinganna þriggja. En á því stendur svo: hinir 2 áttu áður að hafa »klinik« einu sinni á mánuði, en nefndin færði það upp í 2 á mánuði. En þar sem Andrés Fjeldsted er nýr og er ætlað að hafa hærra styrk en hinir, þótti nefndinni sanngjarnt, að hann héldi »klinik« einu sinni í viku.

Sami h. þm. furðaði sig á því, að sira Jóhannesi Lynge á Kvennabrekku væri ætlaður styrkur til að byggja baðstofu á staðnum. Ef hann hefði heyrt ræðu mína í gær, eða veitt henni eftirtekt, hefði hann ekki þurft að undrast það. En svo að eg taki það upp, þá á hér í hlut svo bláfátækur fjölskyldumaður, að hann getur ekki af eigin rammleik bygt upp baðstofuna. (*Jón Ólafsson:* Það er þá fátækrastyrkur). Það mætti skoða það svo að nokkuru leyti, en eg held, að fleiri af styrkveitingum þingsins mættu teljast fátækrastyrkir, ef í það færi. Raunar er hér ekki um gjöf að ræða, því að hann eða dánarbú hans á að skila þessu fé og gömlu baðstofunni með álagi. Þessi styrkur mundi því hækka jörðina, sem er opinber eign, kirkjujörð, í verði, þótt hann jafnframt sé prestinum til góðs.

Sami háttv. þm. mintist á skilyrðin fyrir námsstyrk og húsaleigustyrk við embættisskólana hér og vildi skjóta inn orðinu »venjulega« inn í skilyrðin, svo að þar standi, að styrkurinn verði venjulega veittur, efnilegum, reglusömum, og efnalitlum utanbæjarnemendum. En þessu er nefndin mótfallin og hyggur, að með því verði hægara að fara í kringum lögin. Sömuleiðis er nefndin mótfallin till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að fjölskyldumönnnum sé einnig veittur þessi styrkur, Þar með er nemendunum gefin uppörfun til að gifta sig og eiga börn, en það þykir nefndinni eiga illa við.

Þessi sami þm. var að fárast út af því, að nefndin hefði lagt til, að laun læknisins á Kleppi yrðu hækkuð úr 2400 kr. upp í 2700 kr. Það stendur svo á því, að tillaga er komin fram um að hækka launin upp í 3000, en í samræmi við Vífilsstaðalækninn þótti nefndinni rétt að þessi læknir fengi 2700 kr., þótt eg fyrir mitt leyti geti greitt atkvæði með því, að hin upphaflegu laun haldist.

Eg skal taka það fram út af ræðu h. þm. Vestm. (J. M.), að nefndin sá sér ekki fært að leggja með styrkveitingu til Brynjólfs Sigfússonar til að nema söngfræði; hér í bæ er kostaður maður til að kenna söngfræði, og leit nefndin svo á, að þessi maður gæti numið hjá honum. Aftur er nefndin samþykk 60 þús. kr. lánveitingu til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

Nefndin treystir sér ekki til að mæla með styrk til Reynis Gíslasonar, hversu góða hæfileika sem hann kann að hafa.

Nefndin hefir tekið til íhugunar till.

um að veita hæfum manni styrk til að kynna sér ullarverkun í útlöndum, og síðan ferðast hér um og leiðbeina mönnum í þeim efnum. Það hefir mikið verið rætt um þessa till. og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir tekið fram, að þetta mál hafi verið rætt hjá landbúnaðarnefndinni og hún lagt það til, að viðskiftaráðunautnum yrði falið það að kynna sér ullarverkun erlendis, ef hann yrði nokkur. Jafnframt hefir háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fært talsvert eða jafnvel næg rök að því, að þessi styrkur sé allsendis ónógur, ef maðurinn yrði að fara víða, t. d. til Vesturheims, þar sem mest er selt af íslenzkri ull. Þess vegna er nefndin ekki með tillögnnni.

Þm. Eyf. hafa komið fram með till. um fjárveitingu til brúa á fyrirhugaðri akbraut í Eyjafirði. Nefndin getur ekki verið með þessari fjárveitingu af þeim ástæðum, sem fram voru teknar við 2. umr. Aftur í móti vill nefndin aðhyllast tillögu frá sömu háttv. þm. um, að prestsmatan á Grund í Eyjafirði gangi til viðhalds kirkjunnar, en prestlaunasjóður greiði svo í staðinn prestunum á Hrafnagili og Akureyri andvirði hennar í þeim hlutföllum, sem þeir hafa fengið hana. Þar sem prestlaunasjóður er að eins hluti af landssjóði, þá kemur þetta niður á landssjóði; en þótt tillagan sé í þessu formi, er nefndin samþykk tillögunni með sérstöku tilliti til þess, að eigandi kirkjunnar, Magnús Sigurðsson, hefir byggt hana af grunni af eigin efnum, svo að hún er ein hin vandaðasta kirkja á landinu, og er þetta því að skoða sem viðurkenning fyrir framtakssemi hans.

Meiri hluti nefndarinnar er móti því, að styrkurinn til Sighvats Grímssonar Borgfirðings sé hækkaður eða honum nokkuð breytt, heldur hafi hann sama styrk og hann hefir nú, 200 kr. fyrra árið, til þess að kynna sér handrit á söfnum hér syðra. Þá er nefndin á móti því að veita styrk til tveggja málara, og er það af sömu ástæðum og teknar voru fram við 2. umr. Mennirnar eru þeir sömu og þá var talað um, en upphæðirnar eru breyttar.

Nefndin hefir lofað háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) að leggja það til og mæla með því, að Fiskifélagi Íslands, sem mikið var talað hér um við 2. umr. verði veittar 2500 kr. með því skilyrði, að engar breytingartillögur komi fram við þessa tillögu um að veita félaginu meira fé. En hér eru komnar fram 2 brtill., fer önnur þeirra fram á að veita félaginu 3500 kr., en hin 4500 kr. Eg lít þannig á þetta og hygg fjárlaganefndin í heild sinni geri það sama, að ef þessar breyt.till. koma til atkvæða, þá muni fjárlaganefndin í heild sinni greiða atkvæði móti öllum styrkveitingum til Fiskifélagsins og líka gegn 2500 kr. till. Sé samið um eitthvað við fjárlaganefndina, þá verður við það að standa, en óhæfilegt að gera tilraun til að komast lengra og fara á bak við nefndina.

Lektor Jensen, sem um mörg ár hefir starfað með góðum árangri að því að finna bóluefni gegn bráðapest, hefir h. þm. Dal. (B. J.) stungið upp á að veita 2000 kr. gjöf einu sinni, í viðurkenningarskyni fyrir starf hans, en nefndin sér sér ekki fært að vera með þeirri fjárveitingu. Og það virðist heldur ekki vera ástæða til, þegar eins miklar kvartanir eru um fjárskort og nú, þó við það megi kannast, að maður þessi sé góðs maklegur af Íslandi.

Nefndin er móti því, að veittar séu 3000 kr. til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga, og mun greiða atkvæði móti því.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) lýsti undrun sinni hér í deildinni í gær yfir því, að ung-

lingaskólunum á Ísafirði og Seyðisfirði væri veittur hærri styrkur en öðrum unglingaskólum. Skólanum á Ísafirði eru veittar 1500 kr., en skólanum á Seyðisfirði 1200 kr., en þeim skólum, sem eru utan kaupstaða, eru veittar alt að 1000 kr. hverjum. Hér virðist koma fram ósamræmi. En nefndin leit svo á, að skólar í þessum tveimur kaupstöðum mundu verða fjölsóttari og því kostnaðarmeiri en skólar í sveitum og kauptúnum. Og þegar þess er gætt, að svo er ákveðið, að enginn skóli fái meira úr landssjóði, en hann fær annarsstaðar frá, þá kemur ekkert misrétti fram.

Brtill. nefndarinnar, um Jón Ófeigsson, hefir vakið nokkra óánægju hjá sumum mönnum. En nefndin lítur svo á þetta mál, að hennar breyt.till. sé til mikilla bóta. Nefndin fer ekki fram á að breyta upphæðinni neitt, en leggur það til, að Jóni Ófeigssyni séu veittar 1500 kr. á ári í tvö ár, til þess að semja og búa undir prentun orðabók, sem sé 45 arkir á stærð. Fær hann þá 67 kr. fyrir örkina, og er það sæmileg og viðunanleg borgun fyrir ungan mann, og finst mér hann geti verið ánægður með það. Nú er trygging fyrir því, að bókin komi bráðlega út, enda taldi nefndin það nauðsynlegt, að hún kæmi sem fyrst.

Styrkinn til Torfa í Ólafsdal vill nefndin ekki hækka; vill ekki særa þennan heiðursmann með því að eiga það á hættu, að styrkurinn falli, ef hann sé hækkaður, því þá hefði verið ver farið, en heima setið. En eg veit, það tjáir ekki að letja háttv. þm. Dal. (B. J.). Eg vildi að eins óska, að hann væri miljónungur, svo hann gæti gefið eftir vild, af sínu stórlynda og örláta hjarta. *(Bjarni Jónsson:* Eg skyldi gefa fjárlaganefndinni 5 aura). Það mætti þó ekki minna vera en 7 aurar, svo það væri einn eyrir handa hverjum manni, sem í nefndinni er.

Háttv. 1. þm. Skgf. (O. Br.) hefir lagt til, að námsstyrkurinn til allra æðri skólanna og mentaskólans sé lækkaður lítilsháttar; en nefndin er á móti þessu nú, en það gæti komið til athugunar, þegar háskólinn er kominn á fót.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir komið með breyt.till. um, að breyta orðunum: hraðskeytasamband, á tveim stöðum í »loftskeytasamband«. Eins og h. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir bent á, þá á það ekki við á fyrri staðnum. Á síðari staðnum er það óþarfi, því hraðskeyti getur eins vel innibundið í sér loftskeyti. Það er heldur ekki útséð um, hver úrslit þessa máls verða í þinginu. Og það er nægur tími til þess að lagfæra þetta, þegar útséð er um það. Fjárlaganefndin tók enga afstöðu til dragferju á Þverá, svo nefndarmenn hafa þar óbundnar hendur. En eg vil minna á það, að þegar veittar hafa verið 45000 kr. til Rangárbrúarinnar og 1200 kr. til mótorbátsferða frá Vestmanneyjum og upp að Rangársandi, þá munu mörg kjördæmi bera skarðari hlut frá borði en Rangárvallasýsla, þó synjað væri um dragferjuna.

Tillöguna um að veita 17000 kr. til vísinda, bókmenta og lista, sem stjórnin úthluti eftir tillögum 5 manna, sem sameinað þing kýs, álítur nefndin þess verða, að hún sé íhuguð, en þó sé ekki hentugt að samþykkja hana nú, og er þess vegna á móti henni.

Ein tillaga er hér um að fella burtu skilyrðið fyrir styrkveitingunni til iðnskólanna fjögra, það, að annarsstaðar frá kæmi $^1/_3$ hluti reksturskostnaðar. Það var mikið rætt um þetta skilyrði við 2. umr. Nefndin er á sama máli nú og hún var þá. Það er líka óeðlilegt að gera alla þessa skóla að landsskólum, og mun verða farsælla fyrir þá, að þeir leggi sér eitthvað til sjálfir,

heldur en að þiggja alt að gjöf úr landssjóði.

Út af breyt.till. um að breyta orðunum: »Gufuskipaferðir Thorefélags eftir samningi 7. ág. 1909« í orðin: »Til gufuskipaferða«, má taka fram, að nefndin var klofin um þetta mál, enda mun nú vera gagnslaust að lengja umræðurnar út af því, atkvæðagreiðslan mun bezt sýna, hvernig menn líta á þetta mál, á samning þann, er hér er um að ræða, á gildi hans, á ferðir þær, er hann hefir útvegað landinu, og á gagnið af þeim.

Sama er að segja um viðskiftaráðunautinn; sem framsögumaður hefi eg ekkert að segja fyrir nefndarinnar hönd um þennan lið. Sjálfur mun eg greiða atkvæði með breyt.till. á þgskj. 565, en móti hinni.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hafa komið með br.-till., um að fella burtu styrkinn til Goodtemplarareglunnar. Þessi styrkveiting var samþykt hér í deildinni við 2. umr. með 16 : 9 atkv. Háttv. þingm. hafa báðir mælt mjög með tillögu sinni, en háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) þó meir. En jafnframt því, að háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) mælti með tillögu sinni fór hann ósæmilegum, ósönnum og ofstækisfullum orðum um framkvæmdarnefnd Stórstúkunnar. Eg get lýst undrun minni yfir því, að það skuli vera komið með svona tillögu tæpri viku eftir, að deildin hefir samþykt með 16 : 9 atkvæðum að veita þennan styrk. Eða heldur háttv. þm., að við séum svo hjólliðugir og snauðir að sannfæringu, að við förum að fella þetta burtu 6 dögum eftir að við höfum samþykt það? Eða er það af því, að háttv. þm. haldi, að Reglan hafi brotið af sér þá verðleika gegn þingi og þjóð, sem hún hafði fyrir tæpri viku, að við nú förum að fella þettta burt? Að vísu hefir Reglan gerst svo djörf að senda þingmönnum ávarp út af því, að borið hefir verið fram frumvarp til laga um frestun á framkvæmd bannlaganna. Í þessu ávarpi lýsir hún því yfir, að hún muni berjast af alefli fyrir því, að vernda bannlögin. Það hefir verið sagt og ranglega þó, að þetta væri hótunarbréf. Eg vil leyfa mér með leyfi forseta að lesa þennan kafla upp úr ávarpinu. Hann hljóðar þannig: »Auk þess verður framkvæmdarnefndin að lýsa yfir því, að hún er þess fullviss, að með því að hver frestun á framkvæmd bannlaganna er brot gegn ótvíræðum vilja kjósenda, muni allir bindindismenn og bannvinir líta svo á, að þeir þingmenn, er greiða slíkri frestun atkvæði sitt, segi þeim stríð á hendur, og hljóta þeir því að sameina krafta sína til þess að vernda bannlögin«. Eg bið menn að taka vel eftir, hvað hér er sagt. Það hefir oft verið sagt, að Goodtemplarar væru ofstækisfullir og eg skal ekki bera á móti því, að þeir hafi verið það stundum. En eftir því, sem stendur í einu blaði hér, þá eru fleiri ofstækisfullir en við Goodtemplarar. Þegar »Ingólfur« birti þetta ávarp Stórstúkunnar til þingmanna, þá kallar hann það hótunarbréf og endar að lokum grein sína um ávarpið með þeim ummælum, að það sé mjög vafasamt, hvort þetta hótunarbréf, sem hann kallar, geti ekki fallið undir sektarákvæði 96. og 229. gr. hegningarlaganna. 96. gr. hegningarlaganna, sem hér er vitnað til, hljóðar þannig, ef eg má lesa hana upp: »Hver, sem ræðst á alþingi, svo að því, eða sjálfræði þess er hætta búin, eða lætur það boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi«. Allir skynsamir menn sjá, að þetta ákvæði getur ekki átt við þann kafla úr bréfinu, sem eg las upp áðan, en þó hefir »Ingólfur« leyft sér að halda

því fram. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir einnig sagt það sama. En þingm. hefir eins og svo oft áður, haft hér endaskifti á sannleikanum. *(Forseti:* Óþinglegt orð). Satt orð, sem eg verð við að standa. Framkvæmdarnefnd Stórstúkunnar segir ekki annað í ávarpi sínu, en að hún hljóti að vernda bannlögin gegn öllum þeim, sem leitast við að fresta gildi þeirra eða hefta framkvæmd þeirra. 229. gr. í hegningarlögunum, sem Stórstúkan á að hafa brotið á móti, hljóðar þannig, ef hana má lesa upp: »Ef maður hefir óviðurkvæmileg eða ósæmileg orðatiltæki í bænarskrá eða kæruskjali til konungs, stjórnarráðanna eða yfirvaldanna eða til alþingis, þá varðar það sektum«. Eftir þessari grein væri í hæsta lagi hægt að sekta framkvæmdarnefnd Stórstúkunnar. En mér þætti gaman að sjá, að nokkur maður með sanngirni eða viti segði, að Stórstúkan hefði brotið þessar greinar hegningarlaganna, hvort sem 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) eða ritstjóri Ingólfs eða lögmenn eða borgarar þessa bæjar segja það. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hélt því fram, að einn mikils metinn lögmaður hefði sagt sér, að eflaust mætti sekta Stórstúkuna fyrir bréfið. Hér kennir sama ofstækisins, sem menn bera Goodtemplurum á brýn. Ef menn í hjarta sínu héldu, að hægt væri að refsa Stórstúkunni, þá mundu menn lögsækja hana, en af því menn vita að það er ekki hægt, þá nota þeir þetta sem átyllu til þess að reyna að svifta Goodtemplarastúkurnar styrknum. Þetta hjal þeirra um refsingar og sektir hafa að eins verið digurbarkaleg orð, heimskuleg tilraun til að svifta Regluna styrk þeim, er hún hefir notið um mörg ár, þessum litla styrk, sem hún hefir margfaldlega borgað aftur þjóðfélaginu í heild sinni og einstökum mönnum, styrk, sem ekki verður skoðaður öðru vísi en sem lítil viðurkenning fyrir unnið starf. En það er velkomið að svifta þessum styrk burtu. Reglan mundi standa eins föst fyrir því.

Að öðru leyti get eg ekki stilt mig um að lýsa því yfir, að eg hygg, að báðir hinir háttv. þingmenn, flytjendur margnefndrar tillögu, hafi hvor um sig notið miklu meira góðs af Reglunni en nemur þessum 2000 kr. styrk, og því hefði þeim verið miklu sæmilegra að sitja kyrrir um þetta mál og fara ekki af stað eins og þeir hafa farið. Framkoma þeirra verður þeim til engrar virðingar.

Eg ætla mér ekki að fara fleirum orðum um þessa frægu tillögu, sem ekki verður skoðuð öðru vísi en sem móðgun fyrir háttvirta þingdeild og tilraun til þess að spilla góðu máli á kostnað sæmdar og virðingar þingdeildarmanna.

Þá vil eg að lokum minnast lítið eitt á fjárhaginn. Hann þykir ekki vera blómlegur og er það ekki. Og hvað ber til þess? Að minni hyggju það einkanlega, að við kunnum ekki að skoða landssjóðinn sem fé, er okkur sé skylt að verja vel og skynsamlega, fé, sem við höfum engan rétt til að bruðla með eins og gert er. Það eru til þingmenn hér, sem greiða atkvæði með hverri einustu fjárveitingu að kalla má. Við högum okkur óskynsamlega, ópolinmóðlega og barnalega. Ef fé er veitt til einhvers mikilsháttar nauðsynjafyrirtækis, þá rísa menn strax upp og heimta fé til allra svipaðra fyrirtæka í landinu. Alt á að vera unt að gera í einu. Menn hafa ekki þolinmæði til að bíða betri tíma og tækifæris, eða þess, að hægra verði um fjárhaginn.

Lítið er hugsað um að afla tekna, og detti góðum mönnum góð ráð í hug og komi fram með frumvarp í þeim tilgangi, þá rísa aðrir upp og finna því alt til foráttu. Svona var það 1909.

Eg tala af reynslu. Svona verður það enn, því miður. Við fáum tækifæri til að sjá það bráðum. Við ættum að miða allar okkar tillögur við sanna heill lands og lýðs, en ekki láta hatur og úlfúð og öfund ráða. Við erum ekki góðir ráðsmenn. Búskapurinn er ekki góður, en þó má mála hann með of svörtum litum, og það verður sumum. — Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kom í gær fram með áætlun um það, hvernig hægt væri að komast út af tekjuhallanum, og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) gaf líka skýrslu um, hvernig fjárhagurinn hefði staðið á ýmsum tímum, og tók fram, að þrátt fyrir mikinn tekjuhalla í fjárlögunum stundum, hefði alt ráðist vel. Eg vil nú líka leyfa mér að skoða fjárhaginn eins og hann er, athuga væntanlegan tekjuhalla og hvernig hann verði jafnaður.

Eg geri ráð fyrir, að tekjuhallinn verði, þegar fjárlögin fara héðan, um 300 þúsundir, svo skeri efri deild nokkuð niður, nokkrar fjárveitingar, en bæti þó meiru við, svo aukning verði 60 þús. Þá eru komin 360 þús. Frá aukafjárlögunum koma 140 þús. Hvað kemur svo upp í þetta?

Fyrst er tekjuauki frá 3 stjórnar frumvörpum, sem munu gefa um 70 þús. kr. Þá er frumvarp um lítilfjörlega tollhækkun á kaffi og sykri, það mun gefa 130 þús. kr. Þá kemur farmgjaldsfrumvarpið, sem til er ætlast að gefi um fjárhagstímabilið yfir 300 þús kr.

Með þessu fæ eg þá tekjur og gjöld til að standast á. Eg get því ekki betur séð, en að þeir sem vilja landi og lýð vel megi verða ánægðir, ef frumvörpin, er eg nefndi ná fram að ganga. Þá þarf ei að kvarta um það, að við séum að sökkva, og ekki að grípa til þeirra örþrifráða, að leyfa áfram innflutning og sölu áfengis, eins og það sé eina ráðið til að gera okkur efnalega sjálfstæða og bæta hag landssjóðsins. Aðalatriðið er því í þessu máli, að þessi frumvörp bæði gangi fram. Eg hefi þá von, að þessi deild beri gæfu til að samþykkja þau og afgreiða til efri deildar. Hvað um þau verður þar, um það skal eg engu spá. En falli þau þar, þá er það á ábyrgð þeirrar deildar. Í hitt eð fyrra feldi efri deild frumvarp um farmgjald, og þar í liggur orsökin til hins mikla peningaleysis í landssjóði nú. Og af því stafar þung og mikil ábyrgð fyrir efri deild. Eg vil skiljast þá við þetta mál, því eg býst við að tala ekki meira í því og láta í ljós þá von mína, að menn verði ekki seinna svo blindir að fella þetta frumvarp nú, eins og þeir gerðu í hitt eð fyrra.

Jón Þorkelsson: Það eru nokkur atriði, sem eg vildi minnast á að þessu sinni, og gríp eg þá niður af handahófi. Verður þá fyrst fyrir mér styrkurinn til Goodtemplara. Eg greiddi að vísu atkvæði með honum áður hér í deildinni, en eg get ekki neitað því, að það fóru að renna á mig tvær grímur, hvað nú skyldi gera, þegar eg fékk þetta sendibréf, er nú held eg á, og stjórn Stórstúkunnar hefir sent öllum þingmönnum. Þar hallast ekki á yfirlætisleysið og vitsmunirnir. Manni verður á að spyrja, hvort menn þessir geti ekki gert sér í hugarlund, að það megi hafa gagnstæð áhrif því, sem til er ætlast, ef of mjög er níðst á þolinmæði manna með slíku orðtæki: »Ef þú greiðir ekki atkvæði svona, þá skaltu fá það«. Þó er svo að sjá, sem mönnum þessum sé þetta ekki full-ljóst, því í bréfi þessu er enn sami óðurinn þulinn, og öllu þinginu hótað hörðu um frestun aðflutningsbannsins. Til þess að sýna að eg sé ekki að gera stúkunni rangt til vil eg með leyfi h. forseta lesa upp 3. klausuna úr bréfi þessa:

»Að slík frestun mundi verða þjóð og þingi til minkunar erlendis, með því að öllum áhugamönnum þessa máls mundi verða lítt skiljanlegt, að sömu þingmennirnir, sem með stórum meirihluta samþyktu bannlögin á síðasta þingi (18 : 6 í Nd., og 8 : 5 í Ed.), skulu nú verða með frestun á framkvæmd þeirra«.

Hér er auðsjáanlega verið að minna okkur á það, hvernig við ættum að greiða atkvæði, jafnframt því, sem stúkan treystir sér betur en þinginu til þess að gæta sóma lands og þjóðar erlendis. Hvernig það er um sómann hér heima fyrir er ekki fengist. Því næst er beint haft í hótunum við hvern þann þingmann, sem ekki greiði atkvæði eftir skipan stúkunnar, og er það ósvífnasti kafli bréfsins. Hirði eg ekki að lesa hann upp hér, því að það hefir annar þingmaður þegar gert, og látið það um mælt, að hann beint varðaði við lög að dómi lögfræðinga.

Eg hallaðist að því á síðasta þingi að samþykkja bannlögin, ekki af því að eg sé bindindismaður, heldur af því að mér er ofdrykkja leið, og svo af því að landsfólkið sagði með atkvæðagreiðslu 1908, að það vildi bann, ennfremur af ýmsum öðrum ástæðum, sem eg hirði hér ekki að telja. Að vísu lágu engar ákveðnar tillögur í ákveðnu formi fyrir kjósendum 1908 um það, hvernig bannlögunum skyldi háttað. Búast má því við, að mörgum hafi ekki verið það vel ljóst, um hvað þeir voru að greiða atkvæði. En það hygg eg, að hefði bannlagafrumvarpið eins og það var flutt inn í þingið 1909 verið lagt fyrir fólkið 1908, þá mundu hafa runnið á margan tvær grímur. Á síðasta þingi vildi eg láta bera bannlögin undir þjóðina eins og frá þeim hafði verið gengið, en það var þá felt með eins atkvæðis mun. Eigi að síður fylgdi mitt atkvæði lögunum þá að svo vöxnu máli, þó að mér geðjuðust ekki aðfarir og kapp bannmanna. Nú kastar þó tólfunum, þegar stúkan tekur sér þá dirfð, að fara að hóta þinginu. En þrátt fyrir ósvífni Stórstúkunnar ætla eg þó í þetta sinn — hvað sem seinna verður — að láta þennan styrk lafa á atkvæði mínu upp í efri deild.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) mintist á viðskiftaráðunautana. Gat hann þess, að réttara væri að verja 2000 kr. af fé því, sem þeim er ætlað, manni til að kynna sér flokkun á ull. Er eg ekki á móti því.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði margt um mentir og listir. Var hann þar fullur sannfæringar og andagiftar að vanda. Mintist hann meðal annars á tvo háskóla, Hvítárbakkaháskólann og fyrirhugaðan háskóla Íslands. Hann talaði og um Sigurð prófessor Þórólfsson, og fanst mér hann gera nógu lítið úr þeim prófessor. Eg verð nú að segja um þann mann, að þótt sumir hafi ekki haft mikið álit á honum, þá hefi eg þó fengið virðingu fyrir kappsemi hans og dugnaði. Hann hefir skrifað bók eina, »Minningar feðra vorra« og er hún, þrátt fyrir ýmsa auðsæja galla, þakkarverð. Má margur sjálfsagt af henni margt læra, ef hún er rétt notuð, og eg efast um, að þm. Dal. (B. J.), þrátt fyrir gáfur hans og skarpleika, hefði haft þekkingu til að skrifa þá bók. (*Bjarni Jónsson:* Mundi ekki hafa kept við hann um það). Eg sé enga sjálfsagða ástæðu til þess að þessum skóla sé nú neitað um styrk fremur en áður.

Eg ætlaði ekki að tala mikið um háskólann, en verð þó að minnast á hann. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir komið fram með breyt.till., án þess þó að ráðfæra sig þar um við nokkurn mann. Það er langt síðan nú að eg tók að skifta mér af þessu máli, og man eg svo langt, að íslenzkir stúdentar hafa ekki alt af verið

eins óðfúsir að halda því til kapps sem nú. Árið 1893 var það samþykt hér á þinginu í lagaformi, og háskólasjóðurinn var stofnaður. En þá héldu íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn árið eftir (1894) mótmælafund gegn háskólastofnun hér sem ómögulegri, og notuðu þá til þess tækifærið, þegar eg var nýfarinn af stað til Íslands um sumarið. Man eg að vísu ekki nú, hvort þm. Dal. (B. J.) var þeirra á meðal. Síðan lá mál þetta niðri um hríð, nema hvað ritstjóri Þjóðólfs, sá sem þá var, en ekki sá sem nú er, mintist þess við og við í blaði sínu. Árið 1907 fékk 2. þm. Rvk., landlæknir G. B., því framgengt, að þingið skoraði á stjórnina að leggja frumvarp um háskólastofnun fyrir næsta þing, og skal þeirri stjórn það til sæmdar sagt, að hún gerði það. Hún hlýddi skipun þingsins. En það skall hurð nærri hælum að það félli hér í deildinni á síðasta þingi, eins og menn muna. Og þegar eg þá færði það í tal við þá, sem nú er þetta mál mest kappsmál hér í þinginu, að lagt væri jafnharðan fé fram til stofnunar háskólans, þá þótti þeim þar ekki nærri komandi, það lægi ekkert á því fyr en einhverntíma í framtíðinni. En nú er sömu mönnunum orðið þetta hið mesta kappsmál að gera það einmitt í ár.

En hvað er nú þessi fjárveiting hins háttv. þm. Dal. (B. J.)? Ekkert annað en launaviðbót handa nokkrum allvel launuðum embættismönnum, og það kallar hann að stofna háskóla. Eg hafði aldrei hugsað mér háskólastofnunina í því einu fólgna. Mér sýndist um leið að auka hefði þurft námsstyrk við skólann og margan annan undirbúning að hafa. Nú sé eg, að fram hefir komið tillaga frá gömlum þingmanni um að færa niður styrkinn til æðri skólanna. Ekki aðhyllist eg það. Háskóli er sú göfugasta stofnun, sem vér höfum enn átt kost á að setja á stofn hjá oss, og mætti svo virðast, sem vanda þyrfti til þeirrar stofnunar, en ana ekki út í það undirbúningslaust, En eg lít svo á, að við þurfum ekki háskóla til þess að hækka laun vel launaðra embættismanna og háskólastofnan sé litlu að nær fyrir það. Hitt er nær að auka styrk stúdentanna, svo að allur þorri þeirra manna sem útskrifast frá mentaskólanum, geti notið hér hinnar æztu mentunar á þjóðlegum grundvelli og háskólinn standi ekki tómur. Nú er svo komið, að allur þorri manna fer og kvað fara til Kaupmannahafnar, jafnvel þeir, sem ætla að leggja stund á lögfræði. Er það gott til eftirþanka fyrir þm. Dal. (B. J.) og ýmsa aðra. Svo sýnist mér, að ekki veitti af því, að jafnharðan væri farið að hugsa fyrir því að undirbúa háskólabyggingu, og jafnvel veita til hennar hin fyrstu fjárframlög. Um leið og við stofnsetjum háskóla, þá verðum við sjálfsagt að bjóða ýmsum útlendum háskólum, að minsta kosti úr nágrannalöndunum að vera við þá athöfn. En hvar eigum við að bjóða gestum vorum inn? Í fúna fjalaketti hér í bænum? Tillögur háttv. þm. Dal. (B. J.) í þessu máli sýnast mér í heild sinni meira gerðar af flýti — eg hafði nærri sagt flasi — en forsjálni.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) segir, að við séum að fara á höfuðið, en háttv. 1. þm. K.-G. (B. K.) og þm. Seyðf. (B. Þ.) segja, að fjárhagurinn sé góður. Ef svo er, hvers vegna er þá ekki veitt nægilegt fé til þessarar stofnunar. En ef hitt er satt, að fjárhagurinn sé bágborinn, þá er oss ofvaxið að ráðast í þetta að sinni. Að svo vöxnu máli get eg því ekki greitt atkvæði með till. hins h. þm. Dal. (B. J.), þrátt fyrir alla þá virðing, sem eg ber fyrir áhuga hans.

Eg heyrði að menn voru eitthvað að tala um vita og voru ekki ásáttir um, hvort meiri nauðsyn bæri til að reisa vita á Bjargtöngum eða Vattarnesi. Eg

hef heyrt fróða og kunnuga menn segja, að viti væri nauðsynlegur á Bjargtöng um og ennfremur hef eg spurt það, að fiski byrji ekki við Austurland fyr en um fardaga, en við Vesturland er fiski á öllum tímum árs, svo að þar virðist vera meiri þörf á vita, skipagangur er þar mestur og sjór stundaður mest.

Eg hefi aldrei skift mér mikið af skáldunum, en verð þó að geta þess, að mér finst till. sú, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir komið fram með, vera næstum því furðuleg. Eg vona, að hún fái engan byr, enda er eg henni öndverður, sem sjá má á því, að eg hef jafnvel léð till. um ný skáldlaun fylgi mitt, — eg ætla það væri sessunautur minn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), sem fékk mig til þess að greiða atkvæði með heiðurslaunum handa Þorgils gjallanda og sýnist mér þó annars kostar ekki að veita hverjum manni landssjóðsfé, sem hnoðað getur saman bögu eða sögu. En hitt finst mér ónærgætni, að hætta upp úr þuru að styrkja þá, sem áður hafa haft styrk, — það gengur jafnvel ósvinnu næst, því að margir þeirra hafa vitanlega kastað frá sér atvinnu, einmitt vegna þess að þeir gerðu sér von um styrkinn. Eg vil sérstaklega minnast á hin eldri skáldin, því að þeir mennirnir eru mér kunnastir. Þorsteinn Erlingsson hefir lengi notið fjárlagastyrks, og væri illa farið, ef hann væri sviftur honum nú, því að hann er nú orðinn roskinn maður og heldur heilsutæpur, svo að honum er erfitt um að leggja á sig stranga vinnu. Menn hafa verið að finna honum það til foráttu, að ekkert hafi sést eftir hann nú lengi, en hins er að minnast, hvað maðurinn er vandvirkur, og er hann nú að leggja síðustu hönd á stórt og merkilegt skáldrit, Ejðinn. Hégómagjarnir erum við og látum oss það miklu skifta, að vel sé talað um oss í útlöndum, en eg hygg, að það mundi ekki verða oss neinn sæmdarauki út á við, að fella þessar fjárveitingar niður. Allir þekkja rit Einars Hjörleifssonar og er það kunnugt, að mörg þeirra hafa verið þýdd á útlend mál og verið lofuð mjög í ritdómum útlendinga. »Ofurefli« hefir komið út á dönsku, »Litli Hvammur« á norsku og þýzku, »Örðugasti hjallinn« á þýzku og fleiri hafa bækur hans birst á útlendum málum Þótt menn stagist mjög á og telji eftir bitlinga þá, sem veittir eru á þinginu, þá hygg eg þó ekki, að þjóðin kæri sig um, að skáldstyrkirnir til þessara manna séu feldir niður. Rit þessara manna, sem eg mintist á, eru mjög vinsæl, Einar er talinn hið ágætasta sagnaskáld, en ljóðmæli Þorsteins eru í hverju húsi.

Eg hef áður minst á kvennaskólatill. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og er eg honum samdóma um, að kvennaskólinn ætti að vera landsskóli, — hann hefði fyrir löngu átt að vera orðinn það. En þá þyrfti að byggja honum nýtt stórhýsi og býst eg við, að fjárhagur vor leyfi það ekki að svo vöxnu máli. Það hefir verið tekið fram, að full ástæða væri til að gera meiri greinarmun á kvennaskólum og realskólum og bent á, að í kvennaskólum ætti að kenna mest það, sem að heimilisþörfum lýtur, en að þær konur, sem vildu afla sér fjölbreyttari mentunar gætu gengið á realskólana. Út af þessu vil eg að eins leyfa mér að benda á, að núverandi fyrirkomulag kvennaskólans hér mun eiga rót sína í, að hann er eldri en gagnfræðaskólarnir og gat því ekki tekið tillit til þeirra, er hann hóf starf sitt. En það er satt, að nú gegnir nokkuð öðru máli.

Háttv. framsm. fjárlaganefndar (B. Þ.) mintist á Fiskifélagið og var hinn grimmasti bæði við mig og háttv. þm. Dal. (B. J.), sem höfum flutt till. um nokkurn hækkaðan fjárstyrk til þessa félags. Fer önnur till. fram á, að félaginu verði

veittar 4500 kr., en hin 3500 kr. Fjárlaganefndin hefir að öðru leyti tekið allvel í þetta mál og vill veita félaginu 2500 kr., en ekki meira. Mér varð svo bilt við grimd hins háttv. framsm., að eg hygg það ráðlegast að sætta sig við fjárveiting nefndarinnar, þó að hún sé í rauninni alt of lítil. En þó getur hún orðið félaginu til nokkurs stuðnings.

Eg talaði áðan um till hins háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um að fella burt alla skáldastyrki, en komið hefir fram önnur till. um fjárveitingar til skáldanna, sem fer fram á, að allar slíkar fjárveitingar verði lagðar undir sérstaka nefnd, sem kosin sé af alþingi. Eg hef ekkert á móti þeirri uppástungu, en vil að eins benda á, að nú er of liðið á fjárlagaumræðurnar til þess, að till. verði tekin til greina að þessu sinni.

Háttv. framsm. (B. Þ.) var að hughreysta þá, sem stendur stuggur af fjárhagsástandinu. Hann benti á, að á leiðinni væri frv. um tekjuauka, sem líklegast yrði samþykt, frv. um farmgjald, sem þó eftir er að sjá, hvort samþykt verður, og loks mintist hann á, að í ráði væri að hækka tollinn á sykri og kaffi; en hræddur er eg um, að sú tollhækkun verði ekki vinsæl í landinu, ekki sízt hér við sjávarsíðuna. Mér finst í heild sinni mjög hæpið að byggja mikla von um tekjuauka á þessu. Annars er það á valdi efri deildar, hvort tekjurnar verða auknar eða ekki, en eg hef enn þá ekki séð neitt frv. í þá átt koma þaðan.

Einar Jónsson: Mér hefir komið það mjög á óvart, hverjum mótmælum ein till. hefir mætt hér. Það er till. um styrk handa manni til þess að ferðast til útlanda og kynna sér ullarverkun. Menn hafa haft það á móti henni, að hún færi ekki fram á nógu háa fjárveitingu, en þess konar álít eg fremur meðmæli en mótmæli með hverri fjárbeiðni, sem fram kemur á þingi. Einnig er hins að gæta, að einatt hefir á fyrri árum átt sér stað, að stjórnin hefir veitt meira fé til nauðsynlegra fyrirtækja, en sett hefir verið á fjárlög og fengið samþykki þingsins umyrðalaust eftir á. Og vænti eg þess, að undirbúningur þessa þarfa máls strandi eigi á fjárskorti, þó eigi sé farið frekar í sakir en þetta í fyrstu. Skal eg, sem einn flutnm. till. játa, að í fyrstu hafði eg eigi athugað, að maður þessi yrði að sjálfsögðu að ferðast til Ameríku, en sé nú, að það muni afar nauðsynlegt, enda þó í ýmsum öðrum löndum sé mögulegt að koma út vandaðri ull. Að því athuguðu, treysti eg stjórninni til að vera eigi um of spör á fé til eflingar þessu máli. Eg vil nú lítið eitt minnast á hið helzta, sem um hana hefir verið sagt. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) var henni hlyntur í dag, en vildi binda fjárveitinguna við nafn einhvers tiltekins manns. En með því væri tekið fram fyrir hendur stjórnarinnar. Annars hefir till. fengið fremur góðar undirtektir, er eg lýsi gleði minni yfir. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir tekið einna verst í málið; hann hélt því fram, að allar tilraunir í þessa átt mundu reynast þýðingarlausar. En þær tilraunir, sem gerðar hafa verið hér á landi, hafa þó verið til bóta, þótt ófullkomnar hafi verið. Hann vildi kenna loftslaginu um það, hvað bágborin vara íslenzka ullin væri, en allir vita, að ekki er ýkjamikill munur á loftslaginu á Norðurlandi og Suðurlandi, og hefir þó norðlenzk ull komist í álit, einmitt vegna þess, hvað vel hún hefir verið verkuð. — Eg hefi heyrt minst á, að þetta heyrði undir starfsvið viðskiftaráðunautsins, en hann hefir svo margt annað að sýsla, að mér finst ómögulegt, að hann geti líka komist

yfir þetta. Eg vona að enginn, sem íhugar málið rækilega, geti greitt atkvæði móti till. og sérstaklega er það skylda þeirra þm., sem eru úr ullarhéruðum, að veita henni fylgi sitt.

Loks vil eg minnast örfáum orðum á það, sem háttv. framsm. sagði um fjárveitingarnar til Rangárvallasýslu. Það er satt, að Rangárvallasýsla hefir fengið miklar fjárveitingar nú, en það var óumflýjanlegt vegna þess, hvað hún var höfð útundan á síðasta þingi; því er vel farið, að nokkuð hefir verið bætt úr því nú. Eg vona, að háttv. þm. athugi, að þörf er á þessari fjárveitingu. En eg skal hins vegar taka það fram, að eg mun ekki fara út í neina stífni eða stælur út af henni og mun eg auðvitað sætta mig við ef henni skyldi, mót von minni verða synjað.

Björn Jónsson: Eg skal ekki lengja umr. Vildi eg að eins minnast á Bjargtangavitann. Hefi eg heyrt, að undirbúningsleysi sé borið við, svo sem ástæðu gegn fjárveitingu til hans. En auðvitað verður hann ekki reistur nema alt sé nægilega undirbúið. Og til þess er meira en nógur tími fyrra fjárhagsárið. Því er fé til hans veitt ekki fyr en síðara árið.

Um skilagreinina fyrir láninu skal eg taka það fram, að full skil eru gerð á því í landsreikningunum. Allar ímyndaðar getsakir um þetta, sem bólað hefir á og eru býsna nærgöngular sæmd þess manns, er hafði með þetta að gera, eru því orðnar að tómum reyk.

Benedikt Sveinsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) bar þungar sakir á geðveikralækninn á Kleppi. Þeim er mér skylt að mótmæla, því að þær hafa ekki við hin minstu rök að styðjast. Háttv. þm. sagði t. d., að læknirinn hefði svo lélegt eftirlit með sjúklingunum, að hann liti ekki til þeirra nema einu sinni á mánuði. Þetta er tilhæfulaust. Læknirinn hefir daglegt eftirlit með sjúklingunum, eins og þjónustufólk hælisins veit og getur sannað hvenær sem er. — Söguna um sjúklinginn, sem átti að hafa dáið í afkima, illa til reika, hafði eg ekki heyrt nefnda á nafn fyrri en áðan, en hefi nú spurst fyrir um tilefni hennar hjá kunnugustu mönnum, og fengið það svar, að fyrir henni sé enginn flugufótur, hún sé tilhæfulaus uppspuni. Skírskota eg þessu til háttv. þm. Vestm. (J. M.), sem lengi hefir verið í stjórn geðveikrahælisins og manna kunnugastur högum þess öllum, og bið hann að ósanna orð mín, ef eg fer ekki með rétt mál. — Eg býst ekki við, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hafi sjálfur búið til þessar sögur, heldur muni hann hafa þær frá einhverjum illgjörnum sögumanni.

Þá er að minnast á fjárveitinguna til háskólans. Þegar hún var sett í fjáraukalögin snemma á þingi var sú tilætlunin, að hægt yrði að nota alþingishúsið handa háskólanum, en til þess þurfti að flytja þingtímann til sumars. Það hefir ekki verið gert, breyt.till. um það feldar og því eru nú ekki sömu skilyrði fyrir hendi, sem gert var ráð fyrir í fyrstu. Nú er það á valdi Ed. að flytja þingtímann, og í annan stað er það og á hennar valdi, að sjá fjárhag landsins sæmilega borgið með því að samþykkja frumvarp það, sem nú er á leiðinni í þessari deild, til þess að afla landssjóði tekna. Ef Ed. fullnægir þessum nauðsynlegu skilyrðum, þá mun ekki fremur en fyr standa á mínu atkvæði með fjárveiting til háskólans. — En eins og nú stendur, er ekki hægt að segja um afdrif þessara mála í Ed., og vil eg því skora á flutningsmann till., þm. Dal. (B. J.), að taka hana aftur í þetta sinn.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að gera örstutta athugasemd út af um-

mælum tveggja háttv. þm. um, að eg hafi málað fjárhaginn svartari en hann í raun og veru væri. Eg hefi ekki sagt annað en það, sem eg hefi sýnt og sannað með tölum eða það, sem er að öllu leyti rétt. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) kom með nokkrar tölur viðvíkjandi fjárhagnum, en tók ekki allar þær tölur með, er leitt gæti sannleikann í ljós, eins og honum oft hættir við. Hann hefir því skýrt rangt frá. Eg skildi einnig háttv. framsm. (B. Þ.) svo, sem eg hefði ekki skýrt rétt frá fjárhagnum. Þessu vildi eg leyfa mér að mótmæla.

Bjarni Jónsson: Eg var ekki viðstaddur á fundi þeim í Kaupmannahöfn, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) talaði um. Það er ekkert dýrara fyrir stúdenta að lifa hér en í Kaupmannahöfn. Eg tek ekki tillöguna aftur.

Jón Ólafsson: Með því að hér hafa fallið allhörð orð í garð Goodtemplara, álít eg þeim nægilega refsað og tek því tillöguna aftur.

Benedikt Sveinsson: Eg tek tillöguna upp.

ATKV.GR.: (Atkv.skrá A. 621).

12. gr.

Brt. 592, 1. N. við 4. a. sþ. með 19 atkv.
— 592, 2. við 6. sþ. án atkv.gr.
— 592, 3. við 6. sþ. með 17 atkv.
— 569, 7. við 7. sþ. með 17 atkv.
— 569, 7. við 13. sþ. með 19 atkv.
— 555, 8. a. feld með 16 : 3 atkv.
— 590, 8. a. sþ. með 17 : 1 atkv.
— 583. við brt. 518. tekin aftur.
Varabrt. 583, við brt. 518. tekin aftur.
Brt. 518. sþ. með 17 atkv.

13. gr.

Brt. 544. við B. II. 1. sþ. með 13 : 9 atkv.
— 539. við B. II. 7. sþ. með 13 atkv. samhlj.
Brt. 544. við B. III. 1. sþ. með 17 atkv.
— 562. við B. III. 6. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 503, við B. III. 6. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen.
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 503. við B. VII. sþ. með 14 : 3 atkv.
— 536. við B. VIII. tekin aftur.
— 536. við B. IX. tekin aftur.
— 536. við B. X. tekin aftur.
— 571. við C. 1. feld með 13 : 9 atkv.

Brt. 517. við C. 2. sþ. án atkv.gr.
— 517, 2. við C. 2. 9. sþ. með 14 shlj. atkv.
— 582. við D. (fyrirsögnin) tekin aftur.
— 536. við D. II. 1—2. tekin aftur.
— 516. við D. II. 1. sþ. með 14 : 2 atkv.
— 582. við D. III. 8. sþ. með 13 : 6 atkv.
— 567. (aftan við D. bætist) sþ. með 17 atkv.
— 536. við E. VIII. feld með 14 : 9 atkv.
— 536. við E. XI. sþ. með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson S.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

14. gr.

Brt. 568. við A. b. 2. sþ. með 13 : 3 atkv.
— 591. við brt. 578. sþ. með 13 : 1 atkv.
— 578. við A. b. 4. sþ. með 15 : 4 atkv.
— 514. við A. b. 4. sþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Sigurðsson,
Björn Sigfússon,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Þorl. Jónsson.
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Pétur Jónsson. og Sig. Gunnarsson, greiddu eigi atkv. og töldust til meirihlutans.	

Brt. 573. við B. I. b. 2. feld með 14 : 7 atkv.
— 573. við B. II. b. 2. feld með 15 : 3 atkv.
— 573. við B. III. c. 2. feld með 16 : 4 atkv.
— 579. við B. I.—III. feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson.	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson.	Jón Þorkelsson,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 573. við B. IV. c. 7. tekin aftur.
— 525. við B. IV. c. 13. feld með 13 : 6 atkv.
— 529. við B. IV. 13. sþ. með 17 shlj. atkv.
— 587. við brt. 506. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson S.-M,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Jóh. Jóhannesson greiddi ekki atkvæði og taldist með meirihl.

Brt. 506. við B. VIII. a. feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Bened. Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.	Björn Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Briem.	Þorleifur Jónsson.

Þrír þm. greiddn ekki atkv.

Brt. 546. við B. VIII. a. sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson S.-M.	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson.	Sig. Gunnarsson.
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Ólafur Briem,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Sigfússon greiddi ekki atkv. og taldist með meirihl.

Brt. 546. við B. VIII. a. sþ. með 13 atkv.

— 564. við B. VIII. b. 1.—2. lið sþ. með 14 atkv.

— 564. við B. VIII. b. 3. lið sþ. með 13 : 2 atkv.

— 564. við B. VIII. b. 4.—5. lið sþ. með 15 shlj. atkv.

— 564. við B. VIII. b. 4.-5. 1. lið sþ. með 13. shlj. atkv.

— 564. við B. VIII. b. 4.—5. 2. lið sþ með 13 shlj. atkv.

— 564. við B. VIII. b. 4.—5. 3. lið sþ. með 16 shlj. atkv.

— 564. við VIII b. 4.—5. 4. lið sþ. með 14 : 1 atkv.

— 584. við B VIII. 7. b. feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Brt. 537. við B. VIII. d. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson N. M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen.
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 515. við B. IX. b. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson S.-M,	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson.
Pétur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Skúli Thoroddsen.	

15. gr.

Brt. 571. við 1. vísað frá.

— 570, 1. (varat.) feld með 12 : 12, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Brt. 570, 2. við 1. a. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfd. Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv., taldist til meirihlutans.

Brt. 570, 2. (varat.) við 1. a. feld með 14 : 7 atkv.

— 570, 3. við 2. vísað frá.

— 570, 3. (varat.) við 2. feld með 14 : 9 atkv.

— 570, 4. við 2. b. sþ. með 15 shlj. atkv.

— 570, 5. við 2. c. sþ. með 14 shlj. atkv.

— 570, 6. við 3. sþ. með 16 shlj. atkv.

— 570, 7. við 3. a. sþ. án atkvgr.

— 570, 8. við 5. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Sigurðsson,

Já:	*Nei:*
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 577. við 8. sþ. með 14 : 3 atkv.
— 560. við 10. sþ. með 14 : 2 atkv.
— 570, 9.—11. sþ. án atkvgr.
— 588. við 15. (Stórstúkust.) feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson.	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 574. feld með 14 : 7 atkv. Síðari liður sjálffallinn.
— 566. við 20. sþ. með 14 : 7 atkv.
— 554. við 21.—26. feld með 14 : 5 atkv.
— 535. við 29. (nýr liður) feld með 15 : 3 atkv.
— 524. við 29. (nýr liður) feld með 14 : 8 atkv.
— 527. við 37. sþ. án atkvgr.
— 589. við 39. sþ. með 15 shlj. atkv.
— 575. við 40. feld með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen.	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 570, 12. við 40. feld með 13 : 9 atkv.
— 559. við 45. feld með 17 : 7 atkv.
— 528. við 46. sþ. með 16 : 2 atkv.
— 556. feld með 16 : 4 atkv.

16. gr.

Brt. 561. við 3. lið feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M,	Jón Magnússon,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl.
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Sigurðsson.	Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkvæði.

Brt. 580. við 3. lið (nýr liður) tekin aftur.
— 538. við 8. lið sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Jón Þorkelsson.
Hálfd. Guðjónsson,	Sig. Gunnarsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson,
Jón Ólafsson,	Þorleifur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson.	

Brt. 510. við 11. lið sþ. með 17 shlj. atkv.

— 553. við 14. lið feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Jónsson N.-M.	Jón Magnússon,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson.
Sig. Gunnarsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 576. við 14. lið sþ. með 20 : 3 atkv.

— 512. við 23. lið sþ. með 15 : 2 atkv.

— 549. við 23. lið feld með 16 : 5 atkv.

— 497. við 24. lið (nýr liður) sþ. með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl. greiddi ekki atkv., taldist til meiri hlutans.

Brt. 586. við 26. 1. lið. a. feld með 13 : 10 atkv.

— 586. við 26. 2, lið. b. feld með 14 : 10 atkv.

— 586. við 26. 3. lið. c. þar með fallin.

— 565. við 26. fyrri liðurinn sþ. með 13 : 5 atkv.

— 565. við 26. síðari liðurinn sþ. með 14 : 3. atkv.

— 557 við brt. 511. tekin aftur.

— 558 við brt. 511. tekin aftur.

— 511. við 30. sþ. með 13 shlj atkv.

— 538. við 40. tekin aftur.

— 552. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Jón Þorkelsson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-M.,	Pétur Jónsson,

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Brt. 522, (nýr liður) sþ. með 13 : 4 atkv.

22. gr.

Brt. 526 við 1. lið sþ. með 17. shlj. atkv.

— 563, viðaukatill. við brt. 526 sþ. með 17. shlj. atkv.

— 545, við 3. lið sþ. með 14 shlj. atkv.

— 526, (nýr liður eftir 4. lið) sþ. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Þorkelsson,
Einar Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem.
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 548, sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig Gunnarsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 534. sþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. í heild sinni sþ. með 21 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr. 4. maí (A. 832, 834, 851, 862, 864, 868, 869, 877, 879—898, 901—908, 910—914, 916, 918, 919, 923, 928, 930).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg vil leyfa mér að skýra frá breyt.till. nefndarinnar, en fyrst vildi eg þó segja örfá orð um frv. í heild sinni.

Eins og menn muna, fór frv. héðan úr deildinni til háttv. Ed. með 280 þús. kr. tekjuhalla. Þar óx svo sá tekjuhalli um 50 þús. kr., eða komst með öðrum orðum upp í 330 þús. kr. Þessi aukning stafar að mínu áliti mest af háskólanum, sem þar var settur inn aftur í stað embættismannaskólanna. Sú breyting nemur fullum 30 þús., þeim mun dýrari er hann, en þeir, þegar í byrjun. Ennfremur gerði háttv. Ed. breytingar að því leyti, að hún feldi burtu ýmsa liði, sérstaklega til vegagerða, og get eg ekki stilt mig um að nefna nokkra þeirra, t. d. Skagfirðingabraut, af kostnaðinum til hennar eru 10 þús. kr. feldar burtu (fyrra árið). Þá er ennfremur lækkuð fjárveiting til brúar á Haffjarðará; þá eru feldir burtu þjóðvegir í Austurskaftafellssýslu og þjóðvegir í Dölum og lækkuð fjárveiting til vegarins milli Hafnarfjarðar og Kefla-

víkur um 5000 kr., og ennfremur er upphæðin til Hvammstangavegar lækkuð um 1300 kr. Alls hefir Ed. lækkað vegaféð um 26 þús. kr.; og það er einkennilegt, hvort sem það er orðið af tilviljun eða ekki, að öll þessi lækkun hefir lent á kjördæmum sjálfstæðismanna.

Aðrar breytingar á frv. ætla eg ekki að minnast á nú. Þær eru að vísu ekki stórvægilegar, en það mundi þó taka tíma, ef gera ætti það greinilega, og því sleppi eg því. Eg skal þá snúa mér að breyt.till. nefndarinnar.

Um 1. breyt.till. er það að segja, að í Ed. komst inn í frv. 400 kr. styrkur á ári til Árnesshreppsbúa í Strandasýslu, til þess að vitja læknis. Þetta er þannig til komið, að upphaflega var það tilætlunin, að láta lækni í syðra Strandahéraðinu hafa 700 kr. árlega til ferða norður í Reykjarfjarðarhérað sem nýstofnað er, og var þá ekki ætlast til, að stofnun þess héraðs hefði nein útgjöld í för með sér, fyr en þar væri skipaður læknir. Nú er þessi 400 kr. fjárveiting þvert á móti því, en þó lét nefndin sér nægja að leggja það til, að hún verði færð niður í 300 kr. og orðuð þannig, að hún veitist hreppsnefndinni, og ráði hún úthlutun hennar.

Þá er breyt.till. við 13. gr. B I. um það, að færa 2. og 4. lið saman í eitt og lækka alt saman um 200 kr. á ári og orða svo: Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að 4000 — 4000 kr. Þá ætti að vera innan handar að færa niður laun aðstoðarverkfræðings, sem því næmi, ef tækifæri gæfist, en þau voru í frv. eins og það kom frá Ed. 2700 kr.

Í sömu gr. hefir nefndin gert brtill. við C-liðinn samkvæmt því, sem áður var, þegar frv. fór héðan, sem sé að bæta þar inn aftur orðunum, sem þar stóðu: »eftir samningi við Thorefélag 7. ágúst 1909«. Á eftir þeim lið vill svo nefndin bæta við nýjum lið: »Til reglubundinna gufuskipaferða milli Sviþjóðar og Íslands 4000 — 4000«. Nefndinni var sem sé skýrt frá því, að félag í Sviþjóð sé í þann veginn að byrja á reglulegum ferðum hingað. Að vísu er eigi fullvíst um þetta ennþá, en það mundi þó ýta undir þetta félag, ef það sæji slíkar undirtektir hér og vissi þannig, að okkur væri áhugamál að fá samgöngur og verzlunarviðskifti við Sviþjóð. Og eins og kunnugt er, er von á góðum markaði þar fyrir ýmsar íslenzkar afurðir, svo sem síld og kjöt, og aftur á móti ættum vér að geta fengið sumar vörur bæði betri og ódýrari frá þeim, en öðrum, er vér skiftum nú við, svo sem járn og timbur. Nefndin vill því sérstaklega mæla með þessari breyt.till.

Þá kemur ný till., sem ætlast er til að komi inn í þessa sömu gr., nefnilega fjárveiting til að leggja koparþráð milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Nefndinni barst á síðustu stundu bréf frá símastjóranum, þar sem skýrt er frá því, að kopar hafi nú fallið ákaflega í verði, svo að þar sem kostnaðurinn við þessa línu var áður áætlaður 67 þús. kr. með verkinu, þá muni hann nú ekki nema meiru en 55 þús. kr. Hann réð því mjög eindregið til þess að nota þetta tækifæri, og meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur. Um þessa fjárveitingu var mikið talað við 2. umr., og var eg þá á móti henni, ekki sem framsm., heldur sem þm., og taldi það ógerlegt fjárhagsins vegna, að leggja hana nú, enda væri bagalítið að láta hann bíða eitt fjárhagstímabil til. Eg skal nú ekki fara að endurtaka rök mín fyrir því, en það tek eg fram, að að eg mun enn greiða atkvæði gegn honum.

Þá er að minnast á vitana. Ed. hefir sett inn í frumv. vitann á Flatey á

Skjálfanda, sem áður var feldur hér, og leggur nefndin til, að hann sé feldur burt aftur. Það er ekki af því, að hún kannist ekki við, að hann sé nauðsynlegur, vitanna er víða þörf, og eg veit ekki til að neinum hafi enn dottið í hug að setja þá á staði, þar sem þeir væru óþarfir, en það er eingöngu fjárhagsins vegna, að nefndin er á móti þessu.

Í 14. gr. A. b. 2., er veittur styrkur til bráðabirgðauppbótar brauðum, og var samþykt hér áður, að 1000 kr. af því mættu vera til húsaleigustyrks handa prestum, sem setjast að í kaupstöðum. Þetta ákvæði hefir nú Ed. felt. Nefndin hefir nú fallist á eftir bréfi frá biskupi, að setja þar við nýja athugasemd, sem þm. geta lesið. Tel eg víst, að menn muni sjá það á henni, að hér er ekki að tala um eyðslueyri, eins og annars hefði orðið, ef þetta hefði gengið í húsaleigustyrk, heldur er hér ætlast til að verja megi 1000 kr. árlega til að reisa hús úr steini eða steinsteypu, og ætti þetta að geta miðað til þess að koma upp með tímanum vönduðum húsum hér og hvar á prestssetrunum, og mælir því nefndin með þessu. Við sömu grein hefir og nefndin gert þá brt. að fella burtu 6. liðinn. Það er álag til Viðvíkurkirkju, 400 kr., og er orðið fjarska gamalt, sjálfsagt 40 ára. Mér er ekki vel kunnugt um, hvernig á því stendur, en nefndin er á einu máli um að fella það burtu.

9. brt. er um gagnfræðaskólann á Akureyri, um að færa launafúlguna þar niður úr 9 þús. kr. í 8600 kr. hvort árið. Þær 400 kr., sem burtu falla, er hin persónulega launaviðbót til 3. kennara þar. Nefndinni þótt það óviðfeldið, að þessi maður, sem sótti um stöðuna fyrir tæpu ári síðan, skuli nú þegar vera farinn að biðja um launaviðbót. Hann hlaut að vita, hver launin voru þegar hann sótti, og þá er ástæðulaust að veita þetta svona strax.

11. breyt.till. er við 14. gr. um kvennaskólann í Reykjavík, og miðar beint að því, að færa þá fjárveitingu í sama horf og var, þegar frumv. fór héðan síðast, þannig að hún verði alls 7 þús. kr., 5 þús. kr. beint til skólans og 2 þús. kr. fyrir námsmeyjar. Ef þetta kemst í gegn, ætlast nefndin til, að skólinn fái að minsta kosti 1500 kr. annars staðar að. Orðin: »en úr landssjóði«, álítur hún að séu óþörf og eigi að falla burt. Í sömu grein er enn ætlast til, að falli burtu styrkur til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar, 500 kr. hvort árið, og er það af því, að nú er tekin upp sú regla að styrkja ekki unglingaskóla í þeim kaupstöðum, þar sem eru gagnfræða-, eða alþýðuskólar, eins og hér. Hina kaupstaðina, sem ekki hafa annað en unglingaskólana, er í ráði að styrkja til að halda þá. — Enn er 7. liður í sömu grein, og stendur þar, að það fé sé ætlað til sundkenslu, en svo kemur þar inn í styrkur til ungfrú Ingibjargar Guðbrandsd., til að kenna stúlkum leikfimi, og sömuleiðis ferðastyrkur til Björns Jakobssonar leikfimiskennara. Fyrirsögnin fyrir þessum lið er því óviðfeldin, og leggur því nefndin til, að við hana verði bætt: »o. fl.«, og er það sjálfsagt, til þess að fyrirsögnin verði rétt.

Þá er í 15. gr. 3. c. fé til forngripa og áhalda við Þjóðmenjasafnið. Sú upphæð var 1000 kr., þegar hún kom héðan, en Ed. hefir fært hana upp í 1500 kr., og leggur nefndin til, að hún sé færð niður aftur.

Þá er 19. liður í sömu gr. Þar hefir Ed. ákveðið, að styrkurinn til Jóns Ófeigssonar skuli vera 60 kr. fyrir örkina. Þetta álítur nefndin óaðgengilegra fyrir manninn, það voru 67 kr. þegar héðan kom, og vill nefndin láta þar við sitja Hún leggur því til, að þessi viðbótarorð falli burt, svo og orðin: »alt að«.

Þá get eg tekið liðina 30, 45 og 46 í 15. gr. alla í einu lagi. Það eru alt námsstyrkir, sem komist hafa inn í frv. í Ed., handa fólki sem ætlar að nema rafmagnsfræði, vélfræði og dráttlist, og leggur nefndin til, að þetta sé felt. Eg skal geta þess, að eg held jafnvel, að allir þessir nemendur séu nú við nám erlendis, svo að líklegt er, að þeir verði fullnuma eins fyrir því, þótt þetta verði ekki veitt. Það hefir ekki heldur komið oss að miklu haldi hingað til, þótt rafmagnsfræðingum hafi verið veitt fé á fjárl., þeir hafa sumir staðnæmst í útlöndum, en ekki hér. Og sérstaklega skal eg geta þess um kvenmanninn, sem sækir um styrk til þess að nema dráttlist, að ef hún ætlar sér að kenna hana við Akureyrarskólann, þegar hún er fullnuma, þá er þess að gæta, að það er ungur maður, sem kennir þessa grein þar, og virðist því óþarfi að veita styrkinn í þessum sérstaka tilgangi.

Þá er 34. liður sömu greinar. Hann hljóðar um styrk til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns, til þess að semja æfisögur lærðra, merkra manna íslenzkra. Styrkur þessi var tekinn upp í Ed., og er það tillaga nefndarinnar, að hann verði færður niður í 1500 kr. hvort árið.

Þá er 16. gr. Háttv. efri deild hefir tekið upp 6000 kr. styrk til þess að reisa leikfimishús við bændaskólann á Hólum. Þetta virðist ekki nauðsynlegt, enda þótt það sé skylda skólans að kenna leikfimi, þar eð Hólaskóli hefir gamla skólahúsið til leikfimiskenslu, enda er á fjáraukalögunum fjárveiting, sem verja á til að gera við gamla skólahúsið. Ætti það að nægja í þetta skifti.

Þá er breyt.till. viðvíkjanda Eiðaskólanum. Hér í deildinni gekk í gegn frv. um stofnun húsmæðraskóla þar, en það nær ekki fram að ganga í efri deild. Nefndinni virðist, að það væri mjög gagnlegt, að skóli þessi gæti byrjað strax, ef sýslunefndir Múlasýslna gætu eða vildu ráðast í það að koma upp hjá sér húsmæðraskóla á Eiðum. Því vill nefndin, að styrkurinn til þessa skóla verði hækkaður um 1000 kr. og fjárveitingin öll ætluð til skólahalds á Eiðum. Má t. d. benda á það, að á Ísafirði og Akureyri eru matreiðsluskólar, sem njóta 1000 króna styrks, og væri því ekki óeðlilegt, að Austfirðingar yrðu aðnjótandi svipaðs styrks.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til iðnskóla á Seyðisfirði sé hækkaður úr 400 kr. upp í 600 kr. Vér hyggjum það of mikinn mun, að láta hann hafa að eins 400 kr., en sömu skóla á Ísafirði og Akureyri 1000 kr. hvorn.

Þá hefir nefndin lagt til, að skilyrði fyrir styrkveitingu til 4 skóla í eldri kaupstöðum landsins verði breytt þannig, að styrkurinn fari ekki fram úr $^3/_4$ rekstursskostnaðar. Nefndin telur of lítið lagt til skólanna annarsstaðar frá, ef það á ekki að nema meiru en $^1/_5$ alls rekstursskostnaðar. Miðar þessi tillaga að hækka styrkinn annarsstaðar frá til að gera skólana fullkomnari, því því meira sem vandað er til skólanna, því meira gagn ættu þeir að gera.

Þá er ný fjárveiting til Páls Jónssonar á Djúpavogi, til að gera atkvæðavél. Nefndin leggur til, að hún verði að öllu feld í burtu. Telur hana ekki þarflega. Enda mun það ef til vill draga þann dilk á eftir sér, að landssjóður yrði að kaupa um 2000 slíkar vélar til afnota við kosningar.

Þá er og nýr liður, þar sem Helga Valtýssyni eru ætlaðar 1200 kr. til að rannsaka, hvort straumferja hans gæti að gagni komið. Eg vil vekja athygli háttv. þingmanna á því, að það er prentvilla þar sem stendur 1500 kr. Það eru einungis 1200 kr. Vil eg svo skýra dálítið frá þessu máli. Eg veit að háttv.

þingmönnum er þessi maður kunnur og hans uppgötvun. Hann hefir tvisvar sýnt hana hér nærri. Sá eg hana í bæði skiftin og gekk straumferja hans mjög liðugt seinna sinnið. Hér er ekki að ræða um borgun fyrir uppgötvun hans, heldur er það tilætlun nefndarinnar, að hann ferðist um landið og hagi þeim ferðum eftir samráði við stjórnarráðið og geri einhverja slíka tilraun, er sanni fyllilega, hvort straumferjan er virkilega nothæf. Þetta er að eins þóknun upp í ferðakostnað mannsins. Hann ætti svo að ferðast sérstaklega um Suðurland og gera þar einhversstaðar slíka tilraun eða tilraunir. Æskilegt væri og að hann gæti víðar farið um og skoðað straumferjustæði t. d. á Blöndu. Þessi maður kveðst hafa á prjónunum fleiri uppgötvanir, sem að gagni gæti komið hér á landi, svo sem vefstól, er vefur mjög hratt, m. fl. og gæti það orðið hvöt fyrir hann til að koma þeim í framkvæmd, ef vel tækist með straumferjuna. Eg vil því mæla með því, að þessi fjárveiting verði samþykt.

30. liðurinn leggur nefndin til að falli í burtu.

45. lið með athugasemd leggur hún og á móti, og ætlast til, að Akurnesingar kosti sjálfir aðgerð á bryggju sinni, og það því fremur, sem fé úr landssjóði mun áður hafa verið lagt til hennar.

Þá leggur og nefndin til að 47. liður um styrk til hafnarbryggju í Hafnarfirði sé feldur burtu. Hér er að vísu að ræða um þarflegt fyrirtæki, en fjárhagur landsins er þröngur, og landssjóði mun blæða svo við hafnargerðina í Rvík, að frágangssök virðist að veita nú þennan styrk. Get eg ekki stilt mig um í sambandi við þetta að segja, að mér þykja sumir þingmenn sýna helzt til mikið kapp og ósanngirni í kröfum sínum gagnvart landssjóði, eins og honum sé mögulegt að inna af hendi í einu hverskonar fjárgreiðslur sem eru.

Þá kem eg að 18. gr. Efri deild hefir hækkað eftirlaun Matthíasar Jochumssonar upp í 2400 kr. Hann hefir um mörg ár notið 2000 króna, og það hefir sýnst nefndinni sómasamleg og nægileg laun handa honum og heimili. Fyrir því leggur nefndin gegn hækkun Ed.

Þá er komið að botnvörpusektunum. Um þær hefir verið rætt svo mikið áður, og ætla eg ekki að tala neitt um þær, að eins geta þess, að tekin er upp aftur tillagan um að fella burtu liðinn um þær í 19. gr.

Þá er seinasta breytingartillagan eftir. Nefndin fékk bréf á síðustu stundu frá stjórnarráðinu viðvíkjandi heilsuhælinu á Vífilsstöðum, og er farið fram á það í bréfinu, að landsstjórnin megi ábyrgjast fyrir hönd landsins 120,000 kr. lán handa hælinu. Í sambandi við bréf þetta má geta þess, að ákaflega mikill kostnaður hefir orðið við að reisa hælið og útbúa það, eða yfir 300 þúsundir. Og enn mun vera eftir að gera kostnað, er nemi 20—30 þúsundum. Hælið alt mun því kosta um 330,000 kr. Gjafir í peningum hafa orðið um 60 þúsundir. Lán er búið að taka gegn ábyrgð landssjóðs að upphæð 150,000. Þá verða eftir 120 þús. og er hér farið fram á, að landsstjórnin megi taka ábyrgð fyrir landsins hönd á láni, er nemi þessu. Nefndin neyðist til að fallast á, að þessi ábyrgðarheimild verði veitt, þótt henni hins vegar geti ekki dulist, að hér hafi sparnaðar ekki verið gætt sem skyldi og að nokkuð djarft hafi verið af framkvæmdarstjórn hælisins að ráðast í þennan gífurlega kostað, þegar svo lítið fé var fyrir hendi, sem raun hefir á orðið. Og ganga má að því vísu, að sá tími komi að landssjóður verði sjálfur að greiða

bæði lánin, það sem hann hefir tekið ábyrgð á, og mun eftir því er hér er farið fram á, taka ábyrgð á.

Svo hef eg skýrt hér frá breytingartillögum nefndarinnar. Þar á móti hefi eg ekki séð eða haft tækifæri til að kynna mér nema örfáar af hinum mörgu brt. háttv. þm. og sleppi því að minnast á þær nú.

Björn Kristjánsson: Það eru fáeinar breyt.till., sem eg vil minnast á. Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 864, um Keflavíkurveginn. Hann var látinn standa hér í deildinni eins og stjórnin lagði til, en háttv. Ed. hefir fært hann niður. Það mundi koma sér mjög bagalega, ef ekki væri lokið við hann. Eg hefi leitað upplýsinga um, hvort 5000 kr. mundu nægja til þess. Eg hefi fengið það svar, að það mundi ekki nægja, heldur yrði þá kafli eftir og myndi það koma sér mjög bagalega fyrir alla þá, sem veginn eiga að nota. Eg vil því skjóta því til háttv. deildarmanna, hvort ekki væri praktiskara að klára veginn og verja til þess 7500 kr. hvort árið. Eg legg þetta á vald hinnar háttv. deildar, en að eins ætla eg að bæta því við, að eg fékk bréf frá þeim þar syðra um þetta efni, og með leyfi hins háttv. forseta ætla eg að lesa upp kafla úr því. Þar stendur.

»Það getur vel verið, að þessi vegur sé dýr yfir höfuð, en þá er til þess að svara, að óvíða er við aðra eins örðugleika að stríða um ýmislegt eins og þar, bæði ofaníburður, sprengingar, hagleysi og vatnsleysi, og svo vil eg þess geta, að mér vitanlega er enn ekki farið að leggja hér á landi veg, sem er yfir 20 kilometra *eingöngu úr grjóti, og púkklagðan*«.

Það hefir mjög verið vandað til þessa vegar, og því er hann orðinn svo dýr. Sýslubúar hafa ekki kastað til þessa höndunum, og sýslan sjálf er búin að kosta til hans 42,194 kr. Skal eg svo ekki fjölyrða meira um það mál. Svo er önnur tillaga fjárlaganefndarinnar, nefnilega sú að láta styrk til bryggjugerðar í Hafnarfirði falla niður. Nefndin játar sjálf, að þetta er nauðsynjamál en kennir um hinum bága fjárhag. Mér þykir það hart, þegar er ekki um stærri upphæð að ræða, að klípa þetta af, og þar sem það er ekki nema $^1/_4$ hluti þess, sem fyrirtækið kostar. Vona eg því að þessi fjárstyrkur fái að fljóta með.

Þá er fjárstyrkur til Guðjóns Samúelssonar, sem um 3 ár hefir stundað nám á listaháskólanum danska. Faðir hans er mjög myndarlegur maður og hefir hann klofið þrítugan hamarinn til þess að koma þessum syni sínum áfram. Námið er dýrt, 1400 kr. á ári. Það væri slæmt, ef hann gæti ekki fengið próf, og höfum við, flutningsm., því farið fram á ofurlitla upphæð, 800 kr. annað árið honum til styrktar. Væri rétt að veita þetta, enda höfum við fulla þörf á slíkum manni.

Á þgskj. 914 er farið fram á styrk til handa Pétri Árna Jónssyni til þess að læra að syngja. Vil eg mæla sem bezt fram með því, enda hefir hann hin beztu meðmæli frá kennurum sínum. Hann á einungis fátæka að, en rödd hefir hann svo góða, að hann gæti án efa orðið frægur maður, ef honum væri sýndur sómi. Mun háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skýra nánar frá þessum manni.

Að vísu er það svo, að landssjóður ætti ekki að veita lán, það ættu bankarnir að gera. En nú er því svo varið, að það er ekki auðvelt fyrir einstaka menn að fá þar lán. Það eiga sýslunefndir hægra með, og er því minni ástæða til að veita þeim lán úr landssjóði. En til hvers eru þeim veitt lán? Sumpart til þæginda, t. d. til raflýsingar

á Seyðisfirði, sem að öllum líkindum verður til aukins kostnaðar. Menn verða að taka tillit til þess í hvaða skyni lánin eru veitt og hvernig aðstaða lántakenda er, að því er lán hjá bönkunum snertir. Sérstaklega hvað lánið til niðursuðuverksmiðjunnar á Ísafirði snertir, þá vil eg geta þess, að það er eitt af hinum arðsömustu fyrirtækjum, sem hér hafa verið stofnuð, en það hefir fengið svo marga barnasjúkdóma, að maðurinn, sem á verksmiðjuna, hefir í byrjun orðið fyrir stórtjóni. Hann gat ekki dreift tapinu á marga menn, hann hefir orðið að bera það einn. Þessir sjúkdómar eru stundum sjálfskaparviti, en í þessu tilfelli er því ekki til að dreifa, því að maðurinn átti mjög ilt aðgöngu að fá að læra niðursuðuaðferðina. Hann sendi konu sína til Noregs í því skyni, og komst hún um hríð að á niðursuðuverksmiðju þar. En svo var uppgötvað í hvaða skyni hún var þar og þá var henni vísað burt. Sömu tilraun gerði hann sjálfur, en árangurslítið. Þau gátu því hvergi lært og urðu að prófa sig áfram sjálf. Þau fengu »fag«-menn sér til aðstoðar frá Noregi, einn sem hafði verið 14 ár við niðursuðuverksmiðju, en þá kom það upp úr kafinu, að þeir kunnu lítið til starfa, svo að þau hjón biðu tjón við það. En nú kunna þau verkið til fullnustu eftir dýrkeypta reynslu, og verksmiðjan er svo viðurkend í útlöndum, að hún getur ekki fullnægt helmingnum af þeim pöntunum, sem henni berast. Það er því alveg nauðsynlegt, að landssjóður hlaupi undir bagga með henni, einkum vegna þess hve góð skilyrði slík verksmiðja hefir til þess að þrífast vel, þar sem fiskur er orðinn svo ódýr vegna botnvörpuveiðanna. Það væri hægt að setja upp fleiri verksmiðjur og fá þekkinginguna hjá þessum hjónum. Eg vil því vona, að þessi liður verði ekki strykaður út, og tillagan um að stryka út alla liði 22. gr. sé feld. Frá Noregi eru fluttar út árlega niðursoðnar vörur sem nema 15 milj. kr., og við höfum full skilyrði til þess að geta flutt eins mikið út. Það er því full ástæða fyrir landssjóð að styrkja þetta fyrirtæki, einkum þar sem eigandinn á ekki nægan aðgang að bönkunum.

Hvað snertir brtill. háttv. þm. Snæf. (S. G.) um hækkun á fjárveitingu til eftirlits með botnvörpungum, þá get eg skírskotað til fyrri orða minna um það. Eg álít fjárveitinguna bráðnauðsynlega, því að það er engum vafa bundið, að sumar af beztu veiðistöðvunum leggjast bráðum í eyði, ef ekki er haft betra eftirlit með botnvörpungum þar um slóðir en nú er. Annars skal eg ekki í þetta sinn þreyta háttv. deild með lengri ræðu.

Magnús Blöndahl: Eg á hér brt. á þgskj. 902, sem eg vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um. Breyt.till. er við 22. gr. og fer fram á það, að feldir séu burtu flestir liðir greinarinnar, bæði lán til sýslufélaga, bæjarfélaga og einstakra manna. Það er ekki langt síðan að fleiri háttv. þingm. hér í deildinni höfðu margt við það að athuga, að seinasta stjórn og stjórnin þar á undan hefði bundið alt of mikið eignir viðlagasjóðs með lánum, svo að jafnvel til vandræða horfði. Það lítur ekki út fyrir, að háttv. þm. gæti þess, að þeir eru sjálfir sök í þessu, með því á hverju þingi að samþykkja lánbeiðnir, sem nema tugum og jafnvel hundruðum þúsunda kr. Þegar búið er að setja slíkar lánveitingar inn á fjárlögin, þá tjáir ekki að sakast um það, þó að stjórnin fari eftir vilja þingsins í þessu efni og láni út það fé, sem handbært kann að vera á hinum ýmsu tímum. Eg get ekki verið samdóma háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um 10. lið, sem hann virðist

líta sérstökum velvildaraugum á, af því að það sé til privatmanns, sem ekki hafi aðgang að bönkunum. Hann kvað það sjálfsagt, að bankarnir hlypu undir bagga með sveita- og bæjarfélögum, en um einstaka menn væri öðru máli að gegna. Eg get ekki skilið, að þetta sé rétt hjá háttv. þm., ef gert er ráð fyrir að fyrirtækið sé svo vaxið, að það sé eins arðvænlegt og hann hefir gefið í skyn, og ef það er stofnað með nokkurri fyrirhyggju. Eg veit ekki til hvers bankarnir eru stofnaðir ef ekki einmitt til að hjálpa slíkum fyrirtækjum, og eg þykist mega fullyrða, að það stendur einmitt í »Statutum« þeirra, að þeir séu skyldir að styrkja þau fyrirtæki, sem arðvænleg eru, ef tryggingin er góð og til þeirra er stofnað með skynsemi. Eg get tekið undir það með háttv. þm. hvað þetta fyrirtæki snertir, að það gæti vafalaust verið mjög arðvænlegt, ef það væri rekið hyggilega og að öllu vel undir búið, en úr örðugleikunum við að læra niðursuðuaðferðina fanst mér háttv. þm. gera nokkuð mikið. Þess er líka að gæta, að þó að maðurinn, sem hér á hlut að máli hafi sjálfur ekki getað aflað sér nægrar þekkingar í þeirri grein, þá hygg eg ekki, að honum hefði þurft að verða skotaskuld úr að útvega sér fullfæran mann til starfsins frá útlöndum, og hann hefði þannig getað komist hjá ýmsum óhöppum. Eg lít svo á, að það sé tæplega forsvaranlegt að hrúga lánum á lán ofan, þegar alt af heyrist hljómurinn um það úr öllum áttum, hvað fjárhagur landssjóðs sé þröngur, og jafnvel kveðið svo ramt að, að menn hafa haft á orði, að lán þyrfti að taka til þess að landssjóður gæti staðið í skilum með dagleg útgjöld. Það hefir nýlega verið afgreitt héðan úr deildinni frv. um $^1/_2$ milj. kr. lántökuheimild fyrir landssjóð. Standi nú öll þessi lán í 22. gr. óbreytt og stjórnin neyðist til að nota lántökuheimildina, þá er eg hræddur um, að svo hart verði gengið að henni af einstöku mönnum og félögum, að hún sjái sér ekki annað fært en að uppfylla eitthvað af þessum lánspóstum 22. gr., en það var þó sannarlega ekki meiningin með lánsheimildarfrumv. Eg get heldur ekki annað séð, en að það ætti að vera auðgert fyrir einstaka menn og félög að fá lán hjá bönkunum, ef góð trygging kemur í móti; sé tryggingin aftur á móti ekki góð, tel eg það óforsvaranlegt að stuðla að því á nokkurn hátt, að slík lán séu veitt úr landssjóði. Raunar er það satt, að vextir af lánum þeim, sem landssjóður veitir, eru nokkuð lægri, en flestar upphæðirnar, nema 2, eru svo lágar, að vaxtamunurinn kemur varla til greina. Að hinu leytinu virðist það vera leikur, að vera eins og nú stendur að samþykkja allar þessar lánbeiðnir. Hæstv. ráðh.(Kr.J)sagði fyrir skömmu, að þær væru þýðingarlausar, því að ekkert fé væri fyrir hendi til þess að sinna þeim. Til hvers er þá verið að leika þennan leik, sem ekkert getur orðið annað en eyðsla á tíma þingsins?

Eg skal að svo stöddu ekki verða fjölorðari um þessa brt., en minnast fám orðum á brt. mína á þgskj. 901, sem fer fram á það, að Guðjóni Samúelssyni verði veittar 400 kr. hvort árið til þess að lúka námi við fjöllistaskólann í Khöfn. Eg hafði áður komið fram með till. sama efnis, sem fór fram á nokkuð hærri styrk, en hún fann ekki náð fyrir augum þessarar háttv. deildar. Sama till. kom líka fram í háttv. Ed., en fann heldur ekki náð þar, þó að sú háttv. deild hafi sett ýmsa pósta inn á fjárlögin, sem mér virðast ekki hafa haft við meiri rök að styðjast en þessi tillaga. Eg hefi fyr tekið það fram, að landið á að eins einn mann í þessari

grein, sem lauk þó aldrei fullnaðarprófi (Rögnvaldur húsameistari Ólafsson), en við vitum allir, hvernig hans heilsu er varið, þótt vonandi sé að hún batni. En hún er því miður svo nú, að hann getur lítið eða ekkert gefið sig við störfum. Við höfum því engan mann, sem fær sé að leiðbeina okkur í þessari grein, sem er þó ekki síður brýn nauðsyn á en í mörgu öðru. Eg vona því, að háttv. deild við nánari íhugun sýni þann velvilja að samþykkja þessa till., sem bæði er hógvær og sanngjörn. Auðvitað eru ýmsir aðrir póstar, sem þörf væri að minnast á, en eg skal þó ekki þreyta háttv. deild á því, nema mér gefist tilefni til þess við umræður þær, sem á eftir koma.

Bjarni Jónsson: Eg á hér litla breyt.till. við 12. gr. út af málaleitun viðvíkjandi styrk til þess að halda sérstakan lækni í Bolungarvík. Það ákvæði fór frá þessari deild með sama hætti og eg vil að það verði sett inn aftur. Eg flyt þessa till. hér vegna beiðni, sem eg hefi fengið frá aðstoðarlæknunum í Ísafjarðarsýslu, Eiríki Kjerúlf. Hann tjáði mér, að sér væri stofnað í hættu með Ed. ákvæðinu. Eg skal ekki fara út í það að færa ástæður fyrir, hvers vegna hann telur sér þetta ákvæði til hnekkis. Hann býst við að bíða efnalega tjón af því, hann muni verða minna sóttur úr Djúpinu og kostnaður við flutning verði hærri. Hann vill því alls ekki ganga að þessum skilyrðum. *(Pétur Jónsson:* Þá getur einhver annar gert það). Já, það er einmitt það sem eg sting upp á, að sérstakur læknir verði skipaður þar — en Eiríkur Kjerúlf sé ekki neyddur til þess að flytja þangað sjálfum sér til stórtjóns.

Þá hefi eg komið fram með breyt.till. við 13. gr., þess efnis, að 3000 kr. séu lagðar til vegagerðar milli Hrútafjarðar og Gilsfjarðar. Það hefir verið unnið að þeim vegi um skeið. Hann er mjög nauðsynlegur, bæði fyrir norður-Dali, Bitruna og vestustu héruðin í Strandasýslu.

Ennfremur hefi eg lagt það til, að fé sé veitt til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga. Af því ætti að geta sparast svo mikið, að hægt væri að brúa Ljá um leið, sem er stórhættuleg, þar sem í henni er kaldavermsl, sem sprengir af sér ís og verður mörgum manni að bana. Eg get sýnt mönnum vottorð um þetta bæði frá mönnum, sem búa þar nálægt og póstinum. Eg vona því, að deildin samþykki þetta aftur, þó að Ed. feldi það burt, líklega af misskilningi.

Enn hefi eg lagt það til, að tekin sé upp á fjárlögin 6000 kr. fjárveiting til starfrækslu við loftskeytasamband milli Reykjavíkur og Vestmanneyja, og 2000 kr. við stöðvarnar í Skaftafellssýslu. Þetta er í samræmi við það, sem samþykt hefir verið í loftskeytamálinu hér í deildinni og kemur fyrir sameinað þing og gengur þar vonandi í gegn. Eg skal ekki að þessu sinni fara að tala um, hvort heppilegra sé loftskeytasamband eða ekki loftskeytasamband, en þessi till. stendur og fellur með því, sem samþykt verður eða felt í sameinuðu þingi og skaðar því ekki þótt till. verði samþykt hér, enda þótt loftskeytasambandið gengi ekki í gegn.

Þá hefi eg komið með breyt.till. við 14. gr., sem fer fram á að laga ákvæðið um styrkveitingu til blindra barna. Í frumv. er aðeins tekið fram, að hún skuli vera til blindra barna í Danmörku. En eg gæti hugsað mér, að fólk hér þekti fólk annarsstaðar og vildi þess vegna koma börnum sínum fyrir þar. Auk þess eru stofnanir víða eins góðar og í Danmörku. Svo hefi eg komið með

breyt.till. um að skilyrði verði sett fyrir fjárveitingunni til Hvítárbakkaskólans. Eg er mótfallinn því, að fjárveitingar til skóla séu bundnar skilyrðum. En þegar aðrir skólar hafa orðið að sæta slíku, er ekki ástæða til að gera þessum skóla hærra undir höfði. Eg er alls ekki að leggja skólastjórann í einelti, en eg vil ekki, að honum sé gert hærra undir höfði en öðrum. Vona eg, að þeir háttv. þm., sem hafa verið með því að binda fjárveitingar til skóla skilyrðum, verði einnig með þessari tillögu, enda fer hún ekki fram á annað en það, sem er sjálfsagt, að stjórnin skuli hafa eftirlit með skólanum.

Eg hefi ennfremur komið fram með brt. um að hæsta styrkveiting til unglingaskóla skuli vera 1200 kr., en ekki 1000 kr. Það er ekki líklegt, að slíkt verði notað. En þó gæti það komið fyrir, og væri þá óheppilegt, ef stjórnin hefði að eins heimild til þess að veita 1000 kr. Reyndar er styrkurinn til unglingaskóla mjög lítill, þar sem hann er ekki nema 8000 kr. En eg hefi þó ekki viljað koma með till. um hækkun á honum, enda þótt slíkar stofnanir séu einhverjar þær nytsömustu allra stofnana, af því að eg vissi að hún mundi ekki ganga fram. Að því er snertir breyt.till. mína um 1500 kr. styrk hvort árið til síra Ólafs í Hjarðarholti, til þess að halda unglingaskóla, skal eg geta þess, að eg hefi miðað upphæðina við þá upphæð, sem veitt er unglingaskóla Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og Hvítárbakka. Séra Ólafur hefir bygt nýtt hús á staðnum, og undirbúið alt til skólahalds. Hann er maður greindur, stiltur og góður til þess að vera kennari. Börn hans eru vel mentuð. Meðal annars leika þau á hljóðfæri, svo þar mundi verða góð söngkensla. Vona eg, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu, og láti síra Ólaf njóta þeirrar sanngirni, að verða ekki hornreka fyrir mönnum, er standa honum langt að baki.

Eg skal geta þess, að eg er hlyntur styrkveitingunni til Guðjóns Samúelssonar. Maður þessi er greindur vel; mér er það kunnugt, því að hann hefir lært hjá mér. Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) tók réttilega fram, að skömm væri að því að hafa ekki mann hér, sem vit hefir á húsagerð fram yfir venjulega trésmiði. Þessi fjárveiting er því nauðsynleg, þar sem hún kemur í góðar þarfir.

Að lokum vildi eg minnast á brtill. um botnvörpusektirnar. Eg vona, að háttv. deild haldi fast við fyrri gerðir sínar í þessu máli. Annars er þetta útrætt mál og því óþarft að fjölyrða um það.

Eg skal svo geta þess, að þar sem eg er á till. ásamt öðrum háttv. þm., ætlast eg til að þeir rökstyðji þær. Skal eg láta hér staðar numið, því eg hefi minst á allar mínar tillögur.

Ólafur Briem: Eg vildi leyfa mér að minnast á þær fáu breyt.till., sem eg er viðriðinn. Það er þá fyrst breytingartillagan á þgskj. 851, viðvíkjandi Skagafjarðarbrautinni. Fjárveitingin til hennar, 10 þús. kr. hvort árið, var samþykt hér við 2. umr. óbreytt, eins og hún kom frá stjórninni. En sú breyting hefir orðið á þessu í háttv. Ed., að fjárveitingin fyrir árið 1912 hefir verið feld burtu. Hefir þetta að líkindum orðið fremur fyrir slys en af ásettu ráði, þar eð aðalástæðan, sem borin var fram fyrir því, var sú, að landssjóði bæri fremur að leggja til þeirra vega, sem á honum hvíldu að lögum, en annara vega. En nú víkur því einmitt svo við, að eftir vegalögunum frá 22. nóv. 1907 hvílir á landssjóði skylda til að leggja fram fé til þessa vegar. Er því síður ástæða til að draga úr fjárveitingunni, þar sem hún hvílir á landssjóði samkv. lögum. Og hér er því heldur ekki um

neinn sparnað að ræða. Vona eg því, að breytingartillagan verði samþykt.

Þá vildi eg minnast á breyt.till. á þgskj. 910, tölul. 8 við 14. gr. A. b. 6., er sérstaklega snertir kjördæmi mitt. Fer hún fram á að fella burtu það ákvæði, að landssjóður greiði 400 kr. álag á Viðvíkurkirkju. Í háttv. efri deild hefir verið gerð glögg grein fyrir þessu. Það er víst enginn vafi á því, að þetta er upphaflega lögmæt krafa. En henni hefir enn ekki verið fullnægt, af því að ekki hefir verið gengið ríkt eftir henni á þeim tíma, sem hún á féll. Krafan stafar af því, að Viðvík var upphaflega landssjóðseign, en var seinna makaskift fyrir lénsjörðina Hjaltastaði. Af þessu leiddi, að landssjóður hlaut að greiða álag á kirkjuna við afhendingu hennar til prestakallsins, eftir löglegu mati úttektarmanna. Það getur því enginn ágreiningur verið um, að krafan er sanngjörn og réttmæt, og vona eg því að tillagan verði samþykt, enda þótt þetta hafi dregist svona lengi. Hér er alls ekki um lagalega fyrningu á kröfunni að ræða, þar sem svo mátti heita, að beggja meginn væri sami málsaðili, sem sé hið opinbera, annars vegar landssjóður og hins vegar kirkjustjórnin.

Að því er snertir breyt.till á þgskj. 910, tölul. 20 við 16 gr. 1. d., um að fella burtu fjárveitingu til byggingar á leikfimishúsi á Hólum, skal eg geta þess, að mér skildist það á háttv. framsögum. fjárlaganefndar (B. Þ.), að fjárveiting þessi væri ekki bráðnauðsynleg. En þess ber að gæta, að eftir lögum um stofnun bændaskóla 10. nóv. 1905, er skylt að kenna leikfimi við bændaskólann á Hólum. Og til þess, að þeirri lagaskyldu verði fullnægt, verður ekki komist hjá því að byggja sérstakt hús fyr eða síðar, og þá sýnist engin fullgild ástæða til að fresta því, enda hefir þegar verið veitt fé úr landssjóði til leikfimishússbyggingar við bændaskólann á Hvanneyri.

Þá vildi eg víkja að breyt.till. á þgsk. 893, sem fer fram á, að 22. gr. fjárlaganna, sem hljóðar um lánveitingar úr landssjóði, falli niður. Þessi tillaga er skyld breyt.till. á þskj. 902, sem fer fram á að sumar af umræddum lánveitingum falli burtu. Fyrir mér vakir það, að erfitt muni reynast að gera upp á milli lánanna og að till. á þgskj. 902 sé að því leyti óheppileg. Væri því réttara að taka þvert fyrir allar lánveitingar, enda fæ eg ekki séð, að landssjóður verði fær um að sinna þeim, eftir því sem fjárhag hans er komið. Það er venjulega farið fram á að lán úr landssjóði séu veitt með 4% ársvöxtum. Þetta er undarlegt, þar sem landssjóður sjálfur þarf að taka fé að láni og svara af því $4^1/_2$% ársvöxtum. En aðalatriðið er þó, að landssjóður er ekki fær um að veita þessi lán og að of langt er stigið í þessa átt. Afleiðingin af því, að öllum þessum nýju lánveitingum væri bætt við á fjárlögin, yrði sú, að ef þau yrðu veitt, hlyti landssjóður að lenda í miklum kröggum, þar eð hann er orðinn talsvert bundinn af lánum. Hann er einnig í allhárri skuld við ríkissjóð Dana, sem getur orðið krafin hvenær sem vera skal, og mun sú upphæð við árslok 1910 hafa numið fullum 400 þús. kr. En þó að þessi grein fjárlaganna væri látin standa, gæti hugsast að svo færi, að engin lán væru veitt. En þá er greinin ekki að eins gagnslaus, heldur jafnvel skaðleg, því að bæði væri það óþægindi fyrir stjórnina að vera einlægt að fá þessar lánbeiðnir og svo mundi það einnig vera hvimleitt fyrir lánbeiðendur að vera, ef til vill, lengi að draga sig eftir þeim. Og ef lán væri veitt sumum en ekki öllum, þá væri vanda-

samt að gera upp á milli lánbeiðenda. Það er því réttast, hvernig sem á málið er litið, að fella greinina alveg burtu, enda ættu hlutaðeigendur að geta fengið lán í bönkum gegn sömu tryggingu og þeir mundu setja landssjóði.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi leyft mér að koma með breytingartillögu á þgskj. 891 um að hækkuð verði fjárveitingin, sem ætluð er til eftirlits úr landi með fiskiveiðum botnvörpunga. Háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) mintist á þessa tillögu og var henni hlyntur. Það er kunnugt, að þar sem yfirgangur botnvörpunga er hvað mestur, sjá landsmenn ekki önnur ráð en að taka sjálfir þátt í strandgæzlunni. En fjárveitingin er skorin alt of mjög við nögl sér og því hefi eg stungið upp á, að hún verði hækkuð um 500 kr. á ári. Þetta er mjög sanngjarnt, þar sem styrkveitingin er á fjárlögunum bundin því skilyrði, að hlutaðeigendur leggi fram jafnmikið fé. Það er því trygging fyrir því að féð verði ekki notað nema því aðeins að þess gerist brýn þörf. Yfirgangur botnvörpunga er alkunnur, svo að óþarft er að lýsa honum frekar en eg hefi oft áður gert. Allir hljóta að kannast við, að tillagan fer fram á að tryggja aðalatvinnuveg landsmanna í veiðistöðunum.

Þá vildi eg minnast á viðaukatillöguna á þgskj. 903, sem fer fram á 300 kr. styrkveitingu til Hnappdæla til þess að vitja læknis. Er hún sams konar og tillagan um styrkveitingu til Árneshrepps í Strandasýslu til þess að vitja læknis. Eg hefi komið fram með þessa tillögu mína af því að tillaga um að veita Hnappadalssýslu sérstakan lækni, var feld í háttv. Ed., enda þótt hún væri samþykt hér með allmiklum atkvæðamun. Virðist því tillagan bæði hógvær og sanngjörn, og féð mundi aðallega koma fátæklingum að haldi, er vitja þurfa læknis á þessum slóðum.

Að því er snertir breytingartillöguna á þgskj. 884, skal eg geta þess, að þegar fjárlögin voru hér síðast fyrir háttv. deild, kom eg með breytingartillögu um, að látið væri nægja 10 þús. kr. til Borgarfjarðarbrautarinnnar fyrra árið, en að fé væri aftur á móti veitt til brúargerðar á Haffjarðará. Þetta var samþykt hér í háttv. deild. En háttv. Ed. hefir breytt þessu og sett inn 20 þús. kr. fjárveitingu til Borgarfjarðarbrautarinnar síðara árið, í viðbót við 10,000 kr. fyrra árið. Eg hefi því leyft mér að leggja það til, að þessu verði kipt í sama lag og samþykt var hér í háttv. deild. Ástæðan fyrir því er sú, að Borgarfjarðarsýsla er svo vel sett að vegum og brúm, og því sanngjarnt að láta Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fá ekki minna fé en áætlað var síðast hér í deildinni. Háttv. þm. munu kannast við, að eg kom upphaflega fram með tillögu um 8000 kr. fjárveitingu hvort árið til vegagerðar í Hnappadalssýslu, beint eftir tillögum verkfræðingsins. En hún var feld. Og þess vegna hefi eg farið fram á þessa fjárveitingu til brúargerðar á Haffjarðará. En hálf neyðarlegt er það, að fjárlaganefnd efri deildar skuli hafa látið sig muna, að kroppa út úr 12000 krónunum 2000 kr. Þessar 2000 kr. hefðu sem sé komið sér vel til vegagerðar yfir helztu torfærurnar vestan árinnar. Hvað Haffjarðará sjálfa snertir, þá er hún eins mikill farartálmi og Rangá. Eg veit að þess er mikil þörf að brúa Rangá. Brú á hana kostar 45000 kr., en brú á Haffjarðará kostar miklu minna, því brúarstæði er þar mjög hentugt. En eg þori að fullyrða, að Haffjarðará er eins oft óreið og Rangá.

Eg á hér dálitla breyt.till. við 13. gr. E. 18. lið, um að veita 75 kr. til leiðarljósa á Svartatanga við Stykkishólm, í samhljóðan við samskonar fjárveitingar á Skipaskaga og Gerðatanga. Eg

hefi áður skýrt hinni háttv. deild frá því, að á síðasta hausti voru þessi ljósker sett upp á kostnað Stykkishólmshrepps, til þess að skip gætu siglt þar inn, hvort heldur á nóttu eða degi, og hefir Stykkishólmshreppur kostað viðhald þeirra síðan þau voru sett upp, en það er töluverð fyrirhöfn að starfrækja bæði ljósin, því ljóskerin eru tvö. Þegar þessi ljósker eru komin, má sigla inn á Stykkishólm frá því Elliðaeyjarvita sleppir, hvort heldur á nótt eða degi. Allar þessar breyt.till. mínar nema þá að eins 875 kr. og er það ekki ýkjamikið, enda geta þær ekki talist allar mínu kjördæmi.

Eg skal ekki þreyta deildina lengur, með því að mæla með þessum tillögum. Þær ganga allar í þá átt, sem eg tel gagnlegt og nauðsynlegt, og hefi því góða samvizku af því að bera þær fram, í samanburði við margar aðrar till., er eg tel ættu ekki að standa á fjárlögunum. Það tæki of langan tíma að tala um hverja einstaka tillögu, en eg lýsi því yfir, að eg mun styðja margar þær till., sem miða til verklegra framkvæmda, en fella margar hinar. Annars mun atkvæði mitt bezt sýna afstöðu mína í hverju einstöku atriði.

Eggert Pálsson: Eg vil að eins fara örfáum orðum um breyt.till. mína á þgskj. 890. Hún er að því leyti ólík flestum öðrum breyt.till., að hún hefir ekki nein aukin útgjöld í för með sér. Tillagan er um það, að ef með útsjón og hagsýni nokkuð fé sparaðist við brúargerðina á Rangá, þá mætti verja því, til þess að brúa Varmadalslæk, sem er þar á þjóðveginum rétt fyrir austan. Eg hefi fært þetta í tal við verkfræðing landsins og álítur hann það mjög haganlegt, að slík heimild væri til, ef til kæmi. En það er að svo vöxnu máli ekki hægt að segja með neinni vissu um það, hvort nokkuð fé geti sparast eða ekki. En það liggur í augum uppi, að þar sem um svo mikla upphæð er að ræða, getur það eins vel átt sér stað, að dálítið fé gangi af eins og það vanti. Áætlun getur ekki verið svo nákvæm. En það er heldur hvöt til þess að spara fyrir þá, sem að verkinu vinna, bæði í flutningum og öðru, sem eg geri ráð fyrir, að verði menn þar eystra, þegar þeir eiga von á því, að vatnsfall, sem er ilt yfirferðar, fái að njóta góðs af sparnaðinum. Eg skal játa, að Varmadalslækur er hvergi nærri eins vont vatnsfall og Rangá, því það er hægt að fara með vagna yfir hann hindrunarlítið á sumardegi. En hann er sérstaklega oft illur yfirferðar á vetrardegi og póstur tefst oft við hann, svo sem skýrsla háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) á síðasta þingi ber vott um. Hér er eingöngu um það að ræða, að verja megi fé til þessarar brúargerðar, ef svo mikið kann að sparast við sjálfa brúargerðina á Rangá. Verkfræðingur landsins álítur, að brúin á lækinn mundi kosta c. 3000 kr., og geri eg ráð fyrir, að háttv. þingdm. muni álíta það vel ráðið, ef hann yrði brúaður um leið og áin með þessum hætti. Því ef hann yrði brúaður seinna, sem hlýtur að reka að, þá mundi það kosta töluvert að flytja að verkfæri og áhöld og enda menn, sem nú í sumar verður þar alt við hendina, svo að það væri því þannig sýnilega mikill sparnaður, ef lækurinn gæti orðið brúaður um leið og áin.

Björn Jónsson: Eg á hér brtill. á þgskj. 834 um lán, sem Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu var veitt til talsímalagningar fyrir nokkrum árum. Hér er ekki um eftirgjöf á láninu að tefla, heldur að eins lagfæring á áætlunar- eða reikningsskekkju. Þegar síminn var lagður frá Ísafirði til Patreksfjarðar, var gert ráð fyrir, að hann mundi kosta 100 þús. kr. og þar

af áttu sýslufélögin að greiða $^1/_5$ part, en þegar til kom, kostaði síminn ekki nema 75 þús. kr., en þá höfðu sýslufélögin tekið lánið, sem var upphaflega 20 þús. kr., en það var 5—6 þús. kr. meira en þau áttu að leggja til símans í fyrstu. Það sem nú er farið fram á, er að lánið sé fært niður um 5 þús. kr., niður í 15 þús. kr., sem er einmitt 20% af því, sem símaálman kostaði. Að vísu er þetta ekki annað en lagfæring á áætlunarskekkju, en það þykir form réttara eða vissara, að fá það beint viðurkent í fjárlögunum.

Breytingartillagan á þgskj. 894 er um, að í staðinn fyrir »til gufuskipaferða«, komi: »til Thorefélagsins«. Þessu hefir verið breytt í efri deild. Þegar fjárlögin fóru héðan frá neðri deild, stóð þetta eins og breyt.till fer fram á. Efri deild virðist benda á með þessari breytingu sinni, að hún virði Thoresamninginn að vettugi. En það mun þó varla vera móðgandi að nefna samninginn í fjárlögunum.

Þá hefir efri deild felt burtu Bjargtangavitann. Eins og eg tók fram við 3. umr., þá er kostnaðurinn settur eftir ágizkun vitaumsjónarmanns. Hér er að eins stungið upp á vita á 1 af 5 útnesjum, sem eru milli Breiðafjarðar og Ísafjarðardjúps og öll þarfnast vita. Efri deild hafði það á móti þessu, að málið væri óundirbúið. En það er svo lítill kostnaður að rannsaka þetta í samanburði við svo margt annað, að það mætti gera, þótt féð væri veitt til þess að gera vitann síðara árið. En kostnaðurinn getur orðið miklu minni en þetta. En eg held því fast fram, að þessi viti verði gerður, því allur vesturkjálkinn er vitalaus.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyt.till. á þgskj. 923. Eins og húsið er kallað nú Safnhús, þá munu flestir skilja það svo, að það sé sama og safnþró með skýli yfir. Ef þessu er haldið, þá gæti fólkið haldið að þetta væri sama og mykjuhaugur. En að kalla húsið Mentahús er stutt og laggott. Landsbókasafn er óþarflega langt orð. Það eru líka fleiri söfn í húsinu en landsbókasafnið.

Eg skal taka það fram, úr því eg stóð upp, að eg er meðmæltur því, að fella burtu sem mest af lánsloforðunum í 22. gr, Ef fullnægja ætti þessum lánum, þá yrði að segja upp svo og svo miklu af eldri viðlagasjóðslánum, sem er neyðarúrræði og oft alls ekki hægt.

Hálfdan Guðjónsson: Eg skal ekki halda langa ræðu, enda munu nú fjárlögin vera komin á það stig, að atkvæðin hafa meira gildi en langar tölur.

Eg á hér tvær breyt.till., sem snerta áhugamál míns kjördæmis og hefi eg gert grein fyrir því áður, svo það er ekki nauðsyn á að endurtaka það

En viðvíkjandi klæðaverksmiðjunum tveimur, sem nú á að fara að styrkja með 12000 kr. — þ. e. 6000 kr. handa hvorri — vildi eg segja nokkur orð. Við fyrri meðferð fjárlaganna hér komst það inn að gefa klæðaverksmiðjunni á Akureyri upp 6000 kr. vaxtagreiðslu. Eg var á móti því þá. Og eg er sama sinnis enn. Annars virðist þetta vera skaðleg braut, sem við hér erum komnir inn á að veita fjárstyrk til þannig lagaðra fyrirtækja. Ef fyrirtækið er skynsamlega stofnað, þá á það að geta borið sig. En þessum verksmiðjum hafa verið veitt hentug lán og þær hafa nóg að starfa og þó geta þær ekki borið sig. Eitthvað hlýtur því að vera bogið eða athugavert við fyrirkomulag þeirra eða rekstur, svo að þær eru naumast verðlauna verðar. Það fer ekki mikið fyrir Akureyrarverksmiðjunni og styrknum til hennar. Hún er í tekjuliðnum í 4. gr. fjárlaganna. Eg bjóst við að ein-

hver mundi minnast á þetta, þegar fjárlögin voru hér til umræðu áður, en það varð ekki. Eg talaði ekki á móti því þá, en greiddi atkvæði á móti. Mig grunaði þá, að þessar 6000 kr. til Akureyrarverksmiðjunnar mundu fæða af sér aðra upphæð til verksmiðjunnar hér, Iðunnar, og það brást ekki. Nú eru komnar inn 6000 kr. til hennar líka. Þær komu í efri deild. En það er fullkemlega réttmætt að fella burtu báðar þessar upphæðir, eins og breyt.till. mín fer fram á. Ef fjárhagurinn væri glæsilegur, þá mætti ef til vill fremur verja það að samþykkja þessar styrkveitingar. En þegar fjárþröngin er eins mikil og hún er nú og allur viðlagasjóðurinn er bundinn, þá veit eg ekki hvar á að taka fé. Auk þess má búast við, að hver styrkbeiðnin í líka átt reki aðra, ef gengið er inn á þessa braut. Og það tel eg sérstaklega varasamt.

Jón Sigurðsson: Það er ein breyt.till., sem eg ætla að minnast á. Eg er svo heppinn, að hún er ekki frá mér, heldur frá háttv. þm. Snæf. (S. G.). Þessi breyt.till. er á þgskj. 884 og er um Borgarfjarðarbrautina. Hún kom hér fram í deildinni við 2. umr. Efri deild leitaði álits verkfræðings um þetta mál. Hann var því eindregið meðmæltur, að þetta yrði sett aftur inn, því annars mundi brautin enda á svæði, sem væri mjög ilt yfirferðar. Eg vil leyfa mér að benda hinni háttv. deild á, að það er ekki sparnaður að fella þetta burtu, því eins og mönnum mun kunnugt, þá er þetta lögákveðið, að landssjóður geri brautina. Það eru víða kaflar, sem ekki eru búnir enn, og því er ástæða til þess að halda áfram með brautina, svo hún komi að fullum notum. Og þegar þessi braut er fullgerð, þá eru margar aðrar brautir, sem þarf að gera, og þá breytist gamla aðferðin, að við hættum að flytja alt sem við þurfum á hestbaki, en notum vagna, og það er stór hagnaður. Menn ættu ekki að skera við neglur sér fjárframlögin til flutningabrautanna. Landsmenn munu ekki sjá eftir því fé, sem varið er til flutningabrautanna, þegar þeir sjá, hversu mikill hagur er að þeim. Það er talsvert meiri ástæða til að sjá eftir því fé, sem þjóðinni er ekki til þrifa. En ef þetta fé verður veitt til Borgarfjarðarbrautarinnar nú, þá er hægt að fullgera hana, og þá er að eins eftir stuttur kafli, sem kostar 10,000 kr., og svo er hún frá. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að Borgarfjörður er ágætishérað, miklu betra en Snæfellsnes. En hann á ekki að gjalda þess. Löggjafarvaldið á ekki fyrir þá sök að kippa úr vexti hans og viðgangi, það er ekki hyggilegt. En eg vil ekki þreyta menn lengur, því eins og 1. þm. Húnv. (H. G.) tók fram, þá hefir atkvæðið meira gildi en löng ræða.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að eins að segja örfá orð um einn eða tvo liði.

Eg sé að háttv. þm. í »dragsúgnum« hefir komið með tillögu um að fella burtu Vattarnesvitann; eg vona að sú tillaga hans hafi ekki framgang hér fremur en svo margar aðrar af tillögum hans. Það er því von mín, að þessi tillaga hans eigi sömu forlögum að sæta og banaráð hans við háskólann og fleiri af okkar beztu málum.

Þá vil eg minnast nokkrum orðum á tillöguna um að veita P. M. Bjarnarson 50,000 kr. lán til niðursuðuverksmiðju sinnar á Ísafirði. Þegar hann byrjaði á þessu fyrirtæki, þá var hann stórefnaður maður, en setti alt, sem hann átti í það að koma á fót þessari verksmiðju. Hann var óheppinn í byrjuninni og varð fyrir óhöppum, af því hann vantaði reynslu. Sessunautur minn sagði í dag, að hægt hefði verið fyrir hann að fá

mann, sem kynni þetta. En það er síður en svo. Fyrst og fremst eru sárfáar verksmiðjur, sem eru eins og þessi og þær fara með sínar aðferðir eins og mannsmorð. Þegar Japanar fyrir nokkru settu á stofn hjá sér niðursuðuverksmiðju, þá sendu þeir menn til Norðurálfunnar til þess að kynna sér þetta. Þeir komu til Skotlands. Verksmiðjustjórarnir tóku vel á móti þeim, buðu þeim inn á skrifstofur sínar og voru hinir kurteisustu við þá, en það var ekki nærri því komandi, að þeir fengju að skoða verksmiðjurnar. Þeir fóru einnig til Stavanger, en þar eru niðursuðuverksmiðjur beztar í heimi. Það fór alveg á sömu leið. Menn voru hinir kurteisustu við þá, en þegar þeir fóru þess á leit að skoða verksmiðjuna, þá fengu þeir afsvar. Pétur fékk mann frá Noregi til að byrja með. Eitt af þessum niðursuðufélögum mælti með manni, sem hafði verið hjá þeim í fjölda mörg ár, en maður þessi reyndist samt sem áður öldungis ónýtur maður til þessa starfa.

Nú er verksmiðjan loksins komin í gott horf og farin að framleiða beztu vörutegundir. Einnig og einmitt þess vegna eru pantanir farnar að koma til hans utan úr heimi, þar á meðal bæði frá Asíu og Afríku. En það bagar, að verksmiðjuna vantar rekstrarfé. Meðal annars hefir verksmiðjan fengið pöntun á 1 miljón punda af síld, en þar sem ekki var nægilegt fé fyrir hendi til að kaupa síldina og tilreiða, þá gat verksmiðjan ekki fullnægt pöntuninni. Er eg fullviss um, að fé því sé vel varið, sem veitt er til niðursuðuverksmiðju þessarar og mundi útflutningur á ýmsum ísl. afurðum stórkostlega aukast, ef verksmiðjan hefði nægilegt starfsfé. Eg er einnig sannfærður um, að fá eða engin iðnaðarfyrirtæki hér, hafa eins góð skilyrði til að verða arðberandi landinu, eins og einmitt niðursuða. Mæli eg fastlega með og vona að þingið sjái sér fært að veita hið umbeðna lán.

Loks ætla eg að snúa mér að síðustu tillögunni.

Fyrir nokkrum árum var eg að þýða bók eftir Macleod. Hann segir þar, að sósialistar haldi því fram, að ríkið sé skylt að kaupa þá framleiðslu manna, sem þeir eigi geti selt öðrum. Læknir eigi heimting á, að ríkið borgi sér fyrir »recept«, þótt enginn vilji verða til að sýkjast og leita hans; apotekarinn heimti að ríkið kaupi af sér pillur, þótt enginn þurfi að laxéra, ritsmíðabaglarar, sem enginn vilji lesa neitt eftir, eigi heimtingu á að ríkið kaupi af sér rit sín. Og það er ef til vill ekki versta fjarstæðan, segir hann, því að það mætti hafa þau not af þessum vitlausu og leiðinlegu bókum, að þegar glæpamaður er svo heilsulaus, að hann þolir ekki hegningarvinnuna, sem hann er dæmdur í, þá mætti refsa honum með því að láta hann lesa slíkar bækur. Eins er líklega með bók þá, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir gefið út um Jón Þorkelsson stofnanda Thorkilliisjóðs. Bók þessi er þannig úr garði gerð, að hún er öldungis ólesandi, og nú fer höfundur bókar þessarar fram á, að skylda alla barnaskóla til að kaupa þessa dýru bók (10 krónur?); og ætlast hann þá líklega til, að hún verði notuð til að láta óknytta-krakka, sem ekki þola flengingu, eða eru upp úr henni vaxnir, lesa þessa ritsmíð sína í skammarkróknum.

Tillagan er sú fáránlegasta og lýsir sér sjálf svo vel, að eg vona, að þessi ummæli mín verði henni nægur banabiti.

Björn Jónsson: Eg gleymdi að taka fram áðan, að eg hefi fengið bréf frá herra landssímastjóra O. Forberg, sem staðfestir skýrslu mína um áætlunarskekkjuna til Patreksfjarðarsímans.

Þar er og frá því skýrt, að sími þessi hafi árið sem leið gefið af sér 9%.

Svo ætla eg að minnast örfáum orðum á breyt.till. á þgskj. 911. Það er misskilningur, að gjald þetta sé of hátt. Það er miklu lægra, ef talið væri eftir venjulegum taxta fyrir póstflutning með skipum, sem hafa ekki landssjóðsstyrk. En hann hafa Thoreskipin að eins fyrir strandferðirnar, en engan fyrir millilandaferðir sínar. Það var gert landssjóði til hagnaðar og sparnaðar að semja við Thorefélag um millilandapóstflutning fyrir minna gjald en ella.

Sigurður Sigurðsson: Þegar fjárlagafrv. kom frá Ed., þá var það með 324 þús. kr. tekjuhalla. Nú eru fram komnar margar breyt.till., sem flestar hækka útgjöldin, frá því sem er, og nemur sú hækkun samtals 190 þús. kr. Af þeim er lengst fara í þá átt, er br.-till. frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), um 50 þús. kr. árlegan styrk til háskólabyggingar. Eg verð nú að segja, að mér að minsta kosti finst það vera einkennileg aðferð, nú á síðustu stundu, að vera að koma með brtill. um miklar hækkanir á fjárl.frv. ofan á það, sem er. Lítur það svo út, sem því fylgdi meira gaman en alvara. En sé það alvara hjá háttv. þm., þá freistast maður til að halda, að þeir hinir sömu séu ekki með réttu ráði.

Breyt.till. þær, er eg hefi leyft mér að koma með eru ekki margar né margbrotnar, og miða að því að græða og klæða landið.

Brtill. mín á þgskj. 892, fer fram á það, að veitt sé fé til sandgræðslu Meðallands í Skaftafellssýslu, að upphæð 3500 kr. Sveit þessi er lítil og fátæk og liggur undir ágangi af sandfoki, sem hefir eyðilagt þar margar jarðir. Nú fyrir skömmu fengu bændur þar skógfræðing Koefoed-Hansen til að skoða, hvort ekki væri hægt að bæta úr þessu og hefta sandáganginn; álítur hann, að hægt sé að stemma stigu fyrir sandfokinu með því, að veita vatni á sandinn, og að þeir muni þá smátt og smátt gróa upp. Kostnaðurinn við þessa vatnsveitu álítur hann, að muni nema 3500 krónum.

Til upplýsingar skal eg geta þess, að allar jarðir í Meðallandi eru eign landssjóðs og áætluð verðhæð þeirra 8—10 þús kr. Hér er því um fjárstyrk að ræða, sem nemur $^1/_8$ hluta af verði jarðanna. Ef ekkert verður gert bráðlega til að stemma stigu fyrir sandfoki þessu, verður eigi annað séð, en að mestur hluti Meðallandsins fari í sand eftir nokkur ár, og er því sveitin í voða. Menn sjá nú af þessu, sem fram hefir verið tekið, að hér er um nauðsynjamál að ræða, og að beðið er um styrk til að vernda *eign landssjóðs*. Eg skal geta þess, að eg flyt brtill. þessa sumpart eftir beiðni þm. V.-Sk. (G. Ó.) í Ed. og svo sumpart vegna þess, að eg hefi áður verið riðinn við þetta sandgræðslumál, og mér er það þess vegna persónulega kunnugt.

Þá er brtill. á þgskj. 908, þar sem farið er fram á að kaupa skógarsvæði í Öndverðarnesi í Grímsnesi. Svæði þetta er um 50—100 dagsláttur að stærð, og liggur undir skemdum af mannavöldum. Eru þar enn miklar skógarleifar. Auk þess er svæði þetta sérstaklega fagurt — fögur fjallasýn, Sogið á aðra hönd og Álftavatn á hina, og landið umhverfis mjög tilbreytilegt — og eykur það verðmæti þessa lands. Það er því enginn efi á því, að landssjóður gæti á margan hátt gert sér skóglendi þetta arðberandi, og vona eg að háttv. deild sjái sér fært að samþykkja tillöguna.

Þá er breyt.till. á þgskj. 907, en um hana skal eg ekki fjölyrða, einkum þar

sem háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) hefir komið með samskonar tillögu og gert grein fyrir henni.

Þá er loks breyt.till. á þgskj. 869, þar sem eg og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) förum þess á leit, að Sigmundi Sveinssyni bónda á Brúsastöðum verði veittar 8000 kr. að láni, til að kaupa Valhöll og Miklaskála á Þingvöllum og til þess að endurbæta þær byggingar og gera þær eigulegri og gistilegri. Samflutningsm. minn fór mörgum orðum um mál þetta við 2. umr. og upplýsti það, og er því engin ástæða til, að endurtaka það hér, sem þá var sagt. En eg vil aðeins geta þess, að nú er lánbeiðnin færð úr 10 þús. kr. niður í 8 þús. kr. og vextir hækkaðir upp í $4^1/_2$ %. Vona eg því, að deildin sjái sér fært að sinna þessari fjárbeiðni.

Áður en eg sest niður, vil eg minnast á brtill. 897 frá 3 þingmönnum, þeim 1. þm. Rvk. (J. Þ.), þm. Dal. (B. J.) og þm. N.-Þing. (B. Sv.). Tillagan er lítil fyrirferðar og fer fram á það, að svifta smjörbúin landssjóðsstyrknum. Meiningin hefir víst verið sú, að hafa hana svo litla, til þess, ef auðið væri, að villa mönnum sjónir. Þar að auki er hún svo naglaleg, eins og við var að búast, þar sem 1. þm. Rvk. (J. Þ.) á í hlut. En eg heyri nú í þessu, að nafn 1. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafi slæðst með af misgáningi og þykir mér vænt um það.

Eins og menn muna, þá var mál þetta mikið rætt við 3 umr. og skildist mér þá að deildin sætta sig við, að styrkurinn til smjörbúanna færi lækkandi um 2000 kr. á ári og að þegar búin væru orðin 10 ára gömul, þá nytu þau einkis styrks úr því. Þetta var samþykt og verð eg fyrir mitt leyti að segja, að með þessu var gengið nógu langt, og meir en það. Kemur það því meir kynlega fyrir sjónir, að nú skuli þessi afturganga vera vakin upp á ný öllum til leiðinda og þeim til ergelsis og skapraunar, er unnu vexti og viðgangi smjörbúanna. Eg vildi leiða athygli manna að skrípistillögu þessari og vona um leið fastlega, að deildin meti hana að verðleikum og felli hana.

Að endingu vil eg fara örfáum orðum um þær breyt.till., sem hafa komið fram um það að fella burtu ýmsa liði í 22. gr. Lengst fer í því efni till. h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). Hann vill fella alla greinina burtu. Um þá till. þarf eg ekki að fara mörgum orðum, því að lítil líkindi eru til þess, að hún verði samþykt. En það er hættara við, að till. háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) fái betri byr; en þó vænti eg, að hann, við nánari íhugun komist að þeirri niðurstöðu að taka suma liðina aftur. Eg sé að komið hefir till. við 22. gr. um að fella 8. lið burtu. Nafn háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) stendur á tillögunni, en það er vegna misskilnings, að því er mér er sagt, enda er hann of góður drengur til þess, að hann færi að flytja slíka till. Aftur á móti mun till. vera fóstur h. 1. þm. Rvk. J. Þ.) honum var til þess trúandi. Þessi till. hefir það fram yfir allar hinar, að hún er svo rustaleg. H. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) læðist, eg vil ekki segja eins og rotta, til þess að fá feldan burtu aðeins einn einasta lið, sem varðar landbúnaðinn. Eg veit ekki hvort það er af því, að hann veit að mér er annast um þennan lið, eða hann amast við öllum verklegum framförum. Það hefði líklega orðið annað hljóð í strokknum, ef eitthvað hefði átt að fara að hreyfa við söfnum og draga úr styrknum til þeirra. Annars er það hálf hlægilegt að vilja fella burtu till., sem miða að eflingu nytsamra og arðsamra fyrirtækja, en koma með jafn fáránlega breyt.till og þá, sem sami háttv. þm. hefir flutt, þar sem hann vill skylda alla barnaskóla á landinu til þess að

kaupa stóra bók, sem tillögumaður sjálfur hefir verið með að búa til en fáir vilja eiga og enn færri lesa.

Jón Þorkelsson: Eg ætla í þetta skifti að fara aftan að siðunum og byrja á að nefna hinn háttv. og sæmilega 2. þm. Árn. (S. S.), sem seinast talaði. Eg ætla samt ekki að fara út í að svara einstaka orðum hans — eg fyrirlít þau eins og hann sjálfan, — en hins skal eg geta, að nafn háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kom óvart inn á þtillöguna; að hafði gleymst að setja nafn flutnm. á hana, og hún var að hálfu leyti skrifuð með hendi háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv), en að hálfu leyti með minni, og því hafa nöfn okkar beggja verið sett á hana á skrifstofunni. Eg ætla ekki að fara að afsaka, hversvegna eg tók þennan eina lið fyrir. Það hefði kannske verið ástæða til að taka fleiri, en eg fann þá ekki í svipinn annað en réttmætt væri að hreifa við þessum lið, og ætlaði mér aldrei að spyrja þennan þingmann um leyfi til þess.

Eg á hér nokkrar breyt.ttill. Sumar þeirra eru mér ekki mikið kappsmál og verða að ganga sinn gang.

Um breyt.till. mína á þgskj. 916, heyrðist mér einn þm. minnast á á undan sæmilegum 2. þm. Árn. (S. S.). Eg hefi sem sé gerst svo djarfur, að stinga upp á því, að skólar landsins, sem styrktir væru af opinberu fé, skyldu kaupa eitt eintak af bók, sem nýlega er útgefin og hefir inni að halda æfiágrip ágætismanns og sögu og upphaf alþýðufræðslunnar hér á landi. Þessi maður, Jón Thorkillius Skálholtsrektor, sem stofnaði hinn alkunna Thorkillisjóð, er faðir alþýðufræðslunnar hér á landi, og satt að segja finst mér þjóðinni það skylt að halda uppi minningu slíks ágætismanns. Rit um hans og um hann hefir verið með afskriftum safnað saman öllum hér í Landsbókasafnið úr erlendum söfnum á við og dreif, og þegar svo var komið stakk bókasafnsnefndin fyrrum upp á því við yfirstjórn Thorkillissjóðsins að gefa út æfisögu þessa ágætismanns til maklegrar minningar um hann. Til þess að benda til þess að í þetta verk var ekki ráðist af hrapanda ráði, skal eg skýra háttv. deild frá því, hverjir í nefnd þessari voru og réðu til þessa. En það eru þessir menn, fyrir utan mig: Pálmi Pálsson skólakennari, Kristján Jónsson ráðherra, Þórhallur Bjarnarson biskup, Eiríkur Briem dócent, Guðm. Magnússon læknir og Bjarni skólakennari Sæmundsson. Þessum mönnum hefir ekki hingað til verið borið það á brýn, að það sem þeir stofnuðu til væri af óviti gert. Það var ætlast til, að rit þetta kæmi út 1909, því að þá voru liðin 150 ár síðan sjóðurinn var stofnaður. Þessi sjóður hefir gert svo mikið gott, að landritari Klemens Jónsson hefir sagt, að tala þeirra barna skifti þúsundum, sem hafi notið uppeldis og fræðslu af þessari gjöf. Um bókina er ekki annað segja en að eg og margir aðrir hafa unnið að henni. Þar er hægt að fá nákvæma þekkingu um upphaf og sögu alþýðufræðslunnar og barnafræðslunnar hér á landi og margt er þar um latínuskólana. Finst slíkt hvergi annarstaðar. Eg þori að ábyrgjast að frá bókinni er svo vel gengið að öllu, sem föng voru á. Að hún sé beinlínis skemtibók, eða þægilegt bull handa 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þori eg aftur á móti ekki að ábyrgjast. Það hefir verið álitið, að hún ætti að vera í höndum hvers kennara, og svo hefir fræðslumálastjórinn, Jón Þórarinsson látið í ljós í blaði sínu, Skólablaðinu. Einnig skal eg geta þess, að jafn nafnkunnur maður og þektur að vöndugleik og Morten Hansen skólastjóri er, lét eftir að bókin var

komin út halda fyrirlestur í barnaskólanum hér í Rvík um Thorkillius, svo að börnin fengju þó einhverja hugmynd um þann góða og kærleiksfulla mann, sem þau eiga svo mikið að þakka. Eg ætla mér ekki að ansa mörgu hégómaorðum, sem komu úr einhverju horninu hér, eg held frá þingmanninum með 450 kr. úrið í vasanum. Honum þóttu það hinar mestu firrur að fara fram á, að allir skólar eignuðust þessa bók, og sömuleiðis þótti honum það firrur, að vera að búa til bækur og selja landssjóði. Þessu er því einu að svara, að eg hygg að þessi sami háttv. þm. hafi nú í nokkur ár verið að semja bók, sem hann selur landssjóði. Raunar skilur hér svo mikið, að Thorkillibókin er vönduð og falleg bók upp á 48 arkir og kostar einar 10 kr. En af orðabókinni, sem hinn hæfilega virðulegi þingmaður ætlar að selja landssjóði, er ekki annað komið út en 1 blað með sýnishorni, titilblaði og — *mynd af höfundiuum* sjálfum, eða alls 3 blöð. En það er nógu lærdómsríkt að sjá, hvað þessi 3 blöð hafa kostað landssjóð. 1908 hefir þessi fyrtéði þingmaður fengið úr landssjóði 1500 kr., 1909: 1500, 1910: 1500 og 1911: 1500. Hann er því búinn að fá alls 6000 kr. fyrir þessi 2 blöð og mynd af sjálfum sér! En hvað mikið hann á eftir að taka út á þessi 3 blöð það munu fæstir geta gizkað á að svo stöddu. Þó má sjá af fjárlagafrumv., að þingmaðurinn ætli sér að kræk ja í 1500 kr. 1912 og aðrar 1500 kr. 1913. Eru þá komnar 9000 kr. fyrir þessi 3 blöð, og kostar þá hvert blað orðið 3000 kr. Eftir því, sem nú hefir verið frá skýrt, væri það því viðkunnanlegra að heyra þau orð, sem þessi þingm. var að fara með, af vörum einhvers annars en hans. Eg ætlast alls ekki til, að *hann* hafi neitt vit á bókinni um Thorkillius. En það eru tilmæli mín, að þessi till. mín verði samþykt, af því að eg álít það holt fyrir landsfólkið að vita hvernig alþýðufræðslan komst á stofn og eitthvað um æfi þess manns, sem lagði eignir sínar og jafnvel mannorð í það, að koma henni á. Þessi till. gerir heldur ekki neina hækkun á fjárlögunum og þeirra hluta vegna óhætt að samþykkja hana.

Þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 913, sem fer fram á það að veita fé til þess, að hægt sé að halda afskrifara til þess að skrifa upp í útlöndum merkileg skjöl, sem snerta sögu Íslands. Eg gat þessa í bréfi til stjórnarráðsins í haust, en það hefir ekki getað orðið tekið upp á frv. stjórnarinnar. Allir menn kannast við mikla nauðsyn á þessu, meðal annars þegar stofnað verður nýtt kennaraembætti í sögu landsins við háskólann hér, og þar verður að vera rækileg rannsókn á slíkum hlutum. Slíkt er líka venja hjá öðrum þjóðum, t. d. hafa Norðmenn og hafa lengi haft 1 eða 2 menn til þess að rita upp norræn skjöl, sem eru í söfnum hjá Dönum. Það eru svo mörg merkileg skjöl, sem við verðum að fá afskriftir af og getum ekki fengið hingað léð, einkanlega af því að fjöldi skjala, er Ísland snertir, er bókfært um langa tíma í söfnum Danastjórnar saman við mál, er ekkert koma Íslandi við. Eg legg því mikla áherzlu á, að þessi till. verði samþykt.

Þá hefi eg líka leyft mér að koma fram með till. um það, að Pétri Árna Jónssyni cand. phil. verði veittur fjárstyrkur til þess að fullkomna sig í söng list. Þessi piltur er að allra dómi, sem til þekkja og vit hafa á, mjög efnilegur, en námið er dýrt — kostar milli 10 og 20 kr. fyrir hvern tilsagnartíma. Faðir hans er kaupmaður hér í Rvík, að vísu dugnaðarmaður, en það segir sig sjálft, að hann hefir ekki efni á að

standa straum af öllum þeim útgjöldum, sem námið heimtar. Það liggja hér fyrir ágæt meðmæli, meðal annars frá Mantzius, kapellumeistaranum við konunglega leikhúsið. Hann segir meðal annars: »Hr. P. Jónsson har en brilliant Tenorstemme og saa gode Egenskaber, at han vil blive en god Sanger«. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir minst á þessa till. og verið henni meðmæltur. Það er mikilsvert, því að allir vita, hversu vel hann er heima í þessum efnum. Hér er að eins lagt til, að pilturinn hafi styrk fyrra árið. Lengra sé eg mér ekki fært að fara.

Enn hefi eg komið fram með brtill. á þgskj. 912 um að veita ljósmyndara Magnúsi Ólafssyni 500 kr. styrk til þess að taka augnabliksmyndir af ýmsum stöðum, atburðum og mannvirkjum hér á landi. Það getur haft mikla þýðingu, að því er útlenda ferðamenn snertir, að hafa góðar myndir af markverðum stöðum hér á landi. Þessi maður hefir sýnt sig vel færan í sinni ment. Eg hefi séð hjá honum ágætar myndir af ýmsum fallegustu stöðum hér á landi. Mér finst það ætti að sjá það við hann, hve mikið hann þegar hefir gert í þessu efni, og hins vegar mundi hann afkasta meiru, ef honum væri veittur styrkurinn.

Þá skal eg minnast á brtill. mína á þgskj. 908. Eg veit að þeir menn, sem ákafast börðust fyrir því, að háskóli yrði settur á stofn á þessu ári og kváðu þá ekkert til fyrirstöðu, að hann kæmist á 17. júní, ef þingtíminn yrði fluttur, en héldu þó að eins við flutning þingtímans, meðan verið var að hamra málið í gegn, — eg býst við, að þeir menn geti ekki haft neitt á móti þessari tillögu, sem gerir ráð fyrir því, að veita fé á fjárlögunum til þess að fara að hugsa fyrir því að koma upp sæmilegri háskólabyggingu. Það segja margir, að við getum notað þetta hús, er nú stöndum vér í, og það verður auðvitað að gera fyrst um sinn. En eg veit að þess verður ekki langt að bíða, að umkvartanir komi, og þá reki að því, að við *verðum* að byggja hús. Þess vegna er eins gott að byrja á því nú þegar að hugsa til þess. Það getur auk þess verið atvinnuspursmál fyrir marga, og líka er ætlast til þess, að þó að landssjóður leggi fram féð fyrst um sinn, þá fái hann það endurgoldið úr byggingarsjóði, þegar eignir hans seljast. Eg skal ekki fara fleirum orðum um þetta atriði, en að eins geta þess, að mér hefir verið borið það á brýn hér í þingsalnum, — eg held reyndar af öðrum en 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem fáir taka mark á, — að eg hafi ætlað að drepa háskólann og eg hafi ætlað að verða þar prófessor. Eg hefi því eftir þessu ætlað að drepa háskólann fyrir sjálfum mér! Skilji nú hver, sem getur! Annars vita þeir menn, sem mig þekkja, og eg hefi virt þess, að tala við í alvöru um þetta mál, að mér hefir ekki dottið í hug að skifta um stöðu.

Eg sé, að till. hefir komið fram um það, að færa niður fjárveitingu, sem veitt er til þess að kaupa muni á Þjóðmenjasafnið. Þetta virðist mér nokkuð undarlegt og jafnvel lýsa vantrausti á stjórninni, þar sem ekki er frekar að kveðið en að veita megi »alt að«. Ef stjórninni er trúandi til nokkurs, þá er henni trúandi til þess að fara rétt að í þessu. En nú stendur einmitt svo á, að nú er verið að leggja niður kirkjur og gripir þeirra verða því seldir. Hafi Fornmenjasafnið nú ekki peninga, þá fara gripirnir til annara, þó að safninu sé skylt að kaupa þá. (*Jón Ólafsson:* Hvaða safn?). Þjóðmenjasafnið. — Fornmenjasafnið er einn hlutur af því, ef þm. veit það ekki. Eftirsókn útlendinga

eftir slíkum gripum hefir reynst afarmikil, svo að þeir fást ekki nema fyrir talsvert verð. T. d. má geta þess, að boðnar hafa verið 1800 kr. í kaleik í Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð, sem er með kostum gerður frá 15. öld, en sem betur fór vildi prestur ekki selja hann, svo að hann er þar enn. Eg verð því að vera á móti þessari brtill.

Um breyt.till. mína á þgskj. 919 vil eg geta þess, að Bókmentafélagið hefir neitað landsskjalasafninu og forngripasafninu um að fá ókeypis bækur þær, er það gefur út. I þessu sambandi er vert að geta þess, að Bókmentafélagið hefir fengið úr landssjóði frá því 1880 um 50 þús. kr. Þessi tillaga er mér þó ekkert kappsmál.

Þá er breyt.till. á þgskj. 930. Svo stendur á henni, að forseti sameinaðs þings fékk á síðasta augnabliki boð um að taka þátt í 1000 ára hátíð Norðmandís. Þessu boði þykir oss eigi mega taka þegjandi. Eins og kunnugt er, vann GönguHrólfur Rúðu árið 911; verða niðjar hans stórhöfðingjar og eru þar á meðal Englakonungar. Margir Íslendingar er nú lifa, geta og rakið ætt sína til hans. Hrollaugur hét bróðir Göngu-Hrólfs. Hann nam Hornafjörð. Þar heita enn Hrollaugseyjar og Hrollaugshólar; þar er hann heygður. Munu ættvísir menn geta rakið ættir frá honum til núlifandi manna, og munu ekki fáir þeirra hér í þessum sal.

Vík eg svo að botnvörpusektunum. Ed. hefir sett þær inn, þótt feldar hafi verið hér í fjárlögunum og síðan hnykt á með þingsályktunartillögu. Til þessa þarf góða einurð, enda hygg eg að því atferli Ed. verði ekki ætlaður langur aldur.

Í þessu sambandi getur legið nærri að fara nú að hugsa um, hver möguleiki sé fyrir oss að fara sjálfir að halda út skipi til gæzlu þessum vorum helzta atvinnuvegi Íslendinga, fiskiveiðunum. Um þetta hefi eg í höndum skýrslu frá kapteini í flota Frakka. Telur hann oss muni nægja skip, er kosta mundi um 250 þús. franka, o: 180 þús. kr. 2 fallbyssur telur hann nægja með þeirri stærð, sem hann tiltekur. 11 mílur fari skipið á vöku. Skipshöfn sé 17 manns auk yfirmannanna, en jafnframt þykir honum vel fara, að skipið sé skólaskip fyrir menn á stýrimannaskólanum, til þess að þeir fullkomnist í vélfræði o. fl. Það sé og útbúið sem spítalaskip, hafi lækni, lyfjabúð og þess háttar. Hann hyggur, þessi kapteinn, að skipið muni alveg bera sig, það er sektirnar muni borga reksturskostnaðinn.

Á þetta hefi eg bent til athugunar fyrir landsstjórnina og í því skyni, að hún geri ráðstafanir til þess að fá að vita, hver kostur og föng muni vera á því, að vér færum sjálfir að taka að oss smátt og smátt varnir á þessum mikilsverða atvinnuvegi.

Um till. á þgskj. 904, styrk til Sighvats Árnasonar, er það að segja, að eg mun ekki láta hana gjalda flutningsmannsins (H H), heldur greiða henni atkvæði.

Eg þarf ekki að tala frekara að sinni, en ekki vil eg sverja fyrir, að eg kunni að taka til máls aftur, og varlegra er það fyrir einhverja, að byggja ekki altof mikið á því, að eg sé dauður.

Hannes Hafstein: Eg á að eins eina brt. við fjárl.frv. í þetta sinni, um 300 kr. fjárveitingu handa háöldruðum heiðursmanni, Sighvati fyrrum alþingismanni Árnasyni. Hann er nú á 88. ári. Hann hefir setið á fleiri þingum en nokkur núlifandi Íslendingur. Alls hefir hann setið á 18 þingum, kom fyrst á þing 1865, en sat síðast á þingi 1902. Störf hans á þingi eru svo alkunn, að eg þarf ekki að lýsa þeim. Hreppstjóri var hann í 34 ár, sýslunefndarmaður 30 ár og sáttanefndarmaður 34 ár. Það

er orðlagt, hversu honum fór vel úr hendi sáttaumleitan; á öllum þeim árum, sem hann var sáttasemjari, var að eins eitt mál úr sáttaumdæmi hans, sem gekk til dómstólanna. Hann settist að hér í Reykjavík 1901; átti hann þá nokkrar eignir, en þær munu nú að mestu gengnar upp. Hann hefir haft 25 kr. á mánuði fyrir bókavörzlu alþýðulestrafélagsins. Þetta starf missir hann nú. Safnið er opið á kveldum, en hann þolir ekki útivist svo síðla dags og hefir læknir hans bannað honum það. Til uppbótar fyrir þennan tekjumissi hefi eg nú lagt til að veita hon um 300 kr. á ári. Eg ímynda mér, að eg þurfi ekki að mæla frekara með tillögunni. Eg skal að eins geta þess, að börn hans eru ekki svo efnum búin, að þau geti séð fyrir honum, enda ekki skemtilegt fyrir hann að vera kominn upp á annara náðir á gamals aldri.

Háttv. fjárlaganefnd leggur til að fella burtu þær 400 kr., sem háttv. Ed. bætti við »pensión« Matthíasar Jochumssonar. Eg ímynda mér, að flestir þm. hafi lesið umsókn séra Matthíasar, sem liggur frammi á lestrarsalnum. Pensionin var honum veitt aðallega sem skáldstyrkur, þegar hann fór frá embætti sínu sem prestur á Akureyri en sérstök eftirlaun af prestakallinu hefir hann aldrei fengið. Væri eftirlaunin rétt reiknuð, þá væri viðbótin, sem hann nýtur sem skáldastyrks, ekki meiri en skáldalaun, sem sumir aðrir höfundar fá, og gæti þessi upphæð, sem hér er um að ræða, verið til uppbótar fyrir það. En aðalatriðið er það, að hann þarf þessarar litlu viðbótar með. Vér eigum að eins einn Matthías, og er enginn hans jafnoki þeirra skálda, sem nú eru uppi, en oss er það mikil skömm að láta hann lifa í kröggum á gamals aldri. Hann er enn fjölskyldumaður, verður að sjá fyrir börnum og nokkrum barnabörnum, og getur því ekki komist af með þeim eftirlaunum, sem hann hefir nú. Mér finst þingdeildin ekki geta verið þekt fyrir, að fella burt aftur þessa litlu uppbót, sem efri deildin hefir samþykt orðalaust, í einu hljóði. Eg skil ekki í því, að háttv. fjárlaganefnd skuli geta fengið af sér að amast við þessum litla virðingarvotti, og mun syndapoki þessa þings nógu digur fyrir því, þó að ekki bætist enn við í hann sá smásálarháttur, að synja Matthíasi Jochumssyni um annað eins lítilræði, og hér er um að ræða.

Eg skal ekki lengja frekar en orðið er umræður um botnvörpusektamálið. Eg er á þeirri skoðun sem áður, að alþingi sé ekki vanvirðulaust að stryka út þá fjárveitingu, eins og hún er til komin, og oft hefir verið útskýrt. Það mun ekki þýða að endurtaka röksemdirnar. Það mun vera ráðið fyrirfram, hvernig atkvæði verða greidd. Eg endurtek það að eins, að það er ekki sæmdarauki fyrir þingið og ekki traustsauki fyrir landið, að þessi þingdeild enn á ný, þrátt fyrir atkvæði efri deildar, gangi á móti endurteknum samþyktum undanfarinna þinga, að eins af einhverjum mikilmenskureigingi gagnvart Dönum.

Hér er till. á þgskj. 930 um 1200 kr. fjárveitingu til forseta sameinaðs þings, til að mæta fyrir alþingis hönd á 1000 ára hátíð Norðmandís í sumar. Eg vil leyfa mér að spyrja um það, hvort háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir sótt um þennan styrk eða ekki, og hvort þm. þyki ekki kappnóg, að sá maður fari, sem Ed. hefir fyrir sitt leyti veitt styrk til fararinnar og sótt hefir um það. Alþingi getur nægilega leyst hendur sínar með því að senda samfagnaðarkveðju í bréfi eða símskeyti. Mér er ekki kunnugt um það, hvort háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem nú er forseti sameinaðs þings, er

svo vel að sér í frönskunni, að hann geti t. d. haldið ræðu á frönsku. Það má vel vera, að svo sé, og að hann þyki að öðru leyti vel til slíks erindis fallinn. Þetta og annað, sem till. snertir, væri gott að fá upplýst.

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (B. Þ.) vék að því í ræðu sinni, að ýmsar breyt.till. Ed. hefðu á sér flokkslit og væri í hag heimastjórnarmönnum. Eg þarf ekki og ætla eiginlega ekki að taka svari háttv. Ed. Eg er alls ekki heldur ánægður með gerðir hennar viðvíkjandi fjárlagafrv., þótt eg játi að hún hafi kift ýmsu í lag. En ómaklegt þykir mér að bregða henni um flokkshlutdrægni. Stærsta breytingin, sem hún gerði á frumvarpinu, er um háskólann. En það mál er ekki flokksmál í eðli sínu, og ekki af vorri tilhlutun heimastjórnarmanna. Ýmsir helztu fylgismenn þess í hitteð fyrra eru í sjálfstæðisflokknum og þegar fyrst var flutt inn tillaga hér í deildinni um fjárframlag til að koma háskólanum í framkvæmd á þessu ári við meðferð aukafjárlaganna um daginn, var hún flutt af mönnum úr því liði og samþykt með 19 atkvæðum. Þar næst má geta þess, að mikið af breytingum Ed. gekk þar fram flokklaust með þetta 9 atkv. og þar yfir. En þótt svo hefði verið, að flokkslitur væri nokkur á gerðum Ed. Hvern er um það að saka? Það var sjálfstæðisflokkurinn, sem leiddi asnann inn í herbúðirnar, fyrst á þingi 1909 og nú í Nd. við meðferð fjárlaganna með því að neita flokksafls í ýmsum fjárveitingum og breytingum. Það hafði ekki átt sér stað fyr, að fjárveitingar væri gerðar að flokksmáli að neinum verulegum mun. Skal eg einungis benda á örfá dæmi frá meðferð fjárlaganna hér um daginn. Þá var tekið fé frá Borgarfjarðarbrautinni og flutt á Stykkishólmsveginn og Skagafjarðarbrautina. Viti á Flatey var tekinn og kastað vestur á Bjargtanga o. fl. o. fl. Hvað er nú undarlegt í því þó hinn flokkurinn vildi leiða asnann út úr herbúðunum aftur, úr því hann hafði afl til þess í Ed.? Gallinn er að hann gerði það *linlega*.

En hvaða lit sýna sjálfstæðismenn nú við þessa umræðu. Hér liggja fyrir 20 þingskjöl með hækkunartill, alls 87½ þús., þar með tel eg þó ekki háskólabygging h. 1. þm. Rvk (J. Þ.) með 100 þús. kr. Eg tek þar ekki á merinni mark. Hún getur varla verið meint alvarlega. En hitt alt virðist í fullri alvöru og verður líklega framfylgt með flokksfylgi að vanda. Af þessum till. er einungis ein veslingstillaga með 600 kr. upphæð frá heimastjórnarmönnum. Hinar allar frá sjálfstæðisliðinu utan fjárlaganefndar. En svo kemur þó viðleitnin fram að spara eitthvað upp í þetta, vegna fjárhagsins líklega. Og þó er ekki seilst um hurð til loku. Bara brugðið sér í kjördæmi heimastjórnarmanna eða þá *slæm* kjördæmi önnur og tekið:

af Þingeyjarsýslubrautinni	10	þús.	kr.
Eyjafjarðarbrýrnar . . .	10	—	—
af Borgarfjarðarbrautinni, því Mýrasýsla reyndist slæm	20	—	—
Vattarnessvitinn	6½	—	—
2 verksmiðjur, sem heimastjórnarmenn eru mjög bendlaðir við	12	—	—
Þetta gerir alls	58½	þús.	kr.

Hér er óneitanlega litur á, þótt líklega sé nú ekki mikið meint með sumum þessum sparnaðartillögum.

Þarna fyrir utan eru breyt.till. fjárlaganefndar. Þar nema hækkanir 67 þús. og fær koparþráður til Ísafjarðar 55 þús. kr. af því. Hann snertir raunar ekki heimastjórnarkjördæmi, þótt heimastjórnarmenn fylgi honum jöfnum höndum. Raunar eru sparnaðartillögur fjár-

lagan. upp á nálægt 80 þús. að nafninu til. En þar í er viðskiftaráðunauturinn 24 þús. kr. og Hafnarfjarðarbryggjan með 25 þús. kr. og er eg ekki hræddur um, að sjálfstæðismenn samþ. þær tillögur. En svo er líka Flateyjarvitinn, sem settur var inn í Ed. *Þar er sparnaðurinn vís!* Á þessu stutta yfirliti yfir breyt.till., sem fyrir liggja, má þó sjá tilhneigingar sjálfstæðismanna og ætla eg ekki um þær að fjölyrða. Einungis minnist eg þeirra orða, sem Sigvaldi prestur er látinn segja í »Manni og konu«: »Sómafólk alt það fólk«.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg ætla ekki að segja margt, og mundi alls ekki hafa tekið til máls, ef eg hefði ekki verið búinn að biðja um orðið áður en háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði. Hann hefir tekið fram flest, það er eg vildi sagt hafa. Eg vil að eins fá því slegið föstu, fá það svart á hvítu í þingtíðindunum, hversu greinileg fjárhagsstefna flokkanna kemur fram í breyt.till. Frá sjálfstæðismönnum liggja fyrir till. um hækkun útgjaldanna, að upphæð 187550 kr. Frá heimastjórnarmönnum er að eins ein till. um 600 kr. hækkun. Frá utanflokksmönnum engin. Auk þess eru allar breyt.till. nefndarinnar; en hún er samsett af báðum flokkum og sleppi eg því þeim till. þótt sjálfstæðismenn séu þar í meiri hluta og ráði því mestu. Þetta tek eg fram til þess, að það komi skýrt fram í þingtíðindunum, hver flokkur það er, sem nú ræður mestu um þá niðurstöðu, er verður á fjárlögunum. Það er þess vert að fá því slegið föstu nú, þegar allir hrópa upp um það, að fjárhagurinn sé slæmur og nauðsyn sé að tekjurnar »ballanceri« við útgjöldin. Hér sést, hver flokkur því veldur, að tekjuhallinn mun verða meiri en dæmi eru til áður.

Þorleifur Jónsson: Eg á hér breyt.till. á þgskj. 868 um það, að veitt sé til þjóðvega í Austur-Skaftafellssýslu 2500 kr. hvort árið. Þetta fé var veitt við 2. umr. hér í deildinni og hefir haldist alla leið til Ed., en hún hefir strykað það út. Um fjárveitingar til þessa héraðs má segja, að þar var ekki af miklu að taka, en nú hefir þó verið tekið mest af því sem til var, því að ekki var ætlað annað til samgöngubóta þar en þetta. Eg hafði áður bent á það, að þetta fé var aðallega ætlað til akvegar, sem verið er að gera þessi árin, en er stutt kominn, svo að hann verður ekki að notum, eins og er, því að þar sem hann endar taka við torfærur, svo að allan farangur verður að leggja upp á hesta, og er þetta óþægilegt, og þörf á að ráða bót á því. Og ekki ímynda eg mér, að þetta baki fjárhag landsins tjón svo að neitt muni um það, hvað tekjuhallann snertir. Eg er nærri hissa á því, að háttv. Ed. skuli vilja synja um þessa litlu fjárveitingu, þar sem flest önnur héröð fá meira eða minna til samgöngubóta, skóla, brúa o. fl., sem þetta hérað fer á mis við, en eg ímynda mér, að það komi af því, að henni hafi ekki verið það nógu kunnugt, hve mikil þörf er á þessu. Skal eg svo ekki tefja deildina lengur, en vona að hún samþykki þessa litlu upphæð, eins og áður.

Skúli Thoroddsen: Eg vildi leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir, og þá fyrst og fremst um fjárveitinguna til þess að leggja tvöfaldan þráð milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Það er gert ráð fyrir, að þetta kosti nú aðeins 55 þús. kr. Hefir landsímastjóri skrifað stjórnarráðinu, að í stað þess að koparþráður hefir áður kostað kr. 1,50 kílogr., þá sé nú komið tilboð um að fá hann keyptan fyrir kr. 1,10 kílogr., og þar sem spottinn er nú 196 kílometrar,

þá verður sparnaðurinn, ef þetta tækifæri er notað, 60 kr. á kílom, eða alls 11,760 kr. Þetta er mikill sparnaður, og það er mjög áríðandi, að fá þarna tvöfaldan þráð, sem allra fyrst, til þess að full not verði að línunni. Sérstaklega er svo ástatt með Vestur-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, að símtöl þaðan eru lítt möguleg meðan hann fæst ekki. Vona eg því að háttv. deild fallist á tillögu nefndarinnar að þessu leyti.

Út af ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skal eg benda á það, að það var töluvert villandi, sem hann sagði um viðskilnað neðri deildar við fjárl. eftir 3. umr., og það, hvernig Sjálfstæðismenn hefðu dregið sinn taum þar, og afsakaði hann Ed. með því, þótt hún hefði fundið ástæðu til að kippa ýmsu í liðinn. Svo að eg nú aðeins bendi á cina gr., þá vildi eg snöggvast líta á fjárveitingar til samgöngumála. Það sem er veitt til kjördæma mótstöðumanna vorra til flutningabrauta, er til Borgarfjarðarbrautar 10. þús. kr., til Reykdælabrautar 20 þús. kr., Rangárbrúin 45 þús. kr., Eyfirðingabraut 25 þús. kr., Grímsnesbraut er ekki gott að vita, hvar á að telja, en segjum að hún sé talin hálf til Sjálfstæðismanna og hálf til Heimastjórnarmanna, þá eru það 10 þús. kr. Þetta verða samtals 95 þús kr. Þá kemur til kjördæma Sjálfstæðisflokksins: Húnvetningabraut 20 þús. kr., Skagfirðingabraut 20 þús. kr. og Grímsnesbrautin hálf 10 þús. kr., samtals 50 þús. kr. Svona er nú ef litið er á flutningabrautirnar, að Sjálfstæðismenn, sem ráða yfir $^2/_3$ hlutum af kjördæmum landsins, hafa ekki skamtað sér meira en þetta. En hvað segir nú Ed. hér um? Menn skyldu nú hafa vænst þess, að þegar hún sá, hve vel meirihl. lét sér farast, þá kynni hún að meta það, en það er öðru nær, en svo hafi reynst. Hún hefir leyft sér að kippa burtu 10 þús. kr. frá Skagafjarðarbraut, ennfremur ræðst hún á brú á Haffjarðará og tekur þar 2 þús. kr. Ekki getur hún unnað Dalamönnum þess styrks, sem þeir áttu að fá, heldur verður hún að lækka hann um 1.300 kr. Hvammstangaveginn hefir hún eigi heldur getað látið í friði, og veginn milli Hafnarfj. og Keflavíkur hefir hún fært niður í 5 þús. kr. Þarna er nú komin röð af fjárveitingum, sem háttv. Ed. hefir ekki fundið ástæðu til að muna eftir, en hins vegar hefir hún munað eftir því, að Mýramenn eiga fulltrúa á þingi, sem er launa maklegur, og hefir því hækkað Borgarfjarðarbraut upp í 20 þús. kr. síðara árið. Einnig hefir hún munað eftir því, að Bjargtangar eru í Barðastrandarsýslu, og hefir því kipt þar burtu 14 þús. kr. til vitabyggingar. Þetta álít eg nú að ætti að nægja til þess að sýna, að það er þó dálítill flokksblær á meðferð Ed. á fjárlögunum í þetta sinn, og að það er ekki nema eðlilegt, þótt vér verðum frá vorri hálfu að gera eitthvað til að kippa þessu aftur í liðinn. Vér viljum unna háttv. mótflokksmönnum vorum alls góðs, en hitt er þó ofmikið, að þeir gíni yfir öllu, ekki fjölmennari en þeir eru.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði stór orð, sem hann vildi að sæust í þingtíðindunum. Það mun hafa verið ríkt í huga hans að tala fyrir fólkið, en síður hitt, sem satt er og rétt, eins og maður þekkir, þegar talað er við kjósendur úr þeirri átt. Hann fáraðist um tillögur þær, sem vor flokkur gerir nú til útgjaldahækkunar. En ástæðan til þeirra er sú, að vér neyðumst til að gera þetta, til að verjast yfirgangi í vorn garð. Og þegar um það er að ræða, hverjum tekjuhallinn sé að kenna, þá vil eg spyrja: Hverjum er það að kenna, að ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að

bæta fjárhaginn? Er það ekki einmitt hinum virðulega flokki hans að kenna? Vér höfðum komið fram með frumv. til laga um farmgjald, sem gert var ráð fyrir, að gæfi af sér 180 þús. kr. á fjárhagstímabilinu og samþykt það hér í deildinni. En Heimastjórnarm. í háttv. Ed. þykir eigi fjárhagsástandið verra en svo, að þeir fella þetta frumv. Sjálfstæðisflokkurinn reyndi líka að útvega tekjur með því að samþykkja lög um einkaleyfi á ölgerð og ölverzlun, en eftir því sem eg veit bezt, er það mál nú svæft í Ed. *(Bjarni Jónsson:* Nei, felt). Jæja, eg bið forláts, ef eg rugla saman frv., en þá er þetta aðeins því ljósara, og þetta hefði eg nú gaman af, að sæist í þingtíðindunum, samhliða, eða á eftir ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.).

Þá vil eg svara háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Hann gerði þá fyrirspurn, hvort eg hefði sótt um það fé, 1200 kr., sem farið er fram á handa forseta sameinaðs þings, til þess að sækja Göngu-Hrólfs hátíðina. Mér hefir sem forseta borist bréf, sem er til mín og annara meðlima þingsins, og hefi eg lagt það fram á lestrarsalinn. Þar er forseta sameinaðs þings boðið, og það er á þingsins valdi, hvað það vill að gera skuli í því máli. Eg hefi ekki komið þar nærri til annars en að leggja þetta fram, og svo var mér líka kunnugt um, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) kom fram með þessa breyt.till. Annan hlut hefi eg ekki átt að þessu máli. En þar sem þm. fór með vanalegri góðvild í minn garð að ympra á því, hvort eg mundi vera sendilegur vegna kunnáttu minnar í frönsku, þá er því þar til að svara, að eg hefi áður bablað nokkuð í því máli, og jafnvel haldið ræður á því, en er nú orðinn — það skal eg játa — svo ryðgaður, að eg veit ekki, hvort eg mundi treysta mér til þess lengur. En þótt svo sé, þá yrði þó mín »repræsentation« aldrei lakari en hans var, þegar hann var ráðherra og var að fara út í skipin með túlk, eða þegar hann hafði sjóliðsforingjana í boði hjá sér og varð að gæta þess sem vandlegast, að hafa »chefinn« sem fjærst sér við borðið. Það yrði kannske eitthvað líkt um okkur í þessu, en fráleitt gæti það orðið verra hjá mér. En svo getur honum varla verið ókunnugt um það, að það er til annað mál, sem öllu fremur getur kallast heimsmál, og það er enska, og hygg eg, að eg mundi reyna að halda tölu á því máli, ef á þyrfti að halda. Forseta sameinaðs þings er ekki heldur boðið vegna þess, að það sé sjálfsagt, að hann kunni betur frönsku en aðrir, heldur vegna stöðu hans, til þess að »repræsentera« þingið og landið, og skal eg svo ekki fara frekar út í þessa sálma.

Loksins skal eg þá víkja að botnvörpusektunum. Það er merkilegt, að sú afturganga skuli enn vera að trana sér fram. Eg mótmæli því enn einu sinni, að Danir eigi þar nokkra samningskröfu á hendur oss. Danir hafa aldrei fengið loforð fyrir þessu fé, nema um ákveðinn tíma, því að eins og fjárl. ætíð bera með sér, gilda fjárveitingar þær, sem þar standa, eingöngu fyrir fjárhagstímabilið. Þess vegna gat enginn íslenzkur ráðherra bundið hendur vorar á þennan hátt lengur en fyrir þann tíma, sem fjárl. náðu yfir. Það sem villir háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mun vera það, að Danir eru teknir upp á því, að taka upp ýmsar fjárveitingar, sem þeir kalla »gennemgaaende«, og færa þær inn í bækur fjárlaganefndar, en það er ekki siður hér. Og svo er að líta á það, hvers vegna þetta fé var veitt upphaflega. Það var veitt af misskilningi, af því að oss var þá enn ekki orðið það ljóst, sem oss varð ljóst síðar,

og sem Dönum á að verða ljóst, og það er það, að því fer fjarri, að þeim sé ekki borguð landhelgisgæzlan, þar sem þeir hafa veiðiréttinn. Hann er meira að segja svo mikils virði, að þeir mættu vel borga nokkuð á milli. Það er einmitt þetta, sem Sjálfstæðisflokkurinn vill gera Dönum ljóst, að þeir fá fulla borgun, og það er smámunasemi, að heimta þetta, og það er misskilningur af einstöku þingmönnum, að vera að þjarka um þetta. Þessi draugur var kveðinn hér niður síðast, og eg vona, að hann verði aftur kveðinn niður nú, og það svo, að hann gangi ekki oftar aftur.

Einar Jónsson: Eg ætla í þetta sinn að brúka þá reglu, sem eg er reyndar vanur að beita, sem sé að láta atkvæði sýna afstöðu mína til málanna. Þó get eg ekki látið hjá líða í þetta sinn að minnast á nokkur atriði, og skal eg ekki vera langorður um þau.

Mér lízt satt að segja illa á það, þegar nokkrir þm. eru nú búnir að skýra frá því, að ef breytingartillögur þær, er hér liggja fyrir, verði samþ., þá muni það hleypa útgjöldunum upp um 180 þús. kr., og það fyrir utan breyt.till. fjárlaganefndar, og eg skal segja það strax, að eg er flestum þessum breyt.till. móthverfur, nema brtill. nefndarinnar, sem eg mun greiða atkvæði með í mörgum liðum.

Hér er ein tillaga af þeim, sem frammi liggja, sem eg stend sjálfur á ásamt fleirum. Það hefir þegar verið minst á hana, og eg hefi engu við það að bæta, nema að taka undir það sem sagt hefir verið. Hún er á þgskj. 890 og og hljóðar svo: »Aftan við 13. gr. B. II. 7. lið komi svohljóðandi athugasemd: Sparist svo mikið fé við brúargerðina á Ytri-Rangá, að nægi til brúargerðar á Varmadalslæk, má verja því til þess«. Það hafa verið færð greinileg rök fyrir því, að hér er ekki um neina skyldu að ræða, heldur að eins heimild til þess, að ef afgangur verði af fé því, sem veitt er til Rangárbrúarinnar, þá megi verja því til þessa, sérstaklega af því að það er ódýrara að gera nú brú á þennan læk, sem allir viðurkenna að nauðsynlegt er að gera, einmitt í sambandi við hina brúargerðina. Hér er ekki um nein aukin útgjöld að ræða, þótt það sé reyndar rétt hugsað, að ef þessari tillögu yrði hnekt, þá yrði fé það, sem afgangs kynni að verða frá Rangárbrúnni, kyrt í landssjóði.

Eg hefi tekið hér út úr bunkanum fáeinar tillögur, og skal eg taka þær eftir röð. Vil eg þá fyrst taka till. á þgskj. 981, um lán til verksmiðjunnar Iðunnar, að upphæð 6 þús. kr. Eg finn ástæðu til, eins og síðast, að mótmæla þessu, og vil setja það í samband við aðra lánveitingu í 22. gr. 10. lið til niðursuðuverksmiðju á Ísafirði. Eg álít þess konar hæpið, því að verksmiðjum, sem einu sinni eru komnar á stað, og ekki geta borið sig, er varhugavert að lána úr landssjóði. Eg hefi ástæðu til að álíta þetta, þar sem eg kom fram með eina líka tillögu í hitt eð fyrra, þótt um nokkuð annað mál væri að ræða, sem sé lán til kaupfélagsins Ingólfs á Stokkseyri. Því var illa tekið þá, og eg skoða svo, sem hér sé nokkuð líkt ástatt, og úr því að þessu var þá hrundið fyrir mér, þá hefi eg enga ástæðu til þess að samþykkja þessu líkt nú. Eg álít, að hér sé líkt ástatt og um bónda, sem byrjar búskap, en hefir ekki lag eða möguleika til að búa. Ef hann fær lán, þá getur það að vísu treint í honum lífið í nokkur ár, en meira ekki.

Þá er tillaga á þingskjali 893 frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um, að fella burt 22. gr. alla. Hún er allstórkostleg, og vona eg að hún verði ekki

samþykt, því að í þessari grein er margt gott. Í sambandi við hana vil eg minnast á tillögu frá háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.). Hún fer skemra, en þó of langt. Hún fer fram á, að 3. og 11. liður þessarar greinar haldist, en alt hitt falli burt. Henni er eg líka mótfallinn.

Þá er tillagan á þgskj. 887, sem kemur bændum hér í deildinni illa fyrir sjónir. Hún er viðvíkjandi smjörbúunum. Eg álít það skakt, að þessi styrkur falli burtu alt í einu, enda þótt búast megi við því, að honum sé einhvern tíma lokið. Eg álít að búin þurfi styrksins við, þangað til þau hafa borgað skuldir sínar. Þá er sjálfsagt að hann hætti, og mun eg því vera því fylgjandi, að hann haldist ekki nema 10 ár. Auðvitað ræður hver sínu atkvæði um þetta, en eg fyrir mitt leyti álít, að sanngjarnara sé að tiltaka 10 ár, en 5.

Þá skal eg nefna till. á þgskj 898, aðallega af því að viðskiftaráðunauturinn hitti mig áðan og spurði mig rækilega út úr um það, hver min skoðun væri á því máli. Eg sagði fátt, og skal ekki segja öllu fleira nú, af því að maðurinn er ekki viðstaddur. Eg ætla ekki beint að álasa honum, en eg er á móti því, að þessi fjárveiting sé bundin við nafn hans, enda þótt það sé óvíst, hvort aðrir hefðu gert meira gagn en hann í þessari stöðu að ýmsu leyti, þótt hann hafi ekki verið starfi sínu vaxinn að öllu leyti. Hann mun vera með fremri mönnum, sem vér eigum á að skipa til þess að halda fyrirlestra og kynna oss öðrum þjóðum, en aftur á móti ónýtari en aðrir í verzlunarsökum, sem ef til vill riði þó mest á. Annars skal eg ekki fara lengra út í þetta mál, úr því að maðurinn er hér ekki viðstaddur.

Um styrkinn til heiðurs Sighv. Árnasyni fyrv. alþm. er það að segja, að eg er honum hjartanlega hlyntur, og vona eg, að enginn verði á móti því, að veita þessum merka og gamla manni sómasamlegan styrk, enda má vænta þess, að sá styrkur vari ekki nema stutta stund. Eg hefi séð hann nýlega, og eftir því sem mér leizt á hann, býst eg við því, að guð muni bráðum taka hann heim til sín, heldur en að geyma hann öllu lengur hérna hjá okkur.

Þá eru á þingskjali 905 ætlaðar 2000 kr. til starfrækslu við loftskeytastöðvar. Er þetta auk kostnaðar við að koma upp loftskeytastöðvum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Eg sé enga sanngirni í þessu, einkum þar eð þeir sem eiga að hafa notin af þessu vilja ekkert með það hafa. Við höfum ekki efni á að vera að troða upp á menn hlutum, sem kosta ærnafé.

Á þgskj. 919, seinasta atriði, er tillaga, sem mér þykir varhugaverð. Hún fer fram á, að fjárveitingin til Flóaáveitunnar falli niður. Mér finst það bæði varhugavert og ósanngjarnt, og spursmál, hvort nokkur önnur fjárveiting er þarfari. Ef háttv. þingmenn væru kunnugir þar, þá mundu þeir ekki sjá eftir því. Mun það bæði vera af ókunnugleik háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og svo að hann vilji hefna sín á háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), því það virðist svo, að hann finni sig ekki færan að svara háttv. 2. þm. Árn., en er alt af að senda honum hnífla.

Eg vildi áður en eg sest niður beina örfáum orðum að h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) Hann var með samanburð á flokkunum. Eg minnist að hann í hitt eð fyrra með stífum orðum bar hinum fyrverandi meiri hluta á brýn hlutdrægni, og að sú fyrverandi stjórn hafi matað sína menn. Hvaða dæmi kom hann svo með? Sneið af læknishéraði og sneið af prestakalli í Ísafjarðarsýslu.

Eg skal svo ekki þreyta menn með

fleiri orðum, en gera grein fyrir skoðun minni við atkvæðagreiðsluna.

Ráðherrann (Kr. J.). Eg hélt að eg mundi ekki þurfa að tala hér að þessu sinni, en þó er eitt lítið atriði í málinu, sem eg finn mig knúðan til að fara nokkrum orðum um. Háttvirt fjárlaganefnd hefir lagt til, að styrkur til bryggjugerðar í Krossvík á Akranesi falli burt. Eg fékk í vetur áskorun frá hreppsnefndinni í Ytri-Akraneshreppi um að útvega styrk til bryggjuaðgerðarinnar hjá þinginu, en hún kom svo seint, að eg fékk ekki tíma til að koma henni á framfæri í neðri deild, þegar fjárlögin voru hér fyrst til meðferðar. Fékk eg þá fjárlaganefndina í Ed. til að taka málið til meðferðar, en eigi tók hún þó tillöguna upp. En Ed. samþykti síðan tillögu frá mér um að veita 1000 kr. til bryggjuaðgerðarinnar. Eg skal geta þess, að í Krossvík er eina lendingin á Akranesi, þar sem kauptúnið er, sem nú er orðið mjög mannmargt, um 800 manns. Bryggjan var gerð 1907, og kostaði fullar 7000 kr. Lagði landssjóður til 2000 kr, sýslusjóður 700 kr. og hreppssjóður Ytri-Akraneshrepps það sem á vantaði, eitthvað yfir 4000 kr. Hreppssjóður gat ekki lagt alt þetta fé fram af sjóði sínum, og varð því að taka 1700 kr. lán. Bryggjan skemdist af sjávargangi í haust eða vetur. Var gerð rannsókn á skemdunum af Krabbe verkfræðing, og kostar aðgerðin minst 1000 kr. að hans áliti. Skjöl, er skýra þetta mál alt nákvæmlega, hafa verið lögð fram á lestrarsal þingsins, þar á meðal skoðunar- og álitsgerð Krabbe. Hreppurinn er í miklum skuldum áður, er stafa af kostnaðarsömum byggingum, skólahúsi og kirkju, og engar eignir á hreppurinn; sveitarfélagið getur vissulega eigi talist auðugt. Fyrir því vil eg leggja til, að landssjóður veiti þessar 1000 kr., sem um hefir verið beðið til þess að gera bryggjuna upp. Þetta er aðallending á Akranesi og er því til mikils gagns fyrir alla hreppana fyrir neðan Skarðsheiði, og auk þess er hún notuð af póstbátnum, sem gengur héðan til Borgarness. Er hún að því leyti til almenningsnota og til gagnsemdar fyrir landstjórnina. Mér virðist því öll sanngirni mæla með þessu fjárframlagi, og skal jafnframt benda á það, að þessu kjördæmi eru ekki ætluð nein fjárframlög af nokkuru tagi í þessum fjárlögum, því að Borgarfjarðarbrautin liggur í Mýrasýslu vestan Hvítár. Mér kom það því að öllu á óvart, að háttv. fjárlaganefnd skyldi leggja til að fella burtu þessa litlu fjárveiting, sem samþykt var með öllum atkv. í Ed. Óska eg að þessi háttv. deild verði ekki á móti fjárveitingunni, og að hún samþykki ekki till. fjárlaganefndarinnar í þessu atriði.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að minnast á smá-atriði í breyt.till. þess þingmanns, sem kendur er við »dragsúg«. Hann hélt lofræðu um Thorkillius gamla, sem hver maður heiðrar. Öðru máli er að gegna um bók þessa. Í henni eru ef til vill 70—100 blaðsíður, sem er æfisaga Thorkillius, auðvitað ekki skrifuð af þm. og því læsileg. En öll er bókin 2 stór og þykk bindi. Æfisagan, sem *ekki* er eftir dragsúgsþingmanninn, er það eina nýtilega í henni, en að öðru leyti er hún ein stór ruslakista. Hann mintist á bók, sem eg er við riðinn. Fáir ljúga meir en helming, segir máltækið. Hann sagði, að bók sú hafi kostað til þessa 4,500 kr., en hún hefir einungis kostað 3000 kr. Með öðrum orðum, hann lýgur ekki meiru en 50%. Á bók þá hafa norrænuprófessorar í Kaupmannahöfn, Kristjaníu og Oxford lokið lofsorði, en um bók hans hafa allir sagt hið sama, að hún væri endemi. Sami maður bar hér fram þingsályktunartillögu um guðsþakkafé,

Thorkillisjóðurinn er guðsþakkafé, og hvernig hefir hann farið með hann? Vextir af því fé, sem þessi bók hefir kostað, hefðu nægt til að uppfræða 20 börn árlega um aldur og æfi. Hann hefir því svift 20 börn um aldur og æfi rétti til að eiga kost á fræðslu. Bókin hefir kostað á 5. þús. kr., en ekki hefði þurft jafn mörg hundruð til að gefa út nýtilega æfisögu.

Svo er tillaga hans um að veita fé til afskrifta af ýmsu því í Kaupmannahöfn, er snertir Ísland. Það er í sjálfu sér mjög tilhlýðilegt og þarft verk, ef það væri í góðum höndum, og ætti Lands*bókasafnið* að annast það. En það er mjög ótilhlýðilegt, að láta *skjala*-safnið annast það. Það safn er alt annars eðlis. En merkustu handrit öll hér eru (og eiga að vera) í bókasafni landsins. Auk þess er mikið af þessu á latínu, en allir vita, að skjalavörðurinn kann ekki latínu. Svo trúi eg honum ekki fyrir að hirða og binda blöð og bækur, og ekki tel eg heldur vert að láta fara meira af fé og reikningum í gegnum hans hendur en þörf er á, sízt til bókbands. Vona eg að háttv. þm. skilji hvað eg á við. *(Nokkrir þingmenn:* Þingmaðurinn er genginn af fundi). Það er ekki mín sök, þótt þingmaðurinn þori ekki að hlusta á mig og flýi af hólmi.

Svo er ein till. frá sama þingm. um 100 þús. kr. fjárveitingu til að reisa háskólahús. Fyrst studdi hann háskólastofnunina, svo varð hann á móti henni og seinast vildi hann drepa hana. En þegar það tókst ekki, ætlar hann að gylla sig upp á ný með þessari tillögu. En landssjóður á ekki fé til þessa, enda getur háskólinn vel komist af með þau húsakynni, sem hann getur fengið hér í húsinu, og svo eitthvað af þeim húsnæðum, sem skólarnir hafa nú hér í bænum.

Virðulegur 2. þm. Rang. (E. J.) var á móti öllum verksmiðjum, og þá einnig þeirri á Ísafirði. Röksemdaleiðsla hans í því efni var mjög undarleg, gekk hún alveg »over min Forstand og ind i Præstens«.

Ætla eg svo ekki að segja meira að þessu sinni.

Bjarni Jónsson: Eg vil benda á, að háttv. Ed. hefir gert þá breytingu við styrk til Jóns Ófeigssonar, að hún hefir bætt við orðunum »alt að 60 kr. kr. fyrir örkina«. Það er gert óaðgengilegra með þessu, og vildi eg því leggja til, að þessu verði breytt. Held eg það sé öllum að meinfangalausu,. Eg er þakklátur hv. nefnd fyrir, að hún hefir tekið upp styrk til ferða milli Svíþjóðar Íslands. Vil eg enn vekja athygli á því og mæla með því.

Viðvíkjandi tillögu um fjárveitingu til háskóla skal eg geta þess, að eg álít að háskólinn gæti vel starfað hér í þessu húsi í 50 ár, án þess að það sé vanvirða eða standi fyrir þrifum. Auðvitað væri eg ekki á móti því að reist væri stórt og fagurt hús, ef menn hefðu úr svo miklu fé að spila, en þess gerist engin þörf.

Benedikt Sveinsson: Eg vil minnast á breyt.till. á þgskj. 930. Svo er mál vaxið, að á komanda sumri eru liðin þúsund ár síðan Göngu-Hrólfur tók ríki í Norðmandíi og verða þar hátíðahöld mikil í minning þessa atburðar. Forstöðunefnd hátíðahaldsins hefir sýnt alþingi þá kurteisi, að bjóða forseta sameinaðs alþingis að taka þátt í hátíðinni og fer hún fram í Rúðuborg og París 9.—11. júní næstkomandi. Verður þar mikið um dýrðir, fjöldi manna af Norðurlöndum og úr öllum áttum heims. Mér finst þinginu ósamboðið að hafna boði hátíðanefndarinnar, því fremur sem það liggur Íslendingum nær en flestum öðrum þjóðum, að minnast land-

náms Norðmanna á Frakklandi, því að það er svo nátengt byggingu Íslands. Löndin bygðust, sem kunnugt er, á sama tíma og af sömu þjóð, víkingunum norrænu, og svo var frændsemin náin, að meðal landnámsmanna vorra var Hrollaugur son Rögnvalds Mærajarls, bróðir Göngu-Hrólfs, að því er hinir beztu fræðimenn vorir hafa ritað í forneskju. Það má meir að segja fullyrða, að flestir Íslendingar séu komnir af Göngu-Hrólfi sjálfum, því að hann var langafi Ósvífrs hins spaka Helgasonar og Einars skálaglamms, að því er Landnámabók telur, en frá Ósvífi eru miklar ættir komnar. — Frændur vorir í Norðmandí týndu að vísu brátt tungu sinni, en engu að síður hélzt lengi frændsemi og vinátta með þeim og norrænum mönnum. Áttu víkingar þar löngum friðland. Svo var um Ólaf konung Haraldsson hinn digra, að hann hafði vetursetu með Rúðujörlum, áður hann yrði konungur í Noregi. Eldi og lengi eftir af norrænu skaplyndi og fornum háttum í Norðmandí, jafnvel til þessa dags.

Eg hef minst á þetta til þess að sýna að Íslendingar hafa alveg sérstaka hvöt til þess að gefa gaum þessari 1000 ára hátíð og sinna boðinu. Eru Íslendingar einnig sú þjóð, sem bezt hefir haldið þjóðerni hinnar merku og frægu víkingaþjóðar, er bæði löndin bygði og verður því landi voru vafalaust sérstakur gaumur gefinn við þetta tækifæri, einkum ef vér sendum þangað fulltrúa fyrir þjóðarinnar hönd. En það er ekki oft, sem svo ber undir, að stórþjóðirnar minnast Íslands á allsherjar samkomum, sem athygli vekja um allan heim.

Bent hefir verið á það, að annar maður fari héðan af landi til hátíðarinnar, en það skiftir hér engu máli. Hann fer sem »privat«-maður, en þó hefir efri deild nú ætlað honum styrk til fararinnar. Það væri því meiri fjarstæða að synja þeim manni um styrk, sem beint er boðið af nefndinni sem fulltrúa þings og þjóðar og eg trúi því ekki fyr en eg tek á, að þingið láti sig þann vansa henda.

Fjárveitingin hefði átt að koma í fjáraukalögunum, en við flutningsmenn vissum ekki af boðinu fyr en þau voru samþykt í þessari deild. En það kemur í einn stað niður. Forsetinn leggur féð til sjálfur í bráðina.

Þá vil eg geta þess, að nafn mitt stendur ranglega á þingskjali 919. Eg á engan þátt í þeim breytingartillögum, sem þar standa og er þeim flestum mótfallinn. Það er fyrir vangá skrifstofunnar og misskilning, að eg er skráður þar sem flutningsmaður. Þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. um það, að styrkurinn til viðskiftaráðunautar sé færður niður um 2000 kr. hvort árið og að hann sé bundinn við nafn Bjarna Jónssonar. Eg álít það alls ekki tilhlýðilegt að leggja þetta starf niður. Það hefir mætt heldur ómjúkri mótspyrnu frá Dana hálfu og þeir hafa litið réttilega svo á, að þetta væri drjúgt spor í þá átt, að auka sjálfstæði Íslendinga, en það ætti einmitt að hvetja til þess að standa fastir fyrir og leggja starfið ekki niður með úsæmd. Viðskiftaráðunauturinn hefir gert landinu mikið gagn með fyrirlestrum sínum erlendis, margsinnis tekið málstað vorn, einkum gegn Dönum, er oft hafa kastað að Íslendingum og reynt að rýra málstað þjóðarinnar. Eins hefir hann stuðlað að því að koma á heppilegum viðskiftasamböndum við Ísland. T. d. sendu Svíar hingað í sumar hestakaupmenn til Norðurlands, sem keyptu þar allmargt af hestum og hafði það í för með sér mikla verðhækkun á útfluttum hrossum. Var það fyrir tilstilli ráðunautarins. Má vænta mikilla hags-

muna af þeim markaði á komandi tímum. Því fé, sem veitt er viðskiftaráðunautinum, er því ekki á glæ kastað.

Hannes Hafstein: Eg þóttist skilja það á háttv. forseta samþ. (Sk. Th.), að hann vildi gjarna, að sér væru veittar þessar 1200 kr. til þess að sækja 1000 ára hátíðina í Normandí fyrir alþingis hönd. Það gleður mig, hvað hann treystir sér vel. Ekki mundi mig fýsa að fara þessa för, ef eg væri í hans sporum. En það er nú víst líka nokkur munur á frönsku-kunnáttunni okkar. Mín er víst ekki beysin, ef það er satt, sem hann lagði svo mikla áherzlu á, að eg hafi í veizlu fyrir foringja á franska herskipinu látið »chefinn« sjálfan sitja sem lengst frá mér við borðið! En eg held að líka megi skilja þetta atriði á annan veg. Háttv. þm. hefir ef til vill ekki heyrt þess getið, að það er sumstaðar talin kurteisi, að vísa heiðursgestinum til sætis í heiðurssætinu við hlið húsfrúarinnar, án þess að húsbóndinn klíni sér þar hjá. Hann hefir þá oftast sitt sæti hinumeginn við borðið og lætur sér nægja að setja þann næst æzta hjá sér. Mér þykir ekki ósennilegt, að háttv. þm. kynnist einhverjum mannasiðum í þessa átt, ef hann fer þessa Frakklandsför, sem hann fýsir svo mjög til og í öllu falli vona eg, að hann verði búinn að læra það, áður en hann kemst í hið langþreyða ráðherrasæti — ef það á fyrir honum að liggja — og fer að halda »franskar veizlur« eða önnur heimboð. Eg vil að eins benda á annað atriði þessu viðvíkjandi. Það stendur, að þessar 1200 kr. eigi að notast í sumar, þó er lagt til að taka upphæðina á fjárlögin 1912—1913, löngu eftir að hátíðin verður um garð gengin. Hvernig hugsa menn sér, að upphæðin geti komið í landsreikningunum 1911? Eg held, að þessi till. hafi komið óvart fram hér, eða vanhugsað. Tillagan hefði átt að koma fram við aukafjárlögin frá 1910—1911, eins og styrkveitingin til magisters Guðm. Finnbogasonar. Af hverju það hefir ekki verið reynt veit eg ekki. Nú er eftir þingsköpum ómögulegt að koma þessu að í fjáraukalögum lengur, því þau eiga að eins eftir að fara í sameinað þing, og þar komast nýjar tillögur ekki að, eins og kunnugt er. En eins og nú er komið, skil eg ekki, hvernig þessi fjárveiting kemur að gagni á fjárlögum fyrir næsta fjárhagstímabil, nema því að eins að sendiherrann kosti ferðina úr sínum eigin vasa og eigi svo endurgreiðslurétt á því fé, þegar fjárlögin 1912—1913 eru komin í gildi.

Jón Þorkelsson: Eg skal strax drepa á þetta atriði. Við gleymdum að athuga það, að hér þurfti eiginlega fjárveitingu á fjáraukalögum. En fyrst það varð nú ekki, verður að bjargast við það fyrirkomulag, að forseti leggi sjálfur fram féð fyrst og fái það svo endurgreitt.

Eg heyri það sagt, að einn h. þm. hafi beint óviðurkvæmilegum orðum að mér, meðan eg var úti, en svo hefir mér verið sagt, að það hafi verið háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þá álít eg óþarft að svara því.

ATKVGR.:

Brt. 382 við 4. gr. feld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem.	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,

Já:	*Nei:*
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.

6 þm. (Bjarni Jónsson, Björn Sigfússon, Einar Jónsson, Jón Jónsson N.-M., Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl og Þorleifur Jónsson), greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Brt. 891 við 11. gr. B. 6. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-Múl.
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson.
	Sig Sigurðsson.

Brt. 906 við 12. gr 1. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Ólafsson,	Sig Gunnarsson.
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Blöndahl,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

1. brt. á þgskj. 910 við 12 gr. 2. sþ. með 18 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 903 við 12. gr. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson.	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson.
	Sig. Sigurðsson.

Brt. á þgskj. 911 við 13. gr. a. 2. sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl.	Sig. Sigurðsson.
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

2. brt. á þgskj. 910 við 13. gr. B. I. sþ. með 13 : 5 atkv.

Brt. á þgskj. 884 við 13. gr. B. II. sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,

Já:	*Nei:*
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Skúli Thoroddsen.	
Þorleifur Jónsson.	

Einn þm. (Bened. Sveinsson) greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Brt. 919. við 13. gr. B. II. 3. feld með 14 : 8 atkv.

— 851. við 13. gr. B. II. 4. sþ. með 16 : 1 atkv.

— 890. aftan við 13. gr. B. II. 7. sþ. með 19 shlj

— 919. við 13. gr. B. II. 8. feld með 13 : 6 atkv.

— 879, við 13. gr. B. III. 1. sþ. með 14 : 2 atkv.

— 887 við 13. gr. B. III. (milli 6. og 7. lið) feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson.
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv.

Brt. 868 við 13. gr. B. III. (eftir 7,) sþ. með 14 : 3 atkv.

— 883. við 13. gr. B. IX. sþ. með 14 : 2 atkv.

— 864. við 13. gr. B. XI. sþ. með 13 : 4 atkv.

Brt. 910. (brt. á 894.) við 13. gr. C. 1. sþ. með 14 : 10 atkv.

— 910. við 13. gr. C. 1. sþ. með 16 : 2 atkv.

— 910. við 13. gr. D. II. 2. sþ. með 14 shlj. atkv.

— 905. við 13. gr. D. III. sþ. með 14 : 10 atkv.

— 905. við 13. gr. D. III. sþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Sig. Sigurðsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Brt. 910. við 13. gr. E. VIII. feld með 14 : 11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og talinn til meiri hlutans.

Brt. 862. við 13. gr. E. VIII. tekin aftur.

— 895. við 13. gr. E. VIII. sþ. með með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stef. Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 3. 919. við 13. gr. E. XII. feld með 14 : 7 atkv.

— 2. 884. við 13. gr. E. XVIII. sþ. með 15 shlj.

— 7. 910. við 14. gr. A. b. 2. sþ. með 15 : 1 atkv.

— 8. 910. við 14. gr. A. b. 6. sþ. með 18 : 2 atkv.

— 10. 910. við 14. gr. B. III. a. feld með 15 : 6 atkv.

— 9. 910. við 14. gr. B. III. a. þar með fallin.

— 11. 910. við 14. gr. B. VI. a. 1. feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Stef. Stefánsson,	Magnús Blöndahl,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,

Jón Jónsson S.-M. greiddi ekki atkv.

Brt. 880. við 14. gr. B. VI sþ. með 13 : 5 atkv.

— 916. við 14. gr. VI. b. 1. feld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson S.-M.	Jón Jónsson N.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Björn Þorláksson, Björn Kristjánsson, Hálfdán Guðjónsson, Magnús Blöndahl, Sig. Gunnarsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og voru því taldir með meirihlutanum.

Brt. 896. við 14. gr. B. VI. c. feld með 13 : 6 atkv.

— 888. við 14. gr. B. VI. feld með 15 : 5 atkv.

—. 886. við 14. gr. B. VI. g. sþ. með 16 shlj. atkv.

— 885. við 14. gr. B. VI. n. sþ. með 19 shlj. atkv.

— 910, 12. við 14. gr. B. VI. f. sþ. með 13 : 2 atkv.

— 910, 13. við 14. gr. B. VII. b. sþ. án atkvgr.

Viðaukatill. 913. við 15. gr. 2. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Björn Sigfússon greiddi ekki atkv. og var því talinn með meirihlutanum.

Brt. 910, 14. við 15. gr. 3. e. feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Gunnarsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv.

Brt. 923. við 15. gr. 5. lið sþ. með 14 : 1 atkv.

— 919. við 15. gr. tekin aftur.

— 910, 15. við 15. gr. 19. lið sþ. með 21 shlj. atkv.

— 910, 16. við 15. gr. 30. lið sþ. með 17 : 1 atkv.

— 910, 17. við 15. gr. 34. lið feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson N.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Pétur Jónsson, Sig. Gunnarsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og voru því taldir með meiri hlutanum.

Brt. 914. við 15. gr. feld með 13 : 8 atkv.

— 910, 18. við 15. gr. 45. sþ. með 16 : 1 atkv.

— 910, 19. við 15. gr. 46. sþ. með 18 : 2 atkv.

— 901. við 15. gr. feld með 15 : 7 atkv.

Viðaukatill. 930. við 15. gr. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson.	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Hálfd. Guðjónsson, Jón Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv.

Viðaukatill. 912. við 15. gr. sþ. með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Jónsson, Jóh. Jóhannesson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv. og voru því taldir með meirihlutanum.

Brt. 910, 20. við 16. gr. 1. d. sþ. með 13 : 5 atkv.

— 910, 21, við 16. gr. 6. sþ. með 19 atkv.

Viðaukatill. 908. við 16. gr. feld með 16 : 3 atkv.

Brt. 910, 22. við 16. gr. 13. sþ. með 21 atkv.

— 892. við 16. gr. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N. M.,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 897. feld með 16 : 3 atkv.

Brt. 910, 23. sþ. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Sigfússon,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Jóh. Jóhannesson,	Stefán Stefánsson.
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Ólafsson og Magnús Blöndahl greiddu ekki atkv. og töldust til meirihlutans.

Brt. 910, 24. sþ. með 17 : 2 atkv.

— 910, 25. sþ. með 15 : 7 atkv.

— 910, 26. (á að vera 1200 kr.) sþ. með 13 : 6 atkv.

— 928. tekin aftur.

— 910, 27. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Jón Olafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meirihlutans.

Brt. 898. (út að »Erindisbréf« etc.) sþ. með 14 : 9 atkv.

— 898. (»Erindisbréf« etc.) sþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N. M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Sigurðsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv., og töldust til meirihlutans.

Brt. 910, 28. feld með 14 : 7 atkv.

— 910, 29. feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen.
	Þorleifur Jónsson.

Björn Sigfússon greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hluta.

Brt. 907 tekin aftur.

— 887 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.
	Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson og Jón Jónsson N.-M. greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hluta.

Brt. 918 feld með 17 : 1 atkv.

— 910, 30. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Benedikt Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Stefán Stefánsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hluta.

Brt. 904 sþ. með 19 atkv. shlj.

— 910, 31. sþ. með 17 : 7 atkv.

— 889 fellur þar af leiðandi burt.

— 893 feld með 17 : 3 atkv.

Brt. 902, 1. feld með 16 : 5 atkv.
— 902, 2. feld með 15 : 9 atkv.
— 902, 4. feld með 15 : 6 atkv.
— 902, 5. feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson S.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

Björn Sigfússon og Hálfdan Guðjónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Brt. 902, 6. feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson S.-M,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,

Björn Sigfússon, Einar Jónsson, Hálfdan Guðjónsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Brt. 902, 7. feld með 14 : 5 atkv.
— 902, 8. feld með 13 : 6 atkv.
— 902, 9. feld með 13 : 7 atkv.
— 902, 10. feld með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Blöndahl,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Skúli Thoroddsen,

Benedikt Sveinsson, Jóh. Jóhannesson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans. Þorleifur Jónsson ekki við.

Brt. 902, 12. feld með 15 : 7 atkv.
— 915, 5. þar með fallin.
— 877 feld með 12 : 12 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.	Einar Jónsson,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv.

Brt. 869 feld með 13 : 5 atkv.
— 910, 32. sþ. með 13 : 4 atkv.
— 834 sþ. með 13 shlj. atkv.

Frv. þannig breytt sþ. með öllum atkvæðum og endursent Ed.

Fjáraukalög 1910 og 1911.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911; (Stjórnarfrv. A. bls. 56). Fyrsta umr. 17. febr.

Ráðherrann (B. J.): Eftir þessu frv. er farið fram á rúmra 100 þús. kr. fjárveiting fyrir ýmsan kostnað fram yfir það, sem veitt er í fjárlögunum. Er eins og vant er þörf á slíku, bæði af fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum atvikum. Um þetta læt eg mér nægja að vísa til athugasemdanna við frumv. Eg skal að eins benda á eina fjárveitingu, 40 þús. kr. til fyrirhugaðs loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmanneyja. Um það hefir verið gerður samningur upp á væntanlegt samþykki alþingis. Mun eg gefa nefnd þeirri, fjárlaganefndinni, er um málið mun fjalla, skýrslu um það. Um árskostnaðinn við rekstur stöðvarinnar skal eg taka það fram, að hann er nokkuð settur af handahófi í fjárlögunum og mun vart reynast nákvæmur. Stafar það af því, að stjórninni höfðu ekki borist nægar skýrslur um þetta efni, er fjárlagafrv. var úr garði gert. Eg þykist mega fullyrða, að árskostnaðurinn verður nokkuru minni, en ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. stjórnarinnar, einkum við stöðina í Reykjavík. Eg mun á sínum tíma gera nefndinni grein fyrir því.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að þessu frv. sé vísað til fjárlaganefndar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til fjárlaganefndar í einu hljóði og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 15. marz, (stjórnarfrv. A. bls. 56, n. 166, 178, 182, 183, 194, 197).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg ætla að eins að segja örfá orð og mæla fram með frumv. Eg vona, að menn hafi kynt sér nefndarálitið og hefi eg engu við að bæta það, sem þar stendur. Í fjáraukalagafrumvarpi stjórnarinnar, var gert ráð fyrir 112,000 kr. útgjöldum. Nefndin hefir breytt frumv. dálítið, lækkað sum útgjöld og numið nokkur burtu. Aftur á móti hefir hún bætt inn nokkrum útgjöldum og hækkað önnur. Eg ætla ekki að fara nákvæmlega út í þau atriði nú, en aðeins geta þess, að samkv. nefndarálitinu eru útgjöldin á fjáraukalögunum fyrir árin 1910 og 1911, 118,000 krónur.

Í sambandi við þetta, skal eg geta þess, að margar breyt.till. hafa komið fram frá háttv. þm. og skal eg ekki fara lengra út í þá sálma nú, en að eins geta þess, að þessar breytingar nema um 40 þúsund kr. hækkun á fjáraukalögunum fyrir árin 1910 og 1911. Eg álít, að það sé mjög athugavert, að samþykkja þessar breyt.till. hinna háttv. þm. og eg vil benda mönnum á að fara varlega í slíkum fjárveitingum og gæta þess, að fjárhagur landssjóðs er mjög erfiður nú. Hvar ætla menn að taka alt það fé, sem þarf að brúka, ef allar breytingartillögurnar verða samþyktar? Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr. 17. og 18. marz, (stj. frumv. A. bls. 56, n. 166, 178, 182, 183, 194, 197, 198, 199, 204, 211, 224, 225, 229).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg skal ekki vera fjölorður, enda get eg vísað til nefndarálitsins, en þarf þó að minnast á nokkrar breyt.till., sem nefndin hefir gert við frv. stjórnarinnar. Fyrst er að minnast á brtill.

við þá tillögu stjórnarinnar, að heilsuhælinu á Vífilsstöðum verði greitt fyrra árið 8333 kr., en síðara árið 15,000 kr. Hér leggur nefndin til, að heilsuhælið fái að eins 8000 kr. hvort árið. Það virðist hafa vakað fyrir stjórninni, að koma heilsuhælinu á landssjóð. En minna má á það, að þegar mál þetta var í undirbúningi, var það látið í veðri vaka, að heilsuhælið skyldi stofnað og rekið með frjálsum tillögum góðra manna, og undirtektir almennings gáfu góða von um, að þetta mundi lánast. Á síðasta þingi voru svo veittar 10,000 kr. til hælisins og ef breyt.till. nefndarinnar verður samþykt, fær það 18,000 kr. þetta ár. Það vakti fyrir nefndinni, að hærri fjárveiting væri ofvaxin fjárhag landssjóðs. Og þar að auki, þótt fjárhagur landssjóðs væri í betra lagi, þótti nefndinni það óráðlegt, að draga úr áhuga manna á að safna gjöfum og tillögum, með því að veita enn hærri styrk úr landssjóði. Áætlun um kostnaðinn við að reka hælið lá fyrir nefndinni, en sú áætlun er bygð á ágizkunum, en ekki reynslu, enda er engin reynsla enn þá fengin, þar sem hælið eigi tók fyr til starfa en í sept. síðastliðið ár. Nefndinni virtist áætlunin í mörgum greinum helzt til há; meðal útgjaldanna er t. d. 900 kr. vátryggingargjald og telur nefndin ekki ólíklegt, að því mætti sleppa, þar sem húsið er bygt úr steinsteypu og eldsvoðahættan lítil eða engin. Loks vil eg benda á eitt atriði, sem sýnir, að hælið ætti að geta komist af án mikils styrks úr landssjóði. Höfuð-tekjugrein hælisins er meðgjöf sjúklinganna, en hún er ekki nema helmingur við það, sem tíðkast erlendis; ef hún væri hækkuð t. d. um 50 aura á dag, þá mundu tekjurnar aukast til stórra muna. Nefndinni þótti því ekki tiltækilegt, að hafa þessa fjárveitingu hærri.

Þá er ein ný till. um, að lagðar verði 5000 kr. til Reykjadalsbrautar. Til þeirrar brautar hefir talsvert fé verið lagt á gildandi fjárlögum, en talið er að það sé oflítið til þess, að brautin geti komist svo langt, að fult gagn verði að henni. Þess skal getið, að nefndin hefir orðið ásátt um, að tillagið til Reykjadalsbrautar á næstu fjárlögum verði lækkað um þessar sömu 5000 kr.

Til hraðskeytasambands milli Vestmanneyja og Reykjavíkur leggur nefndin til, að veittar verði 40,000 kr. Sumir nefndarmenn héldu fram símasambandi, aðrir loftskeytasambandi. Svo sem menn mun reka minni til, var á síðasta þingi rætt um, að koma Vestmanneyjum í samband við land; var þá helzt talað um sæsíma og svo landsíma frá Garðsauka til sjávar. Eg ætla mér ekki að tala um loftskeytamálið fyrir hinni háttv. deild, eg er ekki vel fær um það, enda veit eg, að annar háttv. þm. muni gera það seinna. En þó að sumir nefndarmenn aðhyltust loftskeytasambandið, vegna þess, að það mundi eiga meiri framtíð fyrir sér og vera ódýrara en sæsími, þá samdist svo, að setja fyrir »loftskeytasamband« »hraðskeytasamband« og fela svo stjórninni að útvega allar upplýsingar um málið og ráða sem heppilegast fram úr því á sínum tíma. Annars hefir hver einstakur nefndarmaður óbundnar hendur, þegar til atkvæðagreiðslu kemur um þetta mál.

Nefndin hefir lagt til, að veittar verði 7000 kr. til brautar meðfram Ingólfsfjalli. Stjórnin hefir með sérstöku bréfi skorað á nefndina um þá fjárveitingu og vegaverkfræðingurinn er henni meðmæltur. Vegurinn meðfram Ingólfsfjalli er nú ófær vögnum, og er því nauðsynlegt, að þar verði gerð akbraut, ef vegurinn austur og til Reykjavíkur á að koma að fullum notum.

Þá er ein lítil fjárveiting, 300 kr., til

þess að setja rautt horn í Reykjanesvita; það eru skipstjórar sameinaða gufuskipafélagsins, sem bent hafa á, að þörf væri á þessu. Eg vil í þessu sambandi geta þess, þó að ekki sé um reglulega fjárveitingu að ræða, að vitaverkfræðingurinn hefir skýrt svo frá, að nauðsyn bæri til, að hér væri upplag af ýmsum tækjum til vitanna. Hefir hann farið fram á, að stjórninni yrði veitt heimild til þess að kaupa slík tæki fyrir 4000 kr., og bendir hann á, að þá upphæð mætti taka af 9000 kr., sem menn gera sér von um að sparist af fjárveitingunni til Rifstangavita, sem nú á að byggja.

Stjórnin hefir lagt til, að veittar verði 1600 kr. til aðgerða á lóð og húsi kennaraskólans. Nefndinni þótti svo sem viðgerðir á lóðinni mættu bíða, en vill veita 600 kr. til endurbóta á húsinu.

Þá hefir nefndinni borist erindi frá stýrimannaskólanum um, að loftin í kenslustofunum séu orðin gömul og fornfáleg, og vill hún veita 500 kr. til nauðsynlegra viðgerða á þeim. — Stjórnin hefir skýrt frá, að landskjálftamælirinn liggi undir skemdum, vegna þess, að herbergið sé slæmt, sem hann er geymdur í, og vill nefndin veita 300 kr. til þess að ráðin verði bót á því.

Nefndin leggur til, að feld verði 1000 kr. fjárveiting til Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, til þess að gefa út rit um söngfræði; nefndin efast ekki um, að rit þetta yrði vel samið og gróði fyrir söngfræðinga að fá það, en landssjóður hefir í mörg horn að líta, og því verður nefndin að vera mótfallin þessari styrkveiting. Aftur á móti leggur öll nefndin til, að forseta bókmentafélagsins verði veittar 400 kr., sem hann hefir sótt um til þess að geta verið viðstaddur 100 ára afmælishátíð háskólans í Kristjaníu. Honum hefir verið boðið þangað af háskólanum og álítur nefndin, að sjálfsagt sé að þiggja það boð. — Þá er en ein breyt.till. viðvíkjandi bændaskólanum á Hvanneyri. Samkvæmt reglugerð skólans á að kenna þar leikfimi og glímur. Nú hefir skólastjóri skýrt frá, að hús vanti til þess; hins vegar er til nokkur afgangur af ýmiskonar efni frá því að skólahúsið var bygt á síðastliðnu ári og bendir skólastjóri á, að þennan afgang megi nota til þess að koma upp leikfimishúsi, ef nokkuð fé yrði veitt í viðbót. Þótt þessi afgangur yrði seldur, mundi ekki fást mikið fyrir hann, en hins vegar er ekki hægt að geyma hann lengi, því að hér er aðallega um steinlím að ræða. Nefndin vill því mæla fram með, að veittar verði 2000 kr. til þess að reisa leikfimishús úr steinsteypu á Hvanneyri.

Þá hefi eg stuttlega farið yfir brtill. og viðaukatill. sjálfrar nefndarinnar. Eftir að nefndarálitinu var útbýtt, hafa komið ýmsar breyt.till. frá þm., og hefir nefndin íhugað þær og tekið afstöðu til sumra þeirra, en þó ekki allra. Eg vil minnast á breyt.till. á þgskj. 178 frá háttv. þm. Dal. (B. J.), þar sem farið er fram á, að »til þess að háskóli Íslands geti byrjað 17. júní þ. á., skuli veitt svo mikið fé, sem nemur mismuninum á kenslulaunum þeim, sem nú eru goldin kennurum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, og þeim kenslulaunum, er gjalda skal kennurum í 4 deildum háskólans«, en sá mismunur nemur 7,400 kr. Nefndin er í heild sinni móti þessari breyt.till., þótt hér sé ekki um mikla upphæð að ræða. En það vakti fyrir nefndinni, að þessi fjárveiting mundi draga aðra miklu meiri á eftir sér, ekki sízt þegar litið er til þess, að alt er ónýtt, ef ekki er reist hús handa háskólanum. Í gær

var rætt um færslu þingtímans hér í deildinni og miðuðust skoðanir margra þingmanna við það, að háskólinn gæti, ef til vill, fyrst um sinn notað alþingishúsið. En þau urðu málalok í gær, að nú er loku skotið fyrir það, og virðist því nefndinni slík fjárveiting, sem hér er farið fram á, muni ekki geta komið að neinu gagni, fyr en húsið er reist. Nefndin leggur því til, að þessi brtill. verði feld.

Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 182 um að veita ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun, þá er fjárlaganefndin henni mótfallin.

Þá er breyt.till. á þgskj. 183 um fjárveitingu til nánari rannsóknar hafnarstæðis í Vestmannaeyjum. Að svo vöxnu máli treystir nefndin sér ekki til að mæla með þeirri breyt.till. Væntanlega skýrir flutnm. málið, og hefir þá hver nefndarmaður óbundnar hendur um atkvæði sitt.

Breyt.till. á þgskj. 194 sér nefndin sér ekki fært að leggja með að svo stöddu. Skal eg í sambandi við það geta þess, að til tals kom í nefndinni líkt mál þessu: að kaupa bæjarsímakerfið í Reykjavík, sem mundi verða landssjóði mjög arðsamt. Slík kaup ættu að sitja fyrir.

Breyt.till. á þgskj. 198, um að veita 400 kr. styrk til vélbátaferða milli Papóss og Hornafjarðar, leggur nefndin á móti af þeirri ástæðu, að fé er veitt á gildandi fjárlögum til vélbátaferða og því hægur nærri að sækja til stjórnarinnar um styrk.

Breyt.till. á þgskj. 199 og 204 um fjárveiting til brúargerðar á Bakkaá og Hölkná getur nefndin ekki mælt með, ekki af því að téðar fjárveitingar kunni ekki að vera nauðsynlegar, heldur af því að ekki liggur fyrir álit verkfræðings landsins, og fyrst verkfræðingurinn er nú einu sinni til, þá vill nefndin ekki ganga í berhögg við hann, því að brýr á ekki að leggja út í bláinn, heldur á að fara eftir vissri reglu.

Þgskj. 211 fer fram á 3000 kr. fjárveitingu til Borgarfjarðarbrautarinnar. Nefndin leitaði álits verkfræðingsins um þessa fjárveitingu, og taldi hann hana vera óþarflega háa, því að hér væri að ræða um illfæra mýri, og mundu 2000 kr. nægja til að koma brautarendanum úr mýrinni upp í holt. Út af þessu kom nefndin fram með breytingartillögu um 2000 kr. fjárveitingu, og vill því skjóta því til háttv. flutnm. að taka sína breyt.till. aftur.

Skal eg svo ekki orðlengja meira um frumv. að þessu sinni.

Björn Jónsson: Það er um loftskeytasambandið aðallega, sem eg ætla að tala. Eg hygg, að það sé það eina rétta, sem velja beri í þessu máli. Ráðunautur stjórnarinnar hér í símamálum, landsímastjórinn, er gallharður móti loftskeytum. Ef sími yrði lagður til Vestmannaeyja, mundi það bráðlega koma í ljós, að því fé væri algerlega á glæ kastað, og að nauðsynlegt yrði að setja upp loftskeytastöð alt um það, bæði vegna tíðra bilana á sæsímanum milli lands og eyja, eins og í Færeyjum, og vegna skipa, sem hafa loftskeytatæki. Þar að auki er búist við, að skip, sem koma við á Bretlandi og hafa 15 farþega eða fleiri verði þá og þegar skylduð með lögum til að hafa loftskeytatæki. Enn er það, að »Islandsfalk« hefir þegar fengið sér þessi tæki, og sjá allir, hversu nauðsynlegt er, að varðskipið geti notað þau hér vegna botnvörpuveiðanna. Ennfremur er mér sagt, að brezki fiskiflotinn hér við land muni vera kominn á flugstíg að koma sér upp loftskeytatækjum.

Af þessu er auðsætt, að loftskeytasamband hér yrði mjög fljótt næsta arðsamt fyrirtæki, því að skip mundu brátt

taka upp loftskeyti og með tímanum mundi skifta hundruðum skipin, sem notuðu sambandið. Þegar eg átti tal við forstjóra mikla norræna símafélagsins um þetta efni í vetur (Suenson) var hann í fyrstu andvígur því, en er eg lýsti fyrir honum, hversu mikill tekjuauki þetta yrði fyrir millilandasímann, fékst hann á, að rétt væri að setja upp loftskeytastöð í Vestmannaeyjum.

Nú hefir því verið varpað fram af símastjóranum hér, að hentast væri að leggja síma til Vestmannaeyja, en hafa loftskeytastöð hér í Reykjavík, og heldur hann, að loftskeytastöðin yrði starfrækt með sama fólki, sem hér er á símastöðinni. Ef þetta ráð væri tekið, og koma ætti síðan Skaftafellssýslum í loftskeytasamband við Reykjavík, kostaði hvorttveggja 60—65 þús. kr., og mun þó vera lágt talið; í stað þess mundi loftskeytasambandið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja kosta í mesta lagi 40 þús. kr. Sá er ennfremur munurinn, að með loftskeytasambandi til Vestmannaeyja er fengið samband við alt landið, meira að segja við allan heiminn. Þingið má ekki taka mark á óskum einstakra manna eða þingmálafunda í einu héraði; þetta snertir alt landið. Þingmálafundir eru ekki neitt yfir-alþingi, þótt sumir kunni að líta svo á. Það fer upp og niður hverjir sækja þingmálafundi, sumir eru merkismenn, en misjafn sauður í mörgu fé vitanlega; þar um ræður tilviljun mestu. En þótt þingmenn leggi áherzlu á, að *talað* verði um land frá Vestmannaeyjum, þá er því til að svara, að með loftskeytum má nú orðið tala í 40 rasta fjarlægð. Það er með öðrum orðum upp á Rangárvelli, og loftskeytalistin er á svo miklu framfarastigi, að búast má við að eftir örfá missiri verði hægt að tala miklu lengra.

Enn er eitt ótalið, sem ríða á baggamuninn, en það er það, er sagt hafa mér sérfróðir menn, að eins og illviðri á landi hafa þau áhrif á símasamband þar, hvernig sem á því stendur, að oft heyrist mjög illa, þegar talað er langa leið, þá er að sögn enn meiri tálmi að slíku á sjó (brim), auk þess sem símanum yrði mjög hætt við slitum, og yrði það ekki lítið fé, sem til þess færi. Um sundið milli Frakklands og Englands kvað vera oft ókleift að tala, þótt tala megi viðstöðulaust aðra eins vegalengd og er frá Berlín og suður í Róm.

Milli Þórshafnar og Suðureyjar á Færeyjum slitnaði síminn 13 sinnum árið sem leið, og er vert að hugsa til þess, ef hér þyrfti að bæta símann, þótt ekki væri nema helmingi sjaldnar. Eða hví skyldi hættan vera minni hér en í Færeyjum, einkum er við bætist sú hætta, sem stafar af botnvörpunum hér við land. Ef farið væri að leggja sæsíma til Vestmannaeyja yrði að halda áfram símanum austur um Skaftafellssýslu. En margfalt ódýrara væri að hafa loftskeytasamband við Vestmannaeyjar. Loftskeytastöðvar á 5 stöðum í Skaftafellssýslu, Vík, Þykkvabæ, Kirkjubæ, Öræfum og í Hornafirði, með sambandi við Vestmannaeyjar, mundu ekki kosta meira en venjulegur landsími ekki lengri veg en frá Garðsauka til Víkur í Mýrdal. Það sjá því allir, hvílíkt óvit það er, að taka ekki loftskeytasambandi vegna þessa svæðis eins, þótt ekki væri annað. Þar við bætist, að landslagi í Skaftafellssýslum er svo háttað, að ókleift er að leggja þar landsíma vegna vatna og jökla.

Þá eru ekki smáræðishlunnindi að loftskeytastöð, meðal margra annara, að þær geta orðið til að bjarga lífi manna, eins og mörg dæmi eru til.

Það er ábyrgst, að loftskeytastöð í Vestmannaeyjum mundi draga 350 enskar mílur. Um Ástralíueyjar, Azoreyjar

og Canaríeyjar eru alstaðar notaðar loftskeytastöðvar.

Mér hefir verið svo frá sagt af fróðum mönnum, að ein símabilun mundi ekki kosta landið minna en 10 þús. kr. Látum nú svo vera, að þessi sæsími ætti að vera traustari en allir aðrir sæsímar. Þótt hann slitnaði ekki nema 10 sinnum á ári, þá yrðu það 100 þús. kr., og landssjóð munar um minna en það.

Þetta tilboð, sem stjórninni hefir verið gert, er yfirleitt svo ódýrt og aðgengilegt, sem frekast verður á kosið, og er það sjálfsagt mjög að þakka landa vorum, hr. Vilhjálmi Finsen. Félag þetta býðst til þess að reisa þessar stöðvar nú síðari part sumars og að starfrækja þær landinu að kostnaðarlausu það sem eftir er árs þá. Þeirri grýlu hefir óspart verið fyrir sig brugðið hér og af miklu kappi, að það kosti svo afarmikið að starfrækja þessar stöðvar, og tekin dæmi frá Noregi. Þeir sem þá töluðu höfðu nú víst reyndar enga þekkingu á þessu, nema hvað þeir höfðu lesið það í einhverju blaði, að það hefði kostað 3—4 þús. kr. á ári að starfrækja eina stöð á Hálogalandi. En það vill nú svo til, að þessi stöð var hálfu dýrari en annarsstaðar gerist, af því að henni var svo óhaganlega fyrir komið. Þar unnu 3 menn, þar af 1 yfirmaður, stöðin var opin dag og nótt og 8 tíma vaka. Þess vegna varð þetta svo dýrt. Aðrar stöðvar, sem síðan hafa verið reistar þar, hafa reynst meira en helmingi ódýrari.

Eg hygg, að þessi skýrsla ætti nú að vera nóg til þess, að engum ætti að detta í hug að fleygja jafnmiklu fé í sjóinn af þessari ástæðu. Að vísu geta menn nú reynt að segja — því »þau tíðkast hin breiðu spjótin« — að þetta sé tilbúningur, að eg segi ekki lýgi, og eg fer nærri um það, að sumum kunni að þykja það vel við eiga, þegar eg á í hlut. En eg skal benda á það, að hægt mun vera að fá fulla sönnun fyrir hverju atriði, sem hér er sagt, á undan 3. umr.

Jón Sigurðsson: Eg ætla að segja fáein orð um breyt.till. á þgskj. 211. Það eru 3 þús. kr. til Borgarfjarðarbrautar, sem hér er farið fram á. Þessi vegur hvílir á landssjóði, en fé það, sem var fyrir hendi er nú þrotið, og svo stendur á, að vegarspottinn endar í ófærri mýri. Hér liggur nú fyrir ósk frá eigendum landsins og hlutaðeigandi sýslumanni um það, að fé sé veitt til þess þegar á þessu þingi, að brúa mýrina. Það er hin brýnasta nauðsyn, að það verði gert þegar á næsta sumri, því að nú er hún ekki fær nema á klaka, svo að annars verður að fara um tún og engjar, svo að brautin kemur ekki að notum, nema hún sé lengd upp í holt, sem er fyrir ofan mýrina.

Eftir lauslegu samtali við verkfræðing landsins býst eg við, að þetta mundi kosta 3 þús. kr., en eg get búist við því, að breyt.till. háttv. fjárln., sem fer fram á 2 þús. kr., hafi meira fylgi, og að þar sem tilgangurinn er sá sami, þá verði hún samþykt. Hún verður borin upp fyrst, og ef hún nær fram að ganga, þá er mín till. þar með fallin. En samkvæmt upplýsingum frá háttv. framsögumanni nefndarinnar, vænti eg að minsta kosti þess, að ekki verði nein fyrirstaða fyrir að fá það, sem þar er farið fram á.

Eg skal ekki að svo vöxnu máli blanda mér mikið inn í það, sem hér er til umræðu um loftskeytin til Vestmannaeyja. En eftirtektavert þótti mér það, að nú skuli það enn vera viðurkent af meðmælendum loftskeytanna, að þau séu enn þá á tilraunastiginu. 1905 var því sama haldið fram, en þá var sagt, að þau væru í svo mikilli framför, að eftir 2—3 missiri væru þau al-

fullkomin. Nú heyrum vér hið sama, og það segja fylgismenn þeirra. Enn er það ekki víst, hve stórt svæði þau ná út yfir. Eg álít það því hyggilega gert af hátttv. fjárl.n, að leggja það að landsstjórninni verði falið að velja um, hvort heldur skal taka loftskeyti eða sæsíma, þá er hún hefir kynt sér hvorttveggja, eftir þeim upplýsingum, sem hún getur aflað sér. Sérstaklega er það rétt að fela stjórninni þetta nú, því að vér höfum stjórn, sem vér getum treyst og ekki er ástæða til að taka fram fyrir hendurnar á. Skal eg svo ekki tefja umræðurnar meira að þessu sinni.

Jón Magnússon: Eg á hér tvær breyt.till., og gleður það mig, að háttv. fjárl.n. hefir tekið vel í aðra þeirra. En eg á bágt með að skilja, hvers vegna hún hafi ekki fallist einnig á hina.

Eg hefi farið fram á það, að frú Þóra Melsteð fái að njóta eftirlauna frá dauðadegi manns hennar, Páls Melsteðs sagnfræðings Mér finst sem sé sjálfsagt að ef þingið veitir henni eftirlaun á annað borð, þá fái hún þau frá þeim tíma, sem hún þarf þeirra með, þ. e. frá dauða manns hennar, sérstaklega þar sem hún er orðin svo háöldruð, komin hátt á níræðisaldur. Það gæti farið svo, að ef nú ætti að fara að draga þessa styrkveitingu í 2 ár, að þá nyti hún hennar aldrei. Enda hefir stjórninni þótt þetta svo sjálfsagt, að hún hefir þegar veitt henni eftirlaun frá 1. marz 1910, og standa þau í samræmi við eftirlaun manns hennar. Það getur verið efi um það, hvort full lagaheimild er fyrir þessu, en um það skal ekki deilt. Eg ætla ekki að fara að tala um það, hvort kona þessi eigi skilið að fá þá viðurkenningu, er hér er farið fram á. Um það eru víst allir samdóma. Hún er ekkja manns, sem þjóðin á mikið gott upp að unna, og sjálf hefir hún einnig um langan aldur um 40 ár varið öllum kröftum sínum í almennings þarfir og unnið mikið verk til þjóðþrifa. Eg vona því, að menn sjái, að það er ekki nema skylt, að hún fái styrk frá þeim tíma, er hún misti manns síns við.

Að því er hina breyt.till. snertir, þá hefir fjárl.n. vikist vel við henni, eins og líka sjálfsagt er. Eg tel samt sjálfsagt að skýra nokkuð, hvernig á stendur með hana. Hún ætti að vera háttv. fjárlaganefnd kunnug, því að leitað hefir verið um höfn í Vestmannaeyjum til fjárlaganefndanna hér á þingi bæði 1907 og 1909. Árið 1909 lágu hér fyrir þinginu teikningar og áætlanir um hafnargerð frá Krabbe verkfræðingi og hefir mér ekki enn tekist að fá þeim gögnum skilað aftur síðan. Þau munu hafa lent annaðhvort hjá fjárlaganefndinni eða í stjórnarráðinu. 1908 var verkfræðingurinn í Vestmannaeyjum og mældi höfnina og gerði áætlun um kostnaðinn. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að gera mætti nokkurn veginn góða bátahöfn með um 40 þús. kr. tilkostnaði, en ef hún ætti að koma að fullum notum, bæði fyrir báta eyjabúa og hafskip, þá þyrfti til þess miklu meira fé. Fjárlaganefndin 1907 tók það til íhugunar, hvort landið sjálft, sem á allar eyjarnar, væri ekki eiginlega skyldugt til að gera þar höfn og njóta síðan hagsmunanna af henni. En peningaleysið var því til fyrirstöðu, og eg fyrir mitt leyti hefi ekki von um það, að landssjóði sé fært að leggja svo mikið til þessa fyrst um sinn, sem með þarf. Eyjabúar byggja ekki á því heldur, en hafa nú staðráðið að gera höfn fyrir alt að 60 þús. kr. Þeir treysta því, að þetta muni borga sig, því að þeir eiga bátaútveg, sem kostar um 300 þús. kr. eða meira, og hann er í hættu staddur eins og er, og þeir hugsa sér ekki að leita styrks hjá þinginu til þessa. En þeir ætlast til þess, að þeim

verði veitt þessi litla upphæð til þess að rannsaka hafnarstæðið til fullnustu, því að þeir vilja ekki leggja út í þetta stórræði, nema undan sé genginn hinn nauðsynlegi undirbúningur. Annarsstaðar hefir þótt sjálfsagt, að veita ekki einungis fé til rannsókna og undirbúnings slíkum fyrirtækjum, heldur og $^1/_3$ hluta af öllum kostnaðinum. Það er því lítið, sem hér er farið fram á, svo að eg get ekki hugsað mér, að neitað verði um það. Hugsunin er sú, að reyna að fá álit reynds hafnarverkfræðings um málið, og getur hann að sjálfsögðu bygt álit sitt á skýrslum, sem þegar eru fengnar. Þetta kemur ekki af vantrausti á Krabbe verkfræðingi, heldur vilja eyjaskeggjar vera öruggari um það, að óhætt sé að ráðast í fyrirtækið. Eg vona nú, að eg hafi sannfært háttv. deild um það, að hér er ekki farið fram á annað en það, sem sjálfsögð skylda sé að veita. Og eg get bætt því við, að þetta er því sanngjarnara, þar sem Vestmannaeyjar njóta ekki neinna hlunninda frá landinu til samgangna, og eru ekki vanir að betla á þingið, en leggja meira í landssjóð en nokkrir aðrir, nema ef til vill Reykvíkingar. Tekjur landssjóðs af Vestmannaeyjum nema nú meira en 40 þús. kr. á ári, og það ætti þó að vega nokkuð.

Eg hefi ekki komið fram með brtill. viðvíkjandi hraðskeytasambandinu við Vestmannaeyjar, þótt eg fyrir mitt leyti áliti það sjálfsagt að koma þar á sæsímasambandi. Eg skal ekki rengja skýrslur háttv. fyrv. ráðherra (B. J.), það sem þær ná, en geta skal eg þess, að eg hefi ekki mikla trú á því, að stórar tekjur fáist af loftskeytasambandinu við farþega- eða fiskiskip. Það er vitanlegt, að símatekjurnar koma mestmegnis frá kaupmönnum og öðrum, sem hafa samskonar viðskifti. Og þótt nokkur fiskiskip kynnu að útvega sér slík tæki, þá mundu tekjurnar ekki aukast mjög mikið við það. Nú sem stendur hafa varla nokkur fiskiskip, þeirra er koma hér við land, loftskeytaáhöld. Það getur verið, að ný skip fái sér þau, en það mun kosta eitthvað 3—5 þús. kr. Það er völt ágizkun að byggja mikið á slíku. Ennfremur efast eg um, að reksturskostnaður við loftskeytin sé áætlaður nógu hátt. Það má vel vera, að þetta sé í boði nú, en ekki er ólíklegt, að félagið bjóði svo lágt meðan það er að smeygja sér inn, en hækki svo seinna, þegar það er komið vel á laggirnar hér. Það tjáir ekki að mæla á móti því, að loftskeytasamband er mikið ófullkomnara. Þótt hægt sé auðvitað að senda loftskeyti milli eyja og lands, hvað er það þó á móti því, að geta talað í síma um alt landið? Eg held, að allar ástæður háttv. þm. Barð. (B. J.) séu óábyggilegar. Sú ástæða hefir oft komið fram, að sæsími milli eyja og lands sé altaf í mikilli hættu vegna bilana, en eg skal nú reyna að sýna fram á, að sú ástæða er ekki mikils virði. Eg efast ekki um, að upplýsingar háttv. þm. Barð. (B. J.) um símann í Færeyjum séu réttar; en þar er ólíku saman jafnað. Bæði er mikill straumur milli eyjanna í Færeyjum, sem oft getur valdið skemdum, en milli Vestmannaeyja og lands er eigi tiltakanlega mikill straumur, og líka eru í sjónum við Færeyjar talsvert af smádýrum, sem geta eyðilagt þræðina, en slíkra dýra verður ekki vart hér. Við verðum að byggja á okkar eigin reynslu, en ekki annara. Líka höfum við hingað til haft betra efni í símunum og munum hafa sama efni framvegis. Símastjóri hefir getað gert við sæsíma á mótorbát og því þarf ekki svo mjög að óttast, að viðgerð verði óframkvæmanleg fyr en eftir langan tíma eða mjög dýr. Það hefir verið sagt, að auðvelt væri að hafa loftskeytasamband milli Vestmannaeyja

og Skaftafellssýslu. Það er að vísu satt, en þó er ekki samjöfnuður á því fyrir héruðin og talsímasambandi. Loftskeytasambandið yrði að eins milli tveggja stöðva eða fárra að eins, en talsímanetið nær um alt landið. Það er ekkert álitsmál, að sæsíminn er sjálfsagður. Eg hefi ekki komið fram með neina breyt.till. Eg vil vita, hvort ekki sé hægt að sætta sig við breyt.till. nefndarinnar. Ef svo verður ekki, þá er hægt að breyta við 3. umr. Eg skal svo ekki þreyta menn lengur. Þetta mál er margrætt áður og eg vona að menn séu nú búnir að átta sig á því og sjá það eina rétta.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að fara fám orðum um viðaukatill., er fer fram á fjárveitingu til þess að brúa Hölkná í Þistilfirði. Á seinasta þingi var samþykt hér í deildinni að veita fé til þess að brúa þessa á og Sandá, en háttv. Ed. vildi ekki veita fé nema til brúargerðar á Sandá. Var þó bent á, að þetta væri ósanngjarnt og óheppilegt vegna þess, að mikið fé hefði sparast við það, að báðar árnar yrðu brúaðar í einu. Það er einnig bráðnauðsynlegt að fá sem fyrst brú á Hölkná líka, því að öðrum kosti kemur hin brúin ekki að tilætluðum notum. Eg get rifjað það upp fyrir mönnum, sem eg sagði í fyrra, að á þessi er ill yfirferðar vor og haust, rennur eftir miðri sveit, og póstur hefir oft tafist við hana. Kostnaður við brúargerðina yrði ekki meir en 4500 kr., því að brúarstæðið er ágætt. Málið fékk góðar undirtektir á síðasta þingi hér í deildinni, og vil eg því vona, að háttv. deild sinni því ekki síður nú. Eg get mint á það, að talsvert fé hefir sparast við vitann á Rifstanga, svo að það er ekki mikið fé, sem landssjóður veitir til héraðsins. Þetta mál er áhugamál allra héraðsbúa og hefir verið samþykt með öllum atkvæðum á þingmálafundum þar, að óska þessarar fjárveitingar.

Um loftskeytasambandið ætlaði eg ekki að fara mörgum orðum, en vil þó nota tækifærið til þess að leiðrétta dálitinn misskilning, sem kom fram í orðum háttv. þm. Mýramanna (J. S.). Hann sagði, að loftskeytin væru ennþá á tilraunastigi. Þetta er ekki rétt, heldur þvert á móti. Þau eru notuð um allan heim og standast fullkomlega samkepni við eldri aðferðirnar — þráðlaus *viðtals*tæki eru á tilraunastigi, en loftskeytin eru ekki á tilraunastigi lengur, þótt þau séu á framfarastigi og menn geti með hverjum deginum sem líður sent loftskeyti yfir lengra og lengra bil.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi leyft mér með ráði fjárlaganefndar að koma fram með viðaukatillöguna á þingskjali 224. Tillagan fer fram á, að landssjóður taki að sér greiðslu á eftirstöðvum af láni til Sogsbrúarinnar, en sem nú hvílir á Grímsneshreppi. Brúin var bygð 1905 og kostaði 16697 kr., þar af tók Grímsneshreppur hinn forni að sér að greiða $^1/_3$ hluta eða kr. 5565.33. Brúin er á flutningabraut. Nú kveða vegalögin frá 22. nóv. 1907 á um, að eftirstöðvar af lánum þeim, er sýslusjóðir hafa fengið eða tekið ábyrgð á, til brúa eða vegagerða á flutningabrautum, skuli falla niður, og að landssjóður taki að sér greiðslu á þeim. Með því nú að lán þetta til Sogsbrúarinnar er hreppslán, en ekki sýslufélagslán, þá hefir stjórnarráðið ekki séð sér fært að láta það falla niður. Hins vegar álítur stjórnarráðið og landsverkfræðingurinn, að landssjóður eigi að taka að sér greiðslu á eftirstöðvum þessa láns. Lánið hvílir nú á hrepnum og hefir hann greitt af því svo mikið, að eftirstöðvar þess eru nú kr. 4333.33. Auk þess

hefir hann greitt vexti af því til 25. apríl þ. á. Tillagan fer að eins fram á, að landssjóður taki að sér greiðslu á þessum eftirstöðvum ásamt vöxtum frá 25. apríl þ. á. Þetta er bæði sanngjörn og sjálfsögð krafa, þar sem að brúin liggur nú á flutningabraut. Landsverkfræðingurinn hefir lagt það til, að landssjóður greiði þetta smám saman. En eg legg enga áherzlu á, hvort landssjóður greiðir þetta smám saman eða alt í einu. Aðalatriðið er, að hann taki að sér greiðslu á þessum eftirstöðvum ásamt vöxtum. Eg þarf ekki að útskýra þetta frekar fyrir háttv. döildarmönnum, því eg veit að þeim hefir skilist, að hér er um mjög sanngjarna kröfu að ræða, og vona eg þess vegna, að deildin samþykki tillöguna.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að leggja til, að tillaga nefndarinnar um heilsuhælið á Vífilsstöðum verði feld. Eg get alls ekki orðið henni sammála. Nefndin segir, að áætlunin sé ekki bygð á neinni reynslu. En þetta getur ekki verið rétt, því að það er kunnugt, að maður sá, er gert hefir áætlunina, hefir fulla reynslu í þessu. Nefndin hefir lagt til, að gjald hvers sjúklings væri hækkað um 50 aura á dag, en þetta er alveg öfugt, gjaldið ætti að lækka um 50 aura á dag. Sjúklingum verður nægilega bumbult af því að greiða 1 kr. eða 1 kr. 50 aura á dag, þótt ekki sé verið að hækka það. Það er vel varið peningum að hjálpa sjúklingum. Eg legg það til, að landið geri miklu meira fyrir heilsuhælið, t. d. það, að veita ókeypis veru handa nokkrum sjúklingum.

Eg skal þá víkja að breytingu þeirri, er nefndin hefir gert á hraðskeytasambandinu. Nefndin leggur til, að stjórninni sé falið á hendur að velja um, hvort hún vilji heldur loftskeytasamband eða þráðskeytasamband. En þetta er ekki rétt. Stjórnin getur ekki breytt vali sínu, ef menn eru óánægðir með það. Eg skal lýsa því yfir, að eg álít rétt að hafa loftskeytasamband. Það hlýtur að verða ódýrara að hafa loftskeytasamband en þráðskeytasamband. Hvað Vestmannaeyjasímann snertir, mundi verðmunurinn á honum og loftskeytasambandi ekki vera mjög mikill. En eg skal hins vegar taka það fram, að tekjur landssjóðs mundu verða meiri, ef við kæmum á loftskeytasambandi. Ástæðan fyrir því er sú, að skip þau, t. d. flutningaskip, botnvörpungar o. fl., er sigla hér með ströndum fram, mundu nálega daglega senda vinum og frændum skeyti. Þó mundu sérstaklega fólksflutningaskip nota þessi loftskeyti. Eg skal í sambandi við þetta geta þess, að Thorefélagið hefir þegar tekið að gera ráðstafanir til að skip þess geti notað loftskeytasamband, þá er loftskeytastöðvar komast hér á. Við þetta mundu tekjur landssjóðs aukast. Eg þykist vita, að fjölda margir farþegar á fólksflutningaskipum mundu að minsta kosti senda skeyti hingað frá Vestmannaeyjum. Eg tel það einnig stóran kost, ef fólksflutningaskip yrðu löglega skylduð til þess að hafa loftskeytatæki, því að þá mundi landið hafa þeim mun meiri ágóða af loftskeytastöðvunum. Það er ekki hægt að meta það til peninga, að hægt yrði að ná í björgunarskip með loftskeyti, þegar menn eru í sjávarháska. Bandaríkin hafa með lögum skyldað fólksflutningaskip að hafa loftskeytatæki og slíkt er einnig á döfinni í Englandi. Eg á enn óminst á eitt atriði og það er það, að Skaftafellssýslur mundu njóta góðs af því, ef loftskeytasamband yrði sett á stofn milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Þá væri hægt að setja loftskeytastöðvar í Skaftafellssýslum og

mundu þær þannig geta komist í samband við landssímann og með því í samband við útlönd. Þetta mundi verða sparnaður, því að hér við bætist einnig að það mundi verða lítt mögulegt að leggja þráðskeytasamband um Skaftafellssýslur. Þar mundu ekki við þurfa margar loftskeytastöðvar. Það væri nægilegt að hafa stöð í Vík, Kirkjubæjarklaustri og í Hornafirði og mundi hver stöð ekki kosta meira en um 7000 kr. Þetta yrði ódýrara en þráðskeytasamband. Það hefir verið talað um að setja á stofn loftskeytasamband milli Englands og Ameríku með stöð á Íslandi og Grænlandi. Mundum við geta haft tekjur af þessum stöðvum okkar, er þetta kæmist í kring. — Öryggi loftskeytanna þarf ekki að efa, því að það er fullreynt, að hægt er að senda slík skeyti milli Englands og Ameríku. Það er ekki nein gild ástæða á móti loftskeytasambandi, að Vestmannaeyjar mundu þá fara varhluta af talsímasambandi. Þær gætu hvort eð er ekki haft full not af þráðskeytasambandinu við landssímann.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um aðrar tillögur þær, er fram hafa komið, en mun sýna það með atkvæði mínu, hverjum þeirra eg er hlyntur. Eg vil að eins geta þess, að eg álít rétt að samþykkja tillögu þá um fjárveitingu til rannsóknar á höfninni í Vestmannaeyjum, er fram hefir komið frá háttv. þm. Vestm. (J. M.). Það er mjög áríðandi að hafa eina góða höfn á Suðurlandi og það sérstaklega ef Frakkar byrjuðu á að gera höfn í Þorlákshöfn.

Svo skal eg ekki minnast á aðrar breytingartillögur, nema eina, sem eg á sjálfur á þingskjali 178, fjárveitingin til þess að háskólinn geti tekið til starfa þegar á þessu ári. Eg veit eg þarf ekki að brýna það fyrir hinum háttv. þm., hversu mikill sómi það mundi vera oss Íslendingum um allan hinn mentaða heim, og hversu þarflegt og gagnlegt það sömuleiðis mundi vera okkur, ef við ættum hér okkar eigin háskóla. Eg tala ekki um, hversu mikil hjálp og hversu mikill stuðningur það mundi vera íslenzku sjálfstæði, þegar við erum að berjast fyrir því, að fá aðra til þess að viðurkenna hinar réttmætu kröfur okkar til fullkomins sjálfstæðis. Ekkert er betur fallið, til þess að gera öðrum þjóðum ljóst og fullvissa þær um, að við séum sérstök þjóð, heldur en háskóli. Þá munu menn í öðrum löndum verða þess vísari, að hér er þjóð, sem hefir fullkominn tilverurétt og fullan rétt til þess að gera alt það, sem hún óskar sér. Það helzta, sem aðrar þjóðir vita um okkur nú er, að við erum í félagi, sem heitir Atlantshafseyjafélagið, sem við köllum Skrælingjafélag —. En allir vita, að í Grænlandi búa Eskimóar, og þeir vita líka, að Grænland er í Atlantshafseyjafélaginu, og einmitt þetta hugmyndasamband kemur því til leiðar, að menn halda að hér búi Eskimóar. Þessu hefir líka verið barið inn í þjóðirnar öldum saman, að hér byggju ekki aðrir en skrælingjar, af því skrælingjar búi í Grænlandi. Þegar háskólinn er kominn á stofn, munum við losna úr Atlantshafseyjafélaginu.

Eg veit, að þeir, sem unna Íslandi, munu ekki gleyma því, hver stefnuskrá þeirra er. En ef þeir fella tillögu mína, þá berjast þeir móti sinni eigin stefnuskrá.

Nú á þessu ári, 17. júní, er 100 ára afmælisdagur Jóns Sigurðssonar. Það var hann, sem fyrstur barðist fyrir stofnun háskóla hér á landi. Hann var allra manna bezt að sér í íslenzkum fræðum og þess vegna væri það vel til fallið, að við héldum hina fyrstu há-

skólahátíð á 100 ára afmæli hans, hér í þessum sal. Hér ætti þessi sundurlynda þjóð að koma fram á 100 ára afmæli hans sem einn maður, og sýna honum þann heiður, sem við aldrei mundum sýna nokkrum lifandi manni slíkan. Íslenzka þjóðin, sem svo oft hefir verið hrakyrt fyrir sundurlyndi og fátækt, ætti þá að sýna, að hún er einhuga um að heiðra minningu þessa manns.

Það er líka kominn tími til þess að sýna, að lögin um stofnun háskóla hér á landi séu meira en dauður bókstafur. Kostnaðaraukinn er mjög lítill við að stofna háskóla. Það er ekki annað en auka laun þeirra, sem kenna nú, og svo bæta við nokkrum kennurum. Allur kostnaður yrði 7400 kr. Það er ekki svo mikið, að það sé ekki vinnandi vegur. En þá munu menn segja, að háskólinn sé húsnæðislaus. Það fór illa, að felt var hér í deildinni frumv. um flutning þingtímans. En það er ekki frágangssök að hafa háskóla hér í þinghúsinu, þótt um þingtímann sé, en það hefði verið miklu hægra, hefði þing verið haldið á þeim tíma, sem háskólinn starfar ekki. Hér uppi á lofti eru mörg herbergi, þar sem landsskjalasafnið var áður, og sömuleiðis eru mörg herbergi niðri, og það mundi ekki kosta nema 2—3 hundruð kr. að breyta þeim þannig, að við mætti una. En til þess að vera alveg viss um, að þing og háskóli komi ekki í bága hvað við annað er ekki annað en setja í nýju stjórnarskrána, að þing skuli koma saman 1. júlí. Eg fæ ekki skilið, að það sé hægt að færa fram neina skynsamlega ástæðu gegn þessari fjárveitingu. Eg get ekki stilt mig um að minnast á, að því hefir verið skrökvað, að við ætluðum ekki að veita fé til háskóla og setja hann á stofn, meðan andstæðingar okkar sætu við stýrið. Við ætluðum að fresta málinu, þangað til sá flokkur, sem eg heyri til kæmist til valda, til þess hann gæti veitt flokksmönnum embættin. Þetta er getsök um alveg ótilhlýðilega og dæmalausa »corruption«. Því þó eg ætti það alveg víst að verða prófessor eftir eitt ár, ef beðið væri með fjárveitinguna, þá mundi eg ekki vera með til þess að fresta háskólastofnuninni. Getsakir og dylgjur eins og þessar eru alveg ótilhlýðilegar. Þegar margir flokkar eru á þingi, eiga þeir að kosta kapps um, hver getur gert mest og bezt gagn. Og þessir 2 eða 3 flokkar, sem nú eru hér á þingi, munu sjá um, að enginn skerist úr leik og verði móti fjárveitingu þessari. Og eg sezt niður í þeirri von, að allir greiði atkvæði með þessari fjárveitingu. Það væri þeim öllum til sóma.

Sigurður Gunnarsson: Eg á viðaukatillögu á þgskj. 199 um að veita 3 þús. kr. til brúargerðar á Bakkaá og Síki í Helgafellssveit. Eg skal taka það fram, að á þgskj. stendur 3500 kr., en það á að vera 3000 kr. Á síðasta þingi fór eg fram á það eftir ósk kjósenda minna, að nægilegt fé væri veitt til þess að brúa þverárnar á þjóðveginum norðan Snæfellsness; fjárlaganefnd neðri deildar tók vel í málið, en féð, sem háttv. efri deild veitti varð þó ekki meira en svo, að það nægði að eins til þess að brúa aðra af þessum ám, en eftir er að brúa aðra þeirra, Bakkaá, og auk þess hið svonefnda Síki. Það sjá allir, að það er mesta ómynd að láta þjóðveginn, sem á að vera akvegur, vera slitinn í sundur af tveim torfærum. Ferðamenn, sem leið þessa þurfa að fara, verða einatt á vetrardag að taka á sig stóra króka og mæta oft hrakningum við torfærur þessar. Og það eru ekki meira en 2—3 ár síðan, að pósturinn við annan mann varð úti einmitt við aðra þessa á nálægt Kerlingarskarði. Hefði hann komist yfir

ána, hefði hann komist af, því það er ekki nema 15 mínútna leið til næsta bæjar. Það er annars furða, að árnar skuli ekki hafa vera brúaðar þegar um leið og vegurinn var lagður, því eins og nú er, eru ekki nærri full not að honum. Það ber líka að gæta að því, að þetta er eini vegurinn á öllu Snæfellsnesi, sem landssjóði ber að annast. Og þessi vegur á að sjálfsögðu tilkall til þess, að landssjóður kosti hann að öllu leyti. Framsögum. tók liðlega í þessa tillögu mína, en fann henni það til foráttu, að upplýsingar vantaði. Nú hefi eg aflað mér upplýsinga hjá verkfræðingi landsins og hann hefir tjáð mér, að brúa megi ána og Sikin fyrir 3 þúsund kr. Eg vonast nú til, að hin háttv. deild sjái sanngirni í því að hafa þessar torfærur ekki lengur þarna þversum á veginum. Eg skal líka geta þess, að það eru liðin 11 ár síðan byrjað var á vegagerðinni, og henni er enn ekki komið lengra en svo, að hún nær yfir einn hrepp sunnanfjalls og þó tæplega, og tæpa tvo hreppa norðanfjalls. Eg veit margir ætla að tala, svo eg skal vera stuttorður úr þessu. En þá von mína læt eg í ljósi, að þingdeildarmenn styðji ekki að eins tillögu fjárlaganefndarinnar um að leggja veg meðfram Ingólfsfjalli heldur og tillögu mína um að brúa Bakkaá og Siki.

Um merkilegasta málið á fjáraukalögunum, þ. e. sambandið milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur hefir þegar töluvert verið rætt. Eg skal ekki fara neitt nánar út í þau atriði, en að eins geta þess, að eg í því máli hallast að skoðunum hins háttv. þm. Barð. (B. J.) og hins háttv. þm. Dal. (B. J.). Og eg veit það með vissu, að hinn háttv. þm. Barð. (B. J.) hefir gert sér mikið far um að afla sér upplýsinga í þessu máli, og eg ætla að lýsa yfir því, að eg mun greiða atkv. með loftskeytasambandi.

Eg get tekið undir með hinum háttv. þm. Vestm. (J. M.), að nauðsyn beri til þess að rannsaka hafnarstæði í Vestmannaeyjum, og er margt, sem mælir með því, sem eg ekki skal fara frekar út í en að taka fram, að eg vil styðja svo sem fært er alt sem miðar að því að efla og tryggja atvinnuvegina, en eitt af því eru hafnamálin.

Afstaða mín í háskólamálinu hygg eg sé hinum háttv. deildarmönnum svo kunn, að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um það mál. Að eins skal eg taka það fram, að eg er þar alveg á sama máli og háttv. þm. Dal. (B. J.). Annars mun eg með atkv. mínu sýna afstöðu mína til hinna ýmsu atriða frumvarpsins.

Stefán Stefánsson: Það er fyrir tilmæli sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og búenda í Ólafsfirði, að við þingmenn Eyjafjarðarsýslu flytjum viðaukatillögu á þgskj. 194 um, að landsjóður kaupi símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar fyrir 7600 kr.

Það er fyrir nokkrum árum síðan að Eyfirðingar fóru að leggja kapp á að byggja símalínur til helztu verstöðva í norðursýslunni. Eg minnist þess, að árið 1906 gerðu Eyfirðingar tilraun til þess að fá Skagfirðinga í félag með sér, að leggja síma frá Vatnsleysu í Skagafirði til Siglufjarðar og var sú leið mæld á kostnað Eyjafjarðarsýslu. En þá eyddu Skagfirðingar málinu og vildu ekki neitt við það eiga. Þegar svo var komið, bygðu Eyfirðingar síma á sinn kostnað frá Völlum til Dalvíkur og þaðan til Ólafsfjarðar. Það var gert árið 1908. Var þá hugmynd Eyfirðinga að halda símanum áfram frá Ólafsfirði til Siglufjarðar, en þegar til landsímastjórnarinnar kom, réð hún frá að símalína yrði lögð yfir fjallgarðinn á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar; því var það, að eg flutti hér á síðasta þingi tillögu ásamt 1. þm. Skag. (Ó. Br.) um fjárframlag úr

úr landssjóði til byggingar símalínu frá Vatnsleysu í Skagafirði til Siglufjarðar sem og var bygð síðastliðið sumar. En til þessarar símalínu (frá Vatnsleysu til Siglufjarðar) hefir Eyjafjarðarsýsla og Hvanneyrarhreppur orðið að leggja 3600 kr., þrátt fyrir það, að sjáanlegt er, að sími þessa leið til Siglufjarðar rýrir að stórum mun tekjur af Ólafsfjarðarlínunni, sem er eign héraðsbúa, og að eins af þeirri ástæðu studdi eg fjárveitinguna á síðasta þingi, að eg áleit knýjandi nauðsyn á síma til Siglufjarðar og jafnframt ávinning fyrir landsímann, en treysti því hins vegar, að Ólafsfjarðarálman yrði keypt síðar af landssjóði. Nú höfum við þingmenn sýslunnar farið fram á það, að landið keypti símann til Ólafsfjarðar fyrir $^2/_3$ parta af hans upphaflega verði. En bókfærður byggingarkostnaður línunnar er 11253,24 kr. Það er ekki svo að skilja að Ólafsfjarðarsíminn sé byrði eða útgjaldaauki fyrir sýslufélagi, en meðan hann er þess sérstaka eign verður að leggja á símanotendur 50 aura gjald fyrir hvert viðtalsbil, til viðhalds línunni og starfrækslu hennar; þegar þessu gjaldi yrði létt af, myndi síminn verða miklu meira notaður og tekjurnar þá meiri, en þær nú eru, meðan aukataxtinn hvílir á. Það er því mjög hófleg og sanngjörn ósk, að landssjóður kaupi þessa símalínu og borgi $^2/_3$ hluta af upphaflegu verði hennar, eða 7600 kr. Það ber líka að taka tillit til þess, að aðalsíminn hefir þegar fengið 4 þús. króna tekjur af Ólafsfjarðarsímanum, án þess að hafa lagt fram einn eyri til hans, og þar tekið hlut sinn á þurru landi. Í sambandi við þetta mál er einnig þess að minnast, að landsímastjórnin hefir með hálfgerðu valdboði tekið af Eyjafjarðarsýslu símalínurnar bæði til Hjalteyrar og Dalvíkur, sem voru mjög arðvænleg fyrirtæki, sérstaklega er það Hjalteyrarlínan, sem hefir sennilega borgað sig á tveim til þrem árum, svo það var til stórskaða fyrir sýsluna, að hún varð að láta hana af höndum, að eg ekki tali um talsímakerfi Akureyrarkaupstaðar, sem varð að afhenda í fullkominni óþökk við bæjarbúa. Eins og eg þegar hefi tekið fram er það aðallega vegna aukataxtans, sem á línunni hvílir, að þess er óskað, að landssjóður kaupi hana og það því fremur, sem hér á hlut að fátækt sveitarfélag, sem bæði er tilfinnanlegt og ósanngjarnt að íþyngja með óeðlilega háum símtaxta.

Í Ólafsfirði eru nú um 500 íbúar og flestir þeirra búsettir í Ólafsfjarðarhorni en þar er bæði rekin allmikil verzlun og sjávarútvegur, en einmitt þessir atvinnuvegir, þurfa sérstaklega mikið að nota síma. Hvað útveginn snertir, þá munu ganga þaðan frá 30—40 véla- og róðrarbátar, og síðustu árin hefir útfluttur verkaður saltfiskur þaðan numið árlega um 1 þúsund skippundum. En svo er þess að gæta, að útvegurinn vex árlega og verzlunin þá eðlilega að því skapi. Þetta bendir á hve síminn er nauðsynlegur fyrir Ólafsfjörð, sem er afskekt útkjálkasveit.

Háttv. framsögumaður fjárlaganefndarinnar (B. Þ.) gat þess, að þessi fjárveiting yrði ekki tekin til greina fyr en um leið og talsímakerfi Reykjavíkur yrði keypt. Eg er hræddur um, að það gæti þá dregist nokkuð, því nú er engin vissa fyrir því, að þingið sjái fært að ráðist sé í þau kaup. En hér er líka talsvert ólíku saman að jafna. Fyrst er það að engin ósk hefir komið fram frá Reykvíkingum um, að talsímakerfi Reykjavíkur yrði keypt, eins og á sér stað með þessa símalínu. Í öðru lagi þá hvílir enginn aukataxti á talsímakerfi Reykjavíkur, sem dregur úr notum þess, svo tekjurnar af því renna óskertar í vasa eigendanna. Það er nú

von mín, að þeir, sem hafa veitt orðum mínum eftirtekt, samþykki þessar viðaukatillögur. Það er í fylsta máta sanngjörn og eðlileg ósk, að landssjóður kaupi þessa símaálmu.

Hannes Hafstein: Hinn háttv. samþingismaður minn, hefir gert svo ljósa grein fyrir viðaukatillögu okkar, að eg hefi þar engu við að bæta. Hér er um það að ræða fyrir landssjóð, heldur kostakaup. Hér er um það að ræða, að landssjóður kaupi símann frá Dalvík til Ólafsfjarðar fyrir 66% af verði hans og græði þriðjung verðs. Hinn háttv. framsögum (B. Þ.) var þessu hlyntur, en hann vildi ekki, að síminn yrði keyptur fyr en útgert væri um, hvort landið keypti talsímakerfi Reykjavíkur eða ekki. En nú er útséð um það, að annaðhvort verður að endurnýja leyfi Reykjavíkur um 10 ár eða kaupa talsímakerfið nú strax, og með því að landinu er alveg vís mikill gróði, alt upp undir 13—15% af því að taka talsímakerfi Reykjavíkur að sér, þykist eg viss um að fjárlaganefndin sleppi ekki Reykjavíkurkerfinu nú — þótt aktíueigendum þess falli það miður vel — og þá siglir vonandi Ólafsfjarðarsíminn í kjölfarinu.

Þá vildi eg minnast á hraðskeytasambandið milli Vestmanneyja og Reykjavíkur. Eins og menn vita leggur stjórnin til, að komið sé á loftskeytasambandi milli Vestmanneyja og Reykjavíkur og er það þó þvert á móti ráðum landsímastjórans, sem að vísu vill, að ein loftskeytastöð sé hér á landi, en álítur, að ekki eigi að blanda því máli við hraðskeytasamband Vestmanneyja og meginlands. Háttv. þm. Barð. (B. J.) hélt langa ræðu um þetta mál í morgun og kvaðst vilja gefa óhlutdræga skýrslu sem fyrv. ráðherra. Eg skal ekkert segja um, hvað óhlutdræg þessi skýrsla kann að hafa verið, en ekki fanst mér hún alveg litlaus; að minsta kosti margendurtók hann slík orð sem *óvit*, *glapræði*, *fáránleg heimska* o. s. frv. Slík ummæli hefi eg aldrei séð í ólituðum skýrslum stjórnarvalda. Í þessu máli geta menn deilt um tvent, í fyrsta lagi, hvort nauðsyn beri til að koma upp loftskeytastöð hér á landi, og í öðru lagi, hvort loftskeytasamband milli Vestmannaeyja og meginlands sé heppilegra en ritsímasamband. Flest þau rök, sem háttv. þm, Barð. (B. J.) flutti fyrir sínu máli í morgun, snertu að eins hið fyrra atriði. Hann sagði t. d., að væntanlega mundu Englendingar innan skamms gera öllum fólksflutningsskipum að skyldu, að hafa loftskeytaverkfæri meðferðis. Ekki snertir þetta Vestmannaeyjar sérstaklega; flestir mundu þvert á móti kjósa að hafa beint samband við Rvík, heldur en að þurfa að senda skeyti sín til Vestmannaeyja fyrst og eiga svo á hættu, að þau misfærust á leiðinni þaðan til Reykjavíkur. Ennfremur sagði hann, að loftskeytastöð væri nauðsynleg vegna þess, að »Fálkinn« hefði slík tæki og að fiskiveiðaeftirlitið gæti á þann hátt orðið margfalt betra. Það er hverju orði sannara, að gott væri að hafa loftskeytasamband við »Fálkann«, en það kemur Vestmannaeyjum ekkert við, »Fálkanum« væri margfalt heppilegra að standa í beinu sambandi við Reykjavík, þó ekki væri vegna annars en að landstjórnin situr þar. Sama er að segja um þá staðhæfing hins háttv. þm., að fiskiveiðafloti vor muni innan skamms fara að nota loftskeyti; honum væri alveg eins gott að hafa samband við Reykjavík eins og við Vestmannaeyjar. Annars er furðulegt, að slíku skuli vera slegið fram, að fiskiskip vor muni fara að útvega sér loftskeytatæki. Það er eins og ef gert væri ráð fyrir, að útgerðarmennirnir færu að ráða lækna á skip

sín! Til þess að nota loftskeytaverkfærin þarf lærðan »telegrafista« og býst eg við, að fiskimönnum myndi þykja það kostnaðarauki, að bæta við hálaunuðum sérfræðingi, sem ekki gerir annað en sitja við loftskeytatækin, meðan aðrir vinna að aflanum. Eg get því ekki talið líklegt, að neitt verði úr þessu, en ef það kæmist á, yrði skipunum fult eins gott að standa í beinu sambandi við Reykjavík eins og við Vestmannaeyjar. Þá gat hinn háttv. þm. þess, að ef loftskeytasamband kæmist á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, mundu tekjur sæsímans aukast til stórra muna og kvað hann forstjóra hins stóra norræna ritsímafélags meðmæltan loftskeytasambandinu, af því að hann byggist við auknum tekjum af því fyrir sitt félag. Eg trúi því nú laust, að Suenson hafi haldið það meiri tekjur fyrir Mikla norræna að hafa loftskeytasamband skipa við Vestmannaeyjar, heldur en Reykjavík. En hitt er víst, að fyrir *landsímann* yrði tekjuaukinn alt eins mikill, þótt loftskeytastöð væri engin í Vestmannaeyjum, en að eins hér í Reykjavík á eða öðrum hentugum stað. Þá er enn að minnast á þá ástæðu hins háttv. þm., að ef loftskeytastöð væri sett í Vestmannaeyjum, þá mætti koma upp smástöðvum í Skaftafellssýslum. En má það ekki alveg eins, þótt að eins sé ein stöð hér í Reykjavík? Eins og menn sjá, snertir ekkert af þessu loftskeytasambandið milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Spurningin er aðeins sú: Vilja menn endilega blanda Vestmannaeyjum inn í spurninguna um þráðlaust samband við skip á sjó, eða eiga Vestmannaeyjar að njóta jafnréttis við aðra landshluta, að því er talsímasamband snertir?

Aðeins tvær röksemdir hins háttv. þm. Barð. (B. J.) snertu loftskeytasambandið milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Önnur var sú, að það væri ódýrara en símasamband. En hin var eitthvað í þá átt, að brimið við sandana fyrir austan væri svo mikið, að brimhljóðið mundi yfirgnæfa símtalið! Það er eins og háttv. þm. haldi, að hér sé um einhverjar hljóðpípur að ræða, sem mannsmálið berist í gegnum. Hann talar eins og hann álíti, að hljóðbylgjurnar berist gegnum símann. Þetta er sami skilningurinn og þekkingin, eins og kerlingin lét í ljósi, þegar hún heyrði þjóta í símanum: »Fallega rífast þeir núna«. En aðrir álíta, að það séu rafmagnsöldur, sem símatáknin flytja, án tillits til hljóðbáranna og mun háttv. þm. líka kannast við, að þessi röksemd, sem hann kom með, nái engri átt, enda hefir víst háttv. þm. talað þetta að eins í ofstæki og ógáti.

Hitt er og fjarri sanni, að loftskeytasamband sé ódýrara en símasamband og er furða, að háttv. þm. skuli fullyrða slíkt, þar sem skýrslur þær, sem hann sjálfur leggur fram, sýna að ritsímasamband er ódýrara, auk þess sem starfræksla loftskeytasambands vitanlega er mörgum sinnum dýrari. Það er alveg augljóst, að það er ódýrara að leggja síma til Vestmannaeyja og hafa eina loftskeytastöð hér, heldur en að hafa tvær loftskeytastöðvar, aðra hér í Reykjavík og hina í Vestmannaeyjum, því að árleg starfræksla hverrar loftskeytastöðvar kostar mikið fé, sem ekki kemur til greina á símastöðvum. Ennfremur þarf miklu að kosta til *viðhalds* á loftskeytastöðvum. Eins og allir vita þarf annaðhvort háar stengur, styrktar með fjölda þráða, eða járn»konstruktionir«, sem illa þola hvassa storma. Felli stormurinn eða setji úr lagi umbúnaðinn, sem mjög er hætt við þar, sem stormasamt er, eins og í Vestmannaeyjum, geta öll tækin eyðilagst, og annaðhvort þyrfti að hafa hér svo haga

smiði, að þeir gætu gert við það sem aflagaðist, eða þá að senda það sem úr lagi færi til útlanda til viðgerðar, og mundi það ekki valda minni töfum en viðgerð á símslitum, heldur þvert á móti. Eins yrði reksturskostnaðurinn mjög mikill; það þarf lærða »telegrafista« til að taka á móti og senda þráðlausu skeytin, því að ólærðir menn geta ekki annast slíkt, enda er mjög hætt við, að bókstafamerkin aflagist í vissum loftbrigðum t. d. sólskini, norðurljósum o. fl. Talsímalagning til Vestmannaeyja mundi kosta 30 þús. kr. og ein loftskeytastöð í Reykjavík c. 25 þús. Aftur á móti mundi bygging tveggja loftskeytastöðva, í Reykjavík og í Vestmannaeyjum, kosta aðeins 40 þús., ef Vestmannaeyjastöðin ein ætti að taka á móti skipaskeytum. Mismunurinn er þá 15 þús. kr. En með talsímanum kæmust Vestmannaeyjar í málsamband við allar landsímastöðvar Íslands. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði að vísu, að hægt væri að setja loftskeytastöðvar í samband við landsímann, en það hefir hann auðvitað ekki meint.

Mér virðist ennfremur, að nokkurt tillit mætti taka til, hvers fólkið í Vestmannaeyjum óskar. Almenningur þar óskar símasambands; og hvers eiga þeir að gjalda, hvers vegna mega Vestmannaeyjar ekki fá talsíma, þótt landið fái sér einhversstaðar loftskeytastöð til sambands við skip á sjó? Hvers eiga veslings Vestmannaeyjar að gjalda? Er þetta af því, að þær hafa ekki »kosið rétt« að undanförnu? Á það hefir verið lögð mikil áherzla af andmælendum símasambandsins, að hætta sé á símaslitum. Það hefir verið tilfært, að sími einn í Færeyjum, milli eyja þar, hafi slitnað 13 sinnum á einu ári. Eg vil ekki beint vefengja, að þetta sé satt, en það sannar ekkert um það, hvernig sími mundi reynast milli Íslands og Eyja. Milli Bíldudals og Ísafjarðar eru 4 símar, milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar 6; á þeirri leið eru altíð mikil brim og hefir þó aldrei orðið neinn skaði á símunum nú í 4 ár. Og milli Íslands og Vestmannaeyja hagar alt öðru vísi til en í straumum milli Færeyja. Hér eru engin harðstreymi, heldur sandur við landið, sem síminn mundi sökkva í og á þann hátt verndast fyrir allri hættu, svo að jafnvel ekki brimið við Landeyjasand, sem þm. Barð. (B. J.) hélt mundi eyðileggja »hljóðið« í honum, gæti grandað honum að öðru leyti. Ekki þarf heldur að óttast »trollarana«, því að vel má leggja símann út frá eyjunum á svæði, þar sem aldrei er »trollað« vegna hrauns í botni og svo mikið dýpi, að síminn liggur þar ósnortinn af allri ölduhreyfing. En um símaslitin í Færeyjum er það að segja, að þar eru straumar harðir, klettasnasir í botni og bráðdýpi á milli, og hefir síminn líklega sagast sundur á klappasnösunum. Ekkert slíkt þarf að óttast milli lands og eyja. Og ef símaslit yrðu, mætti vel nota innlend skip, botnvörpunga eða jafnvel stóra mótorbáta til að gera við símann, og þyrfti viðgerð því hvorki að taka langan tíma, né kosta mikið.

Eg vona, að enginn í deildinni láti gamalt flokkskapp um þráð eða þráðleysi ráða atkvæði sínu í þessu máli. Eg vil ekki ætla þm. Barð. (B. J.) þá flónsku, að hann vilji hefna þess á Vestmannaeyjum, að hann varð undir í »Símamálinu« um árið. Hér er fremur um einskonar »monomani« að ræða. Hann hefir í þessu máli farið á bak við löglegan ráðunaut sinn, landssímastjórann, og virt að vettugi tillögur hans, en látið landið kosta fyrir sig ferð til Brüssel, til þess að semja um þetta eftir eigin geðþótta. Þetta þráðlausa sam-

band er orðið að grillu hjá honum. En hvers vegna þá ekki að taka beztu þráðlausu aðferðina, Paulsens aðferðina, sem hefir stóra yfirburði yfir Marconi-aðferðina? Er það af því Paulsen er danskur? Eða hefir háttv. þm Barð. (B. J.) enn einu sinni nelgt sig á Marconifélaginu, þegar hann fór til Brüssel og þaðan til Waterloo?

Þorleifur Jónsson: Eg á brtill. á þgskj. 198, sem eg vil fara nokkrum orðum um. Hún er ekki upp á mörg þúsund, hér er aðeins um litla fjárupphæð að ræða og vona eg því, að hún mæti ekki mikilli mótspyrnu. Kjósendur í Lóni hafa farið fram á, að styrkur væri veittur til vélarbátsferða milli Papaóss og Hornafjarðar. Eg hafði skrifað fjárlaganefndinni um málið, og mér heyrðist á framsm., að nefndin væri ekki mótfallin fjárveitingunni í sjálfu sér, en hann bjóst við að stjórnin hefði ef til vill einhvern afgang frá síðustu fjárlögum, sem hún gæti miðlað af. En af því að eg veit ekki hvort svo er, eða hvort nokkuð fæst hjá stjórninni til slíkra ferða í sumar, þá hefi eg álitið rétt að bera málið fram í þessu formi. En hefi nú samt fært fjárbeiðnina talsvert niður úr því, sem kjósendur óskuðu eða kröfðust, til þess að geta gert mér einhverja von um árangur. Ástæðan til þess að beðið er um þetta er sú, að viðkoma suðurlandsbátsins á Papós verður ekki að neinum verulegum notum. Skip eins og Perwie, mun ekki geta komist inn á Papós, dýpi er þar ekki nóg til þess. Skipið verður því að liggja fyrir utan ósinn og veldur það miklum óþægindum, svo var í fyrra sumar og svo verður það víst framvegis. Það gekk mjög illa að hafa samband við skipið þar úti á rúmsjó, og vörur, sem var verið að brjótast eftir í skipið, hröktust og skemdust, auk þess, sem slík uppskipun var mjög kostnaðarsöm, og eru slíkar samgöngur, sem þeir hafa við að búa þar, algerlega óviðunandi. Ef styrkurinn fengist, er meiningin að mótorbátur flytti vörur til Papós af Hornafirði og svo þaðan aftur í veg fyrir strandferðabátinn. Papós er góð höfn fyrir mótorbáta, þó að hún fullnægi ekki stórum skipum. Mundi verða stór samgöngubót að þessu, flutningar úr sveitinni og í verða léttari og hægari, og mundi því þessu fé vera vel varið. Víðast annars staðar hafa samgöngur batnað á hinum síðustu árum, en í Lóni hafa þær versnað. Verzlun sýslunnar var þar til 1897, en þá var hún flutt til Hornafjarðar. Síðan hafa menn þar orðið að sækja nauðsynjar sínar, annaðhvort yfir Almannaskarð til Hornafjarðar, eða yfir Lónsheiði til Djúpavogs, en það er allmiklum erfiðleikum bundið og er því ekki ófyrirsynju farið fram á þennan litla styrk. Eg hefi heyrt út undan mér, að ástæðulaust sé að sinna þessari styrkbeiðni, því að síðasta þingi hafi farist svo vel við Austur-Skaftafellssýslu, þá hafi verið veittar 20 þús. kr. til gufuskipaferða, aðallega vegna Austur-Skaftafellssýslu. En sannleikurinn er sá, að Suðurlandsbáturinn er engu síður fyrir Árnessýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og syðri part Suður-Múlasýslu, en fyrir mitt kjördæmi, svo engri átt nær að eigna minu sýslufélagi styrk þann allan, er til bátsins gengur. Eg vil því vona, að hin háttv. deild taki þessari málaleitun vel, og mun eg svo ekki fjölyrða meir um þetta.

Því næst vil eg leyfa mér að minnast á annað mál, hraðskeytasambandið við Vestmannaeyjar. Margir hafa mælt með loftskeytasambandi og verð eg að taka í sama streng. Jafnvel þeir, sem ákafast andmæla loftskeytasambandi, játa þó að vér þurfum að koma sem fyrst upp loftskeytastöð, og virðist þá sjálfsagt að setja hana niður í Vest-

mannaeyjum, sem sjálfar þarfnast sambands. Eg efast ekki um, að slíkt samband mundi koma að góðum notum. Vel getur verið, að nokkuð langur tími líði, áður en hægt verður að tala gegnum loftið, og andmælendur loftskeytanna finna þeim það óspart til foráttu, að eigi er hægt að hafa talsamband enn sem komið er. — Því skal nú ekki neitað, að það er mjög hentugt að hafa talsímasamband, en þó getur oft verið örðugt að ná talsímasambandi á löngu svæði, þannig hefir mér t. d. reynst árangurslaust að reyna að ná sambandi við Austfirði héðan úr Reykjavík. Einstöku sinnum mun það geta tekist, en oftast er það ekki hægt.

Það vakir ennfremur fyrir mér í þessu máli, að ef loftskeytastöð er komið á fót, þá geti öll hin símalausa strandlengja komist í loftskeytasamband, með tiltölulega litlum kostnaði. Eg skal játa, að það er meðfram þess vegna, að eg vil heldur styðja að því, að Vestmannaeyjar komist í loftskeytasamband en ritsímasamband, því að eg tel hæpið, að loftskeytastöð verði annars reist hér í bráð. Og líklega verður þess langt að bíða, að þessi strandlengja komist í *síma*-samband. Eg tel það mjög hæpið, að fyrst um sinn verði hægt að bæta við nýjum símum, þar sem árlega verður að ausa út fé til að endurbæta gömlu símalínuna. Nú er t. d. farið fram á á þessum fjáraukalögum, að verja 28 þús. kr. til þess að bæta sambandið milli Reykjavíkur og Akureyrar. En ef loftskeytastöð væri sett á stofn, þá væri fært að koma Skaftafellssýslum í þráðlaust samband með miklu minna kostnaði en þessu nemur. Eg hefi leitað upplýsinga hjá Vilhjálmi Finsen loftskeytafræðing um, hvað þetta mundi kosta. Hann hefir áætlað 5 stöðvar, en eg hygg að 4 væru nógar, og til að byrja með, væri jafnvel mikil bót að 2 stöðvum, annari í Vík og hinni í Hornafirði. Hann segir að allur kostnaður við að koma upp þessum smástöðvum verði eigi meiri en 5—7 þús. kr. fyrir hverja stöð. Reksturskostnað telur hann lítinn. Hann (V. Finsen) sagði, að reksturskostnaðurinn við þessar loftskeytastöðvar væri ekki meiri en við talsímastöðvarnar, og að ekki tæki meira en 2 mánuði að læra að senda og taka á móti loftskeytum. Ef nú að hægt er að koma Skaftafellssýslum á næstu árum í hraðskeytasamband fyrir að eins 12—14 þús. kr., tel eg þetta svo afarmiklar framfarir, að þær eru næstum ómetandi. Eg er hræddur um, að of langt yrði að bíða eftir því, að hægt yrði að veita fé til símalagningar á þessum svæðum. Þess vegna er rétt að koma á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, meðfram með tilliti til hinna símalausu héraða sunnanlands, sem ættu um leið að geta notið góðs af því, að svo ódýrt hraðskeytasamband kæmist á.

Jón Ólafsson: Það eru nokkrir liðir í þessu frumvarpi, sem eg ætlaði að tala um, og skal eg þá byrja á því, er flestir eru orðnir leiðir á, en það eru loftskeytastöðvarnar. Það eru nokkuð skrítnar upplýsingar, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) gaf um þær. Hann sagði að reksturskostnaðurinn við loftskeytastöð væri ekki meiri en meðal-reksturskostnaður við talsímastöð í sveit. Reksturskostnaður við talsímastöðvar í sveit er víðast 20—50 kr. Eg efa að hann nemi 50 kr. að meðaltali. En hvað kosta 2 loftskeytamenn? Eg veit að þeir eru talsvert dýrir. Eg efa að þeir gætu lært á 2 mánuðum, því að það þarf mikla nákvæmni við þessi loftskeyti þar eð þau eru tekin með heyrninni einni. En það geta aðeins þaulæfðir menn gert. Við talsímastöð getur hver óvanur starf-

að, en við lofskeytastöð þarf 2 lærða menn. En eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) benti á, kemur áætlunin um loftskeytastöð í Vestmannaeyjum ekkert við Skaftafellssýslunum. Eg skal í sambandi við þetta minnast á símasamband við Skaftafellssýslur þar eð háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) talaði svo mikið um að koma þeim í samband við landsímann. Það er ekkert annað en að veita fé til símalínu um Skaftafellssýslur. Eg hefi séð áætlun þá, er landsímastjórinn hefir gert yfir símalagningu á þessum svæðum. Samkvæmt henni mundu allar Skaftafellssýslurnar að undanteknum Öræfunum. komast í símasamband innan skams við landsímann. Landssjóði væri alveg óhætt að leggja út í þetta fyrirtæki, því að það mundi borga sig. Það hefir verið talað um að koma á loftskeytasambandi til Vestmannaeyjar vegna þess að skip mundu nota það mikið og að slíkt yrði stór tekjugrein. En það er óþarft að setja loftskeytastöð í Vestmannaeyjum vegna skipa. Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að Englendingar ætluðu að koma á loftskeytasambandi milli Englands og Kanada og að þeir ætluðu að setja loftskeytastöð hér. Eg veit ekki betur en að samninga muni vera farið að leita við Danastjórn um það mál og mun þá og koma til vorra kasta um samþykki. En verði svo, þá fáum við einnig samband og auk þess tekjur af því, hið svokallaða *transit*gjald. Englendingar vilja eiga skeytatæki, sem hægt er að nota á ófriðartímum, því að sæsímann má höggva í sundur. Þannig fáum við allan þann hagnað, er loftskeyti hafa í för með sér oss að kostnaðarlausu og tekjur af að auki. Og ef svo er, því skyldum vér þá fara að eyða fé úr landssj.?

Nefndin fer fram á, að landsstjórnin skuli ráða sambandinu til Vestmannaeyja. En eg verð að skilja nefndina, svo sem hún álíti að landsstjórninni sé ekki trúandi til þess og þessvegna eigi þingið að ákveða, að það skuli vera loftskeytasamband. En hefir þingið vit á þessu? Hefir það nokkur tök á og gögn til að dæma skynsamlega um þetta? Við getum ekki á svo stuttum tíma afiað okkur nægilegrar þekkingar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir leitað ráða hjá öðrum. Hér er ekki að ræða um hvort vera skuli loftskeytasamband eða símasamband, heldur aðeins hvort réttara sé að alþingi eða landsstjórnin skeri úr um valið. Tel eg það miklu betra en að við förum að útkljá það á svona stuttum tíma — sem hlýtur að verða í blindni gert.

Eg skal þá snúa mér að 7. gr. frv. sem er viðbót við 16. gr. fjárlaganna. Í 7. gr. er farið fram á fjárveitingu til ferðakostnaðar síldarmatsmanns. Þetta er að eins nokkur hluti af fjárveitingu til síldarmatsmannsins, því að hún er einnig á fjáraukalögunum fyrir 1908 og 1909. Þessi síldarmatsmaður hefir þannig fengið samtals kr. 1536,25 til utanfarar. Af þeim kr. 800.00 er síðasta þing veitti til tveggja síldarmatsmanna hefir hann fengið kr. 600,00, en síldarmatsmaðurinn á Siglufirði að eins kr. 200,00. Eg vildi minnast á þetta nú af því, að eg spurði oft í sumar í einu blaðinu hér, hvort það væri satt, sem hefði heyrst, að stjórnin hefði veitt þessum síldarmatsmanni um 1500 kr. Mér var ekki svarað öðruvísi en þannig, að Ísafold sagði að þetta væri ein af þessum venjulegu heimastjórnarlygum. En nú er sannleikurinn er kominn í ljós. Fráfarandi stjórn hefir nú orðið að *játa* þetta og biður nú um fjárveitingu á því. Skal eg ekki leggja á móti því, meðan eg heyri ekki ástæðuna fyrir fjárveitingunni. Eg hefi heyrt, að ástæðan væri sú, að heyrst hafi að hægt væri að selja síld í Ameríku. Einn stóraðugur norskur kaupmaður, sem eg þekki vel, í Chicago, er vanur að kaupa mikla

síld árlega frá Stavanger. Það hefði verið nægilegt að fara til Stavanger til þess að kynna sér þar, hvernig síldin þar er útbúin. Í hinu er lítill fróðleikur, að sjá, hvernig tunnurnar eru slegnar upp í Chicago. Það er *undirbúningur* síldarinnar og *frágangur* áður en hún er send á stað, sem síldarmatsmaður þurfti að kynna sér, og til þess var staðurinn einmitt í Stafángri, og hvergi annarsstaðar. Eg býst við að háttv. fyrverandi ráðherra skýri frá því, hvort það hafi verið nauðsynlegt að senda mann *til Chicago*, til þess að sjá hvernig frá síld er gengið *í Stafángri*.

Þá kem eg að breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 178. Eg felst algerlega á tilöguna. Skal eg taka það fram, að þótt frv. um breyting á þingtímanum hafi verið felt, er það engin ástæða til þess að fella í burtu fjárveitinguna til háskólans. Auk þess er hér í þinghúsinu nægilegt húsrúm til háskólahalds, þótt þingið sé saman. Eg minnist þess, að 1889 átti meiri hlutinn á þingi oft fundi með sér uppi á hæsta lofti, og sátu þingmenn þar á borðabunkum.

Í breytingartillögunum á þgskj. 197 og 229 er farið fram á, að 2 prestsekkjum séu veitt laun úr landssjóði auk þeirra sem þær hafa að lögum. Enda þótt eg telji það ekki óþarft verk að bæta laun prestsekkna, sé eg þó enga ástæðu til þess að gera þessum 2 prestsekkjum hærra undir höfði en öllum öðrum ekkjum. Það er ranglátt að gera upp á milli þeirra. Ef breytingartillögurnar verða samþyktar, áskil eg mér rétt til þess að koma með samskonar tillögur um *allar* aðrar prestaekkjur á landinu.

Eg ætlaði ennfremur að minnast á tillöguna á þgskj. 198 frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J. Þetta er svo lítil fjárupphæð og auk þess tel eg það skylt að styðja fjárveiting þessa, ef rétt er frá atkvæðum skýrt, þar sem sýslan fer á mis við góðar samgöngur á sjó.

Eg skal að lokum minnast á breyt.-till á þgskj. 199 frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) Tillagan fer fram á 3000 þús. kr. til brúargerða á Bakká og Síki. Eg hefi séð Bakká, það er örlítil spræna. Tel eg fjárveitingu þessa með öllu óþarfa að minsta kosti ekki svo þarfa, að hún megi ekki bíða næstu fjárlaga. Þetta er nú það helzta, sem eg ætlaði að minnast á.

Einar Jónsson: Eg er svo heppinn að eg á enga brtill. við frv., en vil þó minnast á einstaka breyt.till. frá öðrum. Verður þá fyrst fyrir till. nefndarinnar um heilsuhælld á Vífilsstöðum. Framsm. (B. Þ.) taldi það óviðeigandi, að landssjóður tæki á sig meiri útgjöld vegna heilsuhælisins en hingað til, og lagði það til, að sjúklingarnir væru heldur látnir borga meira með sér. En mér fyndist sanngjarnara að heldur væri létt en þyngt á sjúklingunum. Menn höfðu upphaflega búist við, að meðgjöfin með sjúklingunum yrði lægri en raun varð á. Fátæklingum er nú næstum því ókleift að vera á hælinu; þeir sem eru á sambýlisstofu verða að borga 550 kr. árlega, hinir 900 kr. En þar að auki hafa sjúklingarnir margvísleg útgjöld fyrir fatnað, ferðakostnað og ýmislegt smávegis, svo að ætla má, að hver sjúklingur verði að borga fast að 1000 kr. eða jafnvel meira. Allir hljóta að sjá, að þetta er ofvaxið fátæklingum og virðist því sanngjarnara að lækka heldur meðgjöfina en hækka. Eg skal bæta því við, að óánægjan með þessa háu meðgjöf er aðallega sprottin af því, að menn hafa veitt því eftirtekt, að heilsuhælinu hafa borist peningar mjög víða að, og geta því ekki skilið í, að sjúklingum skuli vera gerð veran á hælinu svona dýr; enda er mér kunnugt, að ef haldið verður áfram að krefjast svo

hárrar meðgjafar, þá hafa margar heilsuhælisdeildir tekið sig saman um að hætta að leggja til hælisins hin ákveðnu árstillög en stofna heldur sérstaka sjúkrasjóði. Þetta gæti orðið hælinu til hins mesta tjóns. En það er góð og gild kenning, að vér eigum að bera hver annars byrðar, og því á landssjóður að hlaupa hér undir bagga til þess að létta á sjúklingunum. Öllum kemur víst saman um, að berklaveikin er hin mesta landplága, er sem fyrst þyrfti að útrýma.

Þá vil eg minnast lítið eitt á hraðskeytasambandið milli Vestmanneyja og meginlands. Eg hygg að eg sé kunnugri ströndinni þar eystra en háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem eg efast um að nokkurn tíma hafi þar komið. Það sem sagt hefir verið um brimhljóðið, hefir verið nægilega hrakið, svo að eg þarf ekki að fjölyrða um það. — Við sjóinn þar austurfrá eru sandar miklir, og mundi siminn brátt sandverpast og vera þannig vel varinn. Loftskeytasambandið er óhentugt Vestmannaeyingum, ekki sízt vegna þess, að þeir hafa mikil viðskifti við búendur á ströndinni beint á móti og þurfa því oft að tala við þá, en það geta þeir ekki, ef loftskeytasambandið verður ofan á. Eg skal játa, að vel getur verið, að loftskeytasambandið gæfi mikið af sér, bæri sig ef til vill eins vel og síminn. En ef Vestmanneyjum væri komið í samband við símann, sem liggur héðan austur að Garðsauka, þá vil eg fullyrða að það fyrirtæki mundi gefa af sér miklar og vissar tekjur. — Ein spurning hefir mér dottið í hug. Hér hefir verið mikið talað um, að við þyrftum að koma upp loftskeytastöð, til þess að geta haft þráðlaust samband við skip. Eru það íslenzk skip, sem menn eiga við? Eg hélt ekki, að skipafloti vor væri svo stór, að leggjandi væri í mikinn kostnað hans vegna á þennan hátt að svo stöddu, og óvíst sé, hvort þau hin fáu skip, sem hér eru til hafa efni á að setja loftskeytaútbúning hjá sér innanborðs á nálægum tíma. En ef hér er átt við öll skip yfir höfuð, sem um Atlantshafið ferðast, því ekki að láta gufuskipa- og útgerðarfélög hjálpa til aðkoma loftskeytum á fót? Og rangt finst mér að troða loftskeytasambandi uppá Vestmanneyinga af þeirri ástæðu, þvert á móti vilja þeirra. Eg mun samkvæmt þessu greiða atkvæði með till. nefndarinnar, þó þannig að eigi verði eingöngu miðað við loftskeytasamband, heldur hraðskeytasamband.

Loks vil eg fara örfáum orðum um háskólann. Eg var honum hlyntur á síðasta þingi, og er það að flestu leyti enn þá. En eg vil aðeins vekja athygli á, að þó að háskólinn verði stofnaður 17. júní, þá tekur hann ekki til starfa fyr en í október, og vil eg því leggja til, að háskólakennararnir fái ekki laun fyr. Annað skilyrði vil eg einnig setja: að háskólinn geti fengið húsnæði hér í þinghúsinu. Ef hægt er að fá þessu hvorttveggju framgengt, þá mun eg greiða atkvæði með háskólanum, því að eg álít hann frama- og nauðsynjastofnun fyrir land og lýð.

Björn Jónsson: Eg skal ekki fara langt út í það að bera mig saman við ofurmennið 1. þm. Eyf. (H. H.) að gáfum til, það yrði ef til vill til þess, að hann gerði sig að enn meira ofurmenni, og mig að enn meiri óvita. Hann heldur að eg, sem kyntist talsíma fyrir 10—11 árum ímyndi mér, að talað sé þar gegnum pípu!

Eg skal benda á það, að mér sýnist það kátlegt, að þegar allar aðrar þjóðir sendast á loftskeytum yfir sund og höf, þar sem það á betur við en síma, og setja upp ótal loftskeytastöðvar um allan hnöttin — þá förum við að leggja sæsíma. Danir — fyrirmyndarþjóðin — hafa nú reynt sæsíma um nokkur ár í

Færeyjum, og nú eru þeir að taka þar upp þráðlaus hraðskeyti! Eins og eg gat um áður, er engin leið til þess að gera við símann, þegar hann bilar, nema fá skip til þess frá öðrum löndum (Skotlandi) og það er mælt að kosti 10,000 kr. í hvert sinn. Hinu geri eg ekki mikið úr, þótt tekist hafi að nota til þess vélarbáta inn á mjóum, lygnum fjörðum. Það hefir sagt mér maður, sem vel hefir vit á, að algengur vélarbátur taki ekki nema 200 stikur af slíkum síma. Auk þess þarf sérstök áhöld til þess að finna hvar sæsími er slitinn, og þau eru mjög dýr. Það er meira að marka, hvað sérfræðingar segja um þetta, en skáld.

Öllum agentsbrigslum virðulegra mótstöðumanna minna, verð eg vísa frá mér sem einberum hégóma, og það er því kátlegra, þegar slíkt kemur frá manni, sem hamaðist gegn loftskeytunum, er vér áttum kost á þeim fyrir 5 til 6 árum með vildarkjörum, en vildi heldur leggja landið að nauðsynjalausu undir fjárhagsok annarar þjóðar með dýrum ritsíma.

Hér er um það að ræða, að annað fyrirkomulagið kostar 40 þús. kr., en hitt 65 þús. kr., og sambandið við Vestmannaeyjar er þannig valið vegna þess, að þá má spara sæsímann. Eg veit vel, að senda má skeyti frá skipum samtímis til Rvíkur og Vestmannaeyja. En séu þau yfir 350 enskar mílur héðan fyrir handan Vestmannaeyjar, þá koma skeytin þangað, en ekki hingað, og ef reisa á loftskeytastöð í Rvík, þá þarf þar að auki að veita fé til sæsímans. En það tel eg hið mesta óráð, að fleygja þannig peningum í sjóinn, að taka 40 þús. kr. til sambands, sem er ótrygt, og búast má við miklum viðhaldskostnaði á, ef til vill 100 þús. kr. á ári vegna símslita. Og þótt sumir geri lítið úr þeirri hættu, þá vona eg að virðul. þm láti ekki blekkjast af því, því að þetta gæti orðið hreint og beint voðafyrirtæki. Þess ber að gæta, að það er ekki von, að stjórnin hafi vit á svona máli, heldur fer hún væntanlega eftir skýrslum annara, og notar líklega mann, sem mun hafa nauðalítið vit á loftskeytaaðferðinni og má því varla heyra hana nefnda.

Þegar alt annað þrýtur, þá er brugðið fyrir sig óskum eyjaskeggja sjálfra um talsíma. Eg veit nú reyndar ekki, hversu sterkar þær óskir muni vera. En líklega eru þeir þó svo miklir föðurlandsvinir, að þeir muni fallast á það, að fleygja eigi slíku stórfé í sjóinn, þegar þeir komast í réttan skilning á því, hvílíka kosti þetta fyrirkomulag hefir til að bera fram yfir símann. Annað mál væri ef hér ætti að fara að traðka rétti þeirra á einhvern hátt, en það er alls eigi gert, síður en svo. Við loftskeytaaðferðina er lítill sem enginn annar kostnaður en að reisa stöðvarnar. Síminn er algerlega sparaður. Og þess hefir verið getið hér í dag, að viðhaldskostnaðurinn gæti numið mörgum hundruðum þúsunda, ef til vill, þegar til lengdar líður. Eg skil því ekki, hvernig nokkurt mannsbarn getur verið stundu lengur í vafa um, hverja aðferðina ætti heldur að nota. Og ef þingið væri nú svo fljótrátt og grunnhyggið, að velja sæsímann, þá mundi það sannast eftir nokkur ár, að það hefði verið hið mesta glapræði.

Um það, sem sagt var um smádýrin við Færeyjar, skal eg ekkert fullyrða, en mér er nær að halda, að það sé tómur misskilningur og ekkert annað. En skyldi nú nokkuð vera hæft í þessu, eru þá þessir menn vissir um það, að hér séu engin smádýr, sem gætu nartað í símann þeirra? Að minsta kosti skil eg ekki annað, en botnvörpur gæti hæglega grandað honum.

Það, að sæsímasambandið sé öruggara,

er naumast svaravert. Það var það ef til vill áður en loftskeytin tóku þeim framförum, er nú hafa þau tekið. Nú veit það hvert barnið, að loftskeytasambandið getur ekki bilað, nema stöðvarnar eða áhöldin á þeim, og eins og þar er vel um alt búið, sjá þó allir, hvort það muni eigi verða margfalt fágætara en hitt, að símar bili. Það er er því hæpið, að varpa fram öðru eins og þessu, þótt vér höfum nú þegar átt því að venjast í ekki svo allfá ár.

Eitt var það í óyndisúrræða-vörn virðulegra mótstöðumanna minna, að litlar mundu verða tekjur af loftskeytunum, af því að svo fá skip hefðu loftskeytaáhöld. Veit eg það, að þau eru fá nú, en þeim mun óðum fjölga og stórum, óðara en líður. Eftir nokkur missiri mundu þau skifta hundruðum. Nokkur eru þegar komin, en það er ekkert móts við það sem verða mun. Margir þýzkir botnvörpungar, sem hér koma, hafa nú þegar fengið sér þessi tæki, og póstskipin eru að eins óbúin að fá þau.

Því, sem sagt var af virðul. þm. um reksturskostnaðinn, geri eg ekki mikið úr. Það var eins og annað úr þeirri átt, að eins bygt á ágizkunum og spádómum. Og þegar svo hið háviðulega fyrnefnda ofurmenni spyr mig, hvort eg haldi að sæsíminn sé pípa, af því að eg hafði haldið því fram, að brimhljóðið gæti skemt fyrir símasamtali, þá þykist eg ekki þurfa að fara langt út í slíkt. Það er líkara skrípalátum, en alvarlegum þingræðum.

Ekki þarf að eyða mörgum orðum að því, hvílíkur háski gæti stafað af því, að fela stjórninni þetta mál. Hún mundi auðvitað ekkert annað gera, en fara að ráðum landsímastjórans, þótt allir viti, að hann hafði enga þekkingu á loftskeyta-aðferðinni, þegar hann kom hingað. Og í samræmi við það hefir nú líka hinn þingflokkurinn víst þegar afráðið að greiða atkvæði, svo að þessar ræður gera ekki mikið af eða á. Það munu líka hvort sem er allir skynbærir menn vera orðnir forviða á öðru eins hjali og því, að símtal sé öruggara en loftskeyti, þar sem það er margstaðreynt, að þrásinnis heyrist ekkert af því, sem talað er í sæsíma. Og þegar svo er, að við ekkert er að berjast nema hvert öfugmælið ofan í annað, þá álít eg rétt að eyða ekki tímanum í það lengur, heldur láta hér við lenda. En eg vil ítreka það, að eg vona að mikill meirihl. deildarinnar sé svo óháður, að hann taki það eina sjálfsagða og rétta, sem eru loftskeytin.

Þá vil eg minnast fám orðum á eina fjárveitingu. Það er styrkur til íslenzks listamanns, Sveinbj. tónskálds Sveinbjörnssons, til þess að gefa út á íslenzku bók, kontrapunktfræði. Fróðir menn í þeirri grein segja, að meðan oss vanti hana, geti engin fullnýtileg söngkensla farið fram hjá oss, hún sé þá öll á sandi bygð. Menn munu nú segja, að þessi maður sé svo efnum búinn, að hann mætti við því, þótt hann tapaði á útgáfunni. Það getur verið, en þótt svo væri, þá er það hart, að láta hann þurfa að gefa okkur þetta úr sínum vasa. Hann er maður, sem hefir gert oss sóma erlendis, er nú kominn á elliár, og leitar varla til þingsins aftur, og finst mér því að sæmilegt væri að veita honum þetta.

Þá er síldarmatsmaðurinn, sem virðul. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) kvaðst hafa spurt mig um á prenti. Eg hefi nú ekki séð þetta prent hans, fremur en margt annað, sem er svo algengt úr þeirri átt. Það sem mest reið á, var það, að maðurinn yrði fær um að dæma um það, sem hann ætti að meta um, og þegar hann hafði búið sig undir starfa sinn bæði í Svíþjóð, Hollandi og í Hamborg,

þá kvað hann þá ferð ónýta, nema hann færi líka til Ameríku, sem og útgerðarmenn við Eyjafjörð (Akureyri) fóru fram á. Þá varð það að ráði, að styrkja hann til þessa. Maðurinn sjálfur var og er hrekklaus, og ef þessi styrkveiting þykir ósvinna, þá er ráð að leggja það mál fyrir landsdóm. Nú hefir maðurinn farið ferðina, svo að ef fara á að rekast í því, þá verður að höfða mál á móti mér fyrir það, að hafa eytt fé landsins að óþörfu.

Jón Þorkelsson: Það er að eins lítil breyt.till, eða réttara sagt viðaukatill., við viðaukatill. á þgskj. 197, þar sem farið er fram á, að ekkju einni sé veitt dálítil fjárupphæð. Það hefir altaf verið vani að taka slíku vel, sérstaklega hefir það verið venja, að ekkjur þingmanna hafi verið látnar njóta dálítils fjárstyrks, ef um það hefir verið sótt; má t. d. nefna ekkju síra Þorkels heitins á Reynivöllum. Hér er nú farið fram á styrk til ekkju síra Einars Þórðarsonar frá Hofteigi, en í viðaukatill. minni er farið fram á litla fjárupphæð til ekkju Hjörleifs prófasts Einarssonar. Hann andaðist, eins og menn vita, í hárri elli í haust og hafði verið klerkur í hálfa öld. Kennimaður var hann með afbrigðum, svo sem kunnugt er og jafnframt var hann hinn mesti bóndi og jafnan sannur þjóðfélagsstuðningur að honum. Eljumaður var hann einstakur, en fé sínu varði hann mest til að menta börn sín. Kona þessi er seinni kona hans. hún hefir fyrir tveim börnum að sjá og á þar að auki að sjá fyrir börnum stjúpsonar síns, sem er látinn fyrir nokkru. Hér er aðeins farið fram á 100 kr. hvert ár. Fyrverandi stjórn hefir áætlað henni á fjárlögunum 300 kr. eftirlaun. Mér finst svo mikið mæla með þessari fjárveitingu, að eg er sannfærður um að málaleitan þessari verður vel tekið, þar sem ekkjan á auk þess við lítil efni að búa.

Eg skal lítið fara út í aðrar tillögur. Flestar liggja þær mér í léttu rúmi.

Háskólatillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) er eg að vísu hlyntur, en hefði þó kosið, að hún hefði legið niðri til 3. umr. svo að mér hefði gefist kostur á að bera mig saman við hann um efni hennar og orðalag.

Að því er til loftskeytanna kemur, þá er eg hlyntur því máli, meðal annars vegna þess, að það virðist í heild sinni verða ódýrara, og það er sýnilega rétt, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), tók svo skýrt fram, að símasamband með suðurströnd Íslands er lítt hugsanlegt.

Menn hafa talað um styrkinn til Jóns Bergsveinssonar. Hann var sjálfsagður og mun Jón sjálfur gera grein fyrir, hvernig hann hefir varið því fé í grein sem kemur í Andvara bráðlega.

Eg sé, að fjárlaganefndin vill nema burtu styrkinn til Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar. Sjálfur get eg lítt um það dæmt, hversu rétt það er, því að eg er maður úsöngvinn, en eftir upplýsingum sem eg hefi fengið frá háttv. þm. Barð. (B. J.) álít eg misráðið að fella þann styrk burtu, ekki sízt, þegar eg ber það saman við sem veita á til manns frá bókmentafélaginu til að ferðast til Kristjaníu á einhvern fund, sem auðvitað yrði ekki annað en skemtiferð. Það horfði þó til einhvers gagns, að Sveinbjörn fengi féð til söngbókarinnar, en nytsemin af hinu er mér ekki jafn auðsæ. Mér er og kunnugt um það, að ýms félög hér hafa nú nýlega fengið boð til að mæta á fundum ýmsra útlendra vísindafélaga, en þau hafa aldrei hlaupið til þingsins til þess að fá styrk til að frísproka sig þar. Það væri nær að styrkja menn til rannsóknarferða, sem gætu orðið landi og lýð að gagni. Þó

að svona ferðir sé annars meinlausar, og þessi ferð er ósköp meinlaus, en peningunum er hent út til einkis.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla að drepa á viðaukatillögu mína á þgskj. 199. Það lítur út fyrir, að vinur minn háttv. 2. þm. S. Múl. (J. Ó.) sé sorglega sjóndapur og heyrnarsljór, því ekki vil eg geta neins lakara til. Hann hefir ekki getað lesið viðaukatillöguna, því að hann sagði, að hún færi fram á 5500 kr., en hún fer að eins fram á 3000. Ennfremur virðist hann ekki hafa heyrt orð mín og er því líklega orðinn heyrnardaufur, því að ekki vil eg gizka á það, að hann hafi talað á móti betri vitund. Eg tók það fram, að venja væri að brúa torfærur á þjóðvegum og það getur hann séð, ef hann t. d. ferðast um Mýrasýslu, því á þjóðveginum þar er hver spræna brúuð, hversu lítil sem hún er. Eg hefi aldrei sagt, að þær ár, sem hér um ræðir, væru neinar stórár, en samt er mér kunnugra um þær en háttv. 2 þm. S.-Múl. (J. Ó.). Hann hefir víst ekki ferðast um þetta svæði, nema einu sinni. Það var víst þegar hann var að bjóða sig fram til þings hérna á árunum. (*Jón Ólafsson:* Þetta er misskilningur). Það mun rétt vera, að eg fari hér rangt með, en á ferðalagi var hann eitt sinn þar vestra. Hann kveðst þá hafa séð þessar ár í leysingu í júnímán., en eg vil geta þess, að í júnímán. er aldrei vöxtur í neinum þeirra, hvorki Bakkaá, eða hinum. En það getur h. 5. kgk. þm. (L. H. B.) borið um með mér, að þessar ár geta að vetrarlagi verið vondur farartálmi, og svo er þess að gæta, er eg tók áður fram, að engin mynd er á því, að skilja eftir óbrúaðar ár á þjóðvegi árum saman.

Fyrst eg stóð upp á annað borð, ætla eg að minnast á viðaukatill. frá h. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Eg vil mæla með þeirri fjárveitingu, því að hér er um stórt svæði að ræða, sem hefir farið á mis við fjárveitingar hingað til og því mjög sanngjarnt, að þingið hlaupi þar undir bagga.

Hvað loftskeytin snertir, þá hafa margar gildar ástæður verið færðar fyrir þeim, svo að eg býst við því að menn hafi þegar myndað sér sannfæringu um það mál, en eg vil aðeins benda á það, hve mikill kostnaður yrði við það að gera við sæsíma til Vestmanneyja, ef hann bilaði. Það þyrfti hjálp frá útlöndum, sem bæði mundi kosta margar þús. kr. og auk þess taka mikinn tíma. Eg býst annars við, að menn hafi þegar myndað sér skoðun um málið og skal því ekki fara lengra út í það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend að eins upp til þess að lýsa undrun minni á því, að forseti skuli hafa látið það óátalið, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir borið mér það á brýn, að eg hafi talað móti betri vitund. (*Sigurður Gunnarsson:* Sagði það aldrei. Tók einmitt skýrt fram, að það væri ekki ætlan mín). Þm. sagði það; en gott, að hann vill það nú ótalað hafa.

Bjarni Jónsson: Eg skal leyfa mér að gera grein fyrir því, hversvegna eg er frekara með loftskeytastöð í Vestmannaeyjum og smástöðvum austur um sýslur, heldur en loftskeytastöð í Reykjavík og símasambandi til Vestmannaeyja. — Það var rétt er háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði að hafa mætti loftskeytastöð í Reykjavík með smástöðvum austur um sýslur. Þetta fyrirkomulag mætti hafa. En það verður miklu dýrara og skal eg sýna fram á, að þetta er rétt með því að sundurliða dýrleikann, og verður það þannig: Loftskeytasamband milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja kostar 40000 kr.; 5 stöðvar austur um sýslur á 7000 kr. hver — samtals 35000 kr. Alls sambandið Reykjavík til Vestmannaeyjar ásamt 5 stöðvum 75000 kr.

Loftskeytastöð í Reykjavík er áætluð að minsta kosti 25000 kr.; 5 stöðvar austur um sýslur á 20000 kr. hver; verða þá sökum fjarlægðarinnar að vera þeim mun sterkari sem verðhækkuninni nemur; samtals 100 þús. kr. þá verður: Reykjavík, 5 stöðvar í Skaftafellssýslum 25 þús. kr. + 100 þús. kr., samtals 125 þús. kr. — Þar við bætist símasamband milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, sem áætlað er 42200 kr. Samtals 125,000 + 42,200 kr. = 167,200 kr. Loftskeytasamband milli Rvíkur og Vestmannaeyja, ásamt 5 stöðvum austur um sýslur, verður þannig 92,200 krónum ódýrara heldur en loftskeytastöð í Reykjavík ásam 5 stöðvum austur um sýslur og sæsímasambandi við Vestmannaeyjar.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði ýmislegt um þessa hluti, þar á meðal að 2 mánaða námstími mundi ekki nægja þeim, er ætluðu að læra að síma með loftskeytaaðferð. Til sönnunar því, að tveggja mánaða námstími sé nægur, skal eg geta þess, að síðast þegar eg var á ferð í Hamborg, hitti eg þar hr. Vilhjálm Finsen, er var þar að kenna loftskeytaaðferð mönnum, sem áttu síðan að verða skeytamenn á skipum, er ganga á milli Norðurálfu og Vesturálfu og kvaðst hann kenna þeim í tvo mánuði, og eftir þann tíma tækju þeir við störfum; hygg eg þó, að Þjóðverjar og Englendingar séu svo kröfuharðir í þessum efnum, að við getum með fullri sæmd látið okkur nægja sama lærdóm í þessari grein og þeir gera.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) lagði áherzlu á það, að Englandsstjórn mundi bráðlega koma á loftskeytasambandi á milli Englands og Kanada. Mundi þá ekki verða annars kostur fyrir þá en hafa millistöðvar hér á landi og vér þannig fá loftskeytasamband fyrir ekki neitt, þess vegna ættum við ekki að vera að hugsa um að fá loftskeytastöðvar nú. Eg mun samt ekki láta þetta snjallræði þm. ginna mig til að vera á móti þessu máli nú, eða vill hinn háttv. þm. benda mér á það, hver mundi borga þau mannslíf, sem þessi leið kynni að hafa í för með sér, því að það er öllum kunnugt, að mikil hætta er að sigla um sjóinn og að mjög oft tekst að bjarga lífi manna þeirra, sem í háska eru staddir á sjó úti með aðstoð loftskeytanna. Hins vegar getur það engin áhrif haft á það, að Englendingar byggi hér stöðvar, þótt við nú byggjum þessar stöðvar, enda mundum við þá ef við vildum geta selt þeim þessar stöðvar, eða gert svo hagfelda samninga við þá um notkun á vorum stöðvum, að vér værum vel í haldnir.

Eg skal svo ekki þrátta frekara um þetta, enda er það þýðingarlaust, vona að háttv. ræðumenn muni allir greiða atkvæði með till., en ekki á móti, því eg er sannfærður um, að þetta er gott mál, og eg þar af leiðandi get því eigi sveigt mig eða beygt í þessu máli.

Eggert Pálsson: Eg gat ekki búist við því, að umræður um þetta mál mundu taka þá stefnu, sem þær hafa tekið, sem sé, að snúast aðallega um loftskeytasamband eða talsímasamband á milli Vestmannaeyja og meginlands. Til þess virðist ekki hin hógværa og sjálfsagða brtill. fjárl.nefndar, að orðinu »loftskeytasamband« skuli breyta í »hraðskeytasamband«, gefa neina ástæðu. Brtill. bendir einmitt í þá átt, að hollast muni vera og réttast að láta aðra, sem betri þekkingu hafa á málinu heldur en háttv. þingdm. geta haft eða betri kringumstæður til að afla sér hennar leysa hnútinn; og virðist svo, sem allir hefðu mátt þar við vel una, þar öllum var með því gert jafnt undir höfði. En

fyrst nú umræðurnar hafa tekið þessa stefnu, vildi eg segja nokkur orð, ekki af því að eg hafi nokkra sérþekkingu á þessu máli, hvort heldur loftskeyta- eða talsímaaðferðum, heldur af því, að eg mun flestum þm. kunnugri á því svæði, er síminn ætti að liggja um. Eg held að það hljóti öllum að skiljast, að loftskeytastöð í Reykjavík, til þess að taka við skeytum frá skipum og senda til þeirra, stendur ekki í neinu beinu sambandi við það, hvort loftskeytastöð skuli vera í Vestmannaeyjum, heldur þá að eins óbeinu. Það er enganveginn sjálfsagt, þótt hún væri sett í Rvík, að hún ætti einnig að koma í Vestmannaeyjum. Símasamband á milli Vestm.-eyja og meginlands gæti og getur verið eins réttmætt fyrir því, þótt slík loftskeytastöð kæmist upp í Rvík. Og símasambandið er réttmætt, ekki hvað sízt af þeirri ástæðu, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók fram, að með því kæmust eyjaskeggjar í samband við alt símakerfið um land alt; þar við bætist, að Vestmanneyingar sjálfir æskja sæsímasambands en ekki loftskeytastöðvar og liggur þá í augum uppi, að réttast er að taka slíkar kröfur til greina, einkum þar sem góð reynsla er fengin fyrir notum og endingu símans hér á landi, en alla reynslu vantar um loftskeytin. Hvað viðvíkur loftskeytastöð í Reykjavík, þá er eg að vísu ekki mótfallinn því í sjálfu sér, að hún komist á fót, en hitt ber að athuga, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) benti á, hvort vér getum ekki án nokkurs fjárframlags frá vorri hlið fengið slíkar stöðvar, og tel eg þá réttara að biðloka um nokkurn tíma og leita samninga við önnur lönd því máli viðvíkjandi, áður en í það er ráðist, einkanlega þar sem ekki er sýnilegt, að nokkuð verulegt kalli þar á eftir enn sem komið er.

Eg skal svo snúa mér að því, sem eg hvarf frá, hvort heppilegra væri, þegar á alt er litið loftskeytasamband við Vestmannaeyjar eða símasamband.

Þegar um þetta er að ræða, skilst mér að einkum komi til greina 4 ástæður:

1. Stofnkostnaðurinn. Eftir því sem áætlað hefir verið, mun loftskeytasambandið, þ. e. a. s. ef loftskeytastöð er komin upp í Rvík, verða litið eitt ódýrara en símasamband frá Garðsauka til Vestm.-eyja. En þar við er það að athuga, að síminn kemur til með að liggja um $^{2}/_{3}$ hluta af vegarlengdinni á landi. Nú stendur svo á, að óhjákvæmilegt verður innan mjög skamms tíma að leggja síma austur um Rangárvallasýslu alt austur í Vík í Mýrdal, því engin samgirni virðist vera í því, að láta þau frjósömu og fjölmennu héruð, sem eru á þeirri leið vera lengur án símasambands. Verði nú sími lagður til Vestmannaeyja, þá sparast mikið á Mýrdalssímanum, svo mikið að óhætt mun vera að draga frá símakostnaðinum til eyjanna 12—14 þús. kr., svo að í raun og veru kostaði síminn út í eyjarnar, þegar það er dregið frá hinni áætluðu upphæð, sem yrði að ganga til símaálmunnar austur í Vík á þessu sameiginlega svæði, 16—18 þús. kr. Og fer þá vissulega að verða minst á munurum, hvað símalagningin yrði dýrari en loftskeytastöðin.

2. Starfrækslan. Beri menn saman hvort ódýrara muni vera að starfrækja loftskeytastöðvar heldur en símasamband á umræddu svæði, þá er eg fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um, að eins og hér stendur á muni starfræksla símans verða mun ódýrari. Við loftskeytastöðina í Vestmannaeyjum mundi undir öllum kringumstæðum ekki veita af 2 mönnum til þess að starfrækja hana. Og þótt það kunni satt að vera, að slíkir menn þurfi ekki að vera svo ýkja lærðir, þá mundu þeir þó heimta sitt fullkomna

kaup, sem þegar er orðið allhátt fyrir hvern óvalinn mann sem er, og þá ekki hvað sízt fyrir mann með nokkurri sérþekkingu, enda hefir stjórnin ætlað til þess í frv. 3 þús. kr., og mun sízt of hátt sett. Það mun reynslan sýna. En á hinn bóginn mundi starfræksla símastöðvar í Vestmannaeyjum kosta sem annarsstaðar sára lítið, að minsta kosti verða ekki nema lítið brot af því sem starfræksla loftskeytastöðvar kostaði, jafnvel þótt símritara þyrfti að hafa þar einstöku sinnum.

3. Bilunarhætta. Eg skal játa það, að eg er ekki svo fróður í þeim efnum, að eg treysti mér til að dæma ótvírætt um, hve mikil eða lítil hún kunni að vera. Og eg held aðra þingdeildarmenn hljóti sömuleiðis að bresta slíka þekkingu. En eftir því sem símastjóri, sem fróðastur er allra manna hér á landi í þeim efnum, hefir skýrt frá, þá má fullyrða, að bilunarhætta sé ekki mikil á sæsíma, ef hann yrði lagður, enda bendir okkar eigin litla reynsla í þá átt, að bilunarhætta á sæsímum sé ekki mikil yfirleitt. Og þegar búast má við, að alt verði vandað sem bezt, þá virðist óhætt að fullyrða, að hún verði á þessu svæði sára lítil. Öðru máli er að gegna um loftskeytastöð. Hún hlyti jafnan að vera undirorpin mjög mikilli bilunarhættu, sérstaklega í Vestmannaeyjum. Þar er eins og menn vita, há og snarbrött fjöll og svipvindi mikið og stormasamt, svo að hætt er við að stengurnar brotni altaf meira og minna. Eg hugsa því, að þegar á alt er litið, megi leggja hvorttveggja nokkurn veginn að jöfnu, bilunarhættu sæsímans og bilunarhættu loftskeytastöðvanna. Önnur bilunin sjaldgæfari og kostnaðarsamari, hin tíðari en ódýrari. Hvað landtöku sæsímans á meginlandinu snertir, þá get eg af eigin reynslu dæmt um það, að það er fyllilega rangt sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vildi halda fram, að bilunarhætta á sæsíma milli lands og Vestmannaeyja mundi verða mjög mikil á landtökustaðnum við Rangársand. Hver maður, sem þar er kunnur, veit það, að síminn mundi þegar fara á kaf í sandi og þar af leiðandi bilunarhætta nær því engin á þeim stað. Sama er að segja um það, er sami háttv. þm. vildi halda fram, að »trollarar« mundu slíta símann milli lands og eyja, að það nær heldur engri átt, og það af þeirri einföldu ástæðu, að »trollarar« »trolla« aldrei á þessu svæði, sem síminn á að liggja um, hverjar orsakir sem til þess kunna að liggja, sennilega annaðhvort það, að sandurinn sé svo mikill, að hann fylli vörpurnar eða botninn svo ósléttur eða þá hvorttveggja.

4. Notagildi. Það hlýtur hverjum manni að liggja í augum uppi, að notagildi símans hlýtur að verða miklu meira en notagildi loftskeytastöðva. Og af hverju? Af því að ef sími yrði lagður komast, eins og tekið hefir verið fram, Vestmannaeyingar í samband við alt landið og aðrir landsmenn við þá. Að vísu má segja, að slíkt samband geti komist á, þótt að eins loftskeytastöðvar verði reistar. En slíkt samband liggur í augum uppi að hljóti að verða afardýrt, eigi að eins fyrir landssjóðinn með tilliti til starfrækslunnar, heldur einnig fyrir hina fáu notendur þar. Fyrst yrði að greiða gjald fyrir loftskeytin og síðan fyrir símskeyti með símanum, auk þess sem talsímabandið er þar með alveg afskorið, og er það þó eflaust það sem mönnum finst þægilegast og mest er notað. Og þörfin fyrir slíkt samband er ekki síður brýn hér en annarsstaðar á landinu. Vestmannaeyjar er bæði verzlunarstaður og stórt fiskiver. Úti í Vestmannaeyjum eru æfinlega vetur og vor fjöldi manns af meginlandi, sem þarf að hafa samband sem

greiðast við menn í landi og aðrir við þá. Aftur á móti á sumrum er fjöldi af Vestmanneyingum, konum og körlum, í landi í kaupavinnu og við heyskap, svo að viðtölin yrðu þannig dagleg á báða bóga, fólkinu til þæginda og landssjóði til afarmikilla tekna. En þessum þægindum yrðu menn að mestu leyti sviftir, ef loftskeytaaðferðin yrði tekin fram yfir talsímann og landssjóður þar með einnig tekjunum. Vegna alls þessa er eg því að svo vöxnu máli því hlyntari, að símasamband heldur en loftskeytasamband verði sett á stofn á milli Vestmannaeyja og meginlands, en játa þó takmörkun þekkingar minnar í þeim efnum, og get því felt mig við þá tillögu, að stjórninni sé falið að ráða fram úr þessu eftir ráði vitrustu og beztu manna, treystandi því, að hún geri það sem réttast er í þessu efni og blandi því á engan hátt inn í stórpólitíkina eða undangenginn stjórnmálaágreining. Og að flestir háttv. þingdm. geti sætt sig við það, tel eg líklegt. Eg undantek háttv. þm. Barð. (B J.). Ef hann hefði sjálfur setið í ráðherrastólnum mundi hann ekki hafa haft mikið á móti svona lagaðri breyt.till. En þegar hann er þar eigi lengur, er skiljanleg afstaða hans gagnvart breyt.till. Hún er skiljanleg af manni, sem á öllu *þykist* hafa vit og einn vill öllu ráða. En þótt hann beri ekki traust til þeirrar stjórnar, sem nú höfum vér, þá getur hann nú máske huggað sig við það, að hún verði ekki svo langgæð — eftir því sem vindurinn virðist nú blása hjá hinum háttv. meiri-hluta. Verði vantraustsyfirlýsing sú samþykt, sem þeir herrar í meiri hlutanum hafa nú borið fram, getur vitanlega svo farið, að vér allir verðum sendir heim með sóttgæzlufrumvarpið eitt, sem samþykt lög til að hampa framan í kjósendur og aðrir menn komi því til að fjalla um málið, svo að í raun og veru kunni því á sama að standa, hvort vér samþykkjum hér nú þráðar- eða þráðlaust samband milli Vestmannaeyja og lands. En hvað sem ofan á kann að verða, held eg þó að bezt fari á því, að breyt.till. fjárlaganefndar verði nú samþykt. — Og eg fyrir mitt leyti er ekki hræddur við að við gerum okkur hlægilega í augum seinni þinga fyrir að fela þetta mál til úrlausnar þeim, sem bezt hafa skilyrðin til þess að þekkja hið rétta.

Viðvíkjandi hinum öðrum breyt.till., hvort heldur fjárlaganefndar eða annara, skal eg ekki fjölyrða. Að sjálfsögðu fylgi eg stefnu fjárlaganefndar, sem h. frsm. (B. Þ.) hefir tekið fram, í flestum efnum, en tel mig samt óbundinn í sumum atriðum, sem sjást mun af atkvæðagreiðslunni.

En fyrst eg stóð upp, þá vildi eg jafnframt lítillega minnast á athugasemdina í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar við síðustu gr. frv. áhrærandi Markarfljótsfyrirhleðsluna. Þótt eg fyndi ekki ástæðu til, hennar vegna, að skrifa undir álitið með fyrirvara, þá er eg samt ekki alls kostar ánægður með hana. Ekki af því að eg telji hana skaða, heldur af því, að eg tel hana lítt framkvæmanlega og þar af leiðandi gagnslausa. Það sem upp á kann að vanta áskilið fjárframlag hjá Fjallamönnum, stendur að minni hyggju eingöngu hjá jarðeigendunum en ekki hjá hreppsbúum eða hreppsnefnd. Og eg þekki engan veg til þess, að jarðeigendurnir verði þvingaðir til þess að láta nokkurt fé af hendi í þessu skyni á móti vilja sínum. En sé það hægt, skal eg ekkert á móti því hafa. En ef til þess kemur, að landeigendur leggi fram fé í þessu skyni, þá vona eg að ekki standi á fjárframlagi úr landssjóði fyrir hönd jarða þeirra, er honum heyra — að minsta kosti óbeinlínis — til, sem eru kirkjujarðir Holtsprestakalls

og æði margar eru að tölunni og flestallar undiropnar meiri eða minni eyðileggingu, ef fljótið hefði fengið að ráða.

ATKVGR.:

1. gr. sþ. með 19 atkv. shlj.
2. gr. sþ. með 19 atkv. shlj.

Brt. 166, 1. við 3. gr. sþ. með 15 : 9 atkv.

— 166, 2. við 3. gr. sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-Múl.	Sig. Sigurðsson.
Jón Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson,
Jón Þorkelsson,	Þorleifur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson.	

3. gr. svo breytt sþ. með öllum atkv.

Brt. 166, 3. við 4. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

— 225. við 211. sþ. með 20 atkv. shlj.

— 211. við sömu gr. þar með fallin.

— 166, 4. við 4. gr. sþ. með 19 atkv. shlj.

— 199. við sömu gr. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig Gunnarsson.	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson.

Brt. 166, 5. við 4. gr. D. II. feld með 13 : 10 atkv.

— 194. við 4. gr. sþ. með 14 : 1 atkv.

— 166, 6. við 4. gr. sþ. með 21 atkv. shlj.

— 166, 7. við 4. gr. sþ. með 17 atkv.

— 204. við 4. gr. sþ. með 14 atkv. shlj.

— 198. við 4. gr. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson.

Liðurinn sjálfur sþ. með 14 : 8 atkv.

4. gr. svo breytt sþ. með 18 atkv. shlj.

Brt. 178. við 5. gr. sþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl.
Jón Jónsson N.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-M,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson,
Jón Ólafsson,	Þorleifur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	

Já:	*Nei:*
Jón Þorkelsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen.	

Brt. 166, 8. við 5. gr. sþ. með 18 atkv. shlj.

— 166, 9. við 5 gr. sþ. með 18 atkv. shj.
5. gr. svo breytt sþ. með 19 atkv. shlj.

— 166, 10. við 6. gr. sþ. með 13 : 8 atkv.

— 166, 11. við 6. gr. sþ. með 17 atkv. shlj.

— 166, 12. við 6. gr. sþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Þorkelsson,
Bjarni Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Björn Jónsson,	Ólafur Briem,
Björn Kristjánsson,	Sig. Sigurðsson,
Björn Sigfússon,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Jóh. Jóhannesson,	Stefán Stefánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson.	

6. gr. svo breytt sþ. með öllum atkv.

Brt. 166. 13. við 7. gr. sþ. með 16 : 1 atkv.

— 183. við 7. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.
7. gr. svo breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

— 182. viðbót við 7. gr. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Ólafsson,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 197. viðbót við 7. gr. feld með 13 : 6 atkv.

— 229. viðbót við 7. gr. feld með 14 : 6 atkv.

— 224. Eftir 7. gr. komi ný 8. gr., sþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakall, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Þorkelsson,
Einar Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Þriðja umr. 23. marz. (A. 237, 241, 265, 277, 278, 279, 281, 282, 284, 286).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Fyrir hönd fjárlaganefndarinnar skal eg fara nokkrum orðum um

þær breyt.till., sem fram hafa komið við frv., og tek eg þær í sömu röð sem þær standa.

1. brt. er um að veita stjórnarráðinu heimild til að selja Miklaskála. Tilboð hefir verið gert í húsið og kaupin nokkurn veginn afgerð af stjórnarráðinu, en heimild þarf til sölunnar frá þinginu. Nefndin mælir með þessu og gengur út frá því vísu, að þingd. samþykki það.

Næsta till. er á þgskj. 265, tilkomin út af fjárveitingu til háskólans, sem samþykt var við 2. umr. Eg álít nú, að engin þörf hafi verið, eins og fjárhag landsins er háttað, að fara strax að rjúka í að veita fé til háskóla, og mig furðar á því, að bændur skuli greiða atkvæði með slíku. Það er annað mál um Reykvíkinga, sem vænzt geta frama og fjárauka fyrir sig sjálfa eða ættingja sína og venzlamenn við það. En eg býst ekki við, að við þetta verði ráðið, og því er meirihluti nefndarinnar með breyt.tillögunni, sem fer fram á það, að háskólinn byrji 1. október í stað 17. júní, eins og samþykt var við 2. umr. Átti það að vera til minningar um vorn mikla þjóðskörung Jón Sigurðsson. Eg get ekki séð, að minning þessa merkismanns græði nokkuð við það, að menn hirði laun sín, eti og drekki upp á landssjóðs kostnað í $3^1/_2$ mánuð.

Breyt.till. á þgskj. 277 er svo til komin, að við 2. umr. var samþykt 4500 kr. fjárveiting til brúar á Hölkná. Eg gat ekki svarað flutningsm. þeirrar fjárveitingar þá, af því að umr. voru skornar niður. Nú leggur nefndin til, að landið veiti 3000 kr. til brúar á nefnda á, eða $^2/_3$, en $^1/_3$ leggi sýslan eða hreppurinn, sem áin rennur um. Áin er ekki á þjóðveginum, heldur á aukapóstvegi, og ber því landssjóði engin skylda til að veita fé til brúarinnar. En af því að áin er ill yfirferðar og seinasta þing veitti fé til brúar á á nálægt þessari, sem ekki getur komið að fullum notum, nema Hölkná verði brúuð, þá vill nefndin veita þessa ívilnun.

Þá er hér breyt.till. á þgskj. 278, sem er náskyld annari breyt.till., er kom fram áður hér í deildinni og féll við 2. umr. Það var till. um eftirlaun til ekkjufrúr Þóru Melsteð, 500 kr. fyrir árið 1910, en 600 kr. fyrir árið 1911.

Nefndin hefir nú ekki átt kost á að ræða þetta, en hafði þó hugmynd um að það mundi koma fram, og þá hefir mér og meirihl. fjárlagan. komið saman um að lækka þennan lið niður í 400 kr. Það er alkunnugt, að hér er um sæmdarkonu að ræða, sem unnið hefir mikið og gott starf sjálf, og er auk þess ekkja góðs og merks manns. En þinginu hefir áður farist mjög vel við þann mann, og það er þó ekki ástæða til þess að óska frekari eftirlauna handa ekkjunni, að maðurinn hefir verið hálaunaður meðan hann lifði. Ekki ástæða til að gera neinn rétthærri, þótt vel hafi verið farið með hann áður.

Það kom fram hjá háttv. flutningsm. þessarar till., að konan væri gömul og óvíst að hún þyrfti styrks með oftar, ef hann fengist ekki nú. Eg álít líka, að það sé sanngjarnt, að hún fái 400 kr. þetta ár, þótt það hafi ekki verið sannað, að hún sé sérlega þurfandi. Það eru sómasamleg eftirlaun handa ekkju, sem ekki á fyrir neinum að sjá, einkum ef litið er til eftirlauna margra embættismanna vorra. Einungis vildi eg þá óska yfirlýsingar háttv. flutningsm. um það, hvort hann vilji ekki gera sig ánægðan með þetta, og heimta ekki meira á fjárlögunum. Ef svo er, þá er eg ánægður og vil mæla með því við háttv. deild, að hún veiti þessar 400 kr.

Svo er breyt.till. á þgskj. 279 frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), sem er að

mestu leyti uppvakningur frá 2. umr. Munurinn er að eins sá, að þá var farið fram á 400 kr., en nú 350 kr. Mér er nú ekkert kappsmál um þessa breyt.till. Eg veit það, að þörf muni vera fyrir þetta fé til að greiða fyrir ferðum í Austur-Skaftafellssýslu. En það var bent á það við 2. umr., að þessa upphæð mundi mega fá af því fé í gildandi fjárlögum, er veitt er til gufubáta og mótorbátaferða. Þessu mætti koma að á fjárl. Eg get nú ekkert fullyrt um það, hvernig nefndin muni taka í þetta, en eg sé að því er haldið til streitu, og vil því ekki fyrir hönd nefndarinnar vera að mæla á móti því.

Þá er breyt.till. á þgskj. 281. Það er um byggingarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi. Þessi till. er hingað komin á síðustu stundu, svo að fjárlagan. hefir eigi haft tíma til þess að bera sig saman um hana. Eg tala því hér einungis fyrir sjálfan mig. Og eg verð að segja, að eg hefði kunnað betur við það, ef þetta hefði verið kallað styrkur til skólahússbyggingar, því að annars binda menn hendur sínar, ef þetta verður samþykt. Fjárl.nefndin hefir enn ekki tekið afstöðu til kvennaskólamálsins, hún hefir ekki haft tíma til þess, en hún hefir samþykt í tillögum sínum við fjárl. 10—12 þús. kr. lánsheimild til skólahúss á Blönduósi, og í samræmi við það hefði þessi breyt.till. átt að orðast. Af þessum ástæðum get eg eiginlega hvorki verið með þessu né móti.

Þá eru nú ekki eftir fleiri breyt.till., nema ein á þgskj. 284, sem ekki er nema orðabreyting, og sem eg álít alveg rétta.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi leyft mér ásamt tveim öðrum háttv. þm. að koma fram með breyt.till. á þgskj. 265, viðvíkjandi háskólanum. Breyt.till. fer fram á það, að háskólinn taki ekki til starfa fyr en 1. okt. og fjárhæðin miðuð við það.

Eg hafði ætlað mér að minnast á þetta atriði, háskólann, við 2. umr. fjáraukalaganna, en umræðurnar voru þá, eins og kunnugt er, skornar niður. En undir umræðunum benti háttv, 2. þm. Rang. (E. J.) á það, að ástæðulaust væri að ákveða laun handa kennurum háskólans yfir sumartímann frá 17. júní til 1. okt. , þann tíma, er engin kensla ætti sér stað, og er það rétt athugað. En afstaða mín til þessa máls er sú, að eg álít að háskólinn hefði átt að hvíla þetta næsta fjárhagstímabil. Það er svo margt annað, sem kallar að og síður þolir bið. Eg hefi hvergi orðið var við neinar óskir um að háskólanum yrði komið á fót svo brátt, nema hér í Reykjavík. Úti um landið láta menn sig það engu skifta, þótt það drægist um nokkur ár, að hann tæki til starfa. Flestir munu telja það skaðlaust landi og lýð, þótt svo yrði, og óneitanlega hefir það allmikil útgjöld í för með sér að stofnsetja skólann. Launaviðbótin ein nemur 15—20 þús. kr. á ári. Það munar um minna. Fyrir það fé mætti brúa 3—4 smáár, eða byggja 4—5 rasta braut. Hér er ekki um neina brýna þörf að ræða, að koma skólanum á fót, síður en svo. Það eru að eins nokkrir reykvíkskir embættismenn og embættislausir menn, sem er það kappsmál, að háskólinn byrji sem fyrst. Það er *launaviðbótin* og *launavonin* hjá þessum mönnum, sem kallar að, og ekkert annað. — Við 2. umr. var viðhaft nafnakall um fjárveitinguna til skólans. Það hefir átt að knýja menn til að vera með henni. Það hreif. Fjárveitingin var samþykt, og það með allmiklum atkvæðamun. Það eru þeir háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), sem mest hafa gengist fyrir þessari háskólastofn-

un á þessu þingi. En nú er mér sagt, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sé orðinn linari í sókninni, en áður, og vilji nú helzt að stofnun háskólans sé frestað. Hvað veldur þeim sinnaskiftum? — Eg sé líka hér er komin breyt.till. við breyt.till. okkar þrímenninganna, þar sem farið er fram á að fella í burtu 4. deild háskólans, og mér er sagt að þessi till. eigi rót sína að rekja til háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), en um það skal eg ekkert fullyrða. En gagnvart þessari breyt.till. vil eg segja það, að eg hefi ávalt litið svo á, að það yrði einmitt þessi 4. deild háskólans, er héldi nafni hans á lofti út á við. Og ef það er annars meiningin, að háskólinn eigi að hefjast nú í ár, þá virðist mér fara bezt á því, og vera í mestu samræmi við tilgang háskólalaganna, að *allar* deildir hans taki til starfa undir eins. Ef 4. deildinni er slept, heimspekisdeildinni, og að eins sameinaðar — á pappírnum — hinar 3 deildirnar: læknaskólinn, lagaskólinn og prestaskólinn, þá virðist mér eins gott að fresta *alfarið* stofnun háskólans. Annaðhvort er að fresta stofnun skólans, eða búa svo um, að allar deildir hans geti byrjað undir eins. Og mín skoðun er nú sú, að stofnun háskólans hefði átt að bíða, bæði þetta ár og næsta fjárhagstímabil. En ef hann á að byrja á annað borð, þá virðist mér lang eðlilegast, að allar deildir skólans taki til starfa samtímis.

Jón Magnússon: Eg vildi víkja með nokkrum orðum að breyt.till. minni á þgskj. 278 um styrkinn til frú Þóru Melsted. Eg talaði nokkur orð fyrir samskonar till. við 2. umr., og álít ekki þörf á að taka hér upp aftur það sem eg sagði þá. Eg skal að eins minna á það, að hér á ekki einungis í hlut ekkja heiðursmanns, sem þing og þjóð hefir verið samdóma um, að unnið hafi til sérstakrar viðurkenningar fyrir starf sitt í almanna þarfir, heldur og kona, sem á það sjálf skilið, að henni sé sómi sýndur fyrir margra ára ósérplægna starfsemi til sannra þjóðþrifa, því að frá því árið 1858 hefir hún sífelt lagt fram alla sína krafta í þjónustu málefnis, sem alþingi hefir ætíð talið mjög þarft, en það er kvennaskólamálið. Hún kom því máli fyrst á hreyfingu, og síðan lagði ekki einungis hún, heldur og maður hennar að miklu fram krafta sína í þarfir þess á síðari árum. Það er vitanlegt, að fjárhagur þeirra hefir verið heldur þröngur alla æfi. Samt sem áður réðst þessi maður í það, að byggja stórt og dýrt hús handa kvennaskólanum, auðvitað mest í skuld, og af þessu leiddi það, að hann gat ekki séð svo vel fyrir ekkjunni, sem hann vildi, gat t. d. ekki lagt fé í ekknasjóð. En hann treysti því stöðugt, að alþingi mundi sjá það við hana. — Eg sé nú að háttv. fjárlaganefnd hefir ekki fundið ástæðu til þess að virða þetta svo sem að neinu. Eg veit þó, að stjórnin hefir álitið, að konu þessari bæri lagalega um 220 kr. lögmælt eftirlaun, og hefir úrskurður hennar fallið í þá átt. Hér er nú ekki um annað að ræða, en dálitla viðbót í örfá ár. — Þar sem h. framsm. (B Þ.) spurði, hvort eg vildi eigi þiggja fyrir hennar hönd 180 kr. viðbót í ár, móti því að sleppa öllu frekara tilkalli, — þá skil eg ekki, hvernig mönnum dettur í hug að koma fram með annað eins. Þetta gæti verið hreinasti búhnykkur fyrir þingið, nema hún eigi því skemur eftir ólifað. Ef hún lifir nokkur ár enn, sem eg vona að verði, þá er henni þetta strax á næstu árum 200 kr. skaði. Þegar eg sá till. fjárlaganefndar um þessa niðurfærslu, þá datt mér fyrst í hug að taka tillögu mína aftur, heldur en að þiggja

svo litla viðbót, en eg gerði það ekki, því að eg vissi að þegar er þörf aukins styrks. Það er satt, að þessi kona á dálitið í kvennaskólahúsinu, sem eitthvað kynni að fást fyrir, ef það seldist, en nú sem stendur er sú húseign fremur til byrði, en hitt. Sannast að segja hélt eg, að menn mundu veita þetta ljúflega, svona lítið, og það þegar konan er komin fast að níræðu. Og þótt það sé satt, að hagur landsins sé þröngur, þá er það ekki svo, að mjög muni um 3—400 kr. meira eða minna. En eitt vil eg taka fram: Þessi kona hefir þegar ráðstafað öllu eftir sinn dag til almennings þarfa.

Eg verð að segja það, að eg á bágt með að betla, þegar undirtektirnar eru svona stirðar og viðurkenningin svona lítil, en eg get ekki skilið, hvað háttv. fjárlaganefnd gengur til, nema ef vera skyldi það, að hún álíti að hér eigi engin viðurkenning við, af því að kona á í hlut. Mér er nær að halda, að hefði það verið karlmaður, þá hefði varla heyrst nokkur rödd á móti þessu. Og ef það er alvara hjá háttv. fjárlagan., að halda fram sinni viðbót, þá vil eg heldur leggja til, að alt sé tekið aftur. Það verða þá vonandi einhver önnur ráð til þess að hjálpa þessari konu á einhvern annan hátt þann stutta tíma, sem hún á eftir ólifað.

Forseti: Eg skal geta þess til athugunar háttv. þm. við atkv.gr., að brtill. á þgskj. 284 er tekin aftur af flutningsm.

Bjarni Jónsson: Það var þessi breyt.till. viðvíkjandi háskólanum, ásamt þeim fögru orðum, er háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) fylgdi henni úr garði með, sem knúði mig til þess, að þreyta háttv. deild með nokkrum orðum, þótt eg ætlaði mér ekki að tala meira að sinni.

Hann talar svo oft, sá háttv. þm. um *lærða menn* og tilgang þeirra til hins og þessa, og gefur jafnvel í skyn, að eg og aðrir lærðir menn ætlum okkur allir að verða kennarar við þennan háskóla. Eg held, að þótt við yrðum það allir, og þótt við hefðum allir þennan eina háttv. þm. að lærisveini, þá yrði samt efamál, hvort hann yrði nokkru betur að sér, þegar hann kæmi frá þeim síðasta, en þegar hann kom til þess fyrsta. En því vil eg beina til allra, eldri og yngri, lærðra og ólærðra, að það kemur dálitið hjákátlega við, að vera sí og æ að hamast að þessum lærðu mönnum, þar sem það kemur aldrei fyrir, að nokkur þeirra sjálfra minnist þess. Eg þekki engann, sem ofmetnist af því, og geri lítið úr öðrum, ólærðum, mönnum. Því fer svo fjarri, að jafnvel þessi háttv. þm. hefir einmitt á þessu þingi verið tekinn upp í tölu lærðra manna af öðrum háttv. þm., og álít eg það ekki nema vel til fallið um jafn-sprenglærðan búfræðing og hann er. Það er undarlegt, þegar hann er að tala um alla þá spillingu, er leitt hafi af lærðum mönnum hér á þinginu. Það sýnist eins og hann hafi ekki vitað það, að maðurinn, sem situr við hlið hans — maðurinn, sem er traust hans og athvarf í öllum málum — að hann er líka lærður maður. Hann hefir líklega ekki tekið eftir því, af því að hann veit að hann er bóndi, annars hefði hann ef til vill farið gætilegar, því að þaðan hefir hann þó alt hið bezta, sem hann hefir til málanna lagt. Og þótt eg ætli mér ekki að fara að gjalda honum nú alt það, sem hann hefir sagt í garð okkar lærðu mannanna, af því viti og snild, sem honum er í munn lagin, þá get eg ekki stilt mig um að segja það, að eg álít það óvirðingu og ósamboðið þessu þingi, að menn séu sí og æ að halda kjörfund hér í deildinni. Því að hvað á alt þetta hjal að þýða um eyðslusemi og krófur lærðu mann-

anna? Hvað getur það verið annað en það, að hér sé verið að mælast til þess við kjósendur í Árnessýslu, að þeir taki sparnaðarmanninn Sigurð búfræðing fram yfir hina eyðsluseggina?

Eg skal nú hverfa frá þessu, en eg vona að þessi háttv. þm. láti nú lærðu mennina í friði fyrst um sinn, annars kann að vera að svo megi brýna deigt járn, að biti. Og þótt hann sé mikill maður, og tali oftar en við allir til samans, þá gæti svo farið, að hann ætti fult í fangi, ef allir lærðir menn í deildinni vildu leggja í það, að þakka honum fyrir síðast.

En viðvíkjandi tillögu þeirri, sem sami h. þm. Árn. hefir borið fram, þess efnis að laun háskólakennara byrji 1. okt. en ekki 1. júní, þá er það mér ekkert kappsmál. Hitt er það, þótt eins og þm. sagði, það ykji ekki á virðingu Jóns Sigurðssonar, þótt háskólakennararnir borðuðu fyrir landsfé þennan tíma, þá er þó á hitt að líta, að það sýndi að minning Jóns Sigurðssonar ætti einhvern stað í pyngju manna við hliðina á hjartanu. En tillaga sú, er eg ber hér fram leysir alla hnúta. Þá verður háskólasetningin helguð minningu Jóns Sigurðssonar, en laun kennaranna sparast til 1. okt. þ. á.

Eg hefi áður látið í ljósi, að háskóli væri eitthvert hið bezta fyrirtæki, sem landið gæti í ráðist; en auðvitað kostar það eitthvað, eða vill háttv. 2. þm. Árn. benda mér á, sem til framfara horfir, sem fæst fyrir alls ekki neitt, og það kemur fyrir lítið, að gaspra um framfarir; þær fást aldrei, hvorki veraldlegar né andlegar fyrir ekkert, hvorki hér né í öðrum löndum, og það er áreiðanlegt, að það situr illa á þeim mönnum, sem tala um sjálfstæði þessa lands, að telja eftir hvern eyri, sem til þess gengur að vinna að því, og eitt hið versta verk, sem eg þekki er það, þegar verið er að slá á aumustu strengi þjóðarinnar með því að reyna að gera það ægilegt, hversu mikið hún þurfi að borga fyrir sjálfstæði sitt og mentun. Hver á að borga fyrir það, að borgarar þessarar þjóðar eigi kost á að verða þjóðlega mentaðir og sjálfstæðir menn? Hver nema þjóðin sjálf. En eg skal ekki tefja tímann með þessu.

Björn Jónsson: Mér datt í hug, þegar eg sá breytingartillögu um að færa niður eftirlaun frú Þóru Melsteð, að eitthvað meira en lítið mætti hann vera bágborinn fjárhagurinn, ef brýna nauðsyn bæri til að fara svona með þessa stórmerkilegu konu, sem vafalaust er hin langmerkasta kona, sem lifað hefir í þessu landi, síðan alþingi hið nýja tók til starfa. Þessi kona, sem með kostgæfni og samvizkusemi hefir um 40 ára skeið unnið meira og betra verk í þarfir þjóðfélags vors, en nokkur önnur kona á þessu landi; með hana á nú að fara svo, að hún komist því nær á vonarvöl í ellinni — mjög hárri elli — því að hún er nú komin fast að níræðu. Mér getur ekki annað en flogið það í hug í þessu sambandi, hversu undarlegt það virðist, að sama löggjafarþingið, sem í hittéðfyrra veitti einum heiðursmanni, ónefndum þó, sem að vísu hafði verið framkvæmdarmaður, en einatt haft há laun fyrir starfa sinn og átti enga kröfu til eftirlauna, þetta sama þing veitir honum þá 4000 kr. eftirlaun, og án þess eg lasti það í minsta máta, þá finst mér hitt furðanlega hégómlegt, að heyra nú sömu mennina vera að yrðast um það, hvort þessari konu, sem á engan hátt er ómerkari en maðurinn, sem eg gat um, séu veittar 400 til 600 kr., og þetta gera hinir sömu menn, sem látast í orði kveðnu unna jafnrétti karla og kvenna og halda fagrar ræður um, að kvenfólk sé jafnvel gefið og karlar. Það er sýnilegt, að alt þeirra

hjal um þá hluti eru tóm orð, orð, orð — — eins og skáldið sagði (Shakespeare).

Mér er það óbærileg tilhugsun, ef þetta þing gerir það fáheyrða drengskaparbragð(!) að láta þessa konu ekki fá þennan lítilfjörlega eftirlaunaauka og eg skil ekki, að nokkurt mannsbarn á landinu geti misvirt það, þó vel sé farið með þessa konu, en þúsundum manna mun gremjast, ef þinginu ferst illa og óverðuglega við hana.

Eg hafði lofað því við 2. umr. þessa máls, að gefa skýrslu um kostnað við utanför síldarmatsmannsins á Akureyri. För hans til Vesturheims stafaði af því að síldarveiðaútgerðarmenn á Akureyri höfðu farið þess á leit við matsmanninn og tjáð sig um það við stjórnina, að mjög svo æskilegt væri, ef hægt væri að senda þangað skynbæran mann til þess að komast þar í markaðssamband með síld, og til að kynna sér alla meðferð síldarinnar þar og hvernig haganlegast væri að senda hana þangað. Árangurinn af förinni hefir orðið sá, að breytt hefir verið til um verkun á síld, sem þangað hefir átt að fara, og eins hefir síðan verið tekið upp annað og rétt lag til að koma síldinni þangað. Áður hafði síldin verið send í stórum förmum í einu, en það sýndi sig nú að vera mesta óráð, því þegar hún kemur vestur verður að geyma hana í ís, þangað til hún selst, á svo og svo löngum tíma, en það hefir mikinn kostnað í för með sér. Hér er því alls eigi um fjáreyðslu að ræða, eins og sumir hafa viljað halda fram, heldur fjárframlag eftir eindregnum tilmælum viðkomandi manna til þess að efla og bæta einn af meiri hátttar atvinnuvegum landsins. Og þegar þess er gætt að ferð þessi kostaði manninn, sem hana fór — enginn annar bauðst — um 2000 kr., þar af fékk hann 1300 kr. úr landsjóði, en 6—700 kr. borgaði hann sjálfur, þá má segja, að fáum krónum hefir verið betur varið, því síldin hefir selst miklu betur síðan og þar að auki er fenginn geysistór markaður, sem áður var lítt þektur. Eg vildi ekki láta undir höfuð leggjast að gefa þessa skýrslu, en hvað deildin vill gera við þetta mál, hvort hún vill lögsækja mig, eða hvað hún gerir ræður hún að sjálfsögðu.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Barð. (B J.) sagði um eftirlaun frú Þóru Melsteð og um það, að fjárlaganefnd færist ekki vel við hana, þá átti eg sízt von á slíkum orðum úr þeirri átt. Fjárlaganefnd fórst þó betur við hana en fyrverandi ráðherra, sem gleymst hafði að setja hana inn í fjáraukalögin. Aðfinsla hans því ekki á rökum bygð. Hins vegar álít eg að þinginu farist fullvel við þessa að allra dómi mjög svo góðs verðu kona, ef það lætur hana fá 400 kr., einkum þar sem fjárlaganefndin þykist vera viss um, að efnahagur hennar sé ekki eins bágborinn, eins og af er látið; hún á þó stóra húseign hér í bænum, sem hlýtur að vera mikils virði.

Hálfdan Guðjónsson: Eg ætla að eins að segja fáein orð um breyt.till. á þgskj. 281, um fjárframlag til þess að endurreisa kvennaskólann á Blönduósi. Eg veit að öllum þm. er kunnugt um, hversvegna þessi tillaga er fram komin, sem sé vegna þess, að skólinn brann á síðastliðnum vetri. En þótt nú þetta óhapp vildi til, þá hafa Húnvetningar nú samt ákveðið að endurreisa skólann og halda honum áfram. Það hefir verið svo nú nokkurn tíma, að þessar þrjár sýslur norðanlands hafa hver haft sinn skóla. Eyfirðingar gagnfræðaskóla, Skagfirðingar bændaskólann á Hólum og Húnvetningar kvennaskólann á Blönduósi.

Samskonar óhapp og fyrir okkar skóla í vetur, kom fyrir skóla Eyfirðinga fyrir nokkrum árum, þegar skólahúsið brann á Möðruvöllum í Hörgárdal, en þrátt fyrir það datt engum í hug að leggja þann skóla þá niður og svifta Eyfirðinga þannig skólanum; þvert á móti var skólinn endurreistur og umbættur, svo hann er nú fullkomnari en hann var áður.

Dálitið svipað kom fyrir hjá Skagfirðingum, Þar þurfti að byggja skólahús, þó varð það ekki ofaná að svifta þá skólanum af þeim sökum, heldur var húsið bygt og Skagfirðingar fengu að halda sínum skóla, eins og Eyfirðingar sínum skóla. En nú er kvennaskólinn, uppáhaldsstofnun allra Húnvetninga, brunninn, en áhugi þeirra á því að hlynna sem mest að þessari mentastofnun brann ekki um leið, og eg vona að undirtektir þingsins í þetta mál verði þær, að hann þurfi ekki að slokkna. Svo mikill var áhugi þeirra, að strax og skólinn var brunninn var kallaður saman sýslufundur fyrir báða sýsluhelmingana og þar var það einróma vilji allra að ráðast þegar í að reisa hann aftur, ekki eins og áður, heldur miklu betri og vandaðri og hafa húsið úr steinsteypu. Það var þegar í stað leitað til landsverkfræðingsins, að fá áætlun um hvað slíkt verk mundi kosta. Hann samdi lauslega áætlun og gerði ráð fyrir 25 þús. kr. kostnaði við að reisa gott steinsteypuhús. Til þess að standast þann kostnað hrekkur vátryggingargjaldið, sem var 19 þús., fyrir utan innnanstokksmuni, ekki til. Í þessari áætlun er að eins um húsið sjálft að ræða og þess ber líka að gæta, að skuld hvíldi á gamla skólahúsinu, svo að ekki er til fyrirliggandi nema um helmingur alls kostnaðarins. Það varð því að leita til landssjóðs og er ekki farið fram á mikið, þótt þess sé vænst, að hann leggi fram $^1/_4$ kostnaðarins, einkum þegar þess er gætt, að skólinn á Blönduósi var ekki eingöngu fyrir Húnavatnssýslu, heldur var hann og talsvert sóttur úr öllum fjórðungum landsins. Eg vænti þess, að sýslan sjálf sjái um það sem á vantar og skil ekki í, að nokkrum þyki til of mikils mælst, þegar Húnvetningar halda uppi 3 hornum, að landssjóður lyfti undir það 4.

Það er engum efa bundið, að hefði skólinn ekki brunnið nú, var framtíð hans trygð. Hann komst í svo fastar skorður á seinasta þingi í sambandi við annan kvennaskóla, að við gátum verið óhræddir um hann. Eg vona nú, að háttv. þm. noti ekki brunann til þess að særa þá menn, sem skólinn er kærastur. Húnvetningar sitja nú á sýslufundi, því að fundurinn í vetur var aukafundur, og eg veit að þeir leggja eyrun að því, sem hér gerist. Eg vona að þau verði málalok, sem þeim séu til fagnaðar. Eg hygg það sé ekki ofmælt, að Húnvetningar hafi ekki síður en aðrir lagt bæði menn og fé til menningarmála landsins og væri því ómaklegt að neita þeim um um hjálp til þess að koma upp aftur brunarústum þessa óskabarns síns.

Björn Jónsson: Það er að eins stutt athugasemd. Eg hélt, að virðulegum framsögumanni (B. Þ.) væri kunugt um það, að það var fyrir slysni, að styrkurinn til frú Þóru Melsted stóð ekki í frv. stjórnarinnar. Það stafaði af því, að frá frv. var gengið, eins og kunnugt er, á tveim stöðum. Eg varð ekki var við það, fyr en það var of seint fyrir mig að setja það inn í frumvarpið, nefnilega þegar eg var farinn frá völdum.

Jón Magnússon: Það er að eins stutt athugasemd. Háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, að engar sannanir lægi fyrir um, að kona þessi væri fátæk. Það er nú alt af örðugt að sanna slíkt, en eg get

þó skýrt frá því, að þegar búi Páls heitins Melsteð var skipt í sumar urðu eftir á pappírnum handa ekkjunni 6—7000 kr., sem stóðu að mestu í kvennaskólahúsinu gamla fullhátt metnu. Og allir vita, að sem stendur er ekki fljótgripið til 6—7000 kr., sem standa í húseign í Reykjavík. Aðrar sannanir eru ekki fyrir höndum. Annars skil eg ekki, hvernig mönnum getur dottið í hug, að kona þessi sé efnuð. Á hverju hefði Páll heitinn Melsteð átt að auðgast, sem alt af lifði við lág laun. Nei. Hún á ekki annað en húsið og fremur lítið af innanstokksmunum og hefir ekki annað að lifa af en eftirlaun þau, sem alþingi veitir henni og hún á satt að segja fulla heimting á.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Eg skal geta þess, að mér var ekki kunnugt um það slys, sem háttv. þm. Barð. (B. J.) gat um.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði um, að erfitt væri að sanna, að kona þessi væri mjög fátæk, þá skal eg geta þess, að eg tók það að eins fram, sem eg hafði heyrt menn segja um efni hennar, og annað ekki. Enda þykist eg hafa það frá kunnugum mönnum, að hún sé svo efnum búin, að 400 kr. væri nægileg og sómasamleg eftirlaun handa henni.

Benedikt Sveinsson: Háttv. fjárlaganefnd hefir komið fram með brt. á þgskj. 277 og leggur þar til, að fjárframlagið til þess að brúa Hölkná í Þistilfirði sé fært niður í 3000 kr. úr 4500 kr. og landssjóður beri ekki meira en $^2/_3$ hluta kostnaðarins við brúargerðina. Brtill. byggist á því, að hér sé eigi um þjóðveg heldur um aukapóstveg að ræða. En þó að svo sé, þá fyrirbyggir það alls ekki, að landssjóður kosti brúna. Greining vegalaganna á þjóðvegum og öðrum vegum er á margan hátt ósanngjörn. Um mörg héruð liggur þjóðvegur þver og endilöng, en í öðrum héruðum er enginn þjóðvegur. Það sjá allir, að úr fjárveitingunum verður hið stakasta ranglæti, ef undantekningar eru ekki gerðar við og við. Eg vil benda á það, að þetta hérað er fátækt, víðlent og strjálbygt og mun alls eigi vera fært um að leggja fram $^1/_3$ hluta kostnaðarins við brúargerðina. Þegar ennfremur er á það litið, hve lítið héraðið hefir fengið úr landssjóði og þetta er eina beiðnin þaðan, sem fram kemur á þessu þingi, þá er sannarlega ekki ósanngjarnt, að héraðið fái þessar 4500 kr. Mörg önnur héruð fá stórfé á ári til ýmsra fyrirtækja, sem sýslurnar sjálfar leggja ekki eyrisvirði til. Eg get líka gefið mönnum þær upplýsingar, að þó að brtill. nefndarinnar verði feld, sem eg vona, þá verða aukin útgjöld fyrir landssjóð til brúargerðanna í Þistilfirði samt ekki meira en 3000 kr., því að eftir því sem landsverkfræðingurinn hefir sagt mér, þá gengu 1500 kr. af við brúargerðina á Sandá, og má verja þeim til þessarar brúar. Eg býst því fastlega við, að deildin sýni þá sanngirni, að fella þessa brtill. nefndarinnar.

Stefán Stefánsson: Eg vil að eins geta þess í sambandi við brtill. á þgskj. 281, þar sem farið er fram á 6000 kr. fjárveitingu til að reisa að nýju kvennaskólann á Blönduósi, að fyrir þinginu liggur framboð frá Eyfirðingum um 6000 kr. til kvennaskólabyggingar við Eyjafjörð; höfum við þingmenn sýslunnar afhent fjárlaganefndinni símskeyti um þetta efni, er barst okkur fyrir fáum dögum. Eins og kunnugt er, var þar settur á stofn fyrsti kvennaskóli á Norðurlandi, sem varð að hætta fyrir nokkrum árum vegna fjárskorts, en frá þeim tíma á stofnunin í sjóði fyrir seldar eignir, sem fyllilega nemur þessari upphæð. Einnig býðst sýslan

til að leggja fram árlegan styrk til kvennaskólans verði hann aftur reistur þar á stofn, og þá væntanlega fyrir alt Norðurland. Upphæð styrksins tel eg víst að yrði svo rífleg frá hálfu sýslufélagsins, sem það frekast mundi sjá sér fært, og mjög ósennilegt, að nokkurt annað sýslufélag gengi lengra til samkomulags um það atriði en Eyfirðingar, því þeim var mjög ant um skólann og vilja koma honum upp aftur ef mögulegt er. Eg þykist nú mega ganga að því sem vísu, að allir þm. sjái mun á því, hve miklu heppilegri að öll afstaða er fyrir skóla, sem á að vera fyrir alt Norðurland, í Eyjafirði en í Húnavatnssýslu. Eg hafði hugsað mér að koma fram með tillögu í þessa átt á fjárlögunum, en þar sem atkvæðagreiðsla um skylt efni liggur nú fyrir til atkvæðagreiðslu, vildi eg vekja athygli hv. þm. á þessu tilboði Eyfirðinga.

ATKV.GR.:

Brt. 277. við 4. gr. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson.	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 279. vísað frá af forseta.

— 286. sþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Þorleifur Jónsson.
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Brt. 265. þá tekin aftur.

— 281. sþ. með 13 : 1 atkv.

— 282. feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Stefán Stefánsson.	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Brt. 278. sþ. með 13 atkv. shlj.

— 241. sþ. með 22 atkv. shlj.

Frumv. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr. 27. apríl. (A. 632, 670. n. 671, 684, 699, 737, 762, 781.).

Forseti: Áður en umræðan hefst, vil eg geta þess, að hér liggja fyrir tvær tillögur, á þgskj. 670 og 737 sem eru mjög einkennilegs eðlis og óvenjulegar. Þær fara fram á, að fella burtu fjárveitingar, sem *báðar deildir hafa samþykt*. Eg hefi áður látið þá skoðun í ljós, að samkvæmt anda þingskapanna gætu slíkar till. ekki komist að. Þessari skoðun var þá ekki mótmælt, enda hygg eg það óyggjandi, að hún sé rétt. En síðan hefi eg komist að raun um, að ýmsir eru sárgramir yfir því, að ekki megi bera slíkar till. undir atkv. og telja það gerræði. Eg hygg, að slíkur skilningur á þingsköpunum stafi að miklu leyti af flokksfylgi og get eg því ekki talið hann ábyggilegan, enda hefi eg altaf haft þá skoðun, að í slíkum málum eigi ekki að taka tillit til þess, sem annar flokkurinn vill vera láta, heldur til vilja deildarinnar í heild sinni; flokksforseti hefi eg aldrei ætlað mér að vera. Það liggur alls ekki undir úrskurð deildarinnar, hvort skilningur minn er réttur — enda tel eg það hafið yfir allan efa að svo sé — en hins vegar getur forseti látið hjá líða að beita lögum, ef þess er alment óskað. Eg skoða það því sama sem afbrigði frá þingsköpum, að þessum tillögum sé hleypt að og þurfa því $^3/_4$ deildarmanna, er atkvæði greiða að samþykkja það auk ráðherrans. Á þennan hátt get eg leyft, að tillögur þessar komi til atkvæða.

Var því næst samþykt með 16 samhljóða atkv., að tillögurnar mættu berast undir atkvæði, og ráðherrann leyfði það fyrir sitt leyti.

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Fjáraukalögin hafa komið með talsverðum breytingum frá Ed. Eg skal leyfa mér að fara yfir helztu breyt.

Í 4. gr. hefir 129 kr. verið bætt við skrifstofukostnað vegaverkfræðingsins; þetta hefir verið gert samkvæmt áskorun frá ráðherra. Í sömu grein er lækkuð fjárveitingin til brúargerðar á Hölkná í Þistilfirði; fjárlaganefnd þessarar deildar hafði lagt til, að veittar yrðu 3500 kr. gegn því að $^1/_3$ kæmi annars staðar að, en hin háttv. deild færði fjárveitinguna upp í 4500 kr. Nú hefir efri deild fært hana niður í 3500 kr. og sett það skilyrði, að héraðið greiði það sem á vantar. Þá hefir verið bætt við 1000 kr. til nýrrar brúar á Víðidalsá og sett hin sömu skilyrði fyrir þeirri fjárveitingu. Ennfremur er það skilyrði sett fyrir fjárveitingum til beggja brúanna, að þær verði úr járni.

Ennfremur hefir efri deild lækkað fjárveitinguna til húsabyggingar handa vitaverðinum á Siglunesi úr 3000 kr. niður í 2500 kr. og fært launaviðbót hans niður úr 300 kr. í 150 kr. Stærsta breytingin, sem efri deild hefir gert er þó sú, að fella niður fjárveitinguna til loftskeyta milli Vestm.eyja og Reykjavíkur.

Ákvæði 5. gr. um háskóla Íslands hefir efri deild breytt þannig, að þar sem ákvæðið fór héðan með engri fjárveitingu ákveðinni, þá hefir Ed. sett upp 3450 kr. fjárveitingu.

Í 6. gr. hefir efri deild bætt við 500 kr. styrk til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar; bókmentafélagið hefir ekki séð sér fært að koma öllum bréfunum út í ár nema það fengi slíkan styrk. Bréfin hafa reynst meiri að vöxtum en áætlað var.

Þá er ný fjárveiting í 7. gr., alt að 3000 kr. til þess að gera við skólahúsið á Hólum og loks eru 500 kr. til þess að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á Rafnseyri.

Fjárlaganefndin hefir nú athugað alt þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að

ekki sé ástæða til þess að amast við þessum breytingum efri deildar, að einni undantekinni. Nefndin vill sem sé halda fast fram fjárveitingunni til loftskeytasambands milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, með því að hún telur það samband betra og ódýrara en ritsímasamband. Eg ætla mér ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en vil aðeins taka það fram, að í þessu máli verður að taka tillit til fleiri héraða en Vestmannaeyja einna, því að ef öflug loftskeytastöð væri reist hér, þá gæti Reykjavík bæði haft samband við skip og ef til vill líka við Grænland eða Vesturheim, ef stöðin væri nógu sterk; og ennfremur væri þá betur séð fyrir hag sumra héraðanna hér á suðurströnd landsins, þar sem ókleift er að koma símasambandi á. En með 3 ódýrum stöðvum er hægt að koma þeim í loftskeytasamband, eins og h. þm. A.-Sk. (Þ. J.) fer fram á í brtill., þar sem hann leggur til, að veittar verði alt að 20 þús. krónum til stöðva í Hornafirði, Vík og undir Eyjafjöllum. Þannig gætu þá þessi héruð fengið allgott hraðskeytasamband og verður á það að líta, er þessu máli á að ráða til lykta. Skal eg svo láta útrætt um þetta að sinni.

Eg vil geta þess, að nefndin hefir gert þá athugasemd við hækkunina á skrifstofufé vegaverkfræðingsins, að þó hún láti svo búið standa að þessu sinni, þá óskar hún, að slíkt komi ekki fyrir oftar.

Þá vil eg minnast á breyt.till. mína á þgskj. 670 viðvíkjandi háskólanum; hún er frá mér persónulega en ekki frá nefndinni. Eg skal fyrst geta þess, að eg hefi frá öndverðu verið á móti stofnun háskólans og hefi því greitt atkvæði bæði móti lögunum um stofnum háskóla og um laun háskólakennara. Eg er því ekki í ósamræmi við sjálfan mig, þótt eg nú vilji fella burtu fjárveitinguna til hans. Að vísu get eg kannast við, að ef háskóli væri vel undirbúinn, mundi hann gera oss gagn og sæmd, en bæði vantar oss fé til þess að gera hann svo úr garði sem æskilegt væri og þar að auki er tilfinnanlegur skortur á nógu góðum kenslukröftum við hann. Eg skal játa, að eg hefi ekki mikið vit á þessu máli, en eg hefi heyrt skynbæra menn segja, að enn vantaði allan undirbúning til þess, að vér gætum komið oss upp sæmilegri háskólastofnun. En mín skoðun er það, að sá háskóli, sem ómyndarlega er efnt til, hljóti að verða oss til lítillar sæmdar. Þegar þetta mál var rætt hér, var stofnun háskólans sett í samband við 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, en það get eg ekki séð að sé rétt, því að hann hafði aldrei neinn sérstakan áhuga á þessu máli. Þessi fyrirhugaði háskóli mundi ekkert hafa fram yfir embættismannaskólana nema nafnið eitt, — og fleirri kennara og hærri laun. Þótt hinir yngri mentamenn vorir haldi þessu máli allákaft fram, þá vil eg benda á, að þjóðin hefir ennþá ekki, svo að eg til viti, tekið nokkursstaðar í sama streng. Utan Reykjavíkur hefi eg enga rödd heyrt, er fari í sömu átt. Eg vil því fastlega mæla fram með þessari till., en annars ætla eg mér ekki að taka meiri þátt í þeirri burtreið, sem væntanlega verður um hana háð.

Þá er breyt.till. frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um fjárveitingu til brúargerðar á Hölkná í Þistilfirði. Tel eg víst að nefndin sé henni mótfallin.

Að því er snertir breytingartillöguna viðvíkjandi styrkveitingu til kvennaskólans á Blönduósi, hefir nefndin ekki haft hana til meðferðar. En eg fyrir mitt leyti mun greiða tillögunni atkv.

Björn Kristjánsson: Eg vildi að

eins leyfa mér að geta þess að eg á breyt.till. á þgskj. 699, sem fer fram á að ekki sé veitt fé til háskólans nema á fjárlögunum. Vona eg að háttv. deild samþykki tillöguna.

Björn Sigfússon: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 684 um að setja inn í fjáraukalögin 6000 kr. byggingarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi. Eg þarf ekki að fjölyrða um þessa styrkveitingu, því að það hefir rækilega verið rætt um hana áður. Eg vil því að eins leyfa mér að æskja þess að hún verði samþykt. Og þótt háttv. efri deild hafi felt burtu styrkveitinguna, hygg eg eftir því sem eg hefi komist næst, að hún geri þetta ekki að kappsmáli. Vona eg því, að tillagan nái fram að ganga.

Jón Magnússon: Eg sé að komin er fram tillaga um að setja inn á fjáraukalögin fjárveitingu til loftskeytasambands milli Rvíkur og Vestm.eyja. Eg heyrði ekki, að háttv. framsögumaður fjárlaganna (B. Þ.) mintist á það, að hér á lestrarsalnum liggja frammi mótmæli frá Vestmanneyingum gegn loftskeytasambandi og beiðni um að vera heldur laus við alt hraðskeytasamband, en eigi að eins að una við loftskeytasamband. Mér þykir harla kynlegt, að hann skuli hafa gengið fram hjá þessu, þar sem hann læst vera svo mikill sparnaðarmaður. Vestmanneyingar vilja heldur ekkert samband en loftskeytasamband. Samband við skip getur eins vel verið frá einni stöð sem tveimur. Eg býst ekki við að skip, sem hafa loftskeytaáhöld, hafi þau svo veik, að þau geti ekki sent skeyti frá Ingólfshöfða til Reykjavíkur. Það er því óþarft að hafa fleiri en eina stöð vegna skipa. Það er ekki þörf á að setja upp loftskeytastöð í Vestm.eyjum vegna Skaftafellssýslna, þær gætu og haft loftskeytasamband við Reykjavík, ef til vildi með millistöð undir Fjöllunum. Það er auk þess mjög óvíst, að þær kæri sig um loftskeytasamband. Eg hefi heyrt að Vestur-Skaftfellinga langi ekki til slíks og muni lítt þakka það. Úr því að Vestmanneyingar vilja vera lausir við loftskeytasamband, því á þá að neyða því upp á þá, einkum þegar altaf er verið að kvarta um fjárþröng landssjóðs? Því hefir verið mótmælt af 109 kjósendum þar af alls 150. Það eru einir 3—8 kjósendur, sem eru að einhverju leyti sinnandi loftskeytasambandi. Eg skal ennfremur geta þess, að áður en langt um líður mun koma beiðni til þingsins frá Vestmanneyingum um leyfi til þess að mega sjálfir láta leggja síma á eigin kostnað. Eg skil því ekki, að þingið skuli vilja nú neyða þessum loftskeytum upp á eyjabúa. Hér er að eins að ræða um að lofa þeim að vera lausum við þetta, en ekki að veita fé til þráðskeytasambands. Ef menn kynnu að segja að eyjabúar geti ekki lagt síma upp á eigin spítur, væri slíkt einungis fyrirsláttur. Þeir geta það mjög vel; jafnvel einn maður þar gæti gert það. Það ætti ekki að þurfa að taka það fram enn, að loftskeytasamband væri þeim ónógt. Eg hef ekki orðið var við, að hvorki Austur- eða Vestur-Skaftfellingar hafi óskað eftir loftskeytasambandi. En hitt álít eg óhæfu að neyða upp á þá loftskeytum.

Bjarni Jónsson: Eg veit ekki, hvernig þessar yfirlýsingar frá Vestmanneyingum eru komnar fram. Eg get vel trúað því, að kapp hafi verið lagt á að fá þær. Eg hefi heyrt einn merkan mann þar segja, að eins hefði verið hægt að safna þar undirskriftum í mótsetta átt. Eg er því hlyntur að loftskeytastöð verði sett í Vestmannaeyjum því að þá er hægt að fá ódýrt samband við Skaftafellssýslur. Það er ekki hægt að leggja síma lengra en til Víkur. Það

er afarmikill sparnaður að hafa loftskeytastöðvar í Skaftafellssýslum í staðinn fyrir að leggja síma um þær, þótt slíkt væri hægt. Háttv. þm. Vest. (J. M.) sagði, að ekki hefði komið fram ósk frá sýslubúum um þetta. Það er að vísu rétt, að ekki hefir komið fram ósk frá þingmálafundum þar í sýslum um þetta, þar eð þeir hafa ekki búist við slíku. En háttv. þm. sýslnanna hafa tjáð mér að þessu muni vera þar vel tekið. Það er ekki rétt að loftskeytasamband sé ónógt fyrir Vestmanneyjar. Það er hollara fyrir viðskiftin að rita en tala. Það sparar fólki útgjöld, því það talar of mikið í símann eins og annarstaðar.

Það er réttilega tekið fram af háttv. þm. Vest. (J. M.) að skip geta eins haft samband við 1 stöð og 2 stöðvar. En skip ná fljótara sambandi við Vestmannaeyjar en Reykjavík. Auk þess að ódýrara er að hafa loftskeytastöð í Vestmannaeyjum, sem fyr var sagt, þá má og geta þess, að oft ber það við að skip stranda við suðurströnd landsins og væri þá hægra að ná í björgunarskipið, ef stöð væri í Vestmannaeyjum, því að það mundi þá oftast vera þar. Eg trúi því ekki, að Vestmanneyingar vilji heldur ekkert samband en loftskeytasamband. En ef þeir vilja sjálfir leggja síma á eigin kostnað, mun víst enginn banna þeim það.

Þá vildi eg minnast á tillöguna um að fella burtu fjárveitinguna til háskólans. — Þetta er illa ráðið og vona eg að tillagan verði tekin aftur. Meðal þeirra mörgu ástæða, sem eru fyrir henni er meðal annars sú, að í haust er 100 ára afmæli norska háskólans. Það mundi vekja eftirtekt á hinni íslenzku þjóð, ef einhver af kennurum háskólans væri sendur þá til Noregs til þess að samgleðjast Norðmönnum. Einnig verður bráðum haldin hátíð mikil á Frakklandi í minningu þess að 1000 ár eru liðin síðan að ríki Göngu-Hrólfs var stofnað þar. Það mundi vekja athygli, ef þeir menn, sem fara þangað, gæti borið kveðju frá háskóla vorum. Menn gætu, ef til vill, kallað þetta tildur og prjál. En það er ekki svo, því okkur vantar einmitt að aðrar þjóðir þekki okkur. Embættin við háskólann mætti veita með samkepni og mætti fá útlenda háskólakennara til þess að dæma á milli umsækjendanna. Eg hygg, að stjórnin mundi ekki hafa neitt á móti þessu, ef hún sæi að það væri alvara þingsins að haga því svo. Tel eg þetta heppilegast. En hins vegar held eg ekki, að þessi tillaga muni hafa byr hjá háttv. deild. Vona eg svo, að tillagan um að fella burtu fjárveitingu til háskólans verði feld.

Þorleifur Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 781 um, að loftskeytastöðvar verði settar í Skaftafellssýslum, því að eg álít rétt, að þessar sýslur fái loftskeytasamband um leið og slíkt samband er sett á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Það er í samráði við háttv. þm. V.-Sk. að lagt er til að sett sé loftskeytastöð á Seljalandi eða í grend. Sjálfur er eg ekki svo kunnugur á þessum slóðum, að eg geti sagt með vissu um, hvar þessi Eyjafjallastöð væri bezt sett, en býst við, að þetta sé ekki fjarri sanni, þar sem þaulkunnugur maður hefir verið í ráðum um þetta. Þá hefi eg farið fram á það í breyt.till. minni, að 1 stöð verði sett í Vík í Mýrdal og ein í Hornafirði, og eru þeir staðir sjálfsagðir til slíkra stöðva. Eg þykist ekki þurfa að fjölyrða mikið um kostnaðinn við þetta. Hann verður að sögn kunnugs manns, er skyn bera á þetta mál, um 20 þús. kr. Sagði hann, að hver stöð kostaði um 6—7 þús. kr. Og er full ástæða til að byggja á þessari áætl-

un hans. Eg hefi að eins farið fram á að Skaftafellssýslur fái 2 stöðvar, aðra í Vík en hina í Hornafirði. Eg hefi ekki farið fram á meira. Þetta væri mikil bót í bráð, en síðar ætti að bæta við fleiri stöðvum, t. d. 1 í Öræfum og 1 á Síðunni. En við Skaftfellingar verðum að gera oss ánægða með þetta til þess að byrja með.

Það er ákaflega bagalegt, að Skaftafellssýslurnar geti eigi sem fyrst komist í hraðskeytasamband. En ef svona samband kæmist á, myndu menn fljótt finna muninn. Auk annars væri ekki lítill hægðarauki fyrir A.-Skaftfellinga að geta komist í samband beinleiðis við sýslumann sinn, sem nú situr í Vík. Það sjá allir, að ef að annars á að setja loftskeytasamband milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, að þá er lang kostnaðarminst að koma Skaftafellssýslunum í slíkt samband um leið. Með því móti eru öll héruð landsins komin í hraðskeytasamband með tiltölulega litlum kostnaði, og vænti eg því, að breyt till. minni verði tekið vel. Hún gerir þetta loftskeytamál í raun og veru miklu aðgengilegra.

Það getur nú verið, að þetta samband þyki ekki sem fullkomnast, þar sem ekki er hægt enn sem komið er að nota loftskeytin til viðtals. En eg held að þau héruð, sem ella myndi verða að fara á mis við símann máske fleiri áratugi, muni mjög hrósa happi að geta átt kost á loftskeytasambandi nú strax, heldur en að bíða von úr viti eftir síma. Og svo framarlega sem þingið ætlar sér að koma á loftskeytum, þá ætti að taka Skaftafellssýslurnar með í það samband.

Ekki var það meining mín með þessari tillögu, að fara neitt að glæða það deiluefni, sem hér hefir verið um loftskeyti og ritsíma, heldur hitt, að sem bezt og víðtækust not gæti orðið af loftskeytunum, ef þau komast í gegn hvort sem er. Reyndar er sagt, að Vestur-Skaftfellingar séu heldur mótfallnir loftskeytum, en þó hefir þingmaður þeirra verið í samráði við mig um þessa tillögu, og býst eg því við, að ekki sé öllum óljúft þar að komast í hraðskeytasamband sem fyrst. Og eg hygg, að Austur-Skaftfellingar myndu mjög hrósa happi, ef þeir mættu nú í sumar eiga kost á að komast í hraðskeytasamband, þótt ekki sé nema um loftskeyti að ræða.

Pétur Jónsson: Þó að við höfum allir skrifað undir nefndarálit þetta, þá kemur það ekki til af því, að við séum allir sammála um alla liði. Eg skal t. d. nefna skrifstofufé vegaverkfræðingsins. Nefndin var ekki sammála um þá yfirlýsingu, og eg hygg að það komi af því, að nefndarm. hafi ekki kynt sér nógu vel, hvernig því er varið með þessa fjárveitingu. Þetta skrifstofufé er alveg nauðsynlegt, og eftir reynslunni ekki nógu hátt tiltekið í frumv., samkv. þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið. Það er að vísu ekkert nýtt, að ýmsir embættismenn þurfi að taka af sínum eigin launum til skrifstofukostnaðar, en það gæti svo farið, að ef þessi verkfræðingur, sem við höfum nú, þyrfti að gera það, að þá vildi hann ekki hafa þann starfa lengur, og það væri skaði.

Þá eru nú loftskeytin til Vestm.eyja. Því er nú svo varið, að ekki einu sinni meirihl. fjárlagan. samþykti þá fjárveitingu. Svo stóð á þegar um þetta var rætt, að einn nefndarm. var ekki staddur hér í Rvík, einn greiddi ekki atkv. og tveir voru á móti þessum lið brtill. Þeir voru því ekki nema þrír, sem samþyktu hann, og er þetta ónákvæmni í nefndarálitinu. Annars ætla eg nú ekki að vera að þræta um þetta mál lengur; eg veit, að sá flokkur, sem ræður hér í neðri deild, getur ráðið því að

settar séu upp loftskeytastöðvar þar og þar, ef peningarnir eru að eins fyrir hendi, og er ekki til neins að stappa út af því. Eg sé líka að hann ætlar að gera það, hvort sem Vestm.eyingum líkar betur eða ver. En eg vil að eins mælast til þess, að þetta verði ekki sett inn í fjáraukalögin, heldur frekar fjárlögin, úr því að Vestm.eyingar vilja það ekki, því að hvað liggur á því? Ekki liggur á því vegna eyjaskeggja, sem ekki vilja sjá það, og ekki heldur vegna skipa, því að engin íslenzk skip hafa loftskeytatæki, og jafnvel ekki útlend heldur, nema ef til vill einstöku »trollarar« útlendir. En með því að draga þetta og setja það t. d. inn á fjárlögin síðara árið, er það unnið, að þá fær málið undirbúning. Hér liggur nú fyrir eitt ítarlegt tilboð, sem maður er sendur hingað með frá Marconi-félaginu. Í öðru lagi er komið annað tilboð frá frönsku félagi, en þar vantar aðila að semja við um breytingar o. s. frv., og eru þó líkur til, að það tilboð yrði jafnvel ódýrara en tilboð Marconis. Þá væri og ekki óhugsandi að semja við Poulsens-félagið í Danmörku, og hygg eg að ekki væri óráð að komast í kynni við það, því að eftir því sem mér skilst, hefir Poulsen fundið upp afbrigði í loftskeytaaðferðinni, sem eru þó nokkurs virði. Stjórnin þyrfti því að fá tíma til þess að átta sig og rannsaka þetta mál, og loks að fá dóm óvilhallra »fagmanna« um það, hvað ráðlegast sé. Nú sem stendur höfum vér engan við hendina, nema þennan eina mann, og án þess að væna hann annars en góðs, verðum vér þó að játa, að hann er ekki annað en »agent« fyrir tilboð það, er hann flytur, og alþingi getur því ekki bygt dóm sinn á því, hverju hann heldur fram, því að sem umboðsmaður þessa félags hefir hann ekki leyfi til þess, að dæma öðrum en því í hag, og getur því eigi dæmt um annara tilboð sem óhlutdrægur maður. Þetta ætti nú að nægja, en enn á eg eftir eina ástæðu fyrir því, að fresta þessu, og hún er sú, að landssjóður er óneitanlega í peningakröggum. Það getur verið, að þetta skáni á næsta fjárhagstímabili, en eins og nú stendur er fé bundið í viðlagasj. og eins og kunnugt er koma flestöll útgjöld landssjóðs til útborgunar löngu áður en tekjurnar koma inn. Hann verður því annaðhvort að hafa peningaforða að grípa til, eða þá að skulda stórfé einlægt á hlaupareikningi við ríkissjóðinn danska, eða í bönkunum hér, og taka þannig fé frá annari starfsemi, og skil eg ekki í *Sjálfstæðis*mönnum, að þeir skuli vilja hleypa landssjóði í skuldir við ríkissjóð Dana að óþörfu.

Eg sé að hér er komin fram till. um að fella burt fjárveitingu, sem samþykt var fyrir skemstu hér í deildinni með 19 atkv., en það er fjárveitingin til háskólans. Eg þykist vita, að það sé fjárhagsástandið eitt, sem þessu veldur, því að þegar fjárlögin komu til skjalanna brá svo við, að sumir, sem áður höfðu verið ákafastir, urðu nú svo ragir við þennan kostnað, að þeir tíma ekki, eða sjá sér ekki fært annað en fresta honum, sjálfsagt af því, að þeir sjá ekki fram á, að landssjóður hafi ráð á því í bráðina að leggja fram fé. En þetta yrði nú samt aldrei nema örstuttur frestur, úr því að háskólinn er kominn í lög. Ef vér nú spöruðum loftskeytafé í 2 ár, þá væri það nóg til þess, að vér gætum komið upp háskólanum á afmæli Jóns Sigurðssonar. Eg veit að þetta væri enginn sparnaður nema rétt í bili, en sama má segja um fé til háskólans. Hvort heldur sem felt er, þá er það sparnaður — í bili, og þá vil eg heldur leggja til að fella loftskeytin, sem enginn vill, en taka háskólann, sem allir vilja.

Jón Þorkelsson: Eg finn ástæðu

til þess að gera einmitt nú nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, einkum af því, að eg þóttist skilja að til mín væri stefnt sumu af því, sem sá háttv. þm., er nú settist niður, sagði um háskólann. Það er misskilningur hans, að eg hafi svo mjög sett fyrir mig fjárhag landssjóðs, sem nú sé í kröggum. En það sem mér þótti mest að, var það, að hér er flasað alt of mikið að miklu máli og vandmeðförnu. Það sem á vinst með fjárveitingum þeim, sem hér er farið fram á, eru mest launabætur handa fremur vel launuðum kennurum, en lítið annað. Reyndar heyri eg að háttv. Ed. hafi bætt einhverju við námsstyrk, en meira þó við laun handa kennurunum eða með öðrum orðum handa sjálfum sér, sumir þeirra.

Annað er það, að eg vil ekki að neitt sé veitt til þessa máls á fjáraukalögum. Að vísu þykir mér vænt um að sjá áhuga manna á þessu máli, sem mér hefir lengi verið ant um, en löngum hefir átt örðugt uppdráttar. Fyrir 10—20 árum vorum við álitnir loftkastalasmiðir, sem þá vorum að berjast fyrir því. Nú eru þeir menn, er þá voru mest á móti háskólanum, hvað óðastir að koma nafninu á hann, því að annað er ekki verið að gera hér. Þeir vilja einungis hækka laun kennaranna, og svo ætlast þeir ennfremur til þess að komið verði á laggirnar nýrri deild, og að þar geti byrjað fyrirlestrar 1. október í haust. Það getur þó varla verið meining neins, sem vit hefir á, að þetta geti átt sér stað svona gersamlega undirbúningslaust. Allir vita þó að Lárus H. Bjarnason lagaskólastjóri og Einar Arnórsson lagaskólakennari þurftu undirbúning, áður þeir tæki þau störf að sér, enda var öll von til þess, því að þarna var óplægður íslenzkur akur að minsta kosti. Eg man nú ekki, hve mikinn styrk þeir fengu til þessa, en held þó að herra skólastjórinn hafi fengið 2500 kr. en hinn hálft annað þúsund til þess að lesa fræðin. Nú er það svo um þessa fyrirhuguðu deild háskólans, og merkustu sem á að verða, að þar er ekki síður óplægður akur, en í lögfræðinni. Að vísu hefir allmargt verið skrifað um þau efni, en það er mest um fornöldina, en of fátt að gagni frá síðari tímum, og það sem til er, er ekki í samhengi, eða þannig lagað, að það geti lagst til grundvallar fyrir fyrirlestra heild. Eg hygg nú að flestum, sem vit hafa á, muni vera það lítt skiljanlegt, að hér finnist nokkur sá maður, er geti byrjað að halda viðsæmandi fyrirlestra um þessi efni 1. okt. í haust, og þess vegna virðist mér eftir næga athugun, sem þessi till. hafi komið helsti hvatskeytlega frá vini minum, h. þm. Dal., (B. J.) sem — að honum annars ólöstuðum — er miklu meiri hugsjóna- en hyggindamaður. Hann hefir látið sér ant um að þetta mál næði fram að ganga fyrir 17. júní n. k. og mundi eg sízt amast við því, ef undirbúningur hefði verið nægur og eg skal geta þess í sambandi við þetta, að á síðasta þingi þegar málið lá hér fyrir, vildi eg fá fjárveitingu, einmitt í því skyni að þessu yrði komið í kring fyrir þann dag, og nefndi það við þá menn, sem nú fara hvað geystastir, en fékk það svar, að ekkert lægi á.

Þetta má lesa í aths. við stjórnarfrv. frá 1909, enda hefir vísl 17. júní staðið fastur í höfðum ýmsra manna síðan. Því merkilegra er það, að menn skuli ekki hafa haft manndáð í sér til þess að gera neitt þessu til undirbúnings. En að hrófla upp háskóla svona undirbúningslaust nú þegar á öndverðu sumri, það yrði ekki til annars en þess, að 17. júní gæti orðið okkur til minni sæmdar en æskilegt væri. Það má vera að við megnum ekki mikið, en við erum skyldugir til að gera annað eins og

þetta eins vel og við getum. Mér virðist því eigi annað að gera hér, en að veita mönnum fé til þess að búa sig undir hinar nýju stöður. Eg hefi ekkert á móti því, ef laun hinna núverandi kennara eru of lág, að úr því sé bætt til bráðabirgða, en að fara að setja upp háskóla einungis til þess að veita mönnum launahækkun, þykir mér ekki ráðlegt. Eg skil ekki, að úr því geti orðið nein þjóðhátíð á afmælisdag Jóns Sigurðssonar. Það kom fram hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að einn lagaskólakennarinn hefði »ósæmilega« lág laun, 1600 kr. Það mætti vel hækka þetta til bráðabirgða, og eins ef líkt væri ástatt með fleiri.

Sami háttv. þm. hugsaði sér, að embætti við þessa nýju deild yrðu skipuð á þann veg, að tilvaldir menn frá útlöndum yrðu látnir dæma um umsækjendurna. Eg veit ekki, hvort hann hefir gáð að því, hvers konar embætti hér er um að ræða. Það eru þær greinar, sem vér Íslendingar erum bezt að oss í, saga vor, mál og bókmentir. Þessir menn mundu nú verða frá nágrannalöndunum, t. d. Noregi og Svíþjóð, og er nú strax það aðgætandi, að sumarið mundi verða flestum nokkuð stuttur frestur, enda mundi þá þurfa einhvern póst á fjárlögunum til þess að kosta þetta, því að menn fá eigi lærða prófessora fyrir ekkert til þess að ferðast hingað og sitja hér á dæmistóli langa hríð. En svo hefi eg og í öðru lagi enga trú á því, að þetta gagni neitt. Eg þekki engan þann mann erlendan, sem geti verið dómari yfir oss í íslenzkum fræðum, heldur erum vér þar réttmætir dómarar yfir þeim, og eg hefi aldrei þekt neinn útlendan mann, sem hafi getað það, og hefi eg þó þekt allmarga af þeim, sem taldir voru bezt að sér í þeim fræðum. Flestir þeirra vita ekkert nema þurra grammatík, og eru í einhverju gaufi aftur í fornöldinni. Hún liggur líka nú fyrir öllum eins og opin bók, að heita má, en hinar aldirnar þekkja útlendingar ekki til nokkurs gagns, og geta ekki þekt, fyr en við höfum kent þeim það. Í sögu vorri vita fæstir útlendingar neitt. Þessi samkeppnis- og prófdómskenning þm. er því álíka hugsjónaborin og hitt, að heimta að háskólinn sé settur á stofn 17. júní í ár, og fyrirlestrar byrji 1. okt. Hinu mundi eg vilja fylgja, að fyrra ár fjárhagstímabilsins væri mönnum veitt fé til undirbúnings og seinna árið fé til skólans sjálfs, og hann þá stofnaður. Ef menn vilja endilega binda sig við »humbug«, þá geta þeir alt eins vel bundið sig við annan fæðingardag en Jóns Sigurðssonar. Sá maður hafði hvort sem var aldrei önnur afskifti af háskólamálinu en þau, að hann kom hingað á þing 1845 með áskorun um stofnun þjóðskóla í vasanum frá stúdentum í Khöfn, og kom prestaskólinn út af því 1847. Fyrir því gekkst Helgi biskup, en læknaskólinn komst á fyrir dugnað og fylgi Jóns landlæknis Hjaltalíns. Að því er tekur til lagaskólans, þá man eg þar betur eftir öðrum nöfnum en Jóns Sigurðssonar, t. d. Arnlj. Ólafssonar, Benedikts Sveinssonar, Péturs biskups, síra Eiríks Kúlds, H. Kr. Friðrikssonar o. fl. En ef setja ætti háskólann á stofn einhvern vissan dag, nokkrum sérstökum manni til heiðurs, þá væri enginn maklegri þess en Benedikt Sveinsson, sem allir kannast við. Og þá færi vel á, að hann yrði settur á stofn um miðjan vetur 1913, 20. jan. á fæðingardag Benedikts. Eg legg nú auðvitað enga áherzlu á þetta, hvort háskólinn skuli vígður vera á einhverjum sérstökum minningardegi, heldur hitt, að til hans sé stofnað með ein-

hverju viti, svo að stofnun hans verði oss til sem mestrar sæmdar. Áhugi ungra manna á þessu máli er allrar sæmdar verður, en það eru tvær hliðar á því máli. Eg kannast við, að það er skiljanlegt, þegar í ráði er að reisa hér háskóla, að stúdentar láti sig þá það mál miklu skifta á fjörugum fundum, við gott glas og gamanyrði. En þeir mega ekki þjóta mjög upp til handa og fóta, þótt þeim líki ekki eitthvað, og þó að við eldri mennirnir tökum ekki allar ályktanir þeirra alvarlega, þegar svo stendur á, enda man eg ekki til að stúdentar — þá voru að vísu sumt af því aðrir menn en nú — tæki því máli svo vel fyrrum, þegar það þurfti þó helzt stuðnings við. Þeir, sem nú láta sér óðast um framkvæmdir þessa máls, ætla eg, að rituðu þá róg — jafnvel erlendum mönnum — um þá menn, sem börðust fyrir því máli hér á landi. Eg hygg, að mönnum megi nú vera ljós afstaða mín í þessu máli, hún er hin sama og verið hefir. Eg vil að málið gangi fram, en eg vil því sé fylgt með forsjálni og fyrirhyggju. Lýsi eg því ósönn ummæli 1. þm. Eyf. (H. H.) og þm. S.-Þing. (P. J.), að eg hafi breytt stefnu í málinu. Það situr ekki mjög á þessum þingmönnum að tala aft of digurt í þessu máli. Hvorugur þeirra studdi það, þegar því lá mest á. Þó skal því ekki gleymt, að 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir haft góð afskifti af því að síðustu. 1907 skipaði þingið stjórninni með þingsályktunartill. að leggja fyrir næsta þing frumvarp um stofnun háskóla hér á landi, og stjórnin (ráðherra H. H.) hlýddi því, en hvað þm. S.-Þing. (P. J.) hefir gert málinu til gagns, þekki eg ekki.

Skúli Thoroddsen: Mig furðaði á því, hve mikið háttv. þm. Vestm. (J. M.) vildi gera úr þessum undirskriftum, sem borist hafa frá Vestmanneyingum, þegar á það er litið, hvaða þekkingu þeir munu yfirleitt hafa á loftskeytum. En auk þess verður að líta á það, að það eru ekki Vestmanneyingar einir, sem not eiga að hafa af þessu sambandi, heldur einnig þeir, sem ætla að komast í samband við Vestmannaeyjar. Þeir eiga því alveg eins mikla heimtingu á að ráða málinu, það er enginn vafi á því. Það er svo margsannað með skýrum tölum, að loftskeytasambandið verður miklum mun ódýrara en símasamband. Annars er það kynlegt, að það er búið að gera loftskeytin að einhverri grýlu, og situr það illa á okkur, þar sem fyrsta sambandið, sem við höfðum við umheiminn var einmitt loftskeytasamband. Einnig vitum við það, að loftskeytastöðvum um allan heim fer altaf fjölgandi og virðist það ekki bera vott um, að aðrar þjóðir hafi sömu vantrú á þessu sambandi og háttv. heimastjórnarflokkur. Líka er það mikilsvert atriði, hver stuðningur það væri fyrir skip að hafa loftskeytastöð í Vestmannaeyjum, og þá mundu þau ná fyr sambandi við land, en ef stöðin væri í Reykjavík. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) benti á það, að fjárhagur landsins væri nú svo bágborinn, að það sæti illa á okkur að vera að kasta þessum peningum út. Getur verið að svo sé eins og stendur, en eftir tillögu frá peningamálanefndinni, þá má taka 200 þús. kr. lán, ef okkur ber upp á sker og mun okkur þá full-borgið.

Þá vil eg minnast lítið eitt á háskólamálið. Eg var einn af þeim þm., sem greiddi tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) atkvæði við fyrri umræðu, en eftir nánari íhugun gat eg ekki neitað því, að hér vantar bæði hús og kenslukrafta, svo að óráðlegt muni að leggja út í þetta að svo stöddu. Mun eg því ekki greiða málinu atkvæði á þessu þingi. Að þeir kennarar, sem nú eru við skólana taki sprett og verði færari þó þeir

séu nefndir prófessorar, það get eg ekki skilið. Það er eftirtektarvert, að þeir menn, sem hafa mestan hag af þessu, hafa fylgt því fastast fram. Formaður lagaskólans kom víst fyrstur fram með það á þessu þingi. Að fara að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar á þann veg að hækka laun embættismanna í hans minningu, býst eg ekki við, að honum mundi svo ljúft. Það er að mínu áliti betra að bíða með þessa stofnun til næsta þings, því að heiðra má minningu Jóns Sigurðssonar full sómasamlega á margan annan veg, en þennan.

Sigurður Gunnarsson: Hér liggja fyrir nokkrar breytingartillögur við þetta fjáraukalagafrumvarp. Eg vil fyrst leiða athygli að breytingartill. á þskj. 684. Er eg henni meðmæltur, það er styrkur til Blönduósskólans, því mér finst það hérað, sem hefir haldið þennan skóla, ætti betra skilið, en að þessum litla styrk væri kipt burtu. Sýslan hefir sýnt hinn mesta dugnað í sínu kvennaskólamáli, og flestar sýslur landsins notið góðs af, þar sem skólinn hefir verið sóttur víðast af landinu.

Einnig er eg meðmæltur tillögunni á þgskj. 781, er gerir ráð fyrir tillagi til loftskeyta milli lands og Vestmannaeyja og jafnframt stöðva í Skaftafellssýslum, án þess eg vilji fara að deila um loftskeyti og síma, eða samanburð á þeim tveimur samgöngutækjum.

Þá er breyt.till. sem lýtur að því, að koma háskólalögunum í framkvæmd seint á þessu ári, en stofnun hans þó bundin við aldarafmæli Jóns Sigurðssonar og vildi eg eyða nokkrum frekari orðum um þessa tillögu. Eg hefi verið með háskólamálinu frá því er mér veittist fyrst sá heiður að taka þátt í meðferð málsins hér á þingi 1893. Ekki get eg að vísu hrósað mér af því, að eg hafi lagt mikið starf í málsmeðferðina öðru vísi en með meðmælum mínum á mannfundum og á þingi, og með atkvæði mínu þar. En eg þykist geta hrósað mér af því, að eg hafi skilið málið, skilið þýðingu þess fyrir fósturjörð mína, frægð hennar og sjálfstæði. Og þó er þetta ekki mjög hrósvert af mér sérstaklega, því eg er viss um, að allir þingmenn og allir hugsandi menn þjóðarinnar skilja það eins vel og eg. Það er ekki *þetta* sem ber á milli, heldur hitt, að sumir halda því fram, að undirbúningurinn sé ekki nógu góður. Enn fremur fjárhagur slæmur. Sumir gera og lítið úr því, að binda byrjun hans við aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, af þeirri ástæðu, að Jón hafi lítið eða ekkert skift sér af því máli. Þessi síðasttalda ástæða virðist mér lítils virði, og hinar aðrar líka, þar sem um slíkt mál sem þetta er að ræða. Undirbúning sé eg ekki að þurfi svo mikinn. Þrjár háskóladeildir eru til fyrir dugnað og sjálfstæðisþrá landsmanna (prestaskóli, læknaskóli og lagaskóli); að eins hinni 4. deildinni þarf að bæta við, og það þeirri deildinni, sem íslenzkust er í eðli sínu, kenslu í alíslenzku máli og alíslenzkum fræðum. Um fjárhaginn er það að segja, að eg sé ekki betur, en að þingið sé einmitt nú að koma honum í viðunanlegt horft, og þó játa megi, að nokkuð sé þröngt um fjárhaginn, má ekki slíkt stórmál gjalda þess. Eg vil minna á, hve stórkostlega mikið Norðmenn, frændur vorir, lögðu á sig, er þeir fyrir 100 árum voru að koma upp sínum háskóla. Allur heimurinn dáðist að þeirri sjálfsafneitun, er kom fram hjá þeim í því máli. Nú höfum vér samþykt háskólalög fyrir 2 árum, og óviðfeldið er það, einkum út á við, ef það dregst öllu lengur, að orð verði þar að athöfn. Og ekki sé eg betur en að næga lærða menn eigum vér til að skipa í kennarasætin, þar sem þess er þörf. Eg vil bæta því við, að

til allrar guðs lukku, er þetta mál ekki flokksmál, það er of stórt, mér liggur við að segja: það er of *heilagt* mál til þess. Og ekki get eg leitt mér í hug, að nokkur ráðherra, hvað sem hann héti, Pétur eða Páll, og hverjum flokki sem hann heyrði, mundi dirfast — þótt hann langaði til, sem eg geri alls ekki ráð fyrir — að hann mundi dirfast, segi eg, að kjósa aðra menn til að leggja fyrsta grundvöll að vísindalegum heiðri lands vors, en þá menn, er að almanna dómi eru til þess færastir, hverjum pólitískum flokki, sem þeir heyra.

Háttv. 1. þ. m. Rvk. (J. Þ.) lét svo um mælt, að, að því er kæmi til íslenzku deildarinnar, væri alt sem óyrktur akur, engu síður en fyrir mörgum árum. Nú vil eg spyrja, ef þetta er rétt, sem eg neita: sá ekki háttv. þm. þetta árið 1909? Og ef honum var þetta svo ljóst þá, hví lagði hann þá svo mikið kapp á að fá háskólalög vor samþykt á því þingi? Nei. Þetta er viðbára ein. Það mætti ef til vill færa ýms rök fyrir því, að allir þeir góðir Íslendingar, sem unnið hafa að því að kenna oss að skoða oss sem sjálfstæða þjóð, hafi reist þjóðinni hurðarás um öxl. Vera má að einhver gerist til að halda því fram, að vér þolum ekki fámennis og fátæktar vegna að vera sérstök þjóð. Frá vissu sjónarmiði, þó ógöfugt sé, skil eg þá rökfærslu. Það kostar auðvitað minna — í bráð — að vera Færeyingar. En samt er það nú svo, að enginn *málsmetandi* Íslendingur hefir borið það í munn sér enn í dag, síðan vér vöknuðum, að það væri ekki helg skylda hvers góðs Íslendings, að vinna að því sýknt og heilagt, að Íslendingar yrðu sjálfstæðir, ekki sízt sem vísindaþjóð, ekki að eins í orði, heldur og á borði.

Bjarni Jónsson: Eg vildi fara örfáum orðum um háskólann, og skal eg þá fyrst þakka háttv. þm. Snæf. (S. G.) fyrir þau fögru orð, sem hann mælti, og fyrir mótmæli hans gegn háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) Ein af mótbárum þess háttv. þm. var sú, að ekki væri fært að stofna háskóla strax vegna þess að langan tíma þyrfti til undirbúnings fyrir væntanlega prófessora og vitnaði hann í því sambandi til þess, þegar lagaskólinn var settur hér á stofn. En þar er um allt annað að ræða. Það hefir hér á landi aldrei áður verið kent neitt, eða ritað um íslenzk lög, svo að þar var alveg óplægður akur, en um sögu landsins, og íslenzka tungu og menningarsögu er öðru máli að gegna. Ef við höfum stundað nokkrar fræðigreinar til hlítar, þá er það sagnfræði og saga landsins, og ef eitthvað í þessum greinum og íslenzku máli hefir skarað fram úr öðru á seinni tímum, þá hefir það flest verið eftir Íslendinga. Mér er því torskilin sú ástæða háttv. þm., að ekki sé hægt að stofna háskólann í október vegna undirbúningsleysis í þessum greinum. Það er ekki annað en brígsl til fræðimanna okkar, að alt þeirra starf hafi orðið þeim til skammar. Í þeim brígslum vil eg ekki gera mig sekan og eg get sannað það, að hér á landi er nægur kostur á mönnum til þess að halda góða fyrirlestra í Íslandssögu. Eg get t. d. bent á hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), og eg vil spyrja háttv. þm. þess, ef hann væri kallaður til Noregs eða Svíþjóðar og beðinn að taka að sér kenslu í þessari grein, hvort hann mundi neita því og bera fyrir sig undirbúningsleysi, Þá fyrst sæist, hve mikill veigur er í röksemdaleiðslu hans hér á þinginu, ef hann tæki við boðinu, sem eg hygg að bæði hann og fleiri mundu gera og telja sér sóma að. Með íslenzka málfræðinga erum við heldur ekki í vanda staddir. Þar má benda á B. M. Ólsen, sem allir vita, að mun hafa einna bezta þekkingu núlifandi manna í því efni og sömuleiðis er eg

viss um það, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gæti haldið góða fyrirlestra í þeirri grein. Þetta, að oss skorti menn til að gegna háskólaembættunum er því auðsjáanlega ekkert annað en fyrirsláttur. Einmitt af þessu leiðir, að rétt er að hafa samkepni milli umsækjenda, þegar embættin eru veitt — það eru svo margir færir um að takast þau á hendur, og þá er aðeins að dæma um hver er allra færastur. Það voru nokkuð undarlegar mótbárur háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) móti samkepninni — kostnaðinum sleppi eg alveg, því að hann verður aldrei svo mikill, að hann margborgi sig ekki, og sýnir einmitt, hvílíkt kapp við leggjum á að hafa góða kennara. Háttv. þm. sagði, að sögu og bókmentasögu landsins þektum við langbezt af öllum og svo vel, að útlendingar kynnu svo lítið, að þeir væru alls ekki færir um að dæma um okkar þekkingu, þeir hefðu að eins lítið eitt verið að gaufa í fornöldinni, annað vissu þeir ekki. Það verður dálítið einkennileg ályktunin, sem maður fær, þegar maður ber þessi orð háttv. þm. saman við önnur orð í ræðu hans. Hún verður svona: Af því að Íslendingar þekkja bezt allra sögu og bókmentasögu landsins, eru þeir ekki færir um að kenna þær fræðigreinar. Þessi ályktun háttv. þm. mælir með sér sjálf, svo að eg þarf ekki að fara um hana fleirum orðum. Annars gæti eg bent háttv. þm. á menn í útlöndum, sem væru fullfærir að dæma milli umsækjenda. Það þarf ekki að fara lengra en til þeirra Finns og Valtýs, en þá vildi eg ekki nefna áðan, því margur mundi kannske halda að þeir yrðu nokkuð hlutdrægir. Ef menn því vilja þá ekki, er hægt að fara til annara landa. Það sem þar er talið sómasamlegt getur ekki orðið til skammar hér.

Þar sem h. þm. var að tala um hrakyrði margra manna fyrir nokkrum árum um háskólastofnunina, þá er það ekki til mín mælt, og þegar háttv. þm. var að tala um, að eg hefði ekki barist fyrir háskólamálinu frá upphafi, þá finst mér, að hann ætti nú einmitt að gleðjast af því að eg og fleiri erum orðnir sannfærðir fyrir rök hans og annara forgöngumanna háskólastofnunarinnar. Það ætti að vera honum til hugarhægðar og ánægju. Eg skil því ekki í því, hvers vegna hann dregur sig nú í hlé á seinustu stundu; er það vegna þess, að málinu hefir aukist fylgi mitt og annara manna? Eg tel þetta mál svo mikilsvert og vel undirbúið, að skólinn á að komast sem fyrst á, og þó við færum að styrkja menn til undirbúnings í 2 ár, þá yrði það ekki betra fyrir því. Þeir, sem ekki eru færir um að kenna það, sem þeir hafa verið að læra alt sitt líf, yrðu ekki fremur færir, þótt þeir fengjust við námið 2 ár í viðbót.

Annar háttv. þm. sagði, að okkur vantaði húsrúm fyrir háskóla, þó að margoft hafi verið bent á, að hér væri nóg rúm á neðsta lofti í alþingishúsinu, og ef menn vilja kalla það ósæmilegt húsnæði fyrir háskóla, þá mótmæli eg því. Margir háskólar hafa ekki veglegra hús, og eg get ekki séð, að það sé til neins ósóma, þó að alþingi sé háð í því líka. Það mundi heldur ekki rekast hvort á annað, nema þá á aukaþinginu, því að háttv. Ed. hefir nú breytt þingtímanum svo, og ekki er sennilegt, að sú breyting nái ekki fram að ganga í þessari háttv. deild, því að hún hefir alt af verið með færslu þingtímans. Sami háttv. þm. sagði og, að þessi alda um stofnun háskóla einmitt á þessu ári, væri runnin frá þeim mönnum, sem hefðu fjárhagsgróða af háskólastofnuninni. Ekki get eg tekið þetta til mín, því að enga von hefi eg um embætti við háskólann, þar sem eg ekki einu

einu sinni var álitinn hæfur til þess að gegna aukakennaraembætti við lærða skólann hér. Engir mér skyldir eða vinveittir eiga von á prófessorsembætti heldur.

Hvað því viðvíkur, að málinu hafi fyrst verið hreyft af einum manni á fundi í Jóns Sigurðssonar nefndinni, þá er það heldur ekki rétt. Því hefir verið hreyft löngu áður, að stofna skólann á þessu ári.

Þá hefir verið gert lítið úr því að stofna skólann 17 júní, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) taldi þar til þá ástæðu, að Jón Sigurðsson hefði lítið barist fyrir þessu máli. Það hefir aldrei verið færð sú ástæða fyrir háskólastofnuninni 17. júní, að Jón Sigurðsson hefði mest barist fyrir því máli beinlínis, en eg get tekið undir það með háttv. þm. Snæf. (S. G.), að öll hans barátta hneig að því sama og háskólastofnunin hnígur að, endurreisn og sjálfstæði Íslands. Einmitt þess vegna viljum við láta háskólastofnunina vera bundna við hans nafn og háskólahátíðina falla saman við afmælishátíð þessa manns. Það er hans starfsemi að þakka, að við erum komnir þangað, sem við nú stöndum, og hefði hans ekki við notið, þá efast eg um, að við værum nú komnir svo langt, að við værum að tala um stofnun þessa skóla, og því er ekki óviðeigandi, að við kennum háskólann við Jón Sigurðsson — enda er alt það, sem við gerum til minningar látnum ágætismönnum ekki síður gert fyrir þá lifandi, það kennir þeim að bera virðingu fyrir kostum feðranna og kennir þjóðinni að meta sjálfa sig.

Eg get ekki skilið þá ástæðu sumra háttv. þm., að betra sé að stofna skólann seinna árið, vegna þess, að kennararnir við mentastofnunina verða litlu færari til þess að takast embættin á hendur, þó þeir læri tvö árin til heldur en nú, þegar þeir hafa stundað vísindagreinarnar alla sína æfi. Eg hygg, að betra sé að nota góða krafta þeirra til þess að kenna öðrum, heldur en að þeir fari að læra hjá þeim, sem minna kunna.

Hannes Hafstein: Mig furðar á ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um áskorun þá, sem alþingi hefir borist frá þorra allra kjósenda í Vestmannaeyjum. Báðir hafa þeir gert minna en lítið úr áskoruninni og farið um hana óvirðulegum orðum. Áskorunin er þess efnis, að þingið veiti hvorki fé til sæsíma til eyjanna né til þráðlauss sambands heldur láti málið bíða í þetta sinn, og er álitið, að þeir sjálfir muni ætla sér að sækja um »koncession« til þess að leggja fram þann kostnað, sem þarf til þess að komast í samband við umheiminn. Áskorunin er undirskrifuð af 109 kjósendum af 150 alls, og það er upplýst af háttv. þm. Vestm. (J. M.), að fleiri menn mundu hafa skrifað undir, ef þeir hefðu ekki verið til sjós. Þetta segja háttv. þm., að sé ekkert að marka, því að sömu mennirnir mundu fást til þess að skrifa undir áskorun, sem færi í þveröfuga átt. Það er eins og þetta sé bygt á einhverri sérstakri reynslu. Eg skal rifja upp fyrir háttv. þm. dálitla sögu, sem gerðist fyrir nokkrum árum. Þá var reynt að safna undirskriftum um alt land til þess að skora á stjórnina að biðja konung að synja staðfestingar á lögum, sem alþingi hafði samþykt. Þá heyrðust stór orð um það, að þeir menn væru úalandi og úferjandi, sem ekki vildu fara að »vilja þjóðarinnar«, í þessu efni, en nú, þegar alþingi alls enga ákvörðun hefir tekið, á það að vera fjarstæða og óhæfa, að taka nokkurt tillit til eindregins vilja mikils meiri hluta *þeirra* kjósenda, sem hlut eiga að máli. Væri hér að ræða um sérstaka hags-

muni fyrir landssjóð, eða almenningsheill, þá væri ekkert á móti því að segja, að þingið metti það meira en hagsmuni og óskir Vestmanneyinga í þessu efni. Löggjafarvaldið á fyrst og fremst af öllu að hugsa um hag landsins í heild sinni. Væri það því ábatavænlegra fyrir landssjóð, og hentugra fyrir almenn viðskifti lands og eyja, að hafa loftskeytastöð heldur en talsíma, skyldi eg ekki hafa á móti þessu hinu mikla kappi, sem lagt er á það, að binda fjárveitinguna til hraðskeytasambands við loftskeytastöðvar. En því fer fjarri að slíku sé að heilsa. Álit þeirra, sem vit hafa á þessum efnum, gengur í mótsetta átt. Byggingarkostnaðurinn er meiri við loftskeytastöðvar í Vestmanneyjum og Reykjavík heldur en sæsíma, svo miklu meiri, að reisa má fyrir mismuninn eina loftskeytastöð á hentugum stað til sambands við skip á sjó, eins og sýnt hefir verið með rökum. Rekstrarkostnaðurinn við loftskeytastöðvarnar í Vestmanneyjum og Reykjavík er svo mikill, að tekjuafgangur landssjóðs mundi verða harla rýr. Hann mundi verða örlítill í samanburði við hreinar tekjur af þráðsambandi milli lands og eyja. Reynslan hér í landinu sýnir glöggt, að það er talsíminn, sem gefur tekjurnar en ekki ritsíminn. Og það liggur í augum uppi, að loftskeytasamband getur ekki gefið meiri tekjur en ritsímasamband. Hér er því ekki um það að ræða, að fjárhagslegir hagsmunir landssjóðs gefi tilefni til að beita þeirri aðferð gegn Vestmanneyingum, að láta þá fá loftskeytasamband, þvert ofan í ósk þeirra og vilja. Eins fjarstætt er það, að nauðsynlegt sé að setja loftskeytastöð í Vestmannaeyjum vegna sambands við skip á sjó, því að stöð til þeirra nota getur alveg eins verið annarstaðar. Sú röksemd háttv. þm. Dal. (B. J.) að þörf sé að setja loftskeytastöð í Vestmannaeyjum til þess að hægt sé að hafa veikari og þar af leiðandi ódýrari stöðvar í Skaftafellssýslum til þess að ná sambandi við stöðina hér í Reykjavík, gildir ekki neitt, því það þarf alls ekki að að setja slíka stöð í Reykjavík, heldur væri hægt að setja hana í Rangárvallasýslu, sem síminn endar og þyrfti því slík stöð ekki að vera sterkari en stöð í Vestmannaeyjum, sem með þessu móti alveg mætti komast hjá að setja. Það er yfirleitt vafasamt, hversu ánægðir menn yrðu með loftskeytastöðvar einar í Skaftafellssýslum.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hefir komið með tillögu um, að settar verði 3 loftskeytastöðvar fyrir suð-austurlandið og gerir hann ráð fyrir því, að 1 stöð verði sett einhversstaðar undir Eyjafjöllum. En þar sem auðvelt er að leggja talsíma þangað skil eg ekki hvað þá er að gera með loftskeytastöð í Reykjavík. Þá þyrfti heldur ekki loftskeytastöð í Vestmannaeyjum vegna sambandsins við Skaftafellssýslur, heldur gengju skeyti frá Skaftafellssýslustöðvunum þá beina leið frá Eyjafjallastöðinni gegnum síma til Reykjavíkur. Fyrir þessu mætti því unna Vestmannaeyjum talsímasambands. Eg álít, að tillaga háttv. A.-Sk. (Þ. J.) sé ekki nægilega hugsuð og eigi alls ekki að standa í því sambandi við Vestmannaeyjaspursmálið, sem hann vill setja tilöguna í. Það veitir ekki af að athuga betur, hvað Skaftfellingum er fyrir beztu, að því er hraðskeytasamband snertir, og ekki úrhættis til næsta þings.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) vék nokkrum orðum til mín, þá er hann talaði um háskólamálið. Hann sagði, að eg hefði borið honum á brýn, að hann hefði »kúvent« í þessu máli. Þetta er ekki rétt, því að eg hefi ekki tekið fyr til máls en nú. En annars er það ekki nema

dagsatt, að hann hefir »kúvent« í þessu máli. Allir muna hans hjartnæmu og stórorðu ræðu um háskólann á síðasta þingi, sem nýlega er búið að rifja upp fyrir honum í stúdentafélaginu. En annars veit eg raunar ekki til, að hann hafi áður verið neinn sérstakur frömuður þessa máls, eða að baráttan fyrir því sé honum að þakka, þótt hann einhverntíma hafi eitthvað um það skrifað eins og fleiri. Eg tek mér ekki nærri, þótt háttv. þm. segi, að eg hafi ekki gert annað í þessu máli en »hlýðnast skipun þingsins.« Það getur vel verið að svo sé. Eg hefi aldrei hrósað mér af því, að eg hafi fundið það upp, né yfir höfuð eignað mér neinn heiður af því. Hinsvegar hefi eg þó ekki látið það afskiftalaust með öllu, og þegar eg lagði háskólafrumvörpin fyrir alþingi 1909, samkvæmt þingsályktun Nd. 1907, var sú skipun á orðin, að þetta mál, sem stöðugt undanfarið hefir verið skoðað sem ófáanleg ósk, er í Danmörku mundi verða barist á móti sem fráleitasta »separatismus«, var orðið fyrir fram samþykt af konunginum, og lagt fyrir alþingi í nafni hans og umboði. Að fá konungsstaðfestingu eftir á, eftir að alþingi hafði samþykt stjórnarfrumvarpið var þá ekkert sérlegt pólitiskt þrekvirki sem heiðraður svonefndur sjálfstæðisflokkur geti sér eignað. Eg þarf ekki að færa nein rök fyrir því sem sagt hefir verið um «kúvendingu« háttv. þm. í þessu máli, því að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir gert það. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) þekti á síðasta þingi, eins vel og nú allar þær ástæður, er hann nú hefir á móti því, að háskólinn taki til starfa. Að eins eina ástæðu þekkti hann ekki *þá*. En þessi eina ástæða er sú, að hann vissi ekki á síðasta þingi um breytingu þá, sem nú er orðin á því er snertir valdið til þess að veita hin nýju prófessorsembætti við háskólann. En það getur líka haft þýðingu fyrir suma.

Eggert Pálsson: Umræðurnar hafa nú aðallega snúist um þetta tvent, háskólamálið óg loftskeytamálið. Það er kunnugt, að háskólamálið var afgreitt hér frá háttv. deild með miklum meirihluta atkvæða, og það meira að segja með nafnakalli, þá er fjáraukalögin voru hér síðast til umræðu. Vona eg að eins verði nú, því að síðan er ekkert það komið fram, er geti réttlætt það, að háttv. þm. greiði öðruvísi atkvæði en þeir gerðu þá.

Að því er snertir loftskeytamálið, býst eg við að það standi svipað á með það hér í deildinni og áður og háttv. þm. hafi ekki breytt um skoðanir á því. Nefndarálitið í máli þessu ásamt breytingartillögu þeirri, er fram hefir komið í því, gefur mér þó tilefni til að fara nokkrum orðum um það. Eg skal geta þess, að sakir fjærveru var eg ekki með á síðasta fundi fjárlaganefndar. Og þegar eg kom heim var nefndarálitið til undirskriftar, og skrifaði eg undir það fyrirvaralaust, með því að eg taldi sjálfsagt að það væri í alla staði sannleikanum samkvæmt, enda í fullu samræmi við það sem áður hafði komið fram í nefndinni. En síðar hefi eg komist að raun um, að það mun ekki í alla staði rétt, sem stendur í nefndarálitinu, að meirhluti í nefndinni sé því fylgjandi, að loftskeytasamband verði ákveðið í þessum aukafjárlögum milli Rvíkur og Vestmannaeyja. Þessa vildi eg láta getið.

Í sambandi við þetta skal eg svo lítillega minnast á breyt.till. á þgskj. 781, þar sem ráð er gert fyrir, að loftskeytastöð verði sett á Seljalandi. Það mætti nú ef til vill gera ráð fyrir, að þetta mundi milda mig og kjósendur mína nokkuð í þessu máli. En eg skal nú

þegar taka það fram, að það gerir það alls ekki hvað sjálfan mig snertir, og þykist hafa ástæðu til að ætla að það geri það alls ekki heldur hvað kjósendur mína snertir. Þeir eru með öllu mótfallnir loftskeytasambandi. Það hefir komið fram áskorun frá kjósendum í Vestmannaeyjasýslu til þingsins um að fá þráðskeytasamband en ekki loftskeytasamband, sem þeir og hafa algerlega mótmælt. Og vilja þeir heldur ekkert samband, ef þeir eiga að eins kost á að fá loftskeytasamband. Eg veit með vissu, að kjósendur mínir eru einnig á sama máli. Mér er það vel kunnugt, því eg hefi nýskeð verið á ferð þar eystra og hefi átt tal við ýmsa þeirra um þetta mál, og eru þeir algerlega mótfallnir loftskeytasambandi, hverjum pólitiskum flokki sem þeir hafa fylgt eða fylgja. Þeim finst, sem von er, að þeir séu beittir ranglæti, ef þeir fá að eins slíkt samband, þar sem aðrir landshlutar hafa hlotið það hnoss að fá þráðskeytasamband. Vilja þeir því eins og Vestmanneyingar heldur ekkert samband fá að þessu sinni heldur en loftskeytasamband. Ástæðan fyrir því er sú, sem öllum ætti að vera ljós, að þetta samband er með öllu ófullnægjandi og að ýmsu leyti óhentugt, og þeir vona, að þingið muni seinna líta með sanngirni á hinar réttmætu kröfur þeirra um þráðskeytasamband, þótt það vilji eigi gera það nú að þessu sinni. Eg veit að vísu, að loftskeytasamband mundi verða að einhverjum notum, en hvergi nærri slíkum sem þráðskeytasamband. Það þarf ekki neina sérlega skarpskygni til þess að sjá það, að hentugra er að tala í síma um málefni en að senda loftskeyti þeim viðvíkjandi. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði að mönnum væri hentara og betra að senda skeyti, þegar um viðskifti væri að ræða en að tala. Þetta getur ef til vill átt sér stað um vana »forretningsmenn« en alls ekki um alþýðuna yfirleitt, henni er ekki og getur ekki verið létt um að binda hugsun sína í stuttorðum skeytum. Hann talaði einnig um, að það væri stór munur á því að hafa loftskeytastöðvar á þessum slóðum, þá er um bjargráð er að ræða þar. En þetta er alls ekki rétt athugað. Það á sér oft stað, að menn róa út frá Landeyjasandi, þá er um fisk er að ræða. Ef nú brim skyldi brátt bera að höndum, svo að ómögulegt væri að lenda, væri miklu þægilegra og fljótlegra að geta talað út í Vestmannaeyjar frá stöð í Landeyjum á sjálfum sjávarbakkanum um að senda björgunarskip frá eyjunum, en að senda mann með skeyti, sem oft væri ekki auðhlaupið að, til Seljalands til þess að fá það sent af stað þaðan. Eg hygg að slíkt mundi oft og einatt taka svo langan tíma, að það kæmi ekki að neinum notum. Það er alkunnugt, að þarna hafa oft fjöldi manns druknað í einu. Nú hefir háttv. deild samþykt að byggja brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi, sem kostar um 70 þúsund kr., vegna þess, að í ánni hafa nokkrir menn druknað og hefi eg sízt á móti því. En hvað mætti ekki bjarga mörgum mannslífum með því að verja hálfri þessari fjárhæð til þráðskeytasambands milli Vestm.eyja og meginlandsins.

Þegar um þráðarsamband og loftskeytasamband er að ræða, má líkja þeim við brú og ferju yfir vatnsfall. Þráðarsambandinu má líkja við brúna, en loftskeytasambandinu við ferjuna. Sé ekki um annað að ræða en ferju, fara menn að sjálfsögðu yfir um á henni heldur en tefla lífi sínu í hættu, en sé um brú og ferju að velja, velja menn umsvifalaust brúna. Það er annars harla einkennilegt, að svona mikið kapp skuli vera lagt á að fleygja út fé til slíkra loft-

skeytastöðva, þar sem svo mikil fjárþröng er fyrir hendi. Það er þvert ofan í ósk og vilja þeirra, sem þær eiga helzt að nota. Eigi þetta að vera endanleg niðurstaða á sambandinu milli Vestmanneyja og meginlands, þá verður það ekki úr skafið, að hlutaðeigendur eru stakasta ranglæti beittir gagnvart öðrum landsbúum. En vilji forsprakkar þessa máls skoða það aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, þá virðist svo, sem sú bráðabirgðarráðstöfun sé nokkuð dýr og ekki sem bezt viðeigandi að gera slíkt »experiment« eftir því sem fjárhagur landsins horfir nú við.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.) Eg vildi leyfa mér að segja nokkur orð um háskólann. Það hefir víst þótt kynlegt, að ýmsir þeirra háttv. þm., sem greiddu atkvæði með fjárveitingu til háskólans á fjáraukalögum, skyldu greiða atkvæði á móti henni á fjárlögunum. En eg skal skýra frá því, hver var ástæðan. Eins og menn vita, hefir mál þetta verið rætt af kappi hér í bænum, og var það álit ýmsra, að hægt væri að nota þinghúsið fyrir háskólahús, þótt um þingtímann væri. En er þetta kom til umræðu og atkvæða í fjárlögunum, hafði eg sannfærst um, að háskóla er ekki hægt að hafa í þinghúsinu um þingtímann. Auk þess var ekki hugsað um að tryggja rétt þeirra, sem leystu af hendi próf við háskólann. Þeir þurfa að fá sama rétt og þeir sem leysa af hendi próf við Kaupmannahafnarháskóla. Nú hefir þessu verið kipt í lag að ýmsu leyti. Háttv. Ed. hefir samþ. tillögu um flutning á þingtímanum, svo að hægt verður að nota þinghúsið til háskólahalds, og býst eg við að þessi tillaga nái fram að ganga. Hér er því aðalmótbáran á móti háskólanum fallin burtu. Eg hefði þó vel getað fallist á að skjóta þessu máli á frest vegna kostnaðarins um næsta fjárhagstímabil. En af því að eg hefi heyrt á sumum þingmönnum, að þeir vilji garnan veita fé til háskólans í fjárlögunum síðara árið, þá finst mér óviðfeldið að ganga móti málinu nú, þar sem um svo lítinn frest er að ræða. Og þar sem auðsætt er, að háskóli hér í Reykjavík mun efla stórkostlega menningu og sjálfstæði þjóðarinnar, verð eg að greiða málinu atkvæði nú af ástæðum þeim, sem eg hefi nefnt.

Björn Kristjánsson: Það hefir verið mikið rætt um loftskeytin hér í dag, og meira en eg hafði búist við. Nú er eins og menn vita komin áskorun til þingsins frá Vestmanneyingum, um að láta þá hafa símasamband, en ekki loftskeyti. Það kann nú í fljótu bragði að virðast all-glæsilegt, að undir þessa áskorun eru skrifaðir 109 af 150 kjósendum í eyjum, en þegar farið er að athuga þetta nánar, þá verður mönnum fyrir að spyrja um það, hvernig á þeim áskorunum standi, og þinginu er það alveg hulið á hvern hátt málið hefir verið *lagt fyrir* þá. En svo mikið er víst, að þeir hafa ekki vitað að þeir ættu að fá samband beina leið í land með loftskeytunum, því að það kom ekki til fyr en í dag og meðan þeir vissu það ekki, þá var minni furða, þótt þeir væru þeim mótfallnir, því eins og kunnugt er, eru viðskifti og samgöngur allmiklar milli lands og eyja, þar sem menn fara á milli bæði til sjóróðra og í kaupavinnu og að allmikil verzlunarviðskifti eru milli þessara stöðva. Þetta gefur nú eyjarskeggjum tilefni til mótmæla, að þeir halda að þeir fái ekki samband beint í land. En mér þætti gaman að vita, hvað þeir segðu nú, ef þeir vissu um till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), þar sem gert er ráð fyrir, að þeir fái eigi eingöngu samband beint í land, fieldur einnig við Vík, því að við þann kaupstað hafa þeir einnig töluverð viðskifti. Ef þeir vissu, að þeir ættu líka

að fá samband þangað, þá er eg viss um að þeir sneru við blaðinu og óskuðu einmitt eftir loftskeytunum.

Eg sé að háttv. þm. Vestm. (J. M.) er ekki hér viðstaddur. Hann gat þess í dag, að hér væri ekki um nema eina stöð að ræða, og skil eg vel, að eyjabúar uni illa við það og hafi þetta atriði eitt með öðru orðið tilefni til þess, að þeir gáfu þessa yfirlýsingu. Þá hafa þeir heldur viljað leggja síma í land, en þiggja þessa einu stöð. Í öðru lagi vita þeir ekkert hvað viðhald sæsímans kostar. Við skyldum sjá, ef þeir þyrftu að fá »kabelskip«, hvort landssjóður mætti ekki fá að bera þann kostnað. En þetta er nú ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvað mönnum kemur að beztu gagni. Einn maður hefir haldið því fram, að þetta útiloki samband við aðra staði á landinu, en það er gersamlega tilhæfulaust, því að síminn tekur við þar sem loftskeytin enda. Það er líka tekið fram af háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að stöðin undir Eyjafjöllum taki við loftskeytunum frá Vestmannaeyjum, og það er því að eins á þessu stutta bili yfir sjóinn, sem þeir þurfa að nota loftskeytin og taxtinn hlýtur að verða hinn sami og ef sími væri alla leiðina, annars væri þeim gert þyngra fyrir en öðrum landsmönnum. Hin hliðin á þessu gagni er sú, að menn geta ekki talað saman, og finnast sumum það mikil óþægindi, að alt skuli þurfa að vera skriflegt. Ef ekki er um eintómt gamanhjal að ræða, þá eru það viðskifti manna á milli, sem síminn er notaður til, og eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, þá er það alt tryggara, sem skrifað stendur, en hitt sem talað er. Og þótt menn þurfi að bíða skipanna með »privat«-hjal, þá held eg að þeir fái fullkomlega sinn rétt fyrir því. Menn geta þá skrifað »slúðrið«.

Það er æðimargt, sem sagt hefir verið. Meðal annars sagði háttv. þm. Vestm. (J. M.) í dag, að engin ástæða væri til þess, að taka tillit til annara en Íslendinga sjálfra, og að á íslenzkum skipum séu engin loftskeytaáhöld. En hvers vegna eru þau þar ekki? Auðvitað af því að engin loftskeytastöð er til á landinu. Meðan svo er hafa þau ekkert með slíkt að gera, en þegar hún er komin, þá mundu þau útvega sér tækin, eins og önnur skip.

Þá var minst á það, að ódýrari tilboð kynnu að geta komið frá öðrum en Marconifélaginu. Hér er ekki á ferðinni nein skipun til stjórnarinnar að gera þetta í ár, heldur að eins heimild og það er nógur tími til þess að taka á móti tilboðum frá öðrum. Mér skildist það á ræðu eins háttv. þm., að svo væri ekki, en það er misskilningur hjá honum. Stjórninni ber engin skylda til þess að borga þetta út á neinum sérstökum degi. Sami háttv. þm. talaði um Poulsen í Khöfn, og taldi þýðingarmikið að hans aðferð kæmist líka að. Það er nú alt saman gott og blessað, en það getur beðið. *(Pétur Jónsson:* Nei, það er enginn tími til þess). Jú, það er nógur tími til stefnu að fá að vita um þessi afbrigði á svona hálfum mánuði. Þá ber þess og að geta, að sú list að tala þráðlaust gegnum loftið á stuttu svæði, er nú í sem óðastri framför, og hefir nú þegar verið talað þannig saman á miklu lengra bili, en milli lands og eyja. (*Jón Jónsson S.-M.:* Hvað kostar það?). Þess er enn ógetið, að loftskeytasamband við Vestmannaeyjar mundi verða miklu ódýrara en símasamband, sem eðlilegt er, þar sem stofnunin sjálf er ódýrari. Það hefir verið getið um fjárkröggurnar, og að landssjóð vanti stundum fé til nauðsynlegra útgjalda, og er það rétt. En hér er ekki

um fyrirframgreiðslu að ræða til þessa fyrirtækis.

Eg skal svo eigi fjölyrða um þetta, því að eg held það sé gersamlega þýðingarlaust, að vera að tala með þessu frv. eða móti, en einungis vil eg vona að þeir sem áður hafa greitt því atkv. geri það eins og hingað til.

Hannes Hafstein: Eg heyrði að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) bað um orðið. Vill hann ekki tala fyrst? Það er velkomið! *(Jón Þorkelsson:* Nei!) Eg mundi ekki eftir því fyr en eg hafði beðið um orðið, að eg á ef til vill von á svari frá honum, en hann verður þá að forláta, þó að eg svari ekki aftur, því nú verð eg »dauður«, þegar hann fær orðið.

Annars ætlaði eg að eins að svara háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) upp á það, hverjar ástæður væru fyrir áskorun kjósenda í Vestmannaeyjum um að losast við loftskeytin. Þm. sagði, að þeir hefðu ekki haft hugmynd um, að þeir ættu að komast í beint samband við landið, ekki nema við Reykjavík eina, og að þeir mundu hafa brugðist öðruvísi við, ef þeir hefðu vitað um till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), þar sem gert sé ráð fyrir sambandi við 3 stöðvar, þá mundi þeim aldrei hafa dottið í hug að hafa á móti þessu, því að þá hefðu þeir fengið allar sínar óskir uppfyltar. En þetta er helber miskilningur frá upphafi til enda. Þeir vilja fá *tals*ímasamband við landið í heild sinni, og beint í land. Þessi loftskeytastöð undir Eyjafjöllum er þeim ekkert mætari heldur en loftskeytastöð einhversstaðar annarstaðar, er stæði í þráðarsambandi við suðurhluta Rangárvallasýslu. Eyjafjallastöðin yrði þeim ekki að neinum frekari notum, en stöð í Reykjavík í sambandi við símann. Aðalatriðið er það, að í hvorugu tilfellinu er hægt að *tala saman*, enda skilst mér svo, að þetta sé ekki gert Vestmannaeyja vegna, heldur vegna Skaftafellssýslu. Það bætir ekkert úr skák, þótt þessi litla stöð sé þarna í Landeyjunum, eða undir Eyjafjöllum, þegar alt þarf að fara fram skriflega hvort sem er. Þetta er því alt saman sagt út í loftið. Eyjaskeggjar óska allir hins sama, og till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) er alveg fyrir utan það sem hér um ræðir. Svo er hitt atriðið, að þetta dýra samband, sem Skaftfellingum er ætlað fyrir 20 þús. kr., og með afarmiklum reksturskostnaði á ári hverju, er ekki eftirsóknarvert, því síður fullnægjandi og stendur ekki lengi. Stöðvarnar eru sem sé áætlaðar svo veikar, að þær ná ekki að senda skeytin alla leið til Rvíkur, heldur þyrfti alltaf að senda þau fyrst til stöðvarinnar undir Eyjafjöllum og svo aftur þaðan til Reykjavíkur. Allir sjá að þetta er kák, og er mér sama, hvað agent Marconifélagsins segir hér um, það er öldungis víst, að kostnaðurinn mundi verð tiltölulega miklu miklu meiri en gagnið.

Þá ætla eg að eins að drepa á eina breyt.till. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) viðvikjandi háskólanum. Hún er þgskj. 699, og fer fram á það, að falli aðaltill. á þgskj. 670, þá bætist aftan við athugasemd um, að fjárveitingin til háskólans í fjáraukal. falli burtu, ef ekki verði veitt fé til reksturs hans í fjárlögunum fyrir 1912 og 1913. Það er óviðkunnanlegt, að lög sé látin upphefja sjálf sig, enda er þetta alveg óþarfi hér, því að ef háttv. meiri hluti fellir ekki háskólann, þá má nærri geta, að þeir hinir sömu menn, sem láta hann lifa nú, muni veita honum það fé, sem þarf á fjárlögum. Eg hefi ekki ætlað mér að styggja háttv. þm. með þessu, en eg vil skjóta því til hans, hvort hann muni ekki vilja taka þessa till. sína aftur.

ATKV.GR.:
Brt. 737. tekin aftur.
— 762. sþ. með 14 : 1 atkv.
— 671. sþ. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Stef. Stefánsson,
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 781. sþ. með 14 : 9 atkv.
— 670. 1. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Jóh. Jóhannesson greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hlutanum.
Brt. 670. 2. þar með sjálffallin.
— 699 feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Brt. 684. sþ. með 15 : 2 atkv.
Frv. þannig breytt samþykt með 18 shlj. og endursent Ed.

Fjáraukalög 1908 og 1909.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909; (Stjórnarfrv. A. bls. 54). Fyrsta umr., 17. febr.

Ráðherrann (B. J.): Það eru rúmar 84 þús. kr., sem farið er fram á, að veittar séu á þessum fjáraukalögum umfram það, sem veitt er í fjárlögunum. Það er ánægjulegt að geta skýrt frá því, að meiri hluti þessa fjár hefir farið til samgöngubóta. Til flutningabrauta hefir farið um 20 þús. kr., til póstferða um 13 þús. kr., til vita á Reykjanesi 12 þús. kr. og til ritsíma 7 þús. kr. Að öðru leyti vísast til frumv. sjálfs og athugasemda yfirskoðunarmanna. Stjórnin mun og að sjálfsögðu veita nefndinni allar þær skýrslur, sem þörf þykir á.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á, að frumv. sé vísað til reikningslaganefndar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til reikningslaganefndar með öllum greiddum atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 21. apríl (stj.frv. A. bls. 54, n. 639).

Framsögum. (Ólafur Briem): Fjárhæðir þær, sem farið er fram á að veittar verði í frumv. þessu, nema alls rúml. 84 þús. kr. Þar við bætast svo viðaukatillögur, sem nefndin hefir komið fram með, að upphæð rúml. 6 þús. kr. En þar að auki er þess að gæta, að af umframgreiðslum, er yfirskoðunarmenn landsreikninganna álíta að leita hefði átt aukafjárveitingar fyrir, vantar að taka upp í þetta frumv. nálega 57 þús. kr. Að öðru leyti sýnist rétt að geyma frekari skýringar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 24. apríl (stj.frv. A. bls. 54, n. 639).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir fundið fátt verulegt að athuga við frumv. þetta, að eins fáein atriði við einstakar greinir. Við 2. gr., sem snertir skrifstofukostnað við stjórnarráðið, sér nefndin ekki ástæðu til að gera neina athugasemd. Viðvíkjandi 3. gr. vill nefndin athuga, að henni hefði þótt réttara að taka kostnaðinn við prentun bankarannsóknarskýrslunnar af fé landsbankans fremur en að greiða þann kostnað úr landssjóði ásamt prentunarkostnaði stjórnartíðinda, en ekki hefir henni þó þótt ástæða til þess að koma fram með breyt.till. út af þessu: Viðvíkjandi 4. gr. er helzt nokkuð að athuga um útgjöldin til geðveikrahælisins á Kleppi. Í frumv. er farið fram á 15 þús. kr. aukafjárveitingu, og nefndin bætir þar við 6 þús. kr. Öll umframgreiðslan verður þá 21 þús. kr. Vitanlega hafa fleiri sjúklingar verið á geðveikrahælinu, en ráð var fyrir gert á fjárlögunum, og er því eðlilegt, að kostnaðurinn hafi aukist. Sá kostnaður, sem af því stafar, er um 7 þús. kr., en 14 þús. kr. hefir verið varið til sérstakra fyrirtækja þar, til túngirðingar kr. 1038.69, gasstöðvar kr. 6621.55 og vatnsæðalagninga kr. 5937.92. Nefndin hefir ekkert sérstakt að athuga við þessi mannvirki nema það, að til þeirra hefir fjárveitingarvaldið ekki veitt neitt fé. Nefndin vill leggja áherzlu á, að stjórnin ráðist ekki í slík fyrirtæki, nema fjárveitingarvaldið hafi áður átt kost á að segja sitt álit. Eftir atvikum vildi nefndin þó eigi gera neina rekistefnu út af þessu.

5. gr. grípur yfir þau mál, samgöngumálin, sem fjárveitingarvaldið hefir jafnan verið örast að veita fé til, og þar sem mest er þörf á að skera ekki mjög við neglur sér, enda er þar um mestar umframgreiðslur að ræða. Nefndin hefir þó eigi séð ástæðu til að gera neinar verulegar breytingar á þessari grein; þær 7 brtill. viðvíkjandi henni, sem nefndin hefir komið fram með, eru allar óverulegar, 4 þeirra eru að eins leiðréttingar á tilvitnunum, 3 eru lítilsháttar leiðréttingar á tölum. Um 6. gr. má segja hið sama, brtill. nefndarinnar við hana eru mestmegnis leiðréttingar á tölum, eða þær ganga í þá átt að skýra betur til hvers fjárveitingunum hefir verið varið.

Breyt.till. við 7. gr. eru aðallega til þess að leiðrétta tilvitnanir eða kveða nánar á um einstakar upphæðir.

Þá er ein viðaukatillaga í þrem liðum, er nefndin hefir komið fram með eftir ósk stjórnarráðsins. Fyrsti liðurinn er styrkur til frú Maríu Jónsson ekkju Sigurðar Jónssonar fangavarðar við hegningarhúsið að upphæð 200 kr.

Annar liðurinn er kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi kr. 5937.92, sem áður er á minst. Og loks er þriðji liðurinn fjárveiting til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar til að kynnast síldarverkun erlendis að upphæð kr. 540.00. Það er áður búið að samþykkja á fjáraukalögunum fyrir árin 1910 og 1911 396 kr. 25 au. fjárveitingu til þessa manns. Verður hún að skoðast sem áframhald af fjárveitingu þeirri, sem hér ræðir um, og býst nefndin því við, að hún verði samþykt. Að öðru leyti er þess að geta um allar þessar þrjár síðastnefndu fjárhæðir, að þær hafa verið greiddar utan fjárlaga og því án nokkurrar heimildar af hálfu fjárveitingarvaldsins. Slíkt má ekki eiga sér stað nema mjög sérstaklega standi á, og er þetta tekið fram til viðvörunar í framtíðinni, svo að við það myndist ekki fordæmi til eftirbreytni.

ATKV.GR.:

2. gr. frv. sþ. með 15 atkv. shlj.

Brt. 639. við 3. gr. sþ. án atkvgr.

3. gr. þannig breytt sþ. með 14 atkv. shlj.

4. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

Brt. 639, 2—8. við 5. gr. sþ. án atkvgr.

5. gr. þannig breytt sþ. með 14 atkv. shlj.

Brt. 639, 9—12. við 6. gr. sþ. án atkvgr.

6. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv. shlj.

Brt. 639, 13—14. við 7. gr. sþ. með 14 atkv. shlj.

Brt. 639, 15. við 7. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

Brt. 639, 16. við 7. gr. sþ. án atkvgr.

Brt. 639, 17. við 7. gr. sþ. með 15 atkv. shlj.

7. gr. þannig breytt sþ. með 15 atkv. shlj.

Brt. við 639. (ný gr. í 3 liðum) sþ. með 15 atkv. shlj.

1. gr. breytt samkvæmt þessari atkvgr. sþ með 16 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv. shlj.

Þriðja umr., 26. apríl. (A. 732).

Framsögum. (Ólafur Briem): Það er með þetta frumv., eins og næsta mál á undan, að það hafa engar breyt.-tillögur verið gerðar við það, síðan það var samþykt hér við 2. umr., og vil eg því leggja það til, að það verði samþykt.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 14 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Landsreikningar 1908 og 1909.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909. Fyrsta umr., 17. febr. (Stj.-frv. A. bls. 62).

Forseti: Eg skal geta þess, til leiðbeiningar fyrir væntanlega reikningslaganefnd, að athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árin 1908 og 1909 eru ekki enn komnar til þingsins, sökum þess að staðið hefir á svörum ráðherra við þær. Þó mun þeirra von innan skams tíma.

Ráðherrann (B. J.): Eg læt mér nægja að vísa til athugasemda yfirskoðunarmanna við landsreikninginn og svara stjórnarinnar við þeim. Hæstv. forseti gat þess, að svör stjórnarinnar við athugasemdunum væri ókomnar, og er það rétt, en það mun ekki dragast lengur en 2 til 3 daga. Þá mun nefndin hafa fengið athugasemdirnar með

reikningunum, eins og vandi er til og vera ber.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á að kjósa 3 manna nefnd í málið og 1. umr. sé frestað.

ATKV.GR.:

Samþykt í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningum:

Ólafur Briem
Stefán Stefánsson
Hálfdan Guðjónsson.

Í nefndinni var Hálfdan Guðjónssön kosinn formaður, en Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umr., 21. apríl (stjórnarfrv. A. bls. 62., n. 637 og 640, 685).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þegar frumvarp þetta er borið saman við fjárlög frá sama fjárhagstímabili, þá sést það. að upphæðirnar eru hinar sömu alstaðar, að því er tekjuhliðina snertir. En útgjöldin eru dálítið mismunandi í ýmsum liðum, bæði að því er snertir samgöngur, læknamál, kenslumál og styrk til verklegra fyrirtækja, vísinda og bókmenta. Þetta stafar af því, að breytingar hafa verið gerðar á hinum upphaflegu fjárveitingum í tvennum fjáraukalögum, einum, sem þegar hafa verið samþykt og öðrum, sem nú liggja hér fyrir. Eg skal benda á það, að tekjuafgangurinn á fjárhagstímabilinu 1908 og 1909 hefir orðið yfir 305 þús. kr., þar sem fjárlögin höfðu gert ráð fyrir rúmlega 25 þús. kr. tekjuhalla. Og þar sem aukafjárveitingar og umframgreiðslur hafa orðið nálega $^1/_2$ milj. kr., og þó orðið þessi afgangur, þá sést það, að tekjurnar hafa í raun og veru vaxið um liðlega 800 þús. kr., og hefir þetta valdið því, að kalla má að fjárhagurinn hafi staðið með blóma á þessu fjárhagstímabili.

Annars ætla eg mér að geyma frekara umtal um breyt.till. nefndarinnar til 2. umr.

Hannes Hafstein: Eg vil að eins benda á það, að í landsreikningnum frá 1908 er ekki komið inn á tekjudálkinn hið margumtalaða 500 þúsund króna lán, sem tekið var í árslokin 1908, heldur er látinn vera tekjuhalli, 136,450 kr. Hefði lánsupphæðin vetið talin til tekna fyrir árslok eins og vera bar, þá hefði ekki orðið tekjuhalli heldur þvert á móti *tekjuafgangur*, 363,550 kr., sem kemur að mestu heim við fjárhagsskýrslu mína í þingbyrjun 1909. En lánið, sem var að mestu óeytt þegar eg fór frá, er ekki fært til tekna fyr en 1909 og bætir þannig úr skák, að því er »status« snertir í árslok 1909 á fyrra ári fráfarandi stjórnar.

Við skýrsluna um peningaforða landssjóðs 1908 í árslok er það að athuga, að þar eru vantaldar 200,000 kr., sem voru á leiðinni milli Íslands og Danmerkur um áramótin, og koma ekki fram fyr en í reikningnum frá 1909. Reikningurinn frá 1908 út af fyrir sig gefur því skakka hugmynd.

Hvort það er þetta, sem hefir gefið tilefni til þeirrar fáheyrðu lygaskýrslu, sem nýlega birtist í blaðinu Ísafold, um fjárhagsástandið meðan eg var ráðherra, og þar er höfð eftir einum háttv. þm., sem kvað hafa haldið fyrirlestur um þetta fyrir sjálfstæðisflokknum veit eg ekki. Það kemur ef til vill í ljós síðar. Í þetta skifti læt eg mér því nægja að stimpla þær aðdróttanir til mín, sem í þeirri skýrslu felast, sem *ærulausar lyga-aðdróttanir.*

Magnús Blöndahl: Eg veit nú ekki fyrir víst, hvert háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) beinir þessum prúðmannlegu orðum sínum. En eg get þó hugsað, að hann eigi við grein, sem stóð í Ísafold fyrir skömmu og átti að vera »referat«

af fyrirlestri, sem eg hafði haldið þá fyrir skömmu, og ef hann leyfir sér að viðhafa þessi ummæli í minn garð út af þeim fyrirlestri, þá vil eg vísa þessum prúðmannlegu orðum hans heim til hans aftur, þar munu þau kunna bezt við sig og sóma sér bezt. Fyrirlestur þessi mun nú bráðum verða birtur orðréttur, og skal það tekið fram, að allar þær tölur, sem eg fór með í greindum fyrirlestri, eru bygðar á landsreikningunum. »Referatið« er ekki frá mér, og ber eg því enga ábyrgð á því, hvort rétt er haft eftir. Hafi eitthvað farið á milli mála, þá mun það koma í ljós, er fyrirlesturinn kemur út. Háttv. þm. gat því sparað sér frumhlaup þetta að sinni, enda óviðfeldið fyrir hann sjálfan að sýna háttv. deild jafn áþreifanlega, hve bágt hann á með að stjórna skapi sínu.

Hannes Hafstein: Eg átti við þau ummæli, þar sem stendur að landssjóður hafi átt 1,800,000 kr. í handbæru fé, þegar eg tók við, en svo hafi fjárbruðlun mín verið gengdarlaus, að þegar eg fór frá, hafi landið verið sokkið í 500,000 króna skuld; og hitt fé alt auðvitað þá eytt. Þetta er *ærulaus lygi*, og hver sem segir slíkt, eða gefur þetta í skyn, *hann lýgur*.

(*Forseti* hringdi og vítti þessi ummæli þingmannsins sem of svæsin).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. samhlj.

Önnur umr., 24. apríl (stj.frv. A. bls. 62; n. 637, 685).

Framsögum. (Ólafur Briem): Í óvissum útgjöldum 1909 eru fólgnar 5000 kr., er hafa verið greiddar upp í kostnað við bankarannsóknarnefndina. Af kostnaðinum við téða bankarannsókn, sem alls hefir numið kr. 8947,73, hafa þessar 5000 kr. verið greiddar úr landssjóði. Stjórnin segir í svörum sínum, að hún hafi gert þetta í samráði við bankastjórnina, og hafi það verið tilætlunin, að landssjóður bæri þennan kostnað þangað til búið væri að fá álit alþingis, hvar hann skuli niður koma, en yfirskoðendur álíta réttara, að bankinn greiði þennan kostnað og hefir nefndin aðhylst þeirra skoðun, og hefir þess vegna komið með breyt.till. í þá átt, að gjaldl. 11 í reikningslagafrumvarpinu verði færður niður um téða upphæð.

Ennfremur leggur nefndin til, að gjaldliður 6 A í reikningslögunum verði færður niður um 600 kr., sem er oftalinn námsstyrkur við prestaskólann 1909.

Sömuleiðis ber þess að geta, að óviss útgjöld 1908 eru í reikningslagafrumvarpinu vantalin um kr. 7521,98 og hefir nefndin komið með breytingartillögu til að lagfæra þetta.

Stefán Stefánsson: Eg vil aðeins leyfa mér að minnast á það, sem okkur nefndarmenn hefir greint á um, nefnilega viðskiftaráðunautinn. Hann hefir vissulega fengið meira fé en honum var ætlað. Hann er skipaður frá 1. ágúst og bar því ekki að fá laun nema 5 mánuði af árinu 1909 — eða 4166,67 í stað þess að hann hefir fengið 5000 kr. eða fult kaup fyrir 6 mánuði, og þar að auki verið veittur 600 kr. ferðastyrkur til Ítalíu, sem enginn sýnilegur árangur sést af. Þessar fjárveitingar virðast mér því lýsa nokkurri ógætni í fjárreiðum frá stjórnarinnar hendi.

En aðallega vildi eg minnast á fjárveitingu til manns í Hamborg, sem stjórnin kveðst hafa fengið þar til að aðstoða sig við samningaumleitanir við þýzk gufuskipafélög um ferðir hingað til landsins. — Því gat stjórnin ekki notað viðskiftaráðunautinn til þessa starfa, sem sýnilega var hans hlutverk, ef nokkur

alvara hefir verið um útvegun á slíku tilboði. Að hinu leytinu er mikil freisting til að ætla, að þessar samningaumleitanir hafi verið algerlega tildur eitt, því eftir því kappi, sem stjórnin lagði á það á síðasta þingi að kaupa skip af einu ákveðnu gufuskipafélagi, þá hafði maður fulla ástæðu til að álíta, að það félag, Thorefélagið, mundi hljóta þessar ferðir hvað sem öðrum tilboðum leið. Það er því eigi alllítil ástæða til að halda, að ekki hafi verið mikil alvara í þessum samningaumleitunum í Hamborg, og viðvíkjandi því, sem meðnefndarmenn mínir, háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) og og háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.), segja í nefndarálitinu, að fé til viðskiftaráðunauta hafi verið veitt skilyrðislaust, þá er þetta dálítið villandi, því alls enginn vafi er á því, að þingið ætlaðist til að því væri varið einvörðungu til ráðunautsstarfa en ekki til hins eða þessa. Annars skal eg fyrir mitt leyti láta í ljósi óánægju mína og mér er óhætt að segja mjög margra yfir því, hvernig stjórnin hefir bruðlað með ráðunautafé, því upphaflega var ætlast til, og á því hygg eg sé enginn vafi, að þeir væru tveir, og fjárveitingin gengi til þeirra sem næst til jafnra skifta, en nú er það svo, að þessi eini maður fær að mestu leyti alt það fé, sem þeim tveimur eða fleiri var ætlað. Þetta sem eg nú hefi drepið á, þótti mér ekki rétt að ganga með öllu þegjandi fram hjá, eða láta með öllu óátalið.

Björn Jónsson: H. 2. þm. Eyf. (St. St.) rangfærði satt mál um það, að Bjarni Jónsson hefði getað hjálpað stjórninni við samningaumleitanir við gufuskipafélög í Hamborg, því það gerðist í júlímánuði, en Bjarni Jónsson var ekki skipaður viðskiftaráðunautur fyr en frá 1. ágúst, enda var ekki hægt að skipa hann, með því að fjárlögin voru ekki staðfest fyr en í júlímán. Hins vegar var ekki hægt að fá hæfan mann til þessa starfs fyrir minna en þetta, sem goldið var. Hitt, að viðskiftaráðunautar hafi átt að vera tveir, er gersamlegur misskilningur, eftir þeim lyktum, sem urðu á fjárlögunum. Það er satt, að upprunalega var til þess ætlast, en síðan horfið frá því. Þá var fjárveitingin höfð 20 þús. kr. En það var felt í Ed., og þar með eins hitt, að hafa ráðunautana tvo. Um Ítalíuferðina getur ráðunauturinn sjálfur gefið greinilegri skýrslu en eg. Hins skal eg geta, að honum var eftir erindisbréfi hans ætlað fyrir fasta kaupið, 10 þús. kr., aðeins að hafast við og ferðast um Norðurlönd og Þýzkaland, en lengri ferðir átti hann að fá goldnar aukreitis.

Stefán Stefánsson: Fyrv. ráðherra hefir gert grein fyrir því, að ráðunauturinn hafi ekki verið skipaður, þegar margnefndar samningaumleitanir fóru fram, en því mátti þá ekki senda hann fyr af stað, hafi svo mikið legið á með útvegun á tilboði til gufuskipaferðanna, því þótt fjárlögin væru ekki staðfest fyr en í júlímánuði, þá var þó öllu óhætt með endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af þessu leiddi. Hitt, að 12 þús. kr. eigi að renna til eins ráðunauts skal eg ekki frekar þrátta um, eg hefi nú skilið það svo, að það hafi alls ekki verið meining þingsins, enda verður það naumast skilið á annan veg, þar sem í fjárlögunum stendur, að fjárveitingin sé »til ráðunauta« en ekki ráðunauts.

Bjarni Jónsson: Eg hefi setið hér um stund og undrast mælsku háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Út af ummælum hans skal eg geta þess, að svo var ætlast til á síðasta þingi hér í Nd., að viðskiftaráðunautarnir væru tveir — hefði hver um sig, bæði í laun og ferðakostnað 10 þús. kr. á ári — en í Ed. var þessi fjárveiting sett niður í 12000 kr. og þá um leið ætlast til, að ráðunauturinn væri

einn — þetta er rétt, sem eg hefi nú sagt — og undrar mig satt að segja, að háttv. þm. skyldi leyfa sér að koma með slíka fjarstæðu og hann flutti hér á þingbekkjunum.

Þá vildi hann vega að fyrverandi stjórn fyrir það, að hún hefði ekki notað mig við samningaumleitanir í Hamborg. En hvers vegna gerði stjórnin það ekki? Vegna þess að hún var þá ekki búin að skipa mig sem viðskiftaráðunaut, og það var þm. fullkunnugt um. Þá rak háttv. sami þm. augun í 600 kr. ferðastyrk til mín, til Ítalíuferðar. En svo er mál með vexti, að samkvæmt erindisbréfi mínu voru mér fengin 5 þjóðlönd til yfirsóknar — Norðurlönd og Þýzkaland og England og átti eg að hafa til þessa 10 þúsund krónur í kaup og ferðakostnað. Ýmsra orsaka vegna varð eg að fara tvisvar til Noregs og Svíþjóðar, og það varð mér svo dýrt, að eg gat ekki kostað ferð mína til Ítalíu. Um árangurinn af þessari ferð skal eg ekki segja margt. Svo er um ýmsa hluti, að beinn árangur sést kannske aldrei, og hins ber að gæta, að eg var ekki og er ekki verzlunarráðunautur. Annars vil eg leyfa mér að benda á, að eg hefi sent stjórnarráðinu skýrslu um þessa ferð, og ætti hinn háttv. þm. að kynna sér þá skýrslu, áður en hann dæmir um, hvort ferðin hefir verið með öllu til ónýtis, en eg veit með vissu, að hann hefir ekki gert það enn þá. Ástæðan til þess að eg fór ferðina var sú, að nokkur líkindi þóttu til, að hægt væri að auka verzlun milli Íslands og Ítalíu og getur hinn háttv. þm. séð af skýrslu minni, að þetta hefir við rök að styðjast. Eg er þakklátur stjórninni fyrir að hún veitti mér þessar 600 kr. til ferðakostnaðar; en eg græddi ekki á þeirri fjárveitingu, það mundi hinn háttv. þm. sjálfur sannfærast um, ef hann ferðaðist um sömu slóðir. Það er að vísu satt, að ekki verða allar ferðir til fjár og árangurinn af þessari ferð sést ekki enn þá, en eg hef þá von, að nokkuð gagn verði að henni fyr eða síður. Það eitt þykist eg geta fullyrt, að ef duglegir fésýslumenn vildu reyna að nota möguleika þá, sem eg hef bent á í skýrslu minni, þá væri mikil von um árangur. Það eru fleiri, sem geta séð verzlunarmöguleika en kaupmenn og háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Pétur Jónsson: Mér heyrðist á ræðu hins háttv. þm. Dal. (B. J.), að honum kæmi á óvart athugasemd hins háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) við reikningslagafrv. En það er engin ástæða til að undrast slíkt; það er hlutverk nefndarinnar, að gera athugasemdir við það, sem henni finnst athugavert. Mér skildist á háttv. þm. Barð. (B. J.), og hið sama heyrðist mér koma fram í ræðu hins háttv. þm. Dal. (B. J.), að þegar efri deild á síðasta þingi færði niður fjárveitingu þá, sem hér er um að ræða þá hafi hún ætlast til, að ekki væri nema einn viðskiftaráðunautur. Mér þætti gott, ef þeir háttv. þm. vildu benda mér á þann stað í þingtíðindunum, þar sem þetta er tekið fram, eða skýra bending er að finna í þessa átt. Eg hefi því miður ekki getað fundið slíkt og eg hygg, að þetta sé ekki rétt og það er að minsta kosti fullkomlega rangt, að það hafi verið á almennings vitorði, að efri deild hafi haft þetta fyrir augum, er hún færði fjárveitinguna niður. En hafi þetta verið tilgangur deildarinnar, þá hlýtur það að hafa komið fram annaðhvort við umræðurnar um málið eða í nefndaráliti. En eg get ekki fundið það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg

vil víkja máli mínu að fjárveitingunni til Hamborgarmannsins. Eg er sammála háttv. þm. Barð. (B. J.) um, að allt er undir því komið, hvort fjárveitingin hefir verið réttmæt eða ekki; hitt er aðeins formsök, hver hlaut hana, — enda var viðskiftaráðunautarinn ekki skipaður þá.

En það er eitt atriði þessa máls, sem eg vil fara nokkrum orðum um. Eg hef ekki getað skilið »Ísafold« og háttv. þm. Barð. (B. J.) öðruvísi, en að þetta tilboð hafi verið útvegað, ekki til þess að fá tilboð, sem að yrði gengið, heldur til þess að fá tylliboð, sem hægt væri að veifa framan í þá, sem háttv. fyrv. ráðherra (B. J.) þá var að semja við; að öðrum kosti hefir þetta Hamborgarfirma verið ginnt til þess að gera boð og það látið standa í góðri trú, þótt stjórnin hafi aldrei í alvöru ætlað sér að gera samninga við það. Hvort sem nú heldur er, þá er það mín skoðun, að það sé ekki neinni stjórn sæmilegt að beita slíkri aðferð. Eg hef fundið ástæðu til að taka þetta fram, þó að fjárhæðin, sem um er að ræða, vaxi mér alls ekki í augum.

Björn Jónsson: Eg hélt, að eg hefði skýrt þetta mál nægilega. Á því getur ekki leikið efi, að fé þetta hefir verið notað samkvæmt því sem alþingi ætlaðist til. Hvort aðferð sú, sem höfð hefir verið, er vel viðeigandi eða ekki, það skal eg ekkert fullyrða um, en þetta var eini vegurinn til þess að koma málinu áleiðis. Þó vil eg taka það fram, að tilboðið var ekkert hylliboð, þó að íslenzka stjórnin væri ekki allsendis ánægð með það, og það kom að góðu liði til þess að ná samningum við dönsku stjórnina um gufuskipaferðirnar.

Framsögum. (Ólafur Briem): Ágreiningurinn milli meiri og minni hluta nefndarinnar um þetta atriði er ekki mikill. Í nefndarálitinu er nákvæm sundurliðun á launum og ferðakostnaði viðskiftaráðunautarins og því fé, sem borgað hefir verið til umboðsmanns stjórnarinnar við samninga í sérstöku máli, gufuskipamálinu, er greitt var áður en hinn eiginlegi viðskiftaráðunautur var skipaður. Um hina síðast nefndu upphæð var enginn ágreiningur í nefndinni, enda hafa nú verið færðar ástæður fyrir, að hún hafi verið nauðsynlag. Hins vegar kom nefndinni saman um, að upphæðin ætti ekki fyllilega heima í þeim gjaldlið, sem hún hefir verið færð inn í, en þó hirti nefndin ekki um að færa hana til.

Ferðakostnaðurinn til Ítalíuferðarinnar er vafasamara atriði; hér veltur alt á því, hvort fjárveitingin til viðskiftaráðunautarins er skoðuð sem fastákveðin, þannig að hún bindi í sér bæði laun og allan kostnað, svo að honum sé skylt að bera allan ferðakostnað. Nefndinni kom saman um, að eigi bæri að greiða viðskiftaráðunautnum sérstakan ferðakostnað fyrir ferðir hans í þeim löndum, sem honum var sérstaklega ætlað að dvelja í, sem sé Norðurlöndum, Þýzkalandi og Bretlandi, en meiri hluti nefndarinnar áleit sanngjarnt, að hann fengi kostnaðinn til Ítalíuferðarinnar sérstaklega borgaðan, með því að það er löng ferð og kostnaðarsöm og liggur fyrir utan hið fyrirskipaða starfsvæði. Annars er ekki nema gott, að umræður hafa orðið um þetta atriði, svo að ítarlegri upplýsingar hafa fengist um það. Mér hefir skilist svo, að það sé ekki beint tilætlun minni hlutans að halda málinu til streitu, enda er það ekki hægt að svo komnu, þar sem engin brtill. liggur fyrir. En auðvitað væri hægt að koma fram með breyt.till. við 3. umr.

ATKV.GR.: Br.till. 685 við I. (33. og 34. lið tekjukaflans) skoðaðar samþyktar án atkvæðagreiðslu.

Tekjukaflinn samþyktur með 16 samhljóða atkv.

Brtill. 637, II. 6. a. sþ. með 18 samhlj. atkv.

Brt. (637) við 11. lið sþ. með 17 atkv.
— (685) við 13. lið sþ. án atkv.gr.
— (637) við 14. lið sþ. með 20 atkv.
— á þgskj. 637 (Peningaforðinn) sþ. með 18 atkv.

Gjaldakaflinn þannig breyttur sþ. með 18 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 16 samhljóða atkvæðum.

Þriðja umr., 26. apríl (A. 729).

Framsögum. (Ólafur Briem): Eg skal að eins taka það fram, að engar breytingartillögur hafa verið gerðar við frumv. og vil eg því leyfa mér að leggja það til, að það sé samþykt eins og það er.

ATKV.GR. Frv. sþ. með 15 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 8. maí (A. 937).

Framsögum. (Ólafur Briem): Reikningslaganefndin hefir athugað frv. þetta. Á því hefir að eins verið gerð sú breyting, að breyting, sem hér í neðri deild var gerð á útgjaldalið 6 A., er færð yfir á gjaldlið 6 B. og er þetta að eins nauðsynleg leiðrétting. Nefndin fann ekkert annað athugavert, og býst við að frumvarpið verði samþykt.

ATKV.GR. Frv. sþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

Tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1908 og 1909.

Fyrri umr., 21. apríl (A. 638)

Framsögum. (Ólafur Briem): Tillögur nefndarinnar eru 10 talsins — og miða einkum í þá átt að gera landsreikningana gleggri og aðgengilegri, ekki að eins fyrir yfirskoðendur þeirra, heldur einnig fyrir alla þá, sem hafa hug á að kynna sér fjárhag landsins.

1. till. lýtur að því, að skorað sé á stjórnina að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl. Vitaskuld er þetta sjálfsagt og nauðsynlegt, enda oft vakið máls á því af yfirskoðunarmönnum, en jafnaðarlega hefir þingið látið sér nægja að yfirskoðunarmennirnir áminni stjórnina í það og það skifti í athugasemdum sínum, en oss sýndist nú að rétt væri að slík áskorun kæmi fram í eitt skifti fyrir öll í þingsályktunarformi, án þess þó að þar með sé sveigt að því, að um neina vanrækslu af stjórnarinnar hálfu sé að tefla.

2. till. Það er skorað á landsstjórnina að ganga rikt eftir að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðaafgjöld í tæka tíð og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki. Stjórnin hefir sem kunnugt er vikið frá 2 umboðsmönnum og þó það sé vafalaust án nokkurs fjártjóns fyrir landssjóð, þá þótti þó ástæða til að koma fram með þessa tillögu. Viðvíkjandi innheimtu þessari er það að segja, að í flestum umboðum er umboðsmönnum gert að skyldu að taka upp á sig þær skuldir, sem útistandandi eru við reikningslok; að eins í einu umboði er þessari reglu ekki fylgt, sem sé í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. Láti nú umboðsmaður fyrirfarast að gera lögtak, eða láti lögtaksrétt fyrnast, þá getur svo farið, að landssjóður tapi.

3. till. um að reikningshaldarar opinberra stofnana semji reikninga þeirra sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna er framkomin í tilefni af reikningum frá lagaskólanum og gagnfræðaskólanum á Akureyri. Hinn síðarnefndi reikningur er samkvæmt svari ráðherra upp á athugasemd yfirskoðunarmanna ekki eins greinilegur og ætti að vera, en framvegis má búast við að bætt verði úr því.

4. till. fer fram á að taka allar umframgreiðslur í landsreikningunum sem nokkru nema, hvort heldur um er að ræða fastákveðnar fjárveitingar eða áætlaðar upphæðir lögmætra útgjalda, upp í frumvarp til fjáraukalaga. Um ýmsar af slíkum greiðslum er jafnaðarlega ágreiningur milli stjórnarinnar annars vegar og yfirskoðunarmanna landsreikninganna hins vegar, hvort fyrir þeim þurfi að leita aukafjárveitingar. Nú til þess að spara ágreining leggjum við til, að allar þessar umframgreiðslur séu teknar upp á fjáraukalög.

5. till. um að þess sé getið í athugasemdum við landsreikninginn, ef tollur er endurgreiddur, hvort heldur af því að hann er feldur niður eða innheimtur í öðru lögsagnarumdæmi, er aðallega til glöggvunar fyrir yfirskoðunarmennina, svo að þeir sjái fljótlega, hvort innheimtulaun séu rétt reiknuð.

6. till. er um það, að hinni árlegu skrá yfir eftirlaun prestsekkna, sem greidd eru úr landssjóði, fylgi fullnægjandi skýringar um viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan. Um þessa tillögu má segja hið sama og þá fyrri, að hún er einkum til glöggvunar fyrir yfirskoðunarmennina.

7. till. er um að taka til íhugunar, hvort ekki séu tök á því að flýta fyrir framkvæmd gildandi laga um innlenda brunabótaábyrgð með breytingu á lögunum eða öðrum ráðstöfunum af hálfu löggjafarvaldsins. Eins og kunnugt er, hafa lög 22. nóv. 1907 um stofnun innlends brunabótafélags aldrei komist í framkvæmd, því ekkert útlent vátryggingarfélag hefir fengist til að taka að sér endurtrygging samkvæmt 6. gr. laganna. Þykir því ástæða til að ýta undir stjórnina, þrátt fyrir það, þó hún segist hafa vakandi auga á málinu.

8. till. er áskorun til stjórnarinnar um að taka til endurskoðunar fyrirkomulagið á reikningsskilum landssjóðs, og breyta því í þá átt, að landsreikningarnir hafi að geyma sem fyllst og glöggast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðsins, ekki að eins um tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins. Það kann nú að vísu að vera svo, að ekki sé auðhlaupið að því að taka upp í landsreikninginn skýrslu um allar eignir landsins, með því að margt af því yrði að vera komið undir mati, en hinsvegar væri það til mikillar glöggvunar um fjárhaginn, að hafa ábyggilega skýrslu í landsreikningnum um þetta.

9. till. er um það, að landsreikningurinn verði eftirleiðis árlega afgreiddur til yfirskoðunarmanna í tæka tíð, svo að nægur tími vinnist til allrar yfirskoðunarinnar, áður en alþingi kemur saman. Það hefir orðið nokkur misbrestur á þessu. Þannig var landsreikningurinn fyrir árið 1909 ekki lagður fram með athugasemdum og svörum fyr en liðið var á þingtímann, enda er reikningurinn ekki dagsettur fyr en 15. des. 1910, en athugasemdir yfirskoðunarmanna 21. jan. 1911, svör ráðherra 1. marz og tillögur yfirskoðunarmanna 14. marz eða réttum mánuði eftir að þingið var komið saman. Það er bæði óþægilegt fyrir yfirskoðendur að hafa mjög nauman tíma til að athuga reikninginn, og þá er heldur ekki hægt að taka upp í fjáraukalögin allar þær upphæðir, sem yfirskoðunarmenn leggja til að

aukafjárveitingar sé leitað fyrir, og að það hefir nú ekki verið gert, stendur í sambandi við það, hversu landsreikningurinn fyrir árið 1909 hefir verið seint saminn og yfirskoðaður, sem sé ekki fyr en búið var að afgreiða fjáraukalagafrumvarpið.

10. till. lýtur að því, að auk hinna sérstöku reikninga, Byggingarsjóðsins, Fiskiveiðasjóðsins og Ræktunarsjóðsins, verði hinn árlegi reikningur Kirkjujarðasjóðsins ásamt fylgiskjölum afhentur yfirskoðunarmönnum til athugunar, eftir að hann hefir verið yfirfarinn af hinni umboðslegu endurskoðun. Viðvíkjandi reglugerð Fiskiveiðasjóðsins frá 31. júlí 1906 vill nefndin vekja athygli á því, hvort ekki muni vera athugavert að veita lán út á skip, nema líka sé önnur frekari trygging, t. d. fasteignarveð eða sjálfskuldarábyrgð áreiðanlegra manna. Ennfremur er þess að geta, að lánin eru veitt til 8 ára en afborgunarlaus 1—3 fyrstu árin, en það virðist hæpið, að rétt sé að hafa þau svo lengi afborgunarlaus, með því að í flestum tilfellum, ef útvegurinn ber sig vel, þá gefur hann fljótan gróða og miklar tekjur. Ennfremur sýnist ekki vera fullgild ástæða til að hafa vextina miklum mun lægri en af flestum öðrum lánum, sem sé 3%. Þvert á móti ætti það að vera regla, að taka hærri vexti af þeim lánum, sem minni trygging er heimtuð fyrir, en hins vegar gefa góðan arð.

Viðvíkjandi öðrum athugasemdum nefndarinnar, þá leyfi eg mér sumpart að geyma umsögn um þær til seinni umræðunnar, og sumpart til umræðunnar um fjáraukalögin.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg vil að eins leiða athygli háttv. deildar að 4. lið tillögunnar, sem leggur það til, að allar umframgreiðslur á fé, sem veitt er á fjárlögum, skuli teknar upp á aukafjárlög, ef þær nema nokkru verulegu. Eg get ekki séð annað, en að þetta ákvæði sé óþarft og miði að því einu, að leggja óþarfa ómak á þing og stjórn, þar sem um lögákveðin en áætluð útgjöld er að ræða. Það getur ekki verið um annað að ræða, þar sem gjöld þessi eru lögákveðin, en að alþingi hafi ætlast til þess, að þau yrðu svo af hendi greidd, að þau kæmu að notum, og stjórninni hlýtur því að vera heimilt að greiða þau, og þá með þeirri upphæð, sem þörf er á. Þegar lög fyrirskipa einhverja greiðslu, og upphæðin til greiðslunnar er sett eftir ágizkun, eða er áætluð, þá hlýtur stjórninni að vera bæði heimilt og skylt, að inna greiðsluna af hendi, án þess að leita samþykkis þingsins til hennar á eftir í aukafjárlögum. Eg sé því ekki, eins og eg þegar hefi tekið fram, að hér sé um annað að ræða en að leggja óþarfa ómak á þing og stjórn, sem vel má komast hjá. Eg vil leyfa mér að skjóta því til háttv. tillögumanna, hvort þeir gætu ekki fallist á, að 4. liður félli niður. En annars skal eg geta þess, að umframgreiðslur á öðrum liðum en þeim, sem áætlaðir eru í fjárlögunum, munu allajafna hafa verið teknar á aukafjárlög, og hygg eg að þeirri reglu muni verða fylgt framvegis.

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin getur ekki orðið við þeim tilmælum hæstv. ráðherra, að taka aftur 4. lið um að í frumv. til fjáraukalaga séu teknar allar umframgreiðslur í landsreikningnum, er nokkru nema. Hann er framkominn vegna þess, að nefndin leit svo á, að þetta ákvæði væri til hægðarauka fyrir bæði þing og stjórn. Hún hefir oft rekið sig á óþægindi og ágreining, vegna þess að slíkt ákvæði hefir vantað, en ef þessi regla, sem hér er farið fram á, yrði tekin upp, þá hyrfi allur ágreiningur milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna um það, hvort auka-

fjárveiting sé nauðsynleg í hverju einstöku tilfelli. Þar sem hæstv. ráðherra (Kr. J.) tók það fram, að þegar útgjöldin færu fram yfir þá lögákveðnu fjárupphæð, væri það föst regla, að taka upphæðina inn í fjáraukalögin, þá er það rétt, að svo er oft, en þó er reglan ekki ófrávíkjanleg. T. d. vil eg taka 2. b. lið í skrá yfir umframgreiðslur, sem yfirskoðunarmenn halda fram að aukafjárveitingu þurfi fyrir, en ekki hafa verið teknar upp í fjáraukalagafrumvarpið (sbr. þgskj. 639). Þar er Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni borgað í ferðakostnað til Norðurlands árið 1908 105 kr. fram yfir þá upphæð, sem veitt var í fjárlögum (500 kr.), og ekki leitað aukafjárveitingar fyrir því. Stjórnin hefir auðvitað álitið, að meining þingsins hafi verið að borga ferðakostnaðinn allan, að því leyti sem hann væri ekki ósanngjarnlega reiknaður, en það getur líka hafa verið meiningin að borga að eins 500 kr., hvorki meira né minna. Ef þessi upphæð væri tekin upp á fjáraukalögin, þá hyrfi allur ágreiningur um það atriði út af fyrir sig, hvort aukafjárveiting sé nauðsynleg. Nefndin gat ekki séð, að hún gengi neitt á rétt stjórnarinnar með þessari tillögu, heldur gerði hún henni jafnvel léttara fyrir — hún þyrfti þá ekki í hverju smámáli að vega, hvort aukafjárveitingar skyldi leita eða ekki, sem oft getur verið erfitt að dæma um. Nefndin álítur því, eins og eg tók fram, að ákvæði þetta sé til hægðarauka fyrir alla hlutaðeigendur, og vill leggja til, að það verði samþykt.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Mér þætti vænt um, ef eg fengi að heyra álit hæstv. ráðherra viðvíkjandi áskoruninni í 8. lið. Eg óska þess af því að mér er talsvert ant um þetta atriði, og er nefndinni þakklátur fyrir, að hún hefir komið fram með tillöguna. Eg álít það ilt, og er viss um, að það getur oft haft slæmar afleiðingar, að reikningar landsins eru ekki hafðir í sama formi og reikningar stórra atvinnurekanda, t. d. verzlunarfélaga, þannig að sérstakur reikningur væri um allar eignir landsjóðs í líku formi. Eg er sannfærður um það, að ýmislegt af vitleysunum og rangfærslunum um eyðslusemi og þess konar, sem oft hefir sést í blöðum og jafnvel hefir verið minst á hér á þinginu, hefðu aldrei komið fyrir, ef landsreikningarnir væru hafðir í venjulegu formi stórra félaga. Eg geri ráð fyrir, að þessar vitleysur sé frám komnar af því, að menn hafa ekki getað skilið reikningana, því að öðrum kosti væri um vísvitandi blekkingar að ræða, sem ekki eru heiðarlegum mönnum ætlandi. Eg vildi mæla með að tillaga þessi yrði samþykt, og þætti vænt um, ef hæstv. ráðherra (Kr. J.) vildi láta í ljósi sína skoðun á þessu atriði.

Ráðherrann (Kr. J.): Viðvíkjandi orðum háttv. framsögumanns (Ó. Br.) um 4. lið tillögunnar, skal eg taka það fram, að stjórnarráðið lítur svo á, þegar um lögfyrirskipuð gjöld er að ræða, að þá verði að greiða þessi útgjöld úr landssjóði með þeirri upphæð, sem heimtuð er eftir úrskurðuðum reikningum, og stjórnarráðið getur eigi annað en búist við því, að þetta hljóti að vera vilji alþingis. Þess vegna álít eg það algerlega óþarft, að taka slíkar umframgreiðslur inn í aukafjárlög. Þær ættu og aldrei að geta orðið sérlega verulegar. Hér verður að eins að ræða um mismuninn á milli áætlunar þingsins og hins virkilega kostnaðar. Dæmið, sem háttv. framsögumaður (Ó. Br.) kom með um ferðakostnað fiskimatsmannsins sýnir þetta ljóslega. Kostnaðurinn hefir reynst nú um 100 kr. meiri en þingið hefir áætlað hann, og það er ekki unt að líta svo á, að þingið hafi ekki ætlast

til þess, að allur kostnaðurinn við ferðina væri borgaður af landsfé, vitanlega eftir réttum og sanngjörnum reikningi.

Fyrirspurn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) get eg ekki svarað öðruvísi en svo, að mér virðist það sjálfsagt, að stjórnarráðið taki form landsreikninganna til íhugunar. Eg verð fyrir mitt leyti að álíta, að formið á þeim er ekki eins glöggt og æskilegt væri. Eg hefi í 6 ár verið endurskoðunarmaður landsreikninganna og get borið um það, að erfitt getur stundum verið að sjá af þeim hinn sanna hag landsjóðsins. Eg býst þess vegna við, að landsstjórnin muni fúslega gera það, sem tillagan fer fram á í þessu efni, ef hún verður samþykt.

ATKV.GR.:

1. liður sþ. með 18 atkv. shlj.
2. liður sþ. með 20 atkv.
3. liður sþ. með 18 atkv.
4. liður sþ. með 14 : 2 atkv.
5. liður sþ. með 19 atkv.
6. liður sþ. með 17 atkv.
7. liður sþ. með 19 atkv.
8. liður sþ. með 20 atkv.
9. liður sþ. með 20 atkv.
10. liður sþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til síðari umr. með 21 atkv.

Síðari umr., 24 apríl. (A. 638).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir ekki komið fram með neinar nýjar breytingar- eða viðaukatillögur í máli þessu og vonast hún því til, að tillögurnar verði samþyktar óbreyttar.

ATKV.GR.:

Málið samþykt með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Vantraustsyfirlýsingar og ráðherraskifti.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um að neðri deild alþingis lýsi yfir vantrausti sínu á núverandi ráðherra Íslands (B. J.). Einumr., 24. febr. (A. 37, 49).

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Það er nú alkunnugt orðið, að margir af flokksmönnum sjálfstæðisflokksins innan þings og utan geta ekki lengur borið traust til núverandi ráðherra í þeirri stöðu. Höfum vér, allmargir alþingismenn meiri hlutans, látið það ótvírætt í ljós við ráðherra, fært ástæður fyrir skoðun vorri, og óskað að hann segði af sér völdum, en hann ekki fengist til þess, þegar á átti að herða, og ekki látið þess neinn kost að víkja nema fyrir vantraustsyfirlýsing, er kæmi fram í þinginu. — Hefðum vér þó miklu fremur kosið, að ráðherra hefði vikið, án þess að til slíks kæmi, sem honum hefði og verið útlátalaust, þegar er hann vissi, að hann hafði að minsta kosti mist traust *svo margra* sinna flokksmanna í þinginu, að hann var kominn þar í minni hluta, *nema því að eins*, að hann gerði sér von um að geta stuðst við hinn flokkinn, »frumvarpsflokkinn», eða einhverja af þeim flokki, nægilega marga til þess að tryggja sér nýjan meirihluta í þinginu.

En ráðherra hefir nú synjað þess þverlega, að lúta öðru en beinni vantraustsyfirlýsing, og því er það, að vér sjálfstæðismenn höfum orðið neyddir til að bera hana fram, hjá því varð ekki komist sakir undirtekta ráðherra, því að oss þykir það skyldara að *fylgja fram málstað vorum en einstökum manni*, þegar oss þykir hann ekki vinna í samræmi við stefnu vora — heldur þvert á

móti. — Vér getum hvorki fyrir sjálfum oss né öðrum réttlætt ýmsar athafnir hans og framkomu, og eigi heldur vænst þess, að honum takist það betur framvegis, að vinna í samræmi við flokkinn.

Vér erum ósamþykkir ráðherra fyrir framkomu hans bæði utan lands og innan: Fyrir *undanhald og ístöðuleysi gagnvart útlenda valdinu* og fyrir *lélega stjórn og athafnaleysi innanlands.*

Framkoma ráðherra gagnvart danska valdinu hefir verið í ósamræmi við vilja og stefnu sjálfstæðisflokksins og honum ósamboðin bæði í *orði* og *verki*, og skal eg nú nefna þess nokkur dæmi:

Viðskifti hæstv. ráðherra vors byrja með forsetaförinni. Ekki er því að leyna, að mikla skapraun höfðu margir Íslendingar af þeim fagurmælum, sem ráðherra mælti þá í eyru danskra blaðamanna. Var að vísu margt logið, ýkt og fært til hins verra vegar, bæði af Dönum og þeirra vinum — en sumt var þó satt, og var það algerlega óþarft og ósamboðið ráðherra Íslands að leita vinfengis danskra blaðamanna með skjalli og lítilsvirðandi samanburði á Danmörku og Íslandi. Kom slíkt og mjög illa við orðræður þær, sem blað ráðherra hafði oft á síðustu árum haft um þetta efni. — Það var síður en svo, að þessi framm istaða aflaði landinu virðingar utanlands. En eg skal ekki fara fleiri orðum um það, heldur minnast á afskifti ráðherra af *sambandsmálinu.*

Það var sagt í fyrra dag í blaði stjórnarinnar, að ráðherra hafi átt »manna langmestan þátt í því, að innlimunin tókst ekki 1908«. — Það er rétt, að núverandi ráðherra gekk þá fast fram, enda stóð hann manna bezt að vígi sakir stöðu sinnar. — En hitt er þó fjarstæða, að eigna honum nálega einum það verk, eins og stundum hefir heyrst, því að það er satt að segja, að þar unnu að á eigin hönd hundruð manna og jafn vel þúsundir út um alt Ísland og hefðu gert það, eins fyrir því, þótt núverandi ráðherra hefði tekið aðra stefnu í málinu. Þetta er ekki sagt til að rýra starf núverandi ráðherra þá, en hinu má heldur ekki gleyma, að íslenzka þjóðin er svo vel sett, sem betur fer, að hún á miklum fjölda góðra drengja á að skipa, þegar réttindum hennar er í tvísýni teflt, og vænti eg fastlega, að ekki bregðist það heldur í framtíðinni, þegar á reynir.

Á þinginu var það einhuga samþykki sjálfstæðismanna að setja fram kröfur Íslendinga í lagaformi til þess að Danir og aðrir fengi að vita þær sem glöggast. Þetta var tilætlun allra flokksmanna vorra í landinu og að þessu hafði verið unnið allan þingtímann. — Það kom því mörgum á óvart, þegar ráðherra fór að ympra á því, þegar komið var fram undir þinglok (28. apríl. Alþt. '09 B. II. 767), að hlíta mætti við það, að *þingið léti vilja sinn í ljós í þessu máli með rökstuddri dagskrá! — eða jafnvel léti málið ódútrætt.* Sbr. Alþt. B. II. 769). Auðvitað fékk þetta ekki áheyrn flokksmanna, heldur var mótmælt og datt svo niður. — En þessu hreyfði ráðherra eftir bendingu frá *Neergaard* forsætisráðherra Dana, því að Danir vildu fyrir hvern mun halda því í þagnargildi, að Íslendingar væri ekki ánægðir með tilboð þeirra — »uppkastið«, sem þeir höfðu skrumað af út um öll lönd og hælt sér fyrir dæmalausa mannúð og réttlæti. Og einkum vildu þeir aftra því, að *beinar kröfur* kæmi fram í lagaformi, því að þá áttu þeir örðugra með að dylja það fyrir nágrannaþjóðunum, að frjálslyndi þeirra væri minna en þeir höfðu látið og alt kæmi skýrt fram, hvað í milli bæri. — Það og annað, að líklegt var, að Íslendingar mundu verða fastari fyrir, ef þeir hefði sett kröfur

sínar svo ákveðið fram — heldur en ef þeir fengist nú til að láta undan og láta sér nægja að koma að eins með einhverjar yfirlýsingar, sem lítt yrði eftir tekið og fljótt félli í gleymsku.

Það var að vísu ekki við að búast, að málið næði samþykki Dana, eins og áður var í pottinn búið, þar sem Danir vissu heilan flokk í landinu miklu lítilþægari, sem fylgt hafði »nefndar«frumvarpinu, en engu að síður var það hinn mesti ills viti, að ráðherra skyldi þegar hafa dignað svona í því að halda málinu fram með þeirri einurð og staðfestu, sem því var samboðin, og fara að draga úr framgangi þess á þinginu.

Danir hafa síðan reynt að þegja málið í hel, og til ráðherra hefir ekki heyrst um það utan það eitt, er hann sagði við danskan blaðamann í vetur, »að málið mundi nú látið bíða að sinni, og Íslendingar mundu sætta sig *við eina eða aðra tilslökun* í áttina til konungssambands!« — Þessi ummæli ráðherra eru alls ekki töluð í umboði flokksins og öðru nær, en flokkurinn geti sætt sig við, að ráðherra af hans flokki gefi Dönum þannig undir fótinn um lítilþægni vora — enda fékk ráðherra þakklæti fyrir þau í »Þjóðólfi« og þarf þá ekki frekari vitna við.

En þar sem Danir hafa í engu viljað sinna réttmætum jafnréttiskröfum íslenzku þjóðarinnar, þá er það linlega tekið á móti að gefa þeim þessar og þvílíkar yfirlýsingar. Þeir mega gjarnan hafa nokkurn ugg af því, að það geti haft sínar afleiðingar að þeir vilja varna oss réttinda.

Það varð hljóðbært í haust, að ráðherra hefði staðráðið að fresta þinghaldi fram á vor, og bréf hans, sem nýlega var birt í Ísafold, ber þess vitni, að svo hefir verið. Ástæður til þingfærslu munu hafa verið: 1) að komast hjá örðugleikleikum við vetrarþing, 2) að stilla svo til, að alþingi hefði hér setu á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar og 3) að fyrirbyggja það hneyksli, að konungkjörnu þingmennirnir sæti á fjórum reglulegum þingum án endurkosningar, — sem aldrei hefir átt sér stað, hvorki um þjóðkjörinn þingmann né konungkjörinn til þessa og aldrei verið tilætlan stjórnarskrárinnar. Taldi hin fyrri stjórn það höfuðástæðu til þingrofs síðast, að koma í veg fyrir setu þjóðkjörinna þingmanna á fjórum fjárlaga-þingum sama kjörtímabil. En út í *það* atriði ætla eg ekki að fara frekara, heldur legg eg áherzluna á hina *pólitísku* hlið málsins.

Þetta mál er eingöngu *íslenzkt sérmál*, sem Dönum kemur ekki hið minsta við og hafa engan rétt til að skifta sér neitt af — eins og viðurkent hefir verið í einhverjum blöðum þeirra nýlega. — Hvað skyldi líka vera *íslenzkt sérmál*, ef ekki það, hvenær alþingi Íslendinga er kallað saman? Það er algerlega á valdi hinnar íslenzku stjórnar. — En hvernig fer? — Ráðherra gefur í skyn, að hann hafi sótt málið fast, en *Danir* (og þeirra liðar héðan) hafi róið þar á móti öllum árum af fjandskap við sjálfstæðisflokkinn íslenzka, og *ráðherrann lætur hér undan erlenda valdinu í alíslenzku máli*, og er slík frammistaða með öllu óverjandi. Fyrir því eru engar afsakanir gildar. Ekki skal það efað, að nóg hafi verið reynt að stæla konungsvaldið *héðan* í þessu máli gegn ráðherra, og að ýmsir Danir hafi gengið sama erindið — engu að síður var það sjálfsögð skylda ráðh. að halda málinu til streitu, úr því að hann hóf það á annað borð. Konungur gat ekki skipað honum að skrifa undir ráðstöfun, sem ráðherra vildi ekki sjálfur. — Því er barið við, að ráðherra hefði þá orðið að fara

frá, — eins og það hefði ekki verið betra en að kúgast — en til þess hefði aldrei komið, þegar til alvöru kom. Enda hafa blöð Dana játað það síðan (eins og eg gat um), að þetta mál væri þeim alveg óviðkomandi og færi einungis milli ráðherra Íslands og konungs, sem vitanlegt var, hversu ant sem þeim er þó undir niðri að styrkja flokk sinn hér. Ráðherrann segir í einu bréfi sínu, að konungur geti ekki kúgað ráðherra til að gera annað en þeim líki. Alveg rétt. Hann þurfti því ekki að slaka til. Sjálfsagt að láta þá íslenzku þjóðina sjá svart á hvítu, hvar skórinn krepti. En það kemur ekki fram opinberlega. Ráðherra hefir leyst konungsvaldið af hólmi og tekið ábyrgðina á sig.

Eftir alt þetta lætur svo ráðherra danska ráðgjafa hafa sig til þess að taka upp í fjárlagafrumvarpið ákvæðið illræmda um það, að $^2/_3$ botnvörpusektanna skuli renna í sjóð Dana. — Þetta er gersamlega réttlaus krafa og beint ofan í lög, bæði dönsk og íslenzk, bæði »stöðulögin« dönsku, stjórnarskrána sjálfa, 2. gr., og botnvörpuveiðalögin. — — Framkoma Dana í málinu er líka eftir því. Stundum þykjast þeir hafa búið »Islandsfalk« til í því trausti, að þeir fengi þetta fé samkvæmt samningi, en þó var skipið bygt *áður en alþingi tók upp* botnvörpusektaákvæðið 1905. Þeir kallast hafa verið gabbaðir, en bygðu þó skipið — fyrir sjálfa sig — *ári áður* en þeir fóru *bónarveg* að Íslendingum að taka þátt í kostnaðinum. Þeir tala í öðru orðinu um samning, í hinu orðinu neita þeir að nokkur »*leyni*-samningur« hafi verið gerður. Hitt vita allir, að um engan *opinberan* samning er að ræða — og þá alls ekki um *neinn* samning!

Danir banna Íslendingum sjálfum að verja landhelgi Íslands, þykjast *einir* hafa *rétt* til landvarna hér (héldu því meðal annars fast fram í millilandanefndinni) en koma svo og heimta af Íslendingum borgun fyrir að halda fyrir þeim réttindum þeirra.

Það er ósæmilegt, að þeir fái þetta fé, meðan þeir alda slíku fram. Hitt væri samninga-mál, að Íslendingar borguðu þeim sanngjarnlega fyrirhöfn þeirra, ef þeir viðurkendu rétt Íslendinga til þess að hafa vörnina sjálfir á hendi. Ella tekur slíkt engu tali. Það er því stór furða, að ráðherra skuli taka þessa ósanngirni upp í fjárlagafrumvarp sitt. — Að vísu munu Danir hafa látið svo þegar ráðherra bar fjárlög síðasta þings fram til staðfestingar, að þeir mundu fella þau nema þetta væri lagfært á næstu fjárlögum — og því hefir ráðherra dregist á að gera það. — Síðan hefir þó Neergaard játað það í ríkisþingi Dana, »að um það geti ekki verið að tala fyrir konung, að synja fjárlögum Íslands staðfestingar fyrir þessa sök«. —

Nú segir ráðherra, í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins, að Dönum »*sé eigi ldandi, þótt þeir þykist hafa orðið fyrir vonbrigðum*« og að »*alþingi virðist ekki geta verið þekt að því, að láta neitt upp á sig standa í þannig vöxnum viðskiftum*«.

Fyrverandi ráðherra (H. H.) fór þeim mun höglegar í sakirnar, að hann kom þó ekki með ákvæðið í fjárlagafrumv. sjálfu upphaflega, heldur með breyt.till. og kallaði það ekki »beina kröfu« — heldur »*að eins kurteislega mdlaleitun*« (Alþt. B. 137). — Danski tónninn er háværari og ákveðnari í fjárlagafrumvarpinu núna!

Um afskifti ráðherra af viðskiftaráðunautnum get eg verið fáorður. Danir fóru með röklausar ásakanir á hendur Bjarna Jónssyni, og utanríkisráðherra Dana heimti erindisbréf hans af ráðherra. Ráðherra svaraði með mjög auðmjúku bréfi. Talaði um »leiðinlega — eða sorglega — gleymsku«, en þetta er mál, sem Dani varðaði alls ekkert. — Danir voru

ánægðir með skoðun ráðherra á starfi ráðunautsins, og þetta spilti fyrir honum erlendis.

Það hefir mælst mjög illa fyrir meðal þjóðarinnar, að ýmsir æztu embættismenn landsins létu það viðgangast, að þeir voru skráðir sem »*núlifandi danskir menn*« í »Bláu bók« Kraks, sem út var gefin í Danmörku árið sem leið, og er rit, sem fer víða um lönd. Meðal þessara »dönsku manna« er ráðherra vor talinn. Hann kom að vísu með nokkrar afsakanir fyrir því síðar, þegar þetta hneyksli var orðið að blaðamáli, en engin leiðréttíng hefir þó verið á því gerð. — Íslenzka þjóðin getur ekki unað því, að helztu embættismenn hennar láti það viðgangast, að þjóðerni voru sé afneitað á þennan hátt frammi fyrir alheimi. Er það hart, að virðingu þjóðernis vors skuli hafa stórhrakað svo síðan á 18. öld, því að *þá*, á verstu einveldistímunum, voru Íslendingar taldir sem sérstök þjóð við hlið Dana og Norðmanna í samskonar fræðibókum, er Danir gáfu út á þeim tímum. — Eg hefi ekki viljað ganga alveg þegjandi fram hjá þessu, og verð að leggja áherzlu á þá kröfu, að slíkri óhæfu verði afstýrt framvegis, hverjir sem hlut eiga að máli.

Þá verð eg að fara nokkrum orðum um athafnir ráðherra innanlands.

Rannsókn hans á landsbankanum var skilin svo af mörgum, sem stjórnin hefði þar með hafið nýja stefnu, eða ásett sér að taka upp ríkara aðhald og eftirlit með opinberum stofnunum og starfsmönnum þjóðfélagsins, en títt hefir verið að undanförnu. Slík stefna mælist vel fyrir hjá þorra almennings, enda er hann því óvanur, því að fyrri stjórnir hafa ekki látið mikið til sín taka í þeim efnum.

En þetta hefir alt farið í mola og mikið ósamræmi komið fram í athöfnum stjórnarinnar. Kemur það berlega fram í afskiftum hennar af Íslandsbanka. Eftirlit með honum hefir ekkert verið fram yfir hið lögboðna, sem er ámóta í báðum bönkunum. Hefði þó sízt verið vanþörf á því, að skygnast þar í saumana, eins og áþreifanlega kom fram, þegar upp komst hið gífurlega hneyksli í útibúi bankans á Akureyri árið sem leið, sem einsdæmi er í sögu landsins: Bankastjórinn hafði árum saman haft hina mestu óreglu og sviksemi í frammi í stjórn sinni, notað fé bankans svo tugum þúsunda skifti í eigin þarfir, í sukk sitt og brask, með leynd og heimildarleysi, sópað úr reikningslánum manna og sparisjóðsbókum, tekið við borgun fyrir víxla, en ekki greitt bankanum féð, hirt sjálfur peningabréf til bankans o. s. frv. — Meðan árleg skoðun fór fram í bankanum hafði hann fengið bráðabirgðarlán í landsbankaútibúinu, til þess að sletta yfir verstu gloppurnar. Loksins hverfur hann eitt kveld, meðan annar undirbankastjóri Íslandsbanka er að gera upp hag útibúsins, stingur á sig eitthvað 500 kr. úr peningabréfi til bankans og læst svo vera dauður! Hefst síðan við fullan mánaðartíma í miðjum Akureyrarbæ og siglir svo loks til Ameríku.

Hvað er svo gert af hálfu hins opinbera til þess að vernda rétt viðskiftamanna bankans með því að ná í sökudólginn? Undirbankastjórinn gerir enga gangskör að því, bæjarfógeti gerir ekkert, landstjórnin ekkert. Engin opinber rannsókn fer fram. Eina ráðstöfunin af hálfu stjórnarvaldanna var »dánarbús«-auglýsingin fræga í Lögbirtingablaðinu. Það var öll röggsemi fógetans, lengra komst hún ekki fyrri en löngu seinna, þegar sökudólgurinn var kominn í aðra heimsálfu. Eg skil ekki, að svo slælega hefði verið tekið á þvílíku hneyksli öllu saman í nokkru öðru siðuðu landi.

Ofan á þetta bætir svo ráðherra órökstuddu lofi á »*allri stjórn bankans*«, sem »sé og hafi jafnan verið í bezta lagi«. — Menn beri þetta saman við ummæli ráðherra um landsbankann og athugi hvílíkt samræmi í þeim er, þegar að er gætt, hvað fram hefir komið í hvorum staðnum, öðrum við rannsókn, hinum rannsóknarlaust.

Það er einkennilegt dæmi um réttarfarið í landinu á þessum tímum, að jafnframt því sem þetta margþætta stórhneyksli á sér stað við eina opinbera stofnun í landinu, þar sem óráðvandlega er farið með marga tugi þúsunda króna — eg veit ekki hve marga — þá er hafin sakamálsrannsókn á hendur umkomulitlum bóndamanni vestur í Tálknafirði út af *25* — segi og skrifa *tuttugu og fimm aurum(!)*, er grunur þótti á, að hann hefði haft af landssjóði í skiftum sínum við hið opinbera! — *Það mál* var rekið með ósleitilegri röggsemi af yfirvaldinu, stjórnarráðið bauð að halda þeim prófum áfram, málið var dæmt, bóndinn sakfeldur, lagt löghald á alt bú hans og hann dæmdur í hegningarhúsið. Þetta mál kom að vísu ekki til kasta ráðherra sjálfs, svo að hann á hér ekki beinan hlut að máli, en eg hefi ekki viljað láta það liggja í þagnargildi, af því að það sýnir svo greinilega samræmið í réttarástandi landsins.

Undirbúningur lagafrumvarpa er eitt af helztu ætlunarverkum stjórnarinnar. Fyrri stjórnin fékk oft ákúrur fyrir það, að hún hefði verið síðbúin með frumvörpin, þau kæmi ekki í hendur þingmanna fyr en rétt í þingbyrjun eða á þingi. Væri því loku fyrir skotið, að þau yrðu rædd á þingmálafundum og þau væri oft orðin að lögum áður en þjóðin vissi nokkuð af, svo að hún gæti ekki á nokkurn hátt látið sína skoðun á þeim í ljós. Þetta átaldi 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hér á alþingi 1905 og eins var það átalið í blöðum og á þingmálafundum vorið 1907.

Núverandi stjórn hefir enga bót á þessu ráðið, síður en svo. Alt var óundirbúið í haust, þegar ráðherra fór utan. Hann fór svo að vinna að frumvörpum suður í Danmörku, fjarri allri samvinnu við Íslendinga. Slíkt er öfugt og óviðeigandi. Frumvörpin eru samin þar flestöll *á dönsku* og ófáanleg fyr en í þingbyrjun, nema þá á dönsku eftir að ráðherra kom heim. Þetta horfir ekki til batnaðar. Hér á ofan hefir stjórnin vanrækt að undirbúa frumvörp, er síðasta alþingi fól henni, svo sem um aðskilnað ríkis og kirkju og stjórnarskrármálið, sem er mjög bagalegt og getur orðið að tjóni, ef nú verða misfellur á frágangi þess máls í þinginu sakir ónógs undirbúnings.

Ráðherra hefir dvalið *langvistum* erlendis, suður í Danmörk, og er ekki annað sjáanlegt, en það hefði verið ráðherra skyldara starf að undirbúa þessi lagafrumvörp og önnur — heldur en að leggja þá virðing á Skrælingjafélagið að sækja þar fund og hlýða á marklaust þref um Íslandsmál, því að þau eru gersamlega óvarðandi það félag. Þar er er ekkert *forum* fyrir þau né fyrir ráðherra Íslands til þess að ræða þau þar. — Það er og ráðherra Íslands óskylt starf að halda fyrirlestra við lýðskóla á Jótlandi, enda mun leika á tveim tungum, hverja vegsemd landið hafi af því haft.

Þetta undirbúningsleysi frumvarpanna og annað athafnaleysi stjórnarinnar stafar að minsta kosti að nokkru leyti af heilsulasleika ráðherra. Það er kunnugt, að hann hefir verið lasburða tímum saman, síðan hann komst í þessa stöðu, enda er hann orðinn þreyttur af miklu starfi og nokkuð hniginn að aldri. Vill það oft verða, þegar miklir starfsmenn takast á hendur annarlegt verk-

svið á gamals aldri, að þeir njóta krafta sinna miður en ella, og vafalaust er þetta undirrótin margs þess, er eg hefi talið ábótavant í fari ráðherra. Það er réttmæt afsökun, það sem hún nær, en ekki fullnægjandi, því að þjóðinni er það nauðsynlegt, að æzti valdsmaður hennar hafi nokkurn veginn óskerta krafta og sé í fullu fjöri.

Eg hefi þá farið yfir margt af því, sem mér mislíkar í framkomu ráðherra utanlands og innan. Vona eg, að af þessu megi vera ljóst, að eg hefi — frá mínu sjónarmiði — fulla ástæðu til að stuðla að því, að ráðherra (B. J.) leggi niður völd og að það eitt er skylda mín, ef eg vil vera tryggur mínum málstað og flokks þess, sem nú er í meiri hluta. Það er sjálfsögð skylda hvers manns að fylgja fremur málstaðnum en manninum, þar sem fylgi við hvoratveggju getur ekki farið saman.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg býst ekki við, að mér takist að segja það, sem eg ætla mér, svo vel, sem eg vildi. En eg tek til máls, til þess, einkum og aðallega, að skýra háttv. deild frá því, að flokkur sá, er eg til heyri, Heimastjórnarflokkurinn, mun gefa tillögu þeirri, sem hér er til umræðu, atkvæði, þótt hún sé fram borin af andstæðingum vorum.

Það er ekkert launungarmál, heldur vita það allir, að skoðun vor hefir verið sú frá upphafi þessa tveggja ára tímabils, sem núverandi ráðherra hefir setið að völdum, að hann væri ekki maður til að skipa þann sess viðunanlega. Vér álítum hann ekki fallinn til þessa starfa, og höfum ekki farið dult með, að vér teldum það fulla nauðsyn að hann væri leystur frá þeim starfa fyrir löngu. Vér hefðum sjálfsagt á þessu þingi gert skyldu vora og reynt að koma ráðherra frá völdum, talið oss skylt að gerast frumkvöðlar þess; en með því að andstæðingar vorir hafa orðið fyrri til, segjum vér það gott og blessað, og styðjum þá fúslega að svo þörfu verki. Vér höfum nú heyrt ástæður þær, er knúðu meiri hlutann til að koma fram með tillögu þessa, og get eg skrifað undir ýmsar þeirra, en sumar ekki; skal eg nú víkja að þessu seinna, um leið og eg vil reyna að færa rök fyrir því, hvers vegna vér Heimastjórnarmenn teljum það þjóðaróhapp að ráðherrann (B. J.) komst nokkurn tíma í það sæti. Mun eg sýna fram á, hversu hann á flestum svæðum valds síns, að eg ekki tali um, þegar hann hefir farið út yfir lögleg takmörk þess valds, hefir orðið til þess að vinna þjóð vorri ógagn og til að rýra álit vort og traust meðal annara.

Eg veit vel, að þetta eru hörð orð, en eg skal þá um leið taka það fram, að eg vil eftir mætti forðast að víta *manninn* sem mann. Hann er nokkuð hniginn að aldri, og naut langa stund álits og virðingar margra manna, og mun enn eiga allsterk ítök í tilfinningum ýmsra manna. En hann er lúinn af striti lífsins og þarfnast hlífðar og hvíldar. Eg vil, eins og eg sagði, ekki meiða manninn; en eg get víst ekki komist hjá að fara allhörðum orðum um ráðherrann, stjórnandann, og vænti að mér takist að sýna, að það voru hörmuleg mistök, er meiri hluti síðasta þings lyfti honum upp í valdasessinn, og að það var hinn mesti misskilningur, er hann sjálfur hugði sig færan til að gegna því starfi. Og þótt eg verði nokkuð langorður, þá geri eg mér í hugarlund, að þetta geti ef til vill sparað nokkuð af eldhúsdagsumræðunum, sem nefndar eru og því sparað tíma.

Það er varla hægt að tala um mál þetta, án þess að minnast áhrifa ráðherra á mál vor gagnvart Dönum. Flutnm. (B. Sv.) talaði um þetta, en að nokkru leyti út frá öðru sjónarmiði, og þótt eg

sé honum að mörgu samdóma í þeim efnum, vil eg þó tala nokkuð um það frá mínu sjónarmiði.

Eg skal fyrst víkja að áhrifum ráðherra á sambandsmálið. Eg er á þeirri skoðun, að enginn einn maður hafi unnið meira en hann að því óhappaverki, er þjóð og þing gerði 1908 og 1909. Ráðherra tók fyrst líklega í málið, að sagt er, en það stóð ekki lengi. Það lítur út fyrir, að bæði hann og aðrir hafi séð, að hér var góður leikur á borði til þess að fella þáverandi ráðherra. Og þótt ekki sé hægt að rekja þetta úti yztu æsar hér, þá mun tíminn síðar sýna, að mótstöðumenn vorir hafa unnið hið mesta óhappaverk, þá er þeir drápu sambandsmálið. Millilandanefndin vann stjórnmálaþrekvirki í viðureigninni við Dani, sem er meir en nokkurt annað verk sama eðlis, er nokkurntíma hefir verið unnið af íslenzkum mönnum, nema ef til vill þrekvirki það er Þorgeir Ljósvetningagoði vann forðum daga, er kristni var lögtekin og friður hélst í landinu fyrir hans tilstilli og viturleik. Og eg er þess fullviss, að á sínum tíma verður þetta viðurkent og meirihluti millilandanefndarinnar fær almannalof fyrir starfið. Núverandi ráðherra (B. J.) var einn af allra áhrifamestu mótstöðumönnum sambandsmálsins, og þetta, sem hefði átt að vera nóg til að sýna, að hann var óhæfur, varð einmitt til að lyfta honum. Svo var ógæfa vor þá rík.

Háttv. flutningsm. (B. Sv.) vítti ráðherra fyrir að hafa verið því mótfallinn á þingi 1909, að sambandsmálið yrði leitt til lykta í frumvarpsformi, en vildi láta afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Eg álít ástæðulaust fyrir háttv. flutningsm. (B. Sv.) að ávíta ráðherra fyrir þetta, því að það hefði verið miklu viturlegra að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en að samþykkja það í frumvarps formi. Með því var öll samningaleið við Dani lokuð, og það var álíka óviturlegt og að brenna skip sín, áður en gengið er til orustu, þegar ósigur er vís. Aftur á móti er eg háttv. flutningsm. (B. Sv.) samdóma um það, er hann sagði um framkomu ráðherra gagnvart Dönum. Enda þótt eg telji það bæði rétt og skylt að sýna Dönum kurteisi, þá hefir þó ráðherra gert of mikið að því. Enginn vill annað en að ráðherra vor haldi uppi virðingu sinni og vorri, en ýmsar sögur hafa gengið um, að út af því hafi borið hjá honum og er slíkt ilt. Enda þótt eg af fullri sannfæringu geti sagt, að skilnaðarstefnan sé algerlega ótímabær, þá verð eg þó að telja ummæli ráðherra um hana í Danmörk mjög óhyggileg og auk þess röng. Skilnaðarhreyfingin er ekki eins lítill kraftur eins og ráðherra gerði úr henni í Danmörku, og það sannast að hún verður bráðum svo stór, að taka verður eitthvert tillit til hennar, þegar ræða er um pólitískar horfur í landinu.

Að því er snertir botnvörpungasektamálið, er eg á sömu skoðun og ráðherra um að það sé tæplega sæmilegt að gera það að kappsmáli að halda sektafénu fyrir Dönum, fyrst þeir láta sér draga að heimta það af oss. Hinsvegar verðum vér að halda uppi virðingu vorri, en framkoma ráðherra í máli þessu hefir orðið okkur til minkunar, sökum óeinlægni hans og einurðarleysis, og er rétt að víta það harðlega.

Þá verð eg að leiða athygli að því, að það er næsta óviðkunnanlegt, er ráðherra sjálfstæðisflokksins, sem þykist ætla að sækja rétt vorn og sjálfstæði í hendur Dönum, lætur sér þó, að nauðsynjalausu, sæma að skjóta málum, sem innlendir dómstólar eru alveg sammála um, til úrskurðar dómstóls í Danmörk. Sú athöfn ráðherra vakti megnan óhug víðsvegar um land, jafnvel meðal ein-

lægra flokksmanna hans. Þetta er mér vel kunnugt um, og gæti sannað með dæmum ef þyrfti.

Eg vil geta þess, að eg er einnig sammála háttv. frummælanda í því, að það er óviðkunnanlegt og jafnvel óþolandi, að ráðherra, sem búsettur á að vera í Reykjavík, sé $^1/_8$ hluta ársins í Danmörku eða á ferðalagi annarsstaðar. Við munum eftir því, þegar Valtýskan var á ferðinni, að núverandi ráðherra hélt því fram, að ráðherra Íslands skyldi vera búsettur í Khöfn — var sú stjórnmálastefna því af mörgum kölluð Hafnarstjórn, — en nú lítur svo út, sem hæstvirtur ráðherra hafi ætlað að koma þessu í framkvæmd á stjórnartíð sinni, og þess vegna dvalið í alt haust og fram á vetur suður við Eyrarsund. Af því hefir leitt, að mikið af frumvörpum þeim, sem stjórnin leggur nú fyrir þingið, er samið suður í Danmörku, frumsamin á dönsku og ekki til á íslenzku fyr en rétt fyrir þingbyrjun. Eg vil biðja menn að hugsa sér, hvað Ísafold mundi hafa sagt, þegar núverandi ráðherra var ritstjóri, ef slíkt hefði komið fyrir í stjórnartíð fyrverandi ráðherra Hannesar Hafstein. Eg man þá tíð, að Ísafold vítti H. Hafstein fyrir, að frumvörpin 1907, þegar þing hófst 1. júlí, voru ekki komin fyrir almenningssjónir fyr en í maímánuði. Þau komu samt svo snemma, að hægt var að ræða þau á þingmálafundum, það get eg borið vitni um, sem var þingmaður fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, en bjó á Norðurlandi. Eg fékk frv. þá svo snemma, að eg gat farið með þau á þingmálafund í kjördæmi mínu, áður eg færi til þings. Eg man að eg var þó ekki allskostar ánægður með, hvað frumvörpin komu seint, en sé það borið saman við það, sem nú er, sjá allir hvílíkur munur þar er á. Þótt ekki væri nema þetta framkvæmdar- og dugnaðarleysi, væri það eitt ærið til að sýna, hve óheppilegur maður situr í ráðherrasessi, en það vill nú svo til, að margt fleira og ekki betra er óupptalið.

Þessu næst vil eg minnast nokkrum orðum á afskifti hæstvirts ráðherra af ýmsum fjármálum landsins. Ekki er það þó svo að skilja, að eg ætli að fara að útlista bankamálið; það var gert allítarlega í efri deild fyrir 2 dögum, en þó verður ekki hjá því komist að snerta dálítið við því og er þá bezt að byrja á byrjuninni. Það muna óefað allir, hvílíkum óhug sló á þing og þjóð, þegar það kom í ljós 26. apríl 1909, að ráðherra hafði skipað nefnd til að rannsaka allan hag landsbankans og gerðir bankastjórnarinnar um takmarkalausan tíma. Rannsóknarnefnd þessi hafði vald til að heimta munnlegar og skriflegar skýrslur af hverjum sem hún vildi. Við skulum hugsa okkur, hvaða áhrif slík fyrirvaralaus stjórnarráðstöfun mundi hafa haft í öðrum löndum, þar sem þjóðbankar eru. Allir mundu hafa sagt, og það með réttu, að þvílík ráðstöfun hlyti að verða til niðurdreps trausti stofnunarinnar og yfirleitt alls landsins, sem þar hefði sína aðalpeningastofnun. Allsstaðar annarsstaðar en hér mundu menn hafa þyrpst til að taka fé sitt út úr stofnuninni og með því bakað henni ómetanlegt tjón. En hér á Íslandi vildi nú svo heppilega til, að slysið varð ekki eins mikið og tilverknaðurinn var vondur, og bar tvent til, sem úr því bætti. Í fyrsta lagi það, að alþing var hér saman komið og meiri hlutinn sýndi þá rögg af sér, sem hann á þakkir skilið fyrir, að hann knúði ráðherra til þess að gera þá yfirlýsingu hér á þinginu, að rannsókn þessi stafaði ekki af vantrausti eða tortrygni á bankastjórninni. Í öðru lagi var traust almennings

á stofnuninni og bankastjórninni meira en traustið á þem, sem ráðstöfunina gerði, svo að hér varð ekki svo mikill skaði að. Það hefir oft verið borið fram bæði í Ísafold og seinast í efri deild í fyrra dag, að minni hlutinn hafi gert alt sitt til að vekja óróa og hræðslu, en eg verð að lýsa það tilhæfulaus ósannindi. Hvað mig snertir, þá vill svo vel til, að eg get sannað það með símskeyti, sem eg sendi um það leyti, að eg vann á móti þessari hræðslu eftir megni og gerði mitt til að koma í veg fyrir hana. En satt er það, að sumir menn — og það af báðum flokkum — urðu skelkaðir í svip og tóku út dálitið af fé. En eins og eg sagði, það var álit almennings og rótgróið traust á bankastjórninni, sem gerði það að verkum, að bankinn í þessu tilliti slapp nokkurnveginn óskemdur, þrátt fyrir þennan frámunalega klaufaskap.

Á 22. nóvember ætla eg ekki að minnast mikið, það var gert svo rækilega í Ed. í fyrra dag. En hraparlegt er það, að stjórnarblaðið Ísafold dag eftir dag og viku eftir viku, gerði alt það, sem í þess valdi stóð til þess að veikja traustið á bankanum. Það tjáir ekki að mótmæla því, allir geta sannfærst um það, með því að blaða í dálkum Ísafoldar frá þeim tíma. Það sem hér á Íslandi bjargaði bankanum, traust almennings, var ekki nóg til þess að bjarga áliti hans, og þar með alls landsins, í útlöndum. Stjórnarráðstöfunin hefir haft óútreiknanlegar afleiðingar í þá átt, að stórminka traust landsmanna, og alls, er íslenzku nafni heitir, sem sjá má ljóslega af því, að jafnvel Landmandsbanken, sem bezt þekkir landsbankann erlendis, og mest viðskifti hafði við hann haft, varð svo hræddur, að hann sendi hingað 2 menn til að rannsaka, hve mikil ástæða til ótta væri og stjórnin sá sér ekki annan kost vænni en að taka því vel og heimila þessum mönnum allan aðgang að bankanum. Dettur mönnum nú í hug, að Landmandsbanken hefði gert þetta, ef bankafarganið hefði ekki verið af stað komið? Nei! Skuld landsbankans var ekki stór um það leyti og þar að auki hafði Landmandsbanken ágæta tryggingu fyrir henni í verðbréfum; og meðal þeirra verðbréfa voru t. d. bréf fyrir 500 þús. kr., sem búið var að selja, og var sú upphæð greidd inn í Landmandsbanken um áramótin rétt á eftir.

Það þarf að sinni ekki að fara fleiri orðum um þetta, það er öllum ljóst, að afskifti stjórnarinnar af landsbankanum hafa veikt stórmikið traust hans meðal ókunnugra manna, og þessi afskifti væri útaf fyrir sig nóg til að sýna, að ráðherra á ekki að sitja lengur í embætti því, sem hann nú hefir.

En hæstvirtur ráðherra hefir haft fleiri afskifti af fjármálum, sem eg ætla að drepa á, og þá fyrst minnast á franska bankann. Saga hans hefir verið birt í blöðunum — raunar ekki sem stjórnarauglýsing — en frásögninni hefir ennþá ekki verið mótmælt, svo að óhætt mun vera að byggja á henni.

Sagan byrjar á líkum tíma og bankafarganið, og atburðirnir mætast stundum svo kynlega, að sennilegt er að þeir hafi haft áhrif hvor á annan, eins og eg skal seinna koma að. 25. febrúar 1909 eða um líkt leyti og forsetaförin var farin, barst hingað tilboð um nokkurra miljóna lán, frá Frakklandi. Ráðherra bað þá, sem um vissu, að halda þessu leyndu um hríð, eins og eðlilegt var, þar sem hann var að stiga á skipsfjöl, en skiljanlegt, að hann vildi sjálfur hafa hönd í bagga með. En þegar heim kom, er tilboðinu enn haldið leyndu. Af hverju? Því er ósvarað enn. Þegar er ráðherra var heimkominn fór hann þess á leit við þingið, að hann fengi heimild til lántöku

fyrir landið. Nefnd þeirri, er um peningamálin fjallaði, sagði hann ekkert um franska tilboðið, en kvaðst aftur á móti geta fengið danskt lán, með þeim kjörum, er hann tiltók — en þinginu var ekki gefinn kostur á að bera lánstilboðin saman. Með þessu get eg ekki annað séð, en hæstv. ráðherra hafi ekki sýnt þinginu þá virðingu, er vera bar. Danska lánið var dýrt lán, miklu dýrara en það lán, sem H. Hafstein tók og slapp ekki ámælislaus fyrir hjá núv. ráðherra og hans liði. Margt er óupplýst í þessum peningamálum, sem æskilegt væri að hæstv. ráðherra gæfi upplýsingar um. Meðal annars segja sumir, að það hafi ekki verið tilviljun ein, að danska lánið fékst í sama banka og Thorefélagið hefir viðskifti sín við, því að einmitt á sama tíma og lánið kom til orða, var borin fram hér í þinginu tillagan um Thoreskipakaupin. Vera má, að þetta sé staðlaus grunsemd, en það ætti þá að vera hægðarleikur fyrir hæstv. ráðherra að slá hana niður. En hvað sem öðru líður, er það auðsætt, að ráðherra leist ekki á franskt lán vorið 1909. — En þegar á sumarið líður, taka nokkrir framtaksamir menn í Reykjavík sig saman og mynda félagsskap til þess að láta gott tækifæri ekki ganga sér úr greipum, en reyna að ná í fé, til þess að það geti komið að notum við góð fyrirtæki. Þetta var lofsvert og ekki tiltökumál, þótt þeir vildu sjálfir hafa einhvern ábata af því. Sumir af þessum mönnum voru ráðherra nákomnir og leituðu því fulltingis hjá honum, og er það ekki að lasta, þótt hann í sínu hjarta hafi viljað veita þeim einhverja aðstoð, ef fyrirtækið að öðru leyti hefir verið álitlegt. Um haustið 1909 er ráðherra orðinn ákveðinn fylgismaður þessa félagsskapar, og lofar honum fullri aðstoð, viðskiftum við landssjóðssölu bankavaxtabréfa o. s. frv. Þessi skjótu umskifti frá því um vorið, er óupplýst spursmál. Ýmislegt af þessu styðst við bréf dagsett 24. október 1909. Ráðherra heldur áfram að styðja fyrirtækið, kemur einum vina sinna, Ara Jónssyni, í stjórn, gerist sjálfur heiðursformaður fyrirtækisins, og annar vinur ráðherra, núverandi bankastjóri Björn Kristjánsson, tjáir sig fyrirtækinu hlyntan og lofar góðri samvinnu fyrir hönd landsbankans. Þetta skeður 3 vikum áður en fyrverandi bankastjórn var rekin frá, svo ekki er undarlegt, þótt mörgum kunni að detta í hug, að hér sé eitthvert samband á milli. Af hverju var tilboðið aðgengilegra um haustið en um vorið? Getur það ekki verið af því, að um haustið hafi verið litið svo á, að ekki skifti miklu, hversu færi um landsbankann. Vonandi hefir það þó ekki ráðið neinu um aðfarirnar 22. nóv. 1909. Og væntanlega hafa ekki hagsmunir einstakra manna haft áhrif á álit ráðherra á fjárútvegununum frönsku. Áframhaldið er svo það, að um sama leyti og bréfið, sem eg gat um var útgefið, sigldi franski konsúllinn til Frakklands á vit fjárins, og litlu síðar sigldi Einar Hjörleifsson suður í lönd, og alt virtist vera í bezta gengi. Landsbankinn fær ákveðið tilboð um franskt fé, og gerir um það samning 6. apríl 1910.

Snemma á árinu 1910 kemur fram annað nýtt mál, skylt þessu. Þá kemur hr. Einar Benediktsson í marzmánuði hingað til Reykjavíkur. Hann lætur þá vel yfir sér, og kveðst eiga ráð á miklu fé ensku til gagnlegra fyrirtækja og stofnana hér á landi, svo sem banka, verzlana o. s. frv. Það er fullyrt, að ráðherra og landsbankastjórnin hafi tekið þessum málaleitunum fremur fálega, enda munu þeir þá enn hafa verið hlyntir franska bankamálinu. Hitt hefi eg fyr-

ir satt, að hæstv. ráðherra hafi lofað því, að gefa hr. Einari Benediktssyni skrifleg svör, áður hann færi héðan. Það mun þó ekki hafa efnst, og mun þó svarið hafa verið til búið. En einhverjir vinir ráðherra fengu hann til að senda ekki svarið.

Um sama leyti fer svo herra Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður til Englands og kemst þá sýnilega að einhverju leyti í þjónustu enska fyrirtækisins, hr. E. B. og hans manna. Að minsta kosti er sagt svo í útgefinni skýrslu, að þegar 20. apríl 1910 hafi félagið fengið hann til þess að taka að sér málfærslustörf fyrir sig og taka þátt í stjórn bankans. Þetta varð nú að vísu alt almenningi kunnugt löngu seinna, en eg vil benda á það, að síðan hefir landstjórnin aldrei stutt franska bankafyrirtækið einu orði, heldur algerlega slegið hendinni af því, hvort sem það stendur í nokkru sambandi við hitt, að hr. Sv. B. hafði loforð um atvinnu við ensku fyrirtækin.

Hvað munu nú franskir fjármálamenn álíta um stjórn og peningastofnanir þess lands, þar sem svo er hringlað með tilboð þeirra? Nærri má geta, að aðrar eins aðfarir og þessar hljóta stórum að spilla áliti þeirra á oss. Út á við hafa þær bakað oss óvirðingu, og innanlands hafa þær vakið tálvonir hjá þeim, er væntu betri kjara, sökum þess, hve glæsilega var látið af tilboði þessu fyrst í stað. Hæstv. ráðherra hefir að vísu lýst yfir því í dönskum blöðum, að hann hefði aldrei hlynt að enska fyrirtækinu, en annað segir hr. E. B. og hans menn. Þeir fullyrða hið gagnstæða í skjölum, er eg hefi hér fyrir mér. Yfirleitt var yfirlýsing hæstv. ráðherra í þessu máli all-loðin, og mun blaðið »Börsen« hafa skorað á hann að gera þar hreinna fyrir sínum dyrum og taka af öll tvímæli, en hann eigi enn gert það. Hr. E. B. og hans menn fullyrða, að þeim hafi verið lofað seðlaútgáfurétti, sparisjóðs hlunnindum o. s. frv. o. s. frv. Mér dettur nú eigi í hug að bera það fram hér, að það sé alt rétt, sem þessir menn herma gegn mótmælum hæstv. ráðherra, en eg verð að taka það fram, að mig vantar enn skýlaus orð hans fyrir því, að *engu* hafi verið lofað af því er hér segir.

Þá er enn að geta eins, er snertir fjármálin. Á síðasta þingi kom fram tillaga hér í deildinni, er peningamálanefndin fjallaði um, þess efnis, að landssjóður skyldi kaupa 2 milj. króna í hlutabréfum Íslandsbanka, er þá voru á boðstólum, með ákveðnum skilyrðum. Hæstv. ráðherra var þá ekki þessu mótfallinn, heldur hét því fylgi sínu áður hann færi utan. En þegar til efri deildar kom, þá er þetta felt af nánustu fylgismönnum hans. Hann mun ef til vill segja, að þetta sé ekki sitt verk, en laust trúi eg því, að hann hefði ekki getað ráðið við það mál, ef hann hefði viljað. Það verður að ætla, að eitthvað það hafi gerst, frá því er þetta kom fyrir þingið og þangað til það var felt, er hafi haft áhrif á skoðanir hæstv. ráðherra. Og eg get ekki stilt mig um það, að benda á tvo atburði, er einmitt gerðust á þessu tímabili. Annar er sá, að þá kom franska tilboðið, og hinn sá, að á þeim tíma varð fyrirrennari hæstv. ráðherra, hr. Hannes Hafstein, bankastjóri Íslandsbanka. Eg skal nú ekkert ákveðið um það segja, hvernig í þessu liggur, en víst er um það, að þessi kaup á hlutabréfum Íslandsbanka voru mörgum áhugamál og að þeim hefði vafalaust orðið mikill fjárhagslegur gróði, og þá hefði meiri hluti hlutafjárins orðið íslenzk eign og umráðin yfir bankanum þar með innlend. Þess vegna þótti mér hlýða að leggja allmikla áherzlu á þetta atriði. Þetta er eitt með

öðrum dæmum þess, hvernig hæstv. ráðherra hefir brugðist sjálfstæði þessa lands, því að öllum er augljóst, hve nauðsynlegt það er, að landsmennn ráði sem mest slíkum stofnunum sjálfir.

Það er óþarfi að fjölyrða mikið meira um afskifti hæstv. ráðherra af fjármálum landsins og bankamálum. Eg þykist þegar hafa sýnt nokkuð fram á þau og áhrif þeirra. Afskiftin af landsbankanum hafa stofnað lánstraustinu í hættu út á við og rýrt álit bankans hér heima fyrir. Nú er og öll starfræksla hans miklu dýrari en áður, og þótt það kunni ekki að vera fyrir beina tilhlutun stjórnarinnar, þá hefir hún þó að minsta kosti ekki hindrað það, eins og hún hefði átt að gera. Hún hefir slegið úr og í við frönsku bankamennina og vakið með því ótrú þeirra og lítilsvirðingu á oss, og síðar meir einnig Englendinga. Yfirleitt er viðleitni stjórnarinnar á þessum sviðum engu líkari en því, ef ólækningafróður maður færi að fást við að græða sár á sjúkum manni, og viðskiftin okkar voru viðkvæm næstu árin á undan, miklar skuldir og margt að græða. Eg vil ekki efast um það, að tilgangurinn hafi oft og einatt verið góður, en viðleitnin gat ekki orðið til annars en þess, að gera ilt verra í reyndinni. Og þótt ekkert hefði verið að hæstv. ráðherra að finna annað, hvorki út á við í sjálfstæðismálinu, né í embættisfærslu hans innan lands, þá er þetta eitt nægilegt til þess, að sýna það og sanna, að hann átti aldrei með völdin að fara.

Þá hefir margt það borið við í þessari tveggja ára stjórnartíð hæstv. ráðh., sem vottar það, að stjórn hans hefir eigi ætíð verið svo einlæg og hreinskilin, sem vera ætti, og skal eg nú fara um það nokkrum orðum. Það er auðvitað, að æzti maður lands og þjóðar verður að vera afarvandur að virðingu sinni í hvívetna, og þá fyrst og fremst áreiðanlegur og einlægur í orði og verki. Út af þessu hefir sorglega borið hjá hæstv. ráðherra, og er það ein aðalástæðan til þess, að eg tel það hættulegt, að hann fari með æztu völd með þjóð vorri.

Eg skal minna á eitt dæmi, sem þegar er allkunnugt hverjum flokki hugsandi manna hér heima, sem sé »botnvörpusektamálið«. Í febrúar í fyrra vetur var boðað til þingmálafunda hér í Rvík, að vísu voru þeir flestir heimastjórnarmenn, sem það gerðu, en þó ekki allir. Þm. bæjarins var boðið og menn gerðu sér vonir um að fá nú einu sinni merkilega almenna fundi hér í höfuðstaðnum. En í stað þess að koma, studdu þingmennirnir að því, að samtímis voru haldnir aðrir fundir með flokksmönnum þeirra einum saman, og var þá ekki að undra, þótt ráðherra mætti á þeim fundum frekar en annars staðar, þótt vita mætti hann þá þegar, að hann hafði glatað meirihlutanum. Í þeim svifum bárust símskeyti frá Kaupmannahöfn um framkomu hans þar í botnvörpumálinu. Þær fréttir komu sér illa, vöktu hvarvetna mikinn óhug, vöktu jafnvel óróa í sjálfu stjórnarliðinu. Nú voru góð ráð dýr, og hver urðu þá ráðin? Það er sorglegt, en satt, að hæstv. ráðherra talaði þá tvö kvöld í röð og hélt fram algerlega röngum skýringum á framkomu sinni, skýrði alveg ósatt frá stjórnarathöfn og reyndi að skella allri skuldinni á fyrv. ráðh. (H. H.). Mér hnykti við, þegar eg komst að þessu. Eg er ekki fróður maður í sögu eða stjórnarfari annara landa, en eg hygg það ólíklegt, að til séu mörg slík dæmi, ef þau eru þá nokkur. Þetta verður ekki afsakað, nema ef vera skyldi með gleymsku hæstv. ráðh., en það væri eigi til annars en þess, að sýna það enn betur, að hann er eigi starfa sínum

vaxinn. Til samanburðar mætti benda á eitt dæmi. Það átti sér stað um líkt leyti í Danmörku, að einn maður í Zahleráðuneytinu talaði nokkur ógætileg orð um eina stétt manna. Hann hafði gefið það í skyn — og það með mildum orðum, að minsta kosti á vorn mælikvarða — að eigin hagsmunir hefðu ráðið framkomu herforingjanna í einu máli. Þessu var auðvitað mótmælt. Herforingjarnir þutu upp til handa og fóta, blöðin sömuleiðis, og svo var hamast að honum sjálfum heima fyrir. Hann varð þá eitthvað dálítið tvísaga. Hvað ætli hefði nú verið gert úr þessu hér? — Þarna varð hann að fara frá völdum, eingöngu fyrir þetta. Meðstjórnendur hans þoldu ekki annað. Hérna á Íslandi er meirihlutinn ekki hárviðkvæmur fyrir þesshátt smámunum!

Blaðskeyti, er send hafa verið til útlanda af hálfu ráðh., eða hans manna, hafa reynst óáreiðanleg, og hafa sprottið af því málaferli. Framkoman hefir verið ógætileg hér, eins og oftar, fyrst neitað, síðan játað, en reynt að klóra yfir og fóðra alt einhvern veginn. Hæstv. ráðh. reyndi um daginn í Ed. að afsaka sig með því, að hann ætti ekki að ábyrgjast vörnina í málaferlum þessum. En eg spyr, hvort umboðið, er hann gaf, hafi eigi verið takmarkalaust, og hvort ummælin hljóti þá ekki að vera á hans ábyrgð. Þetta er nú eitt dæmi, en mörg eru til fleiri um miður áreiðanleg ummæli úr þessari átt, einkum í dönskum blöðum, er öll miða að því, að rangfæra og afbaka afstöðuna hér.

Þá er að minnast á þingfrestunina. Það verður að álíta það sannað, eða að minsta kosti hefir því ekki verið mótmælt, að hæstv. ráðh. hafi hugsað sér að fresta þinginu. En það er jafnframt haft fyrir satt, að hann hafi eigi borið fram því til stuðnings þá ástæðu, sem allir vita að er hin eina sanna frá hans sjónarmiði, sem sé þá, að losna við hina núverandi kgk. þm. Það er óhreinskilni, sem ekki á að eiga sér stað, að bera fyrir sig örðug ferðalög eða þess háttar, í stað þess að segja satt um þetta.

Listinn gæti orðið nokkuð langur, ef alt ætti til að tína, sem ástæða væri til, (*Ráðh.:* Jú, ef halda ætti áfram svona skáldskap), tína til öll ósannindi ráðherrablaðsins. Auðvitað getur hann sagt að hann eigi ekki sök á öllu, sem þar stendur, en einhvern hemil hefði hann þó átt að geta haft á öllum þeim taumlausu ósannindum og rangfærslum, sem þar hafa staðið í hverju blaði. Eg skal t. d. benda á eina grein í 67. tbl. frá 22. okt. Ráðherra var þá nýkominn til Danmerkur, svo að búast mátti við, að hann gæti verið búinn að skrifa þaðan. Og greinin var um það, hvernig hann og hans flokkur væri affluttur í dönskum blöðum. Meirihlutinn af ummælunum, er höfð voru eftir, voru í gæsalöppum, án þess þó að tilgreint væri, hvar þau stæðu í dönskum blöðum. Margir hafa getið þess til, að grein þessi væri eftir hæstv. ráðherra. Ekki veit eg sönnur á því, en hitt veit eg, að ekkert af öllu því, sem þar er tilfært, hefir nokkurn tíma staðið í nokkru dönsku blaði. Það er alt saman bláber uppspuni. (*Ráðh.:* O, sei sei, sei sei!) Eg veit það með vissu, hvað sem hver segir.

Þá er að minnast á Atlantseyjafélagið. Ekki get eg verið háttv. frummælanda (B. Sv.) samdóma um það, að ávíta ráðh. fyrir það, þótt hann kæmi þar og stæði fyrir sínu máli. En hitt er það, að hann fór þar óviðurkvæmilegum og ógætilegum orðum um blaðaósannindi í Danmörku. Haft eftir honum, að það væri orðið alsiða hér, að veðja um það, hve miklu mætti ljúga að Dönum um Íslands mál. Blaðið »Riget« skoraði á hann skömmu síðar,

að skýra þessi orð sín betur, eða finna þeim stað, en það mun ekki hafa verið gert.

Á þessa leið mætti halda lengi áfram, ef maður vildi og færi að blaða í »Ísafold«. Það er sjálfsagt ekki rétt að skrifa það alt á reikning hæstv. ráðherra, er blaðið hefir flutt í þessu efni, en það er víst, að hæstv. ráðherra hefði verið auðvelt að hafa áhrif á blaðið eða tóninn í því.

Þótt þetta sé þegar orðið all-langt mál verð eg enn að syndga upp á náðina og telja til fáein fleiri mál. Og skal eg þá fyrst rifja upp fyrir mönnum afskifti hæstv. ráðherra af Thoreskipakaupunum, og minnast á, hversu holl sú stefna hans var að reyna að fá landið til að kaupa skipin. Raunar þarf eg ekki að vera langorður um það efni, því að það er alþekkt og öllum í ferskuminni. Hæstv. ráðherra lagði svo mikið kapp á það mál, að hann agiteraði fyrir því, ekki einungis meðal meðflokksmanna sinna heldur og meðal andstæðinga sinna. Eg tel víst, að hæstv. ráðherra hafi fylgt málinu af fullri sannfæringu, og lasta eg hann ekki fyrir það, en það sýnir, hversu sannfæring hans auðveldlega getur leiðst á villigötur, er hann beitir öllu sínu mikla afli til að hrinda því máli áfram, einhverri hinni glæfralegustu tilraun til að spila með fjárhag landsins, sem þekst hefir, að vitni flestra manna, þar sem eg er kunnugur, jafnt andstæðinga stjórnarinnar sem stjórnarmanna. Á þinginu var málið sótt svo fast, að við sjálft lá, að það næði fram að ganga, og þar með landinu steypt í hinn mesta voða. Það voru einstaka þm. stjórnarflokksins, sem beittust á móti málinu og björguðu landinu. Það er full ástæða til að gjalda þeim mönnum þökk fyrir framkomu þeirra bæði í því máli og sömuleiðis er þeir fengu ráðherra til að gefa út yfirlýsinguna í landsbankamálinu. Eg fyrir mitt leyti mun jafnan láta menn njóta sannmælis og kann þeim þökk fyrir. Það er annars táknandi, að hið fyrsta mál, sem hæstv. ráðherra lagði kapp á og barðist fyrir eftir að hann var orðinn ráðherra, mál sem nokkuð snerti verulega fjárhagsástand þessa lands, það er þetta mál, eitt glæfralegasta fyrirtæki, sem fyrirhugað hefir verið, að allra manna dómi.

Eg þykist nú hafa sýnt fram á, að þrátt fyrir alla aðra mikla hæfileika sína, hefir hæstv. ráðherra sýnt það, að hann hefir ekkert vit á fjárhagsmálum eða bankamálum, og má helzt ekki koma nærri slíkum efnum.

Viðvíkjandi þeirri aðferð hæstv. ráðherra, að hefja hinar miklu lögsóknir gegn blöðum andstæðinga sinna og ritstjórum þeirra, þá hefi eg það fyrir satt og má fullyrða, að sú aðferð mælist hvarvetna mjög illa fyrir. Fjöldinn allur af þessum málum var miklu ósaknæmari en sakargiftirnar í blaði hæstv. ráðherra sjálfs við fyrverandi ráðherra og var þó aldrei fitjað upp á málsóknum út af þeim blaðagreinum. En nú notar hann þessi gömlu og úreltu lög, sem hann hefir sjálfur brotið meira en nokkur maður annar. Og hver er tilgangur hæstv. ráðherra með þessum lögsóknum? Eg fæ ekki annað séð — og það er skoðun manna alment — að hæstv. ráðherra hafi með þessu viljað einungis hefna sín á fátækum andstæðingum sínum með stórum fjárútlátum frá þeirra hálfu, og sú skoðun breytist ekki, hvernig sem dómar falla í málunum. Eg er ekki svo fróður, að eg viti, hvort þetta er siður merkilegra stjórnmálamanna hjá öðrum mentuðum þjóðum, að ofsækja þannig andstæðinga sína, en það er mér sagt, að hinn alkunni Alberti hafi beitt sömu aðferð einu sinni við andstæðinga sína í Kaupmannahöfn

og er hæstv. ráðherra sízt öfundsverður af slíkri fyrirmynd.

Það hefir verið tekið fram hér í dag, og eg er því samþykkur, að undirbúningurinn undir frv. þau, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing frá stjórninni, hafi verið lítilfjörlegur. Það er fátt, sem er nýtilegt í frv. þessum og starfið, sem í þau hefir verið lagt lítið og ómerkilegt. Af nýmælunum skal eg nefna t. d. frv. um fræðslulög. Það er mikið nýmæli að því leyti, að ætlast er til með því að kollvarpa algerlega nýútgefnum lögum um sama efni, en að öðru leyti er frv. einkis virði, þar finnast engar skýrslur né gögn um málið í heild sinni. Annað nýmæli er færsla þingtímans. Það sýnir bezt, hve illur undirbúningur hefir verið undir það mál, að í frv. er valinn sá tími, sem að allra manna dómi er hinn óheppilegasti, og hefir hæstv. ráðherra sýnt með því, að hann hefir ekki ráðfært sig við nokkurn mann. Frv. um ullartoll er líka nýtt, en það er þó það frv., sem helzt hefir fengið undirbúning. 2 önnur merkileg lagaboð, viðskiftalögin og siglingalögin, eru að eins þýðingar á dönskum lögum.

Þetta er nú starfsemi og undirbúningur hæstv. ráðherra undir þetta þing. Fjárlagafrv., sem ætíð er allmikið verk, mun vera eitt af þeim fáu frv., sem samin eru hér heima á Íslandi. Og þó er hin merkilega fundna tala, tekjuliðurinn 360 þús. kr. áfengistollur fyrsta árið, sem lögbannað er að flytja nokkurt áfengi til landsins, sett í frv. í Kaupmannahöfn. Það er sjálfsagt óhætt að draga 200 þús. kr. frá á þessum lið. Það er jafnan skemtilegt að láta tekjur og gjöld »balancera« en þessar 200 þús. kr. eru hvergi til nema í tunglinu. Hæstv. ráðh. hefði átt að leita aðstoðar og ráðfæra sig við þá menn, sem skyn bera á málin áður hann lagði þau fyrir þingið. En það hefir hann ekki gert. Það lá nærri að leita álits fræðslumálastjórans — eg bið forláts ef hann hefir fengið eitthvert annað lögheiti — um fræðslulögin. En ekki hefir það verið gert, að því er eg má frekast fullyrða. Ekki hefir heldur verið leitað álits símastjórans um nýja síma, og ekki heldur um það nýmæli að stofna 2 loftskeytastöðvar, aðra í Reykjavík og hina í Vestmannaeyjum. Sama er að segja um hinn fyrirhugaða síma til Stykkishólms, og það má eg fullyrða, að áætlanin um kostnaðinn er algerlega sett af handahófi og miklu lægri en sú áætlun, sem gerð hafði verið af skynberandi mönnum. Af því, sem nú hefir verið sagt, má öllum vera ljóst, að hæstv. ráðh. hefir ekki notið við krafta annara manna til þess að undirbúa málin sæmilega og sjálfur er hann auðvitað ekki maður til þess.

Þá kem eg að einu stórmálinu enn, en það er Thoremálið. Eg heyrði það í Ed. þegar minst var á það mál á dögunum, að hæstv. ráðherra mæltist fremur undan að svara fyrir sig í því máli fyr en fjárlögin kæmu til umræðu. En eins og eg tók fram í upphafi ræðu minnar, hafði eg hugsað mér, að þessi dagur yrði nokkurskonar eldhússdagur, og skal eg því leyfa mér að fara dálítið út í málið.

Til þess að athuga þetta mál nokkuð rækilega, verður að fara aftur í tímann. Á þinginu 1907 kom fram tilboð frá sameinaða gufuskipafélaginu, þar sem það býðst til að halda áfram ferðunum framvegis fyrir ákveðið tillag úr landssjóði. Það býður að láta byggja 2 nýtízkuskip með kælirúmum og að öðru leyti haga ferðunum eftir þeim kröfum, sem komið höfðu fram hér á landi. En þessi boð félagsins voru bundin við 10 ára fastan samning. Nú þótt þingið annars vegar játaði, að tiboðið væri

mjög nýtilegt, bæði vegna bættra samgangna, hinna nýju skipa og hóflegra fjártillagna úr landssjóði, þá hikaði þingið sér hins vegar við að ganga að tilboðinu, með því að þingmönnum þótti viðsjárvert að binda landið svo langan tíma, 10 ár. Í stað þess veitti þingið heimild til að semja við félagið fyrir 6 ára tíma og færði jafnframt niður tillagið úr landssjóði. En þá um haustið tóku að hefjast hin miklu peningavandræði víðs vegar um heiminn, svo sem kunnugt er, og sameinaða félagið átti þá verra með að leggja fé til nýrra skipa, svo sem skiljanlegt er. Félagið notaði sér þá breytingar alþingis til þess að ganga frá hinum fyrirhugaða samningi. En fyrir ötula framgöngu fyrv. ráðh. (H. H.) náðust þó samningar um, að félagið héldi áfram ferðunum næstu 2 árin, 1908 og 1909, með aðgengilegum skilmálum, árstillagið úr landssjóði var að eins 30 þús. kr. Veturinn 1908—1909 er fyrverandi ráðh. (H. H.) var í Kaupmannahöfn leitaði hann bæði til sameinaða félagsins og Thorefélagsins til að fá tilboð um gufuskipaferðir. Það reyndist árangurslaust við framkvæmdarstjóra Thorefélagsins; hann kvaðst ekkert tilboð mundu gera. Það er eftirtektavert, að sú neitun er gerð sama dag, sem Thore veitir málaflutningsmanni hér í Reykjavík umboð til að semja um sölu á skipum félagsins. Aftur á móti sendi sameinaða félagið umboðsmann sinn hingað til þess að þingið gæti samið við hann. Hann hafði umboð til þess að gera fulla samninga við þingið. En tilboðið hljóðaði svo, að ferðunum yrði haldið áfram í sama horfi með þeirri viðbót, að »Botnia« kæmi í stað eins af gömlu skipunum, og hún yrði útbúin með kælirúmi, en 3 strandbátar kæmu í stað þeirra tveggja, er áður höfðu verið. Þessu tilboði var komið fyrir kattarnef. En Nd. setti inn í fjárlögin heimild fyrir stjórnina til að semja um gufuskipaferðir um næstu 2 ár með nánari skilyrðum, er miðuð voru við tilboð sameinaða félagsins. En undir þinglok kom fram tillaga um breytingar á skilyrðunum í þá átt, að ferðirnar yrðu »mun betri« en verið hefðu, nokkrar ferðir væru farnar til Hamborgar og kælirúm yrðu í tveim skipunum; þar með skyldi og heimild verða veitt til að gera samninga um gufuskipaferðir til 10 ára. Þetta mál var nú rætt fram og aftur á þinginu, og að lokum var tillagan samþykt. Lítið var þó útlistað, hvað átt væri við með orðunum »mun betri«. Eg man, að framsögumaður fjárlagan. í Ed., eða framsögum. flokksins, sem vel mátti kalla hann, skýrði þessi orð svo, að ekki væri meiningin með »mun betri«, að litlu betri skip nægðu, heldur allmiklu betri. Þau mættu ekki vera eins og »dallar þess sameinaða«, svo sem hann komst að orði. Þetta varð nú úr, að stjórninni var falið að gera samninga samkvæmt þessum skilyrðum. En stjórnin gerði samning við Thorefélagið, svo sem kunnugt er. En sá samningur er svo úr garði gerður, að í framkvæmdinni eru nálega öll skilyrði fjárlaganna virt að vettugi. Eg skal ekkert um það segja, hvort stjórnin hefir farið svo klaufalega að í samningsumleitununum, að Thorefél. hefir getað farið sínu fram. En það verða allir að viðurkenna, að skilyrði þingsins um »mun betri skip« er að engu skeytt, svo sem eg mun síðar víkja að. Í öðru lagi var það sett sem skilyrði, að viðkomur skipanna í Færeyjum yrðu ekki fleiri en hjá skipum sameinaða félagsins. En hjá því félagi komu skipin við í Færeyjum í 20 ferðum, þar af 14 að eins með póst, og til verulegrar tafar urðu einungis 6 ferðir.

Hjá Thorefél. koma skipin þar í móti við í Færeyjum 34 sinnum og viðkomustaðir þar voru 84 árið sem leið. Eg skal ekki fara neitt út í hina ólöglegu fjárveiting til Thorefélagsins, 6000 kr., í þetta sinn. En svo að eg víki aftur að skipunum, þá er það fullvíst, að það er svo langt frá, að því skilyrði hafi verið fullnægt, að skipin yrðu mun betri, að þau eru miklum mun verri. Framsm. fjárl.n. í Ed. tók það fram, eins og eg sagði áðan, að skipin mættu ekki vera gamlir dallar, eins og skip sameinaða félagsins, er það bauð fram til ferðanna, »Botnia«, »Ceres« og »Laura«. En hvernig urðu nú skip Thorefél.? Viti menn, eitt skip að eins er þægilega innréttað, það er »Sterling«; hin öll eru miklum mun lakari en skip sameinaða félagsins.

Eitt af skilyrðum þeim, sem sett voru í fjárlögunum, var, að í skipunum yrði kælirúm. Mér er sagt, að kælirúm sé í skipinu »Ingólfi«, en hvort svo er eða ekki, verður ekki sagt með vissu, því að enginn hefir að eg hygg notað það. Eg hefi haft spurnir af því, að kaupmaður einn á Sauðárkrók hafi ætlað að gera tilraun með að flytja út kælt kjöt, og hafi í því skyni beðið um flutning þess á »Ingólfi«. Í sama mund var á Sauðárkróki allmikið af hrossum, sem fara áttu með skipinu. En eins og oft vill verða um Thorefélagsskipin, varð »Ingólfur« á eftir áætlun, komst að eins á Akureyri og hélt þaðan til útlanda, svo að kaupmaðurinn varð af þessari tilraun sinni, en sá, er hrossin átti, varð að reka þau til Akureyrar með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn. Þetta er alt sem eg veit um kælirúmið í »Ingólfi«; hvort það er nokkurs virði eða hvort það yfirleitt er til, skal eg láta ósagt. Ráðherra, blað hans og fylgifiskar gerðu afarmikið úr því, að ráðherra hefði fengið Thore til að ganga inn á að hafa kælirúm í strandferðaskipunum tveimur og mundi það verða til hins mesta hagræðis. Það hefði nú mátt ætla, að þetta hefði mátt verða í góðu lagi, því að skipin eru ný. En líklega verða þó kælirúmanna lítil not, eða að minsta kosti hafa þeirra verið lítil not það sem af er. Eg skal nefna eitt dæmi. Í sumar átti að senda síld með »Austra« frá Eyjafirði til Austfjarða, en þegar austur kom, reyndist síldin ónýt. Eg hefi sterkan grun um, að svo sé með þessi kælirúm, sem sumt fleira, sem gumað hefir verið af og talið ráðherra til lofs, að það sé ekki annað en hégóminn einn. Nýju strandbátarnir héldu sæmilega áætlun og sömuleiðis skipið »Sterling«. En farþegarúm í strandbátunum er mjög ófullnægjandi, og þegar alls er gætt miklu lakari en það, er vér höfum átt að venjast í »Skálholti« og »Hólum«. Að vísu er 1. pláss dálítið stærra á þessum nýju bátum, en 2. pláss er illbrúkandi og 3. pláss lítið og óbrúkandi; þetta vita allir þeir mörgu sjómenn og verkafólk, sem farið hefir með hvorutveggju skipunum. Önnur skip Thores bæði Suðurlandsbáturinn og millilandaskip önnur en »Sterling« halda nær aldrei áætlun og hefir af því hlotist mjög mikill skaði. Eftir þessu sem nú var sagt, er því svo langt frá því, að skipin hafi orðið eða reynst »mun betri« en skip sameinaða félagsins, að þau hafa einmitt reynst *miklum mun verri*.

En hvernig eru svo *ferðaætlanir* þessara landssjóðsskipa? Eru þær gerðar svo haganlega og vel úr garði, að reynt sé að fullnægja helztu þörfum vorum? Til þess að glöggva sig á því efni vil eg sýna, hversu vel séð er fyrir sambandi höfuðstaðarins við útlönd, og annars vegar sambandi höfuðstaðarins við aðra landshluta. Að það samband sé sem bezt, er eitt mikilsverðasta at-

riðið í samgöngumálum vorum, jafn áríðandi fyrir höfuðstaðinn sjálfan og fyrir aðra landshluta, sem auðvitað þurfa allir meira og minna að nota samband við Reykjavík.

Samband höfuðstaðarins við útlönd með Thoreskipunum, er svo sem hér skal sýnt í ágripi:

Skipin komu 18 sinnum frá útlöndum til Reykjavíkur og auk þess tvisvar austan og norðan um land og tvisvar frá Austfjörðum sunnan um land.

Tímabilin milli þessara 18 ferða frá útlöndum eru ærið misjöfn. Einu sinni, 16. janúar til 22. febrúar, 36 dagar; tvisvar 31 dagur, einu sinni 30 dagar, tvisvar 29 dagar, 26, 25, 23 og 20 dagar (20 dagar tvisvar), og mismunandi alt niður í 4 daga.

12. maí komu 2 Thoreskip beina leið frá útlöndum og 15. og 16. júlí komu sömu leið, eitt skip hvorn daginn.

Þetta tel eg 2 viðkomur ekki 4.

Beint frá Rvík til útlanda fara skipin 14 sinnum. Bilin milli ferðanna eru 75 dagar einu sinni (18. des. til 3. marz), 33—34 dagar þrisvar sinnum, 24—28 dagar sex sinnum, 13 dagar, 10 dagar, 10 dagar og tvisar aðeins 4 dagar.

Það sést af þessu yfirliti, að samband höfuðstaðarins við önnur lönd með Thoreskipunum er svo fjarri því að vera viðunanlegt, að nær sanni er að segja, að með svo mörgum ferðum sé varla hægt að gera það óhentugra og ófullkomnara, og hefði ráðherra átt að vera vorkunnarlaust að sjá um, að áætlanir skipanna hefðu verið skárri að þessu leyti. Hér er hann þó nógu kunnugur. Hitt kemur engum á óvart, þótt hann beri lítið skyn á, hvað öðrum hlutum Íslands hagar, og enginn mun eiginlega furða sig á því, þótt lítið hafi verið hugsað um hagsmuni þeirra, er áætlun Thoreskipanna hefir verið samþykt. Enda sýnir það sig ljóslega af yfirliti því, er eg nú mun gefa um

samband Reykjavíkur við aðra landshluta. Thoreskipin koma aðeins 4 sinnum til Rvíkur frá öðrum hlutum landsins, að Vesturlandi undanteknu. 1. 27. apríl eftir að hafa komið við á Austfjörðum og að eins á tveim stöðum á Norðurlandi (Akureyri og Sauðárkrók).

2. 25. ágúst, og koma þá ekki við á Austfjörðum og hvergi fyrir norðan nema á Akureyri, Sigluf. og Sauðárkrók.

3. 5. október sunnan um land frá Austfjörðunum.

4. 22. nóvember, sömu leið og hitt og hefir hvorugt skipið komið víð nema á 4 af Austfjörðum.

Húnaflói allur (þ. e. Húnavatnssýsla og Strandasýsla), Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla og Norður-Múlasýsla eiga *aldrei* kost á að nota Thoreskipin (auðvitað að strandbátunum undanteknum) á leið *til* höfuðstaðarins.

Ferðir *frá* Rvík til annara hluta landsins eru litlu meiri. Fimm ferðir eru að nafninu vestan og norðan um land.

19. janúar. Viðkoma á Blönduósi, Akureyri og Austfjörðum.

16. júlí með viðkomum á Blönduósi. Sauðárkrók og Akureyri.

20. september, viðkomustaðir: Hvammstangi, Blönduós, Akureyri og Húsavík.

13. október, viðkomustaðir: Norðurfjörður, Blönduós, Sauðárkrókur og Akureyri.

24. nóvember, viðkomustaðir: Sauðárkrókur og Akureyri.

Einu sinni á ári, í október, er því hægt að nota þessi skip frá Rvík til Strandasýslu, og það aðeins til nyrzta hluta hennar, Trékyllisvíkur.

Til Húnavatnssýslu fjórum sinnum, í janúar, júlí, september og október.

Til Skagafjarðarsýslu þrisvar, í júlí, október og nóvember.

Til Eyjafjarðarsýslu 5 sinnum, í janúar, júlí, september, október og nóvember.

Til Suður-Þingeyjarsýslu einu sinni, í september.

Til Norður Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu *aldrei*.

Svona er nú séð fyrir þessu, og skal eg enn nefna eitt dæmi.

Fjöldi námsfólks og kaupafólks víðsvegar af Norður- og Austurlandi þarf að komast til Reykjavíkur í september. Nú er öllu svo vísdómslega niðurraðað, að ekkert skip, hvorki sameinaða gufuskipafélagsins né Thore, kemur frá Norður- eða Austurlandi til Reykjavíkur í september, nema strandferðabátarnir. En með þeim má heita frágangssök að ferðast, sökum þess, hve langan tíma það tekur.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta Thoremál. Eg hefi sýnt, að skilyrði fjárlaganna fyrir 10 ára samningi eru að engu höfð, að Thoreferðirnar eru að öllu leyti *lakari*, ekki »mun betri«, en þær er í boði voru af hálfu þess sameinaða. Hér er um tvent að gera. Annaðhvort að ógilda samning þann, er ráðherra hefir gert við Thore, og það væri auðvitað *réttast og bezt*, eða ef það þykir ekki tiltækilegt, þá að stjórn sú, sem nú tekur við, geri alt sem unt er, að fá fyrirkomulaginu breytt í viðunanlegra horf. Að eiga að búa við þetta ástand í 10 ár, munu allir játa að sé óþolandi, og sá ráðherra, sem valdið hefir slíku á sannarlega ekki að sitja í stjórnarsæti lengur.

Eg veit nú að sumum kann að þykja eg vera orðinn nokkuð langorður, og þó er ærið margt ótalið enn, af því sem ráðherra hefir til saka unnið, og vert væri að skýra frá. En eg skal láta nægja að minna á nokkur atriði, svo sem *silfurbergsmálið*, sem allmikið umtal hefir orðið um, og eflaust hefir margt misjafnt að geyma, *gæzlustjórahringlið*; þeir voru 7 við landsbankann á minna en 3 mánuðum, frá 22. nóv. 1909 til 15. febr. 1910, og munu allir sjá, hvaða gagn muni vera að alókunnugum mönnum í þeirri stöðu, auk þess sem þeir, er ráðherra setti til starfsins, voru allir ólöglegir.

Stórri upphæð af Thorkillisjóðnum hefir verið varið til útgáfu dýrrar bókar, sem fáir lesa og engir kaupa. Það fé er tekið af fátækum börnum.

Alþýðudaður og lýðskrum ráðherrablaðsins, og stöðug viðleitni þess, að vekja tortrygni gegn embættismönnum landsins gæti verið efni í langt mál; en eg verð að láta mér nægja að minna aðeins á það.

Eg ætla ekki að tala um lögbrotin, sem hæstv. ráðherra hefir framið á háyfirdómaranum, og heldur ekki um 6000 kr. fjárlagabrotið; eg skal ekki heldur fjölyrða um viðskiftaráðunautinn, og heldur ekki um það, að hvert bein, smátt og stórt, hefir verið gefið flokksmönnum. Má þar til skýringar nefna marga póstmála starfsmenn og launahækkanir slíkra manna. Og þá ekki síður starfsmannafjölgunina við landsbankann. Eitt blaðið kallaði landsbankann um daginn forsorgunarstofnun þurfandi ráðherra-fylgifiska, og sýnist það ekki vera rangnefni.

Eg hefi hér að framan sýnt það, að ýms atriði í ráðlagi ráðherra eru svo vaxin, að þau, hvert fyrir sig, eru nægileg til þess að gera þessa fyrirliggjandi vantraustsyfirlýsingu réttmæta og sjálfsagða, og mér þykir ótrúlegt, að nokkur alþingismaður þori að taka á sig þá ábyrgð, sem það hefir í för með sér að að leyfa núverandi ráðherra að sitja lengur að völdum.

Afleiðingar þessara tveggja ára eru margar og slæmar. Við höfum mist virðingu allra þeirra, er nokkuð þekkja

til okkar, og það sem er enn verra og hættulegra, við höfum glatað virðingunni fyrir sjálfum okkur. Í hitt eð fyrra datt engum í hug, að nefna sem ráðherraefni annað en verulega tilkvæmdarmenn. En nú er svo komið, að menn á strætum og gatnamótum leyfa sér að nefna hina og þessa óvalda pólitiska labbakúta, sem ráðherraefni. Svo lítils metum við sjálfa okkur nú.

Eg sagði hér í þingdeildinni 23. febr. 1909, þegar ræða var um vantraustsyfirlýsing þá, er fram var borin að ástæðulausu yfir H. H.: Verk það, sem hér er verið að vinna, er hið mesta óhappaverk.

Það er hugboð mitt, að þetta sé aðeins einn hlekkur í samanhangandi keðju samskonar verka.

En eg hefi sagt þetta nú, til þess að geta sannað síðar, að eg hafi séð fyrir, hvað er í aðsigi.

Þetta, sem eg sagði þá, hefir fyllilega rætst, hver óhappa atburðurinn hefir rekið annan. En nú vona eg að fari að rætast úr, og að ekki líði á löngu, þangað til við getum litið á þessi tvö síðustu ár, sem ljótan, liðinn draum.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og kunnugt er, er eg hvorki í háttv. meiri né minnihlutaflokki á þessu þingi og hafa framsögumenn þeirra hér í þessari háttv. deild því eigi talað í umboði mínu í þessu máli.

Frá því að eg fór fyrst að gefa mig við stjórnmálum, hef eg hallast að stefnu þess flokks, sem hæstv. ráðherra var mikilsmetin máttarstoð í og fyllti eg þann flokk á þingunum 1901—'03—'05 og '07. Svo kom sambandsmálið til sögunnar; þá klofnaði þessi flokkur og eg gat eigi lengur fylgt meiri hluta hans og þá skildu leiðir hæstv. ráðherra og mín.

Eins og ástatt var á þinginu 1909 féll mér ráðherravalið ekki illa og eg gerði mér góðar vonir um stjórn hæstv. ráðherra að ýmsu leyti, þótt eg hins vegar dyldist þess eigi, að hann myndi fá við ýmsa erfiðleika í stjórn sinni að stríða sakir þess, hversu meiri hluta þeim á þinginu var háttað, sem hann átti við að styðjast. En eg hef orðið fyrir ærnum vonbrigðum og það svo, að eg verð því miður að fallast á margar aðfinningar framsm. meiri hlutans (B. Sv.), og næstum allar aðfinningar framsögum. minni hlutans (J. J.), sem fram hafa komið við stjórn hæstv. ráðherra.

Eg hef orðið fyrir þeim vonbrigðum, að sjá þennan mann, sem eg mat svo mikils, ekki að eins gera sig sekan í öllu því sama, sem hann, manna mest og kröftuglegast, vítti hjá fyrirrennara sínum og sumt ekki að ástæðulausu, að því er mér virtist, heldur jafnvel fara þar langt fram úr honum.

Eg vil ekki gefa tilefni til neinna æsinga í þessu máli, því orðasennur eins og þær, sem áttu sér stað í háttv. Ed. í fyrra dag, eru ekki sóma þingsins samboðnar, og ekki vil eg heldur að nauðsynjalausu draga menn og málefni inn í þessar umræður; fyrir því nefni eg ekki nú þegar dæmi til þess að rökstyðja með það, sem eg hef sagt, en á þeim skal ekki standa, ef krafist verður.

Eg ætla nú ekki að fara að að rekja stjórnarferil hæstv. ráðherra og finna að honum; það er búið og eg læt mér nægja skírskotun mína hér að framan; en framkomu hans í eina átt verð eg að minnast á, því að hún hefir ekki verið nægilega vítt áður, hvorki í ritum né í umræðunum í dag, og á eg þar við framkomu hans gagnvart embættisstétt þessa lands.

Hæstv. ráðherra hefir nefnilega freklega misboðið þessari stétt, bæði í ræðum og riti, einkum í blaði sínu »Ísafold». Hann hefir reynt til þess að koma þeirri trú inn hjá alþýðu, að embættismennirnir væru menn, sem eingöngu hugsuðu um eigin hagsmuni, sætu

á svikráðum við alþýðuna og reyndu að kúga hana og gera sér undirgefna og að hann, — hæstv. ráðherra — yrði að heyja baráttu við þessa stétt til þess að verja alþýðuna.

Þetta er ljótt! Þetta er ósæmilegt! Æzti embættismaður landsins slær á þá lægstu strengi í manninum — öfundina og tortryggnina — til þess að reyna að hnekkja áliti og áhrifum samverkamanna sinna og gera þeim ókleift að gegna starfi sínu, en afla sjálfum sér skrílhylli, því að aðrir en hinn aumasti skrill láta ekki ginna sig með þessum brellum. Meðalgreindir og upplýstir alþýðumenn láta eigi blekkjast af þeim. En það er jafnframt stórhættulegt fyrir þessa þjóð. Tækist að svifta hana tiltrúnni til og virðingunni fyrir þeim, sem settir eru til að gæta laga og réttar í landinu, leiddi það til óstjórnar. Auk þess er það, sem betur fer tilhæfulaus hégómi, svo að eg noti orð, sem hæstv. ráðherra er tamt að nota.

Embættisstétt þessa lands er skipuð heiðursmönnum, sem ekki vilja vamm sitt vita, og sérstaklega vil eg taka það fram, að sýslumennirnir, sem sérstaklega hefir verið beinst að, eru valinkunnir sæmdarmenn, sem njóta virðingar og trausts þeirra, sem eiga saman við þá að sælda og til þekkja. Og þó nú svo væri, að embættisstéttin væri þannig skipuð, að alþýða manna ætti í vök að verjast gegn henni, þá væri h. ráðherra ekki sá maður, sem treystandi væri til þess, að halda á máli alþýðunnar í því efni; til þess skortir hann bæði þekking og þor. Hvaða ótti ætlið þið t. d. að sýslumönnum standi af eftirliti þess manns, sem á eftirlitsferðum sínum verður að reiða í vasa sínum skrá útbúna af aðstoðarmönnum sínum, yfir þær bækur, sem sýslumenn eiga að halda? Hvert skyn myndi sá maður bera á það, hvernig bækurnar eru haldnar?

Þá hefir hann og sýnt það, að hann hikar sér við að láta lögin ná jafnt til allra, þótt margt hafi hann talað og látið skrifa um hið gagnstæða. Því til sönnunar vil eg benda á það, að þrátt fyrir það, þótt hann hafi sjálfur dæmt bankastjórnina fráviknu seka í »margvíslegri, megnri og óafsakanlegri óreglu í starfsemi sinni í stjórn bankans og frámunalega lélegu eftirliti með honum« og símað þann dóm sinn út um land alt og til útlanda, hefir hann þó ekki látið hana sæta sakamálshöfðun, sem skylda hans var, ef dómurinn var réttur, því eftir 144. gr. sbr. 145. gr. í hinum almennu hegningarlögum þurfa eigi nándar nærri svona miklar sakir að vera fyrir hendi til þess að áfellisdómur verði á þeim byggður.

Hvers vegna átti sakamálshöfðun sér eigi stað hér?

Efast nokkur um, að hæstv. ráðherra hafi verið sannfærður um réttmæti dóms síns?

Nei, sannleikurinn er sá, að af því að hér áttu í hlut embættismenn, sem voru búnir að sýna það, að þeir tækju ekki þegjandi við því, sem að þeim var rétt brast hæstv. ráðherra þor til að láta lögin ná yfir þá. Berið þetta saman við sakamálshöfðunina í Tálknafirði, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) mintist á áðan.

Eg segi eins og háttv. framsögumaður minni hlutans (J. J.): Þótt ekki væri annað en þetta, væri það næg ástæða til þess að greiða þingsál.till. atkv.

Eg er nú orðinn langorðari en eg ætlaði mér og skal því láta hér staðar numið.

Ráðherrann (B. J.): Eg vil biðja virðulega þingdeild að afsaka, að eg fer aftan að siðunum og fæst fyrst við síðasta númerið, ræðu vinar míns, hins stórvirðulega sýslumanns (Jóh. Jóh.) Það var skopleg roka, sem frá honum kom,

um ofsóknir og svívirðingar af minni hálfu gegn embættismönnum landsins. Eg hlýt að spyrja: Er manninn að dreyma eða hversvegna talar hann þann veg út í hött? Eg veit ekki til, að eg hafi mína ráðherratíð mælt öfugt orð um sýslumenn eða aðra embættismenn; ef ástæða hefði verið til að taka í taumana vegna embættismensku þeirra, mundi eg hafa farið embættisleiðina. Kynlegt finst mér það, ef eg á að vera óhæfur til eftirlits með sýslumönnum vegna þess, að eg á eftirlitsferð minni hafði með mér skrá yfir bækur þeirra; það hafa þó hingað til allir eftirlitsmenn gert, bæði stiftamtmenn og amtmenn sér til minnis og glöggvunar, enda þori eg að fullyrða, að þó eg sé ekki eða hafi ekki verið sýslumaður, — sem víst mun vera eitthvað mikið — þá get eg þó vel séð, ef bækur þeirra eru stórhneykslanlega eða sviksamlega haldnar. Þessi aðdróttun er því hin skoplegasta fjarstæða og öfgar, en ef til vill hefir hinn virðulegi þm. átt við einhverjar nafnlausar greinar í einhverju blaði og þá dreymt að það hafi verið í Ísafold, og eignað mér þær. Hann veit þó mikið vel, að eg hef fargað Ísafold; og þó að sonur minn sé eigandi og ritstjóri blaðsins, þá er það ekki sama og eg væri það. Hann er allsendis óháður mér, enda kæmi mér ekki til hugar að beita neinu valdi í því efni, þótt eg gæti það. Sannleikurinn er sá, að eg hefi mánuðum saman ekki ritað einn staf í Ísafold t. d. kom þar ekki nokkurt orð eftir mig alla þá stund, sem eg var utan nú síðast, ekki skemur en 4 mánuði. Að mann *dreymir*, að hann hafi einhverntíma lesið *einhverja* grein í *einhverju* blaði með óvirðingaryrðum um sýslumenn og *dreymir* að það blað hafi verið Ísafold og það hafi verið í minni ráðherratíð og *dreymir* að höfundurinn hafi verið eg, nafnlaus, — það eru svo miklir draumórar, að eg leiði minn hest alveg frá að eiga við að svara slíkum hégóma.

Þá á það að vera ein af dauðasyndum mínum, að eg höfðaði *ekki* sakamál móti gæzlustjórunum við landsbankann. Áður hefir mér heyrst, að það hafi verið dauðasynd að víkja þeim frá, nú er hitt líka orðið dauðasynd að láta *ekki* hefja sakamálsrannsókn gegn þeim. Eg hefi áður lýst því yfir, að eg telji menn þessa valinkunna sæmdarmenn, sem hafi ekki stungið 1 eyri í sinn vasa af því stórfé, sem bankinn hefir tapað í þeirra höndum, og hvers vegna skyldi eg hefja sakamálsrannsókn gegn mönnum, sem eg hefi slíka skoðun á? Eg þykist þá hafa svarað þessum heiðursmanni (Jóh. Jóh.).

Eg spurði sjálfan mig í morgun, er umræður hófust um þetta mál: Er þetta alvara eða er það gamanleikur? En nú þarf eg ekki að spyrja, — þetta *er* gamanleikur alt saman! Hér er verið að klína saman hrófatildri af fyrirslætti og yfirdrepsástæðum undir fyrirfram ráðna niðurstöðu í máli, fyrirfram ráðinn dauðadóm yfir mér, ráðinn og samþyktan af bandalagi því hinu nýja, er á hefir komist í því skyni hér í deildinni; þess vegna er verið að tildra öllum þessum ástæðum upp, þess vegna er öllu tjaldað sem til er, hve litilfjörlegt sem er, og ef fátt verður um föngin, þá er skáldað í viðbót, ýmist í snatri hér í deildinni eða þá að lánað er úr eldri skáldskap ýmissa sómamanna. — Öll ræða virðul. flutningsmanns (B. Sv.) var ákaflega skoplegt hrófatildur. Hann bar á mig eitthvað 8 eða 9 dauðasakir og taldi vitaskuld allar sannaðar, en því vil eg spá, að ef hann eftir nokkur ár lítur í ræðu sína, þá hljóti hann að spyrja sjálfan sig: Var eg *svona* mikill óviti þá, *svona* ofstækisfullur galgopi, *svona* hégómlegur heimskingi!

Hann talaði fyrst um forsetaförina, að eg þá hefði haft í frammi skjall og fagurgala við danska blaðamenn. Það var hin *fyrsta* dauðasök. Það er víst skjall, að eg talaði vel um Dani sem þjóð, sagðist ekki vera Danahatari, heldur þvert á móti hafa mætur á þeim, — en hélt þó tilslökunarlaust fram stefnu flokks vors og réttindum landsins! Það kann að vera glæpur, að tala vinsamlega til mótstöðumanna sinna. En eg hefi nú aðra skoðun. Eg tel það jafnan einu skynsamlegu leiðina til þess að koma máli sínu fram, hvort sem mótstöðumaðurinn er meiri máttar eða minni.

Þá á eg að hafa brugðist í sambandsmálinu, og fann flutnm. mér það fyrst til foráttu í því máli, að eg hefði ekki *mótmælt uppástungu* um, að *því máli* skyldi lokið á síðasta þingi með rökstuddri dagskrá. Þetta var í fullu samræmi við það, sem Dönum hafði verið skýrt frá í forsetaförinni, að enginn bilbugur væri á Íslendingum, þeir sætu fastir við sinn keip. Hins vegar lagði eg enga áherzlu á, að stefna vor kæmi fram með neinni skerpu í forminu, hvort heldur í frumvarpsmynd eða ekki, en fanst hitt miklu meira máli skifta, að vilji vor kæmi fram skýrt og skilmerkilega.

Þetta var nú *önnur* dauðasökin.

Þá á viðtal mitt við blaðamann frá »Politiken« núna í vetur að vera glæpur; þar gerði eg ráð fyrir, að flokkur vor mundi halda fast við hina sömu stefnuskrá, sem hingað til, en um skilnaðinn sagði eg, að eg byggist ekki við, að menn mundu telja þá leið færa að sinni, þó sagðist eg fremur *halda* þetta en *vita*, vegna þess, hve örðugt væri fyrir alþingismenn að tala sig saman fyr en á þing væri komið. Slíkt hið sama sagði eg í Atlantshafseyjafélaginu og gæti endurtekið það þann dag í dag. En eg þekki þetta vel, að hvað sem eg segi eða geri þar syðra, þá er það alt flutt heim rangfært, aflagað og litað í þágu virðulegra kappa í hinum herbúðunum, enda fær stúdent einn í Höfn 200 kr. laun fyrir það starf, að síma hingað alt það, sem honum getur hugkvæmst að verði mér eða mínum flokki eða málefni því, sem eg berst fyrir, til óþurftar. Síðan er þetta soðið upp og lagt út af þessu í máltólum virðul. mótstöðumanna minna. Allir vita, hvernig þeim blöðum er háttað; raunar er eg sjálfur þeim ókunnugur, — hefi sem sé árum saman haft þann sið, að lesa ekki einn staf í þeim, því að eins og eg vil ekki sjá annan mat á borð borinn en þann, sem hreinn er og sæmilega hollur, eins vil eg ekki nærast á öðru en hreinni andlegri fæðu, og þó að eg sé maður félítill, þá á eg þó svo mikið bókasafn, að það getur meir en enst mér um mína daga, þótt fleiri yrðu en líkur eru til, og því skyldi eg þá leggja mig niður við að lesa óþverra? Hlutverk þessara blaða er að flytja óþverra, róg, níð, svívirðingar og ósannindi um mótstöðumenn sína; ef til vill stendur eitthvað meira í þeim, eitthvað af fréttum t. d., en slíkt eru nóg ráð að ná sér í annan veg, og eg vil ekki hafa þau inn fyrir mínar húsdyr.

Næsta dauðasökin var, að eg hefði þokað fyrir konungsvaldinu í þingfrestunarmálinu, og var auðheyrt, að flutnm. ætlaðist til, að eg hefði heldur átt að falla en slaka til í því máli. Eg hefi heyrt á fleiri flokksmönnum mínum, að þeir hafa viðlíka skoðun. — Eg vil skjóta því inn hér, ef þessi orðrómur um tilslökunarsemi mína í þessu máli kynni að vera runninn frá dönskum blöðum, að á þeim er aldrei mark takandi, er til íslenzkra mála kemur, því að það vita allir menn með heilbrigðum skiln-

ingarvitum, að þau eru nærð héðan heiman að úr hinum herbúðunum, en eru sjálf allsendis ófróð um íslenzk mál. Nú um langa hríð hafa þau nálega ekkert annað flutt en níð um meirihlutann og mig, og hefir níðið ýmist verið símað héðan, eða nokkrir þar til kjörnir landar í Höfn hafa birgt þau að þeim forða. Vanagangurinn er víst sá, að einhverjum óhroðanum úr máltólum minni hlutans hér er snúið á dönsku og það símað til Hafnar; það sem á vantar sjá svo erindrekar minnihlutans í Höfn um; nýlega hafa dönsku blöðin orðið fyrir því happi, að næla sér í tíðindamann, sem fyrir skemstu var leppur hér heima fyrir einu af aðalmáltólum minnihlutans, sem mestmegnis var ritað af einum stórhöfðingja úr minnihlutanum, sem var svo lítilþægur að fela sig í skúmaskoti bak við leppinn.

Þá mintist flutnm. á botnvörpusektirnar og sagði hann sögu þess máls á líkan hátt og sumir hafa áður gert. Hann hafði þau orð, að eg hefði látið hafa mig til að setja botnvörpusektaathugasemdina inn í fjárlögin. Fróðlegt væri að vita, hvað sannleikselskandi og óhlutdrægir menn segja um þetta, þegar ofstækisvíman er horfin. Þegar þetta ákvæði var fyrst samþykt, vissi hvorki eg né aðrir annað, en að þetta væri óþarfadaður við danska stjórnmálahöfðingja, eins og allir vita að það er ofan í íslenzk lög. Það var samkvæmt tillögu fyrirrennara míns, að þetta komst inn í fjárlögin, en á þinginu 1909 var þetta nýmæli aftur strikað út úr fjárlögunum, vegna þess að þingmenn vissu mjög ógerla, hvernig það var undir komið. Eitthvert hjal heyrðist þó um einhverjar bollaleggingar, sem fram hefðu farið milli ráðuneytisforsetans danska og Íslandsráðherra. Svo líður fram að þeim tíma, að fjárlögin skyldi bera upp til konungsstaðfestingar, og þá kemur það upp úr kafinu, að Danir teljast sviknir og tala um samningsrof eða samkomulags, sem gilda hefði átt um aldur og æfi. Sumir höfðingjar í í minnihlutaherbúðunum hér fóru að tala um fjárlagasynjun, er væri í vændum út af þessu og skipun viðskiftaráðunautsins, og svo mikill fagnaðarauki var þeim tilhugsunin um þetta, að einn þeirra á að hafa hrópað upp yfir sig í stóru samkvæmi: »Og saa skal vi se Löjer«. Hann mun hafa hlakkað svo yfir væntanlegum afleiðingum af synjuninni, sem voru: aukaþing þá um haustið og þar með augljós forlög ráðherra. Svona var nú þjóðræknin þá, ekki kviðið, heldur hlakkað yfir slíku böli og kostnaði fyrir þjóðina. Eg minnist ekki, að eg legði trúnað á þetta hjal, þótti þúfa sú of lítil til að valda slíku hlassi; en til að mýkja málið talaðist svo til milli mín og stjórnarinnar, að eg lofaði að bera málið aftur undir næsta þing, án þess þó að lofa að veita því fylgi mitt og enn þá síður hét eg neinu um að útvega Dönum neitt af botnvörpusektunum frá árunum 1909 og 1910, eins og skáldað hefir verið af einum tilberanum í Höfn. Frekara hefir ekki gerst í þessu máli, hér er ekki um neitt nýtt samkomulag að ræða, að eins hitt, að málið er af nýju borið undir alþingi vegna nýrra skýrslna, sem hið danska ráðuneyti hefir gefið í málinu, nefnil. að Danir líta svo á sem hér sé um samning eða samkomulag (overenskomst) að tefla; eg hefi hvorki gert að neita þessu eða samsinna, en að eins heitið því að bera málið enn af nýju undir alþingi til frekari athugunar. Það er þá öll óhæfan, að eg hefi tekið gamla athugasemd inn í fjárlögin aftur, eftir að eg af bréfi fyrverandi ráðuneytisforseta, J. C.

Christensen hafði komist að raun um, að það var engin furða, þótt Danir teldu sér það vonbrigði, er alþingi feldi margnefnda athugasemd úr fjárlögunum. Þar með er það mál fullskýrt.

Ein meiri háttar dauðasök á það að vera, skilst mér, að eg sagði á fundi hér í fyrra, að samningur eða samkomulag hefði verið gert um þetta mál; annað sagði eg ekki, og víst er að Danir líta svo á samtal ráðuneytisforsetans og Íslandsráðherra, sem svo hafi verið. Hins vegar er það föst regla, að ákvæði, sem komin eru inn í fjárlög samkvæmt samkomulagi við annan málsaðila, eru ekki burtnumin aftur af öðrum aðilanum, nema hinum hafi verið veitt vitneskja um það og hans samþykkis leitað. Eftir ströngum lagaskilningi getur þetta ekki heitið samningur, en ekki er það óeðlilegt, þótt Danir hafi litið svo á.

Eg skal engu spá um afdrif þessa máls hér á þinginu, en vil leyfa mér að benda á það eitt, að ef þingmenn kjósa sér ekki þarflausan fjandskap við Dani, þá er rétt að slaka hér til. Eg mundi því ekki telja illa farið, þótt þetta yrði samþykt, því að það horfir heldur til að draga úr misklíðinni milli þjóðanna, enda er hér ekki um bein útlát frá vorri hálfu að tefia, heldur um skifting á eins konar lotterívinningi.

Þá skal eg snúa mér að viðskiftaráðunautnum. Litið númer, bygt á misskilningi. Þegar fram kom á þingi fjárveiting til viðskiftaráðunauta, var óðar símað til Danmerkur, að þokkapiltarnir þeir, sem feldu uppkastið fræga, ætluðu nú að bæta gráu ofan á svart og fara að skipa íslenzka konsúla. Danir urðu ókvæða við, sem nærri má geta, þeirra (ɔ: Danastjórnar) órengdur réttur er, að skipa konsúla fyrir alt ríkið. Þetta var því vel til þess fallið að egna þá til fjandskapar. Blað í Svíþjóð, oss einkar vinveitt, er Ragnar Lundborg stýrir, varaði sig ekki á öðru en að þetta væri satt, og segir að þá hlyti konungur að hafa fallist á þetta. En auðvitað var þetta tómur skáldskapur. Það vita þeir sem til þekkja. En Danir settu þetta vel á sig. Altaf var verið að ala á þessu. Þegar átti að bera fjárlögin upp til staðfestingar fór utanríkisráðherrann að grenslast eftir, hvernig væri um þessa konsúla. Var honum þá sagt hið sanna. Ennfremur var honum sagt, að viðskiftaráðunautnum væri sett erindisbréf, sem bannaði honum meðal annars að vinna nokkur konsúlastörf, og var honum lofað eftirriti af því til sannindamerkis um það. Eg get sagt frá privatviðtali því, er eg þá átti við utanríkisráðherrann. Hann sagðist vonast eftir að ekki yrði skipaður í þetta neinn Danahatari. Eg hét því með ánægju, en hinsvegar sagði eg að það yrði víst maður, er fylgdi sömu stefnu og eg, líklega þingmaður, en því færi fjarri, að allir sjálfstæðismenn væru Danahatarar. Svo leið og beið. En er út á veturinn kom, kom kvörtun frá utanríkisráðherranum, sem þá var nýr maður (E. Scavenius) yfir því, að viðskiftaráðunauturinn hefði rægt Dani í Noregi. Kvörtun þessi kom til af því, að í ómerkilegu norsku blaði, útkjálkablaði, hafði staðið eitthvað, er viðskiftaráðunauturinn átti að hafa sagt í erindi um Ísland, er hann flutti í Noregi. Auðvitað var þetta rangt hermt hjá blaðinu, því að það hafði alls ekki staðið í fyrirlestrunum. Viðskiftaráðunauturinn átti að varast alla áreitni við Dani, og því fylgdi hann að minni vitund. Eg svaraði utanríkisráðherranum, að líklega væri þetta rangt hermt hjá blaðinu, en ef satt væri og hann léti ekki af slíku, mundi hann verða kvaddur heim samkvæmt erindisbréfinu. En svo uppgötvaðist að ekki var búið að senda utanríkisráðherranum eftirritið af

erindisbréfinu, það hafði gleymst. Það var svo sent, og um leið komist svo að orði, að leitt væri það skyldi hafa gleymst. Nú er það kátlegt atvik, að þegar farið var að skýra frá þessu í ónefndu blaði, þá er látið standa í bréfi stjórnarráðsins, að gleymska sú hefði verið »mikið sorgleg«. En þar hafði aðeins staðið að það væri »beklageligt«. Allir, sem kunna nokkuð í dönsku, vita hvað orðið »beklageligt« þýðir í því sambandi, það þýðir ekki á íslenzku sorglegt, heldur »því miður« eða því um líkt, og er það algengt kurteisisorðatiltæki og annað ekki. Út af þessu er svo fult af ákúrum í minn garð. Eg átti að hafa gefið utanríkisráðherranum auðmjúkt svar, en svaraði ekki öðru vísi en kurteis maður er vanur að svara kunningja sínum og embættisbróður. Viðskiftaráðunauturinn hafði í raun réttri ekki gefið neina átyllu til umkvörtunar. Svo var þagað. Engin ástæða til að rekast í þessu framar. Sú er nú þessi dauðasökin.

Svo hygg eg, að virðul. framsögumaður hafi farið út í bankamálið. Hann á þó dálitið erfitt aðstöðu hér, því að til skamms tíma mun hann hafa verið á bandi með mér í því máli. En hvað gerir hann? Hann fer að tala um útbú Íslandsbanka á Akureyri. Kennir stjórninni að bankastjóri stal úr bankanum. Átti hún að halda vörð við bankann? Virðulegur flutningsm. (B. Sv.) vítti stjórnina fyrir að hafa vanrækt skyldu sína með því, að hafa ekki látið rannsaka málið. En maðurinn var sagður dauður. Eftir þeirri vitneskju, er eg fékk í sumar, þá er eg var staddur á Akureyri, er alkunnugt, hversvegna ekki náðist í hann. Hann fól sig í kofa. Það sagði virðul. 6. kgkj. þm. (St. St.) mér. Benti hann mér á kofann um leið og hann sagði: »Þarna sat hann í 3 vikur og horfðist í augu við okkur hérna« (í gagnfræðaskólanum). Slíkt varast enginn. En svo vitnaðist síðar, að hann var strokinn en ekki dauður. Hafði leynst burt á skipi og farið til Ameríku. Bankinn var rannsakaður þá, og ekkert annað við hann að athuga. Flutningsm. þegir um það, að þá er bankinn var rannsakaður hér, voru sendir menn til þess að rannsaka útbúið á Akureyri. Með þessu gerði stjórnin sína fylstu skyldu. Hefðu einhverjar misfellur verið, hefðu þær komið fram. Við Íslandsbanka var ekkert annað að athuga en þjófnaður þessi. Það geta allir stolið. Undir eins og það vitnaðist, að bankaþjófurinn var strokinn, voru sendar út auglýsingar um það, og það hafði þau áhrif, að maðurinn fanst í Canada fyrir 4—5 mánuðum. Uppgötvaðist hvar hann átti heima þar. Landsstjórinn í Canada sendi utanríkisráðherranum í Lundúnum tilkynningu, en hann aftur utanríkisráðherranum í Khöfn og hann gerði Íslandsráðherra viðvart um það, — hann var þá staddur í Khöfn. Því næst voru gerðar ráðstafanir til að fá bankaþjófinn sendan hingað heim til þess að fá hann dæmdan og láta taka út hegninguna. Frekara veit eg ekki að svo stöddu. Sennilega næst maðurinn og verður sendur hingað til landsins. Eg get fullyrt, að landsstjórnin hefir gert sitt ítrasta í þessu máli. Alls ekki vanrækt neitt.

Enn er eitt brigslið á hendur mér, að maður vestur í Tálknafirði hafi verið dæmdur út af 25 aurum. Eg veit ekki hvort virðul. flutningsm. (B. Sv.) er kunnugt um atvik að þessu. Sé svo, er það harla lítilfjörlegt að koma með þetta. Það var búið að afgreiða mál þetta hér í stjórnarráðinu, áður en eg fékk að sjá það. Málið er nú í yfirrétti. Mesta hégómamál, er aldrei hefði átt að

fara á stað með. Það er sagt fyrir vestan, að þetta sé ekki annað en pólitísk ofsókn gegn manninum, sem er meirihluta maður. Eg tel það formlega rétt, að próf voru haldin í málinu, en að efni til er það hinn mesti hégómi.

Þá hefir háttv. flutningsm. (B. Sv.) komið að síðustu dauðasökinni, sem er sú, að undirbúningur lagafrumvarpa fyrir þetta þing fór að miklu leyti fram í Danmörku. Sú dauðasök, sem altaf hefir viðgengist, og auk þess er hálfur sannleikur. Sumt af frumvörpunum er samið hér, en sumt í Danmörku. Hafa frumvörp aldrei áður verið samin á dönsku í Danmörku og svo komið hingað og verið lögð út á íslenzku hér? Það var gert þá er fyrirrennari minn var við völdin. En að meira hafi verið um það en áður að jafnaði, er að kenna lasleika mínum. Eg fór hans vegna fyr héðan til Khafnar, en ella mundi, og vann því þar að frumvörpunum að miklu leyti. Eg ætlaði að hafa þau fyr tilbúin, en gat það ekki. En batna gerði mér í utanförinni, sem betur fór, og er nú vel hraustur. Eg get ekki að því gert, þótt sumum muni líka það miður.

Eg vil bæta því við fyrir þá, sem ekki vita það, að það hefir sparnað í för með sér að semja lögin á þessum óheillastað (Khöfn), því þá þarf aðeins að prenta danska textann. Þegar eg kom heim lét eg þingmenn og fjölda marga aðra vita, að þeir gætu fengið frumv. í stjórnarráðinu þegar í stað á dönsku, og smámsaman á íslenzku, jafnóðum og lokið væri prentun þeirra. Þetta er fullkomlega löglegt og hver maður tekur þetta gilt, nema sá, sem vill fá einhverja yfirdrepsástæðu til þess að ráða mig af dögum.

Í sambandi við þetta vil eg minnast á eina dauðasökina enn. Það er sú að eg hafi ekki komið fram með stjórnarskrárbreytingarfrv. Eg hefi áður gert grein fyrir, hvernig á því stendur. Það er álit mitt, að stjórnarskrármálinu sé betur borgið, með því að bera það ekki upp í ríkisráði fyrst og eiga á hættu, að því verði gerbreytt á eftir hér á þingi. Eg þurfti að bera mig saman við flokksmenn mína um breytingarnar. Eg ætla mér að vinna með öðrum góðum þingmönnum að stjórnarskrárbreytingafrv. og vona, að ekki líði langur tími, þangað til mér gefst færi á því, ef bráðlega slotar Hjaðningavígunum, sem nú hafa staðið frá þingbyrjun.

Síðast en ekki sízt hafa mér verið borin mörg brigzl og ónot sökum þess, að eg hafi látið sjá mig í Skrælingjafélaginu, sem öðru nafni nefnist Atlantshafseyjafélag. Eg hefi aldrei verið í því félagi, þótt eg hafi oft átt kost á að ganga í það. Þar eru margir góðir menn bæði Íslendingar og útlendir og tilgangurinn er góður, þó hann fari nokkuð í aðra átt en eg mundi kjósa. Eg þarf enga afsökun að gera, þótt eg kæmi þangað. Eg kom þangað eftir vinsamlegu boði frá stjórn þess til að hlýða á erindi um samband Íslands og Danmerkur, er vinur minn einn, Arne Möller lýðháskólastjóri, sem ferðaðist hér um land í sumar sem leið hélt, og flutti fyrirlestur um oss heimkominn og ritaði um oss mjög vingjarnlega. Eg var boðinn og það hefði verið dálítið undarlegt ef eg hefði ekki komið til þess að hlýða á erindi þetta, af þeirri ástæðu einni, að fyrirlesturinn var fluttur í húsi félagsins. Hr. A. M. dró vorn taum í erindi sínu og sagði að oftast valdi báðir þegar tveir deili, en hér mundi Dönum þó meira um að kenna. Út af þessum ummælum reis upp einn Stórdani, sem hefir verið þingmaður áður, en féll við síðustu kosningar. Maður þessi var Schack höfuðsmaður; hann hefir verið foringi á varðskipinu hér fyrir nokkrum árum

og gat sér þá góðan orðstír. Þingmenn héldu honum þá veizlu hér. Sem þingmaður kom hann mjög óviturlega fram í vorn garð. Nú reis hann upp með þjósti miklum og kvaðst ekki geta hlustað á það, að Danir séu hafðir fyrir rangri sök. Landvarnarflokkurinn, sem sé minn flokkur, hafi nýlega ályktað að gera skilnað við Dani. Eg rói þar sjálfsagt undir, eins og minn sé vandi. Þessu mátti ekki vera ómótmælt. Símskeytið um fundarályktun Landvarnar hafði staðið í »Nationaltidende«, meðan eg var yfir á Englandi og eg hafði enga hugmynd um það. Eg sagði að minn flokkur héti ekki Landvarnarflokkur heldur Sjálfstæðisflokkur. Eg geti ekki sagt um, hvað muni gerast, en það sé hugboð mitt, að skilnaðarstefna muni ekki verða ofan á á næsta þingi, heldur muni stefnuuni frá 1909 verða haldið áfram. Annað en þetta sagði eg ekki þar og geta þeir Íslendingar, sem á fundinum voru vitnað um þetta. En tilberinn í Kaupmannahöfn hefir rangfært þetta eins og annað. Seinna bætti eg því við, þegar fleiri höfðu tekið til máls, að mér hefði alls ekki komið ræða Schacks höfuðsmanns á óvart, því á þingi í fyrra hefði hann haldið ræðu um Ísland og íslenzkt stjórnarástand, sem hefði verið »lutter Taabeligheder og Uetterretteligheder«. Eftir fundinn kom hann til mín og sagðist vonast til, að eg væri sér ekki reiður. Eg sagði, að hann nyti þess, að eg vissi, að hann hefði ekki talað af neinni illgirni í vorn garð, heldur hefði óhlutvandir strákar látið þessa vitleysu í hann. Daginn eftir sagði einn merkur stjórnmálamaður við mig, að eg hefði ekki átt að vera að svara Schack. Hann gæti vel verið »en flink Röverkaptain«, en hann væri »ganske umulig som Politiker«.

Í sambandi við þetta skal eg minnast á alþýðufyrirlestrana, sem eg flutti á Jótlandi og mér er einmitt fundið til foráttu. Svo stóð á því, að eg sagði einhverntíma við Appel kenslumálaráðherra, er stýrði áður lýðháskólanum í Askov, að mig langaði til þess að sjá þá stofnun, er vér ættum hið bezta til að segja. Hann lét vel yfir því, og bað mig taka þar til máls, ef eg kæmi þar. Eg hét því. Eg fór þangað. Það var var mæta vel tekið á móti mér. Eg talaði þar »um daglegt líf á Íslandi« og var látið vel af því. Daginn eftir heimsótti eg Árna Möller í lýðháskóla hans og flutti þar hér um bil sama erindi og var látið vel af því þar líka. Eg flutti þessar tölur minar undirbúningslaust, og mintist þar ekki neitt á stjórnmál. Hvar er dauðasök í þessu? Eg botna ekki í því! Það skyldi þá vera, að stefnuskrá þessara manna sé, að viðureignin við Dani eigi að vera fólgin í því að berja í borðið hér á Íslandi, og gera harðar og óvægilegar kröfur og hafa ill orð um Dani; annað munu þeir kalla flokkssvik.

Borðið knefum barði
Benedikt, svo hrikti
— — í málréfshjalli.

Eg virði þann Benedikt, sem þetta var kveðið um, en það lítur út fyrir, að um þennan nafna hans megi kveða þetta með miklu meiri sanni.

Þessar 8 eða 9 dauðasyndir eru nú orðnar harla léttvægar. Þær eru ekki annað en fyrirsláttur, yfirdrepshjóm og átyllureykur. Hinni sönnu ástæðu er leynt, það þykir ekki henta að hafa hátt um hana.

Þá skal eg snúa mér að nágranna mínum, virðulegum fyrri þm. S.-Múl (J. J.) og þurfti hann tvær klukkustundir og 8 mínútur, en eg skal að minsta kosti reyna að vera hálfu stuttorðari. Eg var fyrst að hugsa um, hvort ræðumanni væri alvara eða gaman og eg veit það ekki enn, hvort heldur hefir verið. Í þessu sambandi þá duttu mér

í hug nokkrar alkunnar alþýðuvísur, er nefnast öfugmælavísur. Þar í eru meðal annars þessar stökur:

Eitur er gott í augnarann,
ýrt með dropa feitan.
Það er holt fyrir þyrstan mann
að þamba kopar heitan.

Í eld er bezt að ausa snjó,
eykst hans log við þetta.
Gott er að hafa gler í skó
þá ganga menn í kletta.

Séð hef eg kapalinn eiga egg,
álftina folaldssjúka.
Úr reyknum hlaðinn vænan vegg,
úr vatninu yst er kjúka.

En þetta kemur mér í hug af því, að hann hafði sýnilega vandað sig og eytt löngum tíma til þess að setja eintóm öfugmæli, eintóma rangliverfing á sannleikann, að svo miklu leyti sem það var ekki áður saman sett af sannlelksmáltólunum þeirra félaga í minni hlutanum. Mikið af því mun hafa verið þaðan. Hann byrjaði ræðu sína á því, að leggja út af gerðum mínum í Danmörku, og studdist þar að vanda við það sem tilberinn í Kaupmannahöfn hafði skáldað og staðið hafði í sannleiksmáltólunum hér. En þar var eins og ávalt hverju orði umhverft og var því auðvelt fyrir virðulegan þm. að bera fram eintóm öfugmæli, rangfærslur og vitleysur.

Ummæli hans út af návist minni á Atlantshafseyjafundinum voru hin sömu hér um bil og félagi hans hafði, sá er á undan honum talaði, og hefi eg svarað þeim. Sama er að segja um botnvörpusektamálið.

Þá er næsta dauðasökin, að eg hafi farið með bankamálið fyrir danska dómstóla. Það á þá að vera glæpur, að leita réttar síns lögum samkvæmt alt til hins æzta löglega dómstóls! Eg vil ekki hafa hörð orð, en eg vil að eins spyrja virðulegan 1. þm. S.-Múl. (J. J.), ef hann tapaði máli, sem næmi 20 þús. kr. og lögfróðir menn segðu honum, að hann mundi vinna það í hæstarétti, mundi hann þá ekki áfrýja því? Hér stendur svo á, að dómarar geta ekki verið óhlutdrægir. Eg veit, að það mun þykja ókvæði að segja slíkt um þá, en þeir munu vera rammir flokksmenn og úr þeim ham geta þeir ekki farið; það væri að gera þá að meira en ofurmennum og mikilmenskujötnum; það væri að gera þá að englum. Enginn segir, að þeir geri það vísvitandi, en máttur venzla og flokksofstækis er svo mikill, að þeir fá alls ekki við ráðið, hvað fegnir sem þeir vilja.

Eitt atriði, sem hann fann að, var það, að eg hefði verið þriðjung ársins í Danmörku, og að eg hafi undirbúið stjórnarfrumvörpin þar. Eins og það hafi ekki verið oft áður og ekki þótt nein óhæfa, og því síður er það aðfinsluvert eða hægt að gera númer úr því, þegar kunnugt er, hvernig á því stóð. Það er vitanlega hægt að vinna Íslandi til þarfa í Danmörk og ekki sjálfsagt að Ísland þurfi að hljóta ilt af því að stjórnandinn sé þar fleiri vikur en brýn þörf er á. Annars eru undarleg þessi óp heimastjórnarmanna um að ekkert sé hægt að gera nema á Íslandi, en þeir gæta ekki að því, hvort hér séu betri tæki en þar til að vinna, gá ekki að því, að í Danmörku eru menn eins og á næsta bæ við allan heiminn um allar skýrslur og gögn. Úr því eg nefndi heimastjórnarmenn á nafn, sem gárungarnir eru nú farnir að kalla heimskustjórnarmenn eða Hafnarstjórnarmenn, þá er nógu gaman að geta þess, að um það nafn hjálpaði maður flokknum fyrir 10 árum, maður, sem nú er utan flokka og ekki hér á landi, til þess að þeir gætu blekt þjóðina á sér.

Þessu nafni þeyttu þeir út um alt land, og sögðu það markmið heimastjórnarmanna að fá ráðgjafann hingað heim, en þá sem meira vildu fá, nefndu þeir Hafnarstjórnarmenn. En eg vil kveða upp úr um það, að meiri Hafnarstjórnarmenn séu ekki til í þessu landi en einmitt helztu menn úr andstæðingaflokki vorum. Hjá þeim er alt bundið við Kaupmannahöfn og Danmörk. Eftir að ráðherrann kom hingað heim, voru þessir Hafnarstjórnarmenn þektir að því, að þeir vildu láta ræða íslenzk mál í dönskum blöðum. Dönsk blöð tóku því þegar að hlaða því óskapa lofi á ráðherrann, sem þá var, að ekki varð annað en brosað að. Þau gerðu fyrirrennara minn að slíku ofurmenni og þeim snilling, að þeir sem til hans þektu gátu ekki annað en hlegið að. En alt var undir því komið, að hann væri í góðu áliti þar. Þetta tókst þeim líka. Það kviknaði í Danmörku á honum nokkurs konar átrúnaður. Hann varð þar að reglulegu átrúnaðargoði. Til þessa stuðlaði líka bardagaaðferð vor andstæðinga hans, sem þá voru. Þeir mæltu aldrei misjafnt orð í hans garð þar. Þeir höfðu sem sé sett sér þá meginreglu í upphafi, að varast að minnast á hann annarstaðar en í innlendum blöðum. Heima ætluðum við að bítast, en ekki rægja hann erlendis. Hinir vissu, að alt mátti segja Dönum, enda alt gert sem hægt var til þess að hann fengi vinsældir í Danmörku. Árangurinn varð líka sá, að vinsældir hans þar í landi héldust alla hans tíð. Það þarf ekki lengra að fara en í síðustu kosningabaráttu, 1908. Þá bar það varla til, að ef hans flokkur beið ósigur á kjörfundum, að þess væri getið í dönskum blöðum. Það voru þá einhverjir landar í Kaupmannahöfn, sem vildu segja frá því, að hans flokkur hefði ekki alt af sigur. En blöðin tóku það ekki. Ritzau tók það eitthvað einu sinni. Þegar komið var með meira næst af sams konar fréttum, vildi hann ekki taka það. Hann sagði eitthvað á þessa leið: »Blessaðir verið þið, þessu hafa danskir blaðalesendur ekkert gaman að«. Svo þegar hann vann sigur í sínu kjördæmi, þá leit það út í dönskum blöðum, eins og hann hefði sigrað um alt landið, og úr þeim sigri var gert þetta voða númer, að eg er viss um, að vel hefði lánast að telja mörgum dönskum blaðalesendum trú um, að það kjördæmi væri sama sem alt eða mest alt landið. Kynni Dana af landinu eru nú ekki meiri en svo. Þeir þekkja ekki þessa eyju eða þennan hólma öðru vísi en í spéspegli. Þegar eg var á Jótlandi í vetur, sagði eg fólki til gamans sögur um vanþekkingu Dana á Íslandi. Þeir voru alveg hissa, að nokkru sinni hefði verið til svo vitlaust fólk. Eg sagði þeim sögu af amtmannsfrú einni, sem hefði ætlað til Íslands, og heimsótti vinkonu sína til að kveðja hana, og var þá spurð: »Ætlið þér landveg til Íslands eða sjóveg?«. Þetta er sönn saga. Hér lifir enn í bænum merkiskona, dóttir hennar, sem mér hefir sagt þetta. Margar fleiri sögur sagði eg. Ein var sú, að nýlega hefði kona í Kaupmannahöfn spurt Íslending að því í samkvæmi, hvort þeir skemtu sér ekki, þegar gott væri veður á kvöldin og tunglsljós, við að róa í kring um eyna! Þegar menn hafa svona hugmyndir um landið, þá er ekki að undra, þó hægt sé að koma inn hjá þeim misskilningi.

Þessi regla, sem eg gat um áðan að fylgt hefði verið af andstæðingunum í tíð fyrirrennara míns, var óðara lögð niður og skift var um ráðherra. Þá var farið að fylla dönsk blöð með látlausu níði og rógi um mig og minn flokk. Og það stafaði frá mönnum í hinum flokknum. Eg segi ekki að það hafi verið þingmenn eða helztu menn flokks-

ins, þótt það sé hyggja mín, að þeir hafi haft þar sumir hönd í bagga með. Það er t. d., að þegar rétt var að því komið að eg yrði ráðherra, safnaði maður í Kaupmannahöfn úrklippum úr dönskum blöðum með verstu skömmum um mig, allstórum bunka, og sendi á mjög háan stað, sem eg hirði ekki að nefna. Það átti víst að bæta fyrir mér, að eg næði í ráðherraembættið. En sá sem við tók var ólíkur þeim sem sendi. Hann las aldrei það sem í umslaginu var, ekki nokkurn staf; hann hafði þann viðbjóð á slíkri bardagaaðferð.

En svo eg snúi mér að meiri háttar máli, nefnilega landsbankamálinu, þá geri eg ráð fyrir, að öllum sé kunnugt hvenær hófst rannsókn á hag landsbankans. Það var undir þinglok 1909. Hún hófst lögum samkvæmt, eftir þeim lagastaf, að landsstjórnin mætti þegar henni þóknaðist láta rannsaka allan hag landsbankans. Þessa hefir ekki verið getið, hvorki hér í deildinni eða hinni deildinni. Það hefir líklega ekki þótt hlýða af þeim manni, sem þá tók til máls. Móti þessari ráðstöfun stjórnarinnar var þá þegar hafin mótspyrna, hvort hún hafi stafað af því, að $^2/_3$ af bankastjórninni voru nánustu venzlamenn fyrverandi ráðherra eða af öðrum ástæðum, það skal eg ekkert um segja. En eg og aðrir höfðu haft spurnir af, að ýmislegt væri þannig í stjórn bankans og starfrækslu, að ekki mundi vanþörf á að framkvæma þessi fyrirmæli laganna, því fyrirmæli eru það, þótt orðuð séu sem leyfi. Til þess var skipuð 3 manna nefnd — verkið fljótlegra fyrir 3 heldur en 1 eða 2. Í nefndina voru skipaðir 3 valinkunnir sæmdarmenn og eins fróðir um peningamál og frekast var kostur á hér. Út af þessu var þá undir eins vakinn geysiþytur á þingi, margar ræður haldnar, mörg digurmæli töluð og skáldleg orð. Mikið talað um háska þann, sem bankanum væri stofnað í með þessu, o. s. frv. Átti með þessu að bæla niður rannsóknina með þinglegu ofríki og láta hætta við hana.

Því hefir verið haldið fram hér í dag með óskiljanlegu áræði, að bankanum hafi verið stofnað í háska með þessari ráðstöfun, bæði utan lands og innan, en á það hefir ekki verið minst einu orði, hvaða háski hefði getað stafað af því, ef bankinn hefði verið látinn óskoðaður, ekki betra orð en fór af stjórnseminni og reglunni þar. Eg leit svo á, að það væri einkaskilyrði fyrir því, að bankinn kæmist í gott álit aftur, að svona skoðun færi fram. Reyndist þessi orðrómur um ólagið á ónógum rökum bygður, þá var betra að það kæmist upp, heldur en að óorðið héldi áfram. Hvernig sem á þetta mál var litið, þá var það sjálfsagður hagur fyrir bankann, að þetta væri gert, enda var fjöldi manna og allir óvilhallir sæmilega greindir menn á því. Auðvitað urðu nánustu vinir og vandamenn bankastjórnarinnar óðir og uppvægir, töluðu um, að þetta væri pólitísk hlutdrægni af mér og að eg væri að steypa bankanum í óálit utan lands og innan. Mótstaða þessi var að sjálfsögðu að vettugi virt, enda sýndi það sig, að engin vanþörf var á þessari skoðun. Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar sýndi það bezt. Það fór líka svo, að ekkert vantraust kviknaði á bankanum, hvorki utanlands né innan, nema hvað nokkrir menn, sem eg hefi áður sagt um, að hafi verið flokksmenn andstæðinga minna, reyndu að gera hræðsluaðsúg að bankanum með því að bera út mestu öfgar um, hvað mikið væri tekið út úr honum og fá menn til að taka fé sitt úr honum. Nokkrir fóru ef til vill sjálfkrafa, það skal eg ekki um segja, en yfirleitt reyndust lítil brögð að úttekt úr bankanum.

Einn mikilsháttar embættismaður úr andstæðingaflokknum sagði fyrsta kveldið eftir nefndarskipunina, að búið væri að taka úr bankanum 90 þúsund krónur. En það var ekki nema sem svaraði 9—10 þús. Þessar taumlausu ýkjur áttu auðvitað að ýta undir almenning til að taka fé sitt úr bankanum, og ef þessu hefði verið trúað, mátti mynda hræðsluaðsúg að honum. Jafnvel einn af bankaþjónunum, sem fylti flokk andstæðinganna, var á þönum út um bæinn í bankatímanum með frásögur um það á strætum og gatnamótum hvaða óhæfu væri verið að gera, hvílíka ósvífni hinn nýi ráðherra væri að fremja og að verið væri að steypa bankanum á höfuðið. Og þetta var hann að gera í miðjum starfstíma bankans. Eg býst auðvitað við, að það hafi verið að fornspurðri bankastjórninni, en hún hefði átt að hafa eftirlit með því, að bankaþjónarnir væru ekki burtu í starfstímanum. Og það lægi því miklu nær að ímynda sér, eg segi ekki að svo hafi verið, að þetta væri gert með ráði einhvers úr bankastjórninni — manninum hafi verið gefið frí í því skyni. Þetta starf var svo rekið ósleitilega í nokkra daga, þangað til tókst að bæla niður og eyða allri hræðslu. Það hefir verið sagt hér í dag, að andstæðingarnir hafi líka gert sitt til að girða fyrir að aðsúgur yrði gerður að bankanum. Eg trúi vel, að það sé satt um þá suma hverja, en það er ekkert til að hrósa sér af. Það hefði verið ósæmilegt og ósvífið, ef þingmenn hefðu stutt að því, að aðsúgur væri gerður að bankanum; til þess urðu nógir aðrir menn og þeir unnu óspart. En árangurinn varð minni en ráð var fyrir gert.

Einhver þingmanna sagði það nýlega, að ráðherra hafi verið knúður til þess af sínum flokki, að gera yfirlýsingu á þinginu síðast til að bæla niður aðsúginn. En þetta er bara venjulegur skáldskapur, eins og vant er úr þeirri átt.

Eg skal nú fara fljótt yfir sögu og víkja til dagsins, sem bankastjórninni var vikið frá um stundarsakir. Margir hafa talað um það, að það hafi verið gert mjög sviplega. Sú skröksaga jafn vel búin til, að bankastjóranum hafi ekki verið leyft að ljúka við að skrifa undir útgjaldaskipun að víxli. Það hefir líka verið talað um það, að þeim hafi ekki verið gert viðvart um það, að það ætti að víkja þeim frá. En það er ekki vanalegt, að starfsmönnum og embættismönnum sé gert viðvart um það áður. Það þykir ekki hlýða að ónýta þannig ráðstafanir stjórnarinnar. Allir vita hvernig hefði farið, vinir bankastjórnarinnar hefðu safnað liði í skjaldborg umhverfis bankann og aftrað afsetningunni. Einn ódæmavirðulegur þingmaður kvað hafa raupað af því nýlega, að hann gæti fengið »*karlana*« til að gera hvað sem vera vildi, jafnvel að ráða núverandi ráðherra af dögum. Ef slíkur maður hefði verið viðstaddur þann dag, mundi hafa verið fylkt liði í kring um bankann og aftrað því, að skipanir stjórnarinnar væru framkvæmdar (um frávikning bankastjórnarinnar um stundarsakir). Að frávikningin hafi verið um stundarsakir, sést í tilvitnaðri lagagrein í bréfi stjórnarráðsins; það var látið duga að vísa til hennar. Þetta segi eg af því að mér hefir verið borið á brýn, að eg hafi látið málafærslumann lýsa því yfir í sóknar- eða varnarskjali, að frávikningin væri fyrir fult og alt. Eg hefi aldrei haldið öðru fram, en að frávikningin hafi verið um stundar sakir. Og úr því að ekki var gert það sem fyrirhugað var um eitt skifti, að hleypa

gæzlustjórunum að um nýárið, þá hlaut frávikningin að standa um ótiltekinn tíma, jafnvel fram til þings.

Eg skal geta þess til dæmis um, að frávikning um stundarsakir getur staðið lengi nokkuð, að fyrir mörgum árum var einum sýslumanni hér á landi, merkismanni að öðru leyti, vikið frá embætti fyrir peninga vanskil, og stóð sú frávikning um tvö ár. Það getur því ekki verið nein óhæfa þó frávikning gæzlustjóranna standi á annað ár. Eg skýrði frá því á fundi í Ed. fyrir nokkrum dögum, hverjar voru ástæðurnar til þess að stjórnin hvarf frá því áformi að setja hina fráviknu gæzlustjóra aftur inn um áramótin. Vitanlega hafði traust stjórnarinnar til þeirra ekki vaxið, hún vissi að þeir myndu halda uppteknum hætti, en um nýárið áttu að verða bankastjóraskifti, og var þá nokkur trygging fengin fyrir því að þeir mundu ekki vinna bankanum tjón, enda myndi rannsókninni þá að mestu lokið. Var það því áform stjórnarinnar að láta þá aftur taka til starfa um nýár, en frá því var horfið eftir ráðum dönsku bankamannanna. Sumir hafa legið stjórninni á hálsi fyrir að taka við þessum bankamönnum og leyfa þeim að rannsaka bankann. En það var ofur eðlilegt að Landmandsbankinn í Khöfn, sem átti um eina miljón hjá Landsbankanum, vildi sjá það með eigin augum, ef svo mætti segja, hvort bankinn, eftir margra ára meingallaða stjórn, væri eigi orðinn svo illa staddur, að réttast væri að slíta sambandinu við hann. Það var ekkert vit í því að amast við þessum mönnum. Hefði stjórnin neitað þeim um að rannsaka bankann, þá gat litið svo út, sem stjórnin áliti ástandið svo slæmt, að ekki væri rétt að þeir fengju að kynna sér það, og þá hefði Landmandsbankanum auðvitað orðið tífalt annara um að senda mennina, og jafnvel fleiri. Samt gera andstæðingar mínir það að dauðasök, að eg leyfði þetta. Það hefði verið miklu fremur dauðasök, ef eg hefði neitað um það, og líklega hefðu andstæðingar mínir legið mér á hálsi fyrir það, þó þeir segi annað nú. Bankanum gat stafað hætta af því, ef rannsóknin hefði ekki verið leyfð, og var því sjálfsögð skylda stjórnarinnar að leyfa hana. — Ástæðan til þess að stjórnin hætti við að setja gæzlustjórana að aftur um nýár, var sú, að er þessir dönsku bankamenn heyrðu að það væri í ráði, þá sögðu þeir, að ef það yrði gert, yrðu þeir að leggja það til við umbjóðendur sína, að slitið væri þegar í stað viðskiftasambandi Landmandsbankans við landsbankann, og þetta merkti það, að láninu hefði verið sagt upp fyrirvaralaust og gengið eftir skuldinni. Landsbankinn hefði þá óhjákvæmilega orðið gjaldþrota. Það var til að afstýra þessari hættu, að gæzlustjórunum var ekki hleypt að bankanum aftur. Er eg skýrði frá þessu í Ed. reis upp annar gæzlustjórinn þm. Borgf. (Kr. J.) og lýsti þetta ósannindi. Það er leiðast hans vegna, því eg get sannað, að hann ber mér saklausum ósannindabrigzl. Eg hefi hér vottorð þriggja manna um það, að þetta er satt, og skal eg leyfa mér að lesa það upp fyrir háttv. deild. Það er á þessa leið:

»*Vér undirskrifaðir vorum heyrnarvottar að því, að hinir dönsku bankastjórar, er hér komu í fyrra vetur til að rannsaka ástand landsbankans, sendir af stjórn Landmandsbankans í þessum erindum, sögðu svo rélt áður en þeir sneru heimleiðis, að ef hinir gömlu gæzlustjórar, er hafði verið vikið frá um stundarsakir 22. nóv. 1909, yrðu látnir taka við því starfi aftur eftir áramótin, svo sem heyrst hefði ávæningur um, þá teldu þeir, hinir dönsku erindrekar, sér skylt að leggja það til við sína umbjóðendur, stjórn Land-*

mandsbankans, að slitið væri þegar í stað viðskiftasambandi hans, Landmandsbankans, við landsbankann í Reykjavík.

Reykjavík 23. febr. 1911.

Ó. G. Eyjólfsson. Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.«

Þetta, að Landmandsbankinn vildi kynna sér ástand þessa viðskiftanauts síns, stafaði meðfram af því að því hafði verið komið í dönsk blöð, að frávikningin væri sprottin af pólitískum fjandskap ráðherra við bankastjórann fyrverandi, að ráðherra væri hatursmaður hans út af stjórnmálum. Hinir dönsku bankamenn sannfærðust undir eins um það, að þetta var algerlega ósatt; að í þessu máli hefðu engar pólitiskar hvatir ráðið, heldur hefði frávikningin verið *alveg* **nauðsynleg.** — Hér lifðu andstæðingar stjórnarinnar lengi á því, að dönsku bankamönnunum hefði verið lagt svo fyrir, að tjá eingöngu umbjóðendum sínum, hvernig ástand landsbankans væri. Þetta var satt, enda ofur-eðlilegt. En fyrir því var það, að þó mér og öðrum væri kunnugt um niðurstöðu þá, er þeir komust að með rannsókn sinni, þá var oss meinað að gera hana heyrinkunna; við urðum að þegja og þagað hefi eg til þessa dags, þó oft hafi verið mikil freisting til að tala. Bankamennirnir komu til Hafnar í janúar og var skýrsla þeirra samin í þeim mánuði og send stjórn Landmandsbankans. Er hún hafði lesið skýrsluna var hún stjórninni hér algerlega samdóma um, að frávikning bankastjóranna hefði verið nauðsynleg til að forða bankanum frá því að sökkva enn dýpra niður í fenið. Síðan var skýrslan lokuð niður nema hvað nokkrum dönskum fjármálamönnum meiri háttar var leyft að sjá hana í trúnaði.

Það hefir verið borið fram hér að stjórnin hafi með aðgerðum sínum í landsbankamálinu spilt trausti bankans erlendis. En þetta er gersamlega rangt. Traustið á bankanum varð einmitt meira eftir en áður, og er það meðal annars skoðunargerð hinna dönsku bankamanna að þakka. Hitt mun og sannara að veila hafi verið orðin á trausti til bankans meðan hin gamla bankastjórn réð fyrir honum. Því eyddi hin nýja landstjórn með því að vera svo röggsamleg, að skipa nýja stjórn við bankann. Hitt er annað mál, að verið getur að kaupmenn, einkum smákaupmenn hafi haft minna traust í Danmörku hin síðustu missiri en áður, en það stendur ekkert í sambandi við bankamálið. Þess hefir verið farið á leit hvað eftir annað við stjórn Landmandsbankans, að stjórnin fengi að sjá skýrslu umboðsmanna hennar, hinna dönsku bankastjóra, sér til varnar hér gegn látlausum rógi og ofsóknum. En það var ófáanlegt þangað til fyrir fám vikum, að eg fann sjálfur að máli hinn unga bankastjóra, Emil Glückstadt, er tekið hefir við af föður sínum. Og gerði hann það loks fyrir mín orð að senda skýrsluna hingað og leyfði að hún yrði gerð kunn væntanlegri rannsóknarnefnd á þingi. Nú er skýrslan hingað komin, hvort sem það gleður andstæðinga mína eða ekki. — Eg held að virðulegur andmælandi minn og nágranni minn hér í deildinni (J. J. S.-M.) hafi hnýtt því aftan við lýsingu sína á bankafarganinu að síðan stjórnarskiftin urðu við bankann hafi starfræksla hans verið dýrari, og bætti við að það hafi verið með mínum ráðum gert eða með minni vitund. Eg skal að eins svara því, að það er hlutur, sem stjórninni kemur ekkert við, hún hefir ekkert vald til að blanda sér í það, hversu marga starfsmenn bankinn hefir eða því um líkt; þar um er bankastjórnin einvöld, enda veit hún bezt, hversu

mikið lið þarf til starfrækslu bankans. Hitt er annað, að stjórnin getur vitt það, ef henni virðist óþörf eyðsla höfð í bankanum í þessu efni. Annars geri eg ráð fyrir, að starfsmönnum bankans verði fækkað, þegar búið er að koma lagi á það sem aflaga hefir farið. En það munu allir skilja, að það er meira en tilvinnandi að hafa nógu marga menn til að vinna nauðsynjaverk, heldur en láta þau fara í ólagi.

Því næst kom andmælandi minn að botnvörpusektamálinu. Um það þarf eg ekki að fara mörgum orðum, því það mál hefi eg rakið áður. Það er uppvíst orðið, að Hannes Hafstein, fyrverandi ráðherra, hefir sama sem gert samning við fjárlaganefnd fólksþingsins danska um sektirnar. (*Hannes Hafstein:* Ósatt!) Það þýðir ekki hót að neita því. Danskir embættisbræður hans sögðu svo frá, að samkomulag hefði á komist um það mál, og samningur og semkomulag þýða í þessu sambandi nákvæmlega hið sama. Danir skoða það svo sem þetta hafi verið samningur, og álíta það samningsrof að láta ekki athugasemdina um botnvörpusektirnar standa í fjárlögunum.

Eitt var það ámælisefnið, ein dauðasökin, að eg á að hafa við flutning málsins um þingfrestun þagað yfir því, að aðalástæðan væri sú, að eg vildi losna við konungkjörnu þingmennina. Það á nú að vera glæpur, dauðasök. Virðulegur andmælandi hrópaði það hvað ofan í annað, hástöfum, að þetta og þetta eitt væri nóg til að ráða mig af dögum. Þegar átyllurnar eru litlar, þá er bara að hafa þær nógu hátt! Hann fullyrðir að þetta hafi verið aðalástæðan fyrir því, að eg æskti þingfrestsins. Eg mætti ef til vill benda honum á, að eg hefi ekki alls fyrir löngu rætt það mál — um skipun nýrra kgk. þingmanna — í bréfi til flokksmanna minna, og eg geri ráð fyrir að hann verði að játa að eg hafi ekki stutt það mál þar, og bendir það ekki á, að eg hafi óskað að losna við þá kgkj. þm. Margir menn úr báðum flokkum létu í ljós, að þeir skoðuðu það stjórnarskrárbrot, ef hinum núverandi kgkj. þm. væri leyft að vera á þessu þingi, en eg áleit mér skylt, að fara í þessu máli eins og öðrum, eftir sannfæring minni, þó hún væri mér í óhag.

Það var eitt málið, sem hann mintist á, sem átti að vera hið glæfralegasta fyrirtæki, sem gert hafði verið á þingi, en það var kaup Thorefélagsskipanna.

Ráðagerð, sem var sama sem samþykt á þinginu, féll á síðustu stundu.

Það átti að hafa verið eitt af mínum glæpaverkum, að hafa mælt fram með kaupunum.

Það var þó ljóst, og má hann muna það, ef hann vill, að með í þessum ráðum voru þeir menn, sem taldir eru hinir fjármálahygnustu menn deildarinnar. Í þeirra augum var þetta gróðavegur og áhætta engin.

Eg tel það nokkuð glæfralegt að fara þeim orðum, sem þingmaðurinn gerði, um þessa hugmynd, og það þó hann vilji ná í mig, svívirða mig á alla lund.

Þá fara að tíðkast breiðu spjótin, ef á að smána menn með gífurlegum brigzlum og aðdróttunum um glapræði út af því fyrirtæki.

En svo bætir hann gráu ofan á svart, er hann fer að lýsa samgöngum Thorefélagsins.

Er annaðhvort svo, að hann er illa fyrirkallaður, eða algerlega sviftur minni, eða hann hygst að geta blekt þingmennina svo gífurlega, að varla þekkjast dæmi til annars eins.

Hann hagar svo orðum, sem eg hafi gert samningana við Thorefélagið *eitt*, bæði um strandferðir og millilandaferðir og fær svo út úr því, að ferðirnar séu alveg óhafandi.

Er það hrekkjabragð, að hann þegir um að eg samdi einnig við Sameinaða gufuskipafélagið?

Þetta var óhjákvæmilegt vegna sambandsins við annað fjárveitingavald.

Millilandaferðir tekur Sameinaða gufuskipafélagið að sér, en Thorefélagið annast strandferðirnar.

En Thorefélagið gerir mjög mikið fram yfir skyldu sína. Það fer tuttugu ferðir milli landa auk allrar skyldu og hefir kælirúm í tveimur skipum, og er þetta alt ofanálag ofan á það, sem þingið ætlaðist til.

Ef þingmaðurinn kannast nú við blekkingartilraun sína, þá er hún fyrirgefanleg, en ef hann heldur henni fram enn, þá er hann nokkuð langt fyrir neðan það sem annars er kallað virðingarvert.

Þegar þingmaðurinn er að reyna að telja mönnum trú um, að Thorefélagið sé bundið samningi um þessar millilandaferðir, þá er það svo hrekkvíslegt, að enginn mundi trúa því að óreyndu, að nokkur þingmaður leyfði sér slíkt.

Allir vita að Sameinaða gufuskipafélagið annast millilandaferðirnar.

En þingmaðurinn lýsir því svo, að Thorefélagið fari þessar 20 millilandaferðir til þess að fullnægja kröfum síðasta alþingis (1909) um slíkar ferðir. Eg veit ekki hvað er hrekkvísara, og taki hann ekki aftur þessa villukenningu sína, þá lízt mér svo á, að tilraun sé gerð hér til að blekkja menn og er það afar vítavert, svo vítavert að stórhneyksli er að.

Landsstjórninni var heimilt að semja um ferðirnar til 10 ára, ef mun betri ferðir fengjust.

Nú fengust þær, og það mun betri en hægt var að búast við.

Tuttugu millilandaferðir í ofanálag, nokkrar (4) ferðir til Hamborgar, tvö kælirúm og margt annað.

Þá flutti hann langt mál um afskifti mín af fjármálum við frakkneskt peningafélag, en það var sú botnleysa frá upphafi til enda, og brigzlasamsull, sem engin leið er að greiða úr á skömmu bragði.

Í allri þessari vitleysisflækju var sama sem ekkert satt orð eða rétt.

Hann bar það fram, að eg hefði fengið frakkneskt tilboð um peningalán hinn 23. febrúar 1909 eða löngu á undan Hafnarferð minni. Þetta eru helber ósannindi. Eg lýsi manninn helberan ósannindamann að þessu.

Þó hann hafi ef til vill lesið um þetta í einhverju ósannindamálgagni þeirra félaga í minnihlutanum, þá er það honum ekki til afsökunar; hann er vísvitandi ósannindamaður að þessu, er hann hefir annað fyrir sér, og það er ekki til neins að hrópa eða þræta.

Þessu tilboði átti eg svo að hafa haldið leyndu af undirferli, og hætt við að sinna því eftir Hafnarferðina. Í Höfn á eg að hafa komið mér í samninga við banka, sem Thorefélagið stóð í samningum við.

Hér eru nýjar getsakir, nýr rógburður og annað ekki.

Eg samdi ekki við Handelsbankann einn saman, heldur ásamt tveim öðrum bankastofnunum, sem sé Landmandsbankann og Privatbankann. Og stóðu þessir samningar ekki í neinu sambandi við Thorefélagið.

Önnur umsögn í ósannindasamsetningnum snerti Sif, Samvinnufélag íslenzkra fasteigna, félag, sem ætlaði að ná sér í frakkneskt fé til slíkra bankastofnana hér, og lána það út á annan veðrétt í íslenzkum fasteignum. Þar var höfð í ráði lántaka handa landsjóði. Hann segir að eg hafi í upphafi verið þessu félagi hlyntur, en síðan snúist á móti því. Þá vefur hann hér saman

franska tilboðinu, sem aldrei var til, og verður ekki heil brú í neinu, er hann segir.

Um þetta franska tilboð, sem altaf er klifað á, veit eg þetta frekast:

Maður einn hér þykist hafa umboð frá frakkneskri peningastofnun, til þess að semja um lánveitingu, en þetta umboð hefir aldrei sést, og eru menn hér löngu komnir að þeirri niðurstöðu, að það muni aldrei hafa verið annað en reykur.

Með fyrstu trúðu ýmsir á það. Eg gat ekki sint því, þar sem aldrei fékkst að sjá neinar heimildir, og hefði ekkert vit verið í að draga sig eftir öðru eins út í tóma óvissu, en að svo komnu skal eg ekki fara lengra út í þá sálma.

Þá er hann með aðdróttun um, að eg hafi sent son minn til Lundúna, er einhverjar féfangadyr hafi opnast þar, í því skyni, að við hefðum báðir hagnað af því.

Hann skýrir svo frá, að sonur minn hafi átt að verða forstjóri fyrir væntanlegum enskum banka. En það sem eg veit frekast um það mál er, að hann og annar málfærslumaður hér áttu að verða lögfræðislegir ráðunautar fyrirhugaðs ensks félags, sem ætlaði ef til vill að ráðast í ýms fésýslufyrirtæki hér á landi, þar á meðal jafnvel bankastofnun. Annars var þetta alt svo mikil vitleysuþvæla hjá þm. (J. J. S.-Múl.), að eg treysti mér ekki til að botna í henni. Séu orð hans svo að skilja, að eg hafi hér haft í frammi gróðatilraun fyrir mig eða mína, þá lýsi eg hann helberan ósannindamann.

Eg minnist þess, að þegar Thoremálið var á ferðinni á þingi (1909), að þá var sagt, að sonur minn ætti að fá 20 þús. kr. fyrir að koma samningum á, og svo átti eg auðvitað sjálfur að njóta einhvers ágóða um leið!! Sonur minn átti aldrei frekara við það mál, en að hann var umboðsmaður Thorefélagsins hér, og hafði verið árum saman, og sem slíkur stóð hann fyrir samningum fyrir þess hönd. Það er alt og sumt. Þess konar svívirðilegum aðdróttunum þykist eg eiga heimting á að mótmæla, hvort sem til nokkurs er eða ekki.

Eg ætla ekki að eyða mörgum orðum í að svara brigslum þeim í minn garð, sem hér hafa komið fram út af ósannindaskeyti, sem eg á að hafa sent til danskra blaða um uppþotsfundinn, sem haldinn var við ráðherrabústaðinn í fyrra vetur, viku eftir frávikningu bankastjórnarinnar. Hið eina skeyti, sem eg hefi sent um þetta uppþot, var til íslenzku skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, til þess að hún hefði í höndum rétta frásögn af því sem þar gerðist, og gæti vísað á bug þeim ósannindasamsetningi, sem eg gekk að vísu, að minnihlutablöðin mundu síma til útlanda, eins og líka raun varð á. Öllum er kunnugt, að til uppþots þessa var stofnað með miklum viðbúnaði til þess að hrópa mig niður fyrir frávikningu bankastjórnarinnar. Ýmsir höfðingjar voru þar með hróp og köll. Einn af aðalforingjum andstæðinga minna stóð að baki annars manns, ónefnds blaðamanns þeirra félaga, og grúfði sig þar niður þegar hann æpti: Niður með ráðherrann. Hann fyrirvarð sig fyrir það. Leikslok urðu þau, að úr öllum þessum ópum og bölbænum varð það, sem á útlendu máli er kallað »Ovation« eða samfagnaðaróp, er yfirgnæfðu margfaldlega hin hrópin. Eg veit, að andstæðingar mínir hafa borið á móti þessu og látið málgögn sín segja, að eg hafi verið hrópaður niður. En það er gagnstætt öllum sannleik og hægt að leiða mörg vitni að því. (*H. Hafstein:* En askan?). Mér þykir leitt, að þurfa að líta svo smáum augum á foringja andstæðinga minna, er hann ætlar að fara að nota svo lélegt og hlægilegt atvik, að mað-

ur henti einhverju dusti (Allehaande) í annan mann, hafa það að vopni hér í þingsalnum. Mál hefir risið út af þessu og svardagar orðið um það. Maðurinn þótti svara villandi fyrir réttinum eða þegja yfir einhverju ómerkilegu atviki, svo að stjórninni þótti rétt að höfða mál. Það sýnir, að hér er ekki feitan gölt að flá, er lotið er að svona litlu.

Næsta númer mun vera ráðherrablaðið. Satt að segja er mér ókunnugt um, að mér sé eitt blað fremur öðrum viðkomandi af þeim blöðum, sem minn flokk fylla. Hér mun þó vera átt við það, sem áður var mín eign, en nú annars manns, sonar míns, sem einn ræður hvað í því stendur, án þess að spyrja mig leyfis, og líkar mér það vel, þótt mér geðjist ekki alt af að því, sem hann ritar, eins og eðlilegt er. En þá kastar tólfunum með öfugmælin, þegar þetta blað ekki einungis er eignað mér, heldur á það og að vera og hafa verið hálfu ókurteisara og ósannorðara en máltól minnihlutans. Eg veit ekki betur en hið mikla álit og gengi Ísafoldar sé því að þakka, að ritháttur hennar hefir verið alla tíð miklu betri og vandaðri en í andstæðingablöðunum, og jafnvel öllum öðrum blöðum landsins.

Það sagði einhver í dag, að alment væri álitið um land alt, að eg hefði misbeitt valdi mínu í bankamálinu. Þeir, sem það segja, hljóta að vita, að það er ósatt. Eg hefi fengið úr öllum áttum margfaldar þakkir, og traustsvottorð fyrir þær aðgerðir mínar hefir verið á hvers manns vörum. Það hefir verið þar lýst hið mesta þarfaverk, að stinga á bankakýlinu, sem kallað er. En því gæti eg trúað, að vinir þeirra manna, sem mig bera brigslum, trúi þessu ekki né vilji leggja eyrun að því. Eg verð því að skrifa þetta á öfugmælaskrána, sem skáldið hérna á hægri hlið mér (J. J. S.-Múl.) flutti í dag.

Þá eru andstæðingar mínir svo nærgætnir, að bera mig brigslum fyrir það, að eg mótmælti ekki öllum lygasamsetningi danskra blaða um mig. Gera þeir ráð fyrir að nokkur ráðherra sé eða verði sá skynskiftingur og óviti, að gera sér að reglu að svara öllum ósannindasamsetningi um hann, sem stendur í blöðum hér eða í Danmörku? Eg skil það ekki. Þegar eg kom úr Jótlandsför minni, frétti eg að staðið hefði í blaðinu »Riget« einhver áburður á mig og jafnframt áskorun til mín að mótmæla því, sem mér væri til saka fundið. En ekki var mér sýnd sú kurteisi, að mér væri sent blaðið. Eg fór því til aðalritstjórans, sem eg þekki nokkuð til, og lézt hann hafa sent blaðið í gistihúsið, þar sem eg héldi til, en fyrst það hefði ekki komist til skila, skyldi hann senda það á stjórnarskrifstofuna. Þangað kom það aldrei og hefir ekki ennþá komið fyrir mín augu. Eg gafst upp við að leita að því, enda fanst mér óþarfi að vera að svara þessum einum samsetningi, þar sem úir og grúir af ósannindum og brigslum í minn garð út um alt land.

Björn Kristjánsson: Eg vildi leyfa mér að skjóta því til forseta, hvort hann vildi ekki fresta fundi til morguns, þar sem ráðherra hefir mælst til hvíldar og orðið er nokkuð áliðið. Það virðist standa á litlu, hvort ráðherra er feldur í dag eða á morgun.

Forseti: Eg hefi hugsað mér að fresta fundi til kl. 9 í kveld og sjá þá hverju fram vindur. Verði fundi nú frestað til morguns, er hætt við, að allur sá dagur fari líka í þetta mál.

Ráðherrann (B. J.): Mér finst það ekki rétt, að ætla að kúga menn með þessu valdboði til þess að sitja langt fram á nótt. Eg vil þá heldur stinga upp á, að máli þessu sé slept og umræður skornar niður, svo að virðu-

legum andstæðingum mínum gefist kostur á að leiða mig þegar í stað á höggstokkinn.

Forseti: Fundinum verður ekki frestað til morguns að sinni. Eg vil því biðja háttv. þingdeildarmenn að mæta aftur kl. 9 í kveld. Til þess tíma er fundinum frestað og umræðunum þá haldið áfram.

Ráðherrann (B. J.): Það er gert að sannleika, er stendur í enskri skýrslu Einars Benediktssonar, og látið heita eins og eg hafi flutt sjálfur það, er þar stendur!

Þá voru mér send illyrðaskeyti út úr blaðamálaferlunum; það átti að vera níðingsverk að lögsækja málgögn minni hlutans! Eg geri ráð fyrir, að öðru vísi verði á litið af öðrum síðar meir. Eg hafði árum saman látið hlutlausar niðgreinar um mig, sem látlaust rigndi niður um mig, einkum frá því um 1908—1909. Sjálfur hefi eg litla vitneskju um níðið, því að eg sé aldrei málgögn þessi, en vinir mínir og kunningjar höfðu ráðlagt mér að lögsækja þau, til þess að láta ekki ósómann vaða uppi alveg að ósekju og veitti eg því umboð til þess. En enga tölu kann eg lögsóknanna; svo er krökt af þessum óþverra. Það, að jafna þessu við lögsóknir Alberti, mun sprottið af ókunnugleika fremur en ásetningsblekkingum. Það væri ófögur saga, ef lýsa ætti framkomu þessara málgagna og leppritstjóra, sem hafa að bakhjarli menn, sem eru ella í tölu stórhöfðingja landsins.

Loks held eg, að virðulegur 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hafi komist inn á að minnast á stjórnarfrv. og drátt á þeim, en það held eg, að flestir kannist við, að sé rökstuðningslaus sleggjudómur frá upphafi til enda. Það má ætíð segja, að það og það sé gagnslaust og alsiða að telja það hraknið, að eitthvert frv. er þýtt úr dönsku og hefir þó fyrverandi stjórn og háttv. þm. sjálfur notað þá aðferð. Það, sem þýtt er af stjórnarfrv. í þetta sinn, er samið af úrvalsmönnum á öllum Norðurlöndum og er í öndverðu komið frá þýzkri löggjöf. Eg er ekki í vafa um, að þegar menn fara að fjalla um frv., þá leggi menn alt annan dóm á það verk.

Enn mintist sami háttv. þm. á fjárlagafrv. og taldi áfengistollinn settan vitleysislega háan, en engin rök færði hann fyrir því. Hann athugaði það ekki, að fyrir nýár má flytja inn ógrynni af vínföngum til margra ára. Áætlunin er vitanlega ágizkun, en styðst við fróðra manna álit.

Einhverjar bollaleggingar og brigzl til mín um bankavaxtabréf Íslandsbanka var háttv. sami þm. með, en eg læt mér nægja að mótmæla því sem helberum ósannindum. Eg gæti farið dálítið út í að lýsa óreglunni við landsbankann, en eg sleppi því nú, því að eg mun gera það þegar þess þarf, og tel óviðurkvæmilegt að hleypa inn í þetta dómadagsfargan öllum málum, sem hugsanlegt er, að rædd kunni að verða á þessu þingi eða fyrir tekin.

Eg hefi nú leitt full rök að því, að þær ástæður, sem fram hafa verið bornar til að fóðra þetta áform, að ráða mig af dögum, eru að miklu leyti helber hégómi, sem enginn maður gæti haldið fram nema í gamanleik. Hér er brugðið fyrir sig þeim ósannindum og rangfærslum, að ekki verða bornar saman við annað en öfugmælavísur þær, sem eg fór með í kvöld. Eg býst þó við, að flutningsmenn þessa máls hafi sitt fram að þessu sinni. En þó getur svo farið, að sannleikurinn sigri síðar meir og að rangindin og ósannindin verði þeim til maklegrar ófrægðar, sem tillöguna flytja og styðja.

Björn Kristjánsson: Umræður

um þetta mál eru nú orðnar all-langar og talsvert hefir verið tekið fram af því, sem eg vildi sagt hafa. Eg stend aðallega upp til þess að svara tveim atriðum hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Hann hélt því fram, að rétt væri að blanda saman venjulegum eldhúsdegi við þessa alvarlegu stund, þegar um það er að ræða, að vísa ráðherra á bug, og þá auðvitað fyrir einhverjar stórar sakir. Mér finst það óskylt mál, eldhúsdagur og vantraust til ráðherra. Eldhúsdagsverkin eru í því fólgin, að tína til alt smátt og stórt, sem stjórninni verður fundið til foráttu, án þess nokkrum detti í hug að fella ráðherra fyrir það. Með þessum hætti má alt af tína saman sæg af aðfinslum. Þessu hefir hinn háttv. þm. blandað alveg saman. Þótt eitthvað finnist athugavert við starf einhvers manns, þá er honum þó ekki vísað á bug jafnharðan fyrir því; þarf ekki annað en benda á dæmi úr daglegu lífi til að sanna þetta. Eg tel sjálfsagt, að h. háttv. þm. sjálfur hafi haft misjafna þjóna og hafi þó ekki rekið menn frá sér fyrir smámisfellur, heldur ámint þá um að bæta það, sem aflaga hefir farið, en ekki rekið þá fyr en mjög mikið hefir verið afbrotið. Þessu hefir h. hv. þm. blandað saman, smásökum og stórsökum. Og þegar um frávikning ráðherra er að ræða, þá er hún óeðlileg nema um miklar sakir sé að ræða.

Annars voru í ræðu háttv. þm. að eins tvö atriði, sem voru nokkurs virði og gætu orðið því valdandi, að ráðherra yrði vísað frá, ef hann hefði skýrt rétt frá.

Í fyrsta lagi bar hinn háttv. þm. ráðherra það á brýn, að hann hafi setið landinu í ljósi fyrir hagkvæmu láni af þeirri ástæðu, að sonur hans (ráðherra) hefði verið í útvegum um lán annarstaðar. Ef þetta væri satt, væri það næg ástæða til að víkja ráðherra frá. En þessi áburður á ráðherra er blátt áfram fjarstæða, og mun eg nú sýna fram á það.

Á síðasta þingi barst kvis um það, að franski konsúllinn hefði með höndum lánstilboð til alþingis. Ekki var á þetta minst fyr en í þinglokin, og ímynda eg mér, að tilboðið hafi ekki verið til nema á vörunum, enda lagði eg ekki mikið upp úr þessum fréttum. Mér voru sögð þessi tíðindi af einhverjum úti í bæ, og grenslaðist eg ekkert eftir þeim, því að eg lagði eigi trúnað á þau. Og það veit eg, að aldrei fékk stjórnin neitt tilboð frakkneskt á þeim tíma, ekki sá eg heldur neitt þvílíkt tilboð. Út úr þessu spanst svo tilraun til þess að vita, hvort franski konsúllinn mundi ekki geta útvegað fé til láns á Frakklandi, og stofnaðist félagsskapur í þessu augnamiði hér í bænum. Síðan var gerður út maður privat fyrir félagsins eigin reikning, en ekki á kostnað landssjóðs, þótt svo væri sagt í blöðunum, að ráðherra hefði gert hann út. Auðvitað mundi landinu í heild sinni hafa verið hagur að því, að þetta lán hefði fengist með aðgengilegum kjörum. Þessi maður fór til útlanda og stóð í sambandi við herra Brillouin konsúl. En þegar hann kom aftur úr þeirri för, var hann vondaufur um, að þetta næði fram að ganga. En nokkru síðar lét konsúllinn svo, sem lán væri fáanlegt Eg man ekki hvaða dag, en mig minnir, að það væri í marzmánuði 1910, að konsúllinn kæmi til bankastjórnar landsbankans með blað, og stóð þar á, að á boðstólum væri 3 miljóna króna víxillán, ef samkomulag næðist. Þetta accepteréditlán, sem hann bauð landsbankanum, átti að vera nokkurskonar fyrirrennari, eða undirbúningsviðskifti undir stærra landslán, sem næsta alþingi yrði boðið. Lánið átti að vera með

dýrum kjörum, 5%, og gat landsbankinn eðlilega ekki haft nema lítil not af því. Þetta blað, sem áður var ávikið, var ódagsett og óundirskrifað, en var vitanlega trúað, þar sem maður í slíkri stöðu átti í hlut, auðvitað hefði verið krafist umboðs, ef til lántöku hefði komið. Eg hygg, að þetta tilboð hafi aldrei til stjórnarinnar komið. Þetta mál hefir vakið nokkrar umræður í blöðunum, en þetta er alt og sumt, sem um það er að segja; ekki var neitt afgert um það. En bak við þetta tilboð munu hafa legið þær kröfur til landsstjórnarinnar, að því er kunnugur maður hefir sagt mér, — það kom auðvitað ekki fram í áminstu bréfi til bankastjórnarinnar, — í fyrsta lagi, að aðflutningsbanninu yrði frestað, í öðru lagi yrði Frökkum gerður kostur þrátt fyrir lág tilboð annara að sitja í fyrirrúmi með fyrirtæki í þarfir landsins, bæjarfélaga eða sýslufélaga, með öðrum orðum, öll samkepni yrði útilokuð og einveldi í öllum fyrirtækjum þessa lands. Þriðja skilyrðið var það, að mál Jóns Jenssonar yfirdómara yrði tekið fyrir sem sakamál. Fyrir þetta hefir bankastjórn og landsstjórn verið legið á hálsi, og það jafnvel verið gefið í skyn hér í kvöld, að hætt hefði verið við að taka tilboðinu vegna þess, að sonur ráðherra hafi gert einhverjar ráðstafanir til að útvega fé í útlöndum. Til sönnunar þessu skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp bréf frá franska konsúlnum, sem tekur af öll tvímæli um það, að kjör þau, sem bankanum voru boðin, voru með öllu óaðgengileg. Bréfið hljóðar svo:

»Vice-Consulat de France Reykjavik.

Reykjavík le 11. mai 1910.

Til framkvæmdarstjóra landsbankans

Reykjavík.

Sem svar upp á beiðni yðar viðvíkjandi láni því, sem persónulegur vinur minn, hr. Rouvier, hafði lofað mér ykkur til handa, til þeirrar tilteknu notkunar, sem við höfum talað um, skal eg leyfa mér að skýra ykkur frá því, að hr. Rouvier hefir tilkynt mér, að í trausti til skýrslu minnar um fjárhagsástand Íslands, í trausti til loforða íslenzku stjórnarinnar um hlunnindi þau, er ráðherra Íslands hefir gefið loforð um, í trausti til loforðanna um eftirlit með notkun fjárins, eins og við höfum talað um, í trausti til þess, að landsstjórnin geri bráðlega þær ráðstafanir viðvíkjandi hr. Jóni Jenssyni og Reykjavíkurbæ, er sýni og sanni, að réttvísi er til í landinu, gangi hann að því að veita lánið, sem um hefir verið talað, með þeim skilmálum, sem fyr er sagt, og með þeim skilmálum, sem ykkur voru tilkyntir skriflega síðustu dagana í marz. — — —

Með mikilli virðingu

Brillouin«.

Eg vona, að eg þurfi nú ekki að lesa lengra. Þetta er með öðrum orðum ekkert annað en það, að landsbankastjórnin á að sjá um það, að hr. Jón Jensson og bæjarstjórnin verði tekin fyrir út af þrætumáli við konsúlinn! Það ætti ekki að þurfa að eyða orðum að því, hvílík fjarstæða það er, að stjórnin gæti gengið að nokkru tilboði, þegar önnur eins skilyrði eru sett, og þó er ráðherra nú brigslað um það, að hann gerði það eigi. Og svo er ekki nóg með þetta. Við gátum aldrei einu sinni fengið með vissu að vita, með hvaða skilyrðum konsúlliinn vildi veita þetta lán, né væntanlegt landslán, sem var aðalskilyrðið fyrir því, að landsbankinn vildi nota þetta víxillánstraust að einhverju leyti. Það er því sannarlega engin furða, þótt stjórnin færi að leita fyrir sér í aðrar áttir um lán, og sízt ámælisvert, þótt hún gerði svo.

Þrátt fyrir alt þetta var nú bankastjórnin þó fús til nýrra samninga, ef aðgengileg boð fengjust, en hún hefir átt

mjög örðugt viðfangs í því, ekki síður en þeir menn, sem ætluðu að reyna að útvega fé frá Frökkum. Og það væri ekkert ósanngjart, þótt þeim mönnum ýmsum, sem að þessu hafa unnið í góðu skyni og kostað til þess ærnu fé með dugnaði og ósérhlífni, kæmi eitthvert endurgjald fyrir það. Það ættu þeir skilið, því að það er altaf leiðinlegt, þegar menn reyna eitthvað, sem þeir treysta að muni verða landinu til gagns, og það verður þá eingöngu sjálfum þeim til skaða. Þetta mál, sem þannig er vaxið, nefndi háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sem dæmi þess, hve hæstv. ráðherra væri óhæfur fjármálamaður!

Hann hefir nú reyndar sjálfur svarað fyrir sig um afskifti sín af enska tilboðinu, og vil eg bæta því við, að þau hafi eftir atvikum verið þakkarverð, þótt það væri auðvitað nokkuð á annan hátt.

Það sem hinn háttv. þm. segir um skrif herra Einars Benediktssonar, þá getur ráðherra naumlega borið ábyrgð á þeim, sem hann skrifar niður í Lundúnum, og sem hann orðar með tilliti til þess, hvernig þau muni bezt hljóma í eyrum enskra hluthafa.

Þetta er alveg eins og alt annað í ræðu háttv. þm. Hún er öll eintómir vafningar. Sennilega veit hann ekkert í því, sem hann er að fara með, því að hitt er ekki líkleg tilgáta, að hann fari vísvitandi rangt með. En hann ætti að hafa sama fyrirvarann eins og Gróa á Leiti forðum og segja: »Blessuð, hafið þið mig ekki fyrir því!«

Þá kem eg að »Thore«-málinu. Það er önnur sökin, sem gæti verið frávikningarsök, ef rétt væri frá skýrt hjá þingmanninum, að ráðherra hefði framið lögbrot í samningnum við félagið. En eg mun nú reyna að sýna fram á, að svo hafi ekki verið.

Eins og menn muna, hefir því verið haldið fram, að »Thore« hafi fengið 20 þús. kr. meira, en það átti að fá. Þetta er ósatt, því að gjaldið. sem sameinaða félagið átti að fá, ef Suðurlandsbáturinn hefði fengist, voru 40 þús. kr. og 20 þús. kr. *umfram*, alveg eins og nú hefir verið samið. Þetta má sjá af ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) á síðasta þingi, (Alþ.tíð. B. II. 1671), er eg skal lesa hér kafla úr með leyfi hæstv. forseta:

»Um Suðurlandsbátinn er það að segja að hægt væri að útvega hann, eins og bréfið ber með sér: hann gæti verið 150 tons og gengið frá Rvík til Hornafjarðar — eða jafnvel austur á Fáskrúðsfjörð. Það mundi kosta 20 þús. kr. á ári umfram hið venjulega tillag (40 þús. kr.)«.

Þarna sést hvort það er ekki rangt, að núverandi gufuskipasamningar séu 20 þús. kr. dýrari, en ferðirnar hafa boðist fyrir á síðasta þingi.

Þá sagði háttv. þm. að öll skilyrði 10 ára samningsins, eða flest, hefðu þegar verið brotin. Það þarf ekki annað en líta á síðustu fjárlög, eða athugasemdirnar við fjárveitinguna til póstskipaferða, og bera þær saman við samningana við »Thore« og hið »Sameinaða«. Háttv. þm. gat *einungis* um þann samning, sem gerður var við »Thore«. Honum gleymdist alveg að geta þess, að samið var við *tvö félög* en ekki eitt, með því móti, að sleppa að geta samningsins við annað félagið var ofur auðvelt að fá það út, að skilyrðunum hefði eigi verið fullnægt, því að í »Thore«-samningnum er ekki talað um nema 20 millilandaferðir, en sameinaða félagið samdi um 25 ferðir samtímis, svo að ef sá samningur væri sá eini, þá hefðum vér eigi fengið svo miklar umbætur, sem til var ætlast. En nú vill svo til, að vér höfum fengið 45 ferðir fyrir sama verð og sameinaða félagið bauð oss 25 ferðir fyrir áður, og þar að auk höf-

um vér hlotið svo stórkostlega samgöngubót, sem Hamborgarferðirnar eru. Til þess að geta haldið þessu fram, er eg gat um áðan, þurfti háttv. þm. að forðast að minnast einu orði á samninginn, er gerður var við sameinaða félagið.

Samkvæmt nefndri athugas. í fjárlögunum var áskilið, að 2 millilandaskipin hefðu kælirúm. Þau eru þar líka, hvernig sem þau verða notuð. Stjórnin er ekki sek, þótt það sé ekki gert sem skyldi. En svo er það umfram, að ráðherra hefir pressað út úr Thorefélaginu kælirúm í 2 strandferðabátunum, og sýnir það, að hann hefir þar litið á landsins hag, en eigi »Thores«. Enn hefir hann skuldbundið sameinaða félagið til þess að hafa þriðja kælirúmið í einu af sínum skipum, Ceres, eða öðru líku. Hann hefir hugsað að þörf yrði á fleirum, þegar almenningur lærði að nota þau, og því áskilið þetta um fram því, sem lögin áskildu. Kælirúmakröfurnar eru því meira en uppfyltar, og samgöngur höfum vér betri en tilboðið var frá því »sameinaða« 1909. Því getur enginn borið á móti. Ferðirnar eru ekki eingöngu 20 á ári, hjá »Thore« eins og þær áttu að vera, heldur 38, þótt félagið hafi ekki skyldu til að fara fleiri en 20. Þær eru svona miklu fleiri en þingið áskildi, og þó vilja menn enn ekki láta sér skiljast að samgöngurnar séu betri, en áður var. Þetta ætti þó engan að geta blekkt. Eins er uppfylt skilyrðið um Hamborgarferðirnar, og lítur út fyrir, að þær ætli að koma að góðum notum. Kaupmenn segja, að þar muni 10—15% á flutningsgjaldi, og er það stór hagnaður. Yfirleitt eru skilyrðin meira en uppfylt og tek eg þetta svo vandlega fram hér, af því að það hefði mátt nota fyrir sterkt vopn á ráðherra, ef svo hefði eigi verið. — Eg heyri, að einhverjir eru að segja, að það sé ekki rétt, að ferðirnar séu 38. Eg hefi hér fyrir framan mig áætlun um ferðirnar milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands. Hún er til sýnis.

Eg hefi þá skýrt það stuttlega, að samningurinn er í fullu samræmi við fjárlögin og ekkert út á skilyrðin að setja. — Um hitt má lengi deila, hvort ferðirnar séu hentugar, eða ekki. Væntanlega gerir ný stjórn far um að laga sumt þess konar, t. d. að ekki komi eða fari mörg skip á sama tíma og að skipin komi nú við á færri stöðum en áður. Annars kennir þess líka hér, að háttv. þm. tekur ekki tillit til þess, að samningarnir eru tveir. *(Hannes Hafstein:* Er alt bundið við 10 ár?). Já, »sameinaða« félagið er líka bundið í 10 ár. Eg geri ráð fyrir því, að »Thore« hætti ekki, en þótt sameinaða félagið hætti þá eru nógir aðrir til þess að taka við af því, »Thore« eða önnur félög, fyrir sama styrk. Það er full trygging fyrir því, að ferðirnar leggjast ekki niður.

Það er sagt að skipin fylgi aldrei áætlun. Það gera þó strandbátarnir. *(Jón Jónsson* 1. þm. S.-Múl.: Já, það sagði eg), Og »Sterling« líka. *(Jón Jónsson* S.-Múl.: Jú). Og »Sterling« er skip sem fer margar ferðir. Dalla, sem sendir eru *aukreitis* hingað og þangað, er auðvitað engin skylda að láta halda áætlun. Það eru aðeins *20* ferðir af 38, sem eru bundnar við samninginn. Og ef félagið skyldi ekki halda hann, þá er auðvitað sjálfsagt að kæra það, og stjórnin skyldug að sinna því. Sú kæra hefir engin komið svo eg viti til, en kvartað hefir verið um þetta í heimastjórnarblöðunum og er ekki von að því sé sint. Það er ilt, að menn skuli vera svo deigir að kæra. Það ætti að kæra hlíðarlaust galla beggja félaganna, svo sem ef skipin eru að tefja sig á höfnum, þar sem þau eiga ekki að koma, því það þarf að venja félögin af allri

slíkri misbrúkun, og brotum á áætlun sinni.

Eg stóð meðfram upp vegna þess, að háttv. þm. S.-Múl. (J. J.) gat þess tvisvar í ræðu, að landsbankinn hefði of marga starfsmenn, og fór þar um óvirðulegum orðum, sem hann mun hafa tekið upp úr heimastjórnarblöðunum, og það á nú alt að vera gott og gilt, sem þau flytja. Eg get vitnað til starfsmanna bankans, og sumir af þeim munu þó að minsta kosti vera trúverðugir í augum háttv. þingmanns, og þeir vita eins vel og eg, að þar er enginn maður vinnulaus frá kl. 8 á morgnana til kl. 7 á kveldin, og mun það vera einhver lengsti skrifstofutími hér. Það vita allir, að við slíkar stofnanir byrjar vinna vanalega ekki fyr en kl. 9 f. m. annarstaðar. Og allir þessir menn hafa nóg að gera. Ef nú verður skipuð ný rannsóknarnefnd, verð eg meira að segja að játa það fyrir henni, að við höfum enn hvergi nærri komist yfir alt, sem við ættum að vera búnir að fá vitneskju um í bankanum. Margir vilja gera samanburð við Íslandsbanka, en hve margar inn- og útborganir skyldi hvor hafa? Í landsbankanum eru þær yfir 60 þús. á ári, eða um 200 á dag, og eru þær færðar í margar bækur. Auk þess eru bréfaskifti sem óðum að aukast, svo að bréfaskiftin við útlönd þrefölduðust árið sem leið, og í janúarmánuði einum bárust bankanum 107 bréf útlend og 96 bréf innlend. Flestöll krefjast þau svars, og stundum verður að leggja talsverða hugsun í svörin.

Það kemur mér eiginlega ekki mikið við, þótt einhver segi, að bankinn hafi mist traust við stjórnarskiftin, en yfir því hefir mikið verið látið, hve það hafi orðið, bæði innanlands og utan. Eg nefndi það áðan, að bréfaskifti hefðu margfaldast, og þótt það sé ef til vill ekki okkur að þakka, þá bendir það þó til þess, að bankinn lifir góðu lífi, en ekki á neitt traustleysi. Innheimtur hafa aukist stórum, það get eg sýnt með tölum, og sama er að segja um sparisjóðsviðskifti, og bendir það ekki á traustleysi, þrátt fyrir hina miklu tilraun, sem gerð var í janúar í fyrra til þess að tæma sparisjóðsbækurnar. Einn háttv. embættismaður kom með 2 um miðjan dag, en 12 voru þær ordnar um kveldið, og alls misti bankinn í þessum mánuði um 200 þús. kr. Jafnvel norður á Sauðárkrók tók einn út 25 þús. kr. En þrátt fyrir alt þetta nemur þó sparisjóðsfé um 200 þús. kr. meira en í fyrra. Það vill til, að það er ekki svo auðvelt að koma skelk í fólkið. Það er skynsamt og ekki eins órólegt og óttagjarnt og víða í útlöndum. Auk þess eru samgöngurnar ógreiðari hér en annarstaðar, og því eigi jafnhægt að smala saman stórum upphæðum á skömmum tíma. Það skal og sagt mönnum til lofs, að margir lögðu inn í staðinn. Einn kom t. d. með 25 þús. kr., þegar hann sá, hvað verið var að gera.

Það væri nú auðvitað ýmislegt fleira, sem ástæða hefði verið til að athuga, ef tími hefði leyft, en eg sé ekki ástæðu til þess nú, þegar aðalkjarninn er svo hrakinn, sem eg vona að gert sé. Það hefir verið tekið fram áður, að margt af því, sem tínt hefir verið til ráðherra til foráttu, hefði miklu fremur átt við eldhúsdaginn. Það voru smámunir. Það er ekki nema sjálfsagt fyrir hvern og einn að finna að því, sem athugavert er hjá stjórninni, en umfram alt verða menn að finna rök fyrir sínu máli og segja það eitt, sem satt er. Annars er ekki við neinu að búast nema úlfúð og hatri milli þingmanna. Og það verður að heimta af þingmönnum, hver sem ráðherra er, að þeir fari með það eitt, er sæmilegt er, og eitthvað hefir við að styðjast.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) gat þess í niðurlagi ræðu sinnar, að ráðherrastaðan væri nú fallin svo í verði, að menn byggjust við *pólitiskum* labbakútum í hana. Honum þótti það leiðinlegt, en mér hefði verið það meiri ánægja, ef hann tæki það sárt, ef breytingin yrði til þess, að trúlaus og siðgæðislaus labbakútur kæmi í stað núverandi hæstv. ráðherra.

Að svo mæltu skal eg ekki teygja tímann meira í þetta sinn.

Skúli Thoroddsen: Hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni, að myndast hefði nýtt bandalag hér í deildinni, og átti hann þar með við, að menn úr meiri hlutanum og minni hlutinn mundu fylgjast að við atkvæðagreiðsluna um vantraustsyfirlýsingu þá, sem hér liggur fyrir. Út af þessu vil eg leyfa mér að taka það fram, að þó nú svo fari, að ráðh. reynist sannspár um þetta, þá er hér ekki um neitt bandalag að ræða eða neitt samkomulag, að því er mér er kunnugt. Hæstv. ráðh. er það kunnugt, að þeir sem bera fram vantraustsyfirlýsinguna, hafa gert sitt ítrasta til að geta verið í samvinnu við meirihlutann; vér vildum útkljá óánægjuefnin innan flokks og að ráðherraskiftin yrðu eingöngu flokksmál vort, án þess að nein vantraustsyfirlýsing yrði borin fram á þingi. Eg fyrir mitt leyti hefi gert alt sem í mínu valdi stóð til þess, að sú aðferð yrði höfð. Þegar hæstv. ráðh. kom úr utanför sinni í janúar var hann kvaddur á fund, sem þeir þingm. úr meirihlutanum, sem hér eru búsettir, áttu með sér. Þar bar á góma ýmislegt í framkomu ráðh., sem mönnum hafði mislíkað, og var honum bent á, að vantraustsyfirlýsing mundi væntanleg í báðum deildum, ef ekki frá öðrum, þá frá minnihlutanum, og mundu nokkrir sjálfstæðismenn þá að líkindum fylgja þeim að því máli. Mér gat þá ekki skilist annað á ráðh., en að hann mundi lúta flokksvilja og að frá hans hlið væri ekkert til fyrirstöðu, að hann færi frá völdum, ef meiri hluti flokksins óskaði þess. En þrátt fyrir að leynileg atkvæðagreiðsla sýndi, að meirihlutinn vildi losna við hann, varð það þó ofan á, að ráðh. vildi ekki víkja fyrir öðru en vantraustsyfirlýsingu á þinginu. Ráðh. er því sjálfum um að kenna, hvernig málinu nú er komið; vér hefðum talið hina aðferðina betri, bæði vegna ráðh., flokksins og þjóðarinnar. En nú er komið sem komið er. Háttv. flutningsm. vantraustsyfirlýsingarinnar (B. Sv.) hefir gert ítarlega grein fyrir þeim ástæðum, sem knúðu oss til að bera hana fram. Hæstv. ráðh. hefir gert lítið úr þeim ástæðum, eins og við var að búast; hverjum þykir sinn fugl fagur. — Það sem eg sérstakl. legg áherzlu á, er framkoma hans út á við. Við vitum hvað gerðist hér á landi 1908; þá kom fram við kosningarnar einbeittur vilji meiri hluta þjóðarinnar til þess að víkja ekki fyrir Dönum, að því er réttindi okkar snerti, og því var uppkastinu hafnað. Okkur reið því lífið á, að framkoma vor út á við væri ákveðin og einlæg, svo að vér gætum unnið virðingu Dana, þótt við gætum ekki fengið þá til að láta undan. Þegar hæstv. ráðh. sigldi í fyrsta sinn, fanst mér framkoma hans öðru vísi en vera bar; hann gaf þá í skyn, að málinu lægi ekkert á, úr því Danir ekki vildu sinna því, og talaði um tilhliðrun af vorri hálfu. Þetta kom fram í skýrslu frá Ritzau, sem var undirrituð af ráðh. og Kristjáni Jónssyni; hið sama kom fram í samtali hans við danska blaðamenn, og þó að þeir sjálfsagt hafi að mörgu leyti ýkt og aflagað ummæli hans, þá hlutu menn að ganga úr skugga um, að framkoma ráðh. hefði ekki verið svo ákveðin, sem æskilegt hefði verið. Ráðh. hafði ekki og hefir ekki neina

heimild frá meirihlutanum til þess að tala um tilhliðrunarsemi í þessu máli, stefnuskrá flokksins kemur fram í sambandslagafrumv. frá 1909, og meining flokksins er að halda þeirri stefnu fast fram, þangað til sigurinn er unninn. Þetta getur átt langt í land, en óákveðin, óeinlæg og hikandi framkoma frá vorri hálfu gerir ekki annað en tefja fyrir málinu. Vér verðum að halda málinu vakandi með þingsályktunartillögum eða frumvörpum, og þótt vér ef til vill ekkert vinnum á að sinni, þá hefir þó sjálf baráttan mikla þýðingu, hún glæðir áhugann, eykur þroskann og stælir kraftana og getur þannig haft farsælleg áhrif einnig á önnur mál. Þessi tilslökunarsemi ráðh. kom þegar fram á síðasta þingi, þá er hann, eins og minst hefir verið á, vildi láta leiða sambandsmálið til lykta með rökstuddri dagskrá og nú fyrir skemstu hefir ráðh. látið í ljós við blaðamann frá »Politiken«, að málinu lægi ekkert á, að nokkurrar tilhliðrunar mætti vænti af Íslendingum o. s. frv.; eg býst við að þetta sé rétt hermt, því að »Ísafold« hefir birt samtalið, enda er það í samræmi við aðra framkomu ráðh. — Háttv. ráðh. svarar nú þessu svo, að ekki sé nóg að berja í borðið og tala digurmannlega; það er satt, en hitt má aldrei gleymast, að um fram alt verðum vér að gæta stillingar, festu og einlægni, ef oss á að verða nokkuð ágengt í þessu máli.

Þessa sama annmarka hefir kent í framkomu ráðherra í stöku öðru máli og vil eg þá fyrst minnast á botnvörpusektamálið. Þar fer hæstv. ráðherra nú fram á, að Danir fái $^2/_3$ sektanna, þótt alþingi 1909 feldi það ákvæði burt úr fjárlögunum. Í þessu máli er það fyrst og fremst áríðandi, að Dönum sé gert það ljóst, að þeir fá fult endurgjald fyrir strandgæzluna *nú*, þar sem þeir hafa rétt til fiskiveiða í landhelgi. Samkvæmt stöðulögunum eru fiskiveiðarnar íslenzkt sérmál; Íslendingar geta gert þær fyrirskipanir um þær, sem þeim þóknast; þeir geta t. d. útilokað danska þegna frá þeim, ef þeir vilja. Það höfum vér ekki gert, enda hafa danskir þegnar, sérstaklega Færeyingar notað sér það og rekið fiskiveiðar hér við land. Á þann hátt fá Danir endurgjald fyrir strandgæzluna; og í millilandanefndinni viðurkendu þeir, að þessi skilningur á málinu væri réttur.

Hæstv. ráðherra gat um, að Dönum hefði orðið það vonbrigði, að ákvæðinu um botnvörpusektirnar hefði verið kipt út af fjárlögunum, úr því að það var einu sinni þar komið. Eg get ekki séð, að þessi vonbrigði séu á rökum bygð. Fjárlögin ná yfir ákveðið tímabil og ekkert ákvæði þeirra hefir gildi lengur en fyrir það tímabil; vér höfðum að eins gengist undir að gjalda Dönum $^2/_3$ hluta sektanna um eitt ákveðið fjárhagstímabil og höfðum því fullan rétt til að fella það ákvæði burtu, er sá tími var liðinn.

Að ráðherra er ekki fastur fyrir gagnvart Dönum hefir einnig sést í viðskiftum hans við dönsku stjórnina út af viðskiftaráðunautnum. Utanríkisráðherrann sendir ráðherra bréf 10. nóv. 1909, þar sem hann kvartar yfir viðskiftaráðunautnum; þar með fylgdu úrklippur úr dönskum og norskum blöðum og krafa um, að honum, utanríkisráðherranum, yrði sent erindisbréf viðskiftaráðunautsins. Ráðherra svarar bréfi þessu 17. des.; hann afsakar að gleymst hafi að senda utanríkisráðuneytinu erindisbréf viðskiftaráðunautsins, telur illa farið, ef hann hafi viðhaft þau ummæli, sem eftir honum séu höfð og lofar að aðvara hann og jafnvel kalla hann heim, ef þetta reynist satt. Þessa aðferð felli eg mig illa við. Utanríkisráðherrann hefði átt að fá það svar, að íslenzka þjóðin setti

ekki embættismönnum sínum neinar þess konar reglur fyrir framkomu þeirra, þeir væru frjálsir menn, sem mættu tala það sem þeir vildu og að þetta mál væri utanríkisráðuneytinu fullkomlega óviðkomandi. Þar með hefði átt að vera úttalað um það. Enda var þeim mun meiri ástæða fyrir ráðherra til að koma hér einarðlega fram, sem það er opinbert leyndarmál, að þegar embætti þetta var stofnað, vakti það fyrir meiri hlutanum, að viðskiftaráðunauturinn ætti einmitt að gera öðrum þjóðum sjálfstæðiskröfur vorar ljósar og taka svari voru út á við, ef á þyrfti að halda. Þetta var tilætlun meiri hlutans, enda er Bjarni Jónsson ágætlega til þess starfs fallinn, en síður til hins, að vera verzlunarerindreki.

Sama er að segja um þingfrestunarmálið. Ráðherra siglir með því ákveðna áformi, að fresta þingi til vors, en þegar á á að herða, lætur hann undan. Hér er um íslenzkt sérmál að ræða, en þó kemur ráðherra ekki fram vilja sínum, heldur hopar fyrir dönskum áhrifum. Ætti þó ekki að gjalda meiri varhuga við neinu, en danskri íhlutunarsemi á sérmálasvæðinu, því að ef Danir ná þar um litla fingrinum, er hætt við að meira af hendinni fylgi á eftir.

Eg geri ráð fyrir, að framkoma ráðherra út á við hafi verið svo óákveðin og hikandi vegna þess, að hann sökum vanheilsu hefir ekki getað notið sín til fulls. Það er mikil afsökun, en engu að síður hefir framkoma hans vakið almenna óánægju, og þessvegna höfum vér, flutningsmenn vantraustsyfirlýsingarinnar, viljað »dokumentera«, að vèr erum ekki samdóma ráðherra.

Framkoma ráðherra inn á við hefir og að mörgu leyti vakið óánægju. Mönnum hefir þótt kenna aðgerðaleysis t. d. í stjórnarskrármálinu. Á síðasta alþingi skoraði neðri deild á stjórnina, að leggja stjórnarskrárfrv. fyrir næsta þing, og var sérstök ástæða fyrir stjórnina að sinna þeirri áskorun, þegar þess er gætt, að núverandi meiri hluti er framhald þjóðræðisflokksins, sem hafði óskað stjórnarskrárbreytingar á alþingi 1907. Ráðherra segir, að það hafi farist fyrir vegna þess, að hann hafi ekki getað borið sig saman við flokksmenn sína, en það er fyrirsláttur einn, því að í þingsályktunartillögu neðri deildar 1909, eru nefnd þau aðalatriði, sem menn helst höfðu í huga og ef stjórninni svo hefði hugkvæmst eitthvað annað og meira, þá hefði verið hægt að ræða það og umbæta hér á þinginu.

Að því er kemur til framkomu hæstv. ráðherra í landsbankamálinu, þá var eg þegar í upphafi mótfallinn aðferð þeirri, er hann viðhafði. Mín skoðun var sú, að hæstv. ráðherra hefði engu síður getað aflað sér þeirra upplýsinga um hag bankans, er hann óskaði, í kyrþey, en með opinberri rannsókn — það hygg eg og mundi hafa orðið miklu affarasælla, ekki hafa valdið eins miklum gauragangi, eins og nú hefir orðið raunin á. Sömuleiðis finst mér að hæstv. ráðherra hefði vel getað látið sér nægja með að víkja frá bankastjóranum einum, þótt ekki setti hann af gæzlustjórana líka. Þess verður og vel að gæta, að gæzlustjórarnir eru kosnir af alþingi, fá litla þóknun fyrir starf sitt og er því tæplegast sanngjarnt að heimta það, að þeir geti í öllum efnum haft fullnaðareftirlit með störfum bankans.

Það hefir altaf verið óbifanleg skoðun mín, að bankalögin heimili ekki að víkja gæzlustjórum frá fyrir fult og alt, en þar sem nefnd hefir verið skipuð til þess að rannsaka bankamálið, fæ eg ef til vill tækifæri til að minnast nokkru gerr á ýms atriði málsins síðar.

Þá hefi eg og altaf verið mótfallinn því, að hæstv. ráðherra skyldi láta hina

dönsku bankastjóra fara að hnýsast inn í landsbankann; mér fanst það með öllu óviðeigandi. Það er augljóst, að ekki gátu þeir á nokkurn hátt dæmt um efnahag og ástæður fólks hér í bænum, og þess vegna í því efni ekki gefið neinar ábyggilegar skýrslur. Annað mál er það, að um bókfærslu og sitthvað annað í ytri starfsemi bankans, gátu þeir sennilega dæmt nokkuð, en tæpast í öðrum efnum.

En þar sem hæstv. ráðherra lét í ljósi að hann mundi nú bráðlega leggja fram skýrslu dönsku bankastjóranna, sem þeir hefðu gefið umbjóðanda sínum, Landmandsbankanum, og að sú skýrsla styrki þau ummæli sín, að svo hefði getað farið, að Landm.bankinn hefði slitið ef til vill viðskiftum sínum við landsbankann, ef gamla bankastjórnin sæti lengur við stýrið, þá á eg bágt með að skilja í því, þar sem að minni hyggju Landmandsbankinn átti ekkert á hættunni sökum þess, að hann hafði í tryggum verðbréfum nægilega tryggingu fyrir viðskiftunum.

Út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), viðvíkjandi franska lánstilboðinu, hefi eg enn engar sönnur fengið fyrir því, að það hefði átt að vera þeim skilyrðum bundið, er hann tók fram, nefnilega frestun bannlaganna og meiðyrðamálssókn Jóns yfird. Jenssonar. Það getur að vísu skeð, að svo hafi verið, en um það er mér ókunnugt. Annars skal eg ekki fara lengra út í þetta mál.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) kallaði kosningarnar 10. sept. 1908 óhappaatburð í sögu landsins — það að uppkastið sæla, millilandanefndarinnar, fékk ekki framgang; eg er nú sem allir vita á nokkuð annari skoðun þar; og þess vildi eg mega óska, að sá flokkur, sem enn hallast að uppkastinu, hætti sem fyrst að hafa það á sinni stefnuskrá; það hygg eg mundi honum sjálfum fyrbeztu og landinu í heild sinni.

En svo eg víki aftur nokkuð að framkomu hæstv. ráðherra út á við, þá vil eg taka það fram, að mér þykir hann hafa gert altof lítið úr skilnaðarhreyfingunni hér á landi. Það er að vísu satt, að ekki var um neinn öflugan skilnaðarflokk að ræða, en eg tel hyggilegra, að Dönum hefði verið með fullri alvöru bent á, að þvergirðingur og ósanngirni af þeirra hálfu, gagnvart eðlilegum og sjálfsögðum sambandskröfum vorum, mundi hljóta smátt og smátt að knýja oss meir og meir í skilnaðaráttina. Og eg fyrir mitt leyti, tel okkur vel færa um að standa á eigin fótum. Það hefir oft og þrásinnis verið gerð stór grýla úr því, að við mundum á engan hátt vera færir um að annast strandvarnirnar, en þá grýlu þurfum vér engan veginn að óttast. Færi svo, sem eg efast um, að við værum ekki færir um að halda úti skipi til gæzlu landhelginnar, finst mér hvorki óeðlilegt né ósanngjarnt að ætla, að t. d. Bretar eða Þjóðverjar, eða aðrar þjóðir, sem skip eiga hér við land, mundu fúslega takast það á hendur; það væri þeim engan veginn þýðingarlaust.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um mál þetta, að sinni. Hæstv. ráðherra hefir lýst yfir því, að hann muni leggja niður völd, ef hann fái samþykta gegn sér vantraustsyfirýsingu. Eg hefi áður skýrt frá því, að okkur var alt annað en geðfelt að þurfa að koma fram með þessa þingsályktun, en úr því að nú er komið sem komið er, vona eg að fylgismenn hæstv. ráðherra hér í deildinni sjái sig um hönd og gefi tillögunni atkvæði sitt.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.) Eg skal ekki vera langorður, en vegna þess, að eg er einn af flutningsmönnum þess-

arar þingsályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, stóð eg upp.

Hæstv. ráðherra kallaði þessa tillögu okkar gamanleik; það kom mér nú að vísu ekki mjög á óvart, en eg er á nokká annari skoðun.

Miklu meira sannnefni á þessu, sem hér er að gerast, fyndist mér að kalla það sorgarleik. Það er ekkert gaman fyrir okkur flokksbræður hæstv. ráðherra, að neyðast til að bera fram á hann þessa vantraustsyfirlýsingu, eftir að hann aðeins hefir verið við völd um tveggja ára tíma. En mér fyrir mitt leyti þykir nokkuð athugavert, að málgagn h. ráðherra, Ísafold, skuli þegar í stað flytja þessar fregnir út um landið, og kalla framkomu okkar flutningsmanna tillögunnar fávíslega fljótfærni og ýmislegt þess háttar. Þetta kalla eg fyrir mitt leyti hálfgerða blekkingartilraun. Hér er ekkert gert til þess að sýna þjóðinni báðar hliðar málsins, nei, þvert í móti.

Hæstv. ráðherra gat þess, að ekki gæti verið um að tala óhlutdrægni í sinn garð af hálfu minni hlutans. Eg skal ekki um það dæma. En hitt fullyrði eg, að um hlutdrægni geti ekki verið að tala í garð hæstv. ráðherra frá okkur. Eg get fullvissað hæstv. ráðherra um, að það var nauðsynin ein, en engar óhreinar hvatir, sem knúðu oss til að bera fram þessa tillögu. — Það eru fleiri menn en við, sem eru orðnir sáróánægðir með þá politísku óáran, sem hér hefir verið í landinu, á þessum síðustu tímum.

Það hefir verið minst á framkomu h. ráðherra í sjálfstæðismálinu, og þykir mörgum þar hafa kent alt of veiklulegrar framkomu gagnvart Dönum; eg er alveg á sömu skoðun. Eg hefði kosið, að hæstv. ráðherra hefði skýrt frá hér á þinginu, hverjar viðtökur lög síðasta þings um samband Danmerkur og Íslands hefði fengið hjá Dönum. Margir út um land hafa spurt að því. Það hefir þótt skrítið, að mál þetta skyldi koma til umræðu á ríkisþinginu, þegar fjárlögin voru rædd. Var málið alls ekki formlega tekið fyrir á þann hátt. Mér finst að hæstv. ráðherra hefði átt að heimta, að ríkisþingið danska tæki málið formlega til meðferðar, heimta að það yrði felt, ef ekki var um annað að ræða — því hefði þjóðin unað betur.

Eg veit vel, að skiftar eru skoðanir manna hér í bæ um þetta efni og svo er líklega víðar, og menn kannske áfella okkur flutningsmenn þessarar tillögu, en við því verður ekki gert; okkur gefst væntanlega kostur á að standa þjóðinni reikningsskap á gerðum okkar í þessu máli, sem og öðrum, og þá en ekki fyr er tími til að ásaka okkur, ef þörf þykir. En nú er málunum þannig komið, að við getum ekki unnið saman við hæstv. ráðherra, getum ekki gengið til kosninga undir hans forustu, og getum heldur ekki lengur borið ábyrgð á stjórnarathöfnum hans.

Og að lokum vil eg enn fastlega mótmæla því, að nokkur undirróður eða óhreinar hvatir hafi ráðið framkomu okkar í þessu máli.

Ráðherrann (B. J.): Það hefir verið skýrt svo frá hér í deildinni í dag, að eg eigi að hafa boðist til að sleppa þessu hnossi, sem svo margir sækjast eftir, ráðherraembættinu, í góðu, sem kallað er. Það er satt, að eg lét þá skoðun í ljósi við flokkinn, að ekki mundi á mér standa, ef eg væri kominn sjálfur í minni hluta í mínum flokki, sem reyndar er ekki enn, þrátt fyrir mikinn og margvíslegan undirróður, og að þeir góðu herrar gætu bent mér á einhvern eftirmann úr flokknum, sem styddist við nægilegan meiri hluta. En þetta hefir heldur ekki lánast enn sem komið er. Og þess vegna óskaði eg

heldur, að vantraustsyfirlýsingin kæmi fram. Eg þurfti líka að fá þessa yfirlýsingu á þinglegan hátt, sem svo er kallað, annað mátti heita óverjandi gagnvart konungi og þjóðinni.

Eg heyri enn sagt, að eg eigi að hafa verið svo linur í kröfum fyrir Íslands hönd niður í Danmörku; ja, þvílíkur hégómi! Eg neita því óhikað að hafa á nokkurn hátt slegið af kröfum sjálfstæðisflokksins. Það, sem eg hefi sagt dönskum blaðamönnum, er, að hugsast gæti, að eitthvert samkomulag, eitthvert »kompromis« kæmist ef til vill á, einhver afsláttur yrði báðum megin — og eg stend við það. Þegar tala á um eitthvað og þeir halda sinn í hvorn enda, lýkur þeirri viðureign venjulega á »kompromis«. Eg hefi aldrei talað neitt í þá átt, er gefi átyllu til að tala um verulegan afslátt í sjálfstæðiskröfum vorum. Það er alt einber skáldskapur, er um það hefir verið sagt.

Eg er samdóma mikilsvirtum þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, að sjálfstæðisbaráttan mundi auka þroska þjóðarinnar, ef Íslendingar fylgdust þar allir að einu máli. En ef altaf er eintóm sundrung og tvístringur, þykir mér vafasöm von þroskaauka af henni.

Mér er núið því um nasir, að eg hafi á þinginu 1909 sagt, að eg gerði mér að góðu rökstudda dagskrá í sambandsmálinu. Hygg eg, að það sé í flestra augum lítilfjörleg dauðasök. Það getur verið álitamál, með hverju ráði menn komast lengst, hvort sé vænlegra til sigurs að berja í borðið eða freista sigursins með lipurð. Eg hallaðist heldur að rökstuddri dagskrá, vildi vinna það til, til frekara samkomulagstilrauna að fara þá leiðina að hætta við frumvarpið, sem mér var kunnugt um, að Danir töldu snoppung framan í sig. Eg er þeirrar skoðunar að góðmannlegt viðmót sé vænlegast til samkomulags og framgangs þeim málum, er menn berjast fyrir. En þegar eg varð þess áskynja, að flokksmenn mínir höfðu beyg af, að sú leiðin væri farin, féll eg frá því. Fyrir mér vakir að freista samkomulags. En það er ósatt, að eg hafi brugðist stefnuskrá flokks míns frá 1909 og ætla mér ekki að bregðast henni.

Þá er mér borið á brýn, að eg hafi látið undan síga í viðureigninni við Dani um botnvörpusektirnar og stuðlað að því, að Danir fengju þær aftur. Það, að botnvörpusektirnar eru teknar upp í fjárlögin, þýðir ekkert annað en að þinginu er gefinn kostur á að segja álit sitt um, hvort það vill efna loforð sín eða fullnægja því, er orðið hefir að samkomulagi. Ef þetta hefði ekki orðið að samkomulagi, hefði það aldrei komið til tals. Eg hefi aldrei lofað neinu né barist fyrir neinu í þessu efni.

Þá er nú þingfrestunartillagan. Eg skal engu spá um það, hvort konungsvaldið hefði látið undan síga, ef eg hefði haldið málinu til frekari streitu en eg gerði. Eg er samt líklega fróðari um það en aðrir virðulegir þingdeildarmenn. En ef eg hefði gert það, er mér óhætt að fullyrða, að þá væri minni hlutinn nú kominn til valda og eg áleit skyldu mína að varna því, að slíkt gerðist milli þinga. Eg hefði brugðist meiri hlutanum, ef eg hefði hlaupið frá völdum milli þinga.

Eg hefi áður gert skilmerkilega grein fyrir, hvers vegna eg bar ekki upp stjórnarskrárfrumvarp í ríkisráðinu og skal eg ekki ítreka það.

Um áfengistollinn get eg þess, að sem stendur er óhægt að gera nákvæmari áætlanir. Það verður fyrst hægt á næstu missirum. Þeir, sem telja áfengistollinn áætlaðan ofháan hafa ekki gildari rök við að styðjast en þeir sem telja hann hæfilegan.

Það er rétt, að bankarannsóknin hefði átt að fara fram í kyrþey — enda var annað aldrei tilætlun stjórnarinnar. Það var háreysti virðulegs minnihluta, er hleypti öllu í uppnám.

Frávikning bankastjórnarinnar gerðist eftir eldri bankalögunum (frá 1885). Það er fjarstæða, að ný bankalög gætu sett þá inn og allir lögfræðingar hljóta að vera á sama máli um það. Ef menn hugsa sér, að bankastjórnin hefði drýgt glæp — þetta er að eins hugsunardæmi — þá ætti eftir þessari lagaskýringu að taka þá úr tukthúsinu, setja þá inn í embættið og reka þá úr sætum sínum, er fyrir eru, hina settu gæzlustjóra, svo að glæpamennirnir gætu setst þar í þeirra stað. Þar til hæstaréttardómur er kveðinn upp um, að þessi skoðun mín sé röng, held eg henni fram.

Þá er mér fundið til foráttu, að eg hafi gert of lítið úr hve skilnaðarstefnan sé rík hér á landi og á að hafa verið mjög bljúgur í viðræðum, er hún kom til tals. Það getur verið álitamál, hve mikill ótti Dönum stendur af skilnaðarhótunum. Eg tel mig kunnugri þeim efnum en marga aðra. Að minni vitund gera þeir ekki annað en espast við það og verða óviðráðanlegri í viðureign en ella. Þeir sem trúa á skelkinn, halda auðvitað hinu fram. Eg tel vafasamt, hvort rétt sé að gera of mikið úr henni. En eg hefi hvergi gert minna úr henni en hún er. Eg hefi sagt, að að svo stöddu væri ekki nema örlítið brot með henni, en að meiri hlutinn vildi komast með góðu að því, er hann keppir að. Eg hefi haldið því fram, að ef Danir yrðu mjög þverbrotnir við oss, mundi það glæða eldinn, og hygg eg, að þeim sé það ljóst.

Virðul. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) brigzlaði mér um, að eg hefði ekki látið bera sambandsmálið upp á ríkisþingi Dana. En slíkt er mér ofvaxið og öllum ílenzkum ráðherrum. Það eru engin ráð til að neyða Dani til slíks. Þeir eru með öllu ófáanlegir til að líta við frumvarpinu frá 1909. Þótt konungur vildi gæti hann ekki skipað ráðherrum sínum að leggja það fyrir ríkisþing. Danir vilja sem stendur ekki samkomulag á þeim grundvelli, er vér nú stöndum á.

Hvað viðtekur eftir atkvæðagreiðslu þá, er nú fer fram, læt eg ósagt. Það getur verið, að minni hlutinn og brot úr meiri hlutanum bræði sig saman, verði úr þeim samsteypa og brotið sætti sig við uppkastið sæla eða klofni aftur, og eða loks að minni hlutinn og brotið renni saman annan daginn og klofni hinn. Meðan svo stendur, er »*kaos*« á þingi. Hvernig eg snýst við því, læt eg seinna í ljósi. Eg hefi ekkert fastráðið enn um það né hvaða stefnu eg tek. Og lýk eg svo þessu máli.[1])

Sigurður Gunnarsson: Maður er neyddur til þess að beygja sig fyrir atkvæðagreiðslunni og úrskurði forseta og halda áfram umræðunum, þó að nótt sé komin. Eg skal verða stuttorður því fremur sem eg er illa upplagður til að tala nú, en eg vil að eins gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Þetta er þýðingarmikið mál og úrslit þess hér í nótt geta haft þýðingarmiklar afleiðingar.

Allir minnast þess, sem fram fór hér í deildinni á alþingi 1909. Þá var eg einn af þeim, sem greiddu atkvæði með vantraustsyfirlýsingu til þáverandi ráðherra, Hannesar Hafstein, ekki af því, að eg bæri ekki virðingu fyrir kostum hans ýmsum, heldur af því, að mér virtist hann og hans flokkur hafa viljað stuðla að innlimun landsins í Danmörku með millilandasamningnum, uppkastinu svo kallaða, sem þá var barist

[1]) Eftir að þessari ræðu var lokið, bar forseti undir atkvæði, hvort fresta skyldi umræðum til morguns, en það var felt með 15:10 atkv. með nafnakalli.

um. Þetta var svo þýðingarmikið mál í minum augum, að það var næg ástæða til vantraustsyfirlýsingar. Og mér virðist ólíku saman að jafna, þegar sú meginástæða er borin saman við þessar sakir á móti núverandi ráðherra, sem hafa verið bornar fram hér í deildinni í dag og í kvöld, og hann sjálfur hefir hrakið skýrt og ljóslega. Ekki svo að skilja, að mér líki allar gerðir núverandi ráðherra, en það sem mér mislíkar vegur ekki nærri upp á móti hinu, sem mér virðist hann hafa vel gert, og þar vaka aðallega fyrir mér gerðir hans í sambandsmálinu, sem hafa verið í fullu samræmi við óskir og vilja meiri hlutans. Ef dæmt er með sannsýni, þá sé eg ekki betur en hann hafi gert það sem hægt var að gera í því máli, undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru. Eins og margsinnis hefir verið tekið fram, gat hann ekki skipað Dönum eða kúgað þá til að leggja sambandslagafrumvarp síðasta alþingis fyrir ríkisþingið. En hins vegar er það sannað, að hann hefir gert það sem í hans valdi stóð til þess að reyna að fá Dani til að gera það og meira verður ekki af honum heimtað. Enda viðurkendi jafnvel flutningsm. vantraustsyfirlýsingarinnar (B Sv.) þetta hér í deildinni í dag, þar sem hann sagði, að ráðherra væri ekki liggjandi á hálsi fyrir það, að hann gat ekki komið sambandsmálinu fram. Sumum hættir við, bæði í þessu máli og öðrum, er ráðherra hefir haft um að fjalla við Dani, að líta ekki nægilega á það, hve illa aðstöðu hann hefir haft í þeim, svo illa sem frekast mátti verða, ekki að eins vegna mótstöðu Dana, heldur einnig vegna mótstöðu Íslendinga sjálfra á móti málinu, því að það má heita, að minnihlutaflokkurinn hér (Hafsteinsflokkurinn), hafi tekið höndum saman við Dani, um að hefta framgang sambandsmálsins og annara mála vorra. Þetta kemur og saman við það, sem háttv. formælandi minni hlutans sagði hér í deildinni í dag, er hann taldi það hið mesta óhappaverk, að uppkasti millilandanefndarinnar var hafnað. Í þessu máli eru skoðanir flokkanna alveg gagnstæðar. Þegar svona var ástatt er óhætt að segja það, að hæstv. ráðherra hefir haft ákaflega erfiða aðstöðu, þar sem og er víst, að mótstaða eigin landa vorra innan minni hlutans, hefir fallið í góðan jarðveg hjá Dönum, sem vænta mátti og eg hygg, að varla verði bent á þann mann, sem hefði getað komið sambandsmálinu betur eða lengra áfram en hæstv. núverandi ráðherra hefir gert. Bezta sönnunin fyrir því, að minni hlutinn er í bandalagi við Dani um að hefta framgang málsins, er það hve Danir hafa mikið dálæti á þeim flokk. Það er fullkomin sönnun. Sú iðja, sem minni hlutinn hefir unnið í þessa átt, er nú hefir verið bent á, er einhver sú lúalegasta, sem unnin hefir verið á þessu landi. Hann hefir breitt út ósannar sögur um ráðherra, meðal annars komið Dönum á þá trú, að ráðherra væri grímuklæddur skilnaðarmaður. Og svo þegar ráðherra hefir af fremsta megni reynt að leiðrétta missagnirnar og koma Dönum í skilning um hið rétta, þá hefir aftur verið hrópað til þjóðarinnar hér heima: Þarna sjáið þið duluna, sem þorir ekki að standa við skoðanir sínar frammi fyrir Dönum. Þetta sýnir hverjum óhlutdrægum manni við hve mikla örðugleika hæstv. ráðherra hefir haft að stríða.

Þó að svo færi nú hér, að núverandi ráðherra yrði feldur, þá er ekki nema hálfsögð sagan og ekki það, því að ekki er víst að maður hreppi betra en það sem slept er. Sérstaklega vil eg benda háttv. meirihlutamönnum á það, hve varhugavert það getur verið, að stjórn-

arskifti fari fram einmitt á þessum tímum. Meðfram þess vegna skal eg lýsa því yfir, að eg mun greiða atkvæði móti þessari þingsályktunartillögu.

Eg býst annars ekki við, að langar umræður hafi neitt að þýða í þessu máli; deildarmenn munu þegar hafa tekið afstöðu sína og með því að nótt er komin skal eg ekki lengja umræðurnar frekar en orðið er.

Hálfdan Guðjónsson: Þess vil eg fyrst geta um tillögu þessa til vantraustsyfirlýsingar á ráðherra, að mér þótti það alleinkennilegt, er eg sá hana, að hún skyldi vera *litlaus*. En svo nefni eg hana af því, að engar ástæður eða átyllur fylgja henni, er hún byggist á. Sjálfsagt þótti mér þá að vænta þess, að talsmenn tillögunnar mundu bæta úr þessu með því að rökstyðja hana rækilega í umræðum sínum, svo að við það fengi hún sterka liti og skýra. Eg hefi nú lengi hlustað á umræður þessar og orðið fyrir fullkomnum vonbrigðum. Þeir hafa auðvitað reynt að koma á hana ýmsum litum. Málararnir hafa komið með sinn litinn hver, en ekki hafa þeir getað orðið á eitt sáttir um það, hvernig þá skyldi nota. Litarblöndunin og litunin hefir því tekist svo óhönduglega, að þar er um *ólit* að ræða.

Tillögunni mætti líkja við reikningsdæmi með ýmsum stærðum óþektum. Þeir, sem tillögunni fylgja, hafa nú verið að stritast við að afla þessum óþektu stærðum ákveðins gildis. En samkomulagið í þeim tilraunum hefir ekki verið gott. Þar sem einn vildi setja + (plús), vildi annar setja ÷ (mínus). En þrátt fyrir það hafa þeir orðið á eitt sáttir um útkomuna, eins og hvergi hefði á milli borið um gildi hinna einstöku liða. Í mesta bróðerni fá þeir allir út, að um stórt »plús« sé að ræða hæstv. ráðherra til áfellis. Eg býst við, að fleirum en mér hafi þótt þetta einkennileg reikningsaðferð.

Þeir hafa, háttv. fylgismenn tillögunnar, kastað mörgum steinum, svo mörgum, að vænta mætti, að vér sæjum stóra steinadys. En dysin er ekki stór. Steinkastið hefir verið svo einkennilegt. Háttv. tillöguvinir hafa hver í kapp við annan kastað burtu þeim steinum aftur, sem hinir fylgismenn tillögunnar höfðu varpað að. En þrátt fyrir þessar aðfarir þykist eg vita, að þeir muni að lokum standa tengdum höndum og þykjast sjá stóra steinadys, er ríða eigi ráðherra að fullu.

Þessi ummæli mín vil eg styðja með nokkrum dæmum úr ræðum háttv. þingmanna, sem talað hafa með tillögunni. Að fara nákvæmlega út í það, yrði of langt mál, einkum þar sem umræður hafa staðið svo lengi. Verð eg því að láta fátt eitt nægja, þótt mjög margt mætti nefna á líkan hátt.

En áður en eg vík að hinum einstöku atriðum hjá háttv. ræðumönnum, vil eg segja nokkur orð út af einu sérstöku atriði í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann talaði gætilega og skipulega, eins og honum er lagið. Því meir furðaði mig á því, að hann skyldi koma fram með yfirlýsingu um það, að hann hefði viljað og gert tilraun til að koma því til leiðar, að allir þingmenn í flokknum, sem við báðir teljumst til, kæmu sér saman um að samþykkja tillöguna, sem hér liggur fyrir, einnig þeir, sem honum var fullkunnugt um, að voru henni mjög ósamþykkir. Eg skildi orð hans svo, að vér andstæðingar tillögunnar hefðum getað þvegið hendur vorar á þann hátt, að lýsa velþóknun á framkomu ráðherra, en leggja svo til að lokum og ljá til þess atkvæðafylgi, að þessi háttv. deild lýsi yfir vantrausti á honum. Samkvæmnina í þessu skil eg ekki. Og mér er nær að halda, að háttv. þm.

skilji þetta ekki heldur, þegar hann hugsar betur um það. Ósamræmið í fylginu við tillöguna virðist nóg, þar sem andstæðir þingflokkar taka höndum saman um hana af gagnstæðum ástæðum, þó að þetta bætist ekki við. Till. er eins og milli tveggja elda. En eldsneytið kemur þeim ekki saman um, tillögumönnum, og verða því til þess að slökkva eldana hverir fyrir öðrum. En eg býst við, að þeir gleypi við tillögunni samt í sameiningu.

Þá vil eg drepa á nokkur atriði til þess að sýna og sanna ósamkvæmnina í röksemdafærslu tillögumanna.

Frummælandi, háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), talsmaður þeirra manna úr sjálfstæðisflokknum, sem tillögunni fylgja, gat þess, að eitt helzta óánægjuefni þeirra væri afstaða hæstv. ráðherra til sambandsmálsins. Hann byrjaði með að játa það, að enginn einn maður hefði meira að gert en ráðherra til þess að þingkosningarnar síðustu fóru svo, að sambandslagafrumvarpi millilandanefndarinnar var hrundið, en í þess stað samþykt annað frumv., sem betur trygði rétt og sjálfstæði Íslands. Þetta taldi hann ráðherra til gildis. En því næst hélt hann því fram, að ráðherra hefði eigi gengið nógu ötullega fram í sömu áttina síðarmeir. Hann taldi hann hafa dignað í sambandsmálinu. Þá sök virtist mér hann telja þyngsta á hendur ráðherra. Um það má sjálfsagt deila, hvort hæstv. ráðherra hefir í þessu máli gengið skemmra en frekast var fært málinu til sigurs. Því neita eg þó hiklaust, að hann hafi unnið til vantraustsyfirlýsingar fyrir afskifti sín af því máli.

Hvað segir nú talsmaður hins flokksins, háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), um ráðherra í sambandi við þetta mál? Hann játar það einnig, að enginn hafi ötulli verið í baráttunni móti sambandslagafrumvarpinu en núverandi ráðherra. En hann telur þetta óhappaverk, og svo mun allur flokkur hans gera, og fyrir því sé því betur sem ráðherra sé fyr hrundið úr stöðu sinni. Þar sem frummælandi setur + (plús), setur þessi þingm. ÷ (mínus), þar sem annar þeirra kastar steini að, þar kastar hinn honum burtu aftur. En báðir láta þeir að sama brunni bera að lokum: samþykt tillögunnar. Að samræminu í þessu eyði eg ekki fleiri orðum.

Annað dæmi ætla eg að benda á. Það er þingfrestun að þessu sinni, sem mikið hefir verið rætt um, og þingseturéttur núverandi konungkjörinna þingmanna. Margir litu svo á, að samkvæmt anda stjórnarskrárinnar ættu þeir ekki sæti á þessu þingi, sem er 4. fjárlagaþing á kjörtímabili þeirra. En stjórnarskráin er ekki eingöngu andi. Hún á sér líka bókstaf. Og eftir bókstafnum virtust þeir eiga þingsetu að þessu sinni. Hér varð þá úr að skera stríði milli andans og bókstafsins, sem stundum stíga ónotalega hvor á annars tær. Hæstv. ráðh. hratt hinum konungkjörnu þingmönnum ekki frá þingsetu. Frummælandi ámælir honum fyrir að hafa ekki beitt sér í því máli. Næsti ræðumaður átelur hann fyrir það, að hann hafi viljað fá því framgengt. Sammála virðast þessir háttv. ræðumenn ekki vera. En samt komast báðir að sömu niðurstöðu, að með framkomu sinni hafi ráðherra unnið til vantraustsyfirlýsingar. — Hver getur fundið samkvæmni í þessu? Eg get það ekki.

Þá vil eg drepa á eitt atriði enn í ræðu háttv. frummælanda. Hann gat þess, að samkvæmt þingsályktunartill. síðasta þings hefði mátt vænta þess, að ráðherra legði fyrir þetta þing stjórnarfrumvarp til stjórnarskrárbreytingar, en þetta hefði hann ekki gert. Eg skal játa það, að þegar eg sá stjórnarfrumvörp þau, er leggja átti fyrir þetta þing,

þá þótti mér leitt að sjá ekki í tölu þeirra frumvarp til stjórnarskrárbreytingar, sem eg hafði fastlega búist við. En þegar eg kom hingað suður, þá sannfærðist eg um, að þetta væri ekki hæstv. ráðherra einum að kenna. Ýmsir flokksbræður hans hér höfðu verið í samráði um þetta, og þeir höfðu fastmælum bundið, að flytja frumvarp inn á þingið eigi að síður, þótt það kæmi eigi sem stjórnarfrumvarp. Þegar eg hafði fengið þessa vitneskju, þótti mér þetta minna máli skifta. Alt þetta var háttv. frummælanda fullkunnugt Því meiri furða er að hann skuli nú gera þetta að ámælisefni.

Umræður um till. þessa hafa þegar staðið yfir hálfan sólarhring. Verður því að fara fljótt yfir sögur. Áður en eg lýk máli mínu vil eg þó fara nokkrum orðum um ráðstafanir ráðherra um stjórn landsbankans.

Öllum er kunnugt, að það mál hefir valdið meiri hávaða um land alt en nokkurt mál annað á hinum síðari árum. Það skal eg játa, að því máli er eg ekki svo kunnugur enn frá rótum, að eg vilji kveða upp neinn fullnaðardóm um allar framkvæmdir í því. Þessvegna dettur mér ekki í hug að fullyrða að þar geti um engan blett né hrukku verið að ræða á framkvæmdum ráðherra. Eg hefi aldrei gert mér von um það, að sá maður fengist í ráðherrastöðuna, sem svo væri fullkominn að öllu leyti, að ekki væri unt að finna neitt að neinum gerðum hans. Slíkur maður er ekki til. Það eru mér því engin vonbrigði, þó að eg þykist nú sjá það, að einhverjar framkvæmdir hefðu mátt betur fara á annan hátt. — Helzt hefði eg kosið að þurfa ekki að minnast á bankamálið nú þegar, þar sem vænta má að rækilega verði minst á það síðar á þessu þingi. En þar sem sumir af fylgismönnum tillögu þeirrar, sem hér er um að ræða, hafa notað það sérstaklega til að rökstyðja hana með, þá get eg ekki sneitt alveg hjá því.

Mér verður þá fyrst fyrir, að renna huganum að upptökum þessa máls skömmu fyrir þinglokin síðustu, er nefnd sú var skipuð, er rannsaka skyldi hag og rekstur bankans. Minnist eg þess, er rætt var um nefndarskipun þessa í háttv. Ed., að frummælandi þar taldi illa að verið að skipa slíka nefnd og óþarft með öllu, þar sem bankinn hefði jafnan verið í bezta lagi, hefði nálega engu tapað nokkru sinni og að engu leyti verið að stjórn hans fundið. Fullkunnugt er mér ekki um gallana, sem verið hafa á stjórn hans þá. En það er mér ljóst, að ofmælt hefir það verið, að ástæðulaust væri að rannsaka hag hans og rekstur. Til þess að reyna að tryggja mér það, að fara ekki lengra en rétt er, þá ætla eg að byggja á því einu, sem mér hefir skilist, að fyrverandi bankastjórn gefi sjálf í skyn að bankinn hafi tapað um þær mundir eða telur að hann muni tapa. Mun sú upphæð vera 1—2 hundruð þús. kr. Þegar eg auk þess lít á ýmsa galla á stjórn bankans, sem eg nú orðið er sannfærður um, þá blandast mér ekki hugur um, að það hefir verið þörf og nauðsynleg stjórnarráðstöfun, að hrinda því í framkvæmd, að bót yrði ráðin á stjórn hans. Svona fjarri stend eg þeim mönnum, sem telja þessa stjórnarráðstöfun réttmæta ástæðu til að styðja með tillögu þá, sem nú á að greiða atkvæði um.

Eg skal nú ekki þreyta háttv. deild með lengri ræðu. En þetta sem eg hefi sagt, hygg eg að nægi til þess að það sé ljóst, *að* eg mun greiða atkvæði móti tillögunni, *og* af hverjum ástæðum eg geri það.

Magnús Blöndahl: Eg hafði búist við því, að þeir sem mest kapp hafa lagt á það, að fylgja fram þessari van-

traustsyfirlýsingu, bæði háttv. flutnm. og eins hinn háttv. minni hluti hér í deildinni, sem verið hefir, mundu, þar sem nú er komið fram á nótt, sýna þá sanngirni gagnvart hæstv. ráðherra og oss öðrum samþingismönnum sínum, að leyfa það, að fundi yrði frestað til morguns. en það er nú ekki því að heilsa. Hvorugum þessum herrum hefir þóknast að sýna þá tilhliðrunarsemi. Nei, nú tökum við saman höndum segja þeir, og erum í meiri hluta, og þið skuluð fá að beygja ykkur. Þetta kann nú, ef til vill, að þykja góð og drengileg aðferð frá vissu sjónarmiði, en grunur minn er sá, að meiri eða minni hluti þjóðarinnar kunni að meta framkomu þessara Heródesa og Pílatusa að verðleikum á sínum tíma.

Ef eg ætti að taka alt það fram, sem eg hafði hugsað mér, og ástæða væri til, þá mundi ganga til þess æði langur tími, en eg verð að vera stuttorður og get það líka, meðfram af því, að háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.), er síðast talaði tók margt fram af því, sem eg ætlaði að segja, og enda fleiri af þeim háttv. þm. sem talað hafa í dag, eða réttara sagt í gærkvöldi. Þó verð eg að dvelja lítið eitt við einstök atriði sérstaklega.

Framsm. minni hlutans, háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) drap á margt, þótt lauslega væri farið yfir það flest, enda var það heppilegast, þar sem hann hafði enga nýtilega ástæðu fram að færa ásökunum sínum til stuðnings, en margt af því, er hann var að fimbulfamba um, voru mál, sem hann, eftir eðli þeirra, hlaut að vera gerókunnugur, gat ekkert um þau vitað, og ekkert fyrir sér haft annað en órökstutt slúður manna á milli, og mest þó haft eftir minni hl. blöðunum.

Hann hefir máske haldið að því yrði enginn gaumur gefinn, sem hann sagði, eða að menn mundu gleyma því jafnharðan, og skal eg játa, að svo hefði það átt að vera; eg ætla þó ekki að ganga alveg þegjandi fram hjá því. Fyrst skal eg þó leyfa mér að fara lauslega yfir syndaregistrið, sem háttv. framsm. meiri hlutans (B. Sv.) kom með til stuðnings þessari mjög svo vanhugsuðu vantraustsyfirlýsingu, og verð eg þá þegar að lýsa yfir því, að aumari ástæður, eða lélegri rök hefi eg ekki heyrt færð fram nokkuru máli til stuðnings. Þess utan var margt af því, sem þessi háttv. flutnm. fann ráðherra til foráttu þannig vaxið, að ekki gæti ráðherra átt þar sök á, þó um sök væri að ræða, heldur þá ef til vill sumir af flokksmönnum hans. Þetta mátti háttv. flutningsm. vita manna bezt, og gæti eg tilnefnt óhrekjandi sannanir fyrir því, að eg fer hér með rétt mál, en eg skal nú geyma það þangað til síðar. Má vera að það verði þá gert svo, að enginn þeirra fimmmenninganna treystist til að mótmæla jafn einföldum sannleika.

Það eina skýra, sem eg fékk út úr ræðu klofningsframsögumannsins var það, að ef honum og félögum hans auðnaðist að losna við núverandi ráðherra, þá væri öllu borgið, þá mundum við líklega fá þann mann í ráðherrasessinn, sem ekkert væri út á að setja frá hvorugum flokknum. Eg verð að segja það fyrir mitt leyti, að eg hefi ekki þessa oftrú. Eg hygg, að sá sé enn ekki skapaður, sem ekki mundi eiga fyrir höndum að fá meira eða minna svipaða útreið, ef því væri að skifta, og þá, er núverandi ráðherra hefir fengið hér í kvöld. Og spá mín er sú, að hver sem til þess verður, að taka við völdum nú, hann muni þegar á næsta þingári óska þess, að glapræði það, sem hér á að fremja í kveld, hefði aldrei verið unnið, að minsta kosti munu sumir af flutningsmönnum

tillögu þessarar fegnir vilja óska þess, og það þegar áður þessu þingi er lokið. Eg segi þetta núna, til þess að það skuli sjást á sínum tíma, hvort eg hefi ekki rétt fyrir mér. Eg skal þá svara stuttlega hinum helztu sakargiftum, er háttv. framsögumaður meiri hl. (B. Sv.) hafði fram að bera máli sínu til stuðnings.

Það er þá fyrst framkoma ráðherra í sambandsmálinu, sem háttv. framsm. þykist þurfa að víta. En eg vildi spyrja, hvað átti ráðherra að gera frekar í því máli en gert var? Hvernig átti hann að þvínga Dani í því máli gegn einbeittum vilja þeirra sjálfra? Vill ekki háttv. framsm. benda á það?

Þá er það færsla þingtímans, og skal eg játa, að það mál gat ráðherra gert að kappsmáli þannig, að biðjast lausnar, ef hann hefði ekki fengið því máli framgengt. En það veit háttv. framsm., eins vel og eg, að á því á ráðherra þó enga sök, heldur miklu fremur miðflokksstjórnin eða meiri hluti hennar, sem ekki mun hafa viljað láta leggja svo mikið kapp á það mál, að ráðherra fyrir það skyldi hætta stöðu sinni. Þetta vita flutningsmenn tillögunnar vel, þar eð sumir þeirra voru einmitt í áðurnefndri flokkstjórn. Það er því miður drengileg aðferð, að koma nú fram með þessa ásökun.

Svo koma botnvörpusektirnar. Eg get ekki litið öðru vísi á það mál, en að ráðherra hafi þar ekkert af sér brotið; hann hefir þar engu lofað Dönum öðru en því, að bera málið fram á næsta þingi, eins og hann hefir nú gert, án þess að lofa þar um neinu frekar, hvorki fyrir hönd sjálfstæðisflokksins né annara. Ástæðan fyrir þessari ásökun er því einber hégómi og reykur. Um skilning ráðherra á þingsetu hinna konungkjörnu þingmanna má að vísu þrátta, en tilgangslítið og ástæðulaust virðist það vera, og vandi mikill að gera þar rétt upp á milli hans og flutningsmanna, en svo mikið má þó fullyrða, að réttmæt afsetningarsök getur það aldrei talist.

Þá er viðskiftaráðunautsinn og bréf ráðherra til Zahle í því sambandi talin afsetningarsök. Manni hlýtur að detta í hug málsháttsurinn: »Það er lítið sem hundstungan finnur ekki«. Og fátt sýnir betur, hve gersnauðir af réttum röksemdum flutningsmenn tillögunnar hafa verið og eru, að þeir skuli láta sér sæma að bera slíkt fram hér í þingsalnum, ef það eitt, að ráðherra svarar bréfum eða fyrirspurnum frá dönskum ráðgjöfum kurteislega, en ekki með illindum eða þjósti, á að varða afsetningu hans. Sama er að segja um ásakanirnar út af nafni ráðherra í bláu bókinni. Þetta voru nú ákærurnar út af framkomu ráðherra út á við.

Út af framkomu ráðherra inn á við tók flutnm. (B. Sv.) það fram, að ráðherra hefði mistekist mjög í rannsókn á landsbankanum; þar hefði alt farið í mola hjá honum, þar sem hann ekkert hefði skift sér af að rannsaka hag Íslands banka og gat um leið Akureyrar-hneykslisins. Þessari ásökun hefir þegar verið svarað af ráðherra sjálfum og fleirum og get eg því gengið fram hjá því, læt mér nægja að geta þess, að flutnm. hefir áður og eins reyndar nú í ræðu sinni játað, að ráðstafanir ráðherra gagnvart landsbankanum hafi verið á góðum og gildum rökum bygðar.

Tuttugu og fimm aura málið snertir ekkert ráðherra, hann var hvergi nærstaddur, er þau ráð voru ráðin og mundi heldur ekki hafa samþykt þau, ef af þeim hefði vitað.

Þá er undirbúningur lagafrumvarpa og skal eg játa, að æskilegt hefði verið, að hann hefði verið meiri og betri, en því munu hafa valdið óviðráðanleg atvik, svo sem heilsuleysi og fleira, svo ekki er réttmætt að taka hart á því.

Sama er að segja um dvöl ráðherra erlendis, að hún varð svo löng, kom af heilsufari hans.

Þá kemur þessi höfuðsök, er flutningsmenn vilja láta vera, að ráðherra skuli hafa gerst svo djarfur að koma á fund í hinu svokallaða skrælingjafélagi í Höfn og þegið heimboð hjá lýðháskólunum á Jótlandi. Eg get nú naumast hugsað mér, að flutn.m. hafi meint nokkuð með þessari broslegu ásökun; því að hvað er vítavert í þessu? Er það vítavert, að ráðherra þiggi slík boð frá mönnum, sem að mörgu leyti hafa sýnt það, að þeir vilja landinu vel? Er það vítavert, að ráðherra tekur þar rækilega málstað vorum, er á hann er ráðist af óhlutvöndum mönnum? Er það vítavert, að ráðherra sýnir sjálfsagða kurteisi með því að þiggja slík heimboð í stað þess að neita þeim ástæðulaust? Eg fyrir mitt leyti verð að neita því afdráttarlaust. Eg vona þá, að eg hafi sýnt fram á, hve gersamlega óréttmætar þessar ásakanir eru af hálfu flutningsmanna tillögunnar og læt því úttalað um þær að sinni.

Þá skal eg svara háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) nokkrum orðum, og skal eg þá fyrst snúa mér að því, sem hann fann ástæðu til að taka fram um einhverja fundi — eg held hann hafi kallað það þingmálafundi — er hann eða hans flokkur hafi haldið hér í bænum í fyrra. Eg veit nú ekki, hvers vegna hann fann ástæðu til að tala um þá í þessu sambandi? Það hefði vafalaust verið heppilegra af honum að hafa ekki hátt um þann óskapnað heimastjórnarmanna. Hann tók það fram í fyrstu, að til þessara funda hefði verið boðað af báðum flokkum, en tók sig svo á því og sagði, að það hefðu gert heimastj.menn og nokkrir menn aðrir. Hverjir voru það? Ekki fleiri en einn eða tveir menn, og ekki var hreinlyndið meira en svo, að þingmenn bæjarins voru alls ekki hafðir með í ráðum, heldur var þeim eingöngu boðið á fundina löngu seinna á kortum. Eg ætla nú hverjum háttv. þm. sem er, að dæma um það, hvort við þingmennirnir gátum þegið þannig lagað boð, eða ekki, þar sem þetta voru sýnilega flokksfundir og annað ekki. Þarna var ekki einu sinni séð fyrir nægilegu húsrúmi. Því var það, að þingmenn bæjarins beittust fyrir því, að haldnir yrðu þingmálafundir á góðum stöðum, þar sem öllum kjósendum gæfist kostur á að hafa tal bæði af ráðherra og þingmönnum og koma fram með óskir sínar og kærur. Um framkomu ráðherra og þingm. á þeim fundum skal eg ekki tala margt; vil þó geta þess, að örðugt mun þingm. verða að umhverfa sannleikanum svo mjög í því efni — sem hann virðist hafa tilhneigingu til — að nokkur mætur maður verði til þess að trúa honum. Það hefði verið betra, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefði skýrt réttara frá þessu í sinni löngu en þó að sumu leyti hógværu ræðu — því að það skal eg játa að hún var — úr því að hann fór að minnast á það á annað borð.

Þá mintist sami þm. á »hin taumlausu ósannindi«, sem ávalt stæðu í Ísafold — blaði ráðherrans er hann kallar. En þar hjó þm. heldur nærri sínum eigin vinum og átrúnaðargoðum, blöðum heimastjórnarflokksins. Ef borin eru saman blöð sjálfstæðismanna og heimastjórnarmanna undir stjórn H. Hafstein og aftur nú undir stjórn B. J., mun enginn óhlutdrægur maður neita því, að blöð minni hlutans *nú*, eru miklum mun ósvífnari og óskammfeilnari, en blöð meiri hlutans, sem nú er, voru gagnvart heimastjórnarflokknum í stjórnartíð H. H., þegar sjálfstæðisblöðin voru í »oppo-

sition«. Ekki skal eg neita því, að bardaginn var þá oft og tíðum harður. En hann var háður alt annan veg og miklu heiðarlegri vopnum beitt þá, af blöðum sjálfstæðismanna í garð Hafsteinsstjórnarinnar, heldur en nú á sér stað hjá blöðum heimastjórnarmanna.

Þá talaði þm. mikið um »óhappaverkið« er ráðherra hafi unnið þingi og þjóð í kosningunum 1908 og gat þess um leið, að millilandanefndin hafi unnið það þrekvirki, er mest hafi unnið verið á þessu landi næst lagauppsögn Þorgeirs Ljósvetningagoða í sinni tíð. Það vill nú svo vel til, að aðrar eins fullyrðingar og þessar, hafa venjulega gagnstæð áhrif við það, sem þeim er ætlað að hafa. Ósannindin á aðra hlið, en oflofið á hina hliðina svo áþreifanleg, að hver sá sem opin hefir augun og einhvern snefil af sannleiksást á til í eigu sinni, hlýtur að sjá í gegn um þennan ósannindavef og undrast þann mikilmenskubrag og ósvífni, sem inni felst í slíkum fullyrðingum. Að hér er ekki ofmælt, sést bezt á því, hvernig þjóðin leit á þetta þrekvirki millilandanefndarinnar við kosningarnar 1908.

Þá talaði sami þm. mikið um landsbankamálið og franska peningatilboðið og enska. En þar sem rangfærslum hans og staðleysum um þau mál, hefir verið svarað allrækilega af öðrum, læt eg mér nægja að geta þess, að hvað landsbankamálið snertir, þá er nokkuð snemt að kveða nú upp fullnaðardóm um það og trúað gæti eg því, að sagan á sínum tíma muni dæma öðru vísi um það mál. En hvað lánstilboðunum viðvíkur, þá hygg eg óhætt að fullyrða, að þm. er þar að dæma um þá hluti, er hann af vissum og eðlilegum ástæðum getur lítið vitað um.

Þá gat þingm. um hlutabréfakaup í Íslandsbanka, þ. e. frumvarp það, er fram kom á síðasta þingi um það efni, og vildi kenna ráðherra um, að það ekki var samþykt í Ed. Mig furðar nú á, að þingm. skuli ljá sig til að koma fram með jafn ósæmilegar aðdróttanir, en þó um leið barnalegar; því hvernig átti ráðherra að geta hjálpað því máli betur áfram en hann gerði, þar sem hann greiddi atkv. með málinu í neðri deild — eftir því sem eg man bezt, — og var þess hvetjandi bæði við mig og aðra, að það gæti gengið fram.

Sami háttv. þm. tæpti aðeins á silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, fanst eins og viðkunnanlegra að taka það með, en aftur á móti var gert mikið veður út af því máli í Ed. fyrir skömmu, og margar spurningar framsettar. Af hverju það hefir verið gert, veit eg ekki. En að líkindum hafa þeir háu herrar þar lesið blöðin *Reykjavík* og *Lögréttu*, og talið sér skylt að endurtaka ósannindi þau, er í þeim blöðum hafa staðið um það mál. Betra hefði þó verið að afla sér upplýsinga hjá réttum hlutaðeigendum, en að hlaupa eftir því, sem í þeim blöðum stendur.

Eins og mörgum mun kunnugt, hefir landssjóður lengi átt námur í Helgustaðafjalli, og var lengi fram eftir enginn ágóði af þeim. En loks árið 1895 seldi landssjóður Þórarni Tulinius og föður hans námurnar á leigu til 5 ára. 1900 var sá samningur framlengdur aftur til 5 ára, og í þriðja sinn var samningurinn endurnýjaður 1905 og ennþá til 5 ára. Samningar þessir eru til, og geta allir, sem vilja kynt sér þá, og af þeim séð, hversu vel réttindi landssjóðs eru þar trygð.

Leigutími Tuliniusar endaði 1910. Þessvegna auglýsir núverandi stjórn í Lögbirtingablaðinu í fyrra vetur, að námurnar séu til leigu og óskar stjórnarráðið eftir tilboðum í leiguréttinn til 10 ára, og áttu tilboðin að vera komin til stjórnarráðsins í júnímánuði 1910. Þeg-

ar tíminn var útrunninn höfðu aðeins komið tvö tilboð. Var annað þeirra frá Tuliniusi en hitt frá Guðmundi Jakobssyni, og eru þau bæði til sýnis enn. Tulinius bauð að greiða 50% af söluverði silfurbergsins, en Guðmundur Jakobsson bauð mun hærra, eða 55%, og að sjálfsögðu tók stjórnin það tilboðið, er hagkvæmara var fyrir landssjóð. Það lítur nú helzt út fyrir, að þeir menn, sem finna ástæðu til að víta þessar gerðir stjórnarinnar líti svo á, að taka bæri lægra tilboðinu. Eg get samt hugsað mér þann hvell, sem úr því hefði orðið. Eg get hugsað mér þann úlfaþyt, sem orðið hefði í hinum herbúðunum, ef ráðherra hefði hafnað tilboði Guðmundar Jakobssonar, sem bæði var mun hærra og þess utan hafði Guðm. Jakobsson aðra silfurbergsnámu, sem gat verið landssjóði hættulegur keppinautur.

Þá mætti geta þess, að Tulinius, sem er manna kunnugastur Helgustaðafjallsnámunum hefir sagt bæði við mig og aðra, að námurnar þar væru tæmdar. Hann hafði líka, ekki alls fyrir löngu, sótt um 6—7 þúsund króna styrk úr landssjóði til þess að gera tilraunir og sprengja inn í fjallið og ganga úr skugga um, hvort nokkurt silfurberg væri enn í fjallinu. Eg veit að þetta er rétt, því eg hefi það frá stjórnarráðinu. Því hefir verið haldið fram í Reykjavíkurblaði einu, og líka hefir það verið sagt annarstaðar, að silfurberg væri ekki til nema í Helgustaðafjalli. En þeir, sem halda fram jafnmikilli fjarstæðu, hafa ekki lesið Lýsingu Íslands eftir Þ. Thoroddsen, því í henni er þó sagt frá því, að silfurberg finnist víðar hér á landi. Eftir því sem menn vita nú með vissu, finst það bæði í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu, og tveim eða þrem stöðum öðrum. Silfurberg hefir einnig fundist í öðrum löndum, þótt það hafi verið litað og því ekki verið hægt að nota það.

Eg get að síðustu ekki stilt mig um að spyrja: Hvað hefir svo þessi »gullkista landssjóðs«, sem sumir kalla Helgustaðanámuna, gefið landssjóði miklar tekjur í þessi 15 ár, sem hr. Tulinius hafði hana á leigu? Fletti maður upp í landsreikningunum fyrir nefnt tímabil, þá kemur það í ljós, að tekjur landssjóðs af námunni hafa numið samtals öll árin liðugum 19 þús. kr., eða til jafnaðar um 1266 kr. á ári. En eftir að hinn nýi leigjandi tekur við námunni, fær landssjóður um 10 til 12 þús. kr. í tekjur af henni á fyrstu 5 mánuðunum.

Þetta á svo að ávíta stjórnina fyrir, og jafnvel gera að dauðasök, að hún hefir ekki námuna í sömu niðurníðslu og áður. Eg skil ekki, hvernig menn geta litið svo skökkum augum á málið.

Breytingin, sem á er orðin, er því að þakka, að hinn nýi leigjandi varði bæði miklum tíma og kostnaði í að leita að góðum markaði fyrir silfurberg og tókst það líka. En svo kemur að því, að hinn nýi leigjandi sér sér hag í því að selja öðrum sinn rétt, og þá á það að vera eitthvert ódæði af stjórninni að leyfa það. Menn segja reyndar, að landið sjálft eigi að reka námuna og hafa hagnaðinn af henni, en þá er þess að gæta, að silfurbergsnámur eru víðar til en í Helgustaðafjalli, og sumar komnar á aðrar hendur, t. d. í Borgarfirði. Það er því hætt við, að samkepni muni myndast og varan því lækka í verði. Þess utan hefir það hingað til ekki þótt gerlegt, að reka slíkan námurekstur af því opinbera, og þann stutta tíma, sem landssjóður hafði rekstur námunnar á hendi, mun hann hafa tapað fé við rekstrinn. Þess utan verða menn að taka það til greina, að meiri líkur eru fyrir því nú, að náman í Helgustaðafjalli sé nú orðin fremur fátæk. Eg sé að einn háttv. þm. hristir höfuðið, en af því eg veit hér betur, vildi eg ráða honum til

að hrista kollinn gætilega, því tæplega mun honum veita af að halda öllum sínum heila, ef hann vill reyna að hrekja það, sem eg nú hefi sagt.

Hvað samningana snertir, þá er lítill vandi fyrir menn að bera þá saman, hinn gamla og þann nýja, og sér þá hver heilvita maður, að seinni samningurinn er stórum mun betri, svo mjög skilur á milli.

Eg hefi nú orðið að eyða talsverðum tíma í þetta mál, en þar var brýn nauðsyn til, til þess að drepa niður allar þær dylgjur og tröllasögur, sem um þetta hafa gengið.

Eg skal svo ekki þreyta háttv. deild lengur, en vil lýsa því yfir, að þegar alt er yfirvegað, eru ástæðurnar, sem fram hafa verið færðar fyrir þessari vantraustsyfirlýsingu, svo léttvægar, ósanngjarnar og ranglátar, að eg get ekki gefið henni mitt atkvæði. Það er auðvitað enginn maður svo, að ekki verði eitthvað að honum fundið, en eg er sannfærður um, að eftirmaður núverandi ráðherra muni að engu leyti verða honum hæfari í þá stöðu. Þess má og geta, að sennilegt er, að bráðum verði gengið til nýrra kosninga og getur þá margt breytst, og sízt ástæða til að óþörfu að setja fleiri ráðherra á eftirlaun, þegar ekki er um veigameiri ástæður að ræða, en þær er hér hafa verið bornar fram. Þetta virðist nú mörgum ef til vill ekki mikils um vert, en samt sem áður hafa þingmenn stundum talið það óhæfilegt, að bruðla svo með fé landssjóðs, að kasta 5 þús. kr. í eftirlaunum til fyrv. ráðherra (H. H.) að líklegt er þeir einnig telji það óhæfilega fjárbruðlun að kasta út að óþörfu 3000 kr. til hins næsta o. s. frv.

Eg vil því ennþá einu sinni taka það fram, að ástæðurnar fyrir vantraustsyfirlýsingu þessari eru ekki svo þungar á metunum, að eg geti greitt atkvæði með henni.

ATKV.GR.:

Samkvæmt ósk nokkurra þingmanna (Skúla Thoroddsen, Sig. Sigurðssonar, Benedikts Sveinssonar, Jóns Jónssonar (1. þm. N.-Múl.), Jóns Sigurðssonar og Bjarna Jónssonar), var viðhaft nafnakall um aðaltillöguna á þskj. 37, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Ráðherra Björn Jónsson greiddi ekki atkvæði, og var það tekið gilt af forseta. Jón Þorkelsson greiddi og ekki atkvæði, og gerði þá grein fyrir því, að hann hefði ekki fengið tækifæri til að lýsa afstöðu sinni í málinu sökum þess, að meirihl. deildarinnar hefði með atkvæðum tekið fyrir umræðurnar eftir að hann hafði beðið sér hljóðs, og jafnframt neitað um að fresta framhaldi umræðna til morguns, þótt þá væri komið að miðnætti.

Forseti tók þær ástæður ekki gildar, og taldist Jón Þorkelsson því með meiri hlutanum.

Var till. því samþ. með 16 atkv. gegn 8.

Þá var gengið til atkv. um viðaukatill. á þskj. 49. Nafnakall var viðhaft, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Ráðherra Björn Jónsson greiddi ekki atkvæði, og var það tekið gilt af forseta.

Jón Þorkelsson og Hálfdan Guðjónsson greiddu og ekki atkvæði, hinn fyrnefndi af sömu ástæðum og við aðaltillöguna, hinn síðarnefndi vegna þess, að hann áleit ekki rétt, að viðaukatillagan væri borin upp á eftir aðaltillögunni.

Hvorugar þær ástæður tók forseti gildar og töldust því Jón Þorkelsson og Hálfdan Guðjónsson með meiri hlutanum.

Viðaukatill. því samþykt með 17:7 atkv.

TILKYNNING ráðherra á fundi deildarinnar 1. marz.

Ráðherrann (B. J.): Eg vil hér með tilkynna hinni virðulegu deild, að eg hefi fengið svolátandi svar frá konungi við lausnarbeiðni minni frá 25. f. mán.:

»Lausnarbeiðni yðar hefi eg meðtekið, þótt leitt þyki, en bið yður þjóna embættinu til þess er eftirmaður er skipaður«.

— Í sambandi við þetta skal þess getið, að í gær hefir borist orðsending frá konungi, þar sem hann óskar, að alþingi haldi áfram umhugsun og ráðagerð um eftirmann minn, og vonast hann eftir skeyti um það, þegar hann kemur aftur frá Svíþjóð hinn 11. þ. m. Eg mundi hafa skýrt deildinni fyr frá þessu svari konungs, ef eg hefði ekki verið að bíða eftir samkomulagi um eftirmann minn. En nú sé eg, að ekki er til neins að bíða lengur.

II.

Á fundi deildarinnar 15. marz tilkynti forseti, að hinn nýskipaði ráðherra, Kristján Jónsson, þingmaður Borgfirðinga, er þá var staddur í deildinni, óskaði að taka til máls, áður en til dagskrár væri gengið.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg vil leyfa mér að tilkynna hinni háttv. deild, að eg í morgun hefi tekið á móti símskeyti frá stjórnarskrifstofunni í Höfn, sem hljóðar svo:

»Deres til Hans Majestæt Kongen sendte telegrafiske Indstilling om Udnævnelse af Justitiarius Kristján Jónsson til Islands Minister og Entledigelse i Naade og med Pension af Minister Björn Jónsson bifaldet af Hans Majestæt Kongen Amalienborg 14. Marts.

Bestalling for Justitiarius Kristján Jónsson til at være Minister for Island underskrven af Kongen samtidig.

Krabbe«.

Þetta er í íslenzkri þýðingu svohljóðandi:

»Tillaga yðar, símuð til Hans Hátignar konungsins, um að justitiarius Kristján Jónsson verði skipaður ráðherra Íslands og um að ráðherra Birni Jónssyni verði veitt lausn og með eftirlaunum er samþykt af Hans Hátign konunginum á Amaliuborg þ. 14. marz.

Skipunarbréf fyrir justitiarius Krist-

ján Jónsson til að vera ráðherra fyrir Ísland samtímis undirritað af konunginum.

Krabbe«.

Jafnframt og eg tilkynni hinni háttv. deild þetta, skal eg geta þess, að eg hafði ástæðu til þess að ætla, að meiri hluti þingmanna mundi styðja mig, er eg tók áskorun konungs um að taka við ráðherraembættinu. Eg hafði ástæðu til að ætla, að ekki færri en 23 þingmenn mundu styðja mig eða að minsta kosti ekki amast við mér sem ráðherra. Eg hygg því, að óhætt sé að fullyrða, að hér hafi þingræðinu ekki verið traðkað eða að neinu leyti misboðið.

Sem ráðherra mun eg kosta kapps um að koma á friði og ró í landinu. Ófriðaröldum þeim, er yfir landið hafa gengið um síðastliðin ár verður að lægja. Það er hið nauðsynlegasta, nauðsynlegra en alt annað. Hin pólitísku stórmál ættu að hvíla sig og liggja í þagnargildi um nokkur ár, færri eða fleiri eftir atvikum. — Á þessu þingi mun eg stuðla að því af fremsta megni, að viðunanleg fjárlög verði samþykt, og að hagfeld stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga. Verður þá þingið að sjálfsögðu rofið. En eg lýsi því yfir, að þó að stjórnarskrárbreyting verði ekki samþykt, þá hefi eg alt um það ásett mér að rjúfa þingið, til þess þjóðinni gefist færi á að láta álit sitt í ljósi um þá atburði, er hér hafa gerst þessa síðustu dagana. Það er hún, sem á að leggja dóm á þá.

Skúli Thoroddsen: Eg álít hlýða að mótmæli komi nú þegar fram gegn því, að þingræðið hefir verið brotið, er núverandi ráðherra var skipaður, þar sem Hans Hátign konunginum var það fullkunnugt, að 19 þjóðkjörnir þingmenn höfðu skriflega lýst því yfir, að þeir mundu *að eins styðja einn ákveðinn mann*, sem ráðherra. Auk þess hafði einn þingmaður lýst því yfir, að hann mundi styðja þennan sama mann út þingtímann, og sá 21. hafði lýst því yfir, að hann mundi láta ráðherraútnefninguna hlutlausa. Þannig lá fyrir skýlaus yfirlýsing frá meiri hluta allra þingmanna og miklum meiri hluta allra þjóðkjörinna þingmanna um, að þeir mundu ekki styðja Kristján Jónsson til ráðherraembættis, og konungi var þetta fullkunnugt. En sá maður, sem hefir gerst svo djarfur að takast á hendur ráðherraembættið, þó hann vissi, að hann ekki hefði meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna með sér og þannig brotið þingræðið, hann hefir unnið það verk, sem getur haft mjög óheillavænlegar afleiðingar fyrir landið og þjóðina.

Eg vildi það kæmi fram hér í deildinni skýr mótmæli gegn gerræði því, sem hér hefir verið beitt.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg bjóst ekki við, að umræður mundu verða hér að sinni út af yfirlýsingu og tilkynningu minni, og vil eg skjóta því til hins hæstv. forseta, hvort rétt sé, að svo verði.

Forseti: Eg taldi sanngjarnt, að einn maður úr mótflokknum fengi að segja álit sitt um ráðherraskipunina, og þá sérstaklega sá, er fyrir mestum vonbrigðunum hefir orðið.

Hannes Hafstein: Úr því einn maður fær að tala, hvers vegna fá þá ekki fleiri að tala? Eg vil hafa leyfi til þess að mótmæla öllum ummælum hins háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Mér finst þar gæta alt of mjög eigin hagsmuna, með því það er kunnugt, að þessi maður hefir gert alt til þess að keppa við hinn nýskipaða ráðherra um sætið.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að taka það fram, að þeir atburðir, sem hér hafa gerst, sýna það, að það er gersamleg óhæfa, að ráðherraútnefningin sé bygð á skotspónafréttum. Hún verður að byggjast á »autoriseruðum« upp-

lýsingum frá sameinuðu þingi. (*H. Hafstein:* Gegnum forsetann?). En hér hefir verið farið eftir fölskum skeytum.

Forseti (sem hefir hringt í sífellu meðan síðasti ræðumaður talaði): Um þetta mál verða engar umræður frekar.

III.

TILLAGA til þingsályktunar um, að neðri deild alþingis lýsi yfir vantrausti sínu á Kristjáni háyfirdómara Jónssyni sem ráðherra.

Hvernig ræða skuli, 16. marz (A. 188, 230).

Forseti: Eg sting upp á að ein umræða sé höfð um málið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Má ekki eins stinga upp á 2 umr., það er víst í mörgum talsvert gasloft, og vil eg því gera það að tillögu minni, að 2 umr. verði hafðar um málið, til að hleypa út gasinu.

ATKVGR.:

Felt að hafa 2 umr., og því úrskurðuð ein umr. af forseta.

Ein umr., 18. marz (A. 188, 230, sbr. 238).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Tilefnið til þessarar þingsályktunartill. eru atburðir þeir, er ný skeð hafa gerst með þjóð vorri.

Eins og kunnugt er, hefir hæstv. núverandi ráðherra (Kr. J.) tekið við skipun sinni sem ráðherra, þótt honum ætti að vera, hlyti að vera og væri kunnugt um það, að meiri hluti þjóðkjörinna þm. var á móti honum, ber ekki traust til hans, þegar hann lýsti yfir því, að hann tæki að sér ráðherrastöðuna.

Flutningsm. þessarar till. líta svo á, að með þessu hafi hæstv. ráðh. brotið þingræðisregluna, sem hingað til hefir verið fylgt hér við ráðherraútnefningar, síðan vér áttum þess kost, að njóta hennar, — bæði 1904 og 1908.

Það er nú öllum kunnugt, hve mikla þýðingu þingræðið hefir fyrir þjóðfélagið. Að það er fyrsta skilyrðið fyrir allri eðlilegri samvinnu milli þings og stjórnar — annars fer það alt í mola — fyrsta skilyrðið fyrir því, að undirbúningur þingmála geti farið fram á heppilegan hátt, og nauðsynleg trygging þess, að störf ráðherra verði leyst þannig af hendi, sem meiri hluti þings og þjóðar vill vera láta og álítur heppilegt. Ef traust þingsins á stjórninni vantar, þá lamar það krafta bæði hennar og þess. Það lamar ábyrgðartilfinningu þm. og áhuga og framsókn þjóðarinnar, þegar sú stjórn situr að völdum, sem meiri hluti þm. þjóðarinnar ber ekki traust til.

Það ríður því í fylsta máta á því, að þess sé vandlega gætt, að landinu sé stjórnað samkvæmt þingræðisreglunni. Og þegar hæstv. núverandi ráðherra tók við útnefningu sinni, þá vorum vér, flutn.m. þessarar till., samdóma um það, að það »gæti fyrirsjáanlega orðið almenningi að tjóni« og »stofnað hag hans í hættu«. Þessi orð eru nú tekin úr ráðherraábyrgðarlögunum frá 4. marz 1904, og sjáum vér eigi annað, en að hæstv. ráðherra hafi framið brot á 1. og 4. gr. þeirra laga. Í þeim greinum felst tryggingin fyrir þingræðinu, því að það er almennings-»tjón« og »hætta« ef því er traðkað.

En nú mun verða reynt að halda því fram, að hér sé þingræðinu alls eigi traðkað, og borinn fyrir réttur konungs, samkvæmt stjórnarskránni. Það er nú að vísu rétt, að þar stendur, að hann hafi vald til þess að velja sér ráðherra. En hér til er því að svara, að öll stjórnarstörf hans hátignar, konungsins, verða

að vera framkvæmd á ábyrgð ráðherra, til þess, að þau hafi nokkra þýðingu að lögum, og þá auðvitað líka útnefning ráðherra, jafnt og önnur störf. Jafnvel þegar konungur heldur opinberar ræður eða tekur á móti sendiherrum erlendra þjóða, þá stendur ávalt einhver ráðh. hans við hlið honum, og gefur með því til kynna, að hann taki ábyrgð á orðum hans. Orður og titlar munu vera eina undantekningin frá þessari reglu.

Hæstv. núverandi ráðherra vor er því skipaður á eigin ábyrgð, og hefir sjálfur tjáð sig fúsan til þess að taka við starfanum. Hvað undirskrift hans undir útnefninguna snertir, sem gerð er með símskeyti, verður að líta svo á, að með henni sé framið bæði þingræðisbrot og lagabrot.

Að hans hátign, konungurinn, muni hafa viljað láta þingið ráða, nú eins og 1904 og 1908, sést glögglega af símskeyti hans til mín sem forseta sameinaðs þings 28. febrúar s. l., er hljóðar svo:

»I Henhold til modtagne Telegrammer finder jeg til Situationens Afklaring heldigt at levne Tid til rolig Fortsættelse af stedfindende Forhandlinger forventer herefter Beretninger om Situationen til min Hjemkomst fra Sverige 11. Marts. Gruppeförerne bedes underrettede herom.

Frederik R.«

Konungur álítur það með öðrum orðum heppilegt, að samningatilraununum verði haldið áfram og óskar frétta um árangurinn af þeim við heimkomu sína frá Svíþjóð þ. 11. Af þessu er það ljóst, að hann hefir ætlast til þess, að þingræðið héldist. Í símskeyti sjálfstæðisflokksins til konungs 12. marz er honum svo skýrt glögglega frá því, hvernig sakir standa. Þar segir svo:

»Nítján af 24 þjóðkjörnum þingmönnum sjálfstæðisflokksins hafa tjáð sig meðmælta Skúla Thoroddsen, sem ráðherraefni.

Auk þess eru tveir ákveðnir flokksmenn, er annar lætur tilnefninguna afskiftalausa, en hinn — ráðherrann, sem frá fer — hefir lýst yfir því, að hann vilji eigi, að Thoroddsen sé feldur á þessu þingi.

Um þrjá er í óvissu.

Enginn annar en Thoroddsen getur vænst stuðnings sjálfstæðisflokksins, og þessvegna mælir flokkurinn allra undirgefnast með honum«.

Þetta símskeyti, sem samþykt var á flokksfundi sjálfstæðismanna að senda konungi, sýnir glöggt ástandið. 20 þm. hafa heitið mér fylgi og einn þm., Hálfdan Guðjónsson, lýst því yfir, að hann léti ráðherratilnefningu afskiftalausa. Það getur þá ekki verið að ræða nema um 19 þm., sem hafa fylgt núverandi ráðherra að málum. Það er ekki til nokkurs að þrátta um þetta. Símskeytið er samþykt á flokksfundi og bygt á skriflegri yfirlýsingu þeirra þingmanna, sem þar um er að ræða, nema hvað einn, háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), snertir, að hann hefir ekki gefið skriflega yfirlýsingu, en lýst því yfir, í viðurvist tveggja votta, velæruverðugra klerka, Sig. Stefánssonar og Kristins Danielssonar, að sig megi telja með, því að hann verði þeim meginn, sem meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna sé. Annars vil eg geta þess, að það er í meira lagi hlægilegt og kynlegt, þegar andstæðingarnir eru í blöðum sínum að segja langar sögur af því, hvað sjálfstæðisflokkurinn hafi viljað; engir ættu að vita það betur en flokksmenn sjálfir og það er meiri dirfskan að vera að mótmæla því.

Í margumræddu símskeyti til konungs segir, að ekki nema þessi eini maður geti vænst trausts 21 manns. Það er því augljóst, að hæstv. núverandi ráð-

herra hefir aðeins haft fylgi 13 þjóðkjörinna og 6 konungkjörinna þingmanna. Honum var þetta líka fullkunnugt, því eftir hádegi 12. þ. m. fórum við síra Sigurður Stefánsson heim til hans, til þess að segja honum, hvernig sakir stæðu og inna hann eftir, hvort hann vildi ekki vera með, því að hann hafði sagt í viðurvist nægra votta, að hann mundi ekki leggja hálmstrá í götu þess manns, sem meiri hluti sjálfstæðismanna tilnefndi, en hæstv. núverandi ráðherra tók þvert fyrir að fylgjast með. Hann ætlaði að fylgja sínu stryki — og mátti honum þó vera fullkunnugt um, að við vorum ekki að flytja honum neinar lygafregnir. Hæstv. ráðherra gat heldur ekki borið fyrir sig neinn vafa, því að skylda hans var að leita nægilegra upplýsinga hjá sjálfstæðisflokknum, áður en hann hugsaði til stöðunnar. Og því gleypir hann við embættinu án þess að spyrja sjálfstæðisflokkinn nokkuð um, hvernig sakir stæðu? Nei! Það var um að gera að hafa sitt fram og því var ei int eftir neinu.

Eg vona, að öllum sé það ljóst, að heill þjóðarinnar krefst þess í fylsta máta, að meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna ráði einn útnefningu ráðherra, en konungkjörnir þingmenn komi þar ekki nærri, ekki sízt þar sem kjörtími þeirra er útrunninn seint í næsta mánuði og menn hafa verið í vafa um, hvort þeir ættu að eiga sæti á þessu þingi. Þó að eg persónulega hafi álitið rétt þeirra til þingsetu óvefengjanlegan, hafa aðrir haft á móti því. Þar sem ráðh. styðst við minni hlutann hér á þingi og konungkjörna þm., má gizka á hvernig það fylgi er. Þótt einn þm. lýsti því yfir í Ed., að heimastjórnarmenn myndu ei bregða fæti fyrir ráðherra að ástæðulausu, þá er það fylgi ekki meira en svona og svona, því að hverjir dæma um, hvort ástæða sé fyrir hendi, eða ekki? Það gera heimastjórnarmenn. Með öðrum orðum, þetta er ekki loforð um neitt fylgi. En það, að ráðherra tók við embætti með aðstoð minnihlutans leiðir líklega til þess, að útnefning konungkjörinna þm. fari í aðra átt, en síðustu kosningar bentu á og ef svo fer þá er augljóst, að hæstv. ráðherra hefir ekki verið að gera það, sem gleddi þjóðina. Síður en svo. — Í ræðunni, sem hæstv. ráðherra hélt hér í deildinni, þegar hann skýrði frá útnefningu sinni, kvaðst hann mundu láta stórmálin hvíla og vinna að eflingu friðarins í landinu. Getur nú nokkur ímyndað sér, þegar hann tók við embætti undir þannig löguðum kringumstæðum, að það væri efling friðarins? Getur hann vænst þess að gleðja þjóðina, eða þvert á móti? Honum gat ekki dulist, að þetta atferli hans mundi vekja tilfinningu, reiði og æsingu og hann mundi baka meiri hluta þjóðarinnar mikillar gremju. Slíkt er ekki ábyrgðarlaust og furðar mig á, að hæstv. ráðherra hefir gert sig sekan í því. Honum var það ei ókunnugt, að það, að hann tók við embætti, mundi leiða straum af ósannindum, blekkingum, rógi og ýmsu öðru góðgæti yfir landið, enda er það þegar orðið ljóst af minni hluta blöðunum. Skipun hans leiðir til þess, að öldur blekkinga, rógs, mannorðsspjalla og lyga veltast yfir landið. *(Forseti*: Eg vil biðja háttv. þingmann að gæta velsæmis í orðum sínum). Það er óþarfi fyrir háttv. forseta að hringja. Þetta er sannleikur og sannleikurinn er rétthár og á heimtingu á, að hann sé sagður. Það er gerð tilraun til að veita þessari ólyfjan yfir landið. Hæstv. ráðherra ber ábyrgð á því og það er ekki enn séð, hvað af þessu hlýtst.

Eg býst við því, að mér verði talið málið of skylt og mér verði borið á brýn valdafíkn, launagræðgi o. s. frv. Eg þekki þetta svo ofur vel hér á þinginu. Þessu er því að svara, að ýmsir menn eru svo gerðir, að þeir þykjast færastir til allra hluta og stökkva upp á nef sér, ef nokkur efast um það, en ef aðrir álíta sig eins færa, þá kemur annað hljóð í strokkinn og þeir hafa ekki nógu mörg illyrði og brigsl að bera á þann mann um valdafíkn, aurasýki o. s. frv.. Þjóðfélagið ætti að vera svo að flestir menn væru hæfir í flestar stöður og að menn langi til að taka einhverja stöðu að sér, þar sem maður heldur, að maður geti orðið að liði, er hvorki óeðlilegt né hneykslanlegt. Fyrir mér vakti meðal annars, að í ráðherrasæti gæti eg komið fram ýmsum áhugamálum mínum, til gagns þjóðinni, sem vonlaust væri fyrir mig að koma fram sem þingmanni. Eg hefi þá reynslu, að það er sitt hvað að koma fram máli, sem undirbúið er af landsstjórninni, eða af einum þingmanni. Ráðherra hefir ekki annað við tímann að gera. Hann hefir bæði sjálfan sig og valda menn til þess að undirbúa málin. Mín stefnuskrá hefði ekki verið að láta stórmálin hvíla.

Þetta vildi eg að eins hafa tekið fram, því að eg þekki orðtakið og vil frábiðja mér getsakir um valdafíkn, launagræðgi og þesskonar.

Hvað peningahliðina snertir, þá er hægt að sýna það og sanna með tölum, sem ekki verður á móti mælt, að ráðherrastaðan hefði fremur orðið mér tap en gróði. Eg hefi »pension« og er bundinn við verzlun, blaðaútgáfu, prentsmiðju, bóksölu, búskap o. fl., sem eg þurfti að losa mig við alt og geta menn séð, hversu ódýrt það verður mér. En þetta var nú útúrdúr. Hitt er aðalatriðið, að vilja meiri hluta þingsins og meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna er traðkað og hér skapað það fordæmi, sem óvíst er, hve skaðlegar afleiðingar getur haft. Þegar konungsvaldið eða danska valdið fer að smeygja sér inn og ætlar að fara að hafa áhrif á okkar dýrmætasta rétt, þingræðið, og svipta okkur honum, er ei vanþörf á, að þjóðin sé á verði og því höfum við borið fram vantraustsyfirlýsinguna til þess að mótmæla þessum aðförum.

Björn Þorláksson: Eg ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessa vantraustsyfirlýsingu. Hún er sprottin af því, að hæstv. ráðh. (Kr. J.) hafi ekki haft meiri hluta þingm. og sérstaklega ekki meiri hl. þjóðkjörinna þm. að baki sér, er hann tók á móti útnefningunni. Skipun ráðherra er að þessu leyti gölluð og vantraustsyfirlýsingin því á rökum bygð. Þingræði vort er eins og barn í reifum og verður því að fara varlega með það og taka rétta afstöðu, þegar við því er raskað. Að nokkur sé skipaður ráðherra, án þess hann hafi fylgi meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna er ekki rétt, og allir háttv. deildarmenn munu kannast við það, að komi slíkt fyrir verði tafarlaust að mótmæla því.

En til mótmæla eru tvær leiðir. Önnur er vantraustsyfirlýsing, og skal eg fyrst tala um, hvað af henni leiðir. Setjum svo, að hún verði samþykt. Hvað tekur þá við? Mitt álit er, að þá geti ekki tekið annað við en þingrof, enda hefir og heyrst, að það stæði fyrir dyrum. Hvorki eg né flestir aðrir þingmenn, að því er eg hygg, þyrftum að kvarta yfir því að fá að hverfa aftur til heimila okkar. Við höfum nú setið hér heilan mánuð og ekki gert annað en þjarka og þrefa, en þingmálin hafa ekkert gengið. En af þingrofi leiddu nýjar kosningar og aukaþing, sem yrði að koma svo fljótt saman, sem leyfilegt væri, til þess, að landið fengi lögleg

fjárlög. Þangað til yrðum við að búa við bráðbirgðafjárlög, sem eg býst ekki við, að neinn langi til að fá. Vð höfum sorglega reynslu um slíkt ástand frá Danmörku.

Þegar aukaþing kæmi saman, yrði aðallega tekið fyrir eitt mál, nfl. breyting á stjórnarskránni, sem mörgum er áhugamál. Þegar stjórnarskrárbreyting væri samþykt, kæmi nýtt þingrof aftur og nýjar kosningar og mundi þá nýr gauragangur upp á líf og dauða byrja. Þetta mundi leiða af því, að vantraustsyfirlýsing væri samþykt. En þó okkur Íslendingum sé kært að standa í ófriði, þá hygg eg nú samt, að flestir séu búnir að fá nóg af þessu þrasi. Eg vil líka minna á kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða. Eg get því ekki séð annað en það sé hreinn neyðarkostur að samþykkja þessa vantraustsyfirlýsingu. En það er líka óþarfi, því að til er önnur leið til mótmæla, sem ekki hefir í för með sér galla vantraustsyfirlýsingar. Mótmæli verða að koma fram, ef ráðherra hefir ekki fylgi meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna, nema svo standi á, að enginn meiri hluti geti myndast í þinginu og konungur í bili útnefni ráðherra til að veita umboðsmálunum forstöðu, eða »Forretningsministerium« eins og Danir kalla það.

Þessi önnur leið til mótmæla, sem eg gat um, er rökstudd dagskrá, sem lýsir skoðun deildarinnar á því, sem fyrir hefir komið. Þá höfum við gert skyldu okkar til þess að slá varnagla við, að nokkur verði skipaður ráðherra eftirleiðis, sem ekki hefir að baki sér meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna og jafnframt höfum við gefið fordæmi, sem er jafn áhrifamikið og regluleg vantraustsyfirlýsing.

Samkvæmt þessu vil eg þá leyfa mér að leggja fram svohljóðandi rökstudda dagskrá, sem eg vil biðja forseta að bera undir atkvæði:

> »Þingdeildin telur ekki rétt, að nokkur sé skipaður í ráðherrasess, ef hann hefir ekki stuðning meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna, nema ekki sé annars kostur, svo að í bili þurfi að skipa mann til að veita umboðsmálum forstöðu. En í því trausti að núverandi ráðherra framfylgi stjórnarskrárbreytingu á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.«

Ráðherrann (Kr. J.): Eg get með sanni sagt, að þau fari nú að tíðkast hin breiðu spjótin. Vér byrjuðum þingið með vantraustsyfirlýsingu til fyrverandi ráðherra, og um hana hefir verið þjarkað, svo að nú er liðinn mánuður af þingtímanum. En nú er komin fram önnur vantraustsyfirlýsing gegn mér, og lítur út fyrir, að hún með öllum sínum dilkum muni taka annan mánuðinn til. Innihald hennar er það, að neðri deild alþingis lýsi yfir vantrausti sínu á Kristjáni Jónssyni sem ráðherra. Eg vil benda á það, að svo hefir henni verið flýtt, að hún er fram komin og prentuð, áður en eg hefi fengið ráðherraskipun mína. Það reið á þegar að binda vel um hnútana og safna mönnum undir merkið. En eg verð að spyrja: Hvað hefi eg gert mér til foráttu? Eg kannast ekki við neitt í þá átt. Eg hefi verið og er í sjálfstæðisflokknum, sem eg tel að sé sami flokkurinn, sem myndaðist árið 1895, þó að hann hafi oft skift um nöfn. Eg hefi þannig verið í sama flokki og hinn fyrverandi ráðherra var og er í, og eg vil leyfa mér að segja það, að mitt sæti þar hafi ekki verið ver skipað en annara. Eg var ennfremur í því flokksbrotinu, sem flutti vantraustsyfirlýsingu gegn fyrverandi ráðherra og feldi hann frá völdum, og eg hefi fylgt þessum sama flokki, eins

og eg tók fram, síðan 1895, að hann var stofnaður. Eg segi því: Hvað hefi eg gert, sem mér verði fundið til foráttu? Eg veit ekki til, að eg hafi neitt brotið af mér. Þvert á móti hefi eg verið góður flokksmaður, þó eg segi það sjálfur, og er enn réttrúaður sjálfstæðismaður. Mér er því ekki ljóst, á hverju vantraustsyfirlýsing til mín getur verið bygð, nema ef vera skyldi að hún væri sprottin af persónulegum ástæðum. — Því er haldið fram, að eg með því að taka á móti ráðherraembættinu hafi framið þingræðisbrot. Þar til er því að svara, að Hans Hátign konungurinn hefir rétt til að taka hvern mann í þeim flokki, sem er í meiri hluta í þinginu, til ráðherra; hann hefir algerlega frjálst val og ótvíræðan rétt til þessa, sem alstaðar er viðurkendur. Jafnvel á sjálfu Englandi, heimkynni þingræðisins, dettur engum manni í hug að efast um þennan rétt konungs. Eg var í þeim flokki í þinginu, eða í því flokksbroti sjálfstæðisflokksins, sem feldi fyrverandi ráðherra, var í þeim flokki, þegar Hans Hátign konungurinn bað mig að takast á hendur þetta embætti; hitt er þýðingarlaust, þótt mér, fyrir einhverjar ókunnar sakir, hafi verið vikið úr flokknum *á eftir*. Frá Hans Hátign konungsins hlið er því útnefning mín fyllilega samkvæm þingræðislegum reglum, og verður ekki að því leyti talað um þingræðisbrot með neinum rétti.

Þá er næsta spurningin, hvort eg hafi ófyrirsynju og ólöglega tekið á móti embættinu, og vil eg þá þegar taka það fram, að eg ber einn ábyrgð á því, og verð að sæta afleiðingunum. Í því efni skal eg taka það fram, að eg hafði fulla ástæðu til að telja mér stuðning helmings allra þjóðkjörinna þingm. og allra hinna konungkjörnu þingm., alls 23 þingmanna. (*Skúli Thorndsen:* Eg hafði skrifleg loforð meiri hluta þjóðkj. þingmanna). Mér er ókunnugt um það »dokument«, enda er hægt að orða slík skjöl þannig, að menn geti skrifað undir fyrir báða, og lofað hvorum tveggja stuðningi sínum. Þar að auki var því þannig varið, að tveir þingmenn að minsta kosti höfðu lýst því yfir, að þeir mundu styðja hvern þann ráðherra úr sínum flokki, er fengi konungsútnefningu, og þá einnig mig. Þetta, sem eg hefi haldið fram um mitt fylgi, er bygt á góðum heimildum og á nákvæmri athugun á afstöðu þingmanna, eins og hún var rétt um það leyti, er ráðherraskipunin var gerð. Hafi breyting orðið á síðan, þá er það mér bæði óvænt og ókunnugt, enda hefi eg enga ástæðu til að óttast eða ætla að svo sé. Eg staðhæfi, að enginn annar hér á þinginu hafi getað sýnt sama fylgi og eg. Og fylgi mitt var að öllu leyti ráðvandlega fengið. Eg staðhæfi, að Skúli Thoroddsen hafi einungis haft fylgi 7 þingmanna í flokksbrotinu, að honum sjálfum meðtöldum; svo voru 10 eða 12, er kalla má hlutlausa í þessu máli. Eg staðhæfi, að þessir 10 eða 12 hafi að eins lýst því yfir, að þeir skyldu láta Skúla Thoroddsen óáreittan, og eg gat einnig búist við, að þeir mundu láta mig óáreittan. Eg get ekki kannast við, að skýrsla Sk. Thoroddsen um fylgi hans sé rétt, enda tek eg það upp aftur, að fylgi mitt er vel fengið að öllu leyti. Það er hér talað um þingræðisbrot, en hvað er þá þingræði? Þingræði er það, að þingið, meiri hluti þess, eigi að ráða, en þegar talað er um meiri hluta alþingis, þá verður auðvitað að telja með hina konungkjörnu þingmenn. Þeir hafa sama rétt og sömu kröfu til þess, að þeirra vilji sé tekinn til greina, sem hinir þjóðkjörnu þingmenn, og engum dettur í hug að halda því fram, að atkvæði hinna konungkjörnu þingmanna sé eigi jafn gott og gilt og hinna þjóð-

kjörnu, þegar um lagasamþyktir er að ræða, og enginn getur efast um það, að þeirra atkvæði geti ekki, jafnt sem hinna þjóðkjörnu þingmanna, ráðið úrslitum málanna, og því skyldi þá ekki hin sama regla eiga við um þetta mál; en sé þetta rétt, sem eg tel vafalaust, þá leiðir af því það, að ef þessi tillaga verður samþykt hér í deildinni, þá krefst eg þess, að hún verði einnig borin upp í *efri deild*, og borin þar upp til atkvæða. Efri deild hefir fyllilega sama rétt til að greiða atkvæði um þetta mál og þessi deild, og eg mun eigi þykjast þurfa að taka gilda einhliða yfirlýsingu Nd. í þessu máli, og þar af leiðandi mun það ekki hafa þau áhrif á mig, sem til er ætlast, þótt þessi þingsályktunartillaga verði samþykt hér í deildinni í dag. En hvað ætla þá tillögumenn að gera, ef tillagan verður samþykt hér í deildinni? Ef eg fer úr embættinu, vil eg spyrja, hafa þeir þá nokkra von um að geta fengið annan ráðherra með meiri hluta í minn stað? Eg held að óhætt sé að segja: nei! — Flokkurinn gat ekki komið sér saman um neitt ráðherraefni, og vissan um, að flokknum mundi ekki takast það, knúði mig til að gefa kost á mér til að takast embættið á hendur; því að öðrum kosti hefðum vér orðið að sitja með þann ráðherra, sem meiri hluti þings hafði lýst vantrausti sínu á; og eg hefi enga trú á því, að atkv. þau, sem Skúli Thoroddsen reiknar sér, séu svo örugg, að þau mundu tryggja honum ráðherraembættið örugglegar en mér. Og hverju mætti þá búast við? Líklega enn öðrum »Ministerkrise«. Og ef eg sit nú eftir sem áður, hvað gera tillögumenn þá? Flutningsmenn tillögunnar skora á mig að segja af mér embættinu þegar í stað; en ef eg verð ekki við óskum þeirra og sit kyr, hvað ætlast þeir þá til að gert verði? Ætlast tillögumenn til, að eg rjúfi þing? Eða ætla þeir að halda áfram þingstörfum með mér eftir sem áður? Hefir nokkuð af þessu verið athugað? Eg held það ekki. Tillögunni hefir verið varpað fram nokkuð athugunarlaust. Hún virðist vera nokkuð ógætilegt frumhlaup, og ekkert annað. Nú er þegar hálfnaður þingtíminn, og engin mál eru enn afgreidd; vér höfum haft »Ministerkrise« í heilan mánuð, og ekkert hefir verið starfað til gagns; eigum vér nú að fá annan »Ministerkrise«, er standi yfir það sem eftir er þings; eg held að það sé ekki heppilegt fyrir land og lýð.

Háttv. flutnm. (Sk. Th.) tók það fram, að útnefning mín væri á móti vilja meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna; um þetta skal eg taka það fram, að tveir af hinum þjóðkjörnu þingmönnum úr meirihlutanum höfðu lýst yfir því við mig, að þeir myndu styðja þann ráðherra úr meirihlutaflokknum, sem fengi konungsútnefning, og enn fleiri þingmenn úr meirihlutanum höfðu berlega sagt það við mig, að þeir mundu styðja mig, svo að eg þóttist og þykist enn örugglega geta talið mér stuðning vísan af hálfu 17 þjóðkjörinna þingmanna, og er það réttur helmingur þeirra. Enn mintist háttv. flutningsmaður á ráðherraábyrgðarlögin, og hélt því fram, að eg með því að taka á móti ráðherraembættinu hefði brotið gegn 1. og 4. gr. þessara laga; en þar til er því einu að svara, að eg mun einn taka á mig alla ábyrgð, er af því hlýtst, ef svo skyldi reynast, að eg hafi brotið gegn þessum lagafyrirmælum, — en því neita eg.

Þá sagði háttv. flutningsm. að hann ásamt formanni flokksins, síra Sigurði Stefánssyni, hefði komið til mín á sunnudaginn, og spurt mig um, hvort eg mundi ekki vilja tjá honum (flutnm.) fylgi mitt ef hann yrði ráðherra, og kvaðst hann þá hafa haft fylgi 20 þjóðkjörinna þing-

manna, og hafi eg þá átt að svara, að eg mundi ekki leggja hálmstrá í veginn fyrir hann, eins og á stæði, ef hann yrði ráðherra. Eg verð nú að vísu að játa það, að eg þá þegar efaði, að rétt væri skýrt frá fylgi því, er hann tjáði sig hafa, enda get eg nú lýst yfir því, að eg hefi vissu fyrir, að sú saga var ekki rétt. Hitt er aftur á móti satt, að þegar flutningsm. kom til mín á sunnudaginn, þá lofaði eg honum því, að eg mundi ekki leggja stein í götu hans á þessu þingi, ef konungur skipaði hann ráðherra.

Ennfremur fann háttv. flutningsm. að því, að eg hefði ekki ráðfært mig við sjálfstæðisflokkinn, áður en eg símaði til konungs um að eg tæki að mér embættið. Þar til er því að svara, að þegar eg fekk skeytið frá konungi um að taka að mér embættið, stóðu umræður sem hæst í Ed. um bankamálið, mál, sem mér hefir verið og er hið mesta áhugamál — miklu meira en ráðherraembættið — sá eg mér því ekki fært að kalla menn saman á fund, enda áleit eg í rauninni slíks alls ekki þörf, eftir því sem á stóð.

En hins láðist háttv. flutningsm. að geta, að það virðist sem formaður flokksins hafi haft nægan tíma til að kalla saman flokksfund til að ræða útnefninguna, og fundi í efri deild, er þá stóð sem hæst, var frestað meir en 20 minútur, til þess að þessi flokksfundur yrði haldinn; en eg fekk engin orð, og alls enga bendingu um, að það ætti að vera flokksfundur þá; honum var haldið algerlega leyndum fyrir mér, nema þegar þingmennirnir skutust inn í fundarherbergið og út úr því aftur.

Þá virtist mér nokkuð undarlegt, hvernig háttv. flutningsm. talaði um skipun hinna konungkjörnu þingmanna. Eg sé ekki ástæðu til að tala neitt um það mál nú, enda mun eg láta það mál afskiftalaust, þangað til almennar kosningar til alþingis eru um garð gengnar, sem búast má við að verði í haust. En hér liggur fiskur undir steini, hér hafa verið gerðir samningar og skuldbindingar gefnar af háttv. flutningsmanni um skipun hinna konungkjörnu þingmanna næst, og gefur það mér tilefni til þess, að taka það fram nú þegar, að *eg* hefi enga *samninga* gert, hvorki viðvíkjandi hinum konungkjörnu né öðru.

Það lítur út fyrir, að háttv. flutningsmaður hafi misskilið þau ummæli mín hér í deildinni nú fyrir fáum dögum, er eg sagði, að eg vildi vinna að því að efla frið og ró í landinu á þann hátt, að eg mundi ekki skifta mér að neinu leyti af *stórpólitík*, sem svo er kölluð; það hefi eg aldrei sagt, að eg myndi ekki gera. Hinsvegar hefi eg ástæðu til að halda, að mér muni takast að skapa frið og ró í landinu. Eg hefi aldrei verið ákafur flokksmaður, og þessvegna ekki tekið neinn þátt í hinum áköfu og æstu flokksdeilum, er hafa átt sér stað nú um tíma meðal þjóðar vorrar, og þótt háttv. flutningsm. vilji halda því fram, að útnefning mín í ráðherraembættið muni hleypa öllu í bál og brand, þá eru slíkt staðlaus ummæli, og órökstuddir spádómar, enda hefir ekki enn borið á neinni óanægju eða ófriði eða æsingi í blöðum þeim, er eg hefi séð, nema Ísafold, og hvernig á eg að bera ábyrgð á því, þótt blað fyrv. stjórnar sé farið að *úthverfast, enda mundi* það blað hafa snúist móti hverjum, sem tekið hefði að sér stjórntaumana.

Þá hefir mér verið brigslað um valdagræðgi; því mótmæli eg algerlega, að eg eigi það brigzl skilið, og eg get lýst því yfir, að mér hefir áður staðið til boða að verða ráðherra, stóð það til boða á síðasta þingi, en hafnaði því þá; hefi ekki ætlað mér að yfirgefa það embætti, sem eg hefi verið í; en hefi nú eins og eg hefi áður tekið fram, tekið

að mér þetta embætti, einungis til að skirra vandræðum, og koma þinginu og þjóðinni út úr ógöngum þeim, sem hún sýnilega var komin í, og þessvegna var það, að eg hikaði ekki við að hlýðnast konungsboðinu.

Þá þykist eg hafa svarað háttv. flutningsmanni að mestu eða nægilega, og skal eg þá næst minnast á það, að hér er komin fram rökstudd dagskrá svohljóðandi:

»Þingdeildin telur ekki rétt að nokkur sé skipaður í ráðherrasess, ef hann hefir ekki stuðning meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna, nema að ekki sé annars kostur, svo að í bili þurfi að skipa mann til að veita umboðsmálunum forstöðu. En í því trausti að núverandi ráðherra framfylgi stjórnarskrárbreytingu á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.«

Eg hefi ekki mikið um þessa tillögu að segja, en vil þó taka það fram, að eg er ekki sammála fyrsta lið hennar. Þó get eg fyrir mitt leyti látið mér lynda tillöguna, og því get eg lýst yfir, að eg muni framfylgja stjórnarskrárbreytingarfrumvarpi á þessu þingi. Tillöguna get eg þá skoðað svo sem traustsyfirlýsingu til mín.

Að lokum vil eg biðja þingið að hafa það hugfast, að það var einungis af þeirri einni ástæðu, að eg tók að mér þetta embætti, að eg vildi reyna, ef unt væri, að koma á friði og ró í landinu, því er sannarlega ekki vanþörf á, eftir allan þann æsing og óróa og gauragang, er átt hefir sér stað á síðustu tímum.

Forseti: Eg finn mig knúðan til að segja nokkur orð frá forsetastól, til að leiðrétta ummæli í blaði, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gefur út. Í ummælum þessum er mér borið á brýn það »ódrengskaparathæfi (!)« að eg hafi ótilkvaddur átt að senda konungi villandi símskeyti um það, hvernig horfurnar væru á þinginu. Um leið og eg mótmæli þessum áburði blaðsins á mig, sem alveg tilhæfulausum, skal eg leyfa mér að skýra frá málavöxtum.

Hinn 8. marz fekk eg svohljóðandi símskeyti frá stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn:

»Altingsformand
Hannes Thorsteinsson
Reykjavik.

»Til Kongens Efterretning udbedes ogsaa Deres Udtalelse Ministerkrisens Lösning.

Krabbe«.

(Á íslenzku: »Til leiðbeiningar konunginum eruð þér einnig beðinn að láta uppi með símskeyti skoðun yðar um ráðherraútnefninguna«).

Eins og skeytið ber með sér, spyr konungur um mína skoðun á ráðherraútnefningunni. Mér fanst því að eg ekki gæti komist hjá að svara, og sendi því samstundis, eða svo að segja samstundis, svohljóðandi símskeyti:

»Islands Ministeriums Kontor,
Krabbe, Köbenhavn.

Altinget tre Fraktioner: Ministerens Fraktion 14, Modfraktionen 11, den samlede Opposition 15. Ministerens Fraktion har nægtet deltage i Nomination af Efterfölgeren. Situationen iövrigt uforandret. Nærmere snarest.

Hannes Thorsteinsson
Altingsformand.«

(Á íslenzku: »Á alþingi eru 3 flokksbrot: Flokksbrot ráðherra 14, mótflokksbrotið 11, andstæðingaflokkurinn allur 15. Flokksbrot ráðherra hefir neitað að taka þátt í tilnefningu eftirmannsins. Ástandið að öðru leyti óbreytt. Nánara bráðlega«).

Þetta var að eins bráðabirgðaskeyti, því að þá var ekki unt að segja, hver úrslitin yrðu með ráðherratilnefninguna. Og frá skeyti þessu skýrði eg á flokksbrotsfundi þá samdægurs (8. marz) og hafði enginn við það neitt að athuga.

Nú leið og beið þangað til á sunnudagsmorguninn 12. marz. Þá fyrst var hægt að senda ákveðið svar, og það gerði eg. En ástæðan fyrir því, að eg skýrði hinum svonefnda sjálfstæðisflokki ekki þá þegar frá því, var sú, að eg skoðaði mig þá úr þeim flokki farinn og hafði látið það áður í ljósi í sambandi við atferli sumra flokksmanna í ráðherraútnefningunni, sem eg gat ekki fallist á. Eg áleit og, að eg þyrfti engum sérstökum flokki reikningsskap að standa af símskeyti þessu, en ásetti mér sem forseti þessarar háttv. deildar að herma rétt og hlutdrægnislaust frá afstöðunni, og það þykist eg hafa gert, hversu illa sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) kann að hafa fallið það. Nú vil eg láta þingdeildina ganga úr skugga um, að það er alveg rétt, sem eg símaði. Skal eg því til sönnunar lesa skeytið, sem er alveg í samræmi við fyrra skeytið, upp fyrir deildinni, en fyrir henni einni á eg að bera ábyrgð, en ekki fyrir neinum sérstökum flokki eða flokksbroti. Skeytið hljóðar svo samkvæmt eftirriti frá landsímastöðinni:

»Krabbe Islands Ministeriums Kontor Köbenhavn. Ministerkrisen ulöst. Skuli Thoroddsen har sikre 7 Stemmer sin egen iberegnet af Ministerens Modfraktion. Den samlede Opposition enstemmig nægtet at stötte hans Kandidatur. Langvarige Forhandlinger mellem Ministerens Fraktion og Thoroddsens Tilhængere skönt Fraktionen för har nægtet al Medvirkning til Nomination. Paa fælles Möde i Gaar Aftes Thoroddsen faaet Tilsagn om 12 passive af Ministerens Fraktion. Kristjan Jónsson menes at kunne samle de övrige 21 Stemmer.

Hannes Thorsteinsson.

Altingsformand«.

Lauslega þýtt á íslenzsku er það svo:

»Ráðherra tilnefningin óútkljáð. Skúli Thoroddsen hefir ákveðin 7 atkv. að sínu eigin meðtöldu úr mótflokksbroti ráðherra. Andstæðingaflokkurinn hefir í einu hljóði neitað að ljá honum fylgi sitt sem ráðherraefni. Langvarandi samningaumleitanir milli flokksbrots ráðherrans og fylgismanna Thoroddsens, þrátt fyrir það, að flokksbrotið hefir áður neitað allri hlutdeild í tilnefningunni. Á sameiginlegum fundi í gærkveldi hefir Thoroddsen fengið loforð um 12 hlutlausa úr flokksbroti ráðherra. Það er álitið að Kristján Jónsson muni geta náð því 21 atkvæði, sem þá er eftir«.

Þetta eru öll ósköpin, að eg segi, að ætla megi, að Kristján Jónsson fái hin 21 atkv. Eg þarf hvorki að blikna né blána fyrir því, sem eg hefi sagt, og væri betur, ef aðrir gætu sagt hið sama. Afstaða *mín* í þessu *máli er hrein* og bein og eg hefi engu að leyna. En alls þessa get eg hér nú til þess, að það geti komið fram í þingtíðindunum svart á hvítu. Vona eg, að þau blöð, sem ranghermt hafa um skeytin, finni ástæðu til að leiðrétta það, sem sagt hefir verið í sambandi við þau. Eg á ekki þær ákúrur skilið, og mundi senda nákvæmlega sama skeyti enn þann dag í dag. Eg hefi því alveg hreint mjöl í pokanum, en það verður líklega tæplega sagt um suma aðra, t. d. fyrv. ráðherra (B. J.) og jafnvel h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem enn hefir ekki birt langa 300 kr. skeytið sitt m. fl. Geri þeir h. herrar jafnhreint fyrir sínum dyrum.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal svara nokkru ræðu hæstv. ráðherra (Kr. J.). Fyrst skal

eg byrja á því, að mér er kunnugt um fylgi hæstv. ráðherra (Kr. J.). Hann hafði fyrst 3 menn auk sjálfs sín. Þessu getur hann ekki mótmælt. Hann skýrði frá því, að eg hefði haft fylgi 7 svonefndra »sparkverja«. Þetta er rangfært, því að þótt svo hafi verið fyrst, þegar reynt var um fylgi einstakra manna, þá varð niðurstaðan alt önnur síðast og það er hið eina, sem máli skiftir. Eg skal í framhaldi af þessu fara að eins og hæstv. ráðherra (Kr. J.) og segja sögur af því, hversu mínu fylgi var varið. Eg hefi hér í höndum skjal, undirskrifað af 19 þingmönnum og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa það upp. Það hljóðar svo:

»19 af 24 þjóðkjörnum þingmönnum sjálfstæðisflokksins hafa tjáð sig meðmælta Skúla Thoroddsen sem ráðherraefni. Auk þess eru tveir ákveðnir flokksmenn og lætur annar útnefninguna hlutlausa, en hinn, ráðherrann, sem frá fer, hefir lýst yfir því, að hann vilji ekki steypa Thoroddsen á þessu þingi. 3 óvissir.

Enginn annar en Thoroddsen getur vænst stuðnings sjálfstæðisflokksins, og þess vegna mælir flokkurinn allraundirgefnast með honum«.

Þetta skjal er undirskrifað af: Ara Jónssyni, Bened. Sveinssyni, Bjarna Jónssyni, Birni Kristjánssyni, Birni Sigfússyni, Birni Þorlákssyni, Gunnari Ólafssyni, Hálfdani Guðjónssyni, Jens Pálssyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M., Jóni Þorkelssyni, Jósef Björnssyni, Kristinn Daníelssyni, Magnúsi Blöndahl, Sigurði Gunnarssyni, Sigurði Hjörleifssyni, Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen og Þorleifi Jónssyni.

Þegar litið er á þetta skjal, er skjótt auðsætt, að það felur í sér meiri stuðning en loforð heimastjórnarmanna til hæstv. ráðherra (Kr. J.) um »að bregða ekki fyrir hann fæti að tilefnislausu«. Eg get þannig »documenterað« fylgi mitt, en það getur hæstv. ráðh. (Kr. J.) ekki. Þess utan ber þess að gæta, að þetta skjal mitt var »supplerað« seinna af sjálfstæðisflokknum með símskeyti þann 12. þ. m., þar sem tekið var fram, að eg einn hefði fylgi flokksins, því að þótt rígur væri fyrst innan flokksins, þá var nú svo komið að síðustu, að ekki var nema um einn að gera. Eg sé, að einn kgkj. þm., sem hér er staddur í deildinni, brosir; en það er kuldaglott. Hann hefði líklega viljað eitthvað annað.

Hæstv. ráðherra (Kr. J.) spurði, hvað hann hefði gert. Því er auðsvarað: hann hefir framið þingræðisbrot, framið lögbrot. Hæstv. ráðherra talaði um, að hér væri að ræða um persónurétt, eða »prærogativ« konungs, en konungur hafði gefið þinginu undir fótinn með skeyti sínu þann 28. febrúar, er heimilaði þinginu að koma sér saman um ráðherraefni. Eg vil líka benda hæstv. ráðherra á það, að við síðustu ráðherraútnefningu 1909, hélt hann ekki svo fast við þetta »prærogativ« konungs; þá hélt hann því fram, að atkvæðafjöldi réði innanflokks. Það er ekki rétt, að á sama standi, hver sé valinn ráðherra úr sama flokki. Það getur haft mikla þýðingu, hver verður ráðherra af flokknum. Einum flokki getur verið svo háttað, að það sé að eins eitt mál, sem flokkurinn hangi saman um. Einn maður hefir hugsjónir, sem hann vill koma í framkvæmd, annar hefir ekki svo ríka tilfinningu fyrir þörf almennings. Þannig getur það haft afarmikla þýðingu, hver tekst á hendur ráðherraembættið.

Hæstv. ráðherra kvaðst vera einráðinn í að sitja, hvort sem tillagan yrði samþykt eða ekki. Það yrði þá hvert þingræðisbrotið ofan í annað. Taldi

þá hæstv. ráðherra rétt fyrir tvo síðustu ráðherra að sitja, þegar samþykt var vantrauststillaga til þeirra? Nei, þá var eitthvað annað uppi á teningnum.

Hæstv. ráðh. benti á, að þingið gæti ekki komið sér saman um mann. Ekki horfði hann í það, þegar borin var upp vantraustsyfirlýsingin til fráfarandi ráðherra; þá áleit hann, að þingið gæti komið sér saman um það á eftir. Þetta eru hálmstrá, sem hæstv. ráðh. notar til að komast út úr ógöngunum. Eitthvað var hæstv. ráðh. og að tala um, að sér hefði staðið til boða ráðherrastaðan 1909, og að hann hefði afþakkað það þá. Það eru nógu margir, sem þekkja til þess, hversu þá var háttað. Hann fékk fáein atkvæði við fyrstu tilraunakosningu og dró sig þá í hlé. Þetta er ekki svo fátítt dæmi þess sem menn gera, er menn sjá sér engar vonir; þá gera menn þetta til þess að láta ekki á neinu bera.

Þegar litið er á þessar rangfærslur hæstv. ráðh. og blaðanna sumra, þá kemur manni til hugar, að þeim dyljist hvern ófrið þeir skapi og hverjar óheillaöldur blekkinga og lyga geti leiðst yfir landið með þessu. Eg heyri, að hæstv. forseti hringir. Vill hæstv. forseti með bjöllu sinni »protegera« lygarnar. *(Forseti:* Eg krefst, að þm. gæti þinglegs velsæmis í orðum og áminni hann um að gæta góðrar reglu).

Þá skal eg snúa mér að tillögu þeirri um rökstudda dagskrá, sem fram hefir komið frá háttv. þm. Seyðf. (B. Þ. Mér kom á óvart þessi tillaga, þar sem flutningsm. er í flokksbræðra minna hóp, en enginn af flokknum hefir fengið nokkuð um hana að vita, þrátt fyrir fundarhald í morgun innan flokks. Hinn háttv. þm. kannaðist að vísu við, að um þingræðisbrot væri að ræða hjá núverandi ráðherra, en vildi samt láta við svo búið sitja. Eg álít, að ekki beri að samþykkja tillögu hins háttv. þm., því að það yrði til þess, að þjóðin fengi síður réttan skilning á því, sem gerst hefir. Þetta er skylda gagnvart þjóð vorri. En það er líka skylda, að gæta þeirrar hliðarinnar, sem snýr út á við, gagnvart danska valdinu, að lofa því ekki að ráða því, að tekinn sé sá maður í ráðherrastöðu, sem fremur er hlyntur danska valdinu. Þetta vil eg að allir geri sér ljóst og hafi hugfast í dag; hversu sem athvæði falla, hvort sem fleiri eða færri verða með vantrauststillögunni, þá höfum vér, sem henni greiðum atkvæði, gert vora skyldu. H. háttv. þm. þótti viðaukatill. kynleg. Það má segja, að hún sé óþörf. Hún getur þó haft þá þýðingu, að skýra aðaltillöguna og leggja í hana annan skilning en þann, sem lagður var í vantrauststillöguna í vetur. Sami háttv. þm talaði um þau vankvæði, sem leiddi af þingrofi, er yrði afleiðing þess, að samþykkja vantrauststillöguna. Hann gerði ráð fyrir, að vér, sem fylgjum tillögunni, legðum aðaláherzluna á þingræðisbrot hæstv. ráðherra, en gaf þar með í skyn, að hann, eins og heyra mátti á hæstv. ráðh. sjálfum, væri svo fastur í stóli, að honum yrði ekki haggað úr sess. Þar til er því að svara, að ábyrgð in hvílir ekki á oss, heldur á ráðherra og ef til vill þeim, sem lofað hafa að bregða ekki fyrir hann fæti.

Annars var ræða hins háttv. þm. Seyðf. (B. Þ.) svo vaxin, að hún hefði aldrei átt að koma fram. Sama þingrofshættan vofði yfir, þegar samþykt var vantraust til fyrverandi ráðherra. En þá mintist hinn háttv. þm. ekki á þetta. Þá þagði hann og varaði ekki þingið við þessum yfirvofandi háska.

Eg held, að það sé ekki fleira, sem eg hefi ástæðu til að taka fram.

Í ræðu hæstv. forseta kom fram við-

urkenning um það, að hann hefði hlaupið eftir lausafregnum og bæjarslúðri í simskeytum sínum.

Forseti: Eg mótmæli þessum ummælum h. þm. En þingd. verður að afsaka þau, því að maðurinn er nokkuð vanstiltur um þessar mundir.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg vil með örfáum orðum lýsa afstöðu vor heimastjórnarmanna gagnvart þessari tillögu.

Um daginn, þegar sem hæst stóð ráðabruggið meðal þeirra þingmanna gamla stjórnarflokksins, sem gengist höfðu fyrir því, að koma hinum háttv. þm. Barð. (B. J.) úr ráðherrasæti, um það, hver sætið skyldi taka eftir hann, bárust heimastjórnarflokknum málaleitanir frá tveim meðal þeirra þingmanna, er Ísafold hefir kallað »sparkliðið«, þeim núverandi ráðherra (Kr. J.) og þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Þeir spurðust fyrir um það hjá heimastjórnarflokknum, hvor í sínu lagi, hvort vér mundum vilja heita því, að amast ekki við þeim nú á þessu þingi. Öðrum þeirra, þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gáfum vér þau svör, að um það vildum vér engu heita, en hinum núverandi ráðherra (Kr. J.), að eftir atvikum mundum vér láta hann óáreittan fram yfir þinglok, ef konungur skipaði hann í ráðherrasæti.

Vér höfðum fulla ástæðu til að ætla, að hann hefði að minsta kosti eins mikinn stuðning meðal sinna fyrri flokksbræðra, eins og hinn þm., sem til vor leitaði. — Þegar ráðherra tók sæti sitt á miðvikudaginn, lýsti hann yfir, að hann vildi styðja að því, að efla frið og ró í landinu, vinna að því, að samþykt yrðu á þinginu viðunanleg fjárlög og nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni og svo skjóta deilumálunum til úrskurðar almennings með nýjum kosningum. Að þessum þörfu verkum teljum vér oss skylt að styðja ráðherrann, og greiðum því hiklaust atkvæði móti þessari tillögu.

Bjarni Jónsson: Eg hygg, að allir verði mér sammála um það, að fullveldið eigi að vera hjá þjóðinni eða öllum atkvæðisbærum mönnum, eins og átti sér stað í fornöld hjá Grikkjum og Rómverjum. En jafnframt verða allir að viðurkenna, að þar sem ekki verður náð til alþjóðaratkvæðis (plebiscitum) sakir víðáttu, þá sé þó fulltrúakosningin til orðin til þess að bæta úr því og að fulltrúarnir fari með vald kjósendanna. Eina ráðið til þess að fulltrúarnir fái ráðið, er að þeir ráði ekki að eins löggjöfinni, heldur og hverjir með völdin fara, og að stjórnin styðjist við meiri hluta fulltrúanna. En sumstaðar er sá agnúi á, að konungsvaldið velur nokkurn hluta fulltrúanna, og á það alls ekki heima í fulltrúakerfinu. En svo er þó háttað hjá oss, að nokkur hluti fulltrúanna er konungkjörinn. En eftir eðli málsins á ekki að taka til þeirra, hver stjórnar. Auk þess eru þeir á förum, og ættu að vera farnir. Þetta segi eg sem inngangsorð, því vantraustsyfirlýsingin byggist á því.

Við tillögumenn vissum engar vonir þess, að hinn núverandi ráðherra hefði nema 19 menn sér fylgjandi, og af þeim voru 6 konungkjörnir, sem ekki á að taka tillit til við þannig löguð tækifæri. Eitt meðal annars, sem fékk mig til þess að vera með því, að Björn Jónsson færi frá, var að hann var kominn í minni hluta á þinginu. Auðvitað get eg þá ekki þolað, að annar taki við með minni hluta, ef eg vil vera sjálfum mér samkvæmur og báðum réttlátur. Eg var á móti hinum fyrri ráðherrum af því eg áleit, að ef þeir sætu lengur í ráðherrasæti væri þessi grundvallarregla brotin, og eg er á móti hinum núverandi ráðherra af sömu ástæðu. Eg lýsi þessu yfir hér, svo menn segi

ekki, að eg geri þetta af illvilja eða hatri, enda veit ráðherra sjálfur, að aldrei hefir neitt slíkt á milli borið. Hér er ekki heldur um nein unnin verk að tala, og ekki þarf að óttast, að þessum ráðherra geti ekki farið vel úr hendi umboðsstjórnin. Ástæðan til vantraustsyfirlýsingarinnar er sú, sem eg tók ljóslega fram, að það er brot á þingræðinu, að takast ráðherraembættið á hendur með þeim hætti, sem hann gerði. Síðan hefi eg raunar heyrt hann segja, að hann hafi átt vísan stuðning 23 þingmanna. En áður vissi eg um fylgi og hlutleysi 21 þm. til handa öðrum manni; og eru á þann hátt þingmenn orðnir 44. Má nú atkvæðagreiðslan ein skera úr því, hverjum þessir 4 nýju þingmenn fylgja.

Nýi ráðherrann hefir nú lýst því yfir, að sér hafi gengið gott eitt til með að taka að sér ráðherraembættið; hann vilji kosta kapps um að kippa því í lag, sem aflaga fer, og efla frið í landinu og kippa okkur upp úr feninu. Eg efast ekki um, að þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði viljað gera það sama, og eg skal ekkert um það segja, hver færari sé til þessa starfa, það kemur ekki málinu við.

Eg hefi þá gert grein fyrir, hvers vegna eg varð til þess að flytja þessa tillögu; það var af því, að hér hafa grundvallaratriði þingræðisins verið brotin, en ekki af kala; og þótt kali hefði verið, þá hefði það ekki riðið baggamuninn hjá mér.

Eitt atriði var það hjá hinum hæstv. ráðherra, sem að vísu ekki kemur málinu við, en eg verð að mótmæla. Það var um flokkinn, sem hann segist hafa stofnað 1895. En hvaða flokkur var það, sem þá var stofnaður? Það var gamli valtýski flokkurinn. En þeir höfðu alt aðra stefnuskrá en sjálfstæðisflokkurinn og var það alt annar flokkur. Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður 1908. Hver sem segir, að eg nokkru sinni hafi verið í valtýska flokknum, hann fer með rangt mál.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að þm. Sfjk. (B. Þ.) og hinni rökstuddu dagskrá, sem hann ber fram. Dagskráin játar raunar, að þingræðið hafi verið brotið, en það undarlega er, að dagskráin vill ekki láta þann, sem brotið hefir framið, bæta úr því. Hún vill ekki gera neitt úr því, þótt þessi lítilfjörlega skyssa hafi viljað til. Dagskráin vill láta sér nægja að mótmæla þessu eins og einhverjum smáatburði, sem gerst hafi, en sé ekki þess verður, að menn séu að fást um slíkt lítilræði. Eg skil ekki þá ósamkvæmni, sem kom fram hjá hinum háttv. þm. (B. Þ.). Hann taldi upp alla þá möguleika, sem fyrir gætu komið, ef vantraustsyfirlýsingin yrði samþykt, jafnvel þingrof nú þegar, bráðabirgðafjárlög og ýmislegt fleira. En sá möguleiki kom honum ekki til hugar, að ráðherra beiddist lausnar og færi frá, ef vantraustsyfirlýsingin yrði samþykt, sem eg efast ekki um, að hæstv. ráðherra muni gera. Það virtist þó liggja næst að nefna það fyrst. Og með því virðist mér hann hafa komið með þær getsakir í garð hins núverandi ráðherra, sem hann (ráðh.) ekki geti látið standa ómótmæltar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar eg fyrst sá þessa vantraustsyfirlýsingu, þá gat eg ekki gert að því, að spyrja sjálfan mig: »Hefir hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) ekki getað fengið neinn mann í öllu þinginu til þess að vera framsm. þessarar tillögu nema sjálfan sig?«. Því þetta mál er honum svo skylt, að hann hefði sizt átt að vera flutnm. þessarar tillögu, sem hér liggur fyrir. Hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir sýnt, að hann yfir höfuð er haldinn af mjög slæmri ráðherrakveisu, og

það hefir nú komið í ljós, að hún er illkynjaðri en eg hafði búist við. Það hefði verið annað mál, hefði hann haft sterkan meiri hluta með sér í þinginu. En hér er ekki því að heilsa; hvort sem hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði orðið ráðherra eða sá, sem varð það, þá var að eins um bráðabirgðarstjórn að ræða. Það var fyrirsjáanlegt, að sá, sem yrði ráðherra, mundi að eins verða það stuttan tíma. Þetta hefir hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skilið fullvel, að hér væri að eins um fárra mánaða ráðherravöld að tala. Hvorugur þeirra, er um var að ræða, hafði *fylgi* nema lítils minnihluta, þótt hvor um sig hafi líklega haft vissu fyrir, að sér yrði *ekki steypt* á þessu þingi.

Eg var að blaða hér í einni kvæðabókinni okkar og þar rakst eg á þessa vísu. Með leyfi hins hæstv. forseta vil eg hafa hana yfir:

> Eiríkur í suðrið sér
> segir: „hættum glensi“;
> bitann tók frá munni mér
> meinvætturinn Bensi.

Það er þannig með þetta mál; það er ekki verið að keppa um annað en bita »Meinvætturinn Bensi« tók bitann frá munninum á mér«, segir hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) nú. Og er það ljóst af því, hversu mikið kapp hann hefir lagt á þetta mál, að honum hefir verið kappsmál um *bitann*.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er mikill stjórnmálamaður, hefir sjálfsagt ýmsar hugsjónir í stórmálum, sem hann vill koma fram. Því væri skiljanlegt, að hann vildi vera ráðherra, ef hann hefði öruggan meiri hluta til *fylgis*. En nú er það ekki, og því er óskiljanlegt, að hann skuli ekki geyma þetta kapp eftir ráðherrastöðunni, þangað til hann nær þeim meiri hluta, sem einn getur gefið honum magn til að koma nokkru fram. Honum var það fullkunnugt, að hér var að eins um bráðabirgðarstjórn að ræða.

Mér finst það dálítið undarlegt, að einmitt hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk Th.) skuli á fundi, sem haldinn var hér í bænum nýlega, hafa lagt hinum núverandi ráðherra það til lasts, að hann styddist við atkvæði heimastjórnarmanna og þeirra konungkjörnu, og svipað segir hann í »Þjóðviljanum«. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talar nú svo sem *hann* hefði aldrei viljað styðjast við fylgi hinna konungkjörnu og heimastjórnarmanna. Eg vil nú leyfa mér að bera brigður á þetta. Hinn háttv. þm. hefir nú alveg gleymt því, að hann var sjálfur á dögunum að vekja bónorð við heimastjórnarflokkinn, og í þeim flokki eru 5 konungkjörnir þingmenn. Eg vil með leyfi hins hæstv. forseta leyfa mér að lesa hér upp í deildinni bréf. Þetta bréf er biðilsbréf þess manns, sem vill gera það sem á dönsku er kallað »Fornuftsparti«. Biðillinn segir við stúlkuna: »Eg elska þig ekki, en mig langar í eigur þínar. Eins og á stendur, þá finst mér vera reynandi hjá okkur að taka saman; ef til vill semur okkur ekki, en þá getum við síðar skilið«.

Þetta biðilsbréf hljóðar svona:

»Þar sem 9 þingmenn úr þeim hluta sjálfstæðisflokksins, er vantraustsyfirlýsingunni voru samþykkir, hafa á fundi í gærkveldi fyrir sitt leyti, óskað að benda á mig sem ráðherraefni — 2 eru á hinn bóginn háyfirdómara Kr. Jónssyni fylgjandi — og þar sem hinn hluti sjálfstæðisflokksins hefir á fundi kl. 2—3 e. h. í gær með 11 atkvæðum gegn 2 — einn greiddi ekki atkv. — lýst því yfir, að hann léti ráðherravalið afskiftalaust og tjáði sig hvorki með né móti neinu ákveðnu ráðherraefni, hefir mér hugkvæmst, að rétt væri að spyrjast fyrir um, hvort heimastjórn-

arflokkurinn — ef til kæmi — mundi vilja sjá mig í friði til loka yfirstandandi þings, þ. e. eigi fylgja vantraustsyfirlýsingu, þótt fram kæmi, sem reyndar má telja nær óhugsandi, þar sem sjálfstæðisflokkurinn er órofinn flokkur.

Alþingi 6. marz 1911.

Skúli Thoroddsen.

Til

þingmanna Heimastjórnarflokksins,

Alþingi.«

Þetta biðilsbréf er ljós vottur þess, í *fyrsta* lagi, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafði *ekki* það fylgi, sem hann gæti *treyst*; og í öðru lagi vottur þess, að honum var full-ljóst sjálfum, að hér átti aðeins að tjalda til einnar nætur. Það er auðsætt, að búist er við að leita atkvæðis þjóðarinnar eftir á. Og þá fer kappið, sem hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir lagt á að verða ráðherra, að verða óskiljanlegt. Því það er alstaðar við urkent, að þar, sem ráðherra er skipaður, til þess að fara með völd um stundarsakir — það sem Danir kalla »Forretningsminister« — þá getur hann eng ar stórbyltingar gert. Sá ráðherra fæst að eins við *óhjákvæmileg* mál og smámál og *gegnir* stjórnarstörfum þangað til leitað hefir verið atkvæða þjóðarinnar og hún fengið tækifæri til þess að skera úr. Mér verður þessvegna óskilj anlegt, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skuli sækja þetta svona fast, eftir að konunginum hefir þóknast að kveðja annan mann til ráðherra, því það er auðsætt, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir ekki traust nema 9 þingmanna auk sjálfs síns. Hinir úr hans flokki lofa að »sparka« honum ekki, svo eg brúki þinglegt orð, sem oft heyrist þessa dagana. En það er ekki fylgi, þótt einhver segi, að hann skuli ekki amast við manni.

Sá kostur er fyrir þjóðina í ráðherravali konungs nú, að það verður heldur enginn eftirlaunakostnaður af nýju ráðherraútnefningunni. Hann mun halda fyrra embætti sínu óveittu meðan hann er ráðherra.

Það hefir verið sagt hér í deildinni í dag, að enginn ætti að takast ráðherraembættið á hendur, nema hann hefði fylgi meiri hluta þingmanna. Þetta játa allir. En ef enginn hefir meiri hluta í þinginu, á þá að vera ráðherralaust? Einhver verður þó að gegna ráðherrastörfum og fara með stjórnarstörfin og rjúfa þingið.

Svo hefir verið talað um, að ráðherrann ætti að hafa meiri hluta *þjóðkjörinna* þingmanna með sér. Hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafði þó í hyggju að styðjast við fylgi hinna konungkjörnu og heimastjórnarmanna. Eg fyrir mitt leyti held ekki upp á konungskosning þingmanna. Eg hefi fyrstur á þingi 1887 flutt frumvarp um afnám konungkjörinna þingmanna. En *meðan* þeir eru, þá hafa þeir sama rétt og þjóðkjörnir þingmenn. Enda vita allir, að atkvæði eru *talin* en ekki *vegin*. Hér í deildinni getum við nefnt 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og 1. þm. Eyf. (H. H). Það er 1 atkv. hvoru megin. Og ef við í efri deild nefnum 2. þm. K.-G. (J. P.) og 5. kgkj. (L. H. B.) Þá er það líka 1 atkvæði hvoru megin. Atkvæði þessara þingmanna gilda jafnt, af því einu, að þau eru talin, en ekki vegin.

Mér virtist háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) leggja mikla áherzlu á skeyti, sem sent hefði verið konungi og þar sem tekið hefði verið fram, að enginn annar en hann sjálfur gæti vænst fylgis sjálfstæðisflokksins sem ráðherra. En er það nauðsynlegt, að sá sem er ráðherra hafi traust meiri hluta sjálfstæðisflokksins? Það er þó ekki sama, meiri hluti alþingis og meiri hluti sjálfstæðisflokksins.

Hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) heldur

því fram, að núverandi ráðherra hafi ekki fylgi helmings þingmanna, af því 21 þm. hafi heitið þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fylgi sínu og hlutleysi. Ráðherra hefir talið sér fylgi 21—23 þingmanna. Af þessu heldur háttv. þm. Dal. (B. J.) að þingmenn séu 44. Eg hafði séð þessu haldið fram áður í einu ógáfuðu blaði, en eg hélt háttv. þm. Dal. (B. J.) væri svo gáfaður, að hann geti skilið þetta, því að það getur vel samrýmst. Það eru ýmsir menn, sem hafa traust til *beggja* þessara manna eða vilja við hvorugum amast. Því hafa báðir haft jafnan rétt til að telja sér þá. Eg hefi lesið nöfn þeirra, sem voru háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fylgjandi. Einn þeirra hefir sagt við mig, að hann vildi hvorugum velta, ef hann styddist við meiri hluta. Annar hefir sagt, hann vildi heldur núverandi ráðherra en þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), en hann mundi hvorugum velta.

Það er og órökstudd fullyrðing, að núverandi ráðherra hafi ekki stuðning af meiri hluta alþingis, enda mun atkvæðagreiðslan skera úr þeirri þrætu. En ekki er atkvæðagreiðslan í þessari deild einhlít, því að þótt 13 atkv. hér í deildinni yrðu á móti ráðherra, þá er þar með ekkert sagt um, hvorum megin meiri hluti alþingis er, því að 13 eru ekki nema tæpur þriðji hluti af 40. Nei, ef það verður ofan á, að meiri hluti þessarar deildar sé ráðherra móthverfur, þá verður einnig að reyna atkvæðagreiðslu í Ed., þá tekur fyrst af tvímælin um þingstyrk ráðherra. — Annars verð eg að segja það, að mér finst barist hér um heldur lítið, eg skil ekki ákafa sumra manna eftir að hreppa þetta hnoss, ráðherraembættið. Eg hélt að háttv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.), sem sjálfur segist finna hjá sér köllun til mikilla framkvæmda, væri svo gáfaður maður, að hann skildi, að honum væri happadrýgst að bíða til næstu kosninga. Ef svo tækist til, að hann, eða flokkur hans, ynni kosningasigur, þá ætti hann verkefni fyrir höndum, þá gæfist honum tækifæri til þess að koma áhugamálum sínum í framkvæmd.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Háttv. 1. og 2. þm. S.-Múl. hafa báðir minst á bréf frá mér til heimastjórnarflokksins, og skal eg þegar taka það fram, að það bréf var ekki og átti ekki að vera leyndarmál. Þegar það var ritað, 6. marz, var ekki sýnilegt, að nokkur von væri um samkomulag milli brota sjálfstæðisflokksins. Eg bjóst aldrei við fylgi heimastjórnarmanna, en vildi aðeins vita, hver skilyrði flokkurinn setti núverandi ráðherra. Skömmu síðar hitti eg einn virðulegan konungkjörinn þingm., »nauðavirðulegur« hefir hann verið kallaður í Ed., sem tók mig tali í fjárlaganefndarherberginu og spurði mig, hvort eg vildi ekki skrifa ítarlegra bréf, og skildist mér helzt á honum, að heimastjórnarmenn vildu hafa eitthvað fyrir snúð sinn og snældu. Eg sagði honum, að eg gæti ekkert vitað um hjartans óskir heimastjórnarmanna og ekkert varð úr frekari bréfaskriftum af minni hálfu. Þá voru 9 þjóðkjörnir þingm. heimastjórnarmenn, 19 þjóðkjörnir sjálfstæðismenn veittu mér þá fylgi, en óvíst var um tvo háttv. þingmenn, sömuleiðis þjóðkjörna, hvoru meginn þeir mundu verða. Af þessu sést, að það er fyllilega ranghermt hjá háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ó.) að eg hafi leitað stuðnings konungkjörinna þingmanna, þótt eg hafi snúið mér til heimastjórnarflokksins.

Háttv. 2. þm. S.Múl. (J. Ól.) sagði, að hér væri barist um lítið. Nei, hér er barist um mikilsvert pólitískt málefni! Hér er barist um það, hvort meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna á að ráða skipun ráðherra! Hér er barist um, hvort það

skiftir nokkru að vinna sigur við kosningar! Það er þingræðið, sem nú er í hættu, og mergurinn málsins er, hvort útlendu valdi á að haldast uppi að troða ráðherra upp á þingið. Ef hið útlenda vald kemur þessu fram, þá má vera að það haldi áfram, hver veit hvað langt. Hér er um mikilsverð réttindi þjóðarinnar að ræða, sem hún hlýtur að berjast um, þangað til sigur er fenginn, hvort sem baráttan varir lengri tíma eða skemri.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fetti fingur út í, að nafn mitt stæði efst á blaði undir þingsályktunartillögu þeirri, sem hér liggur fyrir. En mér finst undarlegt, að hann gerir slíkt að umtalsefni, því að mér stendur það þó næst, að rétta hluta sjálfs mín og þess flokks, sem eg telst til. Hann ætlast víst til, að eg sé svo kurteis að þegja, þegar mér er rekinn löðrungur. Ekki hafði þó háttv. núv. núverandi ráðherra þá aðferðina í bankamálinu; þar þóttist hann hafður fyrir röngum sökum og rak réttar síns af afli og hefir mér aldrei komið til hugar, að lá honum það. Eg sé enga ástæðu til að hegða mér öðru vísi en hann í því efni, enda er eg ekki vanur að sýna af mér neina uppgerðarkurteisi.

Hvort eg að eins hefði orðið ráðherra til bráðabirgða, getur enginn sagt neitt um; það eitt er víst, að eg harma það lítt, þótt eg kæmist ekki í þessa stöðu.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) las upp nokkur ummæli úr Þjóðviljanum, þar sem eg segi, að eg mundi aldrei hafa geta þegið slíkan stuðning, sem heimastjórnarmenn nú veita Kristjáni Jónssyni, og vildi hann efast um, að eg segði það satt. Mér má nú vera kunnugast um slíkt; allur sá stuðningur, sem núverandi ráðherra hefir af heimastjórnarmönnum er það, að þeir hafa lofað að bregða ekki fæti fyrir hann að ástæðulausu, og tel eg hann ekki öfundsverðan af slíkum stuðningi. En ef til vill hafa nú heimastjórnarmenn séð sig um hönd, og heitið ráðherra öruggara fylgi.

Þá sagði hinn háttv. þingm., að eg vildi taka að mér þetta embætti til fjár. Eg tók það fram í dag, að eg mundi skaðast fjárhagslega, ef eg yrði ráðherra. Slíkur er nú aldarandinn í landinu, að hver sem í ráðherrakjörum er, á mannorðsspellin vís; menn skilja ekki að aðrar hvatir en hálaunagræðgi og valdafíkn geti knúð menn til þess að taka það embætti að sér. Eg vil því leyfa mér að gefa hinni háttv. deild dálítið yfirlit yfir, hverju eg fjárhagslega hefði *getað* tapað, ef eg hefði orðið ráðherra. Eg hefði mist eftirlaun mín, 1500 kr., eg hefði þurft að ráða ritstjóra í minn stað við Þjóðviljann, og hefðu árslaun hans ekki getað orðið minni en 1200 kr. Ennfremur hefði eg orðið að skipa verzlunarstjóra við verzlun mína, og geri eg honum ekki minna en 2500 kr. í laun. Eg er fullfær til málaflutningsstarfa og hygg eg, að almenningur mundi ekki síður leita mín en ungra lögfræðinga; eg hefi að vísu ekki fengist við slík störf hingað til, en hefi hugsað mér að fara að leita mér atvinnu á þann hátt. Ef eg hefði orðið ráðherra, hefði eg auðvitað orðið að hyggja af slíku, og get eg ekki gert þann tekjumissi til minna en 1200 kr. Eg hefði þurft að setja mann í minn stað til eftirlits með prentsmiðju minni og bókasölu, og hefði ekki getað launað hann með minna en 1000 kr. Eg hefi hugsað mér að hafa bókasölu og smáverzlun með ritföng o. s. frv. í húsi mínu; eg hefði orðið að hætta við það áform, og get eg ekki gert það tap minna en 600 kr. Þá mundu breyttir lífnaðarhættir á heimili mínu hafa haft í för með sér margvíslegan aukinn kostnað, sem eg get ekki gert ráð fyrir, að hefði orðið minni en 600 kr. Eg á húseign hér í bænum,

sem kostar 40,000 kr., og hefði eg getað átt á hættu, að hún hefði staðið óleigð, ef til vill heilt ár, og hefði eg þá skaðast um 2000 kr. Eg hefi þá þannig reiknað saman 10,600 kr., sem eg hefði skaðast um, ef eg hefði orðið ráðherra. En ráðherralaunin eru aðeins 8000 kr.! Og að því er kemur til þess fjár, sem veitt er til risnu, þá mundi eg ekki hafa haft þann sið, að gefa þeim mönnum einum að eta, sem minn flokk fylla. Eg hefi álitið rétt, að þetta kæmi fram í þingtíðindunum, svo að menn geti glöggvað sig á því. Eg hygg þess enga vanþörf, svo margt hefir verið fleiprað um mig og fjárhag minn, þessa síðustu daga.

Að lokum vil eg geta þess, að það hefði vakað fyrir mér, hefði eg orðið ráðherra, að framkoma vor út á við ætti að vera einlæg og hiklaus. Skoðanir mínar í sambandsmálinu þekkja menn; þar að auki hefði fánamálið, sem eg tel alíslenzkt sérmál, orðið áhugamál mitt og ef til vill konsúlamálið; viðskiftaráðu nauturinn hefir bent á, að vér þyrftum að hafa konsúla í 8 löndum. Það eru einmitt slík stórmál, sem eiga að vekja þjóðina og efla og glæða áhuga ungra og gamalla. Eg hefi satt að segja þá trú, að eg, með lífsreynslu minni, hefði getað orðið að nokkru liði sem ráðherra. Eg hefi verið embættismaður, bóndi, sjávarútvegsmaður og kaupmaður og er nákunnugur kjörum og hugsunarhætti verkalýðsins. Eg þykist vita, hvað gera skuli til þess að kippa fjárhag landsins í lag; eg hefði látið mér ant um, að hegningarlögin yrðu endurskoðuð, því að þau eru nú í mörgum greinum stórhneykslanleg. Og auk alls þessa er enn þá eitt atriði, sem eg ekki get gert nánari grein fyrir; en eg vil aðeins leyfa mér að fullyrða, að það hefði ekki haft þýðingu fyrir íslenzku þjóðina eina, heldur og fyrir fleiri þjóðir, ef eg hefði orðið ráðherra.

Það er nú þýðingarlaust að orðlengja frekar um þetta mál. Aðeins vil eg að lokum mótmæla því, að eg hafi borið fram þingsályktunartillögu þessa, vegna þess að mér hafi runnið í skap við núverandi ráðherra. Það eitt hefir stjórnað framkomu minni, að eg lít svo á, sem hér sé um stórpólitískt málefni að ræða, sem þingið ekki má láta afskiftalaust.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (A. 238) samþykt með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

Tillögunni á þskj. 188, ásamt viðaukatillögunni (230) þar með vikið frá.

Símskeyta-rannsókn.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka símskeyti viðvíkjandi ráðherraskiftunum (A. 835). Ein umr. samþ. 3. maí.

Einum r., 5. maí (A. 835, 866, 924).

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Háttv. þm. getur ekki komið þessi till. á óvart. Það var rætt tals-

vert um símskeyti til íslenzku skrifstofunnar í Khöfn og konungs viðvíkjandi ráðherraskiftunum á privatfundi meðal þingmanna hér á dögunum, og þarf því ekki miklar umræður, þar sem málið liggur ljóst fyrir. Það hefir orkað tvímælis, hvort öll þau skeyti hafi verið sannleikanum samkvæm, og grunur á, að sumir hafi ekki með skeytasendingum sínum fært alt til sanns vegar, heldur hallað réttu máli. Að vísu er þetta ekki annað en grunsemd, en þar sem mjög er áríðandi að fá að vita sannleikann í þessu máli, sem mjög er mikilvægt og afdrifaríkt fyrir þjóðina, þá höfum vér komið fram með þessa þingsályktunartillögu. Eg vænti þess, að þeir, sem hafa hreinar hendur, séu fúsir á að samþykkja hana. Nefndinni ætti að verða þetta lítið starf og hægt að ljúka fyrir þinglok, enda þótt nokkuð sé liðið á þingtímann, og ef allir hafa hreint mjöl í pokanum, þá hlýtur rannsókn hennar að taka fyrir alla tortryggni og grunsemdir. Hvað breyt.-tillögurnar snertir, þá vil eg mæla með till. á þgskj. 866, að ekki séu eingöngu rannsökuð þau símskeyti, sem hafa verið send íslenzku skrifstofunni, heldur og símskeyti, þau, er send hafa verið konungi eða handritara hans. Að því er snertir breyt.till á þgskj. 924, þá virðist hún ekki vera nauðsynleg. Hún fer fram á það, að fráfarandi ráðherra sýni einnig þau skeyti, er hann hefir sent, en þar sem hann er þingmaður, hlýtur þingsályktunartillagan að ná líka til hans, enda var það og bein tilætlun vor flutningsmanna. En úr því að brt. þessi er fram komin á annað borð, þá vil eg mæla með því, að hún verði samþykt, því að ef hún væri feld, gæti það valdið misskilningi og þótt sönnun þess, að ekki væri tilætlunin að rannsaka skeyti fyrverandi ráðherra. Að lokum skal eg geta þess, að svo ramt hefir kveðið að um skeytasendingarnar héðan, að orð hefir verið á því gert í dönskum blöðum, að borist hafi þangað einhver dularfull skeyti héðan út af ráðherraskiftunum, lítt vinsamleg sumum þingmönnum, og væri ekki vanþörf á að athuga það. Eg held, að allir ættu að geta verið ásáttir um það, að bezt muni vera, að allur sannleikur í þessu máli komi í ljós, — að minsta kosti þeir, sem um öll svik eru skirir, og getur þá atkvæðagreiðslan orðið nokkur raun á því.

Hannes Hafstein: Það er kunnugt, að í öllum löndum er það siður þeirra, sem standa fyrir ríkisstjórn, að kveðja á fund sinn menn úr þingflokkunum til þess að leita upplýsinga hjá þeim um ástandið, þegar stjórnarskifti verða. Það hefir engum dottið í hug að efast um, að þetta sé sjálfsagður réttur konungs. Hér á Íslandi hagar sérstaklega til. Konungur verður, vegna hinnar miklu fjarlægðar, sem er á milli, að nota annan veg til þess að afla sér upplýsinga. Í staðinn fyrir að kveðja þessa menn á sinn fund, notar konungur þá leið að kveðja þá þess að gefa sér í símskeytum þær upplýsingar, er hann óskar um ástandið. Við það sparast bæði beinn kostnaður og óbeinlínis verður líka mikill hagur að því, vegna þess að þingið tefst þá ekki í störfum sínum fyrir utankvaðningar. Eins og engum manni hefir dottið í hug, að þeir menn, sem kvaddir eru á konungsfundi í öðrum löndum, séu skyldir að gefa skýrslu til þingsins, hvað þá hverjum þingmanni sem hafa vill, um viðtal sitt og konungs, eins er það öldungis víst og vafalaust, að það er ekki hægt að krefjast af þeim mönnum, sem hafa sent konungi símskeyti um ástandið samkvæmt ósk hans, upplýsinga um það, sem hefir farið á milli þeirra og konungs. Það er nóg, að hlutaðeigendur

sýni, ef orð þeirra eru vefengd, að þeir hafi verið kvaddir upplýsinga af konungs hálfu. Hitt liggur fyrir utan umráð og úrskurð þingsins. Eg var einn af þeim þingmönnum, sem varð fyrir því, að vera kvaddur álits, eins og mönnum er kunnugt, og kom mér eigi til hugar að skorast undan að verða við þeim tilmælum. Eg hefi alls fengið 3 skeyti frá stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn um þetta efni, og get sýnt, að þau eru til mín og frá hverjum þau eru, en eg hvorki vil né má sýna hvað í þeim stendur, nema með samþykki þeirra, er skeytin hafa sent. Skeyti þau, sem eg hefi sent, má eg aftur á móti sýna, ef eg vil, en eg er ekki skyldugur til þess. Eftir lögunum er heldur ekki hægt að heimta þau af símastöðinni, nema með dómi. Í þeim 6 skeytum, sem eg hefi sent, er ekkert, sem eg þarf að leyna, en mér dettur ekki í hug að sýna þau hverjum forvitnum þingmanni, sem hafa vill; eg læt engan fyrirskipa mér neitt í því efni, hvað sem forseti sameinaðs þings, þm. N.-Ísf. segir. Eg hefi sýnt skeytin flestum samflokksmönnum mínum, las þau síðast öll upp á dagskrárfundi í dag, og eins hefi eg sýnt þau mínum forseta, háttv. forseta Nd. Allir þessir menn vita hvað í þeim stendur, og að það er ekkert annað, en auðvelt er að standa við, hvar sem er. Annars get eg gefið þá yfirlýsingu, að ef háttv. þm. Barð. (B. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sýna deildarforsetunum báðum sín skeyti, þá skal eg líka sýna forseta efri deildar mín skeyti. Eg skuldbind mig aftur á móti alls ekki til að sýna neinni »rannsóknar«-nefnd, þótt skipuð væri, eitt einasta af þessum skeytum, því eg veit ekki nema í þá nefnd yrði settir menn, sem eg alls ekki finn ástæðu til að sýna slíka kurteisi. Að öðru leyti hefi eg ekki meira að taka fram að svo stöddu. Eg álít alla þessa málsýfingu af hálfu tillögumanna harla óheppilega, og gæti slík tortryggni eða forvitni leitt til þess, að konungur sæi sér ekki fært eftirleiðis að leita upplýsinga á þennan hátt. Það getur staðið svo á, að hann kæri sig ekkert um að eiga það undir högg að sækja hjá meira eða minna óprúttnum þinggörpum og ráðherraspekúlöntum, hvort honum væri óhætt að spyrjast fyrir í trúnaði um málefnin, með því að nota símskeyti til þess. Það gæti leitt til þess, að konungur kysi heldur að nota dýrari veginn og kalla menn á sinn fund.

Eg vona, að menn skilji það nú, að það er eingöngu »principsins« vegna að eg vil ekki sýna hverjum forvitnum þingmanni skeytin, en ekki af því, að eg hafi neitt að dylja. Eg hefi vitanlega ekki símað neitt annað en það, sem eg hefi vitað sannast og réttast.

Skúli Thoroddsen: Það eru nokkur orð út af ræðu háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Hann sagði, eins og rétt var, að það væri algengt, að konungur kallaði þingmenn á fund sinn, við stjórnarskifti, til þess að leita hjá þeim upplýsinga um ástandið. Þetta er mikið rétt, en þar sem háttv. þm. sagði, að þingið gæti als ekki krafist sagna, að því er það snerti, er konungi og þm. færi í milli, þá álít eg þau orð hans bæði röng og blekkjandi. Það er vitanlegt, að það er réttur hvers þings, í hvaða máli sem er, einkum jafn mikilsverðu og þessu að heimta allan sannleikann leiddan í ljós. Þess vegna hafa bæði aðrar þjóðir í grundvallarlögum sínum og við í okkar stjórnarskrá ákvæði, sem heimila þinginu að heimta bæði munnlegar og skriflegar skýrslur af mönnum og öll gögn, er að málinu lúta til þess að komast að því rétta. Þetta veit háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) ósköp vel og ummæli hans eru því ekkert annað en blekk-

ingartilraun til þess að fóðra það, hve nauðugt honum er að skeyti hans til konungs komi fram í dagsbirtuna. Eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) gat um, var nýlega haldinn privatfundur meðal þingmanna, vegna þess að forseta höfðu borist kröfur frá einstaka mönnum viðvíkjandi símskeytasendingum til konungs, sem ættu að borgast af landsfé. Forseta þótti sem von var nokkuð viðurhlutamikið að skrifa undir ávísanirnar, án þess þingmönnum gæfist kostur á að sjá, hvað símað væri. Þegar því var hreyft á þessum privatfundi, að þeim, sem kröfu gerðu til þess, að skeytin yrðu borguð af landsfé, bæri að sýna þingmönnum innihaldið, þá brást háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) reiður við og hljóp burt af fundi í fússi. Það er ekki til neins fyrir háttv. þm. að þræta fyrir þetta. Vitnin eru milli 30 og 40. H. þm. fór mörgum orðum um það, að hann hefði ekkert það símað, sem allir mættu ekki sjá, en í sömu andránni sýnir hann hinn mesta hita og leggur hið mesta kapp á, að skeytin verði ekki birt. Þetta virðist nokkuð undarlegt, en annars skal eg ekki dæma um, hvað háttv. þm. hefir símað. Þar sem háttv. þm gat þess, að símastjóri væri ekki skyldur að afhenda væntanlegri rannsóknarnefnd skeyti þau, er send hefðu verið, þá er það ekki rétt. Að vísu hefir símastjóri þagnarskyldu, en hana er skylt að rjúfa þegar nefnd er skipuð eftir 22. grein stjórnarskrárinnar, eins og t. d. bankar eru skyldir að þegja yfir inneign manna en verða að skýra frá því, þegar slík nefnd er skipuð. Sama hlýtur að gilda um símastjórann, en það er svo sem auðséð, hvert stefnt er. H. 1. þm. Eyf. (H. H.) er góðkunningi símastjórans og ætlar líklega að benda honum á að láta ekkert í ljósi, fyr en dómur er fallinn fyrir því. Það er ósköp hægur vegur til þess að dylja það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) vill ekki, þrátt fyrir öll sín digurmæli, að komi fram í dagsbirtuna. Eg hélt annars, ef hann hefði svona góða samvizku, að honum ætti að vera það kært, þá yrði öllum dylgjum lokið og þó einhverjar misfellur væru á, þá yrði blöðum hans líklega ekki skotaskuld úr því að leiða alþýðu manna í allan sannleika. Eg get ekki séð annað en fyllsta ástæða sé til þess að skipa þessa nefnd. Hvernig störf hennar fara, er ekki gott að segja. Takist háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að fá símastjóra til þess að trássast, er hætt við að lítið verði úr störfunum.

Eg skal svo ekki eyða frekari orðum í þetta, en tek undir það með háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) að eg lagði saina skilning í till. og hann, að hún næði líka til fráfarandi ráðherra. Annars mun eg greiða breyt.till. atkv. til þess að forðast allan misskilning, þó að hún í sjálfu sér sé óþörf.

Björn Jónsson: Símskeytin út af ráðherraskiftunum komu í staðinn fyrir einslegt samtal við konung, og þykir ekki hlýða að gera það heyrinkunnugt, en sama á að gilda um símskeytin. Eg er því virðulegum 1. þm. Eyf. (H. H.) samdóma um þetta mál.

Hannes Hafstein: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) brá mér um, að eg hefði talað af kappi og hita. Eg kannast alls ekki við það, og skýt eg því undir h. deild, hvort svo hafi verið. Enda þótt eg hafi talað nokkru hærra eða heyranlegar en háttv. þm., sem er mjög rámur um þessar mundir, þá mun það þó flestra mál, að hitinn hafi verið hans meginn. Eg sagði ekkert stygðaryrði til hans, en út úr hans orðum skein blábert hatur og hann greip til þess úrræðis að bera fram ósannindi um mig, er hann vildi bera mér á brýn, það, sem hann sjálfur er sekur í.

Framkoma þessa virðulega þm. sjálfs

við ráðherraskiftin var í mörgu tilliti alveg óhæfileg. Hann fékk skeyti og var beðinn upplýsinga *sem forseti sameinaðs þings*. Hann tók það óðara svo, að verið væri að gefa sér undir fótinn sem ráðherraefni, og hagaði sér eftir því. Í stað þess að gera öllum þm. jafnt undir höfði, að sjá skeytið og vera með að svara því, tekur hann það sem hvalreka fyrir *sjálfan sig* og sinn flokk, lætur að eins sína menn vita um þetta, og sendir svo konungi tólf álna langt og tírætt skeyti, sem kostaði landssjóðinn yfir 280 krónur, til þess að leiða hann í allan sannleika um það, að þingið og þjóðin sannlega vildi engan nema hann, hr. Skúla Thoroddsen, til þess að taka við stjórninni og vera brjóst fyrir Íslandi í hvívetna. Hann hefir lengi treyst sér vel til þess að »representera« hina íslenzku þjóð, utan lands og innan, eins og kom fram seinast þessa dagana, þegar hann útvegaði sér fé af landssjóði til Frakklandsfararinnar sælu, þvert ofan í þingsköpin! Hvað er eitt lítið lagabrot í samanburði við þann sóma að hafa hann fyrir fulltrúa sinn og frumherja? Hvað gerir það til, þótt landinu þurfi að blæða dálítið, þegar hann á í hlut? Eg hefi heyrt að hann hafi sagt sínum flokksmönnum eitthvað úr þessu hinu mikla skeyti. Fyrir öllum öðrum var það hulinn leyndardómur, og er það enn. Hann, sem þannig fór að, *hann* er að slá í borðið og bregða *mér* um, að eg leggi ekki spilin upp, en hann sjálfur, sem ranglega notaði stöðu sína sem forseti sameinaðs þings í þarfir sjálfs síns og síns flokks, hann þykist ekki þurfa þess, hann leynir þingið því, sem hann hefir látið uppi sem svar til konungs upp á skeyti, er honum var sent eingöngu í því trausti, að hann svaraði jafnt fyrir báðar deildir og alla flokka þingsins. Hann sagði, að það væru blekkingar úr mér að segja, að þingið ætti ekki heimting á að fá eftirrit af privatsímskeytum. Þetta hlýtur hann að segja mót betri vitund. Hann hlýtur að vita, að eftir 49. gr. stjórnarskrárinnar má ekki rannsaka bréf né önnur skjöl nema eftir dómsúrskurði, og í 15. gr. ritsímalaganna er mjög ákveðið bann gegn því, að embættismenn ritsímans láti nokkuð uppi um skeyti þau, er send hafa verið. Þagnarskyldan nær — jafnvel gagnvart nefndum, er þingið setur — eins til skeyta embættismanna, sem borgað er fyrir af opinberu fé, og er þess nýtt dæmi á þessu þingi, sem nú stendur yfir. Rannsóknarnefnd Ed., sem skipuð er til að rannsaka ýmsar gerðir fráfarandi stjórnar, vildi fá nokkur símskeyti hjá símastjóranum, er ráðgj. fráfarni (B. J.) hafði sent, en ritsímastjórinn neitaði að láta þau af hendi. Sneri hann sér jafn framt til stjórnarráðsins með fyrirspurn um þetta efni og úrskurðaði stjórnarráðið að skeytin skyldu *ekki* látin af hendi nema eftir dómi. Þetta er og algeng regla annarsstaðar í heiminum, og verður væntanlega framfylgt hér einnig í þessu tilfelli, eins og því, sem eg hefi nefnt. Það er því tilgangslaust að skipa nefnd til þess að fá skeytin hjá símastjórninni. En eins og eg hefi margtekið fram hefir mér ekki dottið í hug að fara leynt með efnið í mínum skeytum gagnvart þeim mönnum, sem eg á annað borð hefi saman við að sælda. Nálega helmingur þingsins, þar á meðal forseti Nd., veit hvað eg hefi símað og auk þess ýmsir utanþingsmenn. Ef eitthvað væri þar í, sem væri rangt eða hættulegt fyrir landið eða þingræðið, þá mundu einhverjir af þessum heiðursmönnum segja til þess.

Eg finn svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, og það enda þótt háttv. N.-Ísf. (Sk. Th.) finni ástæðu til þess að úthella sér eitthvað yfir mig.

Skúli Thoroddsen: Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat um símskeytið, sem eg sendi konungi, og hvað það hefði kostað. Eg skal geta þess, að ástæðan fyrir því, að símskeytið var svo langt var sú, að konungi var ókunnugt um, hvernig sakir stóðu í þinginu. Varð eg því að gera glögga grein fyrir öllu. Meðal annars var í skeytinu skýrt með nöfnum frá atkvæðagreiðslunni í vantraustsyfirlýsingunni til fyrv. ráðh. (B. J.) Það er algerlega rangt af háttv. þm., að halda því fram, að eg hafi verið að trana mér fram; því fer svo fjarri að það hafi verið gert með einu orði. Það er alls engu að leyna í símskeytum þeim, er minn flokkur sendi. En okkur þykir kynlegt, að háttv. þm. skuli ekki hafa lagt fram símskeyti sitt. En orsökin fyrir því mun vera sú, að vopnum blekkinganna og lyganna mun hafa verið beitt, til þess að gera ráðherraskiftin eins og þau urðu. Það væri hægt að leiða rök að því. Það hlýtur að vera ástæðan fyrir því, að hann vill ekki sýna það. Því má þjóðin ekki sjá þessi símskeyti, sem mótstöðumenn mínir hafa sent? Mér finst, að þeim ætti sjálfum að vera umhugað um, að þau kæmu fram í dagsbirtuna. Háttv. þm. var að bregða mér um persónulega heift. Þetta er alveg rangt hjá honum, enda á alls engum rökum bygt. Blað mitt, »Þjóðviljinn«, ber það með sér, að eg hefi ætíð skýrt stutt og rétt frá málavöxtum hvers máls og að blekkingum þeim, er aðrir beita, er andmælt. Fjöldi manna grípa til blekkinga og lyga til þess að koma sínu máli fram. En þeir sem gera slíkt, verða óðir og uppvægir, ef það kemst upp. Þetta hafa andstæðingar mínir gert. Það er alveg ástæðulaust að bregða mér um heift. Það mætti miklu fremur bregða háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um slíkt. Þetta kom svo ljóslega fram hjá honum í gær, þá er rætt var um ferðakostnað handa forseta sameinaðs þings, sem boðinn er til Frakklands. En af því að það er eg, sem á að fara þessa för, sem eg ef til vill hefði gaman af og gæti hrest mig, þá stendur allur heimastjórnarflokkurinn upp og greiðir atkvæði móti fjárveitingunni. Ef þetta er ekki gott dæmi þess, hvernig sú pólitíska barátta er hér á landi, þá veit eg ekki, hvað söguritararnir geta hagnýtt sér.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) var að skírskota til þessara heiðursmanna í sínum flokk. Sagði hann að þeir þektu innihald símskeyta hans. En hér við er það að athuga, að þessum mönnum voru ráðherraskiftin mjög mikið áhuga- og kappsmál. Það var um það að tefla, hvort völdin lentu hjá þeim manninum, sem hefir verið eins og viðbót við konungkjörna heimastjórnarliðið, eða ekki. Þetta skifti svo miklu, að allir þessir heiðursmenn gætu vel brugðið frá sannleikanum. Eg álít rétt, að skjölin séu lögð á borðið. Það hefir að vísu ekki þýðingu fyrir liðna tímann, því að það sem er skeð verður ekki aftur tekið. En það gæti haft þýðingu fyrir framtíðina. Það er áríðandi að vita, hvort konungur hefir verið blektur. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagðist mundi sýna forsetum efri og neðri deildar sín símskeyti, þá er háttv. þm. Barð. (B. J.) og eg hefðum sýnt okkar skeyti. En ef svo er, verð eg að taka mér það vald að krefjast þess, að hann sýni forseta sameinaðs þings þau einnig.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fór býsna langt út fyrir málið, því að hann fór að tala um förina til Frakklands. En eg vil leyfa mér að benda honum á, að það er alls ekki minni hlutinn, sem ræður hér, heldur er það meiri hlutinn. Tillagan um fjárveitinguna handa honum var

feld af hans eigin flokksmönnum. Minni hlutinn gat ekki gert það. Háttv. þm. fór óþvegnum orðum um símskeyti háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) þar sem hann sagði, að þau hefðu verið vopn blekkinga og lyga. Eg hefi séð þessi símskeyti og get því vottað, að ummæli háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), sem lýsti þessi ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) ærulausa lýgi eru á rökum bygð. Eg hygg, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þori ekki að endurtaka þessi ummæli utanþings af ótta við dómstólana. Það mun sannast hið fornkveðna:

„Skal til skammar talað,
Skúli rann 'inn fúli;
skullu við harðar hellur
hælar á rögum þræli."

Skúli Thoroddsen: Mig furðar á því, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) skuli ekki hafa valið sér betra vitni, til þess að standa hér upp, en háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Það er óneitanlega harla kynlegt að sjá hann standa hér upp í deildinni sem sannleiksvitni, svo alkunnur sem hann er af blaðagreinum sínum í Reykjavíkinni og öðru. Að hann standi hér upp og segi: *Eg* get borið *sannleikanum* vitni, bendir meðal annars á fífldirfsku þá, sem getur gripið suma menn, jafnvel á gamals aldri. Öðruvísi virðist mér ekki ástæða til að svara digurmælum háttv. þm.

Hannes Hafstein: Ummæli þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um að eg og heimastjórnarflokkurinn hafi beitt *óheiðarlegri* aðferð við ráðherraskiftin, hefi eg þegar, um leið og hann kom fram með þau, brennimerkt með þeim verðskulduðu orðum, að ummælin væru *ærulaus lýgi*. Eg endurtek þetta aftur. Það er *ærulaus lýgi* hjá þingmanni Norður-Ísfirðinga. Hann verður að sætta sig við, að stinga hjá sér þessum orðum. Einasta afsökun hans er það, að hann er svo afskaplega reiður og aumur út af því, að honum skyldi enn þá einu sinni mishepnast að troða sér upp í ráðherrasætið, að hann getur ekki stjórnað sér. Hann er altaf að leita að ástæðu fyrir þessari miklu slysni sinni, eins og þeim hættir til, er hrakför fara. Stundum kemst hann að þeirri niðurstöðu, að þetta sé honum sjálfum að kenna að einhverju leyti, og þá er hann daufur í dálkinn og niðurlútur, eins og menn oft hafa séð hann þarna í horninu á þingsalnum. En stundum rífur hann sig upp í að kenna öðrum um þetta ólán sitt, og þá er hann strax hressari, en ákaflega reiður. Þetta er síðasti fjörkippurinn í honum sem tilvonandi ráðherra. Það brennur sí og æ í honum, að hann sé maðurinn, sem hefði átt að setjast í ráðherrasessinn, og við höfum heyrt það af hans eigin munni hér í þingsalnum, að það hefði verið ólán, ekki einungis fyrir þetta land, heldur einnig fyrir Norðurlönd öll og fleiri lönd, að hann skyldi ekki komast að með þær miklu fyrirætlanir, sem hann læst búa yfir, og alla sína miklu hæfileika. Aðfarir hans gagnvart núverandi ráðherra, og tilraunirnar til að troða hann undir og sjálfum sér fram, eru öllum þingmönnum í fersku minni, og verði einhverntíma rituð saga þessa þings, þá mun framkoma hans verða metin að verðleikum.

Það er ekki nýtt hjá honum, að vilja skella skuldinni á mig fyrir ófarir sínar. Hann hefir lengi sýnt mér þann sóma, og um margra ára bil hefi eg orðið þessa var, að þegar eitthvað hefir gengið honum á móti, eða hann rekur sig á einhverja fyrirstöðu, þá segir hann: »Nú hefir Hannes Hafstein spilt fyrir mér«. Þetta hefir komið fram jafnvel þar sem sízt skyldi vænta þess, og stundum mjög kátbroslega; en eg hefi aldrei gert manninum neitt. Þetta er eins og

einhver sérstakur sjúkdómur hjá honum, sem hann ræður ekki við. Mikið mun það þó hin síðari árin hafa ágerst við öfundina yfir því, að eg var skipaður í það embætti, sem hann svo mjög girntist. Eg get ekki annað en brosað að honum, og virt honum til vorkunnar þessa einkennilegu »monomani« gagnvart mér. En skeytin mín finn eg enga ástæðu til að sýna *honum,* þótt deildarforsetarnir sjái þau. Hann hefir ekkert að sýsla með það, að ávísa kostnaðinum við skeytasendingar. Hann á sjálfur undir deildaforsetunum, hvort þeir vilja ávísa af landssjóði kostnaðinum við langa skeytið hans, og önnur meðmælaskeyti hans með sjálfum sér sem ráðherraefni. Eg er viss um, að deildaforsetarnir láta sömu lög ganga yfir mig, eins og aðra, að því er snertir skeytakostnað minn, og með það er eg ánægður. Kostnaðurinn er heldur ekki svo mikill, að hann geri mér frá eða til.

Forseti: Eg verð að láta þess getið, að ummæli þau, sem fallið hafa hér i ræðum manna á báðar hliðar, hafa verið alt of svæsin og lítt þingleg, þótt eg hafi ekki fundið ástæðu til að hefta mál manna eftir atvikum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 924 samþ. með 23:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Sig. Sigurðsson,
Eggert Pálsson,	
Benedikt Sveinsson,	
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Sigfússon,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Jónsson greiddi ekki atkvæði.

Breyt.till. á þskj. 866 samþ. með 21:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Bjarni Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Björn Sigfússon,	
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir greiddu ekki atkvæði:

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Hálfd. Guðjónsson, Pétur Jónsson og töldust með meiri hl.

Þingsál.till. á þskj. 835 með áorðnum breytingum feld með 12:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,

Já:	*Nei:*
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson.
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson,

Stjórnarskrárbreyting.

I.

FRUMVARP til stjórnarskrár Íslands.

Fyrsta umr., 20. febr. (A. 25).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Svo sem menn mun reka minni til, lá fyrir síðasta alþingi frumvarp til stjórnskipunarlaga í sambandi við sambandslagafrumvarpið. Nefndin í sambandsmálinu hafði það til meðferðar, en fékk ekki afgreitt það vegna þess, að tími vanst ekki til. Meðal breytinga þeirra, sem farið var fram á í frumv. því, má nefna þau höfuðatriði: að fjölga skyldi ráðherrum, konungkjörnir þingmenn skyldu hverfa úr sögunni, kosningarréttur skyldi rýmkaður og veittur konum og loks, að breyta mætti sambandinu milli ríkis og kirkju með einföldum lögum. Frumvarpið varð, svo sem eg hefi sagt, ekki afgreitt frá þinginu, en hins vegar var stjórninni falið með þingsályktun að leggja stjórnarskrárfrumvarp fyrir þetta þing. En okkur flutningsmönnunum var kunnugt um, að slíkt frumv. var ekki tilbúið frá stjórnarinnar hendi, þótt ráðherrann muni hafa haft í hyggju að leggja það fyrir þingið.

Í þingsályktan síðasta þings var það eitt tekið fram, sem bráðnauðsynlegast þótti, en það þótti okkur, flutningsmönnum þessa frumvarps, ekki nóg, heldur vildum við, að í stjórnarskrárfrumvarpi þessu kæmu nokkurnveginn fram hinar fylstu réttarkröfur vorar, sérstaklega vegna þess, að tilraunin til þess að bæta sambandið milli Íslands og Danmerkur, virðist nú vera strönduð.

Frumvarp vort fer því fyrst og fremst fram á, að löggjafarvaldið í *öllum* málefnum landsins skuli eingöngu vera hjá konungi og alþingi, og er að því leyti fylgt stefnuskrá flokks vors frá 1908.

Annað nýmæli frumvarpsins er það, að fjölga skuli ráðherrum; teljum vér nauðsyn bera til þess, þar sem þing kemur aðeins saman annaðhvort ár, og þar að auki hyggjum við, að á þann hátt verði trygt meira jafnvægi og fjölhæfari þekking í stjórn landsins. Þá er og ætlast til, að eftirlaun ráðherra verði afnumin, enda munu og flestir líta svo á, sem ófært sé, að ráðherra hafi eftirlaun, því að ekki er víst nema ráðherrastóllinn reynist valtur á landi hér, og getur þá, jafnvel á nokkurra ára fresti, orðið mikill byrðarauki að ráðherraeftirlaununum.

Ennfremur er það nýmæli, að eftirlaun embættismanna megi afnema með lögum, og hyggjum við, að það ákvæði sé í samræmi við almennan þjóðarvilja hér á landi.

Þá er og farið fram á, að allir alþingismenn skuli þjóðkjörnir, en ekki er nánar tiltekið um, hvernig kjósa skuli til deildanna og verður það hlutverk nefndar þeirrar, sem væntanlega verður skipuð í málið, að gera nánari ákvæði um það; raunar er það skoðun margra — þar á meðal núv. ráðherra ((Kr. J.) — að bezt færi á, að þingið sé alt ein deild. Sjálfsagt þótti okkur að rýmka um kosningarréttinn; samkvæmt þeim ákvæðum, sem nú gilda, hafa 25 ára gamlir karlmenn kosningarrétt, en kjörgengi 30 ára. En við hyggjum rétt að færa aldurstakmarkið niður til 21 árs, því að á þeim aldri hafa flestir náð þeim þroska og dómgreind, að þeim er vel trúandi til að kjósa til alþingis. Konum viljum við og veita kosninga-

rétt, giftum sem ógiftum, ef þær að öðru leyti fullnægja lögmæltum skilyrðum; slíkt hið sama, að veita megi konum kjörgengi með lögum, ef öll önnur skilyrði eru fyrir höndum.

Enn er það ákvæði, að allir dómarar eru undanþegnir kjörgengi. Reynsla hinna síðari ára hefir sýnt, að ekki fer vel á, að dómarar vefjist mjög í landsmálum; slíkt getur valdið hlutdrægni af þeirra hálfu og það jafnvel á móti vilja sjálfra þeirra.

Minnast verður og þess nýmælis, að skipa skuli fyrirkomulagi kirkjunnar með einföldum lögum, og að enginn skuli skyldur að gjalda til annars kirkjufélags en þess, sem hann tilheyrir.

Afnema viljum við titla og orður, enda þykja dæmin deginum ljósari, hversu stjórnir hafa notað sér slíkt til þess að afla sér hylli og fylgis og er mál til komið, að sá óvandi sé ger landrækur.

Loks hefir því verið skotið inn, að sambandslög, sem sett kynnu að verða milli Íslands og Danmerkur, skuli sæta sömu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni. Þykir mönnum sem slíku stórmæli megi ekki hrapa af á einu þingi.

Að endingu skal þess getið, að öll nýmæli frumv. hafa verið prentuð með leturbreytingum; þó hafa nokkur mistök orðið: í 55. gr. eiga orðin »og lögmæltum« að prentast með skáletri, en í 38. grein eiga orðin: »er hann situr í«, að falla burtu.

Skal nú ekki að svo komnu farið fleiri orðum um þetta mál; það hefir vakað fyrir okkur flutningsmönnunum, að láta öll nýmæli frumv. vera svo gagnger og ákveðin, að eigi þurfi bráðlega að fara að káka við nýjar stjórnarskrárbreytingar. Vonum við fastlega, að nefnd verði skipuð í málið, er svo geri þær umbætur á frumv., sem þurfa þykir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil leyfa mér að vekja athygli á, að flutningsmenn frumv. virðast ekki hafa lesið 26. gr. þingskapanna. Þar stendur: »Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá«. Þessu ákvæði hefir hingað til verið stranglega fylgt, og hefir það komið tvisvar sinnum fyrir, að frumv. hefir verið vísað frá af þeirri ástæðu. Hér hefir verið brotið í bág við þetta ákvæði, og þar sem frumvarpið nefnist: »Frumv. til stjórnarskrár Íslands«, vil eg því skora á forseta að vísa málinu frá. — En úr því eg á annað borð er staðinn upp, vil eg fara nokkrum fleiri orðum um málið. Háttv. flutnm. (J. Þ.) afsakaði sig með því, að flutningsmenn frumv. hefðu eigi haft nægan tíma við samning þessa frumv. til að kynna sér stjórnarskrárfrv. það, sem stjórnin lagði fyrir síðasta þing. Þeir hafa þó haft 2 ár. (*Jón Þorkelsson:* Hefi aldrei sagt það!). Jú, háttv. flutningsmaður sagði það, því tók eg vel eftir, þótt hann kunni að stryka það út úr ræðu sinni, áður en hún verður prentuð, en eg vil leyfa mér að benda á, að háttv. flutnm. hefir þó unnist tími til þess að skrifa upp heilar greinar úr stjórnarskrárfrv. stjórnarinnar frá síðasta þingi. — Vilji þjóðarinnar í þessu máli hefir sést á þingmálafundum þeim, sem haldnir hafa verið nú að undanförnu; á þeim öllum hefir þess verið óskað, að stjórnarskráin væri endurskoðuð og afgreidd á þessu þingi; að því er snertir einstök ákvæði, hefir það sérstaklega komið berlega fram, að það er almennur þjóðarvilji, að konungskvaðning þingmanna verði afnumin. Fáeinir þingmenn vilja þó enga endurskoðun og meðal þeirra munu vera hinir háttv. flutningsm. frumv., að

minsta kosti hefir háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gert ráð fyrir á þingmálafundi hér, að viðunanleg sambandslög fáist ekki fyr en eftir $1^1/_2$ eða 2 aldir og að stjórnarskrárbreytingar verði að bíða jafnlengi. Frumv. þeirra félaga, sem inniheldur mörg sambandslagaákvæði, sem Danir vitanlega telja óaðgengileg, er því ekki annað en tilraun til að hefta framgang málsins, en slík tilraun er gagnstæð vilja landsmanna og væntanlega allra í þessari deild, annara en flutningsm. Öllum má vera ljóst, að frumv. þetta er engu síður sambandslagafrumv. en stjórnarskrárfrumv., og ef svo ólíklega færi, að slíkt frumv. yrði samþykt af alþingi, þá mundi næsta ráðherra vera skapaður aldur, því að hver sem við völdum tekur mundi velta á því. Hér eru t. d. sett ákvæði um, hvernig að skuli fara, þegar konungur er ófullveðja, sem kemur í bág við grundvallarlög Dana, og *gæti* því konungur aldrei samþykt slíkt. Eg fyrir mitt leyti tel eðlilegt, að meirihl. beri fram sambandslagafrv. eða skilnaðarfrv.; um það er ekkert að segja. En eg er á móti grímuklæddu sambandslagafrv., og eg er á móti, að því sé þvælt saman við stjórnarskrármálið, báðum málunum til falls og hnekkis. Samkvæmt 2. gr. þessa frv. eru t. d. öll sérmál horfin úr sögunni, konungur og alþingi í sameining eiga að hafa löggjafarvald í »*öllum* málefnum landsins«, og ætti enginn að villast á, að upp úr slíku frumv. hefst hvorki endurbót á sambandinu né stjórnarskránni. Laumuleikur hinna háttv. flutningsm. er alt of augljós til þess. Þetta frumv. er því dauðadæmt frá upphafi, enda hefðu flutningsm. vel getað beðið, því að annað frumv. löglega orðað er á leiðinni; það var afhent til prentunar í dag. Eg vil svo að lokum skora á háttv. flutningsm. að taka frumv. aftur, en ef þeir vilja það ekki, vil eg skora á forsetann að taka það út af dagskrá, þangað til fyrirsögn þess er lagfærð.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Þess skal að upphafi getið, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ranghermdi orð mín. Eg sagði, að síðasta alþingi hefði ekki unnist tími til að afgreiða stjórnarskrárfrv. það, sem þá lá fyrir; annað sagði eg ekki, og lítur út fyrir að hinn háttv. þm. sé orðinn heyrnardaufur, eins og mér heyrist hann vera orðinn nokkuð hás.

Eg verð fastlega að halda því fram, að frumv. sé að fullu löglega fram borið samkv. 26. gr. þingskapanna, því að fyrirsögnin felur í sér, að hér sé um stjórnskipunarlög að ræða. Annars hafa forsetar litið ýmsum augum á slíkt; að vísu var frumv. um afnám hæstaréttar eitt sinn vísað frá hér á þingi vegna þess, að í fyrirsögninni var ekki nefnd breyting á stjórnarskránni; en á öðru þingi síðar var frumv. sama efnis þó tekið fyrir sem einföld lög, — þá var Þórarinn Böðvarsson forseti. Menn ættu því ekki að vera að finna sér slíkt til, því að hér er engin hætta á ferðum.

Hinn háttv. þm. má segja hvað sem hann vill um tilgang okkar flutningsm., en hann hefir verið sá einn, að taka sem flestar óskir til greina og hafa allar kröfur sem fyllstar; nefnd sú, er skipuð verður í málið og alþingi ræður svo sínum gerðum, hvernig um málið fer. — Háttv. þm. var eitthvað að minnast á hreystiverk minnihlutans og frv. það til stjórnarskrárbreytingar, sem þeir ætla að koma fram með og hefir inni að halda ýmist eitthvað af hinum sömu ákvæðum, sem finnast í frumv. okkar, eða þá einskisverðar kákbreytingar. Þeir um það. Við höfum viljað hafa allar kröfur afdráttarlausar í okkar frumv., af því að þykist Danir hafa rétt til að skapa einir fyrirkomulag sambandsins,

eins og þeir gerðu með stöðulögunum, þá höfum vér Íslendingar eigi síður rétt til að gera þau ákvæði um sambandið upp á eigin eindæmi af vorri hendi, sem oss þykir hlýða. Fer vel á, að slík ákvæði komist inn í stjórnarskrána, en allir samningar við Dani annars kostar geta verið viðsjárverðir. Það varðar miklu, að vilji vor komi fram skýrt og ljóst einmitt í sambandi við stjórnarskrána, og þeirrar skoðunar voru menn á síðasta þingi, er sambandslagafrumv. meirihlutans var samþykt.

Þetta frumvarp er ekki frumv. til nýrra sambandslaga og því ekki rétt að kalla það svo, þó að í því sé atriði, sem snerta samband vort við Dani. Slík atriði sýnast eðlilega eiga heima í stjórnarskrá landsins, og aðalatriðið fyrir okkur var það, að frumv. þetta héldi í stórum dráttum allar sjálfstæðiskröfur vorar, og kemur það því fram sem yfirlýsing um, að við viljum fá þessar réttarkröfur uppfyltar, sem oss eru bráðnauðsynlegar og réttmætar. Það er auðvitað á valdi þingsins að samþykkja það af því, sem það nú sér sér fært, eða fella það niður. Annars er óþarft að fara fleiri orðum um mál þetta að svo stöddu, þar eð það mun koma í nefnd.

Hannes Hafstein: Flutnm. hefir viðurkent, að í frumv. þessu séu ýms sambandslagaatriði, þ. e. atriði, sem koma í bága við þann grundvöll, sem núgildandi stjórnarskrá vor lagalega byggist á, og sem vér eigi getum breytt eftir eigin geðþótta eingöngu. Jafnvel þótt alþingi samþykti þetta frumv., þá þá gæti það samt ekki orðið lagt fyrir konung, nema það fyrst væri samþykt einnig af ríkisþingi Dana, vegna sambandslagaatriðanna sem í því eru, og væri þá vel að verið, ef vér legðum þannig stjórnarskrána um hin sérstöku mál vor á náðir annars löggjafarvalds. En þar sem þessi sambandslagaatriði sum hver fela í sér kröfur, sem vissa er fyrir, að ekki ná samþykki ríkisþingsins að svo stöddu, er sennilegast, að flutnm. hafi flýtt sér svo mjög að koma fram með þannig lagaðar breytingar á stjórnarskránni, til þess að reyna að koma því til leiðar, að engar breytingar fáist á stjórnarskránni að þessu sinni.

Frumvarpið er annars alls ekki í löglegu formi. Það hefði átt að vera tekið fram í fyrirsögn frumv., að það væri *frumv. til stjórnarskipunarlaga* Íslands. Hitt er rangt form, að orða fyrirsögnina eins og gert er í frumv.

Skúli Thoroddsen: Eins og kunnugt er samþykti deildin 1909 áskorun til stjórnarinnar þess efnis, að hún legði fyrir næsta þing frumv. um breytingar á stjórnarskránni, og þingmenn væntu þess því, að stjórnin mundi verða við þessari áskorun; en þetta brást, sem kunnugt er. Á flokksfundi sjálfstæðismanna kom það því til tals þegar fyrir þingbyrjun, að sjálfsagt væri að koma sem fyrst fram með frumv. til stjórnarskrárbreytingar, og var þess þá getið, að 3 þingm. hefðu í smíðum frumv. til stjórnarskrárbreytingar, og eru nú tveir þessara þm. flutningsmenn frv. þessa, sem hér liggur fyrir.

Frumv. þetta er þannig komið fram sem frumv. frá 3 þingm., en ekki sem frumvarp frá sjálfstæðisflokknum, enda hafði hann engin tök á því að íhuga það, áður en það var borið fram, og hafði eigi séð það. — En aðalatriðið er, að frumv. þetta er nú komið inn á þingið, og má þá breyta því, sem þurfa þykir. Eg tek þetta fram vegna þess, að eg er því mótfallinn, að blandað er saman í frumv. stjórnarskrárbreytingum og sambandslaga-ákvæðum, sem orðið gætu frumv. að falli, er staðfestingar skal leitað, enda tel eg víst, að það, sem fyrir flutningsm. frumv. hefir vakað,

hafi verið það, að frumv. sýndi stefnuskrá þeirra, en eigi hitt, að þeir vilji á neinn hátt stuðla að því, að sambandslagaákvæðin verði nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni að falli.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) heldur því fram, að vísa beri frumv. þessu frá, en því get eg alls ekki verið samdóma, þar sem eg fæ eigi betur séð, en að fyrirsögn þess fullnægi fyllilega kröfum þeim, er gerðar eru í þingsköpunum, að því er til breytinga á stjórnarskránni kemur.

Hannes Hafstein: Eg hefi ekki gert kröfu um að málinu verði vísað frá vegna formgalla, þó að ástæða gæti verið til þess, að svo væri gert. En það er víst, að á undanfarandi þingum hefir 26. gr. þingskapanna ætíð verið skilin svo, að frumvörp, sem fara fram á breytingar á stjórnarskránni, verði sjálf að nefna sig »frumvarp til stjórnarskipunarlaga«.

Eg endurtek það, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að von væri á öðru frv. um breytingu á stjórnarskránni, mjög bráðlega, sem ekki er meint sem sýnibragð eða »réttarkröfu-prógram«, heldur er í alvöru fram borið til þess að fá bætur á núverandi stjórnarskipun, eftir því sem við framast megnum.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir komið með ranga skýringu á því, hver væri tilgangur okkar með frumvarpi þessu, og borið það upp á okkur, að við ætluðumst til, að það yrði þröskuldur í vegi fyrir breytingum á stjórnarskránni. Við ætlum okkur auðvitað ekki þá dul, að við getum komið frumvarpi þessu óbreyttu gegnum deildina, og við erum heldur ekki þeir þverhöfðar, að við ekki tökum til greina breytingar þær, sem fram kunna að koma. Þessvegna mótmæli eg ummælum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að frumvarpið sé borið fram í þeim tilgangi að hindra nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni. En mönnum verður að skiljast það, að með frv. þessu er haldið í sömu stefnu sem tekin var á alþingi 1909. Hitt er álitamál og ágreiningsefni, hver aðferðin sé heppilegust til þess að ná takmarkinu. Eg fyrir mitt leyti álít það alls ekki sjálfsagt, að við eigum endilega að kosta kapps um að vera að gera sambandslög við Dani. Það getur legið eins nærri, að reyna að ná réttindum vorum smátt og smátt með vorri eigin löggjöf.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á, að 7 manna nefnd verði sett í málið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg sting upp á 9 manna nefnd.

Forseti: Það hefir verið látið í ljósi, að rétt væri að taka mál þetta út af dagskrá eða jafnvel vísa því algerlega frá, vegna þess að fyrirsögn frumvarpsins sé óformleg og komi í bága við 26. gr. þingskapanna. En þetta er ekki rétt athugað. Ákvæði 26. gr. þingskapanna er sett til þess að koma í veg fyrir, að samþykt verði af þinginu einföld lög, er feli í sér breytingar á eða viðauka við stjórnarskrána, og því verði að sjást á fyrirsögninni, að þar sé ekki um almenn lög að ræða, heldur um stjórnarskrárbreytingu. En hér er öðru máli að gegna, því að frumvarp þetta fer ekki fram á breytingu á eða viðauka við stjórnarskrána, heldur er það frumvarp til nýrrar stjórnarskrár, er fellir algerlega úr gildi núgildandi stjórnarskrá, ef það verður að lögum og það ber fyrirsögn frumvarpsins ótvírætt með sér. Eg sé því enga ástæðu til þess að taka málið út af dagskrá eða vísa því frá.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg fell frá uppástungu minni um 9 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþykt að setja 7 manna nefnd í málið, og voru þessir kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Gunnarsson,
Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,
Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-Múl.

1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson kosinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Á fundi deildarinnar 27. febr. gat forseti þess, að stjórnarskrárnefndin hefði óskað þess, að tveim mönnum yrði bætt við í nefndina: Skúla Thoroddsen og Jóhannesi Jóhannessyni, og samþykti deildin það.

II.

FRUMVARP um breytingar á stjórnarskipunarlögum Íslands 5. jan. 1874 með áorðnum breytingum samkv. lögum 3. okt. 1903.

Fyrsta umr., 25. febr. (A. 44).

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg finn ekki ástæðu til þess, að fara neitt orðum um þetta frv. núna, heldur skal eg aðeins leggja til að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem þegar hefir verið skipuð í stjórnarskrármálið.

Jón Þorkelsson: Það er hart, að þagað sé við svo merku frumvarpi, sem þetta er. Háttv. flutningsmenn voru líka kurteisari en svo á dögunum við stjórnarskrárfrumvarp það, sem við komum með, háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg. Eg vil því leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta og annara góðra manna, að drepa lauslega á sitt af hverju á víð og dreif, sem mér þykir einna merkilegast við frumv. þetta.

Það er vert að athuga strax í upphafinu, að í frumv. þessu er gengið þurrum fótum fram hjá því, sem á þingmálafundum hefir verið talið aðalatriði, sem sé því, að ef nokkuð ætti að fara að krukka í stjórnarskrána, þá ætti að kippa burt tilvitnuninni til stöðulaganna. Eins og frv. liggur nú fyrir, þá er það tilgangur háttv. flutningsmanna, að færa breytingarnar inn í núgildandi texta stjórnarskrárinnar og gera úr stjórnarskránni þannig breyttri einn »codex« eða »codification«. Það er því sýnt, að þessir herrar vilja halda oss fast við stöðulögin. Margt er hér og fleira eftirtektarvert. Sumt er hinsvegar sameiginlegt með þessu frumv. og frumv. okkar þm. Dalamanna, t. d. er ríkisráðsákvæðinu kipt burt, en aftur vantar hér fast ákvæði um tölu ráðherranna. Við vildum að hún væri stödd föst í stjórnarskránni sjálfri, vildum að það atriði stæði á steini, svo að ekki sé hægt að hrúga á þjóðina hve mörgum ráðherrum sem er, með einföldum lögum.

Annars skal eg nú fara sem fæstum orðum um þau atriði, sem kunna að geta orðið samningsatriði milli háttv. flutningsm. og mín og þm. Dalamanna, en það getur tilvitnunin í stöðulögin ekki orðið.

Eftir núgildandi stjórnarskrá eru þeir menn einir kjörgengir til alþingis, er dvalið hafa síðustu 5 ár í þeim löndum í Norðurálfunni, sem liggja undir veldi Danakonungs. Þetta hefir nú mörgum þótt innlimunarmerki, og í þessu frv. er því enn haldið á þann hátt, að kjörgengi er bundið við það, að menn hafi verið heimilisfastir 2 síðustu ár í veldi Danakonungs, í »hinu samsafnaða danska ríki«, og er þetta atriði ekki neitt samningamál. Okkur þykir þurfa að miða kjörgengi við Ísland, og gerðum við ráð fyrir að skorða það við tveggja ára búsetu á Íslandi.

Þá er það, að þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir því, að breyta megi fyrirkomulagi þjóðkirkjunnar — evangelisk-lútersku — með lögum, en vildum hafa það í stj.skr., að fyrirkomulagi kirkjunnar *skuli* skipað með lögum. En þetta mætti nú heldur verða samningaatriði.

Þá skal eg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa eina stutta grein, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að bætt verði inn í stjórnarskrána. Hún hljóðar svo:

»Konungur getur með samþykki alþingis kært menn fyrir landsdómi fyrir þesskonar glæpi, er honum virðast einkar háskalegir fyrir Ísland«.

Mér er nú spurn: Hvert stefnir þetta? Það mun þó ekki hér verið að gera ráð fyrir því, að þingið kunni einhvern tíma að verða svo skipað, að á þennan hátt mætti bæla það niður, að hér á landi geti komið upp og haldist við pólitískar hreyfingar, sem þyki fara heldur langt? *(Nokkrir þm.:* T. d. skilnaður). Já. *(Jón Ólafsson:* Það stendur: pólitíska glæpi). Jú, það getur hugsast, að einhverju sinni verði sá meiri hluti í þinginu, er áliti skilnaðarstefnuna vera það. Eg geri engum neinar getsakir. Eg spyr eingöngu, hvert þetta stefnir, og eg heimta skýringu á því, því að þessu þarf að gefa rækilega gaum.

Eitt hafa háttv. flutn.m. ekki þorað að taka eftir okkur, og það er að losa okkur við krossaglingrið. Þeim hefir nú ef til vill þótt það hégómamál, en það hefir þó stundum reynst handhægt að beita eða jafnvel misbeita þess háttar tildri; vildum við því lögbanna allan þann óþarfa. Það er skamt á að minnast síðan ausið var yfir landið steypiflóði af krossum og titlum. *(Hannes Hafstein:* Fékk þingmaðurinn ekkert?) — Við þm. Dal. (B. J.) höfum ekki borið okkur eftir því, og viljum nú taka fyrir alla von þar um bæði okkur og öðrum til handa.

Eitt er það enn, sem varla getur vel verið samningsatriði, en það eru orðin: »hin sérstaklegu« málefni Íslands. Þau mega í rauninni ekki sjást. Það er óbeinlínis viðurkenning á »sameiginlegum« málum.

Á einum stað í frv. lítur svo út sem ætlast sé til að yfirheyra eigi kjósendur í pólitík, líklega helzt við kjörborðið, svona líkt og fermingarbörn. Ef binda ætti kosningarrétt manna við einhver þekkingarskilyrði, svo sem að vita aðalundirstöðuatriðin um stjórnarfar landsins, þá sýnist það helzt eiga við að hafa tilsögn um það í alþýðufræðslunni í landinu, í barnaskólum og alþýðuskólum.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira að sinni um þetta frumvarp, en vil »slá því föstu«, að þar kennir of mjög innlimunaranda þess, sem verið hefir í fleiru úr þeirri áttinni.

Ráðherrann (B. J.): Eg hefi gert grein fyrir því áður, hvers vegna eg kom ekki fram með stjórnarfrumvarp um þetta. Eg verð að segja það afdráttarlaust, að mér líkar hvorugt af þeim frumv., sem fram eru komin, og hefi eg hið þriðja í smíðum, er eg hefi von um að borið verði upp á þessu þingi, til þess að eg hafi eitthvað, sem eg geti fylgt. Verður svo reynt að fá það samþykt og rjúfa þá þing, enda er sá vænstur, þar sem það er nú orðið svo margklofið og vinglað, sem allir vita. Þetta frumvarp hefði líklega verið langt komið, ef eg hefði haft betri tíma og meiri frið til þess að vinna að því, enda mun enginn stór bagi að því, með því að það hefði hvort sem var orðið að bíða lengur en svo í nefnd.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Þegar eg tók til

máls áðan, þá sá eg, að á dagskránni stóð: 1. umr., og vildi eg ekki brjála þingsköpunum, eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir gert. Öll ræða hans var brot á þingsköpunum. *(Jón Þorkelsson:* Eg hafði leyfi forseta). Já, hann er frjálslyndur.

Af öllum þeim einstöku greinum, er háttv. þm. fór út í, er það ekki nema ein, fyrsta greinin, sem getur verið umræðuefni nú, því að það er grundvallarregla, sem gengur í gegnum alt frv.

Háttv. þm. talaði um 1. gr. með venjulegri ráðvendni, þegar hann þagði um það, sem honum hafði þó verið skýrt frá, að við höfðum fyrst samið nýtt stjórnarskrárfrv., en snerum því svo upp í frv., sem að eins gerir breytingar á núgildandi stjórnarskrá, og þá láðist að strika út 2. málsgrein fyrstu greinar. Hann veit vel, því þess var getið skýrt á nefndarfundi að 1. þm. Rvk (J. Þ.) viðverandi, að þetta væri vangá, og talar því þm. hér á móti betri vitund.

Þá skal eg víkja að aðal umræðuefninu í dag, sem sé þessari aðferð, að gera breytingar við einstakar greinar í nú gildandi stjórnarskipunarlögum, og því hvort hún sé heppileg. Við höfðum byrjað á hinu, en strönduðum á því, að orða 1. gr. Höfðum reynt að fella burtu stöðulagaákvæðið, en þá kom að því, að við þurftum að fara að telja upp sérmálin, og þá hefði þingið orðið að greiða atkvæði um það, hvað væru sérmál, og þannig samþykkja ákvæði stöðulaganna óbeinlínis, viðurkenna þá umgerð eða takmörk, sem þau marka sérmálum vorum. Þetta vildum vér forðast, vér vissum, að flestum þm. mundi vera áhugamál að forðast það, en hins vegar brýn þörf á að fá ýmsu öðru breytt. Og við héldum að háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) vildi ekki fremur en aðrir samþykkja *ákvæði* stöðulaganna, þótt eigi væri lögin sjálf nefnd. En annað var ekki auðið, ef ekki átti að gera sig sekan í kórvillunni hans. Og það hefði hann átt að sjá, að honum tjáir ekki að gera grand úr sambandslögum og stjórnarskrá, þegar flokkurinn lýsti yfir því, að hann vildi engan þátt eiga í þeirri grautargerð. *(Jón Þorkelsson:* Flokkurinn? — 1 maður!) Já, hann lýsti því fyrir hönd hinna. Við höfum ekki viljað hrófla við 1. gr., til þess að standa ekki í vegi fyrir því, að almennum óskum kjósenda í nærfelt hverju kjördæmi yrði fullnægt, þeim óskum, að fá *framgengt* nokkrum verulegum breytingum á sjórnarskránni, þar á meðal þeirri breyting, að afnema konungskosning þingmanna, og annað sem stendur í nánu sambandi við það, svo sem skipun þingdeildanna og afstöðu þeirra. Auk þess eru ýmsar meinlausar breytingar aðrar teknar með, en forðast að nefna alt það, sem ekki er hægt að breyta, nema með sambandslagabreytingu, því að sambandslaga ákvæði eða ákvæði um ríkisréttarstöðu Íslands, *hlutu*, ef þau væru tekin inn í stjórnarskrárfrumvarpið, að *tálma staðfesting* laganna og þá væri alt unnið fyrir gýg.

Eg skal ekki fara mikið út í einstakar greinar, sem h. þm. rakti, t. d. yfirheyrsluna. Hvar stendur það? Frv. gerir aðeins ráð fyrir því að ákveða megi með *einföldum lögum* þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti. Það er nokkuð annað, en það sem 1. þm. Rvk (J. Þ.) var að hjala um út í loftið.

Það er í rauninni eðlileg krafa, að kjósendurnir viti eitthvað um skipulag þjóðfélagsins, t. d. um rétt og valdsvið alþingis og fleiri einföld atriði, hafi dálítið hugboð um, hvernig þeim er stjórnað. Er sennilegt, að slíks verði einhverntíma krafist af öllum þegnum þjóðfélagsins. Krossa og titla höfum við ekki minst á. Okkur hugkvæmdist ekki það atriði, en tæpast mun það

verða mikið misklíðarefni. Í frv. háttv. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) er að eins talað um krossa og orður, aftur á móti minnast þeir ekki á afnám titla. 1. þm. Rvk. hefir því hér með sinni venjulegu »diplomatarisku« nákvæmni, lesið inn í textann orð, sem hvergi standa þar. Út af því atriði, að í frumv. okkar stendur, að konungur geti kært aðra menn en ráðherra fyrir landsdómi, spurði háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hvort tilgangurinn væri, að heimila konungsvaldinu rétt til þess að draga t. d. skilnaðarmenn fyrir þann dómstól. Eg get skýrt háttv. þingmanni frá því, hver tilgangur okkar flutnm. var með þessu ákvæði. Hegningarlögin ákveða ómaklega harðar hegningar fyrir pólitíska glæpi. Þau þekkja ekki til kviðdóma. Hinn eini kviðdómur hér á landi er landsdómur. Hann mun fara mýkra í málin og verður því þeim, sem sakaðir eru um pólitíska glæpi, hagræði að fá mál sín dæmd af honum. Þetta ákvæði er því eingöngu til tryggingar pólitísku frelsi í landinu. Svo er það ósatt, að vér höfum lagt þetta á vald stjórnarinnar eða konungs, vér höfum að eins lagt til, að það væri heimilað *með samþykki alþingis*. En ekki munum við flutnm. gera það að neinu kappsmáli.

Hæstv. ráðherra (B. J.) lofaði að leggja fram stjórnarskrárfrumvarp. Hann sagðist vera óánægður með bæði þau frumvörp, sem fram hafa verið lögð, en kvaðst sjálfur mundi leggja fram nýtt frumv., sem ekki hefði þá annmarka, sem honum þótti vera á hinum. En eftir það, sem gerðist í gær hér í deildinni, stendur það nú ekki á svo ákaflega miklu, hversu *honum* geðjast að því, sem þetta þing samþykkir. Hann var að tala um nýja flokkaskiftingu í þinginu, en mér er ókunnugt um hana. Afstaða flokkanna hefir í engu raskast, þótt einstöku menn úr báðum flokkum hafi orðið sammála í einstöku máli, sem ekki snertir þau atriði, sem flokkana greinir á um.

Jón Þorkelsson: Eg vildi að eins geta þess, að eg hefi ekkert á móti þeirri pólitísku fermingu, sem háttv. flutnm. (J. Ó.) var að tala um, ef henni yrði haganlega fyrirkomið. Háttv. flutningsmaður talaði um það, að frumv. þetta stefndi svo mjög í sjálfstæðisáttina, sem unt væri. En það er þó auðséð á 20. gr., að svo er ekki. Þar er kjörgengi miðað við þá, sem eru heimilisfastir í veldi Danakonungs. Þessu var þó hægt að þoka til, af því að því máli er svo varið, að við getum hagað því alveg eftir eigin geðþótta. Það var góð upplýsing hjá háttv. flutningsmanni að ákvæðin um kærurétt konungs, er þeir vilja auka inn í stjórnarskrána, merkja það, að hinn háttv. flutnm. vildi hlynna að pólitískum glæpum hér á landi. Ekki vissi eg fyrri að tilgangurinn væri þessi. Eg er flutnm. þakklátur fyrir svona hreinskilna skýringu og vona að menn hafi tekið eftir henni.

ATKV.GR.

Málinu vísað til stjórnarskrárnefndar og 1. umr. frestað.

III.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903.

Fyrsta umr., 23. marz. (A. 228, n. 247, 264, 269, 270, 283, sbr. þgskj. 25, 44).

Jón Þorkelsson: Mál þetta liggur nú hér fyrir í því formi, sem nefnd-

in hefir á það komið. Eins og menn muna, komu í fyrstu fram 2 frumvörp, annað frá mér og háttv. þm. Dal.,(B. J.), hitt frá háttv. þingmönnum S.-Múl.

Í þessu sambandi vil eg geta þess hér, út af því sem hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) veik að við 1. umr. á frv. okkar, þingm. Dal. og mín, — að frv. væri ekki frá vorum flokki komið, — að hann hafði enga heimild til þeirra ummæla. Frumv. hefir að vísu ekki verið samþykt með orðum og endimörkum af flokknum. En fyrir þing var oss þrem, mér, þm. Dal. (B. J.) og þm. Strand. (A. J.) falið á hendur af miðstjórn flokksins að semja frumv. í þessa átt. Þetta var ítrekað á flokksfundi í þingbyrjun. Þetta var það, sem eg vildi leiðrétta hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) svo að bert yrði, að við höfum ekki komið fram með frumv. að flokknum forspurðum.

Nefndin hefir orðið sammála um margt, enda var margt líkt í frumv. okkar þm. Dal. (B. J.) og frv. hinna hv. þm. S.-Múl. (J. Ó. og J. J.), það er varðaði ákveðin efni, sem landsmenn alment hafa farið fram á og nauðsynlegt er að fá sem allra fyrst. Við höfðum lagt til í okkar frumv., að ráðherrarnir yrðu 3, og eftirlaun ráðherra og annara embættismanna yrðu afnumin. Þetta hefir nefndin tekið til greina. Enginn ágreiningur varð í nefndinni um mörg almenn atriði, sem alment er heimtað. Það var um hin stærri atriði, sem ágreiningur varð. Við háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg, vildum víkja 1. gr. stj.skr. svo við, að tilvitnun í stöðulögin hyrfi. Þetta hefir lengi verið vilji landsmanna og var samþykt á þingmálafundi hér í Reykjavík í vetur, á öllum fundunum af öllum flokkum í einu hljóði. Þá dró og annað mál til ágreinings, en það var skifting þingsins, hvort vera skyldi tviskift og þingmenn kosnir í einu lagi, eða tviskift og kosið í tvennu lagi. Okkur háttv. þm. Dal. (B. J.) og mér þótti nægilegt að kjósa í einu lagi og láta sameinað þing velja efri deild, svo sem áður hefir verið; þótti okkur það nógur hemill á neðri deild, sem er aðaldeildin og ætti hún ekki að leggja á sig herfjötra frekara en þörf er á. Aftur á móti vildi meiri hluti nefndarinnar láta kjósa til efri deildar sérstaklega, og töldu, að við það kæmist meiri festa á þingið. En okkur þótti sem nóg festa væri að hafa hina sömu skipan um þetta, sem verið hefir, er um jafn fáment þing er að ræða. Má og benda á fjölmennari þing, er svipað fyrirkomulag hafa. Svo er um Finnland, svo sem menn geta séð í þingtíðindunum 1909, en þar er stjórnarskrá Finnlands prentuð. Líkt fyrirkomulag er og í Noregi. Menn skyldu og vara sig á að stofna lávarðadeild eða slíka lítt haggandlega þingdeild, þar sem aðrar þjóðir kvarta mjög yfir slíkum efri deildum. Allir vita, hvílíkum gauragangi það hefir valdið í Englandi, er deildum parlamentisins lenti saman.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að á frumvarpinu eru nokkrir hroðvirknisgallar, hvort sem um er að kenna skrifara nefndarinnar, prentsmiðjunni eða skrifstofu alþingis, og mun þó helzt sökin vera hjá skrifaranum. Það eru einkum tilvitnanir nokkrar í stj skr., sem eru rangar. Eg hefi rekið mig á þessar, og mega þó vel fleiri vera: Í 7. gr. frv. er vitnað í 14. gr. stjskr., en á að vitna í 4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903. Í 8. gr. frv. er vitnað í 15. gr. stjskr., en á að vitna í 5. gr. laganna 3. oktbr. 1903. Í 13. gr. frv. er vitnað í 19. gr. stjskr., en á að vera 7. gr. laganna frá 1903.

Eg hefi einnig veitt því athygli, að skrifarinn hefir ekki farið nógu vandlega yfir stj.skr. og ekki tekið það með,

sem nefndin hafði þó áður samþykt, t. d. 34. gr. stj.skr.; hana hefir honum gleymst að lagfæra, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta upplesin:

»*Ráðherra* Íslands *á*, samkvæmt embættisstöðu sinni, sæti á alþingi, og *á hann* rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og *hann vill*, en gæta *verður hann* þingskapa. Í forföllum ráðherra *má hann* veita öðrum manni umboð til þess að mæta fyrir sína hönd. Atkvæðisrétt *hefir ráðherran*, eða sá, sem kemur í *hans* stað, því að eins, að þeir sé jafnframt alþingismenn«.

Hér er alstaðar talað um *einn* ráðherra, þar sem breytingar nefndarinnar segja, að þeir skuli einmitt vera þrír. Þetta hefir skrifari nefndarinnar gleymt að lagfæra, sem þó var sjálfsagt. Höfum við háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg tekið þetta til greina. *(Jón Ólafsson:* Hvar?) Í breyt.till. okkar, en þær eru nú í prentsmiðjunni og verður útbýtt í dag eða á morgun.

Eg sé, að nefndarálitið hefir verið lagfært frá því sem það var upphaflega, enda veitti ekki af því; það var flaustursverk. Þá virðist mér og sem komið hafi í blöðunum tilvitnanir í nefndarálitið, eins og því var fyrst kastað upp af skrifaranum og enn ekki samþykt, — t. d. í Lögréttu í gær. Er frásögn blaðsins röng, bygð á röngu nefndaráliti, er síðar var lagfært. Þykir mér þetta undarlegt og vil spyrja skrifarann, hvaðan blaðinu komi heimild til þessa eða hvort hann hafi látið nokkuð uppi við blaðið úr uppkastinu til nefndarálitsins.

Að svo stöddu skal eg ekki fjölyrða um málið, en vera má, að eg taki til máls aftur, ef mér þykir þörf vera.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg ætla mér ekki að flytja langt erindi nú og mundi eigi hafa beðið mér hljóðs, ef hinn sæmilega virðulegi 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefði ekki staðið upp með dragsúgsrembingi, eins og hans er siður.

Hann dróttaði því að mér, að eg hefði sýnt blöðunum uppkastið að nefndarálitinu. Því fer fjarri. Bezt gæti eg trúað honum sjálfum til að hafa gert það. Tvö uppköst voru af álitinu gerð, hið fyrsta vélritað, hið síðara prentað í 10 eintökum og þeim eintökum var skift með nefndarmönnum. Hann talaði um, að álitinu hafi verið breytt frá því er það var samþykt í nefndinni. Það er fjarri öllum sanni; þar hefir ekki verið breytt svo mikið sem punkti eða kommu, svo sem sjá má af handritinu, sem varðveitt er á skrifstofu þingsins. En ef dragsúgsmaðurinn hefir verið að hugsa um eitthvað annað á nefndarfundi, þegar það var samþykt, hann um það. Annars ferst þingmanninum ekki að vera að tala um, að rit séu afvegafærð, hann, sem aldrei hefir getað gefið neitt rétt út af því, sem hann hefir verið að burðast með. Það er ekki mér að kenna, ef skakt væri vitnað í stj.skr. Frumv. og nefndarál. er prentað *orðrétt*, eins og það var *samþykt* í nefndinni, og ekki stóð þar á þingmanninum sjálfum að rétta upp putana ýmist með eða móti, þótt hann virðist nú ekkert vita, um hvað hann greiddi þar atkvæði. Annars held eg að vandalaust sé að leiðrétta þær 2 tilvitnanir, sem rangar eru; það er hægt án aðstoðar minni hlutans, því að nefndin hefir engin not haft hans í 8 daga, og þingmaðurinn ekkert gert nema hann hafi verið að koma hégiljum sínum á prent. Ef þingm. hefði lokið því fyrir þennan dag, þá hefði hann haft eitthvað að tala um. Eg skal ekkert skifta mér af þessum óskapnaði hans, sem í prentsmiðjunni er, fyr en hann rekur hér upp selshöfuðið.

Eg hafði ekki hugsað mér að fara út

í einstök atriði fyr en við 2. umr. En svo að eg snúi mér aftur að hinum hæfilega virta 1. þm. Rvk. (J. Þ.), þá er það rétt hermt hjá honum, að ágreiningur varð í nefndinni um skipun efri deildar. Oss í meiri hlutanum þótti þurfa stöðvunarafl í þinginu, þegar afnumnir eru konungkjörnir þingmenn og rýmkað um kosningarrétt karla og kvenna, svo að kjósendur verða miklu meira en hálfu fleiri en áður. Það hefir víst engum dottið í hug öðrum en þessum þingmanni, að með tillögu vorri væri farið fram á að stofna lávarðadeild, því að ekki höfum vér stungið upp á erfðarétti til þingsetu. Tillaga vor var sú, að í efri málstofu ættu 15 menn sæti, kosnir hlutfallskosningum af *öllum* kjósendum landsins *í einu lagi;* kosningin gilti til 12 ára, þannig að 4. hvert ár væri kosinn þriðjungur í stað þriðjungs, er burtu viki (fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti). Þannig geta verið komnir 5 menn nýir eftir 4 ár, 10 eftir 8 ár og öll deildin getur verið orðin ný eftir 12 ár. Þetta nýmæli hefði eg hugsað, að flestum hugsandi og skynbærum þingmönnum þætti merkilegt; 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tel eg ekki með; enginn tekur mark á orðum hans né skoðunum, ef nokkrar eru. Flestum sæmilega skynbærum mönnum er ant um það, að þingið hafi seglfestu, svo að það kollsigli sig ekki fyrir fullum seglum. Með því að kosningarréttur og kjörgengi verður svo geipilega rýmkað eftir frumv., er nauðsynlegt að hafa hemil á. Til þessa miðar tillaga vor. Landið sé eitt kjördæmi og hlutfallskosningar; þar með má telja víst, að þjóðin kjósi þá menn, sem kunnir eru og þjóðin hefir fest traust á, t. d. menn, sem áður hafa setið á þingi. Í öðru lagi er oss svo hætt við barnalegum hringlandaskap; vér erum fljótir að hlaupa upp og fljótir að hjaðna niður. Menn láta oft teyma sig, þjóta upp með loftkendum æsingi. Þessu þarf að setja hömlur við. Hver ný tillaga getur æst svo upp tilfinningar manna, að hún fái svo mikið fylgi í svip, að hún beri alt annað, og þar á meðal skynsamlega íhugun og gætni, ofurliða. Þessu á að reisa skorður við. Ef skoðun er réttmæt, þá er hún svo sterk, að hún hjaðnar ekki niður sem bóla, þá eru líkindi til að hún geti verkað á efri málstofuna, ef ekki þegar í stað, þá eftir 4 ár eða að minsta kosti eftir 8 ár.

Þetta höfum við álitið *svo* nauðsynlega seglfestu í löggjafarvaldinu, að fjölda margir af oss mundu ekki hafa farið eins langt og farið hefir verið í rýmkun kosningarréttarins, ef efri deild hefði ekki átt að vega salt á móti neðri deild. Þetta var álit meiri hluta nefndarinnar. En svo hafa þeir háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gert ágreiningsatkvæði og boðað, að þeir mundu koma með breytingartillögur, en þær eru ekki komnar fram enn, og það er nógur tími til þess að ræða um þær, þegar þær eru komnar fram. Þá er líka hægt að ræða um þær með betri rökum. En hvort nokkrar tillögur koma frá þessum dragsúgsþingmanni, hirðir víst enginn um að fá að vita. Og þó einhverjar komi, mun ekki nokkur skynsamur maður taka hið minsta tillit til þeirra.

Jón Þorkelsson: Það er æfinlega bæði skömm og gaman að heyra þennan kaupahéðinn, og þetta gamalkunna þingfífil, sem nú settist niður, tala. En það er fleira athugavert við tilvitnanir þessarar pólitísku kláðarollu en eg taldi upp áðan. Hér í 10. gr. hefir enn orðið lykkjufall og lokleysa, eins og svo víða annarstaðar hjá þessari þingkind. Í 10. greininni er vitnað í 17. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 í stað þess að vitna á í lögin um breytingar á stjórnar-

skránni frá 3. oktbr. 1903. Frágangurinn allur hjá þingmanni þessum á nefndarálitinu og breytingartillögunum er svo, að hann sýnir nokkurnveginn, að þessi þingmaður er ekki fær um að taka þátt í þingstörfum með góðum mönnum né að vera ritari í nefnd. Hann hefir auðsjáanlega haft fyrir sér eintak af stjórnarskránni, þar sem lögin frá 1874 og 1903 hafa verið alveg ólöglega »redigeruð« saman, og því hefir hann farið blindandi, eins og fávís og *öktunarlaus smalapiltur, sem flanar áfram án þess að líta í kring um sig, og hefir ekki minstu hugmynd um, hvað hann er að gera.

Eg mun líklega seint fara að sækja ráð til *þessa* þingmanns um það, sem eg kann að bera hér fram í deildinni. Enda stendur mér, eins og öllum öðrum, alveg á sama hvað hann segir, því það er orðin 40 ára alkunna, að enginn tekur neitt mark á orðum hans. Og því er þannig varið með þennan þingmann, að það, sem hann ekki rangfærir vísvitandi það misskilur hann. Eg gat þess nægilega um leið og eg benti á óvandvirknis-yfirsjónir þingmannsins, að nefndarálitið hefði verið birt í blaði einu hér, samhljóða eða mjög líkt því uppkasti, sem skrifari nefndarinnar hafði fyrst flaustrað upp, en þeirra breytinga, sem gerðar voru á þessu uppkasti í nefndinni, var ekki getið í þessu blaði; eg spurði þingmanninn aðeins, hvort hann vissi nokkuð um þetta, en dróttaði engu að honum. Með ráðvendni þeirri, sem þingmanni þessum er lagin og hann hefir á sér almenningsorð fyrir, dróttar hann því að mér, að eg sé manna vísastur til að hafa hlaupið með nefndarálitsuppkastið, sem hann einn hafði í höndum, til blaðs, sem óvingjarnlegt hefir gerst í minn garð. Ekki er nú ólíklega logið! Og þó að vonum. Þessum aðdróttunum hans til mín, vísa eg nú á fæðingarhreppinn til hans sjálfs. Að öðru leyti kemur mér ekki til hugar, að rökræða í alvöru neitt mál við þessa pólitísku hreppakerlingu.

Mínar breytingartillögur munu liggja hér fyrir við 2. umr., og þá mun mönnum gefast kostur á að ræða þær.

Annars skal eg geta þess, að frágangur allur á nefndarálitinu, er frá skrifarans (2. þm. S.-Múl. J. Ól.) hendi, hreinasta handaskömm, sem fer að vonum, því að þingmaðurinn lét eins og óður maður, með að flýta verkinu og flaustra því einhvernveginn af, að minsta kosti alt þangað til hinn nýfráfarni ráðherra hafði fengið vantraustsyfirlýsingu, svo það var ekki von á neinu góðu.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér dettur ekki í hug að svara þessum ómerku ómagaorðum frá þessu hornhljóði, en skýt því til allra meðnefndarmanna minna, hvort nefndarálitið hafi ekki verið prentað, eins og það var samþykt í nefndinni.

Þessi þinggaur og skrípatrúður, sem aldrei hefir getað gefið út eina einustu bók, svo nokkurt lag hafi verið á, er ekki fær að dæma um þetta.

Þó eg gerði uppkast að nefndarálitinu, þá er það þó verk okkar allra nefndarmanna, því að það var lesið upp orð fyrir orð og vendilega yfir það farið á nefndarfundi, og öll niðrunaryrði um nefndarálitið falla á alla nefndina. Og nefndarálitið þolir vel að vera gagnskoðað af skynbærum mönnum. En það verður ekki með sanni sagt um verk dragsúgsmannsins þarna í horninu. (*Jón Þorkelsson*: Þetta er haugalýgi).

Forseti: Eg verð að áminna þingmenn um, að viðhafa þinglegri orð og temja sér meiri kurteisi í ræðum sínum en hér hefir átt sér stað nú.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umræðu með 22 samhlj. atkv.

Önnur umr. 27., 28. og 29. marz (A. 228, n. 247, 264, 269, 270, 283, 287, 297, 312, 324—328, 330—333, 335, 336, 338, 339, 373, 382.)

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg verð að biðja háttv. deild afsökunar á því, þó að eg hafi ekki sett mig inn í allan þann aragrúa af breytingartillögum, sem komið hafa við þetta frumvarp, því að sumar þeirra eru jafnvel á þessu augnabliki að drífa inn í deildina, og eg verð að mælast til vorkunnsemi, þótt eg taki þær ekki í sömu röð og þær eiga saman, en eftir því, hvenær þær hafa komið mér fyrir augu.

Hvað frumv. sjálft snertir, þá er þar eins og gerð er grein fyrir í nefndarálitinu og eg mintist á við 1. umr. málsins aðallega farið fram á þær breytingar, sem vissa er fengin fyrir, að þjóðin hefir sérstaklega æskt eftir. Eg hefi líka í öndverðu gert grein fyrir því, af hverju við höfum lagt fyrir þingið frumv. til breytingar á stjórnarskránni, en ekki nýja stjórnarskrá, því að ef svo hefði verið, þá hefðum við ekki komist hjá því að taka upp í 1. gr. ákvæði, sem snertu stöðu Íslands í sérmálunum. En þar eru þær greinir í, sem víst er, að eigi er auðið að fá staðfestar breytingar á, ef alþingi ætlaði að fara að raska þeirri stöðu, án þess að það væri borið undir ríkisþingið danska. Háttv. minni hluti hefir samt komið með breyt.till., sem snertir 1. gr. Raunar forðast þeir að nefna stöðulögin, en eg er nú hræddur um, að meiri hlutinn, sem ekkert minnist á 1. gr. hafi forðast Scyllu, en minni hlutinn hafi aftur á móti ekki komist hjá Karybdis. Þeir telja upp sömu sérmálin og stöðulögin, og ef alþingi samþykkir þessa breyt.till. þeirra, þá hefir það viðurkent stöðulögin, ef ekki í orði þá á borði, þ. e. þá umgerð um málasvið okkar, sem stöðulögin hafa smíðað. Þetta höfum við ógert látið, til þess að þurfa ekki að viðurkenna þessi ummerki stöðulaganna. Við höfum breytt því einu, sem nauðsyn var að breyta, og breytt varð, án þess að viðurkenna stöðulögin, eða þá lenda í bág við þau, svo að öll endurskoðunin yrði ónýt. Alt það, sem þau snertir, látum vér ósnert.

Háttv. minni hluti vill víst ekki heldur viðurkenna stöðulögin, en hefir ekki komist hjá því. Við viljum því ráða háttv. deild til þess að láta 1. gr. ósnerta, og sneiða þannig hjá þessu skeri.

Fyrsta breytingin, sem fyrir verður, er sú, að ráðherrar skuli vera 3 í stað 1, sem nú er. Í frumvarpi því, sem við háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) bárum fram, var að eins ákveðið, að ráðherrum mætti fjölga með einföldum lögum, en meiri hluti nefndarinnar vildi hafa tölu ráðherra fastákveðna í stjórnarskránni og vildi hafa fleiri en 1 ráðherra. Var því talan 3 ákveðin. Með því er líka hjá því komist, að ráðherrum sé fækkað eða fjölgað án stjórnarskrárbreytingar. Það er margt, sem mælir með því, að hafa fleiri en 1 ráðherra. Enginn einn maður er svo alhliða, að hann sé jafnfær um að hafa með höndum, svo vel fari, öll þau störf, sem á honum hvíla, og það því meir, sem fram líða stundir, og verkin verða margvíslegri. Líka vildum við setja undir þann leka, að sé að eins einn ráðherra, og til þess valinn ógætinn maður, þá er hætt við, að hann geri ýms frumhlaup, sem þing og þjóð er óánægð með. Reynsla síðustu ára ætti að vera mönnum nægileg kenning í þessu efni. En séu ráðherrar 3, er ekki eins hætt við þessu, því að þeir mættu á ráðherrastefnum og ræddu þar málin, og sé einn of framhleypinn, hvat-

vís eða óprúttinn, þá taka hinir í taumana. Fjölgun ráðherra hefir og það gott í för með sér, að meiri líkur eru fyrir, að málin verði vendilegar íhuguð. Einnig er það stór kostur, að ábyrgðartilfinningin skerpist, og mun þjóðina ekki iðra þessarar breytingar. Enn má þess geta, að hér sem víðar virðist vera að reka að því, að flokkum fjölgi, og að enginn einn flokkur fái stundum meirihluta á þingi. Þá er hagkvæmt að geta myndað samsteypu-ráðaneyti, t. d. af tveim flokkum.

Þá getur og til borið, að einn af ráðherrum missi traust þings, en hinir eigi, og þarf þá eigi að verða alger breyting, þótt einn fari frá.

Hér er ákveðið, að landssjóður borgi laun ráðherra, en um eftirlaun þeirra er ekkert ákveðið. Það er gert í því skyni, að stjórnarskráin bindi eigi svo, að eftirlaun þeirra megi ekki afnema með lögum.

4. gr. stendur óbreytt frá því, sem nú er, en nefndin hefir bætt við hana því ákvæði, að engum embættismanni megi víkja frá embætti, fyr en hann hefir átt kost á að verja mál sitt fyrir dómstólunum. Þetta er réttlætis- og sanngirniskrafa, sem eg vona að enginn hafi á móti.

Þá er enn eitt mikilsvarðandi ákvæði um afnám konungskosninga til alþingis. Á alþingi, eg held 1886 eða 1887, bar eg fram stjórnarskrárbreyting þess efnis, svo að hreyfingin er orðin nokkuð gömul, þótt málið hafi ei enn náð fram að ganga. Nú er áhuginn á afnámi konungskosninga orðinn svo sterkur með þjóðinni, að lengur verður ekki rönd við reist, enda dálítið öðru máli að gegna síðan við fengum þingræðisstjórn. Áður var Íslandsráðherra skipaður án tillits til vilja alþingis. Hann var danskur, vanalega dómsmálaráðherra og Íslandsráðherra um leið í hjáverkum, tók við völdum og fór frá, eftir því hvernig flokkaskiftingum í ríkisþinginu var farið. Meðan svo stóð á, var meiri ástæða til þess að hafa konungkjörna þingmenn, svo að stjórnin ætti altaf einhver viss atkvæði á þingi. En nú er þessi ástæða fallin burt, síðan við fengum þingræðisstjórn. Annars eru þessir konungkjörnu þingmenn leyfar frá ráðgjafarþingunum. Þegar þau voru stofnuð, voru Íslendingar orðnir óvanir þingsetum og búist var við, að fremur lítið væri um þinghæfa menn og skyldi því stjórnin kveðja til þingsetu nokkra mentaða og þinghæfa menn. Nú er hér orðin breyting á. Nú eru þjóðkjörnir þingmenn jafn þinghæfir og hinir konungkjörnu, þinghæfum mönnum hefir fjölgað og fjölgar óðum. Þingræðisstjórnin gerir og konungskosningar óeðlilegar og ranglátar. Þær verða einungis til þess, að stjórnin geti aukið fylgi sitt fram yfir það, sem eðlilegt er, eða ef fráfarandi stjórn, sem fylgt hefir annari stjórnmálastefnu, hefir skipað þá, þá geta þeir orðið þröskuldur í vegi hinnar nýju stjórnar. Nefndin hefir því einróma lagt til, að konungskosningar verði afnumdar, en þegar til þess kom, hvað setja skyldi í staðinn og bæta upp íhald, sem konungkjörnir þingmenn ávalt hafa *átt* að vera, skildust leiðir. Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, og eg vona alls þingsins, að nauðsynlegt sé fyrir hverja þjóð að hafa eitthvað stöðvandi afl, hvorki of veikt né heldur þó of sterkt, til þess að skoðanir, sem hafa náð festu hjá þjóðinni, fái ekki framgang — en nógu sterkt til þess, að hver straumur, sem getur vegna æsinga og undirróðurs gripið þjóðina í svip, nái ekki heldur stöðvunarlaust að grípa alt þingið undir eins.

Það er óneitanlegt, að slíkt hefir komið fyrir hjá oss fremur en öðrum þjóðum. Vér erum viðvaningar í þingstjórn. Það er stutt síðan vér fórum að stjórna oss sjálfir; það getur ekki talist lengra en frá 1904. Alt til þess tíma var meiri hlutanum af gerðum þingsins hafnað, og þar með vorum vér sviftir fullri ábyrgðartilfinning. Sjálfstjórn fengum vér ekki fyr en vér fengum ráðherrann í landið og þar með trygt þingræði. Ur því að vér erum svo skamt á veg komnir, að vér megum teljast börn í að stjórna oss, þá er þeim mun meiri nauðsyn að setja skorður við því, að hver æsingaalda, sem veltur yfir landið, grípi oss ekki stöðvunarlaust með sér. Það er engin þjóð, sem sæmilega er stjórnað, — eg tel ekki með hálfviltar þjóðir suður á Balkansskaga — er ekki hafi eitthvert stöðvunarafl, einhvern hemil í sínu þingi.

Frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) er komin breyt.till., sem nokkur bót er í, en því miður ekki nægileg. Hann vill færa upp aldurstakmarkið til *kjörgengis* í Ed. Tryggingin fyrir góðu þingi er sú, að *kjósendur* séu hæfir að kjósa. Ef þeir hafa ekki vit á því, þá eru öll höft á kjörgengi gagnslaus.

Í frumv. er lagt til, að til neðri deildar sé kosið til 6 ára, en til efri deildar með hlutfallskosningum til 12 ára, og sé landið alt eitt kjördæmi, $^1/_3$ Ed. gangi úr eftir 4 ár. Þannig geta $^2/_3$ verið úr gengnir eftir 8 ár og öll deildin verið endurnýjuð að 12 árum liðnum. Það er dálítið íhaldsafl fólgið í þessu, en ekki er það mikið. Ef mjög sterkur meiri hluti nær yfirvöldum í landinu getur deildarskipunin raskast eftir 4, en ef allföst flokkaskifting er í landinu, mun sjaldnast þurfa að gera ráð fyrir, að deildin raskist stórvægið fyr en eftir 8 ár. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að hefta það, að fljóthugsað mál nái að komast gegnum þingið eftir skamman umhugsunartíma. Það er satt, að með þessu íhaldi geta mál tafist í 4 ár. En vér lítum svo á, að ef ekki er eingöngu um augnabliksuppþot að ræða, þá sé breytingin viss að komast að eftir 4 ár eða í síðasta lagi 8. Þetta ákvæði getur því eigi verið meinsamur þröskuldur fyrir þeim málum, sem öflugt fylgi hafa hjá þjóðinni.

Eg þykist vita, að mörgum muni rísa hugur við 10. gr. frumvarpsins. Hún fer fram á að veita öllum körlum og konum, sem eru 21 árs að aldri, kosningarrétt og nemur burtu þetta 4 kr. gjald til sveitarþarfa, sem áður hefir verið skilyrði fyrir kosningarrétti. Eg er því hlyntur, að konur fái jafnrétti á við karlmenn. Því að þótt gáfnafari og lundarfari sé ólíkt farið og konur skorti oftast dómgreind á við karlmenn, þá bæta konur það upp með öðrum kostum. Siðgæðistilfinning kvenna er meiri en karla og þær láta síður leiðast af eigingjörnum hvötum. Þetta vegur því upp hvað annað. Konur hafa eðlilegan rétt á borð við karla. Þær greiða gjöld jafnt þeim og ættu þær að fá að ráða hvernig gjöldunum er varið. Þetta hefir orðið ofan á í nefndinni. Mér fyrir mitt leyti ægir að veita aukinn kosningarrétt í svo rífum mæli, hvort sem er körlum eða konum. Eg kysi heldur að gera það smám saman, og get að því leyti fallist á tillögur háttv. samþingismanns míns (J. J.), því fremur sem eg hefi heyrt það á mörgum konum, að slík tilhögun væri að þeirra áliti holl og góð. Eg veit ekki, hvort háttv. flutnm. till. (J. J.) hefir allar hinar sömu ástæður fyrir þessu sem eg, eða jafnframt aðrar, og mun það koma í ljós, er hann gerir grein fyrir tillögunni. Hjá mér er ástæðan sú, að með þessum fresti sé konum gefin hvöt til að búa sig undir að beita þessum rétti sínum, og að eg vil

síður kasta svona mörgum nýjum atkvæðum á markaðinn *í einu*.

Eg þarf ekki að minnast sérstaklega á 12. gr., sem er ný grein og eðlileg afleiðing af því, að deildirnar eru kosnar hvor í sínu lagi. Það liggur í hlutarins eðli, að ef þingmaður í Ed. deyr eða forfallast, þarf að vera til taks varaþingmaður af *sama* flokki eða lista.

Í 16. gr. frumvarpsins eru ákvæði um, að sameinað alþingi kjósi 3 yfirskoðunarmenn landsreikninganna með hlutfallskosningum, í stað þess sem nú eru þeir kosnir 2, hvor í sinni deild, með einföldum meiri hluta. Nú eru þeir kosnir úr stjórnarflokknum, og er tiltölulega lítið gagn að því. Það er mótstöðuflokkurinn, sem hefir opin augun fyrir fjármálameðferð stjórnarinnar, og er því rétt að gefa mótstöðuflokkinum færi á að velja 1 mann, ef hann er svo sterkur. Enn fremur er yfirskoðunarmönnum í sömu grein veitt heimild til að sjá reikninga og bækur gjaldkera landsjóðs og stjórnarráðsins um yfirstandanda ár. Er það gert til þess, að þeir gefi eftirmönnum sínum bendingu um þetta. Þetta er aðhald fyrir stjórnina og mun hún fremur með þessu ákvæði gæta sín að fara ekki út fyrir lögin með fjárveitingar aðrar en þær, sem vissa er um, að fáist samþyktar eftir á. Sömuleiðis, að stjórnin gerði ekki neinar óráðlegar ráðstafanir, sem þjóðin væri dulin.

17. gr. frumv. kveður svo á, að hvor deild um sig skeri úr því, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að hér er nánast að ræða um 2 þing, þótt saman komi í sameinuðu þingi.

18. gr. frumv. fer fram á það, að breyta megi með einföldum lögum því ákvæði 45. gr. stj.skr., að hin evangeliska-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi. Öllum er það kunnugt, að sterk hreyfing er uppi hér á landi í þá átt að skilja ríki og kirkju. Sú hugsun, sem lá til grundvallar fyrir þessari tillögu, var sú, að á síðasta þingi var skorað á stjórnina í þingsályktun að undirbúa skilnað ríkis og kirkju. Því þótti henta betur, að breytingin gæti fram farið með einföldum lögum en með stjórnarskrárbreytingu.

19. gr. frumv. er um það, að menn séu eigi skyldir að greiða persónuleg gjöld til annarar guðsþjónustu en þeir aðhyllast sjálfir, og þeir, sem í engu trúfélagi eru, greiði til skóla þau gjöld, sem ella ættu að greiða til þjóðkirkjunnar. Þetta varð ofan á hjá meiri hluta nefndarinnar. Það er sjálfsögð afleiðing af trúbragðafrelsi manna, að þeir séu eigi skattskyldir til nokkurrar guðsþjónustu, þeirrar er þeir vilja ekki þekkjast. Þetta er mannlegur réttur. En eg lít svo á, að það að leggja á menn, sem ekki eru í neinu viðurkendu kirkjufélagi, gjald til skóla um fram það, sem þeir ella greiða, sé hegning. Það virðist svo sem fylgismenn þjóðkirkjunnar séu hræddir um að hún hrynji, ef henni er ekki haldið uppi með fésektum. Þannig lít eg á málið. En þeir, sem halda fram þessu ákvæði, get eg búist við að færi þessi rök fyrir máli sínu: Ef menn eru undanþegnir öllu gjaldi til trúbragða og ekkert gjald lagt á menn í staðinn, þá er eins og sé verið að veita mönnum verðlaun fyrir að ganga úr þjóðkirkjunni. Á þessa lund munu þeir hugsa. Segi eg þetta vegna þess, að mér finst það skylda mín, að setja málið fram jafnt frá þeirra hlið sem vorri. En ef það er satt, sem vel má vera, að meðlimir kirkjunnar hangi saman á gjaldinu einu, þá vex eigi vegur kirkjunnar við það.

21. gr. frumv. er ný grein þess efnis,

að ef alþingi samþykkir sambandslög, skuli þing rofið og nýjar kosningar fara fram. Ef sambandslögin eru síðan samþykt af hinu nýja þingi, skulu þau lögð fyrir konung til staðfesingar, að tilskildu samþykki löggjafarvalds Dana. Þetta ákvæði er sett til þess að aftra því, að menn hvatvíslega breyti eða geri sambandslög, heldur geti þjóðin með nýjum kosningum lagt dóm sinn á málið.

Ákvæðin um stundarsakir eru svo sjálfsögð, að eg þarf ekki að gera grein fyrir þeim.

Þá skal eg snúa mér að brtill. þeim, sem fram hafa komið, og tek eg þær eins og þær koma fyrir, því að mér hefir ekki verið hægt að fá yfirlit yfir þær vegna tímaleysis.

Er þá fyrst fyrir brt. frá oss þm. S.-Múl. þess efnis, að engi nema ráðh. hafi frumkvæði í fjármálum, og þar við komin brt. á þgskj. 312 frá háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um að ráðherra og fjárlaganefndir deildanna hafi frumkvæðið. Þetta er mikið nýmæli og óheyrt hér á þingi áður. En samt er mikilsvert, að það geti komið til umræðu til að vekja þjóðina til umhugsunar um málið. Þessari tillögu er svo farið, að ef hún gengur ekki fram í fyrsta sinn, þá er hún líkleg til að vinna fylgi smámsaman og sigra að lokum. Ráðherrann ber ábyrgð sinna gerða. Það er eðlilegt, að stjórnin segi til, hvers hún þurfi við til að geta stjórnað. Þjóðin er á engu eins sár og fé, sem eytt er til ónýtis. Það er hennar helgi réttur og brýna skylda. En þegar fé er varið til óþarfa, þá á þjóðin rétt til að vita, hver eigi að svara fyrir það, og því á eigi neinum að haldast uppi að bera upp fjárveitingu öðrum en þeim sem ábyrgðina ber. Páll heitinn Briem sagði eitt sinn: »Ef eitthvað fer aflaga í stjórn, er nauðsynlegt að hafa einhvern til að skamma fyrir það«. Þetta fyrirkomulag er með Bretum. Alla tíð síðan parlamentið var stofnað, hefir engum nema ráðherrum verið heimilt talið að gera tillögur um fjárveitingar.

Brtill. um nýjar fjárveitingar geta skift hundruðum. Nú eru þær þegar á annað hundrað, og verða óefað tvöfalt fleiri áður þessu þingi verður lokið. Eg tala nú ekki um meðan alt leggur saman, bæði fjárln. og einstakir þm. Þá geta þær orðið býsna margar. Hvað er þá eiginlega orðið eftir af fjárlögum stjórnarinnar, þegar meiri hl. þm. er búinn að gera þau svo ólík sjálfum sér með alls konar hrossakaupum, að munurinn getur skift hundruðum þúsunda? Og hver á að bera *ábyrgðina* á öllu þessu? Stjórnin getur ekki borið ábyrgð á öðru en sínu frumv., en hver á þá að bera ábyrgð á hinu? Og ef þjóðin verður nú óánægð, hvert á hún þá að snúa sér með ávítur fyrir þessar auknu fjárveitingar? Ekki til þessara 40 þm., því að sú ábyrgð, sem er svo dreifð, er sama sem engin ábyrgð. Ekki til flokkanna, því að í fjárveitingum gætir venjulega ekki mikið flokkaskiftingar. Þar rennur alt sundur og saman, og þarf ekki að lýsa því.

> „Þar hlaupa þeir saman í hjónaband
> sem hundur og tík á svelli".

Þess vegna er það till. okkar, að ráðherra einn megi koma fram með br.till. við fjárl., þær, er hafa í för með sér aukin útgjöld. Við þessa till. vora hefir svo háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) gert aðra br.till. þess efnis, að frumkvæði í fjárveitingum sé ekki leyft öðrum en ráðherra og fjárln. hvorrar deildar í heild sinni. Ekki þori eg nú að hengja mig upp á það, að ekki sé nein bót að þessu, en bágt á eg með að sjá vit í því. Afleiðingin verður sú, að allir koma með hreppapólitíkina í vasanum til fjárln. og fá sér þar flutningsmenn, og þar safnast fyrir heilir baggar af

þessu. Þeim, sem þar sitja, er ant um að gera sínum flokksmönnum til hæfis, og alt lendir í hrossakaupum eftir sem áður; hver einstakur getur sagt nei, pólverskt »*liberum veto*«, og þá verður hver þm. pískaður af annara áhugamálum, ef hann á að koma nokkru fram af sínum.

Eg kemst ekki yfir það, að minnast á allar brtill., og læt mér því nægja hinar helztu. Um brtill. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um kosningarrétt kvenna hefi eg áður talað, og ætla ekki að minnast á það aftur.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) á brtill. um tölu þm. og skiftingu þeirra í deildir. Vill hann að þeir verði 36 í stað 40, eða með öðrum orðum að þeim verði fækkað um 4, þegar kgkj. þm. er slept. Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað aðhylst þetta, og eg get það ekki fyrir mitt leyti. Á öllum þeim þingum, sem eg man eftir, hefir það viljað brenna við, að fiestöll störf hafa hlaðist á örfáa starfhæfa menn, og annríki þessara manna, sem skipaðir eru í margar nefndir, tefur hvað mest þingtímann. Eg veit, að þessa kennir einnig í fjölskipaðri þingum, og að það er ekki svo mjög ámælisvert, því að ætið hlýtur að vera misjafn sauður í mörgu fé. En þegar svo er, þá tjáir ekki að klípa af starfskröftunum. Það veitir ekki af þeim eins og er, og því betur verður með málin farið sem þm. eru fleiri. Skifting hans í deildirnar er ekki annað en bein afleiðing af fækkuninni, svo að eg þarf ekki að tala frekar um hana.

Þá er brtill. á þgskj. 283 frá sama háttv. þm., sem eg verð að segja bæði fyrir mig og fleiri, að mér líkar ekki. Og eg óska að háttv. deild geri sér það ljóst, hvað það er, sem hér er farið fram á, sem sé það, að ef ekki færri en 4 þús. kjósendur óska þess, þá á að bera öll ný lög undir þjóðaratkvæði, nema fjárlög. Mér vitanlega tíðkast þetta hvergi nema í Sviss og einhverjum af Ástralíufylkjunum, ef til vill, mér er það ekki svo kunnugt. Eg reikna ekki fyrirmyndarlandið(!) Finnland, því að þar hefir þetta nú litla þýðingu. Og þar sem þetta hefir verið reynt, hefir það gefist illa. Eg las hérna í vikunni 2 ritgerðir eftir tvo merka stjórnmálamenn í Vesturheimi, sem tala um »referendum«, og segja, að þegar stjórnarskrá Bandamanna var samin, þá hafi það verið viturlega ráðið, að kveða niður þann draug. Það væri banatilræði við alla sanna þjóðstjórn í löndum, þar sem alþýða kýs sér fulltrúa. Og eg verð líka að segja það, hvort sem mönnum líkar það betur eða ver, að allir þeir tugir þúsunda, sem eru kjósendur, hafa ekki vit á þingmálum. Hitt er alt annað, að kunna að velja skynsama menn, sem þeir þekkja og bera traust til fyrir sína hönd. Og þótt þetta eigi sér stað í Sviss, þá er þess að gæta, að þar stendur alveg sérstaklega á, þar sem hvert »Kanton« er svo örlítið um sig og því svo létt að ná saman. Í sumum fylkjunum er jafnvel ekkert þing, heldur koma allir borgararnir saman á einn stað og þinga, alveg eins og í grísku borgfélögunum í fornöld. En þetta á nú ekki við annarstaðar, og sízt í strjálbygðu og viðáttumiklu landi. Menn geta hugsað sér, ef »referendum« ætti að vera um öll lög, sem vér samþykkjum hér, hver tök hávaði kjóscnda mundi hafa á því að kynna sér þau til hlítar, og hvert skyn allur fjöldi þeirra beri á þau. Þeir yrðu ekki annað en atkvæðastórgripir, sem einstakir menn teymdu. Þetta væri blátt áfram að kasta löggjöfinni úr skynbærra manna höndum í hendur óvita, því að eitt er það að velja menn til þess að gefa sér lög, en annað að dæma um lög, sem þingið samþykkir. Eg hygg því, að þetta væri

háskalegt fyrir hið sanna þjóðfrelsi. Þetta yrði til bana öllu þingræði og sönnu þjóðræði, en til að skapa skrílræði og flónræði. Eg sé að hér hafa verið sett tímatakmörk fyrir þessu á þgskj. 297, það á að fara fram innan þriggja mánaða. Halda menn nú að það gengi létt, að fá 4 þús. — ekki til að skrifa eða ljá í blindni nöfn sín undir áskoranir um málskot, *það* yrði lafhægt — heldur 4 þús. kjósendur til þess að *sjá* og *lesa* lögin, *kynna* sér *málin* og *afla sér þekkingar*, að þeir vissu betur en þingmenn? Hitt, að safna liði, það má ætið á stuttum tíma, ef nógu ötulir menn eiga í hlut, en það yrði ekki til bóta festu í löggjöf eða frelsi í landinu, heldur hið gagnstæða.

Brtill. þeirra háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) eru svo langar og margvíslegar, að eg get ekki farið til muna út í þær hér. Þær hvíla, að minsta kosti framan af í frv, á þeim mismun á skoðunum, að þeir hyggjast geta orðað 1. gr. án þess að viðurkenna gildi stöðulaganna. Það held eg að alþingi geti ekki. Annars hefi eg talað um það áður, og vil ekki endurtaka það. Það eru að eins fá atriði í brtill. þeirra, sem eg vildi drepa á, t. d. 3 brtill. við 2. gr., að framan við 4. gr. á þgskj. 328 komi ákvæði um það, að engan megi skipa í embætti, nema Íslendinga, eða þá, er öðlast hafi þegnréttindi hér samkvæmt íslenzkum lögum. Eg ætla nú hvorki að lofa þetta né lasta í sjálfu sér, en vil að eins benda á það, að með þessu er búinn til nýr fæðingjaréttur og fráskilinn fæðingjarétti Danaveldis. Og menn verða að gæta þess, að þetta er svo mikil röskun á því, sem kölluð hafa verið lög, að það er eitt ærið nóg til þess, að lögum þessum verður undir eins synjað staðfestingar. Engin von, heldur beinhart nei, fyrir þetta eina atriði, þar sem farið er út af sérmálasviðinu. Og er nú þetta þess vert, að kasta frá sér öllum breytingum til bóta á stjórnarskránni fyrir þá ánægju, sem af þessu kann að verða í þinginu og úti um land? Eg held ekki, hversu mikið sem kynni að mæla með þessu í sjálfu sér.

Þá vilja þeir og hafa þingið óskift, eins og segja má að það sé nú, því að önnur deildin er eiginlega ekkert annað en nefnd, kosin af hinni deildinni, og á þetta auðvitað enn frekar við, þegar kgkj. þm. eru farnir. Þá virðist mér vera annaðhvort að gera, að hafa ekki nema eina deild, eða þá að hvor deildin sé bygð á sínum grundvelli. Eg veit ekki hvað þeir vilja tryggja sér með þessu fyrirkomulagi. Er það ekkert annað en það, að málin verði rædd 6 sinnum? Það mætti eins þótt þingið væri alveg óskift.

Ekki get eg látið vera að minnast dálítið á kosningarrétt og kjörgengi samkvæmt till. þeirra. Því er meðal annars haldið fram, að kosningarrétt og kjörgengi eigi allir gjaldþrota menn að hafa, einnig meðan bú þeirra eru til skiftameðferðar. Nú er það svo, að þeir öðlast þessi réttindi aftur, þegar er skiftin eru um garð gengin. (*Bjarni Jónsson:* En hvað gerir það þá til, þótt þeir hafi þau eins á meðan?). Það getur vel verið, að það geri oft ekki stórmikið til, en það má þá eins vel segja, að það geri ekkert til, þó að glæpamennirnir í tukthúsinu hefðu kosningarrétt, eða þá börnin í vöggunni. Það mætti alt af kjósa fyrir þau. Annars býst eg við því, að brtill. eins og þetta séu þess eðlis, að það megi spara sér að mæla á móti þeim. Eg held að hver þingmaður hafi eitthvað það í brjósti sínu og hugskoti, sem býður þeim að drepa slíkt.

Eg býst nú ekki við því, að eg hafi

komist yfir það, að nefna nærri því allar brtill., sem hér liggja fyrir, enda munu ýmsar vera ókomnar ennþá, en eg vona, að mér hafi ekki sést yfir margar af hinum verulegri, og má þá athuga hinar síðar. Eg vil þá ekki lengur en í klukkutíma sitja í ljósi háttv. tillögumönnum, og læt þetta vera nóg að sinni.

Framsögum. minni hl. (Jón Þorkelsson): Við höfðum, háttv. þm. Dal. (B. J.) og eg, leyft okkur að koma fram með frumv. til stjórnarskrár, sem fór miklu lengra en bæði meiri og minni hl. háttv. nefndar vildi fara. Með þessu var það ekki ætlun okkar, að reyna að standa í vegi fyrir nauðsynlegum stj.skr.-breytingum á þessu þingi, heldur vildum við sýna það, eins og okkur hafði verið á hendur falið af okkar flokki, að stefna hans í stjórnmálum og gagnvart Dönum væri enn hin sama, sem á síðasta þingi.

Það er nú margt í þessu frumvarpi okkar, sem háttv. nefnd hefir verið á einu máli um að fallast á, og sem ekki hefir verið hér upp talið, t. d. að ráðherrar skuli vera þrír. Ennfremur vil eg nefna ákvæðið um afnám eftirlauna, og í sambandi við það skal eg geta þess, að það er misgáningur, bæði í frv. og nefndarálitinu, þar sem þess er ekki getið, að 3. málsgr. í 4. gr. stjórnarskrárinnar eigi að falla burt, eins og eg tók fram við háttv. framsögumann meiri hl. við 1. umr. Ennfremur rýmkun kosningarréttarins, sem allir eru sammála um að einhverju leyti, og margt fleira. Meðal annars er ákvæðið um ríkiskirkjuna hér í landi, að skilja megi hana frá ríkinu með sérstökum lögum, þótt við heföum nú reyndar álitið, að fyrirkomulagi kirkjunnar *skyldi* skipa með lögum.

Það er eins fyrir mér og háttv. 2. þm. S.-Múl., (J. Ól.) að eg hefi ekki á stuttum tíma getað áttað mig á öllum br.till. hér. Eg skal þessvegna aðallega halda mér við br.till. minar og háttv. þm. Dal. (B. J.). Um þær er líka aðalágreiningurinn í nefndinni, og þá einkum 1. gr. Það var að vísu ásetningur hinna háttv. þm. S.-Múl. í upphafi, að gera úr garði allsherjar stjórnarskrárfrumv. En þeir hurfu frá því ráði, sökum vandkvæða á því að orða 1. gr. þannig, að útflæmd yrði tilvitnunin til hinna svokölluðu stöðulaga og efninu þó haldið innan staddra endimarka. Það skal fyllilega viðurkent, að það er vandi að komast í kringum þessa tilvitnun svo vel á fari, en ekki skil eg í því, að það ætti að vera ókleift. Eins og menn vita, takmarkast stjórnarskráin af landamerkjum stöðulaganna, og því hefir áður verið hreyft á þingi, að komast mætti fram hjá þessu hvimleiða skeri með því, að telja upp þau mál, er stjórnarskráin tekur yfir. Og það hefir bæði mér og öðrum sýnst, að þetta sé ekki ófær vegur, ef ekki er farið út fyrir þau takmörk, sem þessi stöðulög setja stjórnarskránni. Vandhæfið liggur ekki í því, að orða þetta heldur undantekninguna, hæstarétt. Í stöðulögunum stendur svo, að fyrst um sinn skuli hæstiréttur Danmerkur ríkis hafa æðsta dómsvald í ísl. málum. Við höfum nú gert margar tilraunir til þess að koma þessu sæmilega fyrir, og fengið marga vitra menn til þess að aðstoða okkur, og niðurstaðan er nú orðin þessi. Eg skal geta þess, að í stjórnarskrárfrumvarpi Benedikts Sveinssonar fyrrum var svipað ákvæði um þetta, þótt það væri öðruvís orðað. Þar er ákvæði þessu skotið aftur fyrir. Nú höfum við orðað þetta svo, að hæstarétti Dana skuli *falið* æðsta dómsvald í framangreindum málum, unz önnur skipun verður þar á gerð. Þeir, sem á eftir okkur koma, verða svo að gera út um það mál, og það er látið ósagt, hvenær það verði. Það virðist svo, sem

þetta ákvæði haldi sig svo greinilega innan landamerkja stöðulaganna, að þar geti ekki skeikað, og erfitt verður mér að trúa því, að þetta ákvæði verði frv. til falls, því að hér er ekkert sagt, sem fari í bága við stöðulögin, ef þau eru annars svo friðhelg, að ekki megi hreyfa við þeim á þessu þingi.

Við höfum leyft okkur að prenta hér aftan við ummæli Kriegers ráðherra, þess er kom lögunum á 1870—1871, og svo mótmæli alþingis árið 1871 gegn gildi þeirra. Sjálfur játar Krieger, maðurinn sem kom lögunum í kring, að hér sé ekki um nein endanleg úrslit að ræða, enga endanlega samþykt í þessu máli, þar þurfi hinn málsaðilinn (alþingi) að koma til.

Nú hefir þessi hinn málsaðilinn (alþingi) aldrei samþykt stöðulögin, svo sem kunnugt er, heldur einmitt mótmælt þeim. Þau eru því alls ekki bindandi fyrir oss, hverju svo sem Danir kunna að vilja halda fram um það. Og um það atriði, að konungur muni ekki staðfesta stjórnarskrá þessa, ef nefnd stöðulagaákvæði yrði úr henni feld, þá er eg ekki hræddur við að hreyfa við 1. gr. stjórnarskrárinnar af þeim ástæðum.

Þá skal eg snúa mér að því, sem landsfólkið segir um þetta mál. Á 4 þingmálafundum, sem haldnir voru hér í Reykjavík, var samþykt í einu hljóði tillaga, sem borin var fram bæði af meirihlutanum og minnihlutanum, og orðuð af einum lögfræðing þessa bæjar, og fór sú tillaga fram á það, að jafnframt því, sem gerðar yrðu breytingar á stjórnarskránni, þá væri og afnumdar allar tilvitnanir í stöðulögin. Annar lagamaður, háttv. þm. Vestm. (J. M.) bar það og fram á þingmálafundi í sínu kjördæmi og fekk samþykta tillögu, er einnig fór fram á að nema burtu stöðulagaákvæðið úr stjórnarskránni. Þá var og enn samþykt á 2 fundum hjá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), þar sem fundurinn lýsir yfir því, að hann viðurkenni ekki stöðulögin sem réttargrundvöll stjórnarskipunar vorrar. Þá var ennfremur samþykt á þingmálafundum, sem haldnir voru af þm. Árnesinga að Tryggvaskála og Húsatóftum, tillaga, er »telur það öldungis ótækt að byggja á stöðulögunum«. Á fleiri þingmálafundum veit eg ekki til, að bornar hafi verið upp tillögur í þessa átt, en hefðu slíkar tillögur verið uppbornar á fleiri fundum, þá efast eg ekki um, að þær hefðu orðið samþyktar af öllum landslýð.

Enda þótt háttv. framsm. (J. Ól.) vildi hræða okkur frá því að koma með brtill. í þá átt að afnema tilvitnanina í stöðulögin, þá höfum við þó, eg og háttv. þm. Dal. (B. J.), komið einnig hér fram með breyt.till. við 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem »hin sérstaklegu« málefni Íslands eru nefnd — því við lítum svo á, að það eigi ekki að sjást í stjórnarskrá þeirri, sem nú verður samþykt. Það bendir til viðurkenningar um einhver »sameiginleg« mál með Dönum.

Þá er þriðja breytingartill. okkar um það, að engan megi skipa embættismann á Íslandi annan en Íslending, nema hann hafi fæðingarrétt eftir þeim lögum, sem alþingi hefir sett og samþykt. Þessi breytingartill. hefir einnig orðið ágreiningsatriði, og hafa sumir helzt talið þessari breyt.till. það til foráttu, að hún gangi um of inn á svonefnt sambandslagasvið.

En þá vil eg spyrja, hver er það, sem ákveður sambandslagasviðið? Er það ríkisdagurinn í Danmörku eða alþingi Íslendinga?

Hverju hinir háttv. mótstöðumenn þessarar tillögu hér til svara, skal eg láta ósagt, en hinu verð eg að halda fast fram, að Íslendingar geti ekki viðurkent landamerki þau, sem danskt löggjafarvald setur hér um, nema því að-

eins að Íslendingar sjálfir löglega samþykki þau.

En um þetta atriði, sem menn kalla sambandsmálefni, hefir meiri hl. nefndarinnar viljað komast hjá að greiða atkvæði. Hvort atkvæðagreiðsla um það geti ef til vill verið heppileg eða ekki, skal eg láta ósagt, en hitt dylst víst fáum, að það að ganga þegjandi framhjá þessu atriði, er að loka augunum og látast ekki sjá hættuna.

Þá hefir orðið ágreiningur um það, á hvern hátt skipa skuli þinginu, hvort það skuli vera óskift eða tvískift, og á hvern hátt þá eigi að kjósa til efri deildar.

Okkur, mér og háttv. þm. Dal. (B. J.), finst þingið ekki svo umfangsmikið, að neina nauðsyn beri til þess að kjósa til þess á tvennan hátt, eins og háttv. meiri hluti nefndarinnar vill halda fram, að þörf sé á. Þvert á móti álítum við, að slíkt fyrirkomulag geti reist of rammar skorður fyrir framkvæmdum neðri deildar, og það getur þó ekki verið meiningin hjá andstæðingum okkar, að þeir með þessu fyrirkomulagi vilji setja þá stýflu fyrir framkvæmdir þessarar deildar, að hún ekki geti komið fram áhugamálum sínum, enda þótt þeir hljóti að viðurkenna, að neðri deild eigi mestu um þingsins málefni að ráða. Ekki væri það heldur eins dæmi þótt við hefðum þingið óskift, því þannig er það bæði í Finnlandi og Noregi. Þá þykir okkur kjörtíminn til efri deildar of langur — hann á sem sé að verða 12 ár; lengstur tími sem annars er tíðkanlegur í öðrum löndum er 8—9 ár, en nú sé eg, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir komið með breyt.till. um að kjörtíminn verði færður niður í 6 ár.

Þá skal eg leyfa mér að svara háttv. framsm. (J. Ól.) nokkrum orðum. Hann vildi amast við því, að menn, sem þiggja af sveit, fengju kosningarrétt. Eg skal ekki þrátta við hann um hæfileika þessara manna, en því verð eg að halda fram, að heiðarlegir sveitarómagar muni hafa eins mikla dómgreind um það að kjósa þingmenn eins og margir aðrir, sem ekki hafa ratað í þær raunir að verða þurfandi. Að öðru leyti mun þm. Dal. (B. J.) halda svörum uppi fyrir þessari tillögu, sem honum er sérstaklega áhugamál.

Þá vil eg minnast á það, að eg og háttv. þm. Dal. (B. J.) höfum komið með breyt.till. í þá átt að breyta núgildandi ákvæði, um að sá, sem hefir dvalið 5 ár í löndum Danakonungs í Norðurálfu, hafi kjörgengi hér á landi, að breyta því þannig, að til þess að öðlast kjörgengi hér verði hann að hafa verið heimilisfastur minst 2 síðustu árin á Íslandi. Okkur finst óeðlilegt að miða kjörgengi manna hér við það, hversu lengi þeir hafa dvalið t. d. í Færeyjum, Borgundarhólmi eða annarsstaðar í Danmörku, enda ekki meira heimtandi af þeim manni, sem vill verða hér þingmaður, en að hann hafi dvalið hér á landi svo lengi, að hann að minsta kosti hafi nokkura nasasjón af því, hvernig hér til hagar.

Þá eru ýmsar aðrar breyt.till., t. d. um nafnbætur og titla. Okkur þótti rétt að lofa því efni að koma undir atkvæði hér í deildinni, án þess þó að það væri meining okkar að svifta þá menn, sem slíka hluti hafa nú, því yndi og ánægju, að mega hengja þá á sig.

Þá er tillaga frá þingmönnum Skagfirðinga um þjóðaratkvæði (referendum), er geti náð til allra laga nema fjárlaganna. Þetta ákvæði álít eg mjög varhugavert, því það getur orðið til þess, að nytsömustu lög nái ekki fram að ganga. Hinsvegar finst mér sjálfsagður hlutur að leita þjóðaratkvæðis, þegar

um sambandsbreytingu milli ríkjanna er að ræða, en að kasta t. d. lögum um aukna skattta, nýjar lántökur til arðvænlegra fyrirtækja fyrir almenning, álít eg varhugavert.

Þá er breyt.till. í þá átt, að enginn þm. megi koma með breyt.till. um hækkun liða í fjárlögunum, nema í sambandi við stjórnina og fjárlaganefnd. — Eg skal að vísu játa, að þetta fyrirkomulag getur haft kosti í för með sér, en hinsvegar getur fylgt því sú hætta, ef við harðsúinn meiri hluta er að eiga, að minni hluti geti ekki komið nokkurri nytsamlegri fjárveitingu fram, en stjórnin sjálf og fylgifiskar hennar geta ráðið öllum fjárveitingum. Þótt einstakir þingmenn bryddi upp á nytsamlegum fyrirtækjum, er hætt við að þeir fái litlu komið áleiðis, ef landstjórnin hefir ekki áttað sig á málinu eða af einhverjum ástæðum vill ekki sinna því. Ef til vill mætti hér finna heppilegan milliveg; gerhugull maður hefir bent mér á, að gera mætti þingmönnum að skyldu að senda stjórninni uppástungur um fjárveitingar til umsagnar, gæti svo stjórnin tekið afstöðu til þeirra. Á þann hátt ykist samvinnan milli þings og stjórnar. Þó sýnist mér það heldur ekki annmarkalaust.

Hér hefir komið fram tillaga frá h. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um kosningarrétt kvenna. Eg vildi ekki setja mig á móti meiri hluta nefndarinnar um það mál, en felli mig þó öllu betur við till. þessa og hallast væntanlega að henni við atkvæðagreiðsluna.

Enn hefir komið fram till. frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um að setja þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti. Till. þessi var rædd í nefndinni og þótti sumum hún varhugaverð og ekki eiga sem bezt heima í stjórnarskrárlögum. Ef slíku ákvæði væri harðneskjulega beitt, mætti vafalaust nota það til þess að svifta fjölda manns atkvæðisrétti. Hitt virðist sjálfsagt, að í skólum sé kend einhver slík námsgrein, en ákvæði um það ætti betur heima í fræðslulögunum eða reglugerð, en í stjórnarskrá.

Margar aðrar tillögur hafa komið fram, en eg hefi minst á flestar, sem nokkru máli skifta og við gátum ekki komið okkur saman um við meiri hl. nefndarinnar. Mun eg því ekki orðlengja frekar að sinni.

Ólafur Briem: Eg vil fyrst fara nokkrum orðum um breyt.till. á þgskj. 269. Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Ó.) hefir þegar minst á hana og bent á, að hún fari fram á að fækka þingmönnum um 4. Sú þingmannatala, sem nú er, er ekki ýkja gömul. Það var fyrst með lögum 3. okt. 1903, að tala þingmanna var ákveðin 40. Lengst af hafa að eins 36 menn átt sæti á alþingi, sem sé á öllum löggjafarþingunum samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874. Á ráðgjafarþingunum voru þeir ekki nema 26 samkvæmt ákvæðum tilskipunar 8. marz 1843. En í sambandi við það, að þingmönnum var fjölgað með lögunum frá 1903, er á það er að líta, hvað fjölguninni olli. Hún var ekki lögleidd beint í þeim einum tilgangi að auka starfskrafta þingsins, hugsunin var aðallega sú, að fjölga þjóðkjörnum þingmönnum svo í efri deild, að þeir væru þar í meiri hluta. Eg skal játa, að búast má við, að þingstörfin aukist í framtíðinni og löggjafarmálefnin verði margbreyttari, en þá kemur hitt til greina, að ef þetta frv. verður að lögum, þá verða málin betur undirbúin undir þing. Það hefir mikið til stafað af slæmum undirbúningi málanna undir þing, hvað störf hafa ofhlaðist á einstaka þingmenn bæði í nefndum og vegna frumv., sem þeir sjálfir hafa flutt. Ef ráðherrum verður fjölgað, verður ein afleiðingin sú, að

aðalstarf þingmanna verður ekki að koma fram með ný frumv., heldur hitt, að segja álit sitt um þau frumv., sem stjórnin leggur fyrir, og vekja máls á ýmsum endurbótum, sem stjórnin svo undirbýr fyrir næsta þing. Háttv. framsögum. lagði áherzlu á, að tiltölulega lítill hluti þingmanna væri þingstörfum vaxinn. Það kann að vera satt að nokkru leyti. En margur getur verið nýtur þingmaður, þótt hann t. d. sé ekki mikill orðamaður eða fimur til að skrifa nefndarálit; alt um það getur hann haft góðar hugmyndir og haft heppileg áhrif á löggjafarstarfið. Það mun láta nærri, að ef þingmenn eru 36, þá verði 1 þingmaður til jafnaðar fyrir hverja 2300 landsmenn, en víðast annarsstaðar tíðkast, að 1 þingmaður er fyrir hver 10—20 þús. íbúa. Þetta stafar auðvitað af fámenni þjóðarinnar, sem veldur því, að allar þjóðstofnanir vorar verða tiltölulega dýrari en annarsstaðar gerist. En rétt er að hafa engan tilkostnað meiri og engar stofnanir stærri um sig en þörf gerist og stendur í réttu hlutfalli við fólkstölu og efnahag þjóðarinnar. Hér má spara nokkuð fé með því að hafa þingmenn ekki fleiri en 36 og verður sá sparnaður meiri, ef farið yrði síðar meir að halda þing árlega.

Þá vil eg minnast á annað atriði á þgskj. 283. Framsögumaður fór um það nokkrum orðum og söng þingræðinu lof og dýrð. Vitanlega hefir sú stefna nú mikið gengi; en svo er um hana sem um marga nýbreytni, að þeir sem hafa gert sér miklar vonir um ágæti hennar, eru ófúsir á að kannast við þá galla, sem á henni eru. Þó er nú víða í löndum mikil óánægja með þingræðisstefnuna og mjög kvartað um, að hún reynist miður en menn höfðu gert sér vonir um. En það ætti mönnum að geta komið saman um, að grundvöllur þingræðisins er réttur þjóðarinnar til þess að ráða sjálf málum sínum. Þessi réttur er nú framkvæmdur með því að kjósa fulltrúa; en sá er hængur á, að mikill vandi er að meta kosti manna og galla svo til þess starfs sem annara. Og ennfremur verða úrslit kosninga oft eftir því, á hvaða málefni kjósendur leggja mesta áherzlu í þann svipinn, og er þá minna tekið tillit til, þótt menn að öðru leyti séu óánægðir með þingmannsefnið og skoðanir hans á öðrum málum. En þó að nú kjósendur séu vel ánægðir með þingmanninn og skoðanir hans, þá hljóta á hverju kjörtímabili að koma fram mörg ný mál, sem hvorki þingmanninum né kjósendum hefir áður gefist tækifæri til að mynda sér skoðanir um og verða þá kjósendur að láta sér lynda, þótt framkoma þingmannsins sé alt öðru vísi en þeir vilja vera láta. Menn hafa reynt ýmis ráð til þess að bæta úr þessu; meðal annars að takmarka valdsvið þingsins. En sérstaklega hafa menn á síðari árum víða bent á eitt ráð, sem sé alþjóðaratkvæði um einstök mikilsvarðandi málefni, er snerta mjög hagsmuni almennings. Slík almenn atkvæðagreiðsla kjósenda um löggjafarmál hefir allvíða verið tekin upp á seinni árum, einkum í ýmsum ríkjum Bandafylkjanna í Ameríku. En hvergi hefir hún verið jafnlengi í lögum eins og í Sviss. Þar hefir þjóðin ekki eingöngu synjunarrétt, heldur einnig frumkvæðisrétt í löggjafarmálum. Hér er aðeins farið fram á synjunarrétt. Háttv. framsögumaður hélt því fram, að mikil hætta gæti staf að af þessari tillögu. En eg get ekki séð, að svo sé; samkvæmt till. getur þjóðin að vísu skotið málum á frest, en þar með er fengin trygging fyrir, að eigi verði hrapað að lagasetning og að

þjóðin verði ánægðari með þau lög, sem hún á að búa undir. Þetta er enda ekki óþekt í löggjöf vorri, að láta þjóðina hafa beint atkvæði um málefni sín. Það er eitt atriði í sveitarstjórnarlöggjöfinni, að samþykki lögmæts sveitarfundar útheimtist til þess, að nýmæli sem miklu varða og hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir almenning, geti fengið framgang. Og á síðari árum hefir samþyktarlagalöggjöfin fengið meiri og meiri festu og gengi, en hún byggist á rétti allra atkvæðisbærra manna til þess að skipa málum sínum að eigin vild. Á alþingi hefir að eins einu sinni verið ályktað að leggja mál undir alþjóðar dóm; eg á við aðflutningsbannið, en þá var það óheppilegt, að að eins ein spurning um atriði, sem hlaut að hafa viðtækar afleiðingar var lögð fyrir þjóðina, en ekki málið í heild sinni, og urðu því úrslitin óábyggilegri en ella mundi. Þá hefir því og verið hreyft bæði utan þings og innan um annað mjög mikilsvert mál, aðskilnað ríkis og kirkju, að því skyldi ekki ráðið til lykta án þess að það væri borið undir almenning. En úr því að þessi aðferð þannig er að ná fótfestu, þá virðist sjálfsagt að hafa einhver ákvæði um slíka atkvæðagreiðslu í stjórnarskránni, heldur en að alt hangi í lausu lofti. Vel getur verið, að eigi sé þörf á að beita þessari aðferð við mörg mál, enda er eg sannfærður um, að hún mundi sjaldan verða notuð.

Eg sé að háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) hefir komið fram með till. á þgskj. 338 um, að landstjórnin ein hafi rétt til þess að skjóta málum undir almenning, en til þess að kjósendur geti krafist slíkrar atkvæðagreiðslu þurfi nokkrir þingmenn að vera því hlyntir. Með slíku ákvæði væri það trygt, að slík atkvæðagreiðsla yrði ekki alt of oft heimtuð né í of lítilsverðum málum. — Það væri ef til vill heppilegt, að tilgreina helztu flokka þeirra mála, sem aðallega ætti að skjóta undir almenning, en þar er mikið vandhæfi á að draga rétta takmarkalínu. Eg vil nefna eitt mál, sem gott væri að beita þessari aðferð við. Það eru ábúðarlögin, sem nýlega voru samþykt hér í deildinni. Þau snerta mjög alþýðu manna og hafa í för með sér mikil útgjöld bæði fyrir landssjóð og jarðeigendur, einkum að því er snertir kostnað við húsabyggingar, og telja margir vafasamt, hvort í lögunum sé nægileg trygging fyrir því, að því fé verði ávalt sem bezt varið og komi að tilætluðum notum. Háttv. framsm. (J. Ól). lagði áherslu á, að kjósendur væru almennt óhæfir til þess að mynda sér skoðanir um löggjafarmálefni. En eg vil leyfa mér að fullyrða, að allur þorri bænda er eins vel fallinn til þess að dæma um slík lög sem ábúðarlögin, eins og þingmenn. Eg skal nefna annað dæmi, ellistyrktarlögin frá síðasta þingi. Samkv. þeim eru allir gjaldskyldir í ellistyrkssjóð, en enginn hefir beinan rétt til þess að fá neitt í aðra hönd nema sem ölmusu eftir útbýtingu hreppsnefndar. Þetta stendur í sambandi við það, að sjóður þessi er ekki neinn tryggingarsjóður í eiginlegri merkingu, og geta verið skiftar skoðanir um hvort það fyrirkomulag sé að öllu leyti hentugt, ekki sízt þegar sjóðurinn vex að miklum mun. Á slík mál sem þessi hygg eg að almenningur beri fult skyn og get ekki séð, að neitt væri í húfi, þó að þeim væri skotið beint undir atkvæði kjósenda. Eg mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil að eins leyfa mér að benda á, að hér er um framtíðarmál að ræða, þótt það ef til vill hafi ekki mikið fylgi á þessu þingi eða nái nú fram að ganga.

Sigurður Sigurðsson: Það er til gamall málsháttur, sem segir, að það eigi vel að vanda, sem lengi eigi að standa.

Þetta gamla máltæki ættu þingmenn að hafa fyrir augum við alt lagasmíði, en þó eigi síst, þegar ræða er um verulegar breytingar á stjórnarskrá landsins. Það er skoðun margra stjórnmálamanna, að það eigi yfir höfuð að fara varlega í allar breytingar í stjórnarskrám þjóðanna, og vanda mjög til þeirra, þegar í þær er ráðist. Í sambandi við það má geta þess, að talið er hyggilegt að leyfa í stjórnarskránni, að þessu eða hinu megi breyta með sérstökum lögum. Þannig er heimilað í stjórnarskrá vorri að breyta megi með lögum þingtímanum, tölu þingmanna o. s. frv. Þetta álít eg þýðingarmikið atriði og það styður að því, eða ætti að styðja að því, að ekki sé verið að gera sífeldar smábreytingar á stjórnarskránni.

Þá vil eg víkja að breytingatillögum mínum á þgskj. 328, er eg hefi leyft mér að koma fram með. Eg býst nú við að háttv. þingmönnum þyki þær miða töluvert í íhaldsstefnuna eða vera »konservativar«. En það er oft gott og nauðsynlegt að vera hæfilega íhaldssamur.

Breytingartillögur þessar eru við 10. og 11. gr. frumv. meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu og miða að því að takmarka kosningarrétt manna og kjörgengi. Kosningarrétturinn er í tillögum mínum miðaður við 25 ára aldur. Eg hefi átt tal um þetta við marga menn og margir þeirra, allir þeir gætnari, kannast við, að eigi sé ástæða til að fara lengra í þessu efni. Menn eru ekki almennt orðnir andlega fullþroskaðir fyr en 24—25 ára. En óneitanlega er það í þessu sambandi þýðingarmikið, að það sé komin festa og þroski á skoðanir manna, sem fenginn er í hendur sá mikli réttur að kjósa til alþingis. Eg hygg einnig, að allur þorri ungra manna sakni þess eigi mjög, þótt þeir fái ekki þenna rétt fyr en þetta, einkum þegar þess er gætt, að þá veitist kosningarrétturinn öllum þeim karlmönnum undantekningarlaust, sem orðnir eru 25 ára að aldri. Þá fá kosningarréttinn jafnt bændur og búlausir menn, vinnumenn, lausamenn o. s. frv.

Þá þykir mér og fara betur á því, að konum *megi* veita kosningarrétt og kjörgengi til alþingis með sérstökum lögum. Eg efast um, að það sé yfir höfuð hagkvæmt eða holt fyrir þjóðina og okkar pólitíska líf að fara jafn langt og frv. til stjórnarskipunarlaga á þgskj. 228 gerir, að því að útfærslu kosningarréttarins snertir. Eg tel jafnvel, að þar sé of langt farið. Fyrir því hefi eg viljað gera tilraun til, að hæfileg takmörk í þessu efni kæmust inn í frumvarpið. Og 25 ára aldur tel eg hæfilegt aldurstakmark, þegar um kosningarrétt til alþingis er að ræða.

Um kosningarrétt kvenna vil eg að eins segja það, að á síðasta alþingi var þeim veittur kosningarréttur og kjörgengi til sýslunefnda og bæjarstjórna utan Reykjavíkur, en þar var búið að veita þennan rétt áður. Nú virðist mér rétt að lofa kvennþjóðinni að æfa sig í að nota þessu fengnu réttindi og sjá hvernig það gefst. Eg efast nú ekki um, að það gangi alt skaplega og þá er ávalt hægt að færa út kvíarnar, þegar heimild er til þess í stjórnarskránni.

Um hitt skal eg ekki ræða, hvort það yfir höfuð er æskilegt að veita konum kosningarrétt í pólitískum málum Þar um eru skoðanir manna skiftar. Að minsta kosti sé eg ekki neina brýna þjóðarnauðsyn á, að það sé hrapað að því.

Um hin önnur atriði í þessum breytingartillögum mínum skal eg ekki fjöl-

yrða. Þess skal eg þó geta, að eg álít sjálfsagt að útiloka alla dómendur landsins frá þingsetu. Til þess liggja mörg rök og þau auðsæ öllum skynbærum mönnum.

Þá hefir mér virst ástæða til að færa upp aldurstakmarkið fyrir kjörgengi til efri deildar. Samkvæmt tillögum meiri hluta stjórnarskrárnefndarinnar er meiningin sú, að fá með þannig lagaðri skipun efri deildar festu í löggjafarstarfið. Tillaga mín fer í sömu átt og miðar að því að tryggja þetta enn betur. Aldur manna hefir sína þýðingu í þessu efni. Eg tel það því til bóta, að aldurstakmarkið, þegar um kjörgengi til efri deildar er að ræða, sé fært upp í 30 ár í staðinn fyrir 25 ár eins og frumvarpið ráðgerir.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fann það að þessari tillögu að hún færi helzt til skamt. Vildi hann einnig miða kosningarrétt til efri d ildar við 30 ára aldur og er eg honum í raun og veru samdóma um það. Hugsanlegt að þetta megi laga til 3. umr. málsins. Það er í mínum augum afar þýðingarmikið, að búið sé svo um, að efri deild verði einskonar hæfileg seglfesta í stórfum þingsins og löggjöf landsins.

Áður en eg lýk máli mínu vil eg leyfa mér að minnast á 3. gr. frumv. á þgskj. 228. Þar er gert ráð fyrir því og slegið föstu, að ráðherrarnir skuli vera þrír. Eg hefði nú heldur kosið, að ekki hefði verið lengra farið en það, að heimild væri til að fjölga þeim, og þá helzt með þjóðaratkvæði. Eg kannast við, að margt mælir með því, að ráðherrar séu þrír, og að því leyti get eg fallist á flest af því, er háttv. framsögumaður meiri hlutans (J. Ól.) tók fram um þetta atriði. Hins vegar sé eg ekki ástæðu til þess nú þegar að fjölga ráðherrum. Þjóðin hefir jafnan krafist þess og krefst þess enn, að farið sé varlega í það að fjölga embættum. Hér er um hálaunuð embætti að ræða, sem naumast geta haft í för með sér, að öðrum embættismönnum sé fækkað.

Nú býst eg við, að þótt ráðherrunum sé fjölgað, þá mundi það ekki verða til þess að auka verulega starfskraftana í stjórnarráðinu. Það er hætt við, að ráðherrarnir verði aðeins pólitiskir ráðherrar, meir og minna ókunnugir »administrationinni« og þeim málum, sem varða atvinnuvegi landsins. Öðru máli er að gegna, ef ráðherrarnir væru fagmenn, hver á sínu sviði. En eg geri mér enga von um, að það verði fyrst um sinn, og sízt eins og nú horfir við.

Mér hefir verið sagt, að stjórnarskrárnefndin hafi valið þessa leið vegna þess, að ef ekkert stæði ákveðið um tölu ráðherranna í frumv., þá gæti svo farið, ef leyft væri að eins að fjölga þeim án þess að tiltaka hve margir þeir mættu vera, að allir þingmenn vorir kæmu sér saman um það að láta útnefna sig til ráðherra. Fengjum við þá 40 ráðherra og er það óneitanlega heldur mikið af því góða.

En ef nauðsynlegt er að fjölga núna ráðherrum upp í þrjá, þá getur ávalt komið fyrir, að þörf þyki að fjölga þeim upp í fjóra eða fleiri. En er nú svo brýn þörf á að fjölga þeim? Eg held að betur færi á því, frá hvaða hlið, sem málið er skoðað, að *heimila* að eins fjölgun þeirra, en ekki frekar.

Einnig er á það að líta, að ef ráðherrunum er fjölgað, þá verður óumflýjanlegt að stækka stjórnarráðshúsið eða að gera nýtt hús handa stjórnarráðinu. Hér er því ekki einungis um stofnun hálaunaðra embætta að ræða, heldur flýtur af því óhjákvæmilega, að leggja verður í mikinn kostnað nú þegar, til þess að auka stjórnarráðsskrifstofurnar. Þetta verður að *takast með* í reikninginn, þegar um fjölgun ráðherra

er að ræða. Eg mun því reyna að koma fram með breytingartillögu við þessa grein frumvarpsins til þriðju umræðu.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg skal leyfa mér að minnast á breyt.till. á þgskj. 240. Eins og kunnugt er, hefir talsvert verið talað um, að við færum ekki sem hyggilegast að í fjármálum og að ýmisleg hrossakaup hafi átt sér stað. En það eru fleiri leiðir til að lagfæra þetta, en sú er breytingartillagan fer fram á. Það er kunnugt, að fram hefir komið frumv. um að stækka kjördæmin til þess að fyrirbyggja flokkapólitík. Það getur verið, að sú stefna sé ekki ofan á, að þjóðin vilji ekki aðhyllast hana og að þess vegna sé eina leiðin sú, að takmarka tillögur um fjárveitingar. Eg hefi komið fram með tillögu, sem er rýmri en þessi breytingartillaga. Því að það er of takmarkað, að ráðherra einn skuli hafa vald til þess að koma fram með tillögur um fjárveitingar. Slíkt er hættulegt. Það er ekki rétt að fara eftir Bretum, sem eru miklu þroskaðri í sjórnmálum en vér. Það getur vel átt sér stað, að tillaga um fjárveitingu komi frá 6—7 þm. og þá ekki rétt að virða hana að vettugi, því að þm. verða að hafa tillögurétt um, hve mikið fé skuli veitt til ýmsra fyrirtækja í landinu. Ef stjórnin hefði ein tillögurétt um fjárveitingar er eg hræddur um, að þm. yrðu henni og ráðherra of háðir. Þm. mundu róa í stjórnina og fara fram á, að hún styddi þeirra málstað, og það gætu verið fleiri en fylgifiskar hennar, er gerðu slíkt; það er hætt við, að aðrir brytu odd af oflæti sínu og færu þess á leit við stjórnina að hún héldi fram þeirra málstað. Mundu þeir þá fara í hrossakaup við hana og gæti hún notað sér slíkt, því að stjórnin hefir líka sín áhugamál. Háttvirtur frams.m. (J. Ó.) gaf sjálfum sér á munninn, þegar hann sagði, að sérhver þingmaður mundi róa í samþingismenn sína til þess að ná fylgi þeirra. Eins mundi fara með stjórnina.

Hér gæti líka farið svo, að flokksaginn réði og meiri hlutinn bæri minni hlutann ofurliði. En það er einnig aðgætandi, að þegar þetta eru orðin lög, þá munu menn vanda meir kosningu í fjárlaganefnd. Það mundi heldur ekki verða alment, að meiri hlutinn beitti minni hlutann rangindum í þessu efni. En það er máske ekki heppilegt að setja þetta ákvæði í stjórnarskrána nú, og eg vildi spyrja frsm. (J. Ó.), hvort hann vilji ekki taka þessa tillögu aftur og láta nú sitja við það, sem er. Eg skal játa, að fjárveitingar ganga nokkuð úr hófi eins og nú er og erfitt að hafa taum á fjárhagnum. Í því efni mundi breyt.till. mín vera til bóta. En eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tók fram, þá mætti setja sérstök ákvæði um þetta seinna og þyrfti þá ekki stjórnarskrárbreytingu.

Eg ætla að fara örfáum orðum um breyt.till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), um rétt kvenna til kosninga. Eg felst á það, að konum séu veitt réttindi í þessu efni smátt og smátt. og að því leyti finst mér tillaga þessi skynsamleg. Þegar konur fá réttindin smátt og smátt, þá öðlast þær, við að nota þessi réttindi, meiri þroska og kynna sér málin betur og verða þannig betur undir það búnar. En að sleppa þessum réttindum við þær strax og alt í einu yrði bylting í svip.

Þá er brtill. á þgskj. 330 frá 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mikið góð, en mig langar til að spyrja hann, hvort hún sé framkvæmanleg; eg held að það sé erfitt að framkvæma hana.

Þá er breyt.till. frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um þinghald á hverju ári. Hún er að vísu nokkuð athugaverð, en

ekki þó svo, að það sé frágangssök; og það er margt, sem mælir með henni. Áhugi manna eykst á stjórnmálum og eftirlitið verður betra með stjórninni og að því leyti er hún góð. En það ber líka að líta á það, að þinghald á hverju ári hefir mikinn aukinn kostnað í för með sér.

Mér finst ekki vera margt, sem mælir með því að skjóta lögum frá þinginu undir atkvæði kjósenda í landinu. Þjóðin er ekki svo þroskuð, að hún sé í fljótu bili fær um að leggja sanngjarnan dóm á lög frá þinginu.

Þá er ein breyt.till. um breyting á þingtímanum. Sá tillaga hefir verið feld áður hér í deildinni og eg mun halda mér við það, sem eg hefi gert áður í því máli, og vera einnig á móti henni nú. Fyrir þá, sem fást við búskap, er þinghald á þeim tíma mjög óþægilegt. Þeir eru þá ekki lausir við vorverk sín, kauptíð stendur þá yfir og stórbagalegt fyrir þá að fara frá búi sínu á þeim tíma. Og reynslan sýnir, að það var ekki vanþörf á að færa þingtímann til vetrarins. En ef það yrði ofan á, að þessi breyt.till. yrði samþykt, þá sé eg ekki, að neitt sé á móti því að hækka dagpeninga þingmanna. Eg sé heldur ekki, að þingmenn eigi að offra sér um skör fram í þarfir fósturjarðarinnar og menn þurfa fyrst að hugsa um að geta lifað, til þess að vinna henni gagn.

Bjarni Jónsson: Þegar þing það hófst, sem nú stendur yfir, var svo í garðinn búið, að Danir höfðu að ástæðulausu slitið upp úr samningum við Íslendinga, sem legið hafa við borð síðan stöðulögin komu út 1871 eins og sjá má á fylgiskjali I. á þingskjali 287 frá mér og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og voru nú í byrjun. Nú höfðu þeir fengið að heyra vilja Íslendinga og kom því öllum sjálfsagt á óvart að fá engin svör frá Dönum. En úr því svo er farið málinu sem nú var sagt, þá er ekki til neins að halda því áfram á þessu þingi. Svar mun varla koma frá hinum málsaðilanum frekar en síðast, þegar þess var leitað. En Danir hafa með þessu óvirt alþingi og reynt að tefja þau réttu úrslit málsins, þ. e. konungssamband milli landanna. En þótt vér verðum að láta þetta mál hvíla að sinni, þá *megum vér þó eigi heim fara af þingi nú, án þess að átelja slíkt með þingatkvæði voru á einn eður annan hátt.*

Nú er oss þörf skjótra aðgerða um leiðréttingar á ýmsum atriðum í stjórnarskránni. Höfðu því þingmálafundir og þingmenn ætlast til, að henni yrði breytt með þeim hætti, að deiluatriði við Dani væri látin hvíla og liggja í þagnargildi, en þó varast að veikja málstað vorn.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og eg höfðum ætlað okkur að vinna að þvílíkum breytingum á stjórnarskránni. En við bárum þó fram í byrjun þings á þgskj. 25 frumvarp til stjórnarskrár, eins og hún á að verða. Gerðum við það eigi til þess að tefja fyrir málinu, heldur til hins, að engum gæti til hugað komið að segja, að við værum horfnir frá fyrri stefnu okkar, jafnvel eigi *þjóðlygurum*. (*Jón Ólafsson*: Hverjir eru þjóðlygarar?). Eg hefi ekki vald til að útbýta titlum, en eg vona að þeir hirði sneið, sem eiga. Út úr þessu frumv. okkar hefir nú um stund spunnist ekki ófagur tvísöngur milli Lögréttu hérna megin hafsins og danskra blaða hinum megin. Er sá tvísöngur mjög í samræmi við það, sem þaut í tálknunum á sumum hér innan deildarinnar fyrir nokkru.

Okkur hefir verið ánægja að hlýða á, en alt rausið var þó harla mikill óþarfi, því að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði þegar í fyrstu flutningsræðu sinni,

að frumv. væri stefnuskrá okkar, og ekki ætlað til þess að ganga fram á þessu þingi, heldur til þess að sýna, hver leikslok ætti að verða. Og sá skal um síðir endir á verða þessu máli, því að »fram skal ganga haukur húna, hvort hann vill eða ei«. En þá kom hitt, að verða ásáttur við aðra um þessar bráðabirgðabreytingar, sem gera þurfti. Þar í er fólgið starf nefndarinnar. Sveigðum við þar svo mikið til, sem við gátum, en berum nú fram breyt.till. við tillögur meiri hluta nefndarinnar. En þær einar breytingar höfum við farið fram á, sem við vorum vissir um, að bæði konungur og kjósendur gætu gengið að, en látið hinar bíða, sem gætu orðið að deiluefni.

1. greinin í breyt.tillögum okkar fellir burtu tilvitnanina í stöðulögin. Eg var lengi á báðum áttum í nefndinni, hvernig þessu skyldi haga. Síðan hafa ýmsir hér lagt þetta þannig út, að í þessu feldist viðurkenning á stöðulögunum, en það vildum við með engu móti. Eins og sést á fylgiskjalinu við nefndarálit okkar, þá var jafnvel Krieger, sem var dómsmálaráðherra þegar stöðulögin voru gefin út, þeirrar skoðunar, að Danir gætu ekki sett lögin án okkar samþykkis, og þann skilning höfum við og viljum ekkert úr draga. Við vorum því að hugsa um að hverfa frá þessu í nefndinni, því við gátum ekki fengið orðalag, sem átti við, er konungur mundi samþykkja og þó eigi veikja málstað vorn. En síðan fengum við þetta orðalag hjá vitrum lagamanni úti í bæ. Þetta orðalag á fyrstu greininni, gerir athugasemdina um hæstarétt umflýjanlega. En nú verður þetta íslenzkt mál og við felum hæstarétti dómsvald þangað til okkur sýnist annað. En þetta er ekki stórt atriði. Eg fæ ekki séð, að við höfum spilt rétti okkar neitt með þessu, þó við tökum greinina óskerta.

Þá höfum við lagt til, að framan við 4. gr., fyrir orðin »Engan má skipa . . . innborinna manna«, komi: »Engan má skipa embættismann á Íslandi annan en Íslending, nema hann hafi fæðingjarétt eftir þeim lögum, er alþingi hefir sett og samþykt«. En þetta kemur ef til vill nærri deiluatriði, og ef það hamlar samþykt, þá getum við fallið frá því að sinni.

Þá er ein lítil breytingartillaga, 5. breytingartillagan hjá okkur, að í stað »neðri deild alþingis« í 2. lið 5. gr. á þingskjali 228, komi: alþingi. Þótt þessi breyt.till. sé lítil, þá á hún þó að velta þungu hlassi, þar sem er alt efri deildar báknið. Eg hefði helzt kosið, að deildirnar skiftust eins og nú, en ef nokkur breyting yrði gerð, þá að hafa eina deild. En að búa til efri deild, þar sem kosningar fara alt öðruvísi fram, er ekki til bóta. Og svo þegar hún á að hafa miklu lengri setu en hin deildin, þá fer skörin að fara upp í bekkinn. Hér er verið að skapa sér stjóra, en ef mönnum er gott í hug, þá er hans ekki þörf. *(Jón Ólafsson:* Við þurfum stöðvun). Eldast tekur nú 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og má hann muna tvenna tímana. Eg held þingmaðurinn ætti að muna, að

„hér er hjartanu hætt við að frjósa,
hér þarf sannarlegt eldfjall að gjósa".

Hann ætti að taka tappann úr eldfjallinu og minnast síns fyrra og betra manns.

Þennan halaklepp á að búa til móti uppþotsólgustraumunum, sem geti þotið yfir landið. Þessir straumar hafa ekki komið, en ef þeir koma, þá á þetta líklega að vera góður stjóri.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. Ól.) talaði um eitthvert vængfleygt orð. En hvað

haldið þið þetta vængfleyga orð hafi verið? Jú, það var orðið »goluþytur«. Hversu vængfleygt það orð er, skal eg ekki um segja, en eg skal minna hann á, að goluþytur getur magnast og orðið að stormi. En þessi halakleppur er ekki til annars, en að það verður aldrei annað en goluþytur hjá okkur og allir eintómir lognhattar. *(Sig. Sigurðsson:* Logn er leiða bezt). Já, lognhattar kjósa auðvitað latra manna leiði, og ekki er það annað en hugsunarleti, þegar þessir þinggarpar nenna ekki að hugsa um það, að þannig tilbúinn 12 ára halakleppur er ekki aðeins til þess að tefja fyrir okkur, þegar tækifæri gefst, heldur einnig til þess að drepa það. Því tækifærið kemur ekki nema einu sinni og þá verður að taka við því, og það býðst ekki aftur þó við svo hefðum 12 efri deildir og hver þeirra sæti í 12 ár.

Menn eru að tala um þroskaleysi og að þinginu mundi verða svo hætt við að hlaupa af sér tærnar, ef það lægi ekki við stjóra. Það er undarlegt að heyra menn, sem oftlega hafa rekið sig á, að við hefðum alt of marga stjóra, vera með aldrinum orðna svona væru gjarna. Og þegar þeim finst lítill skriður á skútunni, þá auka þeir ekki seglin, en þeir auka kjölfestuna. Ef skútan er góð og stýrið er gott, þá er goluþyturinn aldrei of mikill, ef siglt er í rétta stefnu.

Þá er eitt, sem háttv. framsögumanni (J. Ól.) þykir óhæfa, og það er að láta fatæka menn hafa kostningarrétt. Þótt þeir menn, sem gjaldþrota verða, hefðu þessi mannréttindi, þá ætti þó að vera jafnhægt fyrir skuldheimtumenn að ná rétti sínum á þeim fyrir því. Sama er að segja um þá, sem sveitarstyrks þurfa að njóta. Engin ástæða er til að halda, að sá, sem sakir heilsuleysis eða af öðrum ástæðum þarf að þiggja aðstoð þjóðfélagsins, verði heimskari þá en áður þegar ástæður voru betri. Þetta er ekki annað, en að þjóðfélagið notar þarna tækifærið til að hrækja á hann. Þetta er alveg sama og að miða vitsmuni við 4 kr. gjald. Þetta er »census« og ekkert annað. Er það nokkuð réttlæti að svifta mann í elli sinni, sem á sínum tíma hefir verið stólpi sveitar sinnar, þessum einföldu mannréttindum. Svo er það og einungis undir atvikum komið, hver er svo fátækur, að hann þurfi sveitarstyrk.

Hvað því viðvíkur, að leggja skólagjald á þá menn, sem engu trúarfélagi tilheyra, umfram aðra menn, þá sjá allir, að þetta er sektarfé og ekkert annað.

Um orður og titla skal eg ekki vera langorður. Um þá er styzt að segja það, sem Steingrímur Thorsteinsson segir í vísunni:

„Orður og titlar úrelt þing,
eins og dæmiu sanna,
notast oft sem uppfylling
í eyður verðleikanna".

(*Jón Þorkelsson:* Það eru nú margir titlaðir hér inni). Við viljum vera sérstakt ríki. Ef við viljum halda orðum og titlum við, þá ættum við að koma upp innlendum orðum, Fálkaorðu eða hvaða nafn menn nú vildu hafa, en ekki að vera að fá þær léðar frá öðrum ríkjum.

Á þjóðaratkvæði vildi eg minnast dálítið. Þegar er að tala um samband Íslands og Danmerkur, þá ætti að sjálfsögðu að bera það mál undir atkvæði þjóðarinnar. En í öðrum málum virðist mér það hættulegt, og gæti á stað komið mikilli óreglu. Má þjóðin vera sæmd af að láta fullfrúa sína ráða fyrir sig.

Ætti »referendum« að komast á, þá þyrfti ekki, þegar kosningarrétturinn verður almennur, að fara út fyrir Reykjavík til að finna 4000 kjósendur. En í öllum þeim málum, sem snerta frelsi

þjóðarinnar út á við, á að sjálfsögðu að leita hennar atkvæðis.

Á breytingartill. á þskj. 264 furðar mig mest. Þar er stungið upp á því, að konur fái fyrst kjörgengi fertugar, og þær sem nú eru yngri, verði að bíða ákveðinn tíma. Jafn sjálfsögð mannréttindi og kosningarrétt hafa konur altaf í sjálfu sér haft jafnt og karlmenn, og að skila þeim ekki þeim rétti þegar og öllum í einu, í því er engin sanngirni né réttlæti.

Annars er ekki mikil ástæða til að hræðast aukningu kosningarréttarins yfir höfuð. Því hefir verið haldið fram, að öll þjóðfélagsstofnunin mundi leika á reiðiskjálfi. En það þarf ekki að óttast það. Í öðrum löndum gæti það átt sér stað, þar sem stéttaskifting er, en hér er enginn stéttamunur; við erum öll eitt. Til að kjósa eru konur eins þroskaðar og karlar. Í sveitum fá hvortveggja hið sama uppeldi, en í þorpum er heldur munur.

Eg sé enga ástæðu til, að menn geti verið á móti þessu, nema þá, að kvenfólkið sé ekki eins stórhuga og eins miklir skörungar sem karlar. En það er áreiðanlegur hlutur, að konur eru eins stórhuga og karlar.

Þá er að minnast á tillöguna um að enginn megi bera fram breytingar við fjárlögin nema ráðherra.

Optat ephippia bos,
piger gestit avare caballus.

Þeim virðist við ekki geta gengið beizlislausir. Það sé eðli stjórnarinnar að ráða og segja fyrir, hve mikið fé þarf og til hvaða fyrirtækja. Hvernig færi nú, ef deildin vildi koma einhverju fjármáli fram, en stjórnin setti sig á móti. Þá yrði að hafa ráðherraskifti. Þessi tillaga er svo langt frá mínum skilningi. Eina röksemdin, sem eg hefi heyrt, er sú, að þetta eigi sér stað í enska heiminum. En enski heimurinn er engin röksemd, og þótt eitthvað sé heppilegt á Englandi, þá er ekki með því sagt, að það þurfi endilega að vera það hér á Íslandi. Það virðist eðlilegast, að fulltrúarnir geti borið fram óskir fólksins, kjósenda sinna. En með þessu er þjóðin útilokuð. Stjórnin getur bara sagt: Þegi þú!

Þetta er svo öfugt sem vera má, og vonast eg eftir, að menn verði móti slíkum tillögum. Annars er betra að gera stjórnarskrána þannig úr garði, að hún verði vel við unandi, og að ekki þurfi að tjalda til einnar nætur. Er því betra að vera ekki að koma með neina útúrdúra, eins og þessa efri deild, sem stungið hefir verið upp á. En hvað kvenréttindamálið snertir, þá vonast eg eftir, að það sýni sig við atkvæðagreiðsluna í þessu máli, að hinir heiðruðu deildarmenn séu undir tufflinum.

Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Háttv. framsm. minni hl. (J. Þ.) hefir ekki gert mikið að því, að færa rök fyrir máli sínu. Flest af því, sem hann sagði, hefir eingöngu verið orð fyrir fólkið, svo sem, að undarlegt væri, ef stöðulögin væru svo friðhelg, að ekki mætti við þeim hreyfa og þar fram eftir götunum. Það er ástæðulaust að bregða oss um *þá* skoðun, við höfum enga átyllu gefið til þess, heldur þvert á móti. Það er heldur ekki neitt hreystiverk að vera að koma inn í stjórnarskrána breyt. óviðkomandi málinu, sem hafa það eitt í för með sér að spilla fyrir henni. Hv. þm. ættu heldur að koma með frv. til sambandslaga, þá gætu þeir séð hvernig við tækjum í það. En eins og eg sagði, alt þetta gaspur um aukinn landsrétt o. s. frv. eru bara orð fyrir fólkið. Annars vildi eg gjarnan spyrja, hvorir álíta stöðulögin friðhelgari, þeir, sem viðurkenna

þau, ef ekki í orði þá á borði, eða við, sem ekki viljum minnast á þau? Hv. þm. sagði, að ef deildin samþykti ekki ákvæði brtill. hans við 1. gr., þá lokaði hún augunum fyrir hættunni. Hvaða hættu? Þeirri, að lifa undir stöðulögunum, eða hvað? En eg álít að það sé að loka augunum fyrir hættunni, að vilja viðurkenna gildi stöðulaganna á borði. Annars ber okkur vist ekki milli, að því er stöðulögin snertir, annað en það, að við viljum ekki vera að grauta því inn í þetta nauðsynjamál, sem getur orðið því að fótakefli, en það hefir, eins og eg sagði, enginn neitt á móti því, að hv. þm. beri fram frv. til sambandslaga, og þá getur hver tekið sína afstöðu.

Hv. minni hl. nefndarinnar kvað till. hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um »referendum« eða málskot nauðsynlega, þegar um sambandslög milli landanna væri að ræða. Hv. 1. þm. Rvk. (J.Þ.) var með tillögunni yfirleitt, en hv. þm. Dal. (B. J.) á móti henni að öðru leyti en þessu. Eg er honum alveg sammála alment, nema hvað eg skil ekki hvers vegna hann vill hafa inn í frv. ákvæði um málskot í sambandsmálinu. Við höfum nú þegar í frumvarpi voru þess konar ákæði, því að svo er fyrirskipað, að alþingi skuli rofið, þegar sambandslög eru samþykt. Eftir till. hv. þm. Dal. (B.J.) þyrfti þá að hafa 3 þing til þess að sambandslög yrðu samþykt til fullnustu. Eg hygg, að hv. þm. hafi ekki athugað þetta nægilega vel.

Hv. 1. þm. Rvk. (J.Þ.) var að minnast á þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti, eða pólitiska fermingu, eins og hann komst að orði. Mér virtist hann vera henni samþykkur í sjálfu sér, einungis vildi hann ekki hafa þar að lútandi ákvæði í stjórnarskránni, en vildi láta taka það upp í fræðslulögin. En þetta er algerlega röng skoðun hjá hv. þm. Það er stjórnarskráin, sem kveður á um kjörgengi og skilyrði fyrir kosningarrétti. Í fræðslulögunum gæti slíkt ákvæði því ekki staðið, án þess að koma í bága við stjórnarskrána. Annars vorum við víst sammála um efnið. Sumir álíta þekkingarskilyrðið alveg óþarft, en eg vil leyfa mér að benda á, að þekkingarskilyrði til alþingiskosningarréttar á ekki að verða og verður ekki neitt einstakt og óheyrt. Lík skilyrði eru líka sett í öðrum málum, t. d. er kosningarréttur í safnaðarmálum bundinn við það, að viðkomandi sé fermdur. Það þýðir meðal annars, að skilyrðið fyrir að njóta réttarins er, að kjósandi hafi staðist próf í kristilegum barnalærdómi, eða með öðrum orðum í trúfræði. Sé nú þetta nauðsynlegt skilyrði fyrir kosningarrétti í safnaðarmálum, þá virðist ekki síður áríðandi að heimta einhverja þekkingu á skipun stjórnar og landsmála af þeim mönnum, sem eiga að fara að hafa áhrif á landslög og rétt. Og sé hægt að kenna unglingum aðalinnihald af trúarkerfinu og siðfræðiskerfinu, því skyldi þá ekki vera eins einfalt eða miklu einfaldara að kenna þeim hvernig oss er stjórnað. Það grípur inn í það eitt, sem menn sjá alt af í kringum sig, en hitt nær yfir miklu djúpsettari hluti, sem okkur meiri maður hefir sagt um, að vitringunum væri óráðin gáta.

Það var minst hér á kver Jóns Hjaltalíns. Það er minni bók en kverið og mikið auðskildari. Það er ekki meira að skylda menn til að taka próf í þessum veraldarvísdóm en að láta þá ganga undir fermingu. Og þekkingarskilyrði er ekkert nýtt eða óheyrt. Í Bandaríkjaskólum eru börn látin læra yfirlit yfir stjórnartilhögun landsins, og víða er það skilyrði fyrir kosningarrétti að geta lesið stjórnarskrána og svarað svo út úr, að það sjáist, að kjósandaefni skilji það, sem hann les. Og það er

ekki örðugt að kenna aðalatriðin í stjórnarskipun okkar í litlu ágripi. Eg hefi heyrt því hreyft, að ekki sé áhættulaust að setja slíkt ákvæði, því að hlutdrægni vegna flokksfylgis gæti svo hæglega komist að við prófið. Eg held, að þetta sé hégóminn einber, því að í fyrsta lagi gengju menn helzt undir prófið á unga aldri, þegar þeir eru ekki orðnir við neinn flokk riðnir, og í öðru lægi er ekkert því til fyrirstöðu, að menn geti, ef þeim virðist hlutdrægni beitt, gengið undir prófið í annari sveit. Það er viðurkent hjá hinum vitrustu þjóðum, sérstaklega þegar um rýmkun kosningarréttar er að ræða, að nauðsynlegt sé að auka fræðsluna, sjá um að kjósendur séu sæmilega uppfræddir. Í öðrum löndum eru til ágætar kenslubækur um þetta efni, og ætti okkur ekki að verða skotaskuld úr að eignast slíkar bækur líka. Eg get minst á frönsku kenslubókina eftir Poul Bert, og »Politics for young Americans« eftir Charles Nordhoff.

Þá vík eg mér að háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) með málskotið. Hann sagði, að þingræðinu væri í mörgum efnum mjög áfátt. Það er satt. En eg vil ekki svara honum með því að segja, að öllu stjórnarfyrirkomulagi sé að nokkru ábótavant og verði seint fullkomið. En þegar einhverju er ábótavant, þá á að reyna að bæta úr hinum þektu göllum. Eg get nú ekki séð, að málskot bæti úr göllum þeim, sem á þingræðinu kunna að vera. Það er ekki *bót* á þingræðinu að *bana* því, því að annað gerir málskotið ekki að verkum. Mér dettur í þessu sambandi í hug sagan um manninn, sem hafði iðrakveisu og leitaði ráða hjá lækni. Læknirinn gaf honum það ráð, að eta hvorki súrt eða sætt, steikt, soðið eða hrátt. »Dó hann þá ekki?« var læknirinn spurður. — »Jú, víst dó hann — það gerum við allir — en *sjúkdómurinn fór úr honum!*«. Eins má segja um þingræðið, að með því að drepa það, hverfa gallarnir, en kostirnir hverfa líka og eg held, að alment málskot sé ekkert annað en banatilræði. Háttv. þm. sagði, að ný stórmál kæmu iðulega fyrir milli kosninga. Það er að vísu satt, en eg vil mótmæla því, að þingmenn eigi að eins að vera básúna fyrir skoðanir kjósenda sinna. Þeir eru sjálfstæðir menn, sem borið er traust til og eru kosnir sakir þektra aðal-skoðana sinna og mannkosta. Það er líka skýrt tekið fram í stjórnarskránni, að þeir séu *að eins* bundnir við sannfæringu sína, en ekki við neitt umboð frá kjósendum. Ef þeir í hverju sem er eiga að vera svínbundnir við vilja kjósenda, þá gef eg lítið fyrir þingfrelsi og stjórnfrelsi. Það mætti þá alveg eins afnema þingið og láta stjórnina með ákveðnu millibili senda atkvæðamiða um frumv. út um landið. Það hefir verið vitnað í Sviss, sem er eina landið hér í álfu, sem hefir málskot. Það er lítið land, með mörgum fylkjum, þar sem auðvelt er að ná saman. Í minstu fylkjunum eru ekki einu sinni kosnir þingmenn, heldur koma allir fylkisbúar saman og heyja þing. Það er því hér mjög óliku saman að jafna. Og hvernig hefir nú málskotið reynst þar? Það er svo langt frá, að það hafi verið, eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) virðist halda, knýjandi afl til framfara; þvert á móti hefir það altaf verið íhaldssamt og afturhaldssamt. Eg get því ekki skilið, að þetta fyrirkomulag geti fallið í geð háttv. þm. Rvk. (J. Þ.) og hinum öðrum framfara- og frelsishetjum, sem ekki vilja stöðva neinn straum í landinu. Þetta hefir verið svo mikið íhald, að það hefir ekki aðeins tafið fyrir hinum þörfustu

framfaramálum miklu lengur en 12 ár, það hefir oft og tíðum riðið þeim alveg að fullu.

Hv. þm. (Ó. Br.) gat þess og, að við hefðum málskot í sumum sveitamálum. Það er mikið rétt, en þar er alt öðru máli að gegna. Menn lifa og hrærast í sveitamálunum og hreppapólitíkinni, en hafa ef til vill ekki neitt hugboð um þingmálin og hvorki tíma eða tækifæri til að hugsa þau rækilega. Setjum nú svo, að eitthvert gott og þarft mál væri samþykt hér á alþingi og síðan borið undir alþýðuatkvæði, þá gæti ein grein um mjög svo smávægilegt atriði felt alt málið, hversu þarft sem það að öðru leyti er. Bændur greiða því ekki atkv. af því þessi agnúi er á þeim, vinnumenn ekki vegna annars agnúa, og lausamenn ekki vegna hins þriðja o. s. frv., og þó mundu allir álíta það hin þörfustu lög, ef aðeins þessir, ef til vill ímynduðu agnúar væri ei á þeim. Svona er hætt við að oftast færi.

Við skulum taka annað dæmi, segjum sem svo, að í stað ferðaáætlana kæmu lög frá alþingi um viðkomustaði strandferðaskipanna, væri þeim lögum skotið undir alþýðuatkvæði, mundu þau ekki ná samþykki í 10—20 ár, því að einn vildi hafa fleiri viðkomur á þesssum stað, annar á hinum o. s. frv., þangað til væri búið að horna alla firði og víkur landsins. Það er líka óhætt að telja það víst, að hefði fjárveitingunni til Ölfusárbrúarinnar hér á árunum verið skotið undir alþýðu, hefðu að eins nærsveitirnar samþykt hana og brúin væri líklega ekki gerð enn þann dag í dag. Þetta er líka mjög svo eðlilegt, því að hreppapólitíkin blindar menn, þeir verða svo þröngsýnir að þeir sjá ekki, að það, sem verður einu héraði að gagni, getur líka orðið til gagns öllu landinu. Réttlætistilfinning manna er ekki orðin svo rík ennþá og eg hygg, að margar af okkar þörfustu framkvæmdum, sem allir una vel við núna, lægu steindauðar, ef málskot hefði verið í lögum okkar. Málskotið kæmi ekki til leiðar þjóðræði, heldur hreinasta skrílræði. Háttv. þm. tók til dæmis, að sjálfsagt væri að bera ábúðarlögin undir alþjóðaratkvæði. Hann sagði, að allir bændur væri eins færir eða færari til að dæma um þau og við. Jæja! Það getur nú verið, en háttv. þm. gætir þess ekki, að alþýða manna eru ekki tómir bændur, hver lausamaður og lausakona, hver vinnumaður og vinnukona hlyti að dæma um þetta mál líka. Svo er og þess að gæta, að í Reykjavík er nú $^1/_7$ hluti allra landsmanna og þar verður, eftir að nýju kosningalögin eru komin á, $^1/_4$ hluti allra kjósenda landsins. Þó að nú allir bændur standi öðru megin og aðrir kjósendur skiftist jafnt í sveitunum, þá getur Reykjavík ein kollvarpað lögunum. Fleiri dæmi mætti nefna, en þetta er nóg til að sýna, að málskotið getur haft alveg óútreiknanlegar afleiðingar.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) vill banna öllum dómurum þingsetu. Eg hefi nú ekki svo ýkjamikið á móti því. Við höfum svo mikið af lögfræðingum, að ekki er hætt við, að skortur verði á þeim, þótt dómarar séu útilokaðir. En hefir háttv. þm. gert sér grein fyrir, hverja hann útilokar með þesssari tillögu sinni. Hann útilokar ekki einvörðungu yfirdómara, sýslumenn og bæjarfógeta, heldur líka alla þá, er í sáttanefndum sitja, því að þeim hefir með lögum verið gefið dómsvald í nokkrum málum. Eg held því, að tillagan sé viðtækari en hann hefir hugsað sér.

Sami háttv. þm. vill heldur leyfa en bjóða fjölgun ráðherra og verði þeim ekki fjölgað úr hófi fram, liggur mér það í léttu rúmi.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um

frumvarpið sáluga, sem hann og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) fiutti. Það er nú orðið ljóst af sjálfs hans orðum, að það var aldrei neitt frumvarp, en að eins stefnuskrá flokks þeirra. Ef svo hefir verið, þá er það nokkuð kynlegt, að flokkurinn skyldi afneita því um leið og það var borið fram. Annars hefi eg aldrei fyrri heyrt þess getið, að nokkuð frumv. til laga hafi verið borið fram í þeirri meiningu að samþykkja það *ekki*, en hafi það verið tilgangur háttv. flutnm., að þetta ætti að eins að vera stefnuskrá, þá áttu þeir að bera það fram sem tillögu til þingsályktunar, eða frumvarp til sambandslaga, en alls ekki sem breyting á stjórnarskrá.

Sami háttv. þm. sagði, viðvíkjandi stofnun hæstaréttar, að það væri íslenzkt sérmál. Það getur vel verið, að svo sé, en Danir munu nú líta öðru vísi á það. Æskilegt væri því, að ákvæði um stofnun hæstaréttar væri ekki sett inn í stjórnarskrárbreytinguna, því að það væri áreiðanleg leið til að hindra staðfestingu hennar.

Þá er eitt kjörgengisskilyrði háttv. minni hl., fæðingjaréttur settur af alþingi. Ef nokkuð mál er sambandsmál, þá er þetta það. Ef þesskonar ákvæði væri sett inn í stjórnarskrána mundi koma þvert nei við staðfestingu. Það verður að kveða á um það mál með sambandslögum. Eg geng að því vísu, að tilgangur þingsins sé að koma á þeim breytingum stjórnarskrárinnar, sem nauðsynlegar eru og þjóðin hefir krafist, en ekki að vera að hampa ríkisréttarkröfum, sem ekki koma málinu minstu vitund við. Þess vegna á ekki að taka nein þau ákvæði upp í stj.skr.br., sem líklegt er að verði staðfesting hennar til fyrirstöðu.

H. þm. (B. J.) var óánægður yfir orðum mínum um goluþytinn. En það var einmitt hið rétta hugtak. Það er ekki annað en goluþytur þegar æsingastraumur grípur þjóðina snögglega og hjaðnar svo niður og verður að engu eftir litla stund. Háttv. þm. sagði, að goluþyturinn gæti orðið að stormi. Veit eg það, Sveinki, en Ed. á alls ekki að hindra það, að hann verði að stormi, en hún á að vera prófsteinninn fyrir, *hvort* hann getur orðið það. Eg er ekki vanur að vera svo myrkur í máli, að eg hélt að flestir hefðu skilið orð mín áðan, að þessi var meiningin. Háttv. þm. sagði, að Ed. gæti tálmað góðu máli, ef ekki væri tækifæri nema einu sinni. En það er ekki síður goluþyturinn, sem getur verið því til tálma, að hægt sé að nota tækifærið, eins og sýndi sig á seinasta þingi þegar við áttum kost á að grípa það, en bárum ekki vit né gæfu til. *(Bjarni Jónsson:* Var ekkert tækifæri, góði!).

Hann sagði og, að framgjarnir menn eins og eg væri í aðra röndina, ættu ekki að verða alt of værukærir. Það er fjarri því, að eg sé það. En hitt er rétt, að eg vil að þjóðinni gefist tími til að hugsa málin og flana ekki að þeim í augnabliksæsingu. Og það sjá allir, og háttv. þm. Dal. (B. J.) líka, að það er sitt hvað, að hafna einhverju máli, eða skjóta því á frest um stutta stund.

Eg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði um gjaldþrota menn. Eins og nú er, fá þeir kosningarrétt eftir að skiftum er lokið. Það er rétt eins og verið sé að vinna eitthvert níðingsverk með því að útiloka þá menn frá kosningarrétti meðan á skiftum stendur. Þessi *suspension* er eðlileg vegna þess, að á meðan er fógeti að rannsaka, hvort gjaldþrotið er sviksamlegt eður ekki. Þetta er eingöngu frestur og tekur mest $^1/_2$—1 ár.

Hinn h. þm. (B. J.) spyr, hvort vér viljum níðast á fátækum mönnum. Eg

kveð nei við því. Eg hygg, að ekki sé hægt að saka oss í meiri hluta nefndarinnar um nokkura harðleikni. Það er nógu margt, sem er til sölu, nógu mikið, sem verzlað er með hjá oss, þó að vér aukum ekki varninginn með gjaldþrota mönnum eftir að þeir eru ný-orðnir gjaldþrota.

Um tillögu háttv. samþingism. míns (J. J.) er það að segja, að eg tel hana skynsamlega, ef á það er litið, hvernig kvenþjóðin notar þennan rétt sinn, sbr. bæjarstjórnarkosningarnar hér í Reykjavík síðast. Það hlýðir ekki, að konur fái þennan rétt hvort sem þær eru færar um að hafa hann eða ekki, og því er réttast að veita þeim hann smám saman. Og þótt eg sé kvenhollur, þætti mér ekkert gaman að því að mega búast við einum 20 konum á þing alt í einu.

H. hv. þm. Dal. (B. J.) var illa við tillögu okkar nafnanna um að frumkvæðið í fjármálum væri hjá ráðherra einum, og sagði, að með henni væri lagt beizli á þingið. Það eru nú svo mörg beizli á þinginu, stjórnarskráin, þingsköpin o. s. frv., að þessi ástæða hans verður ekki þung á metunum. Og að við séum að taka þetta upp eftir Bretum, eins og hann sagði, ætti ekki að vera ástæða móti heldur með tillögunni, því að Bretar eru hin fjárglöggvasta þjóð í heimi. Það er reynslan, sem hefir kent þeim.

Skúli Thoroddsen: Brtill. mínar eru flestar á þskj. 332. Þær hafa flestar borið á góma í nefndinni, en ekki náð fram að ganga þar.

Tillögur mínar miða að þrennu aðallega:

1. Efla og tryggja rétt þingsins.
2. Efla rétt þjóðarinnar.
3. Styðja persónufrelsi manna.

Að því er fyrsta atriðið snertir, lýtur þar að sú tillaga mín, að óheimilt sé að rjúfa þing fyr en eftir þann 8 vikna tíma, sem það hefir rétt til að vera saman. Það getur komið sér illa um fjárlög o. fl., ef hægt er að rjúfa þing fyr.

Að þessu lýtur einnig tillaga mín um það, að þing skuli haldið á hverju ári. Það eru mörg þing síðan farið var að hreyfa því, að þetta væri nauðsynlegt. Á milli þinga dofnar yfir þjóðinni og hún legst í pólitiskt dá. Þjóðin mundi miklu fremur vera vakandi, ef þing væri haldið á hverju ári. Menn bera kostnaðinn fyrir sig. Eg játa það, að kostnaður verður meiri við árlegt þinghald heldur en nú. En menn verða að gæta þess, að ein gagnleg lög vega margfaldlega upp kostnaðinn við eitt þinghald. Eg skal t. d. benda á lögin um það að borga verkamönnum í peningum, í stað þess að áður höfðu þeir verið látnir taka kaup sitt út í vörum. Hafa menn gert sér í hugarlund, hvílíka þýðingu slík lög hafa fyrir þjóðina. Þá er og eftirlitið frá þjóðarinnar hálfu miklu meira með árlegu þinghaldi.

Í samræmi við þetta legg eg til, að þingmenn séu kosnir til 3 ára í senn. Það er eðlileg afleiðing af því, að þing sé haldið á hverju ári. Þjóðin fær þannig frekari afskifti en áður og drýgri ráð yfir þinginu. Í samræmi við þetta er tillagan um, að kosið sé til Ed. til 6 ára. En þótt eg geti felt mig við frumv. með því að kjósa til 6 ára í Ed., get ekki felt mig við, að Ed. sé kosin til 12 ára, jafnvel þótt $^1/_3$ gangi úr eftir 4 ár o. s. frv. Eg tek undir með hv. þm. Dal. (B. J.), að við eigum ekki að hafa neinn stjóra eða ok til að hindra oss frá því að koma af stað gagnlegum breytingum. Það er betra að hlaupa á sig, heldur en að láta ógert áhugamál sitt. Vér getum líka leitt oss fyrir sjónir reynslu annarra þjóða, þar sem barátta er út af líku fyrirkomulagi.

Þriðja atriðið er að sjá persónufrelsinu borgið. Til þess má telja 6. brt. á þgskj. 332, að menn, sem þegið hafa sveitarstyrk eða eru gjaldþrota, séu eigi útilokaðir frá kosningarrétti. Það gat verið ástæða til að hafa þetta ákvæði meðan kosningarnar voru opinberar, en síðan þær urðu leynilegar, er ekki minsta ástæða til að halda því. Það er ónáttúrlegt að hegna þeim mönnum, sem oft kringumstæðnanna vegna komast í þessi vandræði, án þess að þeir geti nokkuð að gert. Til þess að styðja persónufrelsið lýtur og sú tillaga mín, að enginn sé skyldur að greiða til annarrar guðsþjónustu en hann aðhyllist sjálfur. Frumv. fer fram á, að sá sem er í engu viðurkendu trúarfélagi skuli greiða til skóla jafnmikið og honum bæri að greiða til þjóðkirkjunnar, ef hann væri í henni. Þetta ákvæði þykir mér mjög ófrjálslegt. Það er ómótmælanlegt, að trúmál eru algerlega persónulegt mál. Þau koma engum manni við, nema sjálfum manni. Ef hann vill ekki vera í kirkju- eða trúarfélagi, á hann að hafa heimild til þess, og vera sinn eiginn prestur, ef hann vill. Ef menn fara að flykkjast úr þjóðkirkjunni, er löggjafarvaldsins að finna ráð til að koma kirkjunni svo fyrir, að ekki skerðist persónufrelsi manna.

8. brt. mín miðar einnig að því að vernda persónufrelsið. Hún er þess efnis, að engan megi setja í gæzluvarðhald fyrir sakir, sem varða fésektum eða fangelsi. Nú má setja menn í gæzluvarðhald fyrir sakir, sem fésektir eða einfalt fangelsi liggja við. Þetta ákvæði þykir mér of strangt. Það eru mjög fá brot í hegningarlögunum, sem fésektir liggja við. Gæzluvarðhald er mjög mikið brúkað til að knýja menn til játningar, oft fyrir litlar sakir. Menn verða að gæta að því, hvað gæzluvarðhald er. Það veldur mönnum bölvi og hugarangri og álitshnekki. Geta þeir einir gert sér það í hugarlund, sem reynt hafa. Mín tillaga fer fram á það, að gæzluvarðhald megi eigi brúka nema við brot, sem þyngri hegning liggur við en fangelsi. Þótt það sé mikils virði að knýja menn til játningar, þá er hitt þó meira virði að ganga ekki of nærri persónufrelsi manna. Þótt lög séu til um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, eru þau lög mjög ófullkomin og ófullnægjandi.

Nú hefi eg rakið kjarnann í mínum brtill. Hinar aðrar brtill. mínar eru flestar orðabreytingar, sem standa í sambandi við hinar brtill.

Þó er. 9. brtill. á þgskj. 322 veruleg breyting. Í frumv. er gert ráð fyrir, að þing skuli rofið, þegar sambandslög eru samþykt. Þetta álít eg ekki alls kostar heppilegt ákvæði. Það getur gert þjóðina leiða á sambandslögunum, meðfram vegna kostnaðarins við aukaþingin. Það rákum vér oss á, er hin svokallaða Benediktska var á ferðinni. Eg vil að stjórnin hafi leitað hófanna um, hvort kostur sé á, að lögin nái staðfestingu, sé ella enga ástæðu til að hafa aukaþing.

Hinn hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir komið með brtill., sem feld var í nefndinni, um það, að konur fái ekki kosningarrétt aðrar en þær, sem fertugar eru, þegar lögin öðlast gildi, og færist svo aldurstakmarkið niður á við um 1 ár á ári hverju, unz allar konur 25 ára og eldri hafa fengið kosningarrétt. Þessi tillaga ætti að falla hér í einu hljóði. Það eru nú 20—30 ár síðan fyrst var farið að hreyfa þessu máli, í mínu blaði og á Þingvallafundinum 1888. 1891 var borið upp frumv. um þetta á þingi. Síðan hafa komið fram áskoranir um þetta mál hvaðanæva, fyrst frá Ísafjarðarkaupstað. Raddirnar um þetta

mál hafa æ orðið háværari, svo að líta verður svo á, að þetta sé alment áhugamál. Því getur enginn neitað, að þjóðmál varðar alla jafnt, karla og konur.

Eg vona því, að ekki sé neinn vafi á því í þessu máli, hvernig greiða beri atkvæði. Sama er að segja um till. h. 2. þm. Árn. (S. S.), sem fer ekki lengra en það, að veita megi konum atkvæðisrétt með einföldum lögum. Það er engin ástæða til þess, að fresta þessu máli, allir játa, að hér er kvenþjóðinni órétt-ur ger í pólitiskum skilningi, og þótt hið sama viðgangist annarsstaðar, þá er það ekki betra fyrir það. Það er því brýn skylda að bæta úr þessum órétti nú þegar, og það til fulls, eins og konur eiga heimtingu á. Svo hefi eg ekki meira um mínar breyt.till. að segja.

Út af ræðu háttv. 2. Árn. (S. S.) skal eg geta þess, að eg álít það ákvæði í frumv., að ráðherrar skuli vera þrír, mjög til bóta. Það, að völdin séu hjá einum manni, getur oft leitt til mikils ills, auk þess sem sjórnin verður fjölhæfari, ef hún er skipuð fleiri mönnum. Hinn háttv. þm. leit á kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða. Eg hygg að hann hafi ekki ihugað það mál nógu rækilega. Þótt einn af ráðherrunum yrði sem »repræsentant« landsins látinn halda þeim launum, sem nú eru, þá dettur víst engum í hug að fara að launa hina tvo nema með svo sem 5 þús. kr., eða svipað því, sem landritari hefir nú. Þá verður líka landritaraembættið úr sögunni, og það gæti líka komið til greina, að ráðherrarnir tækju að sér eitthvað af störfum skrifstofustjóranna. Að minsta kosti ættu þeir þá að verða ódýrari en nú.

Jón Jónsson S.-Múl.: Eg bjóst við því, að mega geyma mig lengur en þetta, en úr því að enginn hefir beðið um orðið verð eg að taka til máls strax til þess að mæla dálítið með breyt.till. minni, og ætti það að vísu að vera létt verk, því að eg hefi verið svo heppinn, að flestir hafa haft góð orð um hana, nema ein eða tvær frjálsræðishetjur. Því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði um hana, er lítil ástæða til að svara. Það voru eintómar fullyrðingar, en engin rök. Ein af þeim fullyrðingum var sú, að það væri ranglæti og handahóf að takmarka kosningarrétt eftir aldri. Eg vil nú spyrja. Á hverju er það þá bygt að hafa nokkurt aldurstakmark að neðan? Eg sé ekki betur, en að ef þetta væri rétt hjá honum, þá mætti altaf færa sig neðar og neðar, niður í barnið í vöggunni úr því það fer sjálft að geta sagt já og nei.

Hann gaf það eftir, að í öðrum löndum kynni þetta, að fjölga svo mjög kjósendum í einu og hleypa að öllu kvenfólki, að vera ekki hættulaust, en það væri hættulaust hér, því að hér væri alt jafnt konur sem karlar. Að vísu virtist hann óra fyrir einhverjum ofurlitlum mun á körlum og konum í þorpum og kaupstöðum, en í sveitum væri alls enginn munur. Eg skil ekki þetta og verð að halda, að það sé alveg rakalaust, því að eg held að eðlismismunurinn verði alstaðar álíka mikill

En svo eg snúi mér nú að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þá þótti honum það kenna dirfsku af mér að koma fram með þessa breyt.till. Það mun nú sýna sig, hvort margir taka henni eins og hann. Eg er viss um, að hún fær talsvert mörg atkvæði, og mér kæmi það meira að segja ekkert á óvart, þótt hún yrði samþykt hér, og þá líklega líka í háttv. Ed.

Menn spyrja hvað mér hafi gengið til. Aðalástæða mín er sú, að eg tel það með öllu óráðlegt að fjölga kjósendum um alt að $^2/_3$ hluta alt í einu. Það getur ekki verið hættulaust. Og eg vil spyrja háttv. mótstöðumenn mína, hvort

þeir geti bent á, að nokkur mentuð þjóð hafi þorað að gera þessu líka tilraun. Nei, menn hafa farið aðra leið, vér Íslendingar eins og aðrir, sem liggur nær minni. Kosningarréttur fyrst afartakmarkaður og síðar aukinn smátt og smátt, og það er að ætlun minni eina rétta leiðin. Hitt er gapaskapur, það skal eg fullyrða þangað til mér verður sýnt fram á annað.

Háttv. þm. Dal. hafði um það kerskileg orð, að við mundum vera hræddir um að konur skorti hugrekki til þess að standa með okkur í frelsisbaráttunni, og hagaði svo orðum sínum, að auðsætt var að hann var að bregða mér og öðrum, sem vilja fara dálítið hægra en hann, um hugrekkisskort. Já, eg skal játa það, að mig brestur hugrekki til þess að fylgja því, að löggjafarvald Íslendinga geri sig viðfrægt af endemum, eins og nú virðist vera stefna sumra þingmanna. Það sýndi sig á síðasta þingi og hér er enn unnið í sömu átt.

Fyrst eg stóð upp, verð eg að skýra hvað það er inst inni í huga mínum, sem veldur því, að eg tel kosningarrétt og kjörgengi kvenna vera til ills, heldur en góðs. Menn eru sí og æ að tala um að nema burtu órétt og leysa höft. Það getur nú verið rétt, en það er ekki nema önnur hliðin. Hin hliðin er sú, að kasta ábyrgð og skyldustörfum yfir á þá, sem ekki hafa haft af þeim að segja hingað til, og það er líka vert að líta á þá hliðina. Eg hefði talið mér skylt að styðja hverja þá till., sem frestaði eða drægi úr þessu gönuhlaupi með útfærslu kosningarréttarins, og þá einkum að því, er tekur til kvenfólksins, og þá auðvitað líka till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S), sem miðar dálítið í þá átt, ef ekki væri sá galli á henni, sem er. Eg tel sem sé rétt, að *öll* ákvæði um kosningarrétt eigi að standa í stjórnarskránni, og að ekki megi leyfa að raska við svo merkilegu grundvallaratriði með einföldum lögum. Þess vegna get eg ekki stutt tillögu hins háttv. þingmanns.

Menn tala um, að það séu afarmiklar framfarir, að þeim fjölgi sem allra mest, er taka starfsaman þátt í opinberum málum. En eg vil aftur leiða athygli að því, að þetta er að eins önnur hliðin. Öllum réttindum fylgja — og eiga og fylgja skyldur. Hver sú kona, sem fær þennan rétt tekst þá sjálfsögðu skyldu á hendur að fara vel með hann. Til þess að geta það þarf hún að *kunna* það, þarf að hafa þá *þekkingu*, sem til þess þarf. Eg veit, að karlmenn hafa hana ekki allir, en skyldir eru þeir til þess eins fyrir því. Og vilja menn nú halda því fram, að sá tími, sem konur verða að eyða til þess að gera sig hæfar til að neyta þessa réttar svo sem vera ber, gæti ekki eins þarflega fyrir þjóðfélagið orðið notaður til einhvers annars? Hitt hljóta allir að játa, að sá tími, sem varið er til þess, verður ekki notaður til annars. Staða konunnar er aðallega sú, hér eins og annarsstaðar, að vera móðir og húsmóðir, og eg geri ráð fyrir, að enginn sé svo djarfur að halda því fram, að það sé þýðingarminna að ala upp börn og standa fyrir heimili, en að halda misjafnar ræður á alþingi. Það er því einfalt og auðsætt, að sérhvað það, sem dregur huga konunnar frá heimilinu, er úr lakari átt, og þarf mikið gott á móti að koma, ef ábati á að verða að því.

Eg vil líka benda á það, sem eg hygg vera flestra manna reynslu, að pólitisk störf eru ekki vel löguð til þess að auka hina fínni og viðkvæmari kosti nokkurs manns. Og eg hygg, að ef það væri á nokkurn hátt unt, þá væri það þarft verk að aftra konum frá því að gefa

sig í hið pólitiska skítkast og gera sig þannig konur að verri. Eg fyrir mitt leyti er öldungis viss um, að það mundi leiða til þess, að lífsfarsældin yrði minni, og mæla þó margir, að hún megi ekki minni vera. Sá eðlismismunur, sem er, má ekki missa sig. Þegar fram í sækir og til lengdar lætur má vera að hugsunarháttur kvenna breytist, en þá leysast líka heimilin upp. Þetta kalla nú sumir fjarmæli, en margir vitrustu menn heimsins eru nú samt á þessari skoðun.

Eg hefi nú notað tækifærið um hríð til þess að skýra frá því, hve mikill afturhaldsmaður eg er, og þá vænti eg, að eg verði að segja hvers vegna eg gerðist með öðrum flutningsmaður að stjórnarskrárfrumvarpi, sem veitir konum kosningarrétt. Það er af því, að með þessu virðist vera orðinn svo afarsterkur straumur alstaðar, þótt hvergi sé hann örari en hér, að eg þykist sjá fram á það, að hann verði ekki stýflaður. Þess vegna tel eg það viturlegra að reyna að beina straumnum í þá átt, að hann verði að sem minstu tjóni, sem unt er.

Eg hefi ætíð litið svo á og mun ætíð líta svo á, að þegar svo er komið, að kjósendum fjölgar svo afar mikið, þá sé lífsnauðsyn að setja einhverja stöðvun í stjórnarmaskínuna — einhverja seglfestu í skútuna — og því eru ákvæði meiri hl. um skipun efri deildar svo nauðsynleg, að eg álít, að engu megi frá þeim víkja til rýmkunar frá því, sem orðið er. Meira að segja, til þess að hafa nokkurnveginn örugga festu í löggjöf og stjórn þessa lands, þá tel eg það mjög illa farið, þótt það yrði nú ofan á, að kosningarrétturinn til efri deildar var ekki takmarkaður meir en gert var hjá nefndinni. Við höfðum upphaflega í frumvarpinu hugsað okkur 35 ára aldurstakmark, og eg segi fyrir mig, að eg lýsi yfir því, að ef þessari litlu kjölfestu, sem enn er haldið eftir í frumv., verður líka kastað út, þá get eg ekki verið fylgjandi neinni rýmkun kosningarréttarins.

Eg geri ráð fyrir því, að það sé óþarfi að tala meira um þetta. Aðeins skal eg benda á það, að ef »referendum« yrði samþykt, sem eg alls ekki mæli með, þá styð eg þá tillögu um það, sem er frá háttv. þm. Sfjk. Hún hefir það fram yfir hinar, að þar er stjórninni líka áskilinn réttur til þess að skjóta málum undir atkvæði þjóðarinnar. Það er einsætt, að slíkt getur verið mjög hentugt. Ef stjórnin t. d. legst mjög fastlega á móti einhverju, sem þinginu er áhugamál og samþykkir sem lög, þá er ekki um annað að gera fyrir hana, eins og nú stendur, en annaðhvort að segja af sér eða rjúfa þingið, og það er dýrt spaug. Þetta ákvæði er því hentugt og enginn skaði að því, að stjórnin hafi þennan rétt. Líka er bót að því í þessari tillögu, að þar er ekki einungis gert ráð fyrir 4000 kjósendum, er heimti alþjóðaratkvæðið, heldur og 12 alþingismönnum. Vildi eg því, ef nokkur till. yrði samþykt í þessa átt, þá yrði það þessi.

Þá er br.till. frá vini mínum, háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), þar sem hann vill fara bil beggja milli till. okkar Sunnmýlinga og nefndarinnar. Við viljum taka frumkvæðið til fjáveitinga af öllum þingmönnum, en hann vill taka það af einstökum þingmönnum, en leyfa það fjárlaganefnd í heild sinni. Eg viðurkenni, að þetta er í áttina, og mun greiða atkvæði með þessari till. hans, ef okkar till. nær ekki fram að ganga.

Eg hefi ekki tekið eftir því, hvort háttv. framsögum. hefir tekið nokkuð fram um 14. br.till. þeirra þm. Dal. (B. J.), sem minni hl. ætlast til að sé samþykt Það var af vangá, að meiri hl. kom ekki með till. þessa efnis. Eg tók heldur ekki eftir því, hvort háttv. framsögum. skýrði það, hvað fyrir okkur vakti, þeg-

ar við völdum að halda tölunni 40 á þingmönnunum, og skiftinguna 25 og 15. Eg get nú sagt fyrir mig, að tölurnar 24 og 12 hefðu verið mér eins kærar, en eins og við vitum, er gert ráð fyrir að kjósa til efri deildar $^1/_3$ hluta þingmannanna 4. hvert ár með hlutfallskosningum. Þessi kosningaraðferð kemur ekki að tilætluðu haldi, ef mjög fáir verða kosnir í einu, og hagsmuna meiri hlutans er betur borgið með tölunni 5 en tölunni 4. Þetta var mín einka ástæða, þótt eg haldi ekki fast við hana. Eg vildi aðeins benda á þetta, ef það hefir ekki verið tekið fram áður. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) var einhverntíma í dag að hafa á móti þessari tilhögun á kosningum til efri deildar, og bar hann þær saman við það, sem ætti sér stað í Noregi, sem hefir óskift þing, eins og hann vill hafa. En þetta er ekki réttur samanburður, því að hér í frumvarpinu er gert ráð fyrir frium einföldum kosningum, en í Noregi eru tvöfaldar kosningar (*Jón Ólafsson:* Ekki nú lengur). Sé svo, bið eg forláts.

Þá var háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að bera okkur saman við þing Dana og sagði, að þar væri tvískiftingin og sérstaklega þá Landsþingið til mikils skaða; þetta er ekki saman berandi, því að kosningarrétturinn til Landsþingsins er annar en til Fólksþingsins, en hér er gert ráð fyrir sama kosningarrétti til beggja málstofanna. Danir hafa heldur ekki sameinað þing.

Áður en eg sezt niður, verð eg að benda á það, að eg get með engu móti verið samdóma háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, að kjörtímabilið skuli vera svo stutt, ekki nema 3 ár. Eg held, að það verki í sömu átt eins og annað hjá þeim háttv. þm., þá átt sem sé, að auka los og stefnuleysi í löggjöf og stjórn landsins, auk þess sem það er athugavert þess vegna, að kosningar kosta ærið fé í hvert skifti.

Eg vil skjóta því til manna, hvort ekki mætti breyta því með samkomulagi þannig, að kjörtímabilið yrði ekki skemmra heldur en 5 ár, ef það skyldi verða ofan á, að þing yrði haldið árlega. Eg vil taka það dæmi — þótt það þyki líklega fásinna eða goðgá nú orðið að nefna England sem fyrirmynd fyrir *okkur* — að kjörtímabilið hefir verið 7 ár hjá Englendingum hingað til, en nú eru þeir fyrst að færa það niður í 5 ár, og neðar vil eg ekki að við förum.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að tala örfá orð viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og framsögum. meiri hl. (J. Ól.) hafa sagt.

Þessir háttv. þm. eru óánægðir með það, sem eg ásamt fleiri mönnum hefi borið fram um það, að gjaldþrotamenn og þeir, er sveitarstyrk þiggja, hafi kosningarrétt til alþingis. Þeir vilja svifta þessa menn réttindum fyrir það, að einhver atvik hafa orðið þess valdandi, að þeir hafa eigi jafnmikið fé í höndum og einhverjir aðrir kjósendur. Enda þótt eg ímyndi mér, að hinir háttv. þingmenn muni ekki vilja halda því fram, að þessir menn geti ekki haft jafnmikið vit á því að kjósa menn til alþingis eins og hinir, sem einhverra hluta vegna eru svo heppnir, að eiga nokkrum krónum meira. Og þegar litið er til hins, hversu sárafáir þessir menn eru af öllum kjósendum landsins, þá verður það nærri hlægilegt að vilja svifta þá þessum rétti, því það munar ekki þeim ósköpum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. (J. Ól.) sagði um það, að ekki væri vert að auka svo stórkostlega kosningamarkaðinn hér á landi, það væri nóg verzlað samt, skal þetta sagt. Jafnvel þó að eg áliti það sitji á öðrum betur en hinn háttv. þingmanni að tala um kaupskap í þessu efni, þá er eg hinsvegar honum alveg samdóma um það, að það er nú

þegar nóg verzlað á kosningamarkaðinum, því altaf er þar eitthvað af þeim, sem má kaupa, en þá vildi eg að eins segja til hins háttv. þingmanns:

„Skjót þú geiri þínum þangað
sem þörfin meiri fyrir er“

og mín sannfæring er það, að slík verzlun muni minka, ef konum verður veittur almennur kosningarréttur.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði mikið um pilsalista, er fram mundi koma við nýjar kosningar, ef konur fengju kosningarrétt. Það er mér enginn þyrnir í í augum; en því talaði hinn háttv. þm. þá ekki um brókalista, því það veit hann þó vel, að búningurinn einn gerir ekki mun á því, hverjir muni kjósa bezt og viturlegast, og þótt hann taki til dæmis bæjarstjórnarkosninguna hérna í bænum, þá veit hann fullvel, að mikill munur er á alþingiskosningu og bæjarstjórnarkosningu, og þótt svo færi, að einhverjar konur yrðu kosnar á þing, þá yrði eg ekki neitt hræddur við það, þótt eg sæi konur hér í þingsalnum, því þær eru eflaust eins staðfastar, vitrar og kurteisar eins og við.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) var æríð þungorður í minn garð út af kvenfólkinu, og sagði, að eg hefði ekki komið með annað en tómar fullyrðingar, engin rök fært fyrir mínu máli. Að eg ekki kom með rök fyrir mínu máli, stafar af því, að eg hélt, að eg þyrfti þess ekki; þar sem hér er um skýlausan rétt kvenfólksins að ræða, þótt við ekki höfum viðurkent hann fyr en nú, þótt þær að sjálfsögðu hefðu átt að vera búnar að fá hann viðurkendan fyrir löngu. Og svo kemur hinn háttv. þm. fram með þá tillögu, að þær einar konur skuli öðlast þennan rétt, sem séu orðnar 40 ára eða eldri. Eg get ekki séð af hverju hinn háttv. þm. velur einmitt þessa tölu, því það hlýtur alveg að vera af handahófi gert. Því byrjaði hann þá ekki eins vel á neðri endanum, t. d. 21 árs aldrinum, ellegar þá í miðjunni á 30—35 ára aldrinum, fyrir því hefir hann engin rök fært, því þetta er alveg af handahófi og út í loftið hjá þingm.

Þá lýsti þm. allri sinni furðu yfir því, að eg sagði, að nálega enginn munur væri á mentun karla og kvenna í sveitum, né á þroska þeirra í almennum málum. Þetta hélt eg, að þm. mundi vera kunnugt, þar sem að hann hefir dvalið lengi í sveit; hins vegar skal eg játa það, að töluverður munur er á karlmönnum og kvenmönnum í þessu tilliti í bæjunum og það einkum hér í Reykjavík. Þetta veit eg, að allir vita eins vel eins og eg og kannske mikið betur. Þá hélt hann því fram, að það mundi vera mikið óráð að fjölga svo mikið kjósendum í einu, og hann heimfærði sögudæmi fyrir því, hvernig þetta muni gefast, og skal eg þá benda honum á, að meiri munur hefir það verið, þegar að einvaldarnir settu á stofn löggjafarþing og gáfu mönnum kosningarrétt, því að þar var áður enginn sem kosningarrétt hafði, þ. e. sama sem núll, en óx alt í einu upp í mörg þúsund eftir því hvað fjölment var í hverju landi.

Þá sagði sami háttv. þm. að eg hefði brugðið sér um hugleysi, en það er ekki rétt, heldur var eg að áminna mig og aðra um það að vera ekki með mjög mikinn kynferðishroka; en það sem eg sagði átti als ekki að vera brigsl til neins sérstaks manns. En það vil eg minna hinn háttv. þm. á, að hann skorti ekki hugrekki til þess að samþykkja sambandslagafrumvarpið sæla, smátt happaverk, þótt hann nú virðist skorta hugrekki til þess að gefa þeim helmingnum réttindi, sem áður hefir verið órétti beittur, nema að hálfu leyti, þannig að hann vill taka aftur með annari hendinni, það sem hann gefur með hinni. Ef að hans tillaga verður samþykt, þá

er eg viss um, að fólki finst mikið til um þann dýrmæta grip, og það mun sannarlega ekki leyna sér hverjir ávextirnir verða. Þá talaði hann um ábyrgð, sem karlmennirnir þyrftu að hafa við kosningar, og að kvenfólkið væri svo illa undirbúið að það gæti ekki tekið þátt í þeim; þá vil eg skjóta því að hinum háttv. þm. að hann hefir komið með tillögu um að hafa kosningapróf, sem þá að sjálfsögðu nær einnig til kvenmannanna og háttvirtur þm. ætlar sér líklega að vera prófari og prófdómari við þau próf. Þá mintist háttv. þm. á, að kvenfólkið hefði ekki tíma til að taka þátt í stjórnmálum, eða pólitík eins og sumir menn kalla, en eg held, að þeim tíma sé ekki ver varið en hjá karlmönnunum, og þó að þingmaðurinn talaði um, að kvenfólkið hingað til hafi mest gengt húsmóður- og uppeldisstörfum, þá vil eg halda því fram, að þær muni alveg eins halda því áfram að vera mæður og hugsa um menn sína og heimili, þótt þær fái réttindi sín, nema hvað þær muni vera mikið færari um það að veita börnum sínum gott uppeldi, ef þær sjálfar hafa tekið þátt í alennum málum, með fullu jafnrétti við karlmenn. Hinsvegar skal eg játa það rétt hjá hinum h. þm., að það er fyllilega eins veglegt starf að annast um barnauppeldi og húsmóðurstörf eins og að standa hér á þingi og halda misjafnlega góðar ræður, og hann heldur því fram ennfremur, að þær væru of góðar til þess að kasta þeim inn í hið pólitiska skítkast, en þm. gætir ekki að því, að það eru einmitt þær sjálfar, sem vilja takast þetta á hendur, og trúa mín er sú, að hið pólitiska skítkast muni þverra, þegar þessi kurteisari helmingur mannanna tekur þátt í stjórnmálastörfum ásamt karlmönnum, því það verður til þess, að karlmennirnir munu temja sér meiri kurteisi bæði í orði og í verki.

Þá benti hinn háttv. þm. á það, að margir af vitrustu mönnum heimsins væru á móti kvenfrelsi, en eg vil þá geta hins, að eg get bent á alt eins marga vitra menn, sem eru á gagnstæðri skoðun.

Eg sé nú að háttv. deildarmenn eru farnir að ókyrrast, og þykir víst eg hafa talað all-langt mál, en þó vil eg áður en eg sezt niður benda 1. þm. S.-Múl. (J. J.) á það, sem hann talaði um, að ekki mundi vera hægt að stemma stigu fyrir þessum kvennfrelsistraum, sem nú væri uppi, og væri þá heppilegra að veita þeim straum í beinan og góðan farveg, heldur en að stríða á móti honum, því að það mundi leiða til þess, að við mundum hér verða fyrir sömu búsyfjum frá kvenfólksins hálfu eins og nú eiga við að búa margar erlendar þjóðir, einkum Englendingar. En hann ætlar að leiða strauminn rangt. Því að ef við ætlum að mjatla þessum réttindum í kvenfólkið í 12—15 ár, þá er það óhjákvæmilegt, að slíkt hlýtur að vekja óánægju kvenþjóðarinnar og því koma fram það, sem þm. vill forðast. Eg er ekki hræddur við, að þjóðarskútan muni kollsigla sig, svo sem þeir kveða að orði þm. S.-Múl., þó að við ekki höfum þessa seglfestu. Seglfestan er nóg samt, þar sem er vanastagl og elliþvagl kulnaðra sálna.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson):* Herra forseti. Hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hélt því fram, að stundum væru samþykt svo góð lög á þingi, að háski væri að þau drægjust eitt ár og nefndi hann til dæmis lögin um greiðslu verkamannakaups í peningum. Satt er það, að það eru góð lög, en þó mundi landið hafa

*) Upphaf þessarar ræðu er svo vitlaust skrifað, að eg skil ekkert í því, og man nú ekki samhengið lengur, verð því að sleppa því úr — J. Ó.

staðið, þótt þau hefðu dregist um eitt ár; enda er sá galli á þeim, að þau ná ekki tilgangi sínum sakir þess, að í þau vantar öll hegningarákvæði, svo að enginn *þarf* að hlýða þeim framar en hann vill. Nú eru mörg ár liðin síðan lög þessi voru samþykt og hefir hinn h. þm. þó ekki notað þann tíma til þess að bæta úr þessum galla. En ef til vill notar hann nú betur tímann til næsta þings, og væri það þarfara verk en að þvinga árlegum þingum upp á þjóðina.

Þá var hinn háttv. þm. óánægður með að setja mætti menn í gæzluvarðhald, nema þeir væru sakaðir um glæpi sem vörðuðu betrunarhússvinnu. Það var á honum að heyra að tilgangur gæzluvarðhalds væri sá einn, að fá menn til þess að játa, en tilgangurinn er engu síður sá, að hindra menn í að afmá spor glæpsins og bera sig saman við þá, sem meðsekir eru. Eg hefi ekki orðið þess var, að dómarar hér á landi hafi misbeitt valdi sínu að þessu leyti og auk þess eru til lög um bætur fyrir óverðskuldað gæzluvarðhald.

Þá er að minnast á þá brtill. hins háttv. þm., að ef frv. til sambandslaga er samþykt af alþingi, þá skuli stjórnin því að eins skyld að rjúfa þing, að hún vilji veita frv. fylgi sitt. Hann vitnaði um þetta til þeirrar reynslu, sem menn hefðu fengið á dögum »Benediktskunnar«; en þá gegndi öðru máli, þá var ekki þingræði í landinu. Ef ráðh. yrði nú í ósamræmi við meiri hluta þings um slíkt frv., þá yrði hann að víkja úr völdum. Það lítur annars út fyrir, að hinn háttv. þm. geri ráð fyrir svo slæmri samvinnu villi stjórnar og þings, að ráðh. láti þingið ekki vita um afstöðu sína til slíks máls. Eg man ekki betur en að hinn háttv. þm væri óánægður með að Björn Jónsson veik ekki úr völdum, þegar hann gat ekki komið þingfrestuninni fram samkvæmt vilja meiri hlutans.

Loks er að geta um það í ræðu hins háttv. þm., að ef ráðherrar yrðu 3, þá mætti fækka skrifstofustjórum, ráðherrarnir gætu þá sjálfir verið skrifstofustjórar. Hinn háttv. þm. mun verða annarar skoðunar, þegar hann sjálfur verður ráðherra; hann mun þá sjá, að þetta væri slæmur sparnaður, enda er það alment viðurkent af stjórnvitrum mönnum, að hin mesta nauðsyn beri til, að stjórnarskrifstofunum sé stýrt af *föstum* embættismönnum, svo að tryggging fáist fyrir reglu og samhengi í stjórnarfarinu. *Mill* t. d. leggur hina mestu áherzlu á þetta.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði margt um kvenfrelsismálið. Eg hefi áður lýst yfir því, að eg muni greiða atkv. með tillögu hans, en ástæður mínar í því máli eru aðrar en hans. Hann er mótfallin kvenréttindunum, en eg er þeim fylgjandi. Hann vill veita kvenfólkinu nokurn rétt, vegna þess að hann heldur, að árangurslaust muni verða að veita kvenréttindahreyfingunni mótspyrnu, en eg vil auka réttindi kvenna smátt og smátt, til þess að þeim gefist tækifæri til þess að þroskast og undirbúa sig undir hina pólitisku starfsemi. Hann og margir aðrir tala eins og sjálfsagt væri, að allar konur færu að vasast í pólitik, ef þær fengju pólitisk réttindi, en á því er engin hætta fremur um þær en um karlmenn. Eg skal ekki fara að kappræða við hinn háttv. þm. (J. J.) um þær ástæður, sem hann færði gegn kvenréttindunum, eg vil aðeins minnast á eina þeirra, að kvenfólkið megi ekki fást við annað en barnauppeldi. Ef svo er, hvers vegna meinum vér þeim þá ekki að fást við slík störf, sem hljóta að hindra þær í að rækja uppeldisverkið? Höfum vér ekki á þessu þingi verið að semja lög um, að þær mættu vera dómarar, lækn-

ar, prestar o. s. frv.? Verzlunarstörf hafa margar þeirra á hendi nú þegar, og er þó augljóst, að alt þetta mundi stórum trufla uppeldisstarfsemi þeirra. Eftir því sem baráttan fyrir lífinu harðnar, eftir því verður örðugra að stofna hjúskap og hljóta því margar konur að lifa ógiftar, en þá er rangt að meina þeim að stunda nokkra heiðarlega atvinnu. En annars vil eg taka það fram um barnauppeldið, að þar hefir faðirinn og á faðirinn ekki að hafa minna að segja en móðirin; um sjálfan mig að minsta kosti get eg fullyrt, að eg hefi að því leyti eins mikið frá föður mínum eins og móður minni. Uppeldið er ekki alt fólgið í því að kenna börnunum að lesa og skrifa, og jafnvel þá kenslu annast feður ekki síður en mæður. Eg mundi álíta sjálfan mig lélegan húsföður, ef eg hefði ekki getað tekið þátt í uppeldi barna minna ásamt móður þeirra. — Nei, eg ætlast ekki til, að allar konur fari að vasast í pólitík eða að þær fari allar í embætti, en ef kona finnur köllun hjá sér til slíkra starfa, þá tel eg rangt, að lögin meini henni það. En ef þær finna ekki köllun hjá sér, þá er ekki hætt við, að þær fari að fást við slíkt.

Einn háttv. þm. mintist á br.till. á þskj. 287 um að breyta orðinu *ráðherra* í *ráðherrar*, þar sem talað er um að hann (eða þeir) eigi sæti á alþingi. Þessi br.till. er *ónóg*, því að mörgum öðrum stöðum þyrfti að breyta á sömu leið, og hún er *óþörf*, því að í frumv. sjálfu er það tekið fram skýrum orðum, að hvarvetna þar sem stendur *ráðherra* skuli koma *ráðherrar*, eftir að þeir eru orðnir fleiri en einn. Þetta tekur út yfir öll tilfelli.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) reyndi að færa sögulega dæmi gegn því, að nokkurntíma bæri að veita mönnum pólitísk réttindi í smáskömtum. (*Bjarni Jónsson:* Hefi aldrei talað í þá átt!) En ekkert er auðveldara en að nefna mörg dæmi þess, að sú aðferð hefir verið höfð. Hjá oss fengu konur fyrst kosningarrétt og kjörgengi í sveitamálum, síðan í safnaðamálum, og nú er loks farið fram á full pólitísk réttindi handa þeim. Eg skal taka annað dæmi. Eins og flestum mun kunnugt, var þrælum í Bandaríkjunum gefið alt í einu frelsi og atkvæðisréttur eftir borgarastríðið. En þetta hefir orðið svertingjum til stórs skaða, því að hinum hvítu borgurum stóð sá stuggur af þessari skyndilegu byltingu, að þeir síðan hafa neytt allra ráða til þess að bægja þeim frá að nota atkvæðisrétt sinn, og hefir það mikið til hepnast, þótt með ólögum sé gert. Mikið betur hefir gengið í Brasilíu, en þar var sú aðferð höfð, að öllum svertingjum, sem fæddust eftir að lögin voru gengin í gildi, var gefið frelsi; hinum smátt og smátt. Háttv. þm. talaði um próf, sem halda ætti fyrir kosningar, en í frumv. er aðeins talað um þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti. Hann reyndi og að ögra með, að kvenfólkið hér mundi gera uppþot eins og kvenfrelsiskonurnar á Englandi, ef þær fengju ekki öllum sínum kröfum fullnægt í einu. En á Englandi varð uppþotið vegna þess, að þar var konum synjað um allan pólitískan rétt. Hér gegnir því alt öðru máli, hér væri ekki ástæða til slíkra örþrifráða. Hinn háttv. þm. talaði um, að tónninn í umræðunum um opinber mál mundi batna, þegar kvenmenn fengju pólitísk réttindi. Eg er honum samdóma um það, og það er meðal annars þess vegna, að eg er hlyntur kvenfrelsishreyfingunni. Eitt ríki í Ameríku, Wyoming, veitti konum bæði kosningarrétt og kjörgengi fyrir

eitthvað 40 árum og hafa bæði blöð og þing þess ríkis verið orðlögð fyrir siðprýði jafnan síðan.

En nú er víst mál til komið, að eg setjist niður, því að flestir munu vera orðnir þreyttir.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg hefi leyft mér að biðja um orðið til þess að gera nokkrar athugasemdir um þetta mikilsverða mál. Skal eg taka það fram, að eg er einn af þeim, sem óska, að hóflegar og nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni verði samþyktar á þessu þingi. Eg er þeirrar skoðunar, að eg standi ekki einn uppi með þessa ósk, því að þjóðin hefir á þingmálafundum víðsvegar út um land, látið þá ósk í ljósi, að ýmsar breytingar yrðu gerðar á stjórnarskránni á þessu þingi, og eg veit, að ýmsir háttv. þm. af báðum flokkæskja þess einnig. Þetta er vissulega alvara háttv. þm. og alvara mín, og þetta hygg eg vera alvörumál fyrir báð um flokkum á þinginu. En sé það svo, þá má ekki gera stjórnarskrárfrumvarpið svo úr garði, að mjög verði tvísýnt, að það öðlist staðfestingu konungs, og það má ekki heldur taka nein þau ákvæði upp í frumv., er fyrirsjáanlegt er, að muni valda því, að það nái ekki fram að ganga á þinginu. Þessar breytingar ættu helzt að vera fáar, og þær einar, sem eru bráðnauðsynlegar, og þegar hafa verið ræddar svo, að von er um, að samkomulag geti orðið um þær. Eg tel ekki rétt að setja nein þau nýmæli inn í stjórnarskrárfrumvarpið, sem koma flatt upp á þjóðina, eru lítið rædd og sem hætt er við að gæti hamlað því, að frumvarpið verði staðfest. Veruleg deilumál og órædd nýmæli ættu ekki að koma til greina við þessa stjórnarskrárbreytingartilraun.

Eg skal í sambandi við þetta minnast á tvö ákvæði á þskj. 287. Annað ákvæðið er það, að í 1. gr. er ætlast til, að tekin sé upp upptalning á sérmálum vorum. Þessi upptalning var ekki tekin upp í stjórnarskrárbreytinguna frá 1903, og var það gert af ásettu ráði. Þetta er viðkvæmt mál. Hygg eg, að vér ættum að láta það liggja milli hluta að sinni. Upptalningin á sérmálunum virðist mér tekin upp úr hinum svonefndu stöðulögum frá 2. jan. 1871. Er það þá meiningin, að þetta eigi að vera sýnilegt tákn um, að lög þessi gildi hér á landi? Mér virðist vera hægt að komast hjá þessu með því að sleppa upptalningunni úr frumvarpinu, eða hvað vinnum vér með því að setja hana þar? Eg sé ekki, að vér vinnum neitt við það, eða færum sérmálasviðið minstu ögn út með því. Og ef svo er, ráðlegg eg háttv. deild til að sleppa þessu. Eg hygg, að sérhver háttv. þm., sem vill að stjórnarskrárbreyting verði gerð, eigi að stuðla að því, að þessu verði slept.

Hitt ákvæðið er í 3. gr. og hljóðar svo: »Engan má skipa embættismann á Íslandi annan en Íslending, nema hann hafi fæðingjarétt eftir þeim lögum, er alþingi hefir sett og samþykt«. En fæðingjarétturinn, réttur innborinna manna, hefir verið talinn sameiginlegt málefni. Það er enginn vafi á því, að Danir telja hann það og íslenzk löggjöf gerir það einnig. Þess vegna er ekki ráðlegt að taka þetta ákvæði upp í stjórnarskrána, þar sem það að sjálfsögðu verður deilumál við Dani. Þarf í því efni ekki að minna á annað en sambandslagafrumvarpið frá 1908. Eg vildi leiða athygli þeirra háttv. þm., sem vilja stjórnarskrárbreytingu, að þessu, og vona eg, að þeir greiði atkvæði móti þessu ákvæði um fæðingjarétttinn.

Eins og eg tók fram, álít eg varhugavert að taka nýmæli upp í stjórnarskrárfrumvarpið, sem eru lítið rædd og þjóðinni hefir ekki gefist kostur á að láta uppi vilja sinn og álit um. Sem

dæmi slíkra nýmæla vil eg nefna tillöguna um alþýðu- eða þjóðaratkvæði. Það getur verið, að það sé gott og komi til að reynast vel. En eg vil þó benda á, að það er alveg nýtt og óreynt og óþekt hjá oss. Hér á að stökkva alveg út í myrkrið. Þjóðaratkvæði á sér einungis stað í Sviss svo mér sé kunnugt, en styðst þar við ævagamla venju og sögulegan uppruna. — Hinsvegar er Ísland og Sviss mjög ólík að öðru en því, að í báðum þessum löndum er gnægð af fjöllum og jöklum. Að öðru leyti er Sviss miklu auðugra og frjósamara land en Ísland og margfalt fjölbygðara, enda mjög þéttbýlt og staðhættir eru mjög ólíkir hér og þar. Það er þess vegna mjög óvíst, að það, sem gefst vel þar, gefist vel hér. Og þó vitum vér hér úti ekkert um, hvort þetta svokallaða þjóðaratkvæði (referendum) hefir gefist vel í Sviss.

Þá vildi eg minnast á kosningarréttinn, og skal eg geta þess, að mér virðist heldur langt farið með útfærslu hans, þar sem farið er fram á, að hann verði færður svo út, að kjósendum verður fjölgað um meira en helming, kjósendafjöldinn meira en tvöfaldaður alt í einu. Þetta verður naumast nefnt breyting, heldur er það öllu fremur bylting, Revolution. Eg álít vafasamt, að þetta sé hyggilegt, eða öllu heldur, eg tel þetta harla ógætilegt, og álít betra að fjölga kjósendum smátt og smátt. Eg vildi leiða athygli háttv. deildar að þessu. Og þótt eg geti tæplega fallist á tillögu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) í þessu atriði, skal eg hins vegar játa, að það liggur rétt hugsun bak við hana.

Það var mikið talað hér í gær um það, að eigi væri rétt að láta sveitarlimi og gjaldþrota menn missa kosningarrétt sinn. En hér er í raun og veru um engan réttarmissi að ræða, heldur að eins um það, að kosningarrétturinn skuli vera bundinn vissum skilyrðum. Sem betur fer, er fjöldinn ekki sveitarlimir eða gjaldþrota menn. Ef þessir menn, sem nú hafa eigi kosningarrétt, ættu að fá hann, væri það þá ekki að rýra og draga úr kosningarrétti hinna, sem nú hafa hann? Þó að þetta ákvæði verði ekki samþykt, þá er enginn réttur tekinn af sveitarlimum og gjaldþrota mönnum, því að þeir hafa nú ekki kosningarrétt. En verði það samþykt, verður mjög rýrður réttur núverandi kjósenda. Eg hefi ætíð verið því mótfallinn að menn, sem ekki eru sjálfstæðir, fengju kosningarrétt til alþingis eða í sveitarmálum.

Eg skal þá loks leyfa mér að benda á þau ákvæði í stjórnarskrárfrumv., sem eg álít, að fram eigi að ganga, og legg mesta áherzlu á. Fyrsta atriðið er fjölgun ráðherra. Eg tel það rétt og að mörgu leyti heppilegt, að þeir séu þrír. Styrkur stjórnarinnar mundi aukast við það og það mun verða síður hætt við einræði og gönuhlaupum einstaks manns. Eg skal ekki fjölyrða neitt um þetta, því reynslan hefir sýnt það nægilega, að þessi fjölgun er rétt og nauðsynleg. Hún mundi tryggja betur en er réttláta stjórnarframkvæmd, og svo má minna á það, að venjulega sjá betur augu en auga.

Annað atriðið er, að þing verði haldið á hverju ári. Eg held, að þetta mundi vera svo mikil bót, að það mundi vega upp á móti þeim kostnaði, er það hefir í för með sér. Þegar þingm. fara burtu af þingi, leggja þeir venjulega stjórnmálin á hylluna og kjósendur leggjast þá í dá, nema að eitthvað æsingarmál sé á ferðinni. Þetta mundi breytast ef þing yrði háð á ári hverju; þjóðin mundi þá haldast miklu betur vakandi og síður láta leiðast af ofstópafullum æsingum.

Þriðja atriðið er afnám konungkjörnu þingmannanna. Það er almenn ósk og sýnist vera fullkomlega réttmæt, er ekkert verði á móti haft.

Fjórða atriðið er gætileg og hófleg útfærsla á kosningarréttinum. Þessi atriði, er hér eru talin, ættu að komast inn í stjórnarskrárfrumvarpið; þeirra mun vera almennt óskað; fleiri atriðum í stjórnarskránni ætti ekki að breyta að sinni. Hygg eg það muni vera affarasælast. Ef á að fara að breyta fleiri atriðum, má búast við, að skoðanirnar verði svo skiftar, að málið verði ekki útrætt á þessu þingi og að frumvarpið fari alt í mola. Auk þess væri það hættulegt að setja nokkur þau ákvæði í stjórnarskrárfrumv., sem ekki væri líkindi til, að næsta þing mundi samþykkja eða sem ráðherra eigi gæti borið upp fyrir konungi til staðfestingar.

Þá hefi eg tekið fram atriði þau, er eg hefi talið máli skifta og helzt vildi minnast á, og vona eg, að háttv. deild taki bendingum mínum vel, og að hún jafnframt láti sér ant um alt málið í heild sinni.

Eg get ekki stilt mig um að minnast á eitt atriði enn. Það er tillagan um, að dómarar skuli ekki hafa kjörgengi. Þessi tillaga hefir sína sögu. Hún er komin upp á skrifstofu sjálfstæðismanna hér, skírð í Hafnarfirði og eitthvað dubbað upp á hana á Lágafelli hér í nágrenninu. Hún ætti víst heldur að hljóða svo: »Kristján Jónsson er ekki kjörgengur«. Ástæðan fyrir því, að dómarar skuli ekki hafa kjörgengi, getur ekki verið sú, að þeir séu miður hæfir vitsmuna vegna til þess en aðrir menn. Dómarar hafa setið á þingi síðan 1845 og sýnir það bezt, að þjóðin hefir borið og ber traust til þeirra. Eg get ekki fundið neina ástæðu fyrir tillögunni aðra en þá, að tillögumenn vildu meina mér að sitja á þingi, því að upprunalega var hún stíluð gegn yfirdómurum einum, en um all-langt skeið hefir enginn úr yfirdóminum setið á þingi nema eg. Tillagan fæddist einnig eftir að margt hafði verið deilt um bankamálið, og það fór að horfa svo við, að eg mundi sigra í því máli. Það getur þó víst enginn bannað dómurum að hafa pólitískar skoðanir, lesa pólitísk blöð eða að vera í pólitískum flokkum. Eg sé því ekki neina ástæðu til að banna þeim að sitja á þingi, þegar ekki er hægt að banna þeim að taka þátt í hinu pólitíska lífi yfirleitt. Þetta er ekkert annað en hégómi, því að dómarar geta alveg eins tekið þátt í pólitík og verið ramm-pólitískir, þótt þeir sitji eigi á þingi. Dómarasjálfstæði þeirra er engin frekari hætta búin við að sitja á þingi. Ef ætti að fara að skera úr um það, hvaða embættismenn það eru, sem sízt ættu að sitja á þingi, þá hygg eg að engum geti blandast hugur um, að það eru prestarnir. Sakir hins háleita hlutverks, er á þeim hvílir, þar sem þeir eiga að kenna almenningi að elska frið, sátt og samlyndi og fylgja Krists guðdómlegu kenningu í hvívetna, þá hygg eg ekki, að það sé holt fyrir þá og embætti þeirra, að þeir sitji hér á þingi innan um alt rifrildið, flokkadrættina, hrossakaupin misjöfnu og prettina, og taki sjálfir þátt í öllu þessu, sem vissulega eigi er til þess að lyfta hugum þeirra og hjörtum upp til þeirra heimkynna, er þeir tala mest um á prédikunarstólnum.

Þá má og nefna starfsmenn Búnaðarfél. Íslands, er eigi ættu fremur að sitja á þingi en dómarar. Eg segi þetta af því, að eg sé hér till. í þessa átt, um að útiloka dómara frá þingsetu, frá háttv. vini mínum, 2. þm. Árn. (S. S.). Hann ætti að stinga hendinni í sinn eiginn barm og spyrja sjálfan sig, hvort það mundi eigi eins sennilegt, að ráðu-

nautar þess félags hefðu gott af því, að vera utan þings, eins og dómarar, eða hvort þingið eigi gæti alveg eins vel mist ráðunautana sér að skaðlausu, eins og dómarana. (*Sig. Sigurðsson:* Hér er ólíku saman að jafna).

Hvað sem þessu líður, vil eg að háttv. deild skiljist það, að það sem eg hefi sagt nú, það hefi eg sagt af einlægri umhyggju fyrir því, að þetta mál fái framgang á þessu þingi. Hér er um að ræða mjög nauðsynar breytingar á stjórnarskráratriðum, sem eg hefi áður talið, og sem eigi má tefla í hættu með öðrum brtill., sem eru óræddar, eða þá deilumál, og því tvísýnt um framgang þeirra, enda sumar hverjar mjög athugaverðar. Því vil eg óska þess, eins og eg þegar hefi áður sagt, að þetta þing skilji eigi svo, að ekki verði samþyktar þær umbætur á stjórnarskránni, sem helzt af öllu er þörf á.

Pétur Jónsson: Eg þarf ekki mikið að segja nú. Hér hefir nú verið mælt með þeim brtill., sem eg er samþykkur, og móti hinum, og það betur en eg gæti gert.

Þó vildi eg minnast á eina till. frá meiri hl. háttv. nefndar. Eg býst við að fylgja fiestum till. hans, en þessari get eg ekki fylgt. Það er 19. gr. í frv. nefndarinnar. 18. gr. í þessu frv. hljóðar um þjóðkirkjuna, og fer fram á það, að aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar skuli sett, að breyta megi þessu með lögum. Eg er nú samþykkur því, að það sé heppilegt að þurfa ekki að hlaupa í stjórnarskrána til þess að breyta fyrirkomulagi kirkjunnar, en einmitt af því, að þessi gr. stendur þarna, þá verður 19. gr. óþörf. Hún hljóðar þannig —ef eg má lesa hana—: »Aftan við 47. gr. stj.skr. bætist: Enginn er skyldur að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu«.

Eg finn enga ástæðu til þess að fara að breyta gjaldskyldunni til prests og kirkju þannig, að gjaldið sé að eins greitt í annan sjóð. Eins og nú hagar til, eftir það er prestlaunalögin og ný lög um sóknargjöld komust á, rennur féð sama sem í landssjóð, því prestlaunasjóður er raunar einn af vösum landssjóðs. Eg hygg, að ef gera ætti breytingu á þessu fyrirkomulagi, þá ætti það að vera í sambandi við meiri og fullkomnari breytingar á sambandinu milli ríkis og kirkju og helzt ekki róta því við fyrri. Eg býst við, að sú hugsun vinni meiri og meiri framgang, að auka þurfi frelsi safnaðanna og ábyrgð og losa um böndin á milli ríkis og kirkju eða eiginlega leysa ríkið frá þeirri skyldu, að vernda hina evangeliskulútersku kirkju sérstaklega. Af því leiðir alls ekki, að ríkið ætti engin afskifti að hafa af kirkjumálum. En sem stendur er nú þetta alt óráðin gáta, og þá finst mér rétt að hlaupa ekki að neinum breytingum, sem komið gætu í bága við nýtt fyrirkomulag.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. Ól.) hélt því fram, að gjaldskyldan til prests og kirkju væri skerðing á trúfrelsi þeirra, sem ekki fylgja kirkjunni. Eg get ekki annað séð, en að það sé sama fyrir mann, sem er annarar trúar, hvort hann lætur gjöld sín í þennan vasa eða hinn í landssjóðnum. Það er engin skerðing á trúfrelsi því, er stjórnarskráin áskilur mönnum. Það snertir ekkert trúbrögð manns eða samvizkufrelsi, hvernig hagað er gjaldskyldu til almennra þarfa; en á meðan ríkið á samkvæmt stjórnarskránni að vernda og styðja ríkiskirkjuna, verður að telja það með öðr-

um almennum þörfum. Hitt snertir trúfrelsið, að þessu hlutverki megi breyta með sérstökum lögum. Þess vegna er gjaldskylduspursmálið í þessu sambandi ekkert stjórnarskráratriði og á að falla burt úr frumv.

Svo vildi eg að eins minnast lauslega á árlegt þinghald, af því að hér hefir verið mælt mjög með því og því talið margt til gildis, einkum af háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Eg lít svo á, að það sé mjög örðugt fyrir bændur að sitja á þingi á hverju ári, ekki sízt ef þing er haldið á óhentugum tíma. Mín reynsla er sú, að ef eg ætti að fara að sitja á þingi á hverju ári, þá væri eg sama sem búinn að yfirgefa búskapinn, og væri þá sæmra að sleppa honum alveg. Þetta segi eg nú að vísu fyrir mig einan, en eg er búinn að vera bæði þingmaður og bóndi í mörg ár og vanrækja heimili mitt, og þekki þetta því allvel.

Sigurður Gunnarsson: Það er í mesta máta eðlilegt, að síðan tilraun sú, er gerð var til þess að koma á nýjum sambandslögum við Dani, strandaði, þá reynum vér af öllum mætti að snúa hug vorum að þeim atriðum í löggjöf vorri, er ætla mætti að hægt sé að breyta til batnaðar. Það er því eðlilegt, að þjóð og þing ráðist nú í það, að koma í framkvæmd nauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá landsins.

Það þarf ekki að lýsa því fyrir háttv. þm., hversu merkilegar breytingar hér er um að ræða á stjórnarskránni. Það mun vera öllum ljóst. En áður en eg fer lengra, skal eg geta að nokkru stöðu minnar í nefndinni. Þetta er allfjölmenn nefnd, 9 manns, og því sízt að undra, þótt skoðanamunur verði nokkur, enda er því svo varið. Eg segi það nú fyrir mitt leyti, að þótt eg teljist með meiri hluta nefndarinnar, þá hefi eg þó ýmislegt að athuga við sumar af þeim breytingum, er stafa frá þeim nöfnum, hinum háttv. þm. S.-Múl., eins og líka er vikið að í nefndaráliti meiri hl. En svo eg víki að þeim af hinum verulegu breytingum, eðlisbreytingum er eg tel mig samþykkan, þá skal eg nefna afnám k.kj. þm., víkkun kosningarréttar, fjölgun ráðherra, skipun deildanna á hæfilegan hátt, frumkvæði stjórnarinnar í sambandi við fjármálin og að skilja megi ríki og kirkju með einföldum lögum. Og eg get jafnvel bætt því við, að þjóðaratkvæði sé reynt í vissum málum og að búseta á Íslandi sé skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi. En þótt eg nefni nú einungis þessi atriði, þá er það ekki svo að skilja, að ekki séu hér fleiri breytingar á ferðinni, sem eg ef til vill gæti gengið inn á.

Þá vil eg snúa mér að hinum sérstöku breyt.till. úr ýmsum áttum, og skal eg taka það fram, að mér er ómögulegt að taka þær eftir röð, heldur eftir því, sem eg hefi ritað þær hjá mér.

Það er þá fyrst breyt.till. frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) um að draga úr rýmkun kosningarréttarins. Eg vil líka benda á það í sambandi við ræður h. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og hæstv. ráðherra (Kr. J.), að sami þm. taldi ekki brýna þörf á því að veita konum kosningarrétt. En eg get ekki séð neitt, sem mælir á móti því, og eg álít jafnan brýna nauðsyn á því að gera það sem rétt er. Eg er enginn lögfræðingur, en eg veit það, að það er gömul setning í öllum frjálsum löndum, að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, og þegar eg segi allir, þá ætla eg, að það taki líka til kvenmanna, því þær heyra þó einnig mannkyninu til, eins og vér karlmenn. En hingað til hefir vantað mikið á það í þessu landi, sem vill kallast þingfrjálst land, að þessari grundvallarreglu hafi verið fylgt. Að eins á síðustu árum hefir konum verið miðlað smátt og smátt nokkru af þeim rétti, sem þær um ald-

ur og ævi hafa átt tilkall til, en aldrei fengið. Nú er það tilgangur margra í nefndinni að stiga sporið til fulls og líta á kvennfólkið eins og manneskjur, jafnréttháar og karlmenn, og þá verður að veita þeim allan sama rétt og karlmönnum. Nú er einmitt kosningarréttur og kjörgengi einn hinn dýrmætasti réttur borgaranna í hverju landi, og eg mun því fylgja því fast fram, að hér verði ekki farið að gera neitt kák, heldur verði öllum veittur sami rétturinn skilyrðislaust. Með því að gera þetta þarf enginn að ímynda sér að konur séu pískaðar til þess að koma allar fram í fylkingu og fara að vasast í opinberum málum. Nei, þær einar, sem finna hjá sér sterka köllun og hæfileika í þá átt, koma fram, smátt og smátt.

Í sambandi við þetta skal eg geta um till. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Hann vill fara nokkurs konar meðalveg. Veita fyrst kosningarrétt þeim konum, sem eru 40 ára og eldri. Síðan næsta ár þeim sem eru 39 ára, o. s. frv., þangað til komið er niður í hið upprunalega aldurstakmark. Ekki get eg felt mig við þá till., og ekki fæ eg séð, að hún sé á rökum bygð. Hún hefir það við sig, að kjósendur verða færri, er konum milli 21 og 40 ára aldurs er bægt frá kosningarrétti. Þá held eg nærri því, eftir ástæðum, eins og nú horfir við, að réttara væri að snúa alveg við blaðinu og veita ungu konunum kosningarrétt, en ekki hinum eldri, þótt eg auðvitað haldi því ekki fram heldur. Mentunin hefir aukist mikið á síðari árum, svo að margar af yngri konunum hafa gengið á alþýðuskóla, og hafa því fengið meiri almenna mentun en hinar eldri. Og eg verð að segja það, að konur, sem nú eru milli 21 og 30 ára, munu vera betur heima í almennum málum, en margir kjósendur meðal karla, sem í mörg ár hafa notið þessara dýrmætu réttinda. Eg hefi reynsluna fyrir mér í því, að margir eldri karlmenn hafa þar ekki úr háum söðli að detta.

Hinn háttv. þm. áleit það ískyggilegt að fjölga svo mjög kjósendum alt í einu, að tala þeirra vaxi meira en um helming, og þá sérstaklega vegna kvenfólksins. En hann sér ekkert ískyggilegt við það að fjölga að sama skapi karlkynskjósendum. Uppeldið er þó hið sama fyrir bæði kyn og alþýðumentunin hin sama. Eitt af því, sem hann færði fram til stuðnings sínu máli, var það, að konur gætu notað tíma sinn til annars betra en að búa sig undir kosningar. Ef það er mikilsvert að búa sig vel undir þær og neyta réttarins með viti, þá fæ eg eigi séð, að þetta sé á rökum bygt. Menn segja, að aðalhlutverk kvenna sé að ala upp börn. Eg játa það, en það er eigi þeirra hlutverk einna, heldur karlmanna líka. Menn segja þó, að þessi og þessi unglingur hafi fengið gott uppeldi í *foreldrahúsum*, hjá föður og móður. Og hver ímyndar sér, að uppeldi æskulýðsins verði lakara fyrir það, þótt konur verði fróðari en áður í almenningsmálum? Nei, þá verða þær einmitt þeim mun færari um að ala upp þjóðlega syni og dætur fyrir föðurlandið.

Sami háttv. þm. hélt því fram, að pólitík væri ekki löguð fyrir hinar finni tilfinningar kvenfólksins og gerði mikið úr spillingu þeirri, er henni fylgdi. Eg verð nú einmitt að álíta það gróða, að kvenfólkið, sem er óspiltara og hefir næmari tilfinningu fyrir því, sem sæmilegt er og ósæmilegt, taki þátt í pólitikinni ásamt karlmönnunum, og að þá verði spillingin minni, sem henni fylgir svo sárlega hér. Eg held því, að ekki sé hægt að slá því föstu, að neitt versni við það, þótt konur gefi sig við þjóðmálum, og verð þess vegna að halda fast við það, að hér verði ekki gerður neinn greinarmunur, heldur verði það

gert, sem gera ber, að allir verðir gerðir jafnir fyrir lögunum, og að öðru leyti verði reynslan að skera úr hvernig fer.

Næst vildi eg minnast á það, sem háttv. framsögumaður meirihlutans (J. Ól.) sagði í sambandi við 19. gr., þar sem mönnum, sem ekki tilheyra neinu kirkjufélagi er gert að skyldu að greiða til mentamála það sem því nemur, er þeir annars hefðu þurft að greiða til kirkjufélagsins. Hann taldi það hegningu, en það virðist mér rangt hjá honum. Hann veit vel, að ekkert slíkt vakti fyrir nefndinni, heldur einungis hitt, að með þessu væru reistar skorður við því, að menn hlypu brott úr kirkjunni að eins til þess að firrast útgjöld án nokkurs ágreinings í trúmálum.

H. þm. S.-Múl. (J. J. og J. Ól.) bera fram þá till. á þgskj. 330, að kosningarrétt megi binda þekkingarskilyrði. Eg get ekki felt mig við þá tillögu, ekki af því, að eg vilji ekki, að kjósendur séu sem bezt að sér, heldur er það sú ástæða, að mér þykir óþarfi að setja það í stjórnarskrána. Það á betur heima í barnafræðslulögum. Þar ættu ungmennin að fá ljóst, en stutt yfirlit yfir það, hvernig oss er stjórnað. Það nær heldur ekki nokkurri átt að setja 60 og 70 ára karla við prófborðið. Það væri nokkuð skrítið og næði ekki tilganginum.

Á þingskjali 270 koma háttv. þingm. með breyt.till. í þá átt, að stjórnin ein hafi rétt til að koma með uppástungur um nýjar og auknar fjárgreiðslur. Síðan hefir og komið fram sú breytingartillaga, að fjárlaganefnd skuli og hafa þennan rétt ásamt stjórninni. Eftir nákvæma yfirvegun hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að þetta eða eitthvað í þessa átt muni vera rétt. Það þarf naumast að lýsa því, hver vandræði það hefir í för með sér, að hver þingmaður getur komið með breytingartillögur til síðustu meðferðar fjárlagafrumvarps. Afleiðingarnar eru auðsæjar. Fjárlögin verða einatt hálfgerður óskapnaður með því lagi. Eg hefi heyrt þau mótmæli, að stjórnin fengi með því of mikið vald. Ekki er eg svo hræddur við það. Stjórnin hlyti þá að finna til meiri ábyrgðar; þá mundi komast meira samræmi og fastari stefna í fjármálin. Stjórnin myndaði sér þá ákveðna stefnu í fjármálum þegar fyrir þing. Hún mundi leita sér upplýsinga hjá sýslunarmönnum sínum, gæta umræðna um þau efni í blöðum landsins og þannig fá yfirlit yfir alt landið. Eg hallast þó heldur að þeirri breytingartillögu, að fjárlaganefnd hafi og uppástunguvald í þeim efnum. Það getur verið, að á þessu fyrirkomulagi séu agnúar, en mér dylst ekki, að þeir eru léttari á metum en kostirnir.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hafði orð um, að svo lítí út í augum sumra, að þingið gæti ekki beizlislaust verið. Það er einmitt sannleikur, að þingið verður að hafa eitthvert aðhald í þessu efni, eða réttara sagt hinir einstöku þingmenn. Reynslan hefir sýnt það, hvernig fjárlögin tætast sundur og verða stefnulaus, með því að hver einstakur þingmaður hefir óbundið frumkvæði til að koma með uppástungur til fjárauka.

Viðvíkjandi því sem hæstv. ráðherra (Kr. J.) talaði áðan, þá get eg að ýmsu leyti fallist á það. Að eins þótti mér hann fara nokkuð skamt. Hann sagði, að «Referendum» (ɔ: að skjóta málum undir þjóðaratkvæði), hafi lítið verið rætt, væri því nær óþekt og hafi ekki komið fyr fram á þinginu. En með því er ekki sagt, að það hafi ekki verið rætt. Eg man þó vel, að það hefir verið rætt í tímaritum og blöðum. Hygg eg réttast að binda þetta ákvæði við vissa tegund mála. Eg áskil mér umhugsunarfrest til að íhuga þessa

tillögu nánar. Mun eg greiða þeirri tillögu, sem nú liggur fyrir í þessa átt, atkvæði, án þess að skuldbinda mig til að greiða henni atkvæði óbreyttri síðar. Hæstv. ráðherra (Kr. J.) hélt, að þetta ákvæði mundi fella stjórnarskrárfrumvarpið hjá konungi. Það get eg ekki skilið.

Um breytingartillögur háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg vera fáorður. Eg get ekki láð þeim, þótt þeir hafi reynt að orða 1. grein svo, að þar kæmi ekki fram tilvitnun í stöðulögin. Stöðulögin frá 1871 eru oss þyrnir í augum. Höfum vér skoðað þau sem nauðungarlög. En mér er ekki ljóst, að við stöndum neitt betur að vígi eftir en áður, þótt þessi umorðun þeirra næði fram að ganga. Betra að minnast alls ekki á stöðulögin.

Víkkun kosningarréttarins kallaði hæstv. ráðherra (Kr. J.) »revolution«. Það er nokkuð stórt orð. Eftir því sem til hagar hér á landi, þá get eg ekki ímyndað mér, að sá hluti þjóðarinnar, sem ekki hefir kosningarrétt, en á nú að veita hann, sé þeim mun ógætnari en hinn, að þessi breyting geti orsakað »revolution«, eins og hann komst að orði, eða algerða byltingu í pólitíkinni.

Framsögum. minni hl. (Jón Þorkelsson): Það hefir áður verið skýrt frá því, hvernig stjórnarskrárfrumvarp okkar þm. Dal. (B. J.) er fram komið. Ennfremur hefir verið skýrt frá því, hvernig því hefir verið tekið af andstæðingum okkar. Er okkur jafnvel borið á brýn, að við höfum komið fram með það til þess að gera Dani hrædda! Útlend (dönsk) blöð hafa verið látin skamma okkur fyrir bíræfni, okkur kent um ofurkapp og ofstæki og varnað alls vits og alls þess, sem gott er. En þótt við nú höfum sýnt af okkur þessa ofdirfð, þá væri þó nokkuð með henni unnið, ef frumvarp okkar gæti orðið til þess að skýra ofurlítið upp heilahöll manna um það, hverjar stjórnarkröfur vér eigum að gera. Árið 1906, í alþingismannaförinni til Danmerkur, sást það ljóslega, hversu bjart var í höfðum sumra Íslendinga, því þá höfðu þeir fáar aðrar óskir fram að bera en þær, að Ísland yrði tekið upp í titil konungs, og að ráðgjafinn yrði leystur úr því danska ríkisráði, sem honum hafði verið smeygt inn í 1903. Æðri voru kröfur þeirra ekki. En fyrir afskifti og skrif mín og fleiri manna á næstu árum þá skýrðist málið svo, að menn fóru að átta sig.

Um fæðingjarétt hefir það verið sagt, að það væri sambandsmálefni. Það eru engin ákvæði, sem við ekki ættum að ráða við, um það, hvort svo sé eða ekki. Það erum við einir, sem getum ákveðið það. Eg skal þó játa það, að það er sú eina grein, sem nokkurt umtalsmál getur, ef til vill, verið um, að standi fyrir staðfestingu konungs. Danir gáfu út lög um almennan fæðingjarétt 19. marz 1908, sendu þau hingað og voru þau birt hér með ráðherrabréfi 19. maí s. á. og svo látin gilda. Þingið gerði ekki neitt við þau, en átti annaðhvort að fella þau eða samþykkja. Mönnum virðist hafa verið heldur óljóst hvað hér var verið að gera. Innanríkisráðherrann danski auglýsir dönsk lög hér á landi, og svo eru þau látin gilda. Er sá sofandaskapur, sem átt hefir sér stað í stjórnmálum hér á landi síðustu 30 árin, næsta ótrúlegur.

Það hefir verið minst á breytingu okkar þm. Dal. (B. J.) á 1. gr. Háttv. þm. Snæf. (S. G.) talaði um hana góðmannlega, framsm. meiri hl. (J. Ól.) og hæstv. ráðherra (Kr. J.) héldu hins vegar, að hún mundi standa fyrir staðfestingu konungs. En þeir færðu engin

rök fyrir því. Það gæti að vísu, ef til vill, verið umtalsmál að orða hana öðru vísi, en enginn hefir þó treyst sér til þess. Það hefir verið vakið máls á því fyr að fella innvitnunina í stöðulögin burtu. Benedikt Sveinsson vildi það, og Einar lagaskólakennari Arnórsson bar það fram á þingmálafundi hér í bænum, að þegar stjórnarskráin yrði endurskoðuð, þá væri þessi innvitnun feld burt. Var það samþykt í einu hljóði af báðum flokkum. Eg skal og geta nokkurra þeirra þingmanna, sem samþyktu þetta 1894 og sitja enn hér: þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), þm. Snæf. (S. G.), 2. þm. Húnv. (Bj. S.), 1. þm. S.-Múl. (J. J.), og í efri deild þm. Ísfjk. (S. St.) og 2. þm. G.-K. (J. P.). Þessir þingmenn hafa samþykt þessa grein mjög svipaða því, sem hún liggur nú hér fyrir. Eg tók svo eftir í gær, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að þeir félagar vildu hvorki samþykkja stöðulögin í orði né á borði. Það er vel. Eg vil enn í þessu sambandi benda á fyrirsögn stjórnarskrárinnar. Þar standa orðin: »— hin sérstaklegu málefni« Íslands, og kannast eg við, að þessu hefði þurft að breyta, því að »sameiginleg mál« og »sérstakleg málefni« mega ekki sjást í löggjöf vorri. Mætti þá úr þessu bæta við 3. umr.

Hæstv. ráðherra (Kr. J.) talaði um, að 3. liður mundi standa frumv. fyrir staðfestingu, en eg þykist þó vita, að hann muni ekki hafa móti því, hvernig hann er orðaður.

Eg gat þess í gær, mönnum til athuga, að Knútur Berlín hefði ekki þorað að kalla stöðulögin skýlaust gildandi lög, og minni eg menn á það enn.

Ef eg man rétt, gat framsm. meiri hl. (J. Ól.) þess, að eg væri hlyntur »*referendum*«. Eg hefi hlotið að komast eitthvað óhepplega að orði, úr því að hann hefir skilið mig svo. Sannleikurinn er sá, að eg tel »*referendum*« mjög varhugavert. Eg gat þess að eins, að á síðasta þingi hefði verið gott að hafa slík lagafyrirmæli, að aðflutningsbannið hefði orðið að berast undir þjóðina aftur áður en það varð að lögum. Þetta er í fullu samræmi við það, sem eg sagði á síðasta þingi. Hins vegar þóttist eg taka það skýrt fram, að eg áliti málskot varhugavert, og að þá aðferð ætti að eins að nota við breytingar á stjórnarskránni eða sambandinu milli Íslands og Danmerkur.

Eg hefi tekið eftir, að till. okkar um kjörgengi miðað við heimilisfestu á Íslandi hefir fengið góðar undirtektir. Eg vil geta þess, háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) til verðugs lofs, að viðlíka krafa hefir komið fram á 2 þingmálafundum í kjördæmi hans.

Eg skal ekki tala langt mál um deildaskipunina. Mér finst það óþarfa brak og buldur að fara að hafa tvöfaldar kosningar til svo fámenns þings. Eg vil heldur hafa efri deild eins og hún nú er með konungkjörnum þingmönnum, heldur en að hún sé öll kosin til 12 ára. Þá get eg miklu fremur hallast að brtill. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það atriði.

Hæstv. ráðherra mintist á breyttill. 2. þm. Árn. (S. S.). um kjörgengi dómara. Hinn háttv. þm. hefir gert okkur þann sóma, að taka upp óbreytta tillögu okkar frá upphafi þings, aðeins lætur hann hana ná til allra dómara landsins og ef til vill einnig til sáttanefnda. Við vildum aðeins svifta dómarana í æðsta dómstóli landsins kjörgengi. Hæstv. ráðh. (Kr. J.) sagði, að þessi till. væri komin frá skrifstofu sjálfstæðismanna og að hún væri ekki stíluð móti öðrum en Kristjáni Jónssyni. Af því að eg er riðinn við málið, vil eg geta þess, að spurningin um kjörgengi Kristjáns Jónssonar

hafði engin áhrif á afstöðu mína til málsins, og mér er kunnugt um, að skrifstofa sjálfstæðismanna vildi ekki hafa nein afskifti af þeim hörmulegu deilum, sem urðu milli hans og fyrv. ráðherra (B. J.), og enn þá síður ofsækja hann. En hvaða þýðingu það hafi, að æðstu dómarar landsins séu ekki flæktir við pólitiskt skítkast og skammarverk, þykist eg ekki þurfa að gera nánari grein fyrir því. Hæstv. ráðherra sagði, að þessi till. væri ástæðulaus og styddist ekki við söguleg rök. En eg man ekki betur, en að í »fjárdráttarmálinu« svo nefnda dæmdi landsyfirréttur — allur í einu hljóði þori eg ekki að segja — að »fjárdráttur« væri ósaknæmt orð og töldu margir það hlutdrægni. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði þá ótvírætt í blaði sínu, að dómarar landsyfirréttarins væru, sjálfum sér óafvitandi, hlutdrægir, af því að þeir væru gagnsósa af pólitisku ofstæki og flokksfylgi. Slíkar voru umræður manna þá. Till. þessi er því ekki alveg gripin úr lausu lofti, enda ættu menn að geta gert sér ljóst, að friðhelgir dómarar eiga ekki að vera riðnir við flokkadrætti og deilumál. Eg hygg, að flestir mundu kjósa, að dómstólunum væri svo fyrirkomið, að þeir hefðu almenningstraust. En ef dómararnir standa í pólitiskum loga, þá er meiri von, að nokkuð hallist til um réttdæmi þeirra. Satt er það, að eigi er hægt að banna þeim fremur en öðrum skikkanlegum mönnum að hafa sínar skoðanir á landsmálum og láta þær í ljósi; en hitt er ófært, að þeir taki þátt í pólitiskum æsingum. *(Ráðherrann (Kr. J.)*: Þegar dómur sá, sem háttv. þm. gat um, var dæmdur, var enginn af dómurum landsyfirréttarins við pólitjk riðinn! Enginn þeirra átti þá sæti á þingi!) Þeir voru alt um það mjög ákveðnir flokksmenn.

Eg er þakklátur hinum háttv. þm. S.Þing. (P. J.) fyrir það, að hann er mér samdóma um, að skottið eigi að falla af þeirri grein, sem leggur hegning á þá menn, sem eru í öðru kirkjufélagi en þjóðkirkjunni.

Eg hefi áður minst á hina nafnkunnu fjárlagatill. Eg sé ekki betur en að með henni sé verið að taka ráðin af þinginu, draga úr þingræðinu en auka vald stjórnarinnar. En það getur þó ekki verið tilætlun þingsins. Samkvæmt till. yrði minni hlutanum ókleift að koma fjárveitingum fram, hann yrði að eiga alt undir náð stjórnarinnar og meiri hlutans.

Eggert Pálsson: Umræðurnar eru þegar orðnar langar, sem ekki er furða um svo þýðingarmikið mál. Það hefir verið sagt með sanni, að óholt sé að breyta oft stjórnarskrám, og því er eðlilegt, að mörg atriði verði að taka til athugunar við þessar umræður, því hér á það heima, sem máltækið segir: »Það skal vel vanda, sem lengi á að standa«.

Eg er að vísu svo settur, að eg á engar br.till., sem taki að nefna, en finn þó fullgilda ástæðu til að tala nokkur orð um þetta þýðingarmikla mál. Og vöntun á br.till. frá minni hálfu þarf eigi að vera þar neinn þröskuldur í vegi, þar sem br.till. eru nægar fyrir, 70—80, svo að úr nægu eru að velja. Enda er það svo, að margar af þeim tillögum, sem eg felli mig bezt við, koma svo að segja sín úr hverri áttinni.

Eftir því sem mér hefir bezt getað skilist, eru það aðallega 3 atriði, sem þjóðin óskar breytingar á í stjórnarskránni: Afnám konungkjörinna þingmanna, rýmkun kosningarréttarins og að ríki og kirkja geti skilið með einföldum lögum. Um réttmæti þessara óska er enginn ágreiningur meðal þingmanna, enda er eigi framhjá neinum þeirra gengið í frumv. því og breytingartill.,

sem hér liggja fyrir. Ágreiningurinn er um það, hvernig upp skuli byggja í staðinn, þegar búið er að taka þessar óskir til greina auk ýmissra annara atriða, sem þjóðin hefir ekki krafist breytinga á og þá heldur ekki myndað sér neina skoðun um, en sem eðlilega koma til umræðu og athugunar, þegar stjórnarskrárbreyting er gerð á annað borð.

Það liggur í augum uppi, að hinir konungkjörnu þingmenn mega ekki láta eftir sig auð sæti á þingi, eitthvað verður að koma í staðinn. Upphaflega var tilgangurinn sá, að þeir áttu að mynda nokkurskonar íhaldsflokk í þinginu, svo að ekki væri haldið of ört í framsóknar-áttina. Og þótt skiftar séu skoðanir um, hvort íhald þetta hafi verið bráðnauðsynlegt á liðnum tíma, þá hygg eg þó, að vér getum ekki verið án þess í framtíðinni að hafa eitthvert stöðvunarafl í stjórnarlögum vorum, allra sízt ef kosningarrétturinn er til mikilla muna útvíkkaður. Eg hygg nú, að nefndin hafi hér fundið heppilegan veg til að mynda slíkt íhaldsafl, með því að ákveða hlutfallskosningar til efri deildar. Því svo óheppilegar sem eg tel hlutfallskosningar til þingsins yfir höfuð að tala, annars vegar af því að þær mundu útiloka því sem næst lítið þekta en efnilega menn frá þingsetu, og hinsvegar missast nauðsynleg þekking á hinum ýmislegu staðháttum og kringumstæðum okkar víðáttumikla lands, þareð þingmennirnir gætu komið til að safnast frá einum eða fáum stöðum, svo heppilegar virðast mér þær aftur á móti, þegar um kosning til efri deildar er að ræða, að eins í því skyni að þar skuli sæti eiga reyndari og gætnari menn. Því það liggur í augum uppi, að við hlutfallskosninguna mundu þeir einir verða fyrir valinu, er reyndari væru orðnir og búnir að skapa sér nafn meðal þjóðarinnar í heildinni. Yngri og óreyndari mennirnir mundu aftur á móti, ef þá fýsti að gefa sig við þjóðmálefnum, knýja á dyr neðri deildar þingsins, og verða svo, ef þeir þættu eiga þær skilið, fluttir upp í efri deildina fyrir alþjóðaratkvæði. En þótt eg fallist þannig á aðferðina, sem nefndin hefir fundið til þess að skapa nauðsynlegt og skynsamlegt íhald, þá virðist mér samt, að hún gangi óþarflega langt, með því að ákveða kjörtíma efri deildar 12 ár. Tólf ár eru sem sé ekki svo lítill hluti af mannsæfinni. Svo að þótt maðurinn standi svo að segja í fullu fjöri og hafi hina fylstu starfskrafta þegar hann er kosinn, þá gæti svo farið, að hann væri kominn að fótum fram og búinn að tapa mjög sínum andlegu kröftum löngu áður en kjörtími hans væri útrunninn. Eg hallast því fyrir mitt leyti fremur að br.till. hins háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um að hafa 6 ára kjörtímabil til efri deildar, en 3 ár til neðri deildar, og svo að sjálfsögðu þar af leiðandi þing á hverju ári. Eg veit að vísu, að þetta hvorttveggja, tíðar kosningar og þing á hverju ári yrði talsvert miklu dýrara fyrirkomulag. En held þó, að af því hvorutveggja geti stafað svo mikið gagn, að þjóðin megi ekki undan því skorast. Hvað hið fyrra atriðið snertir, þá eru það óbein en ekki bein útgjöld fyrir þjóðina og henni þess vegna ekki svo tilfinnanleg, enda nauðsyn hvort sem er fyrir menn að koma við og við saman til fundarhalda og má þá eins vel koma saman til kosninga. Slík fyrirhöfn mundi líka margborga sig, ef kosning hefði mishepnast, að geta lagfært hana og bætt úr skák hálfu fyr en ella.

Hvað það snertir, að þing sé haldið á hverju ári, þá veit eg, að það kostar talsvert mikið umfram það, sem nú er. En þó getur mér ekki betur skilist, en að það mundi borga sig fyrir þjóðina. Hvað þingsetuna sjálfa áhrærir, þá fer

það nú að vera minst á mununum, þegar þingtíminn er farinn að standa 10—12 vikur og getur ekki styttri verið með því móti að þing komi saman annað hvort ár. En með þing á hverju ári mundi mega komast af með alt að því helmingi styttri tíma, að minsta kosti það árið, sem fjárlög væru ekki fyrir þinginu. Svo að mismunurinn á kostnaði ætti þannig ekki að vera mikið meiri en ferðakostnaður þingmanna annaðhvort ár. Og sá kostnaðarauki ætti að geta borgað sig á ýmsan hátt.

Ef þingið kæmi saman á hverju ári, yrði það stuðningur fyrir stjórnina að hafa þjóðarfulltrúana svo að segja við hendina og veitti henni öruggleika til að leggja út í viðurkend þarfafyrirtæki og á hina hliðina hefti hana frá því að ráðast í eitthvert glæfrafyrirtæki án vilja og vitundar þingsins, eins og hún hefir gert sig seka í og skamt er á að minnast, og getur alt af gert sig seka í, þegar heil 2 ár líða á milli þinga. — A hinn bóginn hlyti það að hafa góð áhrif á þingmennina sjálfa að koma saman árlega. Störfin verða þeim eiginlegri heldur en eins og nú að hlaupa í þau annaðhvort ár og sleppa því nær allri hugsun um þau á milli. Áhuginn verður meir vakandi, og það því fremur, sem hinar tíðari kosningar mundi knýja þá til meiri áhuga, umhugsunar og vandvirkni.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að eg hallast að breyt.till. á þgskj. 269 um að þm. skuli vera 36, því bæði er sú tala fallegri og skiftingin eðlilegri — ein tylft í efri deild og tvær í neðri. Og hins vegar er það nægilega mikill fjöldi í samanburði við fólksfjöldann yfirleitt. Og ennfremur er það líklegt, að eigi sér stað hér sem annarstaðar hið fornkveðna, að betra sé fylgi en fjölmenni.

Hvað annað atriðið snertir, sem þjóðin hefir krafist: aukning kosningarréttarins, þá verður vitanlega ekki hjá því komist. Það er krafa, sem hvervetna á sér stað og eigi verður móti staðið. En þegar kosningarrétturinn verður aukinn á annað borð, þá er og líka sjálfsagt, að hann sé einnig látinn ná til kvenfólksins. Því það er engum vafa undirorpið, að það á sömu mannréttindi skilið sem við karlmennirnir, og ekki má láta það blekkja sig, þótt því hafi verið, fyrir vald hnefaréttarins, meinað að njóta þeirra fram á þessa tíma. Þótt einhverjir kynferðislegir ókostir kunni að þykja eiga heima hjá kvenfólkinu, þá hefir það jafnframt ýmsa kosti fram yfir karlmennina, sem vega fyllilega upp á móti hinu. En þótt eg telji það þannig sjálfsagt, að konum sé veittur kosningarréttur, þá tel eg samt, að breytingartillaga háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) á þskj. 264 sé mjög svo skynsamleg. Ekki af því, að eg sé eins og hann andvígur réttindum kvenna, heldur sakir þess, að eg veit, að konur eru alment óviðbúnar kosningarréttinum, og það gæti því verið ísjárvert að auka tölu kjósendanna um meira en helming alt í einu, einkanlega þar sem líkindi eru fyrir, að hinir yngri og óþroskaðri mundu fremur neyta hans en þær eldri og gætnari. Þó að þessi skynsamlegi varnagli, sem felst í breytingartillögunni, sé sleginn, þá felst ekki í honum svo ýkja mikil rangsleitni gagnvart kvenfólkinu. Og ekki er eg í neinum vafa um, að miklu betra sé kvenfólkinu slíkt ákvæði heldur en að svo væri ákveðið, að því mætti veita kosningarrétt með lögum. Því þá er hætt við að dregist gæti nokkuð lengi, að þau lög væru gefin út. En með þessu ákvæði á kvenfólkið það víst og áreiðanlegt, að það fær kosningarrétt smátt og smátt. Og frestinn getur hver einstök kona notað til þess að búa sig undir hann. Þessi frestur

er heldur ekki eins langur og í fljótu bragði virðist. Þær sem lengst þurfa að bíða, eru þær sem eru 25 ára þegar stjórnarskráin gengur í gildi. Og með því að árin færast saman frá báðum hliðum, aldurstakmarkið þokast niður um eitt ár um leið og konan eldist um eitt ár; getur sú bið eigi lengri orðið en 7—8 ár. Eg get því ekki betur séð, þótt eg sé kvenréttindamaður, en að ákvæði þetta sé á fylsta hátt aðgengilegt, enda sannfærður um, að allur þorri kvenna muni mjög vel láta sér það nægja.

Hvað þriðja atriðið snertir, að skilnaður ríkis og kirkju geti átt sér stað án stjórnarskrárbreytingar, þá liggur það í augum uppi, að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því. Því alt bendir til þess, að svo hljóti að fara innan skamms, að ríki og kirkja skilji, enda hefi eg ekki á móti því, að svo verði, tel það hollast fyrir hvorttveggju, úr því sem komið er, aðeins með skynsamlegum og skaplegum hætti gert. En aftur á hina hliðina finst mér, að á meðan slíkur aðskilnaður er ekki orðinn, eigi ekki löggjafarvaldið að gera neitt til þess að reyna að draga úr áhrifum kirkjunnar og veikja hana. En til þess miða einmitt breytingartillögurnar á þskj. 287 og 335. Þar er mönnum beinlínis gefið undir fótinn að losa sig sem mest við öll kirkjuleg bönd, beinlínis gerð tilraun til þess að afkristna landið, með því að ákveða, að þeir skuli minni gjöldum þurfa að svara, sem engum kirkjuflokki vilja heyra til, heldur en hinir sem láta trúarmálefni til sína taka. Slík aðferð gagnvart kirkjunni getur vart talist heiðarleg frá ríkisins eða löggjafarvaldsins hálfu, eftir hina löngu samþjáningu. Látum þau skilja á skynsamlegan og heiðarlegan hátt, þegar tími þykir til kominn, en löggjafarvaldið á ekki að gera sitt til að murka úr henni lífið áður en sá skilnaður fer fram. Þess ber einnig að gæta, að þetta ákvæði, sem breytingartillögurnar innihalda, er heldur ekki praktiskt gagnvart ríkinu sjálfu. Því fyrir þau persónulegu gjöld, sem við það tapaðist, mundi landssjóður verða að endurgreiða prestlaunasjóði jafnmikla upphæð til þeirra presta, sem þegar eru ráðnir að tilhlutun ríkisins, og mundi svo geta farið, að það yrði allmikil og óþægileg blóðtaka.

Auk þessara höfuðþátta í stjórnarskrárbreytingunni, eru líka ýms þýðingarmikil atriði, sem fram hafa komið í breytingartillögum og þurfa athugunar við. Þannig eru t. d. tillögur háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) og háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) um alþýðuatkvæði. Sú tillaga finst mér harla varhugaverð og enda óþörf. Ef um eitt mikilvægt mál er að ræða, sem þing og stjórn er sammála um, að rétt sé að bera undir kjósendur, þá má altaf gera það, enda hefir verið gert. Og engin ákvæði í stjórnarskránni, hvorki þeirri sem er né þeirri sem nú er verið að semja, sem getur meinað það eða hamlað því. En með hin minni mál er slíkt með öllu óþarft, enda minni þörf, ef kosningar yrðu tíðari en nú. Sama er að segja um tillögu háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), um að stjórnin ein hafi vald til að ákveða hvað á fjárlög megi taka, tel eg hana mjög varhugaverða í svo litlu þjóðfélagi, sem hér er um að gera. Þótt vel hafi gefist annarstaðar, þá er mjög hætt við að hér mundi því verða breytt svo, að allar fjármálatillögur skiftust eftir flokkum, og ekkert komast að, sem forkólfar meiri hlutans væru andvígir, og það jafnvel þótt ráðherrarnir yrðu þrír, því oftast nær mundu þeir allir verða af sama flokki. En við þessa tillögu hefir háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) komið með þá breytingartillögu, að fjárlaganefndin geti einnig haft tillögurétt í fjármálum, og má vera, að það

bæti nokkuð úr, en þó ekki til fullnustu. Eg tel því líklegt að ekki sé tími til kominn, að þessu atriði sé breytt hjá oss.

Aftur á móti hefir komið fram breytingartillaga á þskj. 330 um það, að kosningarrétt megi með lögum binda við þekkingarskilyrði, sem eg fyrir mitt leyti get aðhylst. Mér finst það eigi nema eðlilegt, að svo sé, og það því fremur, sem kosningarrétturinn er víkkaður. Þetta þarf heldur ekki að vera svo ægilegt. Því fyrst og fremst er ekki sagt, að þær kröfur þurfi að vera svo harðar, að almenningi sé ekki hægt að fullnægja þeim, en hins vegar alls ekki óeðlilegt, að þær séu einhverjar, svo að þeir sem ekkert vita og ekkert skilja séu útilokaðir frá að hafa áhrif á þjóðmálefnin með atkvæði sínu og eyðileggja máske þar með öll áhrif hinna skynbærari kjósenda. Hér er heldur ekki um það að ræða, að þau ákvæði skuli setja þegar í stað, heldur eingöngu það, að heimilt sé að setja slík ákvæði með einföldum lögum, ef alþingi kynni að virðast þörf á því fyr eða síðar til þess að takmarka skaðleg áhrif ómentaðs skríls, sem komið getur upp hér sem annarstaðar, þótt enn þá séum við hann lausir. Að minsta kosti ætti það ekki að geta á neinn hátt skaðað, þótt ákvæðið sem br.till. á þskj. 330 fer fram á stæði í stjórnarskránni, en gæti hinsvegar farið svo, að það reyndist til stórra bóta, að upp hefði verið tekið.

Jón Magnússon: Eg hefði í raun og veru getað látið vera að tala í máli þessu, því að hæstv. ráðherra (Kr. J.) og háttv. framsm. meiri hl. nefndarinnar (J. Ól.) hafa tekið fram flestalt það, er eg ætlaði að segja. Það er rétt hjá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), er hann sagði, að almenn ósk hefði komið fram á þingmálafundum um það, að stjórnarskránni yrði breytt þannig, að tilvitnunin í stöðulögin yrði tekin burtu, og eg veit, að háttv. framsm. og fleiri háttv. þm. höfðu það fyrir augum í byrjun þingsins. Eg sé að vísu ekki beint ástæðu til að hræðast það, að þetta mundi valda því, að frumv. hlyti ekki konungsstaðfesting. Það hefir áður bæði af þingi og stjórn verið ráðgert að fara þessa leið, eins og farið er fram á að þessu leyti á þskj. 287, að telja upp öll þau mál, er stjórnarskráin fjallar um. En það er harla kynlegt, að Landvarnarmenn skuli einmitt nú fara þessa leið. Ef breyt.till. háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) verður samþykt, held eg að í rauninni verði á eftir enn örðugra að neita því, að stöðulögin gildi hér á landi. Stöðulögunum var mótmælt hér á hinu fyrsta alþingi, er saman kom eftir að þau komu út, en kenning Jóns Sigurðssonar var sú, og hið sama hygg eg að hafi alt af síðan verið viðurkent af Íslendingum, að stöðulögin giltu þá fyrst fyrir Ísland, er þau væri samþykt af Íslendingum annaðhvort í orði eða á borði. Upptalningarnir í 1. gr. sýna, að stöðulögunum er nákvæmlega fylgt, og ef vér samþykkjum slíkt, sé eg ekki betur en að vér samþykkjum stöðulögin eða aðalatriði þeirra á borði, viðurkennum þannig stöðulögin eftir kenningu Jóns Sigurðssonar. Eg vona því, að það sé ljóst, að frá sjónarmiði Landvarnarmanna ekki síður en annara hljóti það að vera miður heppilegt að samþykkja þessa brtill. Eg lasta ekki háttv. flutnm. fyrir að koma með brtill., en eg lasta þá fyrir það, ef þeir halda því til streitu. Og ef Heimastjórnarmenn hefðu komið með þetta, mundi hafa verið hrópað: »Innlimun«!

Þá vildi eg minnast á kosningarréttinn. Það er altaf nokkuð blint í sjóinn rent, er mjög er aukinn kosningarrétturinn — mjög fjölgað kjósendum, án

þess trygging sé fyrir þroska þeirra eða kunnáttu. Að minni skoðun ættum vér þó að halda þeirri tryggingunni, sem er í aldrinum, og binda kosningarréttinn við 25 ára aldur, því að það verður að tryggja það, að menn hafi nokkurn þroska, þá er þeir fá kosningarrétt, og það því fremur, sem hann er ekki bundinn neinum þekkingarskilyrðum, en slíkt getur naumast verið að tala um að svo stöddu. Engum mun geta dulist það, að ef kosningarrétturinnn yrði bundinn einhverju þekkingarskilyrði, þá yrði þessi þekking að vera fáanleg í skólunum, en fyrir því er ekki séð enn. Auðvitað yrði ekki heimtuð þekkingarsönnun af neinum þeim, er kosningarrétt hafa fengið, áður en eða án þess að þeir sönnuðu þekking þá, er kosningarréttur kynni síðar meir að verða bundinn. Eg hygg, að rétt sé að veita öllu kvenfólki kosningarrétt, þá er það er orðið 25 ára. En mér finst alger óþarfi, þótt kosningarrétturinn verði almennur, að taka burtu höft þau, er hvíla á gjaldþrotum og þurfamönnum. Það er ekki rétt að taka burt þær skorður, sem halda mönnum til að gera skyldur sínar í þjóðfélaginu. Íslendingar eru ekki svo vel kyntir að skilvísi, að vert sé svo sem að uppörfa óskilvísi. Og eg hygg að ákvæði núgildandi laga um, að gjaldþrotar missi kosningarrétt á meðan að á gjaldþrotaskiftunum stendur, sé einmitt hvöt fyrir marga til þess að reyna að greiða skuldir sínar og koma fram á heiðarlegan hátt, í staðinn fyrir að leggja árar í bát og framselja bú sín til skiftameðferðar sem þrotabú. Eg álít meira að segja hollara fyrir þjóðfélagið, að gjaldrotar mistu kosningarréttinn þangað til að þeir væru búnar að greiða skuldir sínar eða hefðu fengið bú sitt framselt til frjálsra umráða. Eg vil þó ekki fara fram á þetta. En tel það aftur á móti óforsvaranlegt, að breyta hinum núgildandi ákvæðum að þessu leyti. Menn sem koma til mín í þeim erindagerðum að framselja bú sín til skiftameðferðar sem þrotabú, eða eru að hugsa um slíkt, spyrja oft fyrst: »Missi eg kosningarrétt ef eg verð gjaldþrota«? Og er eg svara þeim, að þeir missi hann um stund, þá hætta þeir stundum við að gefa sig upp, og baslast síðan fram úr skuldunum.

Það hefir verið talað um, að það geti komið óréttlátt niður, að þeir menn missi kosningarrétt, sem orðið hafi að þiggja sveitarstyrk. Það getur verið, að það komi fyrir að það sé órétt, að styrkur veittur af fátækrafé undir vissum kringumstæðum hafi í för með sér missi borgaralegra réttinda, en úr því mætti bæta með því að breyta fátækralögunum. Vanalega mun það vera fyrir leti eða ómensku og drykkjuskap, að menn þurfa að leita styrks af sveitinni, og þess vegna verða að liggja upp á öðrum, og þeim mönnum er það mátulegt, þótt þeir missi kosningarrétt. Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að það væri hart t. d. fyrir gamla og nýta bændur að missa kosningarrétt sinn, af því þeir ef til vill hefðu orðið fyrir óhöppum, svo þeir yrðu að vera upp á aðra komnir í ellinni. Flestar sveitir held eg hafi þá sómatilfinningu að láta þessa menn, sem þannig er ástatt fyrir, ekki komast á sveit. Eg þekki ekki þess dæmi, að slíkir menn hafi komist á sveit í ellinni. Auðvitað neita eg því ekki, að slíkt komi fyrir. En að veita þurfalingum kosningarrétt, þótt þeir þiggi stöðugan sveitarstyrk, væri oft og einatt að verðlauna letina og ómenskuna, og það vil eg ekki gera.

Þá vil eg enn aðeins minnast á tillöguna um að banna yfirdómurum þingsetu. Eg held, að við ættum að bíða að minsta kosti með að svifta dómara þingsetu, þangað til að við höfum fengið

ægta dómstól landsins inn í landið. Ef embætti hinna æztu dómara yrði þá vel launuð og verulega vegleg embætti, þá gæti komið til tals að svifta þá að einhverju leyti rétti þeim, sem aðrir landsins borgarar hafa. En meðan dómaraembættin eru ekki betur launuð en það, að það er peningalegur skaði fyrir sýslumenn í meðalsýslu að verða dómarar í yfirréttinum, þá virðist ekki fært að svifta yfirdómarana almennum borgaralegum réttindum. Eg veit ekki til að dómurum sé bönnuð þingseta, nema í enskum löndum. En þar eru þeir svo hátt settir í virðingu og vel launaðir. Í Englandi sitja þeir þó í efri málstofunni; í neðri málstofunni sitja engir embættismenn. Eg veit ekki, hvort þeir sitja á þingi Kanada, hygg þó að dómarar séu á þingi þar.

Skúli Thoroddsen: Eg skal fyrst geta þess, að eg get ekki felt mig við tillögu háttv. þm. S.-Múl. (J. J. og J. Ól.) um þekkingarskilyrðið, ekki af því, að eg álíti ekki að það sé gott, að allir hafi þessa þekkingu, en eg álít það heyri undir fræðslumálalöggjöfina, en eigi ekki heima í stjórnskipunarlögum landsins. En að hafa þetta ákvæði í stjórnarskránni álít eg mjög varhugavert, einkum þegar hinar pólitisku öldur rísa hátt. Við höfum haft eitt dæmi þess hér á þingi fyrir skömmu, að meiri hlutinn hefir tekið $^1/_8$ hluta af einu kjördæmi og búið til úr því sérstakt kjördæmi, af því sá flokkur gat þá komið einum sinna manna að í þessu nýja kjördæmi. Eg mun því verða á móti þessari tillögu.

Eg er mótfallinn því, að dómarar séu ekki kjörgengir. Það er spor í öfuga átt. Þegar við lítum á það, að dómara landsins er ekki hægt að setja frá embætti nema með dómi, þá eru þeir betur settir með að halda fram sínum pólitisku skoðunum heldur en nokkur annar embættismaður landsins. Hæstv. ráðherra (Kr. J.) hefir einnig tekið það fram, hversu öfugt þetta sé, og að aldrei sé hægt að fyrirbyggja, að dómarar hafi ákveðnar pólitiskar skoðanir og séu æstir »parti«-menn. En með því að banna dómurum þingsetu, gæti þingið farið á mis við góða starfskrafta, og því hefir það tæplega efni á. Það hefir verið sagt, að þá ætti einnig að banna prestum þingsetu, en það nær ekki nokkurri átt. Prestar okkar eru ekki annað en mentaðir leikmenn, sem eiga við sömu kjör að búa og alþýðan. Eg er því mótfallinn, að embættismenn séu útilokaðir frá þingsetu, það gæti þá helzt komið til mála að banna þeim þingsetu, sem eru starfsmenn í stjórnarráðinu; það væri dálítið óviðkunnanlegt að sjá ráðherrann mæta hér á þingi með heilan hóp af skrifstofustjórum úr stjórnarráðinu og aðstoðarmönnum og ef til vill dyravörðinn með.

Þá er tillaga frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um alþýðuatkvæði og breyt.till. frá sama þm. þess efnis, að þegar 4000 kjósendur óska þess, þá skuli bera lögin frá þinginu undir dóm allra kjósenda. En eins og þetta er, þá er það þýðingarlaust. Það er nú fyrst og fremst, að fjárlög og fjáraukalög geta ekki komið til alþýðuatkvæðis, og svo eru þau lög einnig undanskilin, sem eiga að ganga í gildi undir eins. Meiri hlutinn gæti þá ávalt fyrirbygt, að lögin kæmu undir dóm alþýðu með því að setja það ákvæði í þau, að þau skyldu ganga strax í gildi. Ef alþýðuatkvæði ætti sér stað, þá ætti það vera á sama hátt og og fór fram hér, áður en bannlögin voru samþykt. En ef »referendum« verður samþykt, þá ætti að samþykkja breyt.-till. mína við það.

Þá er ein tillaga nefndarinnar, að ráð-

herra einn hafi frumkvæði í fjármálum. Eg er þessari tillögu mótfallinn, hún mundi auka um of hrossakaupin á þingi. Það er satt, að það er örðugt fyrir ráðherra að hafa eftirlit með fjárhagnum, þegar þm. geta bætt svo og svo miklu inn eða felt úr, en ábyrgðin á fjárhagsástandinu á ekki að liggja á ráðherra einum, heldur öllu þinginu, eða þeim flokki, sem öllu getur ráðið. Allir þm. verða að hafa ábyrgðina í þeim efnum, að sjá fjárhag landsins borgið og sjá því fyrir nýjum gjaldstofnum, ef þörf krefur. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) hefir gert þá breytingartillögu við þessa tillögu, að fjárlaganefndir hafi sama rétt og ráðherra og álít eg, að sú tillag sé til nokkurra bóta, en annars hygg eg, að fyrirkomulagið sé bezt eins og það er.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) talaði um sambandslögin og breytingartillögu mína í sambandi við það, að þótt þingið samþykki sambandslög þá skuli það þó ekki rofið. Við höfum séð það áður, þegar »benediskan« var á ferðinni, að það breytti þjóðina, þegar hún var samþykt hvað eftir annað og ávalt var haldið aukaþing. Eins mundi þetta verða til þess að þreyta þjóðina, ef það kostaði altaf þingrof, að við til þess að sýna Dönum, að við héldum enn fast við okkar fyrri kröfur í sambandsmálinu, samþyktum sambandslögin frá síðasta þingi og Danir skeltu ávalt skolleyrum við kröfum okkar. Þetta væri að eins til þess að gefa uppkastsmönnum vopn í hendur. En það megum við með engu móti. Við eigum að láta Dani heyra til okkar í sífellu, en megum með engu móti gera það á þann veg, að uppkastsmennirnir fái vind í seglin.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hélt, að menn mundu hlaupa hópum saman úr þjóðkirkjunni, ef þeir menn, sem ekki eru í henni, væru losaðir við skólagjaldið. Eg held það yrði ykki alment. Almenningur er of fastheldinn við það gamla, svo þeir mundu ekki verða ýkja margir, sem færu úr þjóðkirkjunni, þó þessir menn yrðu losaðir undan gjaldskyldu til hennar eða annara stofnana. En aðalatriðið er hér að ganga ekki of nærri persónufrelsi manna. En það er gert með því að skylda þá til þess að gjalda til þeirrar kirkju, hverrar kenningu þeir ekki geta aðhylst og sem þeir álíta óþarfa. Því það eru mörg atriði í kenningu þjóðkirkjunnar, sem bæði eg og aðrir ekki geta aðhylst, t. d. kenninguna um guðdóm Krists; svo er einnig útskýring þeirra á sakramentunum, sem eg get alls ekki felt mig við, en aðhyllist þar miklu fremur kenningu Kalvíns. Trúin er persónulegt mál, sem hver og einn á að eiga við sjálfan sig og guðdóminn, og það á ekki að leggja þeim kvaðir á herðar, sem ekki vilja vera í þjóðkirkjunni, af því þeir aðhyllast ekki kenningar hennar.

Hæstv. ráðh. (Kr. J.) vildi fara hóflega í útfærslu kosningarréttarins, en var þó ekki alveg samdóma 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sem hann taldi hafa stefnt í rétta átt. Einnig áleit hæstv. ráðherra, að gjaldþrotamenn og þeir, sem þiggja af sveit séu svo ósjálfstæðir, að þeir eigi ekki að hafa kosningarrétt. Eg er ekki hæstv. ráðherra samdóma í því, að gjaldþrota menn séu ósjálfstæðari en aðrir menn. Leynilegu kosningarnar eiga að vera trygging fyrir því, að þeir menn, sem orðið hafa gjaldþrota eða þegið sveitarstyrk geti neytt kosningarréttar síns, án þess að aðrir menn hafi nokkur áhrif á þá. Kosningarrétturinn á að ná til allra meðlima þjóðfélagsins, sem orðnir eru fullveðja, og þeir eiga allir að bera ábyrgð á því, sem gerist í þjóðfélaginu og þess vegna er ekki rétt að svifta þessa menn atkvæði.

Þá vill háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að eins veita þeim konum kosningarrétt,

sem eru 40 ára eða eldri. En þær sem yngri eru eiga þá að hagnýta tímann og afla sér pólitískrar fræðslu. Er hann þá svo sannfærður um, að kvenfólkið þurfi fremur að afla sér pólitiskrar fræðslu en karlmenn? Eg tel mikinn vafa á því, þær lesa engu síður blöð og fylgjast með í því sem gerist en karlmenn. Kvenfólkið hefir meira húslegum störfum að sinna, og hefir því betri tök á því að lesa blöð og bækur, heldur en karlmenn, sem eru mikið meira á faraldsfæti úti við; og viðvikjandi þeirri mótbáru, að kvenfólkið ekki vilji blanda sér í pólitík, og sé þess vegna ófrótt um þá hluti, þá vil eg að eins benda á það, að fjölda margir karlmenn eru ekki þroskaðri en það, að það er nærri því að setja mann í kvalaástand, að tala við þá um landsmál, svo að því leyti eru þeir að engu fremri konum og þess vegna engin ástæða til að svifta þær kosningarrétti af þeim sökum. Þar að auki er það víst, að karlmennirnir eru ekki gæddir hvorki meiri né betri hæfileikum en konur. Kvenfólk er yfirleitt tilfinningaríkara, og hefir næmari tilfinningu fyrir bágindum, og því sem rangt er; eg held því að það myndi hafa góð áhrif á okkar pólitíska líf, ef kvenfólk ætti sæti hér á þinginu; því hvað er okkar starfi hér, annað en það að reyna að bæta úr bágindunum og eymdinni og reyna að koma jöfnuði á í þjóðfélaginu.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tók það fram, að það mundi ekki vera gott, að fá fjölda óþroskaðra kjósenda inn á kosningamarkaðinn. Þessu hefi eg svarað í fyrri ræðu minni, en vil að eins bæta því við, að við höfum einnig rýmkað kosningaréttinn fyr, og það seinast á þinginu 1903, er gjald það, er kosningarrétturinn miðast við, var fært úr 12 krónum niður í 4 krónur, og var það mjög mikil rýmkun; eða heldur þingmaðurinn að hættan sé meiri nú? (*Jón Ólafsson:* Miklu meiri) þó að kvenfólkið, sem eins og eg hefi áður bent á, hvað þroska snertir stendur jafnfætis karlmönnum, fái kosningarétt? Og þegar litið er til þess, hversu mikla þýðingu það getur haft, nú á þessum tímum þegar rangfærslur og blekkingar ganga fjöllunum hærra, að kvenfólkið, sem við viðurkennum allir að sé kurteisara, og að sjálfsögðu ekki eins sokkið niður í hina pólitísku spillingu eins og karlmennirnir, láti til sín heyra í blöðunum, þá er ekki minsti vafi á því, að einnig með það fyrir augum ber að veita þeim full réttindi. En aðalatriðið er það í þessu máli, að konur eiga þennan rétt engu síður en karlmennirnir, þótt þær ekki hafi haft hann að undanförnu, og það er því ekki nema sjálfsagður hlutur að bæta fyrir það ranglæti, sem þeim hefir verið sýnt um mörg ár.

Viðvíkjandi tillögu minni um það, að hafa þing á hverju ári, þarf eg eigi að fjölyrða nú, því að hæstv. ráðherra (Kr. J.) mælti svo eindregið með henni, að eg álít því máli vel borgið, en í sambandi við þetta vil eg minnast á ummæli háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) viðvíkjandi lögunum um peningagreiðslu til daglaunamanna, að þau hefðu verið þýðingarlaus, og væru hvorki fugl eða fiskur, þá er þetta alls ekki rétt hjá hinum háttvirta þingm., því að sannleikurinn er sá, að lögin sköpuðu beinlínis »revolution«, og þótt það geti verið að hegningarákvæði vanti í lögin, þá er þó eins og eg hefi áður bent á mögulegt fyrir daglaunamennina að ná rétti sínum á annan hátt. Ummæli háttv. þm. (J. Ó.) hljóta því að vera miðuð við einstök tilfelli úr hans eigin lífi, því að honum hlýtur að vera það kunnugt, að nú orðið er daglaunamönnum, að minsta

kosti í kauptúnunum, ekki borgað öðru vísi en í peningum, nema ef til vill einstöku sjómönnum, sem hafa tekið svo mikið út fyrir sig fram, og þó einhver misbrestur kunni að vera á þessu, þá hafa daglaunamenn, eins og eg hefi áður bent á, lagalegan rétt og geta þess vegna náð rétti sínum.

Viðvíkjandi breytingartillögu minni um takmörkun á valdi dómaranna til þess að beita gæzluvarðhaldi, þá er það að vísu rétt, sem bent hefir verið á, að stundum er það notað til þess, að hindra sakborning frá því, að hafa áhrif á þau vitni, sem kunna að verða leidd í málinu og til þess að hindra strok og þess háttar. En þá er hins að gæta, að gæzluvarðhaldið í sjálfu sér er svo þungt fyrir þann, sem fyrir því verður, að viðkomandi hefir með gæzluvarðhaldinu næstum því tekið út meiri hegningu en þá hegningu, sem hann kann að verða dæmdur í, og þegar þess er gætt, að langtíðast er gæzluvarðhaldinu beitt til þess að knýja fram eigin játningu sakborningsins, sem eg fyrir mitt leyti álít að ekki hafi svo mjög mikið að þýða, þá álít eg að rétt sé að takmarka þetta vald dómaranna. Það liggur t. d. í augum uppi, að maður, sem stolið hefir lambketling, sem ekki kæmist upp fyr en eftir mörg ár, og þá er þessi veslingur tekinn og settur í gæzluvarðhald, svo og svo lengi og auðvitað að lokum dæmdur, þá segi eg, að það liggi í augum uppi hversu miklar sálarkvalir þessi maður hefir hlotið að líða, ekki einungis þann tíma, sem hann var í gæzluvarðhaldinu, heldur einnig öll þau ár, sem hann gekk með þetta á samvizkunni. Eg er þeirrar skoðunar, að það sé betra að einhverjar smáyfirsjónir séu látnar órefsaðar, heldur en að baka mönnum þær sálar- og líkamskvalir, sem því eru samfara að vera hneptur í gæzluvarðhald. Og yfir höfuð á það að vera takmark hegningarinnar að hafa betrandi áhrif á menn; en hins vegar álít eg, að hegningin eigi ætíð að vera sem allra minst sem hægt er að komast af með. Eg mæli því með þessari breyt.till. minni og vonast til að hún nái fram að ganga.

Hannes Hafstein: Það eru nú allmargir búnir að taka til máls og tala um ýms þau atriði, sem eg hafði ætlað mér að minnast á; býst eg við að búið sé þegar að taka það flest fram, er eg vildi sagt hafa. Þó ætla eg, eins og síður er til orðinn, að segja nokkur orð »til að gera grein fyrir atkvæði mínu« um einstöku atriði. Eg skal þá byrja á að fara nokkrum orðum um tillögu frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og þm. Dal. (B. J.), er fer fram á, að setja inn í 1. gr. upptalning á sérmálunum ásamt því ákvæði, að hæstaréţti Danmerkurríkis sé falið æzta dómsvald í þeim málum, *»þar til önnur skipan verður þar á gerð«*. Eg vefengi alls ekki, að þeim muni gott til ganga með tillögu sinni, en hins vegar er eg ekki í nokkrum vafa um það, að því fer mjög fjarri, að hún geti náð þeim tilgangi sínum, að synda fyrir það, að vitnað sé í stöðulögin, án þess þó að ganga beint í berhögg við gildi þeirra hér. Því hver á að gera þessa »aðra skipan«, sem breytingartillagan ræðir um? Um það verður auðvitað spurt, áður en stjórnarskrárfrv. alþingis er staðfest. Fyrir því verður að gera konungi grein, þegar frumv. er borið upp fyrir honum. Er það nóg, að íslenzka löggjafarvaldið geri aðra skipan; eða er meiningin, að til þess útheimtist samþykki danska löggjafarvaldsins, sem setti stöðulögin og þar með það ákvæði, að stöðu hæstaréttar í íslenzkum málum yrði ekki breytt án samþykkis ríkisþingsins? Þessu verður að svara. Svari ráðherra vor, að hér sé átt við ráðstöfun af hálfu

íslenzka löggjafarvaldsins eins, þá er þar með viðurkent, að frumv. fari út fyrir hið svonefnda »sérmálasvæði«, og seilist inn á löggjafarsvið það, er enn er af Dönum talið ríkisins í heild sinni, uns öðru er slegið föstu í sambandslögum, og þetta stjórnarskrárfrumv. gæti þá ekki öðlast staðfesting konungsins. En svari hann því, að auðvitað eigi ríkisþingið að hafa þar afgerandi orð, þá er fram komin viðurkenning af vorri hálfu á gildi stöðulaganna, sem aldrei áður hefir fram komið frá alþingi. Tillagan hefir það þannig í för með sér, að annaðhvort verður stjórnarskránni synjað staðfestingar af konunginum, ellegar að sá ráðherra, sem ber það fram fyrir konunginn, verður að játa það í þingsins nafni, að stöðulögin gildi einnig hér á landi, og fer því fjarri, að það sé endurbót á frumvarpi nefndarinnar, að samþykkja þessa tillögu.

Þá eru ákvæðin um fæðingjarétt innborinna manna. Það er enginn vafi á því, að svo væri litið á, að hér væri farið út fyrir »sérmálasviðið«. Eg held því að hinir háttv. þingm. ættu ekki að halda því til streitu, *ef* þeir vilja þessu máli vel og eg býst því við, að þeir taki þessa tillögu sína aftur.

Þá vil eg minnast á nokkur atriði viðvíkjandi skipun efri deildar. Ástæðan fyrir því, að eg aðhyllist að efri deild verði kosin af allri þjóðinni með hlutfallskosningu en ekki í kjördæmum, er ekki sú, að eg búist við, að deildin verði *afturhaldssamari* heldur en hún gæti orðið með hinsvegar kosningarmáta. En eg held að hún verði *vitrari* með þessu móti. Eg hygg, að með þessu móti mundu fást víðsýnni menn, sem hefðu betri þingmannshæfileika eða og víðtækari þekkingu á málum landsins í heild sinni og yfirleitt víðari sjóndeildarhring en alment gerist, menn, sem þekkja þjóðina og þjóðin þekti. Það er meira að segja ósennilegt, að þannig kosin efri deild verði skipuð ihaldsmönnum, sem þektir eru að því, að gerast þröskuldar í götu fyrir framfaramálum og áhugamálum þjóðarinnar. Þvert á móti má búast við, að deildin yrði fult eins fús til framfara og neðri deild, en aðeins ætti að vera trygging fyrir því, að ekki yrði litið eins einhliða á málin frá sjónarmiði einstakra landshluta eða sýslufélaga né hreppapólitík og hrossakaupum eins oft blandað inn í landsmálin og nú á sér stað.

Eg hefi yfirleitt miklar mætur á hlutfallskosningum, því að þingið á að vera mynd af þjóðinni og sú mynd næst bezt með hlutfallskosningu, og það er enginn vafi á því, að heppilegast væri að *allir* þingmenn væru kosnir með hlutfallskosningu um land alt eða þá í sem stærstum kjördæmum, eins og farið var fram á í frumvörpum mínum 1905 og 1907. Það frumvarp féll hér, illu heilli, og með því að ekki er útlit fyrir, að þjóðin fyrst um sinn vilji svo víðtæka breyting, get eg að svo stöddu gert mig ánægðan með, að hlutfallskosning sé lögboðin í stjórnarskránni fyrir efri deildina, einkum þó þannig, að kosið sé í einu um land alt.

Það hefir verið talað um, að nauðsynlegt væri að þingið kæmi saman á hverju ári, einkum af því að hið pólitiska líf í landinu dofnaði svo milli þinga. Mér fyrir mitt leyti sýnist nú pólitiski gauragangurinn hér á landi nægilegur, þó að þingið komi ekki saman nema annaðhvort ár; hins vegar geta komið fyrir þau atvik, er geri það æskilegt, að þing geti komið saman oftar. En þá vil eg benda á það, að í nefndarfrumvarpinu er ákvæði, sem gerir þetta mögulegt, að fá þing þegar þörf er á, án þess að það sé skipað í stjórnarskránni, að halda þing á hverju ári; eg á við það ákvæði, að meiri hluti þingmanna geti knúð það

fram, að kallað sé saman aukaþing hvenær sem þeim finst þörf á því, og þingið getur þannig haft þann hemil á stjórninni, sem því sýnist, og yfirleitt tekið til starfa, hvenær sem mál ber að höndum, er meiri hluti þings telur rétt að flýta. Eg sé ekki annað, en með þessu ákvæði sé nægilega bætt úr öllu því, sem mælir með því að hafa árlegt þing.

Viðvíkjandi kosningarréttinum vil eg taka það fram, að eg vil að konur hafi þar jafnrétti við karla. Þegar eg í stjórnarskrárfrumv. 1909 orðaði tillöguna um það svo, að veita mætti konum kosningarrétt með lögum, þá var ástæðan sú, að mér þótti rétt að löggjafarvaldið ætti kost á því að setja, ef því svo sýndist, einhverja reglu til þess að bæta úr agnúunum við það, að alt kvenfólk, sem kosningaraldri hefir náð, kæmi alt í einu og undirbúningslaust inn í kosningabaráttuna, án þess að hafa haft nokkra ástæðu til þess á undan að láta sér detta í hug einusinni, að þær yrðu kvaddar fram á vígvöllinn, til þess að hafa með höndum þetta vald þjóðarinnar. Karlmennirnir hafa vitað það frá barnæsku, að þeir ættu að fá þennan rétt og hlutdeild í þessu valdi, þegar þeir næðu vissum aldri, og hafa því að minsta kosti haft ástæðu til að búa sig eitthvað undir, setja sig eitthvað inn í almenn mál, en kvenfólkið alls ekki, og vitanlega fjöldinn allur af stúlkum út um alt land, sem ekki hefir látið sér í hug detta neitt er að þessu lýtur. Eg áleit því hentugra að haga ákvæðinu þannig eins og gert var, eftir kringumstæðunum, en alls ekki af því að eg vildi setja kvenfólkið sem slíkt skör lægra en karlmenn.

Nú er komin fram breyt.till. frá hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um það, að setja það inn í stjórnarskrána, að konur öðlist kosningarréttinn smátt og smátt, fyrst þær sem eru 40 ára, ári síðar þær, sem eru 39 ára o. s. frv., og getur hugmyndin í þessu í sjálfu sér haft mikið við að styðjast, þótt eg kunni ekki við að binda þetta fast í stjórnarskrá. En það er annað, sem gerir mér þessa breyt.till. allsendis óaðgengilega: Eftir nefndarfrumvarpinu er kosningarrétturinn bundinn við fullveðja aldur, sem nú er 25 ár, en má færa hann niður í 21 árs aldur. Sé nú breyt.till. hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) samþykt, verður reglan þessi: Alþingi getur þegar á næsta þingi með einföldum lögum kastað inn í kjósendahópinn öllum strákum, frá 21—25 ára að aldri, sem alls ekki hafa haft neina ástæðu til að búast við slíku, — en kvenfólki á þeim sama aldri getur hið almenna löggjafarvald alls ekki veitt þennan rétt. Það er undan skilið frá þeirri reglu, að kosningarrétturinn fylgi lögaldrinum, meira að segja það er alveg útilokað, að alþingi geti gefið ráðsettum konum á 30—40 ára aldri, hversu vel undirbúnar sem þær væru orðnar, sama rétt og karlkyns unglingum alt að því helmingi yngri má veita, með einfaldri breyting á lögaldurstakmarkinu. Þetta er misrétti, sem eg ómögulega get fellt mig við — misrétti, sem ekki á neina rót í þekkingarmun, heldur að eins í kynferði, sem í þessu efni ekkert kemur málinu við. Eg kann líka illa við þá aðferð, að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni, heita kosningarrétti með sömu skilyrðum og karlar, eins og breyt.till. gerir, en svo með öðru ákvæði setja skilyrði, sem að eins gildi um kvenfólk en ekki um karlmenn. Eg fyrir mitt leyti mun því greiða atkvæði með því, að sömu reglur gildi um kosningarrétt karla og kvenna, en aftur á móti hefi eg komið með brtill. þess efnis, að hætt sé við að leyfa, að færa megi aldurstakmarkið niður í 21 ár, og takmarkinu sé haldið áfram eins og það nú er, 25 ár. Eg vona, að enginn geti kallað það of mikla íhaldssemi, að

halda fast við þetta takmark. Það er engin bót í að lækka það. Það tjáir ekki að vera að bera okkur saman við suðrænar þjóðir, við erum ekki nærri því eins bráðþroska, eins og þær. Og þótt Englendingar hafi 21 árs aldurstakmark, er þeim það ekkert hrós og alls ekki eftirstælingarvert fyrir oss. Þess mætti og geta, að í hinni harðsnúnu baráttu í Englandi móti því að veita konum kosningarrétt, hefir það verið tilfært sem ein mótástæðan, að aldurstakmarkið sé svo lágt.

Ein breyt.till. fer í þá átt, að engum nema ráðherra skuli heimilt að bera fram á þingi breytingartillögu við *fjárlagafrumvarpið*, er hafi í för með sér nýa eða aukin útgjöld. Um brtill. við fjáraukalög er þetta látið frjálst, hvers vegna veit eg ekki. Eg get ekki verið með þessari till., ekki vegna þess, að hún hafi ekki við nokkur rök að styðjast. Það er óneitanlega eðlilegast, að þingið veiti ekki meira fé en stjórnin álítur að þurfi, og treystir sér til að útvega. En eg er hræddur um að með þessu ákvæði yrði ekkert breytt til bóta. Eg sé eigi, að breytingin mundi verða önnur en sú, að »agitationin« og hrossakaupin færist inn í flokksherbergin, í staðinn fyrir, að nú er hún mest hér á göngunum. Eg skal viðurkenna það, að sú röksemd tekur sig nógu vel út, að nú geti ráðherra í raun og veru enga ábyrgð borið á fjárlögunum, þar sem þingmenn umhverfi alveg frumvarpi hans. En það er hvorttveggja, að ekki er uggvænt, að hann yrði eftir sem áður að sætta sig við ýmsar nýjar fjárveitingatillögur, að minsta kosti ef meiri hluti þings krefst þess af honum, enda sé eg ekki betur, en að ráðherra, sem hefir meirihluta fylgi, geti, ef hann vill beita sér, komið í veg fyrir fjárveitingar, sem honum eru ógeðfeldar, án nokkurrar breytingar á gildandi ákvæðum, svo framarlega sem nokkur flokksagi er, og menn vilja eigi að hann beiðist lausnar.

Eg get ekki varist þess, að mér finst þessi tillaga ganga of nærri frumkvæðisrétti þingmanna, sem er svo óbundinn í öllum öðrum málum. Kann ekki við að það sé hverjum þingmanni heimilt að koma fram með lög eins og t. d. aðflutningsbannslögin, sem kosta landið 200,000 kr. tekjumissi á ári, og þannig rugla gersamlega öllum fjárhagsstatus landssjóðs — en að sami voldugi þingmaður megi ekki fyrir neinn mun stinga upp á því, að veita fá hundruð króna til nauðsynlegrar brúar eða vegarspotta, sem ekki hefir fundið náð fyrir ráðherrans augum.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. Ól.), sem annars talaði mjög skýrt og vel fyrir nefndarinnar hönd, fór þó ekki alveg rétt með, er hann skýrði frá afstöðu okkar gagnvart utanþjóðkirkjumönnum. Við höfðum lagt það til, að enginn sá, er ekki er í neinum trúarbragðaflokki, skuli gjalda nokkuð til guðsdýrkunar, en leggja af mörkum samsvarandi gjald til skólanna. Háttv. þm. sagði, að við meiri hl. nefndarinnar hefðum viljað *sekta* þá menn, sem ekki væru í þjóðkirkjunni. Þessu verð eg að mótmæla. Fyrir okkur vakti það eitt, er vér vildum halda ákvæðinu um tilsvarandi greiðslu til skóla frá þeim, sem ekki eru í viðurkendum söfnuði, að koma í veg fyrir undanbrögð, gera mönnum ómögulegt að smokka sér undan öllum gjöldum til prests og kirkju að eins með því að segja: »eg trúi engu og vil því ekkert borga«, en hafa samt öll sömu not af starfi og embættismönnum þjóðkirkjunnar eins og aðrir. Það er því síður varhugavert að heimta þetta gjald af kirkjufélagsleysingjum, þar sem ekki er hætt við, að alþingi mundi sýna neina tregðu í því að viðurkenna allar þær trúarskoðanir, sem ekki stríða á móti

almennu siðferði. Hvers vegna sækja t. d. Unitarar ekki um viðurkenning? Eg hygg enginn mundi amast við því.

Það hefir verið mikið talað um »*referendum*«. Eg held að of snemt sé að fara að byrja á slíku, það hefir engin þörf á þess konar ráðstöfunum sýnt sig enn. Og það getur líka orðið okkur mjög hættulegt, getur tafið mjög alla framfaraviðleitni, sem hefir í för með sér fjárútlát, eða »agitation« er vakin á móti af einhverjum ástæðum. Það er svo fjarri því, að slíkt auki frelsi og framför í landi, að það dregur miklu fremur úr frelsi og framkvæmdum. Það er gömul setning, að alt orkar tvímælis þá gert er, og þá ekki sízt stórmálin, sem miklu skifta. Reynslan sýnir, að hér á landi er hægt að þyrla upp blekkingaryki og villa mönnum sjónir með útúrsnúningum, ósannindum og rógi, svo að orðið hefir allra mestu nauðsynjamálum að falli. Alþýðan er einatt tortryggin og trúir fremur því illa en því góða, sem henni er sagt, hættir til að gruna menn um græzku og trúa þeim, er undir róa og illt segja. Eg er viss um það, að mörg góð mál og fyrirtæki mundu liggja óbætt hjá garði, ef alment »referendum« er innleitt hér á landi. Af þeim tillögum um »referendum«, sem hér eru fram komnar, virðist mér till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að það nái til allra laga, sú eina, sem er sjálfri sér samkvæm. En hún getur þó ekki staðist, því það er ómögulegt að bíða mánuðum saman með það að fá staðfesting allra lagaboða. Sum mega til að koma strax til framkvæmda, t. d. ný tolllög. Til þess að bæta úr þessu hefir háttv. þm. Skagf. (Ó. Br.) stungið upp á því, að lög, sem strax eiga að ganga í gildi, séu undanskilin »referendum«. En þar með verður öll reglan um »referendum« að hégóma, því að ætíð má sleppa við það með því að setja inn í öll lög, sem alþingi samþykkir, ákvæði þess efnis, að þau skuli öðlast gildi þegar í stað.

Að bera sambandslagafrumvörp, sem alþingi að fyrrabragði hefir samþykt, undir þjóðaratkvæði, áður en nokkur vissa er fyrir því, hvort hinn samningaaðilinn vill ganga inn á það, virðist tilgangslaust.

Eg sleppi því að minnast á fleiri atriði í þetta sinn. Skal eg að endingu að eins nefna stórmálið þeirra félaganna 1. þm. Rvk (J. Þ.) og þm. Dal. (B. J.), sem þeir vilja setja inn í stjórnarskipunarlög landsins, að »enginn maður hér á landi megi bera neinar orður né titla, er konungur og landsstjórn veiti mönnum«. Það má þannig veita háttv. tillögumönnum orður og titla eftir sem áður, þeir mega að eins ekki bera þetta »á landi«. Eg skal nú ekki út í það fara, hversu merkileg þessi siðbót er í sjálfu sér. Eg vil að eins benda háttv. flnm. á það, að orðalag till. er ekki rétt. Það er ekki stjórnin, sem veitir orður og titla. Það gerir konungur einn. Enginn ráðherranna »contrasignerar« með honum slíkar ákvarðanir. Oft gefur konungur sjálfur orður persónulega, þannig að hönd selur hendi, og hafa þá ekki aðrir með það að sýsla en »Ordenskancelliið« sem gamli Hans, prinz af Glucksborg, er kanslari fyrir sem stendur. Það er líka einkennilegt, að þetta burðarbann skuli aðeins gilda um danskar orður. Hingað til hefir þurft leyfi til að bera orður frá öðrum þjóðhöfðingjum og það getur væntanlega fengist eftir sem áður. En sjálfs síns orður á konungur vor ekki að geta leyft þegnum sínum að bera. Eg vil biðja háttv. deild að athuga hvort slíkt stjórnarskrárákvæði muni ekki koma ofurlítið undarlega fyrir sjónir. Í öllu falli virðist mér það merkilegt af mönnum, sem telja Ísland sérstakt »suveræent« ríki, óháð Danmörku, að gera þennan greinarmun á Danmörk

og öðrum ríkjum heimsins, að einungis danskar orður má ekki bera. Á þetta að vera hefnd á Danmörku fyrir gamlar syndir? Eða felst hér í ósjálfrátt enn þá viðurkenning fyrir því, að Ísland sé »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«, eins og stöðulögin segja, sem þeir annað veifið afneita svo mjög?

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg hefi verið hálf lasinn og illa fyrir kallaðaður bæði í gær og í dag, en af því að þessi meinlausa br.till. mín hefir komið á stað miklum ummælum, þá finn eg mér skylt að fara um hana nokkrum orðum enn þá. Mig langar þá fyrst til að leggja fram litla spurningu og vænti svars upp á hana: Skyldi nokkurt það þing vera í heiminum, þar sem slíkt nýmæli, sem hér er um að ræða, þar sem er óbundinn kosningarréttur og kjörgengi allra fulltíða kvenna til að ráða löggjafarmálum þjóðarinnar, væri borið fram, að engin rödd væri til mótmæla? Eg geri nú raunar ráð fyrir hvað svarið muni verða, líklega það, að þetta sannaði, hvað við værum langtum lengra á veg komnir en aðrar þjóðir. Það er það sama og einn mikilsvirtur þm. sagði á seinasta þingi, þegar eg vakti máls á því, að helztu menn Norðmanna væri á móti bannstefnunni, og leyfði mér að nefna nöfn eins og Nansen, Mikkelsen o. fl., þá var mér svarað því, eg get nefnt manninn, það var háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að ef við samþyktum bannlögin, þá sýndi það, að við værum siðferðislega þroskaðri en þessir menn, *(Skúli Thoroddsen:* og hafði rétt að mæla). Já! Við erum miklir menn, Íslendingar. Því er ekki að leyna, að við getum orðið forgöngumenn annara þjóða í ýmsum málum. Og karlmannleg voru orð háttv. þm. Dal. (B. J.) í gærkveldi. Hann hugsar sér víst sjálfan sig aðalbrautryðjanda þessarar nýju gullaldar, sem hann er að leiða okkur inn í. Hann mælti svo, er hann talaði um þjóðarskútuna: »Vér þurfum enga seglfestu«. Hann vill kasta öllu fyrir borð, sem tefur siglinguna inn í hið fyrirheitna land sjálfstæðisins. Hann sagði, að öllu væri óhætt, ef vel væri stýrt, og stýrimanninn vantar víst ekki, þar sem hann er sjálfur; bara seglin í hæsta hún og seglfestuna fyrir borð!

Þetta er karlmannlega mælt, en ljótar eru manneskjunnar hugsanir. Mér kom nefnilega í hug sigling Staðarhóls-Páls og vísan þjóðkunna, er hann kvað, þegar hann stýrði beint á skerið. Hún endar svona:

„Skipið er nýtt, en skerið hró
skal því undan láta".

Skipið fór auðvitað í spón, en skerið lét sér hvergi bregða, og kvað standa enn í dag á sama stað. En í alvöru talað vildi eg ekki þurfa að heyra slíkar kenningar fluttar á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Mér kom það illa og óvart, er vinur minn, 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skýrði svo frá, að skoðun mín á kvenfólki væri sú sama og hann hafði fyrir langa löngu látið í ljósi í fremur, ja, hvað skal eg nefna það(?) fremur ógeðslegum kviðlingi. Og hann bar mér meira að segja á brýn, að skoðun mín væri sú, að svo *ætti það að vera*, sem í þeim kveðlingi segir um íslenzkar konur.

Þetta fer nú allfjarri sanni, og eg þori að fullyrða að álit mitt á »betri hluta mannkynsins« er alt annað, og eg held miklu fegra og »ideellara« en hans sjálfs og allra þessara blásokkuriddara. Þeir vilja knýja konur nauðugar viljugar út í lífsins óhreinlegasta strit, en eg vil fara vel með þá hæfileika konunnar, sem hingað til hafa drýgstir reynst til að friða og fegra lífið, til að milda og mýkja. Það er ekki til neins að segja, að hér

sé að eins að ræða um, að veita heimild og rétt, því það er hverjum heilskygnum manni auðsætt, að hér er engu síður að ræða um að hlaða skyldum og leggja nýjar byrðar á bak konunum.

Eðlismunur karla og kvenna verður ekki afnuminn með alþingislögum. Sá munur er mikill og merkilegur, og sérhvað það, sem eins og þessi nýmæli, miðar til að gera þann mun minni eða sljófga náttúrlegt eðli, er skaðlegt og hefnir sín með aukinni ófarsæld þeirra, er hlut eiga að máli. Mér finst eg muni helzt geta skýrt, hvað fyrir mér vakir, með því að tilfæra orð skáldanna, sem sjá dýpra í eðlislíf vort en aðrir menn. Mér detta í hug þessi orð, um insta eðli konunnar gagnvart karlmanninum: »Þarfnast stoðar sem vintré veikt« o. s. frv. eftir Tegnér. En um instu og fegurstu tilfinning karls gegn konu bera þessi vísuorð vott: »Hélt eg þér á hesti« o. s. frv. Það er langt síðan að eg hugsaði um þetta merkilega efni, með þeim litla vitsmunakrafti, sem mér er gefinn, og eg er svo sannfærður, sem maður getur verið, að öll þessi svonefnda kvennréttindahreyfing, sem nú er að ná yfirtökunum, er óheillaspor, gönuspor mannkynsins, er hlýtur að leiða til vaxandi lífskvalar, sem þó mun varla verða ábætandi. Og það er sannarlega ekki með léttum hug, sem eg geng að því verki, að samþykkja þessi nýmæli, þótt eg telji mér skylt að gera það, eins og eg reyndi að færa rök fyrir í gær.

Eg skil ekkert í, hvað mikla mótspyrnu þessi meinlausa tillaga mín hefir vakið. Það er ekkert í henni, sem aftrar því, að konur öðlist jafnrétti á við karlmenn. Það var sagt í gærkveldi, að kosningarréttur þeirra drægist í 15 ár. Þetta er rangt. Sú kona, sem er 25 ára, þegar lögin öðlast gildi, fær kosningarrétt eftir $7^1/_2$ ár. Sú sem stendur á tvítugu, fær kosningarréttinn eftir 10 ár.

Mér heyrðist háttv. þm. Dal. (B. J.) hafa það helzt á móti þessari tillögu minni í ræðu sinni í gærkveldi, að með henni yrðu það eintómar kerlingar, sem fengju kosningarrétt. Það er satt að segja nokkuð í því og eg skil það, að sumum kunni að falla það þungt. Sú var tíðin, að riddararnir börðust í burtreiðum fyrir augum yngismeyja. Nú byrjar þessi leikur á ný. En nú er ekki barist um bros og blíðu kvenna, heldur um atkvæði þeirra. Og er það þá ekki munur að berjast um atkvæðisfylgi ungmeyjanna blómlegra og broshýrra, eða vera að stássa með þessa nýju karlmenskuraun frammi fyrir hálfgömlum, og hálfþreyttum konum. Það er eins og hver sjái sjálfan sig. — Það tekur alt fjörið úr riddurunum í þessari nýju turniment, í þessum atkvæðasmölunar einvígum.

Og svo vopnin. Í stað burtstanga, gyltra skjalda og skúfaðra hjálma koma nú svívirðandi orð um mótstöðumanninn og annað því um líkt. Nú er það þetta, sem á að ganga í augun á konunum, þetta, sem á að lyfta konunum til menningar og þroska. Og sá væntir að fá sigurlaunin, sem bezt kann að neyta þessara vopna.

Hvort verður fremur til að göfga konurnar, hin fornu turniment, eða þau, sem nú munu fara að tíðkast?

Hér get eg látið staðar numið. Það eru að eins fáein atriði, sem eg þarf að svara örfáum orðum.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lýsti yfir því sama sem eg í gær, að konur væru yfirleitt hjartabetri. En það eru tvær hliðar á því máli. Skyldi ekki hjartagæzkan hverfa, þegar þær eru komnar í selskapinn; Adam var ekki lengi í Paradís. Eða þótt hjartagæzkan héldist, mundu þær þá ekki einmitt þess vegna fremur verða blekkingum að bráð þegar á kosningamarkaðinn kemur?

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mintist á þessa tillögu mína, sem svo margir skörungar þingsins spreyta sig á, hver um annan þveran, að tala illa um, og sagði, að hún væri með öllu óhæf, einkum ef aldurstakmarkið fyrir kosningarrétti yrði fært niður í 21 ár. Eg fyrir mitt leyti er því eindregið mótfallinn, og mun hiklaust greiða atkvæði með till. hans, er slær því föstu, að kosningaraldur, hvað sem lögaldri líður, megi ekki lægri vera en 25 ár. Eg er ekki hefnigjarn og mun sýna það, að eg kann að launa ilt með góðu.

Sigurður Sigurðsson: Eg ætlaði mér ekki að taka aftur til máls við þessa umræðu, en ýms ummæli háttv. þingmanna, er talað hafa og orð hæstv. ráðherra (Kr. J.) gefa mér ástæðu til að segja fáein orð.

Um fjölgun ráðherranna skal eg vera fáorður að þessu sinni. En það vil eg taka fram, að eg sé ekki neina knýjandi ástæðu til að fara nú strax að fjölga þeim. Og eg mun, eins og eg tók fram í gær, koma með breyt.till. til 3. umr., er fari fram á, að fjölgun þeirra sé að eins heimiluð í stjórnarskránni.

Hvað snertir tillöguna um, að þing sé haldið á hverju ári, þá get eg tekið undir það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði um það efni. Það er að mínu áliti of snemt að gera þá breytingu. Þing á hverju ári hefir í för með sér 60 þús. kr. útgjöld fyrir landssjóðinn. En þótt þetta sé þungt á metunum og hljóti að ráða miklu í þessu efni, þá er fleira, sem hér er á að líta. Eg hefi heyrt menn segja, að ef þing væri á hverju ári, þá mundi það geta átt styttri setu í hvert sinn. En ekki geri eg ráð fyrir því. Þingsetutíminn mundi verða svipaður eða hinn sami. Ef þing væri háð árlega, þá má búast við, að sumir menn, þeir sem lítið hafa að gera, færu að »spekúlera« í því sem atvinnu að sitja á þingi, og mundu þá þeir hinir sömu stuðla að því, að þingið ætti sem lengsta setu. Ekki hefi eg heldur orðið þess var, að þjóðin yfir höfuð æskti þess, að þingið sé háð árlega.

Það hefir verið mikið rætt um tillögu háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um þjóðaratkvæði, (»referendum«). En hvað þessa tillögu snertir um þinghald á hverju ári, þá virðist mér ástæða til, að spurningin um það væri borin undir þjóðina, áður en nokkuru er þar ráðið til lykta. Og svar hennar mundi óefað verða á þá leið, að eigi sé kominn tími til að breyta frá því sem nú er í þessu efni.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) héldu því fram, að með því að halda þing á hverju ári, þá mundi vakna meira líf og meiri áhugi í allri pólitík hér á landi; þegar langur tími líður milli þess að þing er haldið, þá dofni yfir stjórnmálunum, segja þessir þingmenn, og að þingmenn hugsi ekkert um þingmál milli þinga. Það má vel vera, að eitthvað sé hæft í þessu. En hitt vil eg segja, að það lýsir ekki miklum landsmálaþroska, ef menn gleyma þingmálum og leggja sig til svefns í því efni milli þinga, jafnvel þótt þingið sé ekki háð nema annaðhvort ár. Það eru ekki áhugasamir landsmálamenn, er það gera. Nei, það er ekki kominn tími til að fastákveða það, að þing skuli haldið árlega og þjóðin óskar þess ekki, eftir því, sem eg veit bezt.

Hvað snertir tillögu mína um að banna dómurum að sitja á þingi, þá hefir hún mætt töluverðri mótspyrnu. Eg get fullvissað hæstv. ráðherra (Kr. J.) um það, að þessi tillaga á ekki rót sína að rekja til skrifstofu sjálfstæðismanna. Það er mjög langt síðan eg heyrði þessa uppástungu fyrst. Háttv.

þm. Vestm. (J. M.) gat þess við mig, að það væri óvíða í lögum annara þjóða, að dómurum væri bönnuð þingseta, og veit eg, að hann fer þar með rétt mál. En þótt svo sé ekki hjá öðrum þjóðum, þá er ekki þar með sagt, að það sé ekki hagkvæmt fyrirkomulag hjá oss. Vér erum fámennir og þekkjum hver annan að heita má og verðum fyrir áhrifum hver af öðrum. Og dómarar geta eins og aðrir orðið fyrir slíkum áhrifum. Eg segi ekki, að dómarar séu ógáfaðri eða lakari en aðrir menn, síður en svo. En þeir eru þó mannlegum breyzkleika undirorpnir, eins og við hinir. Það, sem liggur bak við tillöguna er það, að fækka embættismönnum á þingi. Eg hefi nú einu sinni fengið það í höfuðið, að heppilegast muni, að sem *fæstir* embættismenn eigi sæti á þingi og þá hvað sízt dómarar. Auðvitað getur enginn bannað dómurum sem »privat«-mönnum að skifta sér af pólitík og vera í pólitiskum flokkum og beita þar áhrifum. En mér virðist, að áhrifin geti orðið enn viðtækari og áhrifameiri, að því er þá menn snertir, er eiga sæti á þingi, svo dómara sem aðra, og það jafnvel framar en góðu hófi gegnir. Það hefir verið fundið að tillögunni, að hún sé of víðtæk. Eg skal játa það og kannast við, að hún hefði mátt vera takmarkaðri. Það var ekki meining mín að útiloka sáttanefndarmenn eða dómendur í landsdómi frá þingsetu. En þetta má laga til 3. umr. Nú hefir verið sett nefnd til að rannsaka dómaskipan landsins. Það má búast við því, að tillögur nefndarinnar hnigi í þá átt að aðskilja dómarastarfið frá fógetastarfinu og að sú stefna verði ofan á í framtíðinni. En við það verða dómararnir færri og mundi þá þessi tillaga mín, ef hún yrði að lögum, ná til færri manna en nú ætti sér stað.

Geta vil eg þess, í sambandi við þetta mál, að í Danmörku sitja sárfáir dómarar á þingi og enginn af dómendum hæstaréttar. Í Noregi á enginn dómari sæti þar á þingi, og svo mun víðar vera.

En hvað sem þessu líður, þá tek eg það enn fram, að þó það sé hvergi annarsstaðar, að dómendum sé bannað að sitja á þingum, þá mælir samt margt með því, að þeir eigi ekki setu á þingi hér hjá oss. Ef þeir eru of lágt launaðir, þá er miklu skynsamlegra að hækka laun þeirra, svo þeir þurfi ekki að vera sér úti um aðra atvinnu eða aukastörf. Hæstv. ráðherra (Kr. J.) gat þess, að ef dómurunum væri bönnuð þingseta, þá ætti ekki síður við að banna búnaðarráðunautum að vera á þingi. Eg hygg, að þetta sé fremur gaman en alvara hjá hæstv. ráðherra (Kr. J.), enda væri það hálf hlægilegt að banna þeim mönnum þingsetu. Búnaðarráðunautar eru ekki, að áliti sumra manna, þau stórmenni, er hættuleg séu í pólitisku tilliti og þar af leiðandi ástæðulaust að meina þeim að gefa sig við þingstörfum. Þá virðist mér mun meiri ástæða til að banna sýslumönnum, bankastjórum, læknum og jafnvel prestum þingsetu heldur en búnaðarráðunautum.

Um kosningarréttinn skal eg taka það fram, að ef mínar tillögur verða ekki samþyktar, þá mun eg greiða atkvæði með tillögu háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Eg álít að það eigi að fara mjög varlega í það að færa út kosningarréttinn og ekki gera neinar stórfeldar breytingar á honum alt í einu.

Hér hefir verið talað mikið um kosningarrétt kvenna og er það því að bera í bakkafullan lækinn að minnast frekar á það atriði. Eg vil þó geta þess, að eg er enn ekki sannfærður um, að það sé á rökum bygt að veita nú þegar konum kosningarétt. Því er nú þannig varið, að menn skifta með sér verk-

um á heimilunum og sömuleiðis í þjóðfélaginu. Þessi skifting hefir tíðkast frá alda öðli og á sér djúpar rætur í þjóðfélagsskipuninni. Verkaskiftingin fer mikið eftir náttúruskilyrðum þeim, sem hver þjóð á við að búa. Hjá okkur hefir verkaskiftingunni milli karla og kvenna verið þannig háttað, að karlmennirnir hafa tekið að sér stritverkin og þau verk, sem hafa haft í för með sér vosbúð og vökur. En kvenfólkið hefir haft innanbæjarstörfin á hendi og gætt fengins afla. Eins og eg gat um er þessi skifting gömul og það er í samræmi við þessa skiftingu, að karlmennirnir hafa tekið að sér að starfa að pólitík og öðrum landsmálum. Karlmennirnir hafa tekið að sér störfin út á við, en kvennþjóðin inn á við. Póltísku störfin eru ekkert leikfang; þau eru hálfgert skítverk og við þess konar störfum eigum við að hlífa kvennþjóðinni.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um frumvarpið að sinni, en óska þess að eins, að það fari svo frá þinginu, að þjóðin verði sem ánægðust með það, og að það á sínum tíma geti öðlast staðfestingu.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla fyrst að fara fáum orðum um breyt.till. þm. Dal. (B. J.) og 1. þm. Rvk. (J. Þ.).

Eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tók fram, þá hafa komið áskoranir frá mörgum þingmálafundum um það að nema burt úr stjórnarskránni tilvitnanir í stöðulögin, meðal annars frá þingmálafundum Reykvíkinga og af flestum eða öllum fundum, sem haldnir voru í mínu kjördæmi.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um, hvernig bezt verði stýrt hjá þessu skeri. Eg sé ekki, að betur verði komist fram hjá því á annan veg, en gert er í þessari breytingartillögu.

Og það finst mér mesta fjarstæða, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) bar fram, að með þessu sé verið að samþykkja stöðulögin. Það getur ekki með nokkru móti verið samþykt á stöðulögunum, þótt tekin sé upp í stjórnarskrána samskonar atriði, sem í stöðulögunum standa um upptalning þeirra málefna, sem stjórnarskráin nær yfir. Íslenzkt löggjafarvald hefir ekki bundið hendur sínar með því að telja upp þessi málefni, því að það er ávalt á þess valdi, að breyta þeim ákvæðum síðar og færa sundur kvíarnar, eftir því sem þinginu býður við að horfa.

Þá fer frumv. fram á mjög mikla rýmkun kosningarréttarins og gerir ráð fyrir, að kosið sé til hvorrar deildar fyrir sig. Það er einkum ákvæðið um hlutfallskosninguna til efri deildar og hið langa kjörtímabil, sem eg á bágt með að fella mig við. Efri deild mundi verða mjög þunglamaleg og hætt við, að samvinna deildanna yrði oft og tíðum mjög stirð með slíku fyrirkomulagi. Eg fyrir mitt leyti mundi fella mig betur við, að kosningarétturinn væri eitthvað takmarkaðri en skipun deildanna væri hin sama sem nú er, að öðru leyti en því, er kemur til hinna konungkjörnu, þannig að allir þingmenn efri deildar væru kosnir af sameinuðu þingi. Hvað rýmkun kosningarréttarins viðvíkur, þá hef eg um það mál svipaðar skoðanir sem 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og 2. þm. Árn. (S. S) og mun greiða atkv. með tillögu hins síðarnefnda. Það er mjög athugavert, að við þá skipun þingsins, sem nefndin vill vera láta, raskast kjördæmaskifting landsins mjög mikið við það að héraðakjörnir þingmenn fækka og því munu margir landsmenn kunna afarilla. Fer það einnig í öfuga átt við óskir Reykvíkinga um fjölgun þingmanna fyrir sitt kjördæmi, en við þeim óskum mætti verða nú, með þeim hætti að láta þetta kjördæmi og önnur hin fólksflestu

kjósa þingmenn í stað hinna konungkjörnu, en kjördæmaskipunin héldist óbreytt að öðru leyti.

Þá hefir 1. þm. Skag. (Ó. Br.) komið fram með tillögu um »*referendum*«. Á því nýmæli eru ýmsir annmarkar. Það mundi gefa harðsnúnum minni hluta efni til þess að æsa upp kjóseudur og mundi hafa í för með sér mikið þras og þjark. Það mundi líka lama gerðir þingsins, þegar þingmenn vissu, að þjóðin gæti eftir á skorið niður lögin. Þeir mundu heldur ekki vanda eins mikið starf sitt, þegar þeir ættu það á hættu, að það yrði ónýtt og að engu gert strax á eftir.

Þá er það eitt af nýmælum frumv. þessa, að ekki megi aðrir en ráðherrar bera fram breytingartillögur við fjárlagafrumvörp, er miði til aukinna útgjalda. 1. þm. Eyf. (H. H.) áleit ákvæðið hættulegt fyrir ráðherra, Eg held þvert á móti, að það yrði örugt vopn í hendi hans gagnvart þingmönnum og að honum væri með því fengið alt of mikið vald í hendur. Um þetta hafa engar óskir komið frá neinum kjósendum í landinu og mundi mælast illa fyrir, ef fram gengi. — Þótt þessi venja sé á Englandi, er mjög ólíku saman að jafna hér og þar. Þar er stjórnin skipuð fjölda manna, helztu forvígismönnum ráðandi flokks, og má nærri geta, að þeir séu færari að búa frumvarp viðunanlega úr garði, heldur en að eins einn maður. — Ennfremur getur þessi aðferð verið nauðsynleg, þar sem þingin eru mjög fjölmenn, því að ella gæti breytingatillagnafjöldinn orðið nær ómeðfærilegur.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) ber fram tillögu um, að dómarar megi ekki eiga sæti á alþingi. Mér virðist að það sé ekki heppilegt, að dómarar sitji á þingi. Með því komast þeir í deilur við menn. Það væri og heppilegra, að þeir sætu ekki í bæjarstjórn, því að með því taka þeir afstöðu til ýmissa mála, sem síðar geta komið undir þeirra dóm.

Í jafn-fámennu þjóðfélagi er það nauðsynlegt, að dómararnir haldi sér sem allra mest frá flokkadeilum og æsingum, sem því eru samfara, því að þótt ekki sé haldið fram, að slíkt hafi áhrif á dómarastörf þeirra, þannig að þeir halli réttu máli vísvitandi, þá verður hinu ekki neitað, að þeir eru eins og aðrir menn, sem líta ósjálfrátt nokkuð öðruvísi á málstað vina sinna en óvina. Teldi eg það mikla og nauðsynlega réttarbót, að girt væri fyrir að dómarar væri í sífeldum útistöðum á þingi og í bæjarstjórnum, eins og altof oft hefir átt sér stað.

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Háttv. þm. Vestm. (J. M.) og hæstv. ráðherra (Kr. J.) hafa bent á, að tillaga háttv. þm. Dal. (B. J.) á þskj. 237 sé mjög hættuleg, því hún sé staðfesting á stöðulögunum. Eg á bágt með að skilja, að það skuli vera landvarnarmenn, sem vilja fá staðfestingu á stöðulögunum. Eg er hræddur um, að það megi nota það sem vopn á þá menn, að þeir vilja staðfesta ákvæði þeirra laga um það, hver væru sérmál Íslands. Eg ætla ekki að þessu sinni að minnast á mörg atriði. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að það væri ekki rétt, að fé það, sem utanþjóðkirkjumenn eiga að borga til kenslumála, sé sektafé. Eg skil ekki, hvernig ókirkjublindum mönnum getur dulist það, að það er sektafé og ekkert annað. Svo er ranglætið svo ankannalegt í framkvæmdinni. Kaþólskir menn og adventistar hér þurfa enga sekt að gjalda, ekkert aukagjald til barnafræðslu, af því að þeir eru þó svo margir, að þeir geta haft *presta*. Hvers vegna á þá fremur að leggja aukaskatt á þá trúarflokka, sem eru svo fámennir, að þeir

geta ekki myndað söfnuð? T. d. únítara. Vér únítarar erum sektaðir fyrir það að vera ekki svo fjölmennir að geta haft prest, og sú sekt á að renna til barnafræðslu. En til hennar borgum vér auk þess jafnt og allir aðrir landsmenn. Ef þetta er ekki brot á trúfrelsi, þá veit eg ekki hvað það er.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) mintist á þekkingarskilyrði fyrir kjósendur. Kunni hann ekki við, að það stæði í stjórnarskránni, en vildi hafa það í sérstökum lögum, svo sem barnaskólalögum. En hann verður að gæta þess, að ekki verða með almennum lögum sett skilyrði fyrir kosningarrétti, nema það sé gert í stjórnarskránni, eða *heimilað* í henni.

Sumir setja fyrir sig, að það muni verða vandhæfi á, að menn geti lært það sem áskilið yrði sem þekkingarskilyrði fyrir kosningarrétti. Eg tel sjálfsagt, að það yrði lítið lærdómskver, sem fræddi menn nm, hvernig stjórn landsins er fyrir komið, segjum eitthvað í líking við kverið eftir Jón A. Hjaltalín: »Hvernig er oss stjórnað?« — kver á stærð við barnalærdómsbókina í kristindómi. Til að hafa atkvæðisrétt í *safnaðar*málum hafa menn þurft að nema þetta lærdómskver, sem er inntak trúfræði og siðfræði. Það eru þó fult svo djúpsett og torskilin viðfangsefni, eins og ámóta langt ágrip um skipulag landstjórnar (alþing, sýslunefndir, hreppsnefndir o. s. frv.). Sá sem getur numið *kristileg* fræði, hann á sannarlega enn auðveldlegar að geta lært *þegnleg* fræði. Sá sem ekki getur numið það, hann hefir varla meðal-kýrvit, og hefir ekki stórum meiri skilyrði fyrir að eiga kosningarrétt heldur en kýr eða kálfur.

Sumir segja, að það eigi að gera kost á að nema þetta í hverjum barnaskóla. En fyrst eru ekki alstaðar barnaskólar, og svo er hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann vill nota þessa fræðslu eða ekki.

Vinur minn, háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) ber kvíðboga fyrir 12 ára setu þingmanna í efri deild. Þykir honum það alt of langur tími. Nú geta kjósendur séð svo um, að þeir menn, sem þeir kjósa, séu ekki á þeim aldri, að þeir verði örvasa gamalmenni á kjörtímabilinu og verði þeir forfallaðir sakir sjúkdóms, þá eru varaþingmenn. Að stytta kjörtímann, er að kippa fótunum undan festu þeirri, sem efri deild á að veita. Þeir sem og vilja að þingrof nái einnig til efri deildar, virðast ekki hafa gert neina grein fyrir, hvers leitað er með því skipulagi hennar, sem hér er farið fram á. Frumv. heldur þar fast ljósri stefnu, sem allri verður kollvarpað með slíkri breyting. Ýmsir hafa og talað um árleg þing, þar á meðal hæstvirtur ráðherra (Kr. J.), en þegar litið er á, að fjárhagurinn er eins þröngur og hann er, þá finst mér það nægilegt að hafa ákvæði um, að það *megi* breyta því með lögum. Enda ætti að vera minni háski á, þótt ekki sé árleg þing, er ráðherrar verða þrír.

Þá er að minnast á málskot til almennings. Eg talaði um það í gær og mintist á það helzta um reynslu annara landa í því efni, en í gærkveldi barst mér í hendur grein eftir norskan mann, Erik Givskov. Hann getur þess þar, að í fylkinu Victoria í Ástralíu sé málskot til almennings í lögum, og að þar hafi fyrir skömmu verið lagðar fyrir kjósendur 3 spurningar. Hin fyrsta var: Vilja kjósendur trúarbragðakenslu í skólum eða ekki? 18000 kjósendur svöruðu með já, 17000 með nei. Önnur spurningin var þessu máli óviðkomandi. Hin þriðja var: Vilja kjósendur halda banninu gegn trúarbragðakenslu í skólum? 23000 sögðu já, 15000 nei. Svona fer almenningur að greiða atkvæði. Ef svona fer um

jafn einfalda spurningu sem þessa, hversu mun þá fara um stóra, flókna lagabálka?

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði móti því, að ráðherra einn hefði frumkvæði í fjármálum. Áleit hann, að »agitationirnar« og hrossakaupin mundu einungis færast af göngunum og inn í flokksherbergin. Eg get skilið það, að ábyrgð sú, er með því mundi færast yfir á ráðherrann, mundi ekki þægileg fyrir þá, sem ætla sér að verða ráðherrar.

Ýmsir þingmenn, en þó einkum háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), hafa haldið því fram, að með þessu mundi of mikið vald koma í hendur ráðherra. Það er ekki úr lausu lofti gripið, að hann mundi með því fá meiri ráð; en eg vona að þjóðin þroskist fljótt svo, að hún gefi ráðherravaldið þeim í hendur, sem skoða sig ráðherra þjóðarinnar, en ekki ráðherra eins flokks, eins og nú hefir verið síðustu 2 ár hér. Held eg því að þetta ákvæði verði til þess að kenna ráðherrum að vera landsráðherrar og vekja ábyrgðartilfinning þeirra.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði mikið um kvenfólkið. Talaði hann um þá tillögu sína, að veita því kosningarrétt smátt og smátt, og taldi það furðu, hve lítið fylgi það hefði. Mér virðist, þvert á móti, að tillaga hans muni hafa meira fylgi en eg hefði vænt, og eg fyrir mitt leyti vona, að hún verði ofan á við atkvæðagreiðsluna. En þegar hann talar um að reka konur nauðugar út í stjórnmálaþrasið, þá get eg ekki orðið honum sammála. Eg sé ekki, að nokkur kvenmaður þurfi að skifta sér af því frekar en hún vill. Það gildir jafnt um konur sem karla. Nú fer það eflaust svo, að ávalt verða fleiri konur, sem ekki verða húsmæður, annað hvort af því, að þær eiga ekki kost á hjúskap eða girnast hann ekki. Lifa þær svo ógiftar og óstuddar og kæra sig ekki um þessa forsorgara. Þeim er veitt atkvæði í sveitamálum og safnaðarmálum. Það virðist og rétt, að þær fái full réttindi — þótt hagkvæmast sé, ef til vill, að það verði smámsaman. Það er þess vert að veita því eftirtekt, hver áhrif það hefir, að konur taki þátt í stjórnmálum. Að því er eg veit bezt, þá er Wyoming það eina land í heimi, þar sem konur sitja á þingi. En því er við brugðið, hve kurteislegur sé tónninn í því þingi. Það sama kemur hvarvetna fram, þar sem karlar og konur vinna saman, t. d. í skólum, sem bæði sækja karlar og konur. Taki maður að eins blað í hönd frá Wyoming, þá dylst manni það ekki, að kvennfólkið eða hluttaka þess í löggjöfinni setur betri blæ á alla hluti.

Það hefir verið talað um það, að gera dómara landsins ekki kjörgenga. Það hefir verið sagt, að svo væri á Bretlandi, en það er ekki nema hálfur sannleiki. Þar er *enginn* embættismaður kjörgengur. Hvers vegna á að gera undantekningu með dómarana eina hér. Þeir eru óafsetjanlegir og óháðastir landsstjórninni allra embættismanna.

Jón Þorkelsson: Eg ætla að eins að tala örfá orð. Vil eg þó halda fram breytingartillögu okkar þm. Dal. (B. J.).

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) lét það ummælt, að þessi meðferð á 1. gr. stjórnarskrárinnar væri viðurkenning stöðulaganna. Eg vil þá leyfa mér að spyrja hinn háttv. þingmann: Hvernig skoðar hann það, ef ekki er haggað neitt við þeirri grein? Er það ekki viðurkenning stöðulaganna? Það er ekki alveg nýtt, að lögfræðingum beri ekki saman. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) segja, að við samþykkjum stöðulögin, ef við gerum breytingu á þann hátt, sem við leggjum til. En nú skal eg tilfæra annað, sem eg veit þessu til sönnunar, og það var á þingmálafundi hér í Reykjavík, eg hygg undirbúnings-

fundi undir kosningar 1908, að einn af lögfræðingum okkar (nú assessor í landsyfidómi) kom fram með það, að við hefðum samþykt stöðulögin með stjórnarskipunarlögunum 3. okt. 1903, af því að þar var ekki breytt 1. gr. stjórnarskrárinnar. Einn af yfirdómurum landsins álítur þá, að það sé viðurkenning stöðulaganna að hreyfa ekki við 1. gr. stjórnarskrárinnar, þegar breyting er á henni gerð. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að við værum að seilast út fyrir takmörk, sem ekki væri hægt að komast út fyrir. En eg vil benda honum á það, að við höfum »prótesterað« stöðulögunum, og að sá ráðherra (Krieger), sem hafði meðferð þeirra á hendi í ríkisþinginu kannaðist við, að konungur og ríkisþingið gætu ekki haft vald til endanlegra úrslita þessa máls eins út af fyrir sig.

Því er svo varið með hæstarétt, að við viljum *fela* honum um hríð æzta dómsvald í íslenzkum málum. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að við gætum ekki falið Dönum neitt í þessu efni. Nú sem stendur hefir hæstiréttur æzta dómsvald, og það nær þá ekki lengra en Danir segja nei, og eg sé ekki, að það sé hundrað í hættunni. Við höfum það þá upp úr því, að við fáum viðurkenningu Dana fyrir því, að við getum sjálfir ráðið, hver skuli æztur dómstóll í málum okkar og það er einmitt takmarkið, sem við keppum að, að fá innlendan æzta dómstól. Menn verða að gera sér glögga grein fyrir þessu. Ef greinin stendur óhögguð verður það skoðað svo, að okkur þyki ekkert að að henni og ef til vill, að við viðurkennum stöðulögin. Annars var það meining okkar að stefna svo nærri takmarkinu sem hægt er, en sneiða fram hjá því, sem gæti orðið málinu til hindrunar.

> Munkat ek nefna,
> nær mun ek stefna.
> Nec nominabo,
> pæne monstrabo.

Við vildum ekki ganga fram hjá ákvæðinu um hæstarétt, því að það stóð í greininni, en hafi menn yfirleitt á móti því, þá get eg lýst því yfir fyrir sjálfan mig og eg held háttv. þm. Dal. (B. J.) líka, að þessi hluti tillögunnar megi falla niður.

Eg var líka beðinn fyrir kveðju til háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) frá háttv. þm. Dal. (B. J.), sem nú er andaður, en með því að nú er orðið áliðið og eg hefi ekki heilsu til að tala lengi svo síðla dags, fremur en endranær, held eg að eg láti staðar numið í þetta skifti.

Sigurður Gunnarsson: Það voru 2 breyt.till., sem eg gleymdi að minnast á í dag, en sem eg þó ekki kann við að greiða atkvæði um, án þess að gera grein fyrir skoðun minni á. Önnur fer fram á það að svifta alla dómara landsins kjörgengi til alþingis. Eg skal taka það fram, að eg get ekki séð, að nægar ástæður séu fyrir hendi til þess að svifta þá stétt, eða nokkra sérstaka stétt, svo dýrmætum rétti, ef að öðru leyti almennum skilyrðum er fullnægt. Því skal raunar ekki mótmælt, að það getur komið fyrir, að dómarar eins og aðrir menn láti geðshræringar hlaupa með sig í gönur en eg hygg, að það sé undantekning, sem ekki sannar regluna í þessu máli og það er mjög svo varhugavert að hlaupa eftir einstaka dæmum í þessu efni. Sérstaklega finnst mér þetta ákvæði rangt, að því er yfirdómarana snertir. Þeir standa einmitt vel að vígi, það eru óháðir embættismenn, sem stjórnin getur ekki vikið frá embætti, þeir eru skipaðir til fremstir manna að gæta laga og réttar í landinu og hljóta því að finna til þungrar ábyrgðar að gera al-

staðar það sem réttast er. Eg skil því ekki í, að það geti komið til nokkurra mála að samþykkja þessa brt.

Hin brtill. var ein af tillögum h. þm. Skagf. (Ó.Br.) um að færa tölu þingmanna niður í það, sem áður var, nfl. 24 í Nd. og 12 í Ed. Eg fyrir mitt leyti hallast að þessari tillögu. Það er mikið rétt hjá hv. þm., að fjölgun þm. var aðallega gerð í því skyni að koma meira jafnvægi á í Ed. en áður var, þegar helmingur deildarinnar voru konungkjörnir þingmenn. Það var miklu fremur þessi ástæða, sem leiddi til færslunnar úr 36 í 40, en sú, að auka starfskrafta þingsins, og því fremur er eg með þessari tillögu, þar sem nú verður ef til vill sú ákvörðun tekin, að þing verði háð árlega, sem hefir mikla kosti í för með sér. Þess er líka að gæta, að við erum fátæk og fámenn þjóð, svo að 36 þm. sýnist vera fullsæmileg tala.

Úr því eg stóð upp á annað borð, ætla eg að leyfa mér að fara fám orðum um blessað kvenfólkið. Eg skal þá minna menn á það, að fyrir deildinni lágu í fyrstu 2 frv. Annað var frá hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og þm. Dal. (B. J.). Þar segir í 21. gr., að kosningarrétt til alþingis skuli hver 21 árs karlmaður hafa, sem að öðru leyti uppfyllir þau skilyrði, sem heimtuð eru. Konum má veita kosningarrétt með einföldum lögum. Nú vil eg segja það við hv. þm. Dal. (B. J.), að hann hefir gert betur en áður, og batnandi manni er bezt að lifa. Líka lá fyrir deildinni annað frv., þeirra nafnanna þm. S.-Múl. (J. J. og J. Ól.). Í 19. gr. þess er svo ákveðið, að kosningarrétt til efri málstofu hafi fullveðja karlar og konur. Þetta frv. hefir hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) flutt, og eg efast ekki um, að hann hefir þá meint það, sem hann sagði. En nú er annað orðið uppi á teningnum. Nú er hann öldungis andstæður þessari 19. gr. sinni. Hann hlýtur að hafa ruglast eitthvað síðan, því að ómögulegt er að koma 19. gr. í samræmi við brtill. þá, sem hann flytur nú, þess efnis, að nú þegar fái að eins fertugar konur kosningarrétt, en þær yngri fái hann smátt og smátt, næst 39 ára konur, svo 38 ára o. s. frv., þar til allar hafa öðlast réttinn. Eg hefi ekki getað skilið vel rökfærslu hv. þm. Mér virðast rök hans hafa stefnt að því, að útiloka allar konur frá kosningarrétti. Hann hefir lagt út af því, hvað þær væru saklausar, hugsunarháttur þeirra mundi spillast og að veita þeim þennan rétt væri sama og að reka þær með svipum út í alls konar óhæfu o. s. frv. En þetta get eg nú ekki skilið. Vill hann segja það, að engin kona hugsi nú um pólitík. Það er engin hæfa í því — þær fylgjast yfirleitt eins vel með og karlmennirnir, og úr því þær á annað borð hafa hugsana- og málfrelsi, því mega þær þá ekki eins taka þátt í opinberum málum? Og ef þær eru yfirleitt betri og samvizkusamari en karlmenn, þá sé eg ekki annað en gott eitt í því, að þær fái að taka þátt í stjórnmálum. Þá er illt að þær hvíli alt af í sínu skúmaskoti. Og eg er þess fullviss, að hluttaka kvenna í opinberum málum yrði til þess að draga úr öllum óþverranum. Það getur ef til vill orðið kvöl fyrir ráðríka eiginmenn, ef konan fer að hafa afskifti af stjórnmálum — þá ástæðu gæti eg skilið — en hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) má þó ekki taka þetta sem »insinuation« til sín. En þessi mótbára verður þó að hverfa fyrir kröfu kvenna um almenn mannréttindi. Hv. þm. talaði mörg fögur orð um konuna, »citeraði« meðal annars fallegt kvæði eftir Jónas, þar sem konunni er líkt við blóm, sem hugfanginn elskhugi ber gegn um allar raunir lífsins, en eg hefi nú alt af litið svo á, að konan ætti ekki að vera eins og brúða eða leikfang,

heldur sem tryggur förunautur, sem ţekur þátt í öllum málefnum eins og maðurinn.

Eg verð þess vegna að halda því fast fram, að till. hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) verði feld. Annað mál væri að hallast að till. hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og hana mun eg styðja, því að mér sýnist talsvert vit vera í henni.

Björn Sigfússon: Eg verð að biðja menn afsökunar á því, þótt eg segi ef til vill eitthvað, sem aðrir hafa drepið á. Eg hefi ekki getað verið á fundi og hlustað á allar ræður hv. þm., vegna lasleika, svo að það verður óviljandi, ef eg fer með endurtekningar.

Eg skal þá fyrst minna á það, að það er ekkert þingmál, sem íslenzka þjóðin virðist nú hafa jafn eindreginn hug á, sem breytingar á stjórnarskránni. Það er líka mjög eðlilegt að meðan svo standa sakir, að Danir fást ekki til að sinna kröfum vorum í sambandsmálinu, þá snúist hugir manna að því að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem við höfum full ráð ráð á, og sem nú standa okkur mest fyrir þrifum. Af þeim aðalatriðum skal eg láta mér nægja að nefna t. d. kosningarrétt og kjörgengi kvenna og afnám konungskosninga til alþingis. Síðan þingræði, sem á að vera sama sem þjóðræði, var hér viðurkent í orði kveðnu kemur sú tilnefning í beran bága við það, að þjóðin fái að ráða sínum málum. Um það dirfast menn nú ekki að þræta lengur, þó reynslan hafi sýnt, að þeir voru ýmsum kærkomnir á þessu þingi eins og áður. Eg tel það helga skyldu okkar að gera alt, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma fram nauðsynlegustu breytingunum. Við getum ekki forsvarað það, að fara heim án þess að hafa gert það. Þess vegna er varlegra að taka ekkert það inn í breytingarnar, sem við óttumst að verði til að hindra staðfestingu. Af því leiðir, að eg þori ekki að greiða atkvæði með sumum af breyt.till. þeirra hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og þm. Dal. (B. J.), þó eg sé samþykkur efni þeirra, enda viðurkendi annar þeirra, að ein breytingin, fæðingjarétturinn, væri þess eðlis, að hætt væri við, að hún gæti orðið frumv. þrándur í götu.

Ein brtill., sem fram hefir komið, frá hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), er um árlegt þinghald. Eg heyrði í gær og í morgun, að tveir þm., sem talað hefðu, væru eindregið með þessari tillögu, og nú síðast mælti hæstv. ráðh. (Kr. J.) líka með því. Mér þykir þetta kynlegt, því að eg get ekki séð, hvaða hnoss það er, að hafa þing árlega. Meðal annara ástæðna var sú flutt fram till. til stuðnings, að hætt væri við, að þingmenn legðu stjórnmálin alveg á hilluna, ef svo langur tími, sem nú er, liði á milli þinga. Mér þykir þessi ástæða satt að segja nokkuð undarleg. Eg skil ekki í því, að sá maður, sem er svo áhugalítill og rænulaus, eigi skilið að fá sæti á alþingi. Eg hygg þvert á móti, að landsmálin séu alt af vakandi í huga þingmanna, sem eru að nokkru nýtir, hvort sem þeir eru á þingi eða heima hjá sér, og þessi ástæða sé því algerlega röng. En svo er þess að gæta, að það eru margir agnúarnir á því að hafa þing á hverju ári. Því fylgir afarmikill kostnaður; ferðakostnaðurinn eykst um helming frá því sem nú er. Þingvinnan er ætíð ódrjúg í þingbyrjun og sömuleiðis síðari hluta þings, einkum síðusta vikurnar. Kostnaðurinn við þinghaldið mundi tvöfaldast, ef þing yrði haldið á hverju ári. Eg álít heppilegast, að þingið sé að eins haldið annaðhvort ár, eins og nú er, en að það væri lengur saman í hvert sinn, ef þess gerðist þörf. Eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók fram, er það mikill

munur fyrir menn sem mikið hafa að starfa, hvort þing er haldið árlega eða annaðhvort ár. Bændur, kennarar, sýslumenn, læknar o. fl. eiga nálega ómögulega heimangengt á ári hverju. Það liggur í augum uppi, að það er sitthvað að yfirgefa heimili sín og aðalstörf um tíma annaðhvort ár, eða altaf á hverju ári. Ekki mundi sú nýbreytni fjölga góðum bændum á þingi. Það yrði varla öðrum fært að taka það að sér en einhleypum lausamönnum. Eg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði móti þessari breytingartillögu.

Þá vildi eg minnast á kosningarrétt kvenna. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir komið fram með breytingartillögu um að skamta konum þennan rétt smátt og smátt á 15 árum, þannig að í fyrsta sinn verði ekki yngri konur en 40 ára settar á kjörskrá, næsta ár 39 ára o. s. frv. Mér virðist undarlegt mjög, að h. þm skuli vera að þrátta um þetta, því að í raun og veru er hér ekki um annað að ræða, en hin sjálfsögðustu mannréttindi, sem hingað til hefir verið haldið fyrir öðrum helming mannkynsins. Þegar menn eru nú samdóma um það, að rétt sé að rýmka kosningarréttinn yfirleitt — og því vil eg fylgja — þá tel eg einsætt að láta það ganga jafnt yfir karla og konur, eða fullkomið jafnrétti. Breytingartillaga hins háttv. þm. S.-Múl. (J. J.) fer alveg í bága við þetta, því hún gerir ekki ráð fyrir að skamta karlmönnum þennan sama rétt á 15 árum, og þar kemur fram misrétti, sem eg tel alveg rangt.

Það er eins og sumir háttv. þm. séu hræddir við einhverja óttalega byltingu, sem leiði af því, að kvenfólkið fái kosningarrétt. Eg hefi ekki orðið var við þennan ótta hjá mönnum út um land, það er helzt hér í Reykjavík. Hefi eg spurst fyrir um ástæður fyrir því og fengið þau svör, að hér hafi það sýnt sig, að ýmsar konur séu töluvert æstar og tilfinningasamar í kosningamálum. Vel má vera, að þetta sé rétt, en eg held þeir athugi ekki, að það er engin furða þótt kvenfólkið finni sárt til þess, að vera miklu lægra sett í þjóðfélaginu en karlmennirnir, og af því stafi eðlileg beiskja. En sú beiskja mundi algerlega hverfa, þegar jafnrétti er fengið. Kvenfólkinu er stórmikil vorkunn á að vera haft svona út undan, og er mál til komið að kippa þessu í lag.

Annars má benda á það, að fjöldi karlmanna eru ekki síður æstir og tilfinningasamir í kosningamálum. Munurinn er bara sá, að hjá þeim þykir það ekkert tiltökumál. Þeir eiga að hafa einkarétt til að hamast við kosningar, hvaða meðölum, sem þeir beita. Varla mundu konur verða óvandaðri í þeim sökum, þvert á móti, líklega miklu samvizkusamari.

Eg skal geta þess, að eg felli mig vel við tillögu háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um að þingmenn skuli vera 36 að tölu, eða þrennar tylftir. Aftur á móti get eg eigi felt mig vel við þá tillögu, er fram hefir komið um, að ráðherra einn skuli hafa tillögurétt um fjárveitingar. Eg tel slíka tillögu mjög varhugaverða. Það er að vísu full þörf á, að takmarka þennan tillögurétt, en að taka hann frá öllum öðrum en ráðherra, gæti leitt til hættulegs einveldis í fjármálum. Hitt er augljóst orðið, bæði á þessu þingi og áður, að það er afaróheppilegt, og geysilegur tímaspillir, að sérhver þm. geti komið með heila hrúgu af tillögum um fjárveitingar inn á þingið, sem oft eru vanhugsaðar og frekjufullar. En eg vil þó ekki ganga lengra í þessari takmörkun, en að binda það við tillögur ráðherra og bæði meiri- og minnihluta fjárlaganefnda í báðum þingdeildum.

ATKV.GR.:

Br.till. 287, 1 við 1. gr. feld með

18:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Þorkelsson,	Björn Sigfússon,
Magnús Blöndahl,	Einar Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Hannes Hafstein,
	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,

Br.till. 287, 2 sjálffallin.

Br.till. 332, 1 samþ. án atkv.gr.

1. gr. svo orðuð samþ. með 21 atkv.

2. gr. samþ. með 21 atkv.

Br.till. 336, 2 við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. 336, 1 við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

3. gr. sþ. með 21 atkv.

Br.till. 287, 3 við 4. gr. tekin aftur.

Br.till. 287, 4 sþ. með 14:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N. M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

4. gr. svo orðuð sþ. með 22 atkv.

Br.till. 287, 5 við 5. gr. feld með 14:9 atkv.

Br.till. 332, 2 við 5. gr. feld með 15:7 atkv.

Br.till. 287, 6 við 5. gr. þar með fallin.

5. gr. svo orðuð sþ. með 18:4 atkv.

6. gr. sþ. með 21 atkv.

Br.till. 287, 7 við 7. gr. fallin með 14:8 atkv.

Br.till. 336, 3 við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. 336, 4 við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. 269, við 7. gr. felld með 15:5 atkv.

7. gr. svo orðuð sþ. með 20 atkv.

Br.till. 336 við 8. gr. sþ. án atkv.

Br.till. 269 við 8. gr. sjálffallið hvort-tveggja.

Br till. 324, 4 við 8. gr. sþ. með 18:1 atkv.

8. gr. svo orðuð sþ. með 21 atkv.

Br.till. 332, 5 við 9. gr. (fyrri liður) fallin með 18:5 atkv.

Br.till. 332, 5 við 9. gr. (síðari liður) fallin með 12:12 atkv.

9. gr. sþ. með 17:2 atkv.

Br.till. 328, 1 við 10. gr. feld með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Sig. Sigurðsson,	Eggert Pálsson,
	Bjarni Jónsson,
	Björn Kristjánsson,
	Björn Sigfússon,
	Einar Jónsson,
	Hannes Hafstein,
	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,

Já:	*Nei:*
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.
	Þorleifur Jónsson.

Br.till. 336, 6 við 10. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. 382, við 10. gr. sþ. með 19:1 atkv.

Br.till. 264, a. og b. við 10. gr. feld með 14:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Einar Jónsson,
Jón Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Breyt.till. 264, c. við 10. gr. þar með fallin.

Breyt.till. 287,8. við 10. gr. feld með 20:4 atkv.

Breyt.till. 332,6. við 10. gr. þar með fallin.

Breyt.till. 330 við 10. gr. sþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Sigfússon,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M,	Magnús Blöndahl.
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

10. gr. þannig orðuð sþ. með 18 atkv.

Br.till. 331 við 11. gr. sþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Magnús Blöndahl.
Jón Þorkelsson,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig Gunnarsson.	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 287,9. við 11. gr. sþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-Múl.
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 328, 2 við 11. gr. feld með 22:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Sig. Sigurðsson.	Björn Þorláksson,
	Eggert Pálsson,
	Bjarni Jónsson,
	Björn Kristjánsson,
	Björn Sigfússon,
	Einar Jónsson,
	Hannes Hafstein,
	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

Br.till. 287, 10 við 11. gr. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfd. Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Sig. Sigurðsson.	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

11. gr. þannig orðuð sþ. með 18 atkv. samhlj.

Br.till. 287, 11. við 12. gr. feld með 14 : 4 atkv.

12. gr. sþ. með 15 : 3 atkv.

Br.till. 236, 7. við 13. gr. (fyrri liður) sþ. án atkv.gr.

Br.till. 333 við 13. gr. feld með 16 : 4 atkv.

Br.till. 339 við 13. gr. kom ekki til atkv.

Br.till. 336, 7 við 13. gr. (seinni liður) sþ. með 18 shlj. atkv.

13. gr. þannig orðuð sþ. með 19 shlj. atkv.

14. gr. sþ. með 21 atkv.

Br.till. 336, 8. við 15. gr. sþ. án atkv.gr.

15. gr. þannig orðuð sþ. með 19 atkvæðum.

Viðaukar við 15. gr.:

Br.till. 312 við 15. gr. tekin aftur.

Br.till. 270 við 15. gr. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Bjarni Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson.	Hannes Hafstein,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Br.till. 373 við 15. gr. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,

Já:	*Nei:*
Hálfd. Guðjónsson,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson,
Pétur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson.	

Viðaukatill. 324 við 15. gr. samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

15. gr. þannig orðuð sþ. með 19 atkv.

16. gr. sþ. með 19 atkv.

Brtill. 287, 13. við 17. gr. fallin niður.

17. gr. sþ. með 19 atkv.

Brtill. 287, 14. viðbót við 17. gr. sþ. með 21 atkv.

18. gr. sþ. með 22 atkv.

Brtill. 287, 15. við 19. gr. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Brtill. 332, 7. og 335. við 19. gr. þar með fallnar.

19. gr. sþ. með 16 : 5 atkv.

Brtill. 332, 8. við 20. gr. feld með 15 : 4 atkv.

20. gr. sþ. með 19 atkv.

Brtill. 287, 16. (ný 21. gr.) sþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.	Pétur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Brtill. 338 við 21. gr. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Bjarni Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Einar Jónsson,
Pétur Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Sig. Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson N.-M.,

Já:	*Nei:*
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 327 við 21. gr. feld með 15 : 3 atkv.

Brtill. 397 við 21. gr. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Einar Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hálfd. Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 325 við 21. gr. feld með 13 : 8 atkv.

Brtill. 283, 1. við 21. gr. (fyrri málsgr. liðsins) feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Magnús Blöndahl,	Bjarni Jónsson,
Ólafur Briem,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Þorleifur Jónsson.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 283, 1. við 21. gr. (síðari málsgr.) þar með fallin.

Brtill. 283, 2. við 21. gr. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Einar Jónsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Þorleifur Jónsson.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 332, 9 við 21. gr. feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Br.till. 287, 17 við 21. gr. sþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson,
Sig. Gunnarsson.	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

21. gr. frv, þar með fallin.

Br.till. 336, 9, ný grein, sþ. án atkv.gr.

Br.till. 287, 18 við »ákvæðið um stundarsakir« feld með 16 : 4 atkv.

Br.till. 332, 10 við sama tekin aftur.

Ákvæði um stundarsakir 1—2 sþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 17 atkv.

Frv. vísað til 3. umræðu með 21 atkvæði.

Þriðja umr., 5. apríl. (A. 459, 475, 483, 488, 495, 496).

Pétur Jónsson: Eg vil leiða athygli að því, að það er oft komið með víðáttumiklar og víðtækar breytingartillögur við frumvörpin, þegar þeir þingfundir eru að byrja, sem á að ræða þessar breytingartillögur á og greiða atkvæði um. Þetta er að misbjóða þingmönnum, og misvirða jafn mikilvægt mál og þetta er. Menn verða að hafa tíma til þess að átta sig á breytingunum, áður en þingfundir byrja.

Forseti gat þess, að hann skyldi fresta fundi í 20 mínútur, svo að deildarmenn gætu athugað hinar nýkomnu breytingartillögur, og var svo fundurinn aftur settur kl. 1.

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skal fyrst leyfa mér að gera grein fyrir breytingum nefndarinnar í fáum orðum. Það eru einkum orðabreytingar, sem lúta að því að lagfæra málið.

1. breytingartillagan er við 2. gr. »hann er heilagur« falli burt. Þá vill nefndin leggja það til, að í 5. gr. í stað »næsta ár« komi: »innan árs frá þingrofi«. Ef þetta fengi að standa, eins og það stendur nú, þá gæti farið svo, að það liðu næstum því tvö ár frá því þing væri rofið og þangað til það kæmi saman aftur. Þá leggur nefndin til að falli burt úr 6. gr. »enda sé . . . þingtími er úti«; þetta eru leifar úr gömlu stjórnarskránni, en eins og nú stendur, þá er þetta ótækt. Ef það fengi að standa, þá gæti stjórnin stjórnað með bráðabirgðafjárlögum ár eftir ár, með því að rjúfa þingið, áður en fjárlögin væru samþykt. Breytingartillagan við 9. gr. er ekki annað en leiðrétting á prentvillu. Sama er að segja um brtill. við 13. gr. og fyrri brtill. við 15. gr. að þær eru ekki annað en leiðrétting á prentvillum. Síðari breytingartillagan við 15. gr. stafar af því, að samþykt var hér í deildinni við 2. umr. sú breyting, að fjárlaganefndir skyldu einnig hafa frumkvæði í fjármálum. Breyt.till. við 22. gr. er ekki annað en lagfæring á máli.

Þá skal eg vikja mér að breytingartillögum annara háttv. þingmanna. Það eru þá fyrst breyt.till. á þskj. 483 frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Um fyrstu till. er það að segja, að hún stendur og fellur með annari breytingartillögunni. Efni annarar till. er það, að kosningarréttur til efri deildar er bundinn við 30 ára aldur. Meiri hluti nefndarinnar var á móti þessu, en 4 voru með því.

Nefndin hefir því eðlilega óbundnar hendur í þessu. Við sem samþykkjum aðra breytingartillöguna, teljum fyrstu tillöguna sjálfsagða. 3. breyt.till. er nefndin öll mótfallin. Við álítum ekki rétt að takmarka kjörfrelsið og ekki heldur að hækka aldurstakmarkið, úr því sem er í frumvarpinu. Eg býst jafnvel við, að flutningsmaður muni taka þessa tillögu aftur til þess að spilla ekki fyrir hinum tillögunum.

Tillöguna á þgskj. 475 getur nefndin ekki aðhylst. Sumir nefndarmenn hefðu að vísu kosið, að ráðherra hefði verið einn fyrst um sinn, en svo hefði mátt fjölga þeim með sérstökum lögum. En hitt hefir orðið ofan á, og eg býst við, að nefndin muni greiða atkvæði með sínum tillögum. Þetta var orðað líkt þessu, í frumvarpi því, sem eg og háttv. samþingismaður minn (J. J.) fluttum og það er ekki stór principmunur á þessu. En það er ekki heppilegt orðalag á tillögunni nú, svo við höfum hugsað að láta hana eiga sig og sjá hvað efri deild gerir.

Þá er breyt.till. á þgskj. 488 frá 1. þm. N.-Múl. (J. J.) að aftan við 20. gr. bætist, að það megi breyta allri greininni með lögum. Því er enginn á móti.

Þá kem eg að breytingartillögunum á þgskj. 495. Fyrsta till. er ekki annað en umröðun á orðum, og er greinin með því færð til laglegra máls og er nefndin henni því ekki mótfallin.

2. breyt.till. við 5. gr. er ekki annað heldur en 2. breyt.till. frá nefndinni við sömu grein um sama atriði. Nefndin álítur rétt að halda sinni tillögu.

Annars skal eg lýsa yfir því, að nefndin er mótfallin öllum tillögunum á þessu þingskjali nema 12. tillögunni, sem er til bóta. Sérstaklega er nefndin mótfallin varatillögunni við 9. gr., sem er mjög óheppileg. Eg geng að því vísu, að nefndin haldi fast við það, sem hún hefir áður samþykt.

Framsögum. minni hl. (Jón Þorkelsson): Það sem hefir komið okkur til þess að koma fram með br.-till. nú, er það, að við gátum ekki felt okkur við deildaskiftinguna, eins og hún er í frumvarpinu nú. Efri deild verður, að okkar áliti, of afturhaldssöm, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að hún verði. Sú deild verður enn meiri stýflugarður fyrir framgangi mála, en hún er nú, með því að kosið verður til hennar með hlutfallskosningum um land alt til 12 ára og að hún verður órjúfanleg. Nú er alt þingið rjúfanlegt nema þeir konungkjörnu. Þetta fyrirkomulag þekkjum við, og það hefir gefist vel. Þessu fyrirkomulagi viljum við halda, að öðru leyti en því, að gera þá, sem nú eru konungkjörnir þjóðkjörna og að alt þingið sé rjúfanlegt, nema þessir 6 þjóðkjörnu, sem koma í stað þeirra konungkjörnu. Í efri deild ættu þá sæti 6 þingmenn kosnir með hlutfallskosningum um alt land og 8 þingmenn, sem kosnir væru af sameinuðu þingi til efri deildar. Það fyrirkomulag virðist heppilegast, sem nú er. Hitt fyrirkomulagið þekkjum við ekki og vitum ekki, hvernig það gefst, og það virðist alt of langt að hafa kjörtímann 12 ár. Það var stungið upp á við 2. umr. að hafa kjörtímann 6 ár, en það var felt. Nú stingum við upp á að hafa kjörtímann 6 ár, eins og kjörtími þeirra konungkjörnu er nú. Eg skal í þessu sambandi geta þess, að í öllum nálægum löndum er kjörtíminn styttri, en þetta frumvarp fer fram á. Hjá Svíum er hann lengstur, að Dönum sleptum. Þar er kjörtíminn 9 ár og er kosið 3. hvert ár, þriðjungur í einu. Í Niðurlöndum er kjörtíminn sömuleiðis 9 ár. Í Belgíu 8 ár, Frakklandi 9, Austurríki 6 ár o. s.

frv. Okkur finst nú óþarfi að fara lengra en öll önnur lönd hafa farið. Þess vegna höfum við komið með varatillögurnar, ef hinar, á móti von okkar yrðu feldar, að kjörtíminn sé 9 ár og þriðjungur fari frá þriðja hvert ár. Þetta er kjarninn í breytingartillögum okkar og hinar tillögurnar standa fiestar í nánu sambandi við þetta atriði.

Eg vil þá stuttlega minnast á 6. breytingartillöguna við 10. gr. Það er ekki ljóst í frumvarpinu, þegar hjón hafa óskilinn fjárhag og maðurinn verður gjaldþrota eða þiggur af sveit, hvort konan skuli halda rétti sínum eða ekki. Þetta höfum við viljað gera skýrara og nema burtu allan miskilning í því efni, að konan skuli halda öllum sínum réttindum, þó bóndi hennar verði gjaldþrota eða þiggi af sveit. Þetta er eins og það hefir verið, því að það eru nóg dæmi þess, að kona hefir rekið verzlun, þótt bóndinn hafi ekki mátt gera það.

Ennfremur höfum við gert lítilsháttar breytingu við 15. gr. um frumkvæði í fjármálum, að meiri hluti fjárlaganefndanna skuli vera nóg til þess að hafa tillögurétt í fjárveitingum. Okkur finst það hart, að 1 maður úr fjárlaganefndinni skuli geta orðið þess valdandi, að fjárlaganefndin geti ekki komið með uppástungu, ef hún er öll á einu máli að öðru leyti.

Við 22. gr. höfum við gert þá breytingartillögu, að »og landsstjórn« falli niður. Það vita allir, að orður og titlar hefir venjulega verið veitt hér eftir uppástungu landstjórnarinnar, þótt það heiti svo, að konungur veiti þessháttar.

Ennfremur höfum við stungið upp á því, og nefndin er því samþykk, að bæta inn í 23. gr. eftir orðin »í landinu«: til samþyktar.

Að síðustu höfum við stungið upp á, að ákvæði um stundarsakir fylgi frumvarpinu um konungkjörnu þingmennina, sem innan skamms munu verða úfnefndir til 6 ára. En það er ekki tilætlunin með stjórnarskrárbreytingunni, að þessir þingmenn sitji næstu 6 ár, heldur að þeir fari frá, þegar stjórnarskrárbreytingin er að fullu samþykt og staðfest og þá séu kosnir þingmenn í þeirra stað og varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það var æðimargt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ) taldi upp af breytingartillögum. Breyt.till. 4 við 8. gr. hefir þá þýðingu, að hún kollsteypir allri skipun deildarinnar og gerbreytir öllu frumvarpinu. Hvað snertir þá breyt.till. við 10. gr., að fella burtu þekkingarskilyrði, þá tel eg það að misbjóða deildinni að leggja til að hún felli það í dag, sem hún hefir samþykt við 2. umr. Get eg ekki ætlað deildinni þann hringlandahátt. Hlýtur það að liggja á takmörkunum, hvort þessi breytingartillaga ætti að komast að. Hvað snertir 6. brtill. við 10. gr., þá fer hún í öllum atriðum sömu leið og frumv., nema í einu. Samkvæmt frumvarpinu missir konan ekki kosningarrétt, þótt maðurinn verði gjaldþrota. Eina nýmælið er því hjá þeim, að hún haldi honum, þótt þau njóti sveitarstyrks. (*Bjarni Jónsson:* Hér er sama máli að gegna og um konur gjaldþrota manna). Nei, þar stendur öðru vísi á. Bæði hjónin eru jafn skyld að framfæra heimilið, og á því konan ekki að hafa kosningarrétt, ef þau eru á sveitinni. Hér er einungis átt við síðasta árið; lengra er ekki farið.

Þá er breyt.till. við 22. gr., sem hjóðar um orður og titla. Er ætlast til að orðin »og landsstjórn« falli niður. Að banna mönnum að þiggja orður og titla, sem *vor* konungur veitir, en leyfa mönnum að bera útlendar orður, er ekki hægt að skoða annað en svívirðilega

móðgun við sinn eiginn konung. Eg legg til, að greinin komi undir atkvæði, eins og hún er, og sýnist mér að þar hæfi skel kjafti, ef það er ekki óþinglegt orðatiltæki.

Þá eru þessar varatillögur, að fyrir »12 ára« komi »9 ára«, og fyrir »4. hvert« komi »3. hvert«. Eg veit ekki, hvort háttv. flutningsmenn hafa gert sér ljóst, hvaða afleiðingar það hefir. Setjum nú svo, að fyrst verði setið í þeirri nýju efri deild 1915. Þeir sem lengst sætu þar, sætu á þingunum 1915, 1917, 1919, 1921, 1923, það er á 5 þingum á 9 árum. Þeir sem næst kæmu, sætu á þingunum '19, '21, '23, '25, það er einu þingi skemur. Þetta virðast þeir ekki hafa athugað. Þegar nú um hlutfallskosningar er að ræða, þá virðist þetta geta orðið afarhættulegt. Þetta er það helzta, sem eg vildi minnast á, og læt því staðar numið.

Sigurður Sigurðsson: Um breytingartillögu mína á þgskj. 475, að ráðherra sé einn, en að þeim megi fjölga með sérstökum lögum, skal eg ekki fjölyrða. Eg gerði eiginlega grein fyrir henni við 2. umr. frumvarpsins hér í deildinni. Eg tók það fram þá, og tek það fram enn, að þjóðin hefir ekki óskað eftir, að ráðherrunum yrði fjölgað. Og yfir höfuð er þjóðarviljinn sá, að farið sé varlega í það að bæta við nýjum hálaunuðum embættum. En þingviljinn er og hefir jafnan verið annar í þessu efni. Þingið hefir hvað eftir annað búið til ný og ný embætti, misjafnlega þörf eða nauðsynleg, og það án þess að þjóðin hafi óskað eftir þeim.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði við 2. umr. málsins, að þessir nýju ráðherrar ættu ekki að fá nema 4000—5000 kr. í laun. Það er aðeins sagt, en ekki sannað. Eg geri ráð fyrir, að þeim verði ekki ætlað *minna* en 6000 kr. hvorum, og trúað gæti eg því, að launin kæmust áður en langt um liði upp í 8000 kr. Það segir sig því sjálft, að hér er að ræða um hálaunuð embætti. Hvaða gagn gerðu nú þessir nýju ráðherrar? Ekki spara þeir starfskrafta þá, sem nú eru í stjórnarráðinu, að neinum verulegum mun. Landritaraembættið á máske að leggjast niður. En hvað á þá að gera við nú verandi landritara? Setja hann á há biðlaun? Því er haldið fram, að fjölgun ráðherranna eigi meðal annars að miða að því, að lægja hinar pólitísku ófriðaröldur í landinu. Það er mjög efasamt, að þeim tilgangi verði náð. Er þá meiningin að taka ráðherrana sinn af hverjum flokki? Nú eru að minsta kosti 3 pólitískir flokkar hér í landinu, heimastjórnarmenn, sjálfstæðismenn og skilnaðarmenn. Ætlast menn til að það verði samkomulag milli þessara flokka um það, að hver þeirra tilnefni einn ráðherra. Eg hefi enga trú á því. Mér detta í hug í þessu sambandi vísur skáldsins Jóns Thoroddsens, er svo byrja:

„Í Krukkspá það stendur — en fyr mun þó falla
úr fjallinu skriða á bæinu í Ey.
Að eitt sinn mun koma sú öld, er menn kalla,
öld hinna kyrru, þeir berjast þá ei".

Það lítur út fyrir, að það sé eitthvað sérstakt, sem liggur á bak við þessa tillögu um fjölgun ráðherranna. Hluturinn er sá, að hér er verið að gera tilraun til að fjölga ráðherrunum í þeim tilgangi, að friða þá hina mörgu, er girnast ráðherrahnossið. *(Bjarni Jónsson:* Þetta eru ómaklegar getsakir, og ætti forseti að áminna þingmanninn). Þetta eru engar getsakir. Málið horfir svona við frá mínu sjónarmiði. Og þegar svo kemur að því að skifta beininu, þá mun rísa upp óánægja, flokkadráttur og úlfúð út af því, að ekki gátu allir komist að og náð í það að verða ráðherrar.

Í tillögu minni er tekið fram um það,

að starfsvið *ráðherra* og ráðherrastefnu skuli nánar ákveðið með lögum. Það sem vakti fyrir mér með þessu, var það, að það gæti verið ástæða til að ákveða nánar með lögum um starfsvið ráðherra. Gera t. d. ráðherra að skyldu að leita álits og umsagnar skrifstofustjóranna og fagmanna, sem eru í þjónustu landsins, áður en hann tæki ákvarðanir um mikilsvarðandi mál. Eg vænti nú þess, að tillaga mín verði nú samþykt og eg er þess fullviss, að þjóðin er henni fylgjandi. Það er heldur engin ástæða til nú þegar að fara að fjölga ráðherrum.

Hvað snertir breytingartillögur mínar á þingskjali 483, um takmörkun á kosningarrétti og kjörgengi til efri deildar, þá vil eg mæla sem bezt með þeim. Tillögurnar eru alveg í samræmi við hugsun og tilgang frumvarpsins um skipun efri deildar. Í breyt.till. mínum er farið fram á það, að kosningarréttur til efri deildar sé bundinn við 30 ára aldur, og kjörgengi til hennar sömuleiðis.

Eg er þakklátur framsögumanni fyrir undirtektir hans undir 1. og 2. breyt.-till. mína á þessu þingskjali um að kosningarréttur manna til efri deildar sé miðaður við 30 ára aldur. Þar á móti fanst honum 3. breyt.till. óþörf. Jafnvel þótt eg geti ekki fallist á það, þá hefi eg þó ekki mikið á móti því að taka hana aftur, ef það skyldi bæta fyrir hinum tillögunum og styðja að því að þær yrðu samþyktar.

En um tillöguna á þgskj. 475, um tölu ráðherranna er mér langsárast. Það er ótímabært að fara nú að fjölga ráðherrum, og jafnvel þó að eitthvað kunni að mæla með því, að það sé gert, þá kallar ekkert að í því efni. Fjölgun ráðherranna á því að bíða að þessu sinni, bíða betri tíma.

ATKV.GR.:

1. brt. 476, 1. sþ. með 22 atkv.
2. brt. 495, 1. sþ. án atkv.gr.
3. brt. 475. feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson.
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

4. Brt. 495, 2. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson.	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N. M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

5. brt. 496, 2. sþ. með 20 atkv.
6. — 496, 3. sþ. með 22 atkv.
7. — 495, 3. sjálffallin.
8. — 495, 4. feld með 12 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkvæði.

9. brt. 495, 5. sjálffallin.
10. varatill. 495, 1. sþ. með 14:11 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meirihl.

11. varatill. 495, 2. þar með samþykt.
12. brt. 496, 4. sþ. án atkv.gr.
13. — 495, 6. feld með 16 : 4. atkv.
14. — 483, 2. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

15. brt. 483, 1. sjálffallin.
16. — 495, 7. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson N.-M.	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Þorl. Jónsson.	Sig. Sigurðsson.
	Stefán Stefánsson,

17. brt. 483, 3. tekin aftur.
18. — 495, 8. sjálffallin.
19. — 496, 5. sþ. án atkv.gr.
20. — 496, 6. sþ. án atkv.gr.
21. — 496, 7. sþ. með 18 atkv.
22. — 495, 9. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl.	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

23. brt. 495, 10. sjálffallin.
24. — 488. sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Ólafur Briem,
Hálfd. Guðjónsson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Jónsson S.-M., Sig. Gunnarsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkv., og töldust með meiri hlutanum.

25. brt. 495, 11 sþ. með 14 atkv. shlj.
26. — 496, 8 sþ. án atkv.
27. — 495, 12 sþ. með 18 atkv.
28. — 495, 13 (með breyting á tölum: fyrir (»sex«) á báðum stöðum komi: 15) sþ. með 18 : 7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson S.-Múl.
Björn Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Pétur Jónsson,
Einar Jónsson,	Stefán Stefánsson.
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson.	

Já:	*Nei:*
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Frv. svo orðið samþ. með 22 atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 3. maí. (A. 816, 837, 853, n. 859, 860, 861, 867, 874).

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Meiri hl. nefndarinnar hefir leyft sér að koma fram með nokkuð margar breytingartillögur að tölunni til, en ekki miklar að efninu til. Fyrsta breyt.till. er ekkert annað en orðabreyting, og sama er að segja um hina næstu. Þriðja brtill. er þess eðlis, að hún getur væntanlega ekki komið til atkvæða fyr en á eftir hinni fjórðu.

En aðalbreytingarnar eru fólgnar í brt. við 9. og 10. gr. Meiri hl. vildi sem sé ekki víkja frá því fyrir nokkurn mun, sem verið hafði grundvallaratriði hjá honum, og það er að efri og neðri deild verði kosnar hvor í sínu lagi og hvor á sínum grundvelli, eða með öðrum orðum, hann vill ekki, að Ed. sé að neinu leyti kosin af Nd. Upphaflega tillagan var sú, að þingmenn Ed. skyldi kjósa til 12 ára, en sá tími var af þessari háttv. deild lækkaður niður í 9 ár. Háttv. Ed. hefir nú fært hann aftur upp í 12, og vill nú meiri hluti miðla málum og binda þetta við 10 ár, einu ári lengur en samþykt var hér og tveim árum styttra en háttv. Ed. vildi hafa. Önnur br.till. er í sambandi við þessa, sem sé sú, að kjósa skuli 7 þm. 5. hvert ár og varamenn um leið. Tölu þm. í deildunum, 14 og 26, vildi nefndin ekki fara að breyta. Aðrar brtill. nefndarinnar, sem efni snerta, eru allar í sambandi við þetta, nema ein, sem er við 15. gr. Hún er tvískift, aðaltill. og varatill. Aðaltill. er sú, að þar sem stend-

ur að meiri hluti fjárlaganefndar skuli hafa frumkvæði í fjármálum, þá sé þar bætt við: »eða minni«, þannig að bæði meiri og minni hluti hafi það. Og ef hún nær ekki fram að ganga, þá er það varatillaga, að öll sú klausa falli burtu.

Við 20. gr. er ein brtill. Þar stendur í frumv., eins og það kom frá háttv. Ed., að maður, sem er utan kirkjufélags skuli gjalda til barnafræðslu það sem hann annars hefði goldið til kirkjumálanna. Meiri hl. vill nú breyta þessu svo, að menn borgi þetta til háskólans, eða einhverra styrktarsjóða við hann. Okkur fanst ósanngjarnt að þeir, sem svo eru sinnaðir í trúarefnum, séu neyddir til þess að styrkja neitt það, sem óbeinlínis getur orðið til eflingar því, sem þeir hafa viljað losna við að styrkja. Þá er 23. gr. Hún er um það, að þá er breytt er stjórnarskránni, skuli þing rofið og nýjar kosningar fram fara á næsta ári. Nefndin hefir nú bætt aftan við þetta ákvæðinu um það, að sú skuli og verða meðferð væntanl. sambandslaga. Þetta virtist okkur eðlilegt, því að ekki er minna um þau lög vert, svo að þjóðin á eins að eiga heimting á því að ráða fram úr þeim með nýjum kosningum.

Loks er í niðurlagsgreininni atriði, sem meiri hlutinn, og eg býst við minni hlutinn líka, vill fella burtu.

Þá býst eg við að eg hafi nefnt allar efnisbreytingar okkar við frumvarpið.

Þá hafa komið fram 3 aðrar breytingartillögur. Er þá fyrst að nefna brtill. minni hluta nefndarinnar við 2. málsgr. 12. gr. frumvarpsins, um kjörgengi til alþingis. Vilja þeir að kjörgengur maður hafi verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti síðasta árið. Þessu er meiri hlutinn á móti, því ekki virðist sanngjarnt, að Íslendingur, sem fer utan um eitt ár missi fyrir það kjörgengi. Þá er 2. málsgr. 11. gr. Þar er sett það skilyrði fyrir kosningarrétti, að menn séu fæddir hér á landi, eða hafi verið búsettir hér í 5 ár. Oss finst ekki ástæða til að gera það að skilyrði, að menn hafi verið búsettir hér síðustu 5 árin, því ósanngjarnt virðist vera að svifta menn kosningarrétti, þótt þeir hafi farið utan um eitt ár.

Þá er breyt.till. minni hlutans við 17. gr. Vilja þeir að alt þingið dæmi um kjörgengi allra þingmanna. Þessu erum vér mótfallnir. Vér viljum, að hvor deild dæmi um kosning sinna þingmanna.

Þá er breyt.till. við 23. gr. Þeir vilja ekki láta nægja kosningar til alþingis, heldur vilja þeir hafa alþýðu atkvæði. Það er sama sem að kollvarpa allri lýðþingsstjórn (öllu demokratii) að leggja *það* vald í hendur alþýðu, og slíkt málsskot er á móti öllu eðli þingstjórnar. Eg nefndi um daginn dæmi þess, að erlendis, þar sem málsskot hefir verið reynt hefir það gefist þannig, að sama daginn hafa kjósendur greitt atkvæði alveg ofan í sjálfa sig. Á því byggist öll þingstjórn, að þjóðin sé fær um að kjósa þá *menn*, sem hún treystir, en hitt er almenningur vitanl. ekki bær um, að dæma um einstök atriði vandsaminna laga. Á þessu eru allar fulltrúakosningar bygðar, og finn eg svo ekki ástæðu til að tala meira um það.

Þá hefir komið fram breyt.till. frá h. 2. þm, Árn. (S. S.), sem fer fram á það, að í stað 17. júní eða næsta virkan dag komi lögmæltan dag. Nefndin er ekki á móti því, að þessi breyt.till. fái góðan byr.

Þá eru breytingartillögur tvær á þgskj. 853. Fyrst er breyt.till. við 16. gr. Mér sýnist það vera orðaröð önnur, en efni alveg það sama, og finst mér standa á sama, hvort sú breyt.till. kemst að eða ekki. Sú fyrri á sama þgskj. er

við 11. gr. Sú tillaga fer lengra en allar hinar, því þar stendur að enginn hafi kosningarrétt, sem þegið hafi sveitarstyrk 10 síðustu árin. Sýnist það ekki vel sanngjarnt, ef hann hefir verið endurgoldinn. Svo hefi eg ekki ástæðu til að taka meira fram. Þjóðin óskar að stjórnarskráin verði endurskoðuð á þessu þingi. Eg get játað, að mér er ekki alt að skapi, sem í frumvarpinu stendur, en eg geri mig ánægðan með það og vil bíða betri tíma. Þjóðinni yrðu það stór vonbrigði, ef hér væru gerðar svo miklar breytingar, að þær næðu ekki fram að ganga. Þótt vér samþykkjum frumvarpið, þá mætti þó breyta því á aukaþingi, og sú óánægja, sem fram kæmi gegn því mundi leiða til rækilegrar íhugunar. Ef það félli nú, þá yrði það tekið fyrir á næsta þingi. Þyrfti þá einu þingi fleira til þessa, og mundi það leiða til mikils kostnaðar. Þetta er ekki flokksmál, það hefir sýnt sig, og eg vænti að það verði svo við atkvæðagreiðsluna, að þar komi ekkert flokksfylgi fram.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Þorkelsson): Við eigum hér nokkrar breytingartillögur, eg og fleiri þingmenn á blaði. Höfum við þó farið svo vægt í sakirnar til samkomulags, sem við höfum getað og reynt að raska sem minstu. Aðalatriðin eru um kosning til efri deildar og um deildaskipunina, svo og um kosningarrétt hjúa. Þessi tvö höfuðatriði eru aðalágreiningsefnin.

Efri deild hefir breytt skipun efri deildar frá því sem hér var samþykt. Skulu nú 10 kosnir með hlutfallskosningu um alt land, en 4 af sameinuðu þingi úr tölu hinna annara þingmanna.

Af þessari tölu eru 6, sem koma í stað hinna konungkjörnu þingmannna. En konungkjörnir þingmenn hafa reynst og reynast enn stýfla fyrir störfum þingsins á ýmsa lund, enda hefir margsinnis verið farið fram á, að þeir yrðu afnumdir. Svo var á þinginu 1889. Var þá farið fram á, að til efri deildar skyldu kosnir 12 menn, 3 af fjórðungi hverjum, en það féll þó þá með eins atkvæðis mun. Reynslan hefir og sýnt, að það var óhentileg þvergirðing fyrir framgang mála, að konungkjörnu þingmennirnir væri helmingur efri deildar. Því var hér um árið bætt við tveim þjóðkjörnum þingmönnum, svo að tveir þjóðkjörnir væri þó fram yfir helming deildarmanna. Þingið í ár hefir sýnt að þetta er þó ekki einhlítt. Við leggjum nú til, að helmingur efri deildar skuli kosinn með hlutfallskosningu um alt land, en helmingur úr tölu hinna annara þingmanna í sameinuðu þingi. Þeir þingmenn, sem kosnir eru fyrir alt landið skulu og kosnir til 6 ára, og sömuleiðis varaþingmenn. Hinn háttv. meiri hluti heldur því fram, að það mundi koma í veg fyrir hreppapólitík, ef öll efri deild væri kosin fyrir alt landið. Þar til er því meðal annars að svara, að þeir þingmenn mundu sérstaklega hafa fylgi í einu eða tveimur kjördæmum, og mundu því finna skyldu hjá sér til að vinna sérstaklega fyrir þau. Enn er margt fleira, sem við getum ekki fallist á. Það hefir reynslan sýnt, að efri deild hefir verið sem stýflugarður og er það enn, því hún hefir í ár skorið niður ýms nauðsynjamál, sem þurft hefðu fram að ganga, svo sem er um lög þau, er miða að því að auka tekjur landssjóðs; þau hafa mætt þar og mæta enn mótspyrnu og morði.

11. grein frumvarpsins lýtur að kosningarréttinum. Þar eru vistráðin hjú útilokuð frá kosningarrétti til alþingis, en þó má breyta því með lögum. Aftur á móti hafa lausamenn og flangrarar kosningarrétt, og dylst okkur, hvað með því mælir frekar.

Það er enn annað, sem við getum heldur ekki felt okkur við, en það er að nokkur munur sé gerður á kosningarrétti til Ed. og Nd. Það stendur í þessu frv., að kosningarrétt til Nd. skuli allir 25 ára gamlir menn hafa, en til Ed. að eins þeir, sem 30 ára eru orðnir. Við sjáum ekki neina ástæðu til þess að vera að gera þennan mismun. Hafi menn vit til þess að kjósa til Nd., þá virðist óhætt að sleppa þeim við Ed. líka. Ennfremur höfum við leyft okkur að gera ákvæðin um kjörgengið nokkuð skýrari. Hér í deildinni var það samþykt, að eitt af kjörgengisskilyrðunum skyldi vera það, að viðkomandi hefði verið heimilisfastur hér á Íslandi að minsta kosti seinasta árið fyrir kosningu. Hv. Ed. hefir nú breytt þessu ákvæði svo, að þetta er ekki orðið nauðsynlegt skilyrði. En okkur virðist það fullnauðsynlegt að svo sé, og höfum því komið fram með brtill. um það efni. Í stjórnarskránni nú er þetta ákvæði svo, að eitt af kjörgengisskilyrðum er, að viðkomandi hafi átt heimili í löndum Danakonungs í Norðurálfu síðustu 5 árin. Það virðist ekki meiri ástæða til þess að miða við veldi Danakonungs en önnur lönd, en hv. Ed. hefir nú rýmkvað þetta svo, að hver maður er kjörgengur, sé hann fæddur hér á landi, þó að hann hafi farið héðan af landi ársgamall og hafi allan sinn aldur verið kramari úti í Kaupmannahöfn eða vestur í Ameríku. Hann getur samt setið á alþingi. Við hv. þm. Dal. (B. J.) teljum sjálfsagt að halda fast við það, sem samþykt var hér í deildinni áður.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar komið sér saman um það, að láta þá menn, sem eru utan þjóðkirkju og ekki borga til neins safnaðar, gjalda tilsvarandi upphæð til háskólans, eins og þeir segja. Við viljum hafa það ákveðnara og láta gjaldið renna í háskólasjóð. Hann er flestum kunnugur, og við viljum hafa það skýrt tekið fram, hvað gert verði við féð.

Þá höfum við tekið upp aftur ákvæði samhljóða því, sem samþykt var hér í deildinni, að þegar breyting verði gerð á sambandi Íslands og Danmerkur, þá skuli það borið undir alþjóðaratkvæði, en meiri hluti nefndarinnar vill fara með það eins og stjórnarskrárbreytingu. Við viljum orða greinina eins og hún var samþykt hér, en ekki eins og meiri hlutinn vill nú.

Þó að við höfum ekki komið með fleiri brtill., þá er svo langt frá, að þess væri ekki brýn þörf. Enda þótt brtill. okkar verði samþyktar, sem eg vona, þá höfum við samt hvergi nærri farið eins langt og við ætluðum okkur. T. d. er það ætlan mín og margra, að heppilegast væri að hafa svo fáment þing sem þetta óskift, en í öllum flýtinum og tímaleysinu nú unnust ekki stundir til að koma með svo víðtæka efnisbreytingu. Eg felli mig illa við till. meirihl. í deildarskipununum og hygg, að fólk úti um land mundi heldur kjósa að halda þeim konungkjörnu með öllum þeirra annmörkum, en þetta fyrirkomulag. Það verður að leggja niður 4 kjördæmi, og eg hygg, að menn verði þinginu ekkert þakklátir fyrir það. Það er hægt að gizka á, hvaða kjördæmi þetta muni verða. Eg get hugsað mér eitthvað af þessum: Vestmannaeyjar, Seyðisfjörður, Skaftafellssýslurnar, Norður-Þingeyjarsýsla, Strandasýsla, Dalasýsla, Borgarfjarðar- eða Mýrasýsla yrði væntanlega lagt saman við önnur; nefna má og Ísafjörð. Annars er ekki nákvæmlega hægt að reikna út allar þær breytingar, sem verða. En svo mikið þykir mér sennilegt, að mönnum mun mislíka, að mjög mörg kjördæmi sé lögð niður

og alt þetta fyrirkomulag, sem sett er á að fólkinu fornspurðu. Eg hygg því, að varhugavert sé að samþykkja þessar till. meiri hlutans. Það leiðir ekki til annars en þess, að frumv. verður umsteypt á aukaþinginu næst, og hvað er þá unnið við það, sem við erum að banga saman nú?

Björn Kristjánsson: Það eru að eins örfá orð um 2 brtill., sem eg hefi leyft mér að koma fram með. Fyrri brtill. tek eg aftur. Hin síðari er við 16. gr. og er að eins lögun á orðfæri. Að vísu er þetta orðað svo í gömlu stjórnarskránni, en eg kunni ekki vel við það, því að vitanlega geta yfirskoðunarmenn ekkert gert, þó að eitthvað vanti á. Eg vona því, að þessi litla brtill. verði samþykt.

Framsm. meiri hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Viðvíkjandi þessari brtill. þá skal eg geta þess, að nefndin hefir ekkert við hana að athuga. Ákvæðið var tekið upp úr gömlu stjórnarskránni, en annars er nefndinni það ekkert kappsmál, hvort það helzt með óbreyttu orðalagi eða ekki.

Skúli Thoroddsen: Eg stend að eins upp til þess að lengja tímann til atkvæðagreiðslu, því að það er verið að prenta brtill. við frv. frá mér. Till. mínar fara aðallega í þá átt, að reyna að bæta úr þeim vandræðum, sem orðin eru á skipun Ed. Eg get tekið undir það með hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), að mér er ekki kunnugt um, að neinar óskir hafi komið fram frá þjóðinni um þessa Ed. skipun. Óskirnar voru um það, að konungkjörnir þingmenn væru afnumdir og þjóðkjörnir kæmu í staðinn, sem allir væru kosnir af sömu kjósendum á sama hátt. Mér er ekki kunnugt um, að á þingmálafundum hafi komið fram neinar óskir um það, að skapa íhald, heldur þvert á móti, því að einmitt það var aðallega fundið að kgkj. þm., að þeir væru of íhaldssamir. Verði nú samþyktar tillögur meiri hluta nefndarinnar, þá verður að fækka 8 kjördæmum, og það er hætt við, að það veki megna óánægju víða, eða að minsta kosti í þeim kjördæmum, sem svift eru þingmönnum. Eg gæti sætt mig við þetta fyrirkomulag, að 10 þm. væru kosnir til Ed. með hlutfallskosningum um alt land, ef kjörtímabil Ed. væri ekki lengra en Nd. Brtill. mínar fara því í þá átt, að miðla svo málum, að 10 þm. séu kosnir til Ed. með hlutfallskosningum um alt land, en að eins fyrir jafn langt kjörtímabil og þingmenn eru kosnir til Nd. og þingrof nái til beggja deilda. Þegar kosið er til beggja á sama tíma, þá getur þessi nýbreytni ekki orðið til þess að spilla með íhaldssemi fyrir nytsömum málum, sem þjóðin vill að gangi fram. Það er annars mesti misskilningur, að við eigum að vera að reyna að stofna nokkuð íhald. Við höfum sannarlega nóg af því. Og hvað er það, sem við þingmenn, sem kosnir erum til alþingis, erum að vinna eða eigum að vinna. Við erum einmitt að fá bætur á því, sem menn eru óánægðir með. Við eigum að sefa óánægjuna sem fyrst og bezt við getum, og til hvers eigum við þá að hafa íhaldssemina? Það er sagt, að síður sé hætt við, að við hlaupum gönuhlaup. En eg segi fyrir mitt leyti, að eg kýs miklð heldur, að kannske eitthvað verði samþykt hér í flýtræði, en að mestu nytsemdarmál séu dregin ár frá ári. Eg vona því að háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún ræðst í þessa breytingu. Við megum heldur ekki gleyma reynslu annara þjóða, þar sem þing hefir verið tvískift og þeirri baráttu, sem oft hefir risið milli þingdeildanna. Jafnvel þó við eigum, eftir þessu nýja fyrirkomulagi að hafa sameinað þing, þá getur það þrásinnis komið fyrir, að stjórnin þykist

geta setið að völdum, þótt hún hafi alla Nd. á móti sér, ef hún hefir Ed. með sér. Eg vona því að brt. mínum verði vel tekið. Að öðru leyti skal eg ekki fara mörgum orðum um málið. Eg hallast yfirleitt að brtill. þeirra háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) t. d. að setja hér inn aftur ákvæðið um kosningarrétt vinnuhjúa, sem samþykt var hér í deildinni. Það er síður en svo, að verið sé að gera bændum neitt þægt verk með því, að neita hjúum um kosningarrétt. Það er hætt við, að margur maðurinn vildi ekki vista sig, ef hann misti réttindi sín við það og er slíkt ekki heppilegt, eins og nú stendur á, þar sem erfitt er að fá vinnufólk. Till. meiri hl. um það, að breyting á sambandinu milli Danmerkur og Íslands skuli fara með eins og stjórnarskrárbreytingu, álít eg óheppilega og vona að hún fái sömu afdrif hér í deildinni og seinast. Það ákvæði er ekki til annars en að gera örðugra fyrir, ef »eo ipso« á að rjúfa þing, þegar breyting er gerð af alþingi, þó að engin von sé um árangur. Eg hallast því fremur, að því er þetta atriði snertir að breyt.till. minni hlutans.

Bjarni Jónsson: Eg er samþykkur þeim háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, sem þeir sögðu um fyrirkomulag alþingisdeildanna. Eg er eindregið á þeirri skoðun, að þingið eigi að vera óskift og koma sem oftast saman. Þetta lýsi eg hreina skoðun mína, en það, að eg kem með till., sem fara mikið skemmra, sýnir hvað eg vil vinna til samkomulags. Brtill. okkar um kosningarrétt hjúa er alveg sjálfsögð, því að ákvæði Ed. um það er alveg óþolandi og hreinasta hneyksli, að veita öllum stéttum kosningarrétt nema aðeins einni. Það er alveg sama, hvaða stétt það væri, en því síður virðist ástæða til að útiloka þessa stétt, þar sem flestir bændur landsins eru úr henni komnir. Þetta er hið hróplegasta ranglæti og sé þessi stétt borin saman við aðrar, t. d. fólk í sjóþorpum, að því er mentun snertir, þá verður það því undarlegra. Það er nokkuð einkennilegt, að sá maður, sem er vinnumaður, hefir engan kosningarrétt, en ráði hann sig næsta ár sem sjómaður, þá hefir hann öðlast réttinn, án þess að mentun hans hafi að nokkru leyti vaxið. Eins er það, ef iðnaðarmaður héðan ræður sig fyrir ráðsmann uppi í sveit, þá missir hann kosningarétt. Þetta er svo gersneytt allri samkvæmni, að löggjafarþing getur ekki verið þekt fyrir að láta það frá sér fara. Þá var það þó mun betra, þó ekki væri það gott, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) lagði til um kosningarrétt kvenna, að þeim væri skamtaður rétturinn úr knefa smátt og smátt, það gekk jafnt yfir alla og var ekki eins mikil skerðing á grundvallarreglunni.

Sömuleiðis legg eg mikla áherzlu á það, að kosningaskilyrðin séu hin sömu til beggja deilda. Raunar er það, að aldurstakmarkið sé ekki það sama, ekki eins mikið réttlætisbrot og hitt, en það virðist harla ástæðulítið og er að minni hyggju skaðlegt, að því er samþykki stjórnarskrárinnar hjá landslýð öllum snertir. Eg er hræddur um, að hvorki það ákvæði né hitt gangi í fólkið og okkur ber ekki aðeins að líta á það, hvort þessi stjórnarskrárbreyting verði staðfest af konungi, heldur líka á það, hvort landsmenn felli sig við hana. Þeir, sem vanir eru að aka seglum eftir vindi, ættu að aka seglum eftir þessum vindi, þó að hann sé kannske ekki nema sá margnefndi goluþytur.

Þá er enn eitt atriði, sem eftir minni meiningu er alveg óhafandi í stjórnar-

skránni. Það er takmörkun á frumkvæði þingmanna til fjárveitinga. Þessar tillögur geta þó ekki álitist mikilfenglegri en allar þær tillögur, sem þingmenn mega koma með viðvíkjandi hegningarlögum, kenslumálum og stjórnarskrárbreytingum. Um þessi mál mega þeir gera eins margar tillögur og þeir vilja, en þegar um nokkrar krónur er að ræða, þá er þeim ekki treyst til að taka rétt á hlutunum. Það er bara í auramálunum, sem þeir mega ekkert frumkvæði hafa, en um þau mikilsverðu mál, sem snerta hag aldra og óborinna mega þeir leggja það til, sem þeir vilja. Eg skil ekki, hvernig menn geta hugsað svona. Það brýtur í bága við þingræðið og drottinvald þjóðarinnar. Það er nokkuð hastarlegt, að vilja kjósenda í kjördæmum að því er fjárveitingar snertir, skuli vera beint frá því að koma undir atkvæði, nema fjárlaganefndinni allra mildilegast þóknist að taka það til greina. Þetta er vegur til að útiloka drottinvald þjóðarinnar, þingið vill alls ekki heyra hvað kjósendur segja. Þetta er svo öfugt, að það tekur engu tali. Eg vil því vona, að þetta ákvæði verði felt burt.

Yfir höfuð er illur þessi tviverknaður. Eg kýs heldur, að stjórnarskrárbreytingin nái ekki fram að ganga nú, heldur en samþyktur sé einhver grautur í málinu. Eiga þá landsmenn þess kost, að láta uppi álit sitt um tillögur þær, sem fram hafa komið í málinu.

Þriðja atriðið, sem eg vil minnast á, er ákvæðið um utanþjóðkirkjumenn. Sé eg, að þar er nefndin öll á einu máli, þótt hún hafi ekki haldið fund með sér hér um. Skárra er það, að fé sé ranglega af mönnum tekið og lagt til háskóla, heldur en til kirkju grímuklætt. Það er ranglæti, að neyða þá menn, sem ætla má um, að þroskaðri séu að andarfari, til fégjalda, en láta þá sem á lægra stigi standa, njóta þroskaleysis síns.

Till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) bið eg allra bölbæna, það er atkvæðamissis. Eg vona að allir muni svo langt, að í umræðunum hér bæði um háskólann og færslu þingtímans gerðu menn tillögu um að færa þingtímann á sumarið. Þetta hefir orðið ofan á í Ed. Það er ekki svo margt, sem mér hefir þótt meðmæla vert af till. Ed., að eg vilji leggjast undir höfuð að mæla fram með þessari breytingu, sem hún hefir á frumvarpinu gert.

Framsögum. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti. Eg get fallið frá orðinu vegna þess, að í ræðu háttv. Dal. (B. J.) var alt endurtekið, það er hann sagði við 2. umr. Eg hirði ekki að lengja þingtíðindin með því að hrekja hann á ný.

Benedikt Sveinsson: Miklar deilur hafa orðið hér um skipan efri deildar. Á því sézt bezt, hve þingheimur er sundraður í þessu máli, hvílíkur grúi breyt.till. hefir komið fram í báðum deildum við þessa gr. frumvarpsins. Má heita, að ekki standi steinn yfir steini, er frumvarpinu er stórbreytt við hverja umr. Nú hafa nokkrir þm. komið fram með breyt.till í þá átt að draga úr þeim miklu breytingum og röskun, sem þessi skipan efri deildar hlýtur að hafa í för með sér. Eg hygg, að ýmsir hafi ekki íhugað afleiðingarnar af þessu nýja fyrirkomulagi. — Er fyrst að gæta þess, að héraðakjörnir þingmenn fækka, með öðrum orðum að kjördæmi leggjast niður og núverandi kjördæmaskipan landsins raskast stórum, en því mun mikill fjöldi manna illa kunna. Kjördæmaskiftingin er reist á fornum grundvelli og fer saman við sýslutakmörk, en þau hafa víðast staðið óbreytt um langan aldur og eru orðin rótgróin fyrir æva-löngu í meðvitund þjóðarinnar. Væri ótilhlýði-

legt að hrapa að breytingum um þetta efni undirbúningslaust, eða svo, að þjóðin sé látin óspurð um, enda hefir það komið í ljós, að tillögur til breytinga á þessu hafa ekki mætt góðum byr. Þeir, er breyta vilja kjördæmaskipan landsins, hafa fært það til meðal annars og einkanlega, að misrétti væri í því, að fámenn héruð hefði jafnmarga þingmenn sem hin fjölmennari, En þótt hér á sé ekki fult jafnrétti sumstaðar að þessu leyti, þá bætir það ekki um að steypa hinum fámennari kjördæmum saman við hin. Sumir segja reyndar, að í því sé engin rangindi og kjördæmatakmörk þurfi alls ekki að falla saman við sýslutakmörk, en það er athugandi, að hvert sýslufélag er heild út af fyrir sig, sem hefir ýms sérstök málefni með að fara, bæði um fjármál og fleira. Er því eðlilegt, að hver sýsla vilji hafa sinn fulltrúa á þinginu til að gæta réttar síns og hagsmuna og bera fram áhugamál sín. Þessvegna væri illa til fallið að samþykkja tillögur þær, sem í frumvarpinu standa um skipun Ed., enda veit eg að kjósendur muni aldrei una því.

Það er og rangt að gera Ed. að meira íhaldsafli en hún er. Hingað til hefir þótt fullörðugt undir að búa atgerðum Ed., og öll þjóðin hefir krafist þess, að konungkjörnir þingmenn væri afnumdir, af því að þeir hafa verið þröskuldur í vegi frjálsrar löggjafar og góðrar samvinnu í þinginu. Hefir ekki brugðið af fornri venju á þessu þingi, er nú situr, því að mörgum nýtum frv. hefir efri deild banað. Ættu menn heldur að afstýra slíku eða draga úr, heldur en að auka vald Ed. frekara til þess að gera hana að því íhaldsafli, sem eyðir málum fyrir neðri deild. Er þetta öfugt við það, sem nú er barist fyrir að fá framgengt með öðrum þjóðum. En það er hægra að binda en leysa. Má um það vitna til nágrannaþjóða vorra, hversu erfiðlega þeim veitir að koma af sér þeim böndum, er samkynja málstofur leggja á löggjöfina.

Menn hafa talað um það, að stöðvunarafl þurfi í þingið, sökum þess hve kosningarréttur og kjörgengi hefir verið rýmkað. Eg er sannfærður um, að þjóðin mundi heldur hafa kosið, að þessi höft yrði ólögð, heldur en að kosningarréttur væri rýmkaður svo sem nú er gert. En fyrst eg er kominn að þessu atriði, rýmkun kosningarréttarins, þá skal eg geta þess, að mér þykir ekki hlýða að bægja sérstökum stéttum frá kosningarrétti, allra sízt úr því, að svo mjög er rýmkað til á annað borð, að veita á konum kosningarrétt. Eg á hér við vinnuhjú. Sú stétt hefir jafnmikið vit og jafnmikinn rétt til að hafa atkvæði um þjóðmál, sem hver önnur stétt á landinu. Full erfiðlega veitir að fá fólk til að vera í vist nú á tímum, þótt löggjöfin innprenti ekki þeirri stétt, að hún sé skör lægra sett í mannfélaginu en allar aðrar stéttir landsins. (*Jón Ólafsson*: Þetta hefir oft verið sagt áður). Veit eg það, að þetta hefir áður verið sagt, en sjaldan er góð vísa of oft kveðin og ekki er háttv. 2. þingmaður S.-Múl. (J. Ól.) farinn að læra hana enn þá.

Eg kem þá að annari vísu, sem einnig hefir oftlega verið kveðin, en það er gjaldskylda utanþjóðkirkjumanna til kirkju- og kennslumála. Frumvarpið fer fram á það, að utanþjóðkirkjumenn, sem ekki eru í neinum söfnuði, leggi til skóla jafnt sem þeir mundu leggja til kirkju, ef þeir væri í henni. Það er með öðrum orðum, að menn utan kirkju eru skyldaðir til að borga barnakenslu fyrir Pétur og Pál, sem eru í þjóðkirkjunni. Þetta er hinn mesti ójöfnuður og stjórnarskrárbrot, þótt grímuklætt sé, því að stjórnarskráin heimilar öllum mönnum trúarbragðafrelsi og kveður svo á, að

»enginn skal neins í missa sakir trúarbragða sinna«, en það er þó vissulega að missa nokkurs í, að vera skattskyldur umfram aðra borgara þjóðfélagsins. Ætti hverjum manni að vera frjálst að halda uppi þeim átrúnaði, sem honum sýnist, og engan skatt á að leggja á menn, þótt þeir fylgi eigi þeim trúflokkum, sem ríkastir eru í landinu.

Eg mun greiða atkvæði með málinu í heild sinni, ef breyt.till. minni hluta nefndarinnar ná fram að ganga, ella ekki.

Björn Sigfússon: Eg ætlaði að minnast á brt. á þgskj. 837. Mig furðar ekki á því, þótt hv. flutnm. komi með þá tillögu; hann hefir jafnan haldið þeirri skoðun fram, sem kemur fram í þeirri tillögu, að halda fast við vetrarþingin. En mig furðar á því að heyra hv. framsögum. leggja till. liðsyrði. Formælendur háskólans — og hann er einn af þeim — hafa flestir haldið því fram, að þinghald og háskólahald gæti ekki farið saman, ef háskólinn á að vera í þinghúsinu, og það er vitanlega alveg rétt. Það er hvorttveggja, að rúmið er of lítið og óhentugt til þess, auk þess sem það mundi trufla hvort annað.

Það er annars töluvert eftirtektaverð aðferð, sem beitt hefir verið í þessu háskólamáli. Meðan verið var að »agitera« fyrir því að setja fjárveitingu til háskólans inn í fjáraukalög og fjárlögin var reynt að blekkja menn með því, að óhætt væri að samþykkja það, þar sem efri deild væri búin að setja inn í stjórnarskrárfrv., að þing skyldi byrja 17. júní. En óðara en þetta frv. kemur til þessarar deildar, kemur tillaga um að færa tímann aftur til vetrarins. Það er jafn óheilt alt þetta atferli, sem snertir háskólahumbuggið, og það er þinginu, eða þeim sem því valda, til ævarandi vanvirðu.

Ef þessi tillaga verður samþykt, þýðir það ekkert annað en það, að á næsta þingi verði farið fram á að byggja hús handa háskólanum, og mun þá verða óhætt að ætla til háskólans, ekki 34 þús. kr., eins og nú er á fjárlögunum, heldur 134 þús. kr. Eg vil skora á menn að greiða atkv. móti þessari tillögu til þess að halda ekki alt af áfram að bæta gráu ofan á svart.

Sigurður Sigurðsson: Ummæli hv. þm. Dal. (B. J.) og hv. 2. þm. Húnv. (B. S.), að því er snertir breyt.till. mína, hafa neytt mig til að standa upp. Annars ætlaði eg ekki að taka til máls, og það því síður, sem hv. framsm. (J. Ól.) tók vel í þessa brtill. mína. Aðalástæðan gegn till., um að þingið komi saman lögmæltan dag, er sú, að ekki sé nægilegt rúm í þinghúsinu fyrir háskólann, ef þingið er háð að vetrinum. En þetta hefir ekki við rök að styðjast. Ef öllu er vel fyrir komið, þá er nóg rúm fyrir háskólann niðri í húsinu. Hins vegar hafa verið færðar ástæður fyrir því, að ýmsum mönnum væri það hentugra, að þingið sé háð að vetrinum. En fyrst eg minnist á háskólann, skal eg benda á það, að þegar háskólalögin voru samþykt á síðasta þingi, mátti ganga að því vísu, að ekki mundi langt um líða, áður en fé yrði veitt til hans. En þótt eg sé og hafi verið á móti háskólanum, þá álít eg samt að fyrst asninn var leiddur inn í herbúðirnar, verði menn að taka afleiðingunum.

Hvað sjálfa tillöguna snertir, skal eg geta þess, að viðkunnanlegra er að tiltaka ekki í sjálfri stjórnarskránni ákveðinn dag, er sé samkomudagur þingsins. Það er hentugra að hafa sérstök lög um það efni, svo breyta megi þingtímanum, ef ástæður þykja mæla með því. Hitt er hégómamál og kappsmál, að setja þingtímann í samband við háskólann, og annað ekki, og hafa verið færðar ástæður fyrir því. Vona eg því,

að tillaga mín, um að þingið komi saman »lögmæltan dag«, verði samþykt.

Framsögumaður meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér þykir undarlegt, að menn skuli amast við hinni meinlausu tillögu háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Ákvæðin um háskólahald koma alls ekki í bága við þinghald. Tillagan miðar að því, að halda megi þing eftir ákvæðum einfaldra laga. Háskólinn á að byrja í haust, og verður þá hafður hér niðri, ef kostur er, en ella verður hver deild háskólans í sínum gömlu húsakynnum, og er það engin frágangssök.

Það er sagt, að þingtímanum hafi verið breytt til þess, að háskólinn, sem nú er ætlast til að taki til starfa, geti fengið húsnæði hér í þinghúsinu. Eg held allir geti verið sammála um það, að háskólahús verði að reisa innan fárra ára, eða þá þinghús. Fyrir skömmu hafa verið samþykt hér í þinginu lög um hafnargerð hér í Reykjavík og þá mun ekki verða hörgull á að selja lóðir á Arnarhólstúninu dýrum dómum, og á þann hátt mun fást nægilegt fé til þess að reisa hús handa háskólanum. Eg held því, að alt þetta hjal um háskólann sé ekki á rökum bygt.

Það hefir verið töluvert rætt um það atriði, að Ed. hefir ekki viljað veita vinnuhjúum kosningarrétt. Allir eru sammála um, að vinnuhjú eigi að hafa sama rétt og lausamenn til þess að kjósa. En meiri hluti nefndarinnar vildi ekki breyta þessu til þess að stofna ekki stjórnarskránni í hættu. Því ef farið væri að hrófla við þessu hér, er hætt við að Ed. breyti því aftur og stjórnarskrármálið ónýtist á þessu þingi. Nefndin hefir athugað ástæður Ed. fyrir því, að hún hefir ekki viljað veita vinnuhjúum kosningarrétt nú í þetta sinn, og virðist henni Ed. hafa mikið til síns máls, því það er töluvert viðsjárvert að margfalda kjósendatölu landsins svo mikið alt í einu, eins og nú yrði, ef vinnuhjú fengju nú kosningarrétt ásamt kvenþjóðinni, en heppilegra mundi vera að breyta þessu seinna með einföldum lögum. Eg fæ ekki séð, að þetta sé svo voðastórt spurnsmál, hvorki fyrir land né lýð, þótt það dragist 2—3 ár að veita vinnuhjúum kosningarrétt. Einnig ber að líta á það, að engin ósk hefir komið fram um það frá vinnuhjúum að fá kosningarrétt, og vinnuhjúin hafa þraukað lengur kosningarréttarlaus, en þótt þau bíði 1—2 ár enn. Og eg er viss um, að vinnufólkið hér á landi er svo skynsamt, að það skilur, að þinginu hefir fundist það óeðlilegt að margfalda svo mjög kjósendatölu landsins í einni svipan. Af þessari ástæðu höfum við ekki viljað hagga við þessu. Við viðurkennum, að það sé óeðlilegt, að maður, sem lengi hefir verið bóndi, bregður búi og gerist ráðsmaður hjá ekkju, missi þá kosningarrétt sinn; við vissum þetta, svo það hefði ekki þurft að halda langa ræðu um það (*Bjarni Jónsson*: Því ekki framfylgja því?). Eg þarf ekki að taka ástæðurnar fyrir þessu upp aftur. Eg veit, að háttv. þm. Dal. (B. J.) jafn skýr maður hlýtur að skilja þessar ástæður, ef hann *vill* skilja þær, hvernig sem hann virðir þær.

Það eru ýms fleiri atriði í frumvarpinu, sem ýmsir eru óánægðir með, en það er æfinlega þannig, þar sem margir vinna saman að áhugamálum sínum, þá verða menn ávalt að slá nokkuð af sínum skoðunum, svo málið nái fram að ganga. Þetta á sér stað um víða veröld, svo það kemur víðar fyrir en hjá okkur. Og ef öll þau atriði, sem sérstaklega hefir verið óskað af þjóðinni ná fram að ganga, þá er mikið unnið. Ef þjóðin er strax óánægð með eitthvert atriði, þá mun hún kjósa þannig til

næsta þings, að þau atriði verði feld burtu á næsta þingi, sem hún er óánægð með, eða þeim breytt.

Einar Jónsson: Það liggur næst fyrir mér að byrja ræðu mína með sömu orðum og háttv. samþingismaður minn (E. P.) að heppilegast sé að taka sem minst til máls, því það stendur æðimikið á skriftum á ræðum þingmanna, og það væri óskandi, að forseti sæi svo um, að ræðum þeirra þingmanna, sem ekki eiga heima hér í Reykjavík, yrði sem fyrst lokið. (*Bjarni Jónsson:* Fjölga skrifurunum). En eg skal ekki fjölyrða meira um þetta, en mun beina máli mínu sérstaklega að fjórum atriðum, sem eg finn ástæðu til að minnast hér á: háskólann, þingtímann, kosninguna til Ed. og kosningarrétt vinnuhjúa.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) fór að sumu leyti eðlilegum orðum um háskólann, þótt orð hans væru mestmegnis fullyrðingar einar. Mér virðist, að góð tök séu á því að halda háskóla hér í þinghúsinu, þótt þing sé háð á sama tíma og nú er. Eins og nú er komið fjárhag okkar, höfum við ekki efni á að efna til nýrrar og dýrrar háskólabyggingar, og ef nú á að fara að byggja nýtt hús handa háskólanum, þá hefði verið réttara að fresta því máli fyrst um sinn, enda þótt fróðir og mentafúsir menn álíti mikla þörf og framför, þjóðarinnar vegna, í háskólastofnun hið fyrsta. En eg ætla að sleppa að tala um þetta, það hefir verið svo margt um það sagt áður, en mitt atkvæði um þetta mál er því skilyrði bundið, að húsnæði notist hér í þinghúsinu, en eigi verði kostað til nýrrar byggingar.

Um þingtímann er það að segja, að eg álít óheppilegt að flytja samkomudag þingsins til sumartímans. Raunar eru það meiri peningaútgjöld fyrir landið að hafa þing að vetrinum. En ef tekið er tillit til alls, og þá ekki sízt þeirra manna, sem fjarlægir eru sínum eigin heimilum allan þingtímann, þá mun það þó verða ódýrara yfir höfuð. Eg hefi að vísu aldrei reynt það, að dvelja á alþingi yfir sumarið, en mér skilst, að það muni vera fremur þreytandi líf að vera innilokaður á ergjandi fundum, þegar úti skín »júnísólin heið« og löngunin til þess að vera fremur úti staddur en inni, ríkir hvað mest hjá hverjum heilbrigðum manni. Gæti eg búist við, að þeir þingmenn, sem jafn hvikulir eru í sætum sínum og starfrækslu, sem ýmsir þeirra eru nú, þó vetur sé, yrðu það eigi síður að sumri til og þá er þess eigi síst að gæta, að júní, júlí og ágúst eru dýrustu annamánuðir allra bænda og fjölda manna annara. Því mun eg greiða atkvæði móti því, að þingtíminn sé fluttur til sumarsins.

Þá kem eg að 3. atriðinu, sem eg ætlaði að minnast á, kosningin til efri deildar. Eg get ekki hrundið því frá mér, að eg álít það viðsjárvert og athugavert að kjósa alla þingmenn til efri deildar með hlutfallskosningu um land alt. Mér skilst ekki, að þjóðin geti orðið ánægð með þetta fyrirkomulag. Því ef þetta yrði, þá mundu fáir aðrir sitja þar, en gamlir embættismanna þjarkar, einkum úr Reykjavík. Það geta verið greindir og góðir menn í mörgum tilfellum, en það eru ekki þeir, sem vita bezt hvar skórinn kreppir að í fjársökum og atvinnugreinum, né það, hvað fjöldanum er fyrir beztu alment. Í öðru lagi mun þjóðin ekki gera sig ánægða með hina nýju kjördæmaskiftingu, sem af því hlyti að leiða að öll efri deild — 14 menn — væri þannig kosin. Þau kjördæmi, sem nú senda tvo þingmenn, munu ekki gera sig ánægð með að senda framvegis að eins einn þingmann, þó aldrei nema segja megi, að allir eigi tiltölu í þeim embættismannabunka, sem í efri deild sætu.

Og sum kjördæmi, sem nú senda einn mundu engum þingmanni koma að, ef þetta yrði samþykt. Þess vegna álít eg breytingartillöguna, sem fyrir liggur, um að aðeins 10 þingmenn til efri deildar séu kosnir með hlutfallskosningu en 4 valdir úr neðri deild, miklu aðgengilegri. Eg felli mig mun betur við það. Vildi að vísu helzt hið þriðja, er fyrir liggur, 7 og 7, en með því að eg hefi vissu fyrir að það ákvæði yrði stjórnarskránni að falli í efri deild, legg eg ekki út í að fylgja því.

Þá kem eg að 4. og síðasta atriðinu, sem eg vildi minnast á, kosningarrétt vinnuhjúa og skal eg strax lýsa því yfir að eg er mjög óánægður með það, að nokkurt það ákvæði komist inn í lög — og þá sérstaklega stjórnarskrá —, sem takmarki frekar rétt vinnuhjúa, en lausafólks. Í því getur engin sanngirni falist. Eg tek í strenginn með öðrum háttv. þm., sem um þetta hafa talað á þenna máta, að það er ekki nokkur sanngirni í því, að vinnuhjú hafi ekki sama rétt til að kjósa og lausamenn. Eg veit, að margir eru óánægðir með það að hjúin hafi ekki sama rétt og lausamenn í hverju sem fyrir kemur. Eg veit, að margt vinnufólk, er ekki það skyni skroppið, að það muni ekki fljótt segja við okkur, þegar við erum að fala það í víst: »Nei, góði minn. Eg vil vera lausamaður en ekki hjú, þá hefi eg réttinn til þess að kjósa, annars ekki«. Það er mjög óhyggilegt, að hafa nokkuð það ákvæði í lögum, sem aftrar því, að hjúin hafi sama rétt og lausamenn, því reynslan hefir sýnt, að »hjúin gera garðinn frægan« og eru landbændum og búnaði í flestum tilfellum hagfeldari og uppbyggilegri en lausafólk, yfirleitt ráðdeildarsamara og samheldnara á eigum sínum, en lausamennirnir, sem almennast eiga aldrei neitt til og eru landsins mestu óreiðumenn. Eg er svo mikill hjúa- og sanngirnisvinur, að þessari breyting um kosningarréttinn er eg eindregið á móti og vona að meiri hluti háttv. þingmanna verði mér samdóma, þegar til atkv.gr. kemur.

Forseti (H. Þ.): Út af ummælum háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) um innanþingsskrifarana, að það hefði gengið nokkuð seint með að skrifa ræður þingmanna, skal eg játa, að svo hefir að vísu verið. En það hefir verið svo óvenjulega mikið að gera fyrir skrifarana á þessu þingi, að þeim er nokkur vorkunn. En eg hefi samt ekki viljað bæta við tveimur, því að hér í Nd. hafa aldrei verið fleiri en 8 skrifarar. En annars heyrir umsjón með skrifurunum nánast undir skrifstofuna og henni hefir verið fyrirskipað að setja skrifurunum strangari reglur, en áður hefir verið venja til, og hafa þær ráðstafanir þegar haft góðan árangur.

Þegar hér var komið, kom fram tillaga um að slíta umr., þegar þeir hefðu talað, sem þegar höfðu beðið sér hljóðs. Þessi tillaga var samþykt með 14 atkvæðum.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg skal að eins vekja athygli á fáeinum ummælum hv. þingmanna. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það væri betra að þingið væri þannig samsett, að fyrir gæti komið, að það samþykti vanhugsuð lög, heldur en það tefði fyrir áhugamálum þjóðarinnar. Eg held eg hafi tekið rétt eftir þessu. Hann sagði þetta skýrt og blátt áfram, eins og hans er vandi. En hér er eg alveg á gagnstæðri skoðun, og eg hygg, að margir séu mér þar sammála. Eg álít, að það sé heppilegast, að þingið sé þannig skipað, að sem mest trygging sé fyrir því, að það hlaupi ekki í gönur, jafnvel þótt það geti kom-

ið fyrir, að það tefji fyrir málum. Og á þessum grundvelli var bygt frumv. það, sem eg og hv. samþingism. minn (J. Ól.) komum fram með í þingbyrjun. Þarna hefir hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) einmitt í raun og veru tekið glögt fram það, sem veldur aðalágreiningnum um málið, og það er þessi aðalágreiningur, sem veldur hinum mismunandi skoðun um um deildarskipun þingsins, og það er hann, sem ætti að leggja hreint og blekkingalaust fyrir kjósendum, svo að þeir geti úr því skorið, hvor stefnan er hyggilegri. Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og þeim, er honum fylgja að málum í þessu, hefir því miður tekist að raska þessum grundvelli allmjög frá því sem hann var í frv. okkar í fyrstu, svo að eg tel frv. miklum mun verra nú en það var þá, þótt ekki hafi þeim enn tekist að kippa honum burt með öllu, eins og þeir hafa reynt hvað eftir annað og eru að reyna enn.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði sína skoðun á skiftingu þingsins og á kosningarréttinum. Hann áleit að hagfeldast væri að hafa þingið óskift og að kosið væri sem oftast, hvað oft talaði hann ekki um. Eg er mjög á annari skoðun um þetta, og eg held fast við það, að till. okkar hafi verið betri en alt sem nú er búið að setja í staðinn. Við vildum láta kjósa alla efrideildarmenn með hlutfallskosningum um land alt, þriðjunginn 4. hvert ár. Sú röskun, sem hefir verið gerð á þessu, álít eg að sé mjög til spillis.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um hina afturhaldssömu efri deild, sem mundi tefja fyrir málunum, gætandi ekki þess, fremur en aðrir, að hún er kosin af hinum sömu kjósendum. Hann áleit, að þjóðin mundi telja það mikilsverðara atriði heldur en að fá þessa miklu rýmkun á kosningarréttinum, sem hér er gert ráð fyrir. Mér þótti vænt um að heyra hann segja þetta. Eg var á dögunum að reyna að benda á það samband, sem er á milli kosningarréttarins og deildaskipunarinnar; en eg varð ekki var við, að neinn gæfi því gaum. En nú sé eg, að hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) skilur þetta, og er mér það gleði. Væri kosningarrétturinn ekki rýmkaður svo mjög, sem hér er gert, þá væri miklu minni vandi að skipa deildunum, og þá hefði eg líklega getað felt mig við einhverja af þeim till., sem fram hafa komið. En með þessum takmarkalausa kosningarrétti er hrein lífsnauðsyn að hafa einhversstaðar í stjórnarkerfinu eitthvað það, sem geti aftrað stærstu og vanhugsuðustu gönuhlaupunum, og til þess ætluðum við efri deild.

Nú er þessu, eins og eg sagði, talsvert raskað og breytt til hins lakara, og enn eru gerðar alvarlegar tilraunir til að kollvarpa því með öllu. Eg vil nú áður en eg sest niður gefa þá yfirlýsing, að fari nú svo við atkvæðagreiðsluna, að skipun Ed. verði gerð enn fjær því, er við upphaflega lögðum til, þá finn eg mér skylt að greiða atkv. á móti málinu. Eg mun gera það með góðri samvizku og góðri von, þeirri góðu von, að næsta þing verði ekki lakar skipað til að ráða fram úr þessu merkilega máli.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eins og kunnugt er, er aðalágreiningurinn í þessu máli um skipun efri deildar. Aðrir vilja, að deildin sé svo skipuð, að engin hætta sé á að hún tálmi um skör fram framgangi áhugamála þjóðarinnar og verði í sem mestu samræmi og samvinnu við neðri deild. Hinir vilja og telja nauðsynlegt að hafa þar stöðvunarafl, íhald, er komi í veg fyrir að þjóð og þing hlaupi á sig í löggjafarmálum, vilja heldur að málum verði skotið á frest en eiga það á hættu, að þingið geri gönuhlaup. Hér er því að

ræða um verulegan stefnumun: framsókn annars vegar, en íhald hins vegar. Hvorirtveggja hafa mikið til síns máls. En mikil áhrif mun það hafa á gang málanna framvegis, hvor þessi stefna verður ofan á.

Eg hallast eindregið að skoðun þeirra manna, sem vilja að efri deild sé frjálslega skipuð. Allir voru orðnir dauðþreyttir á lagasynjunum meðan dómsmálaráðherrann danski var ráðherra Íslands. Og að kjósa efrideildarþingmenn hlutfallskosningum um land alt til 12 ára í senn, hvort sem þing er rofið eða ekki á því tímabili, gæti leitt til einræðis í deildinni og gerræðis við neðri deild um ýms mikilsvarðandi þjóðmál. Það er því hætta á, að mörg góð mál og þjóðleg yrðu dauðadæmd í efri deild, auk þess sem slík skipun deildarinnar gæti orðið til ills, þegar um stjórnarskifti væri að ræða.

Hins vegar held eg menn geri of mikið úr kostunum, t. d. því, að deildarmenn verði viðsýnni, lausir við hreppapólitík og hlutdrægni. Eg held nú, að hreppapólitíkin verði ekki útilokuð með neinu kosningafyrirkomulagi. Þetta fer aðallega eftir hugarfari og hugsunarhætti þingmanna. Það þekkjum við af reynslunni. Og við skulum segja að það komi í ljós, að eitt eða tvö kjördæmi hafi með einróma fylgi komið þingmanni að til efri deildar. Mundu þau kjördæmi þá ekki þykjast eiga heimtingu á fylgi þingmannsins við áhugamál sín? Auk þess vitum við, að þingmenn draga fremur taum þeirra héraðanna, sem þeir eru búsettir í, hvernig sem þeir eru kosnir. Nei, hugsunarháttur manna þarf að breytast, til þess að hreppapólitíkin hverfi.

Eg get ekki að því gert, að mér stendur stuggur af þessu stöðvunarafli efri deildar, sem háttv. þingmenn eru að tala um. Eg vil þó hafa þingið í tveimur deildum, hygg að málin verði betur athuguð þannig en í einni málstofu. En eg vil hafa báðar deildirnar frjálslega skipaðar. Breyt.till. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) o. fl. eru miðlunarvegur í þessu máli, og virðist mér báðir málsaðilar ættu að taka höndum saman um þær til samkomulags. Eg á við að 7 þingm. séu kosnir hlutfallskosningum um land alt til efri deildar, en 7 velji neðri deild úr sínum hóp, kosnum í kjördæmum út um land, og svo, að kjörtímabilið sé 6 ár. Eg býst ekki við að geta greitt atkvæði með þessu máli, ef tillögur þessar falla, og svo mun vera um fleiri þm. Neita eg því þó harðlega, að hér ráði nokkur undirhyggja, heldur er það kjarni málsins.

Mig furðar, að meiri hl. nefndarinnar skyldi gugna svo fyrir háttv. efri deild og fallast á að útiloka vinnuhjú frá kosningarrétti. Þeir, sem nokkuð þekkja til um hjúahald, ættu að sjá, að hjúin þurfa ekki annað en fara í lausamensku til að öðlast kosningarrétt, enda mundu þau ekki spara það. En þá er það augljóst, hve sanngjarnt það er af þinginu og holt fyrir þjóðina að þvinga menn þannig óbeinlínis út í lausamensku. Þetta er svo einfalt mál, að út í það þarf ekki að fara frekar. Eg er alveg hissa á efri deild í þessu efni.

Bjarni Jónsson: Eg vildi lýsa því yfir, að þinghald og háskólahald kemur í bága hvort við annað. *(Framsögum:* Hvernig í vetur?) Það getur gengið eitt ár, þó að það gangi ekki í 50 ár. Þetta er bara gert til að skapa grímu. Einn þm. sagði, að hitinn hefði skaðleg áhrif, en hefir hann þá ekki athugað kuldann.

Þá vil eg víkja að vinnuhjúa kosningarréttinum. Eg skil ekki ástæður þeirra, og kæri mig ekki um að heyra þær meira útlistaðar. Þetta er hneyksli eins og eg sagði áðan.

1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði rétt um í hverju skoðanir okkar lægju. Eg er í engum efa um, að rétt væri að kosið væri 2. eða 3. hvert ár. Það mundi þroska þjóðina, að koma sem oftast að kosningaborðinu. En ilt er að hafa kosningar að eins 5. eða 6. hvert ár, því að þjóðin mundi þá ekki fá næga æfingu.

Annað er það líka, sem við erum ósammála um, og það er rýmkun kosningarréttarins. Hann segir að hún muni koma öllu á ringulreið, en vill hafa deildarskipuninа sem mótvog. En nú er þess að gæta, að þar sem konum er gefinn kosningarréttur, að konur eru íhaldssamari og er því engin hætta á hvirfilbyljum. Tilfinningar þeirra eru stöðugri, það er sögunnar kenning.

Eg vil því lýsa yfir eins og hann, að ef þessar litlu breytingar okkar ná ekki fram að ganga, þá verð eg á móti málinu. Eg hefi eins góða von á því, að á næsta þingi sitji ekki óvitrari menn en nú og að ekki verði meira vagl á sálarsýn þeirra en hinna, sem eg á nú í höggi við.

ATKV.GR.:

Brtill. 853, 1. tekin aftur.

— 860, 1.—2. sþ. án atkv.gr.

— 860, 4. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Benedikt Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.	Björn Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Ólafur Briem,	Hálfd. Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen.
	Þorleifur Jónsson.

Brtill. 860, 3. þar með fallin.

— 860, 5. þar með fallin (nema síðasta málsgr.).

— 860, 16. þar með fallin.

— 874, 1. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 874, 2.—3. þar með fallnar

— 861, 1. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,

Brtill. 861, 2—4. þar með fallnar.

— 861, 5. feld með 12 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson.
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Einar Jónsson, greiddi ekki atkv.

Brtill. 861, 6—8. þar með fallnar.

— 861, 9 við 11. gr. feld með 13 : 11 atkv.

— 867. fallin með áður framfarinni atkv.gr.

— 861, 10. sþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Þar með feld burt 6. brtill. á þgskj. 860 um sama efni.

Brtill. 861, 11. feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,

Þrír þingmenn greiddu ekki atkvæði, og voru því taldir með meiri hlutanum.

Brtill. 860, 7. (fyrri liður) sþ. án atkv.gr.

Brtill. 860. (síðari liður) sþ. með 13 shlj. atkv.

— 861, 12, sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Brtill. 837, við 13. gr. sþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Þorl. Jónsson.
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	

Já:	*Nei:*
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

1 þingm. greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hl.

Brtill. 860, 8. feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,[1]
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-Múl.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Einar Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Hálfdan Guðjónsson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Ólafsson,
Sig. Sigurðsson.	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

9. brt. 860. sþ. með 19 atkv.
10. — 860. sþ. án atkv.gr.
2. — 853. sþ. án atkv.gr.
11. — 860. sþ. án atkv.gr.
14. — 861. sþ. með 13 : 6 atkv.
12. — 860. sþ. án atkvgr.
13. brt. 860 sþ. án atkvgr.
14. brt. 860 sþ. án atkvgr.

Brtill. 861, 18. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónson.

3 þingmenn greiddu ekki atkvæði og voru taldir með meiri hlutanum.

Brt. 15 (860) við 20. gr. sþ. með 14 atkv. shlj.
— 16 (860) áður fallin.
— 17 (860) sþ. án atkvgr.
— 16 (861) við 23. gr. sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl.	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Brt. 18 (860) þar með fallin.
— 17 (861) áður fallin.
— 18 (861) áður fallin.
— 20 (860) = brt. 19 (861) sþ. með 20 shlj. atkv.

Frv. þannig breytt samþykt með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl.

Já:	*Nei:*
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Frumv. endursent Ed.

Tollagabreyting.

FRUMVARP til laga um breytingu á tollögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901; (stj.-frv. A. bls. 66). Fyrsta umr. 18. febr.

Ráðherrann (B. J.): Það, sem um þetta frumvarp er að segja frá stjórnarinnar hálfu, er flest tekið fram í athugasemdunum við frv., enda mun flestum virðulegum þm. það kunnugt úr álitsskjali skattanefndarinnar, og tel eg því óþarft að fara um það fleiri orðum að svo stöddu.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Með því að eg tel sjálfsagt, að nefnd verði sett í þetta mál, skal eg leyfa mér að stinga upp á, að 7 menn verði kosnir í nefndina, því að búast má við, að fleiri skyldum málum verði vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.:

Samþ. í einu hljóði að kjósa 7 manna nefnd í málið. Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Jónsson S.Múl.,
Benedikt Sveinsson,
Jón Sigurðsson.

Fyrstu umr. frestað.

Í nefndinni var Ólafur Briem valinn formaður og framsögumaður, en Jón Jónsson S.-Múl. skrifari.

Framh. 1. umr., 10. apríl (stj.fr. A. bls. 66, n. 463).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þetta frumv. inniheldur ekki miklar breytingar frá gildandi lögum, og sérstaklega ekki hvað tollupphæðina á hverri einstakri vörutegund snertir. Það hefir því ekki í för með sér neinn verulegan tekjuauka fyrir landssjóð. En nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að breyta því svo, að það gæfi af sér nokkrar auknar tekjur fyrir landssjóðinn. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú, að þingið hefir ekki hreyft við tillögum milliþinganefndarinnar í skattamálum um ýmsan tekjuauka, svo sem lögleiðing fasteignaskatts og eignaskatts af skuldlausri eign og hækkun á tekjuskatti, sem átti að gefa af sér alt að 100 þús. kr. tekjuauka. Ekki hefir heldur verið lagt fyrir þingið frumvarp til laga um stimpilgjald, sem milliþinganefndin áætlaði 30 þús. kr. Ennfremur hefir háttv. deild skilið öðruvísi við frv. um aukatekjur, en gert var ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu, þar sem feld hefir verið niður 70. gr., er hafði inni að halda bráðabirgðafyrirmæli um það, að þar til lög um stimpilgjald koma í gildi, skuli innheimta gjöld þau fyrir þinglestur og vottorð, er nefnd eru í 3. kap. frumv. að viðbættum 50 af hundraði. Tekjuaukinn af því frv. verður því minni en stjórnin hefir gert ráð fyrir. Þetta þótti nefndinni ótækt og hefir því komið fram með tvær aðalbreytingartillögur við tollagafrumvarpið. Fyrri breyt.till. er sú,

að fjölga þeim vörutegundum, sem tollur er lagður á. Nefndin leggur því til, að tollur verði lagður á óáfenga drykki. Það hefir oft verið hugsað um að leggja toll á þá, en hefir ekki verið framkvæmt ennþá. Þá er aðflutningsbannslögin öðlast gildi, mun innflutningur á þessum drykkjum aukast, og því mun þetta verða talsverður tekjuauki fyrir landssjóð. Þessir drykkir eru eingöngu til sælgætis og geta því eins borið toll og aðrar munaðarvörur. Hin breytingartillaga nefndarinnar er sú, að hækka kaffi- og sykurtollinn. Getur verið, að þetta þyki nokkuð djarft, þar sem þessu hefir verið mótmælt á þingmálafundum. Þetta er ekki gert beinlínis til þess að fylla skarð bannlaganna, til þess þyrfti sykurtollurinn að hækka upp í 10 au. fyrir hvert pund og kaffitollurinn upp í 20 au. fyrir hvert pund. En nefndin fer aðeins fram á, að sykurtollurinn verði hækkaður um 1 eyri fyrir hvert pd. uppí $7^1/_2$ eyri af pundi eða 15 aura fyrir kílógram, og kaffitollurinn um 2 aura fyrir hvert pd. upp í 15 a. pd. eða 30 a. fyrir kílógram. Vona eg að háttv. deild skiljist að hér er hóflega í sakirnar farið, og að þessi tollhækkun geti ekki verið minni, úr því að hún er nokkur á annað borð. Eg treysti því að jafnvel þeir háttv. þm., sem eru á móti mikilli tollhækkun á umræddum vörutegundum, verði þó ekki mótfallnir þessari litlu hækkun.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 18. apríl (stj.frv. A. bls. 66, n. 463, 646, 653).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir gert nokkrar brtill. við þetta frv., eins og það lá fyrir frá stjórninni. Brtill. fara í þá átt, sumpart að hækka toll á þeim vörum, sem þegar eru tollskyldar, sumpart að taka upp nýja tollstofna og nefndin leyfir sér að stinga upp á tolli á óáfengum drykkjum. Milliþinganefndin í skattamálum hafði einnig lagt það til, að tollur væri lagður á þessa vöru, en stjórnin hafði ekki tekið það til greina í frumv. sínu, sumpart vegna þess að slíkur tollur yrði að skoðast sem verndartollur fyrir innlenda framleiðslu, sumpart af því, að það mundi hindra aðflutning vörunnar og því ekki verða neinn verulegur tekjuauki fyrir landssjóðinn. Að því er snertir þá ástæðu, að hér verði um verndartoll að ræða, þá er hún ekki mikilsverð, því að hér á landi mun enginn óáfengur drykkur vera tilbúinn, nema sódavatn, og nefndin hefir ekki þar stungið uppá nema 2 aura tolli af hverjum lítra. Þetta er svo lág upphæð, að hún getur alls ekki orðið til þess að skapa verndartoll, en hér getur þó verið um nokkrar tekjur fyrir landssjóð að ræða. Að öðru leyti hefir nefndin skift hinum óáfengu drykkjum í tvo flokka. Af vörum þeim, sem undir fyrri flokkinn heyra skal gjalda 10 aura toll af hverjum lítra. Undir þennan flokk heyra límonaði og aðrir samskonar óáfengir drykkir, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkju. Undir hinn flokkinn, sem á að tollast með 50 aurum af lítra, heyra óáfeng ávaxtavín og önnur óáfeng drykkjarföng, sem ekki eru talin í öðrum liðum.

Að því er snertir hækkun á tolli af þeim vörum, sem þegar eru tollaðar, þá hefir nefndin stungið upp á tollhækkun á kaffi, sykri og kakaó. Kaffitollinn, sem nú er 13 aurar af pundi, eða 26 aurar af tvípundi, vill nefndin færa upp í 30 aura af tvípundi. Sykurtollinn vill hún færa úr $6^1/_2$ eyri upp í $7^1/_2$ eyri af pundi eða 15 aura af tvípundi; af brendu kaffi, sem nú er tollað með 36 aurum af tvípundi, vill nefndin að tollurinn verði 40 af tvípundi. Þessi hækkun á kaffi- og sykurtollinum er einungis

gerð í því skyni að afla landssjóði tekna. Raunar er á ferðinni hér í deildinni annað frumv., um farmgjald af aðfluttum vörum, sem eykur talsvert tekjurnar, ef það verður að lögum, en það er enn þá skamt á veg komið og óvíst hvernig því reiðir af, enda er það í sérstökum tilgangi komið fram, nfl. til þess að jafna upp víntollinn, sem fellur burtu að mestu, ef bannlögin koma til framkvæmda. Tekjuaukinn af þessu frumv., sem nú er til umr. mun nema alls 60—70 þús. kr., sem sé 20 þús. kr. af kaffitollinum, 40 þús. kr. af sykurtollinum og alt að 10 þús. kr. af hinum nýju tollum. Þessi áætlun mun vera nokkurnveginn ábyggileg, því að kaffi- og sykurtollur hefir altaf verið áreiðanlegur og stöðugur tekjustofn. Sykurs neyta allir, og fjöldinn allur kaffis. Tollurinn kemur að því leyti jafnt niður, að hann skiftist milli allra manna og stétta í landinu. Þess verður að gæta eftir megni, þegar svona tollar eru lagðir á, að þeir verði ekki mjög tilfinnanlegir, og það hygg eg ekki að verði, þótt till. nefndarinnar fái framgang. Hækkunin er ekki svo veruleg, að fólkið verði mikið vart við hana. Verðmunurinn vegna þessarar hækkunar verður svo lítill, að hans verður ekki vart, einkum vegna þess, að kaffi og sykurverðið breytist frá ári til árs, eftir hinu almenna markaðsverði, og þær breytingar hafa mikið meiri áhrif á útsöluverðið en þessi litla tollhækkun. Það er heldur ekki hægt að segja, að tollur þessi sé mjög hár, ef hann er borinn saman við toll á sömu vörum í öðrum löndum fyrir utan Danmörku. Sykurtollurinn er nú sem stendur:

Í Þýzkalandi .	8½	eyrir	af pd.
- Noregi	10	au.	— —
- Frakklandi .	12	—	— —
- Sviþjóð . . .	15½	—	— —
I Austurriki . .	15½	eyrir	af pd.
- Hollandi . . .	19	au.	af pundi.

Kaffitollurinn er svo sem hér segir:

Í Sviþjóð	6	au.	af pd.
- Noregi	15	—	— —
- Rússlandi . . .	25	—	— —
- Austurriki . . .	35	—	— —
- Frakklandi . .	50	—	— —
- Ítalíu	50	—	— —

Það sést því ljóslega á þessu yfirliti, að tollurinn er ekki ýkjahár hjá okkur í samanburði við samskonar toll hjá öðrum þjóðum. Raunar er þetta ekki neinn mælikvarði fyrir okkur, en getur þó verið gott að hafa það til hliðsjónar.

Þá hefir nefndin komið fram með brt. á þgskj. 653, um að undanþága sú frá tolli, er snertir tóbak til fjárböðunar og sem stjórnarfrv. hefir haldið, falli burt. Ástæða nefndarinnar fyrir þessari brt. er fyrst og fremst sú, að óhentugt er að hafa slíkar undanþágur í tollögum og naumast gerlegt, nema brýn ástæða sé fyrir hendi. En nefndin verður að líta svo á, að slík ástæða sé hér ekki nú, þótt hún hafi verið fyrir nokkrum árum, þegar eingöngu tóbak var notað sem baðlyf. Nú álítur dýralæknirinn hér í Reykjavík, að tóbak sé óhentugra í meðferðinni en ýms önnur baðlyf, enda mikið dýrara en sum önnur, sem eins heppileg munu vera. Það er engin ástæða til þess að rengja orð dýralæknisins í þessu efni, og því ekki rétt að vera að vernda þetta sérstaka baðlyf.

Enn hefir nefndin leyft sér að koma fram með aðra brtill. á þgskj. 653. Í núgildandi lögum er þeirri reglu haldið, að ei skuli reikna toll í brotum, heldur verði brot, sem nemur einum hálfum eða meiru hækkuð upp í heilan og brot, sem ekki nemur hálfum falli burt. Stj.-frumv. hefir ekki haldið þessari reglu, en vill að brotin séu talin nákvæmlega, hversu smá sem eru. Nefndin álítur,

að óþarfi sé að vera að reikna toll út í smábrotum og vill því halda þeirri reglu, sem fylgt er í núgildandi lögum. Þó hlýtur að leiða af því, að tolleiningin á sumum vörum er tvöfölduð, að reikna verður með brotinu $^1/_2$ og hefir nefndin því lagt til, að því er þær vörur snertir, að brotið $^3/_4$ og þar yfir teljist sem heil tolleining, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem hálf, en minna broti sé slept.

Þá er brtill. nefndarinnar á þgskj. 646 viðvikjandi skipsforða. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að eigi skuli greiða toll af vörum, sem ætlaðar eru skipverjum eða farþegum til neyzlu, en jafnframt, að forðinn skuli eigi vera stærri en ætla megi, að nægilegt sé og það lagt undir ákvörðun lögreglustjóra, án þess þó að honum sé gert að skyldu að rannsaka skipsforðann. Af þessu ákvæði hefir það leitt, að brytar hafa oft flutt með sér meira af tollskyldum vörum en þörf var á og selt þær hér við land. Það hefir sannast nokkrum sinnum, en auðvitað eru þau tilfellin fæst, þar sem það kemst upp. Nefndin hefir því lagt það til, að lögreglustjóra sé gert að skyldu að rannsaka skipsforðann í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Reynist svo, að skipsforðinn eða aðrar birgðir sé meiri en þörf er á, þá skal tollur greiddur af því sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra.

Fleiri brtill. liggja ekki fyrir og því eigi ástæða til að fara fleirum orðum um frumv. fyr en eg heyri einhverjum mótbárum hreyft.

Pétur Jónsson: Það er að eins dálítil athugasemd út af breyt.till. nefndarinnar um að fella burt undanþágu á tolli af tóbaksblöðum, sem notuð eru til sauðfjárböðunar. Stjórnarfrumv., sem vill halda þessari nndanþágu hefir orðað greinina nokkuð óheppilega. Það hefði verið nauðsynlegt, að ákvæðið næði til tóbaksblaða, sem notuð verða til lækninga yfirleitt á kvikfénaði. Tóbaksblöðin eru ekki að eins notuð til kláðalækninga, heldur einnig til lækninga á hinni svo nefndu skitupest, sem oft kemur í fé. Það hefir reynst gott meðal við þeim sjúkdómi — eg held einna öruggast af þeim meðulum, sem reynd hafa verið við þessum sjúkdómi, sem getur orðið svo áhrifamikill og skæður, þar sem hann legst á, að það er fullkomlega gaumur að því gefandi. Sjúkdómur þessi hefir áreiðanlega gert eins mikið tjón hér á landi, þar sem hann hefir komið upp og bráðapest, enda þótt hann sé ekki eins almennur. Eg vildi því óska þess, að nefndin tæki þetta til athugunar og breytti greininni svo, að tóbaksblöð skyldu undanþegin tollskyldu, þegar þau væru ætluð til lækninga á kvikfénaði og þannig skyldi farið með söluna á þeim, að ekki væri hægt að misbrúka ákvæði laganna. Menn halda ef til vill, að ekki sé ástæða til þess að undanskilja þessa vöru tollskyldunni, því að ekki muni þurfa svo mikils við, að það verði mönnum verulega dýrt, en þetta er misskilningur, því að þegar pestin kemur upp, duga ekki neinir smáskamtar. Reynslan hefir sýnt, að það þarf ein 4 blöð á hverja kind, og það verður að gefa meðalið inn áður en kindin sýkist til muna og enda öllu fénu til varnar. Það er því sjáanlegt, að þetta hefir mikinn kostnað í för með sér fyrir þá menn, sem fjármargir eru. Þessi skitupest hefir verið rannsökuð af dýralækni og hann hefir talið tóbak bezta meðalið við henni, því að það drepi smáorma í skepnunni, sem sýkinni valda. Eg vil því vona, að nefndin taki þessa athugasemd mína til íhugunar.

Framsögum. (Ólafur Briem): Út af ummælum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skal eg geta þess, að ákvæði í líka

stefnu og hann benti á var tekið upp í tillögum milliþinganefndarinnar í skattamálum. Stjórnin hefir sleppt því í sínu frumv. — mér er ekki kunnugt um af hvaða ástæðu. Nefndin tók þetta atriði því ekki til neinnar sérstakrar íhugunar, en mun gera það nú, er hún hefir heyrt athugasemd háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). En það er vissara fyrir háttv. þm., ef honum er þetta nokkuð kappsmál, að koma með sérstaka breyt.till. við 3. umr. Tillaga í þessa átt lá ekki fyrir nefndinni og kemur athugasemd háttv. þm. því ekki beinlínis við tillögu nefndarinnar, sem að eins snertir toll af tóbaksblöðum, sem notuð væru til böðunar.

Skúli Thoroddsen: Eg vil að eins benda á það, að eg get ekki fylgt nefndinni að máli í tillögum hennar um hækkun á kaffi- og sykurtolli. Þegar þessi hækkun var samþykt fyrir nokkrum árum, var því lofað, að hún skyldi ekki vera nema til skamms tíma — en það loforð hefir ekki verið haldið. Eg get ekki litið öðruvísi á, en hækkun á kaffi- og sykurtolli miði að því að auka gjaldþyngsli á þeim hluta þjóðarinnar, sem sízt skyldi og sízt má við því. Það eru þurrabúðarmenn og sjómenn. Þessi flokkur manna á engan kost á mjólk til viðurværis og verður því kaffi að koma í staðinn fyrir hana. Þurrabúðarmaðurinn verður að nota sykur í staðinn fyrir viðbit, þar sem íslenzkt smjör er mjög dýr vara, og hann verður að sætta sig við misjafnlega gott margarine. Sykurinn er því mjög nauðsynlegur, einkum vegna barnanna. Þegar nú litið er á viðurværi þessara manna: graut, púðursykur, brauð með litlu viðbiti og kaffi, þá er harla óviðfeldið að vera að hækka toll á þeim vörum, sem þeir geta ekki án verið, miklu síður en aðrir. Eg verð því að greiða atkvæði móti þessari till. nefndarinnar, enda sé eg ekki, að eigi sé vel hægt að hafa einhver önnur ráð til að fylla í þessi skörð.

Framsögum. (Ólafur Briem): Þegar rætt er um að hækka tollinn á kaffi og sykri, eru venjulega færðar þær ástæður á móti því, að þetta komi þyngst niður á fátæklingum og þó einkum í sjóplássum. Þetta mun þó liggja meira í því, að þeir hafa meiri þörf fyrir þessar vörur en sveitafólk, sem ekki lifir í þurrabúð. En hins vegar er það mjög óvíst, að fólk í sjóplássum bruki meira af þessum vörum en sveitafókið. Að vísu dettur mér ekki í hug að neita því, að þessar vörur, einkum sykurinn, séu eða megi skoðast sem nauðsynjavörur, meðan þær eru brúkaðar í hófi. En þó er t. d. brúkað hlutfallslega meira af sykri hér en í Noregi og flestum öðrum löndum, svo að ekki er beint hægt að segja, að nærri sé gengið lífsnauðsynjunum að því að hækka tollinn ofurlítið á þeim. Þess ber einnig að gæta, að horfurnar eru öðru vísi nú en áður, þar sem útgjöld landssjóðs hafa aukist. Þess vegna verður að auka tekjurnar, enda þótt slíkt hljóti að koma niður á almenningi. Og þótt tollhækkun á sykri og kaffi hafi verið mótmælt á þingmálafundum, þá hafa mótmælin aðallega verið gegn því, að tollurinn væri hækkaður svo mikið, að hægt væri með því að fylla hið stóra skarð, sem bannlögin höggva í tekjurnar við það, að vínfangatollurinn hverfur að miklu leyti. Þegar á alt er litið, hygg eg ekki, að þessi hóflega hækkun muni valda mikilli óánægju meðal þjóðarinnar eða koma sérlega þungt niður á almenningi.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (463) við 1. gr. sþ. með 19 atkv. shlj.

2. breyt.till. (463) sþ. með 20 atkv. shlj.

3. breyt.till. (463) sþ. með 21 atkv. shlj.

4. breyt.till. (463) sþ. með 14 atkv. shlj.

1. breyt.till. (653) sþ. með 16 : 2 atkv.

2. breyt.till. (653) sþ. með 19 atkv. shlj.

5. breyt.till. (463) sþ. með 18 : 3 atkv.

6. breyt.till. (463) sþ. með 18 : 1 atkv.

7. breyt.till. (463) sþ. með 20 : 3 atkv.

8. breyt.till. (463) sþ. með 20 atkv. shlj.

1. breyt.till. (646) sþ. með 20 atkv. shlj.

2. breyt.till. (646) sþ. með 18 atkv. shlj.

1. gr. þannig breytt sþ. með 20 : 1 atkv.

2., 3, 4., 5., og 6. gr. frv. sþ. með 22 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr., 21. apríl. (A. 658, 664, 666, 672, 688).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir leyft sér að koma fram með nokkrar breyt.till. við frv., eins og það var samþykt hér í deildinni við 2. umr.

Það er fyrst breyt.till. við 3. lið á þgskj. 666, sem miðar að því, að gera gleggri greinarmun á þeim drykkjarföngum, sem heyra undir 3. og 4. lið. Í till. er gerður greinarmunur á þeim drykkjarföngum, sem ekki eru sérstaklega nefnd, eftir því hvort þau eru áfeng eða óáfeng. Ef þau eru óáfeng, heyra þau undir 3. lið með 50 aura toll af lítra, en séu þau áfeng heyra þau undir 4. lið með 1 kr. toll af hverjum lítra. Tillagan er ekki efnisbreyting, en miðar að því að útiloka allan misskilning.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir komið fram með breyt.till. á þgskj. 672 þess efnis, að tollur á sódavatni sé hækkaður úr 2 aurum upp í 3 aura. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu, því að hún vill ekki gefa tilefni til þess, að þessi tollur verði skoðaður sem verndartollur fyrir innlendri sódavatnsgerð. En til þess að varna því má tollurinn alls ekki vera hærri en 2 aurar. Yrði hann færður upp, hlyti það að hafa í för með sér, að sérstakt gjald yrði að leggja á innlenda sódavatnsgerð, en það vill nefndin ekki leggja til að svo komnu. Nefndin var raunar ekki öll á einu máli um þessa tillögu, en meir hl. var mótfallinn henni af þessum ástæðum, sem eg hefi tekið fram.

Þá hefir nefndin komið fram með brt. á þgskj. 664 við seinustu málsgrein 1. gr. frv., liður breytingartillögunnar hljóðar um það, að ef lögreglustjóri, sem á að rannsaka skipsforða, er ekki viðlátinn sjálfur, skuli löggiltur umboðsmaður hans gera það og beri honum þá öll borgun fyrir starfið. Inn í þessa sömu grein leggur nefndin ennfremur til að sett sé það ákvæði, að bryti skipsins skuli skyldur til þess að láta lögreglustjóra eða umboðsmanni hans í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tilskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Nú er að eins skipstjóri skyldur til þess, en til þess að eftirlitið verði enn betur tryggt vill nefndin skylda brytann til þess líka.

Þá er á þgskj. 688 breyt.till. frá h. þm. S.-Þing. (P. J.) um, að tókbaksblöð til lækninga á kvikfénaði skuli undanþegin tollskyldu. Milliþinganefndin í skattamálum hafði áður komið með þessa tillögu, en stjórnin tók hana ekki upp og nefndin sá heldur ekki ástæðu til þess að koma með hana, ekki af því,

að henni virtist tillagan ósanngjörn, heldur vegna þess að hún hélt, að erfitt gæti verið að hafa eftirlit með því, að tóbakið væri ekki notað til annars. En hér er að eins talað um tóbaksblöð, svo að hættan er líklega ekki svo mikil, að ei verði hægt að hafa eftirlit með þessu. Nefndin hefir því að minni hyggju ekkert verulegt á móti því, að breyt.till. verði samþykt.

Pétur Jónsson: Eg gat þess þegar við aðra umr., að eg mundi koma fram með þessa breyt.till. mína, sem er á þgskj. 688. Eg vil vekja athygli háttv. deildar á því, að það er töluverð þörf á, að greitt verði fyrir lækningum á fénaði, þegar faraldssjúkdómar koma upp, en ekki þvert á móti lagðar hindranir í veginn. Það má vel vera, að betra hefði verið að orða þessa breyt.till. nokkuð öðru vísi, en eg hélt, að heppilegast mundi vera að hafa hana í líku formi og tillögu milliþinganefndarinnar í skattamálum. Ef til vill væri líka heppilegt, að stjórnin gæfi út almenn fyrirmæli um, hvernig ákvæði þessu bæri að fylga fram, en mér hefir dottið í hug, að nægilegt mundi vera, til þess að gæta þess, að ekki yrði farið kring um lögin, að sýslumenn hefðu umsjón með innfluttum tóbaksblöðum til lækninga, þannig að þau gengju fyrst í gegnum hendur þeirra, en þeir afhentu þau aftur hreppsnefndum til umsjónar, að sínu leyti eins og hreppsnefndum er trúað fyrir eitri til eyðingar refum. Ef þessu væri svona fyrirkomið hygg eg, að engin hætta verði á, að lögin verði misbrúkuð. Þetta vildi eg að eins taka fram til þess, að menn felli ekki breyt.till. af hræðslu við, að lækningatóbakið verði notað til reykinga. Og eg vil mæla með breyt.till. í þeirri von, að yfirvöldin hafi nægilegt eftirlit með, að ákvæðið verði ekki vanbrúkað.

Sigurður Sigurðsson: Eg á eina breyt.till. við þetta frumv. á þgskj. 672, sem fer að eins fram á það, að tollur á sódavatni verði hækkaður úr 2 aurum upp í 3 aura. Eg hefði helzt kosið, að tollurinn yrði töluvert hærri, en hvarf þó frá því, til þess að gefa mönnum ekki tilefni til að halda, að hér væri um verndartoll að ræða. En þessi hækkun getur ekki haft það í för með sér. Mér hefði falið það vel, ef nefndin hefði séð sér það fært, að leggja líka eitthvert gjald á innlenda sódavatnsgerð, en það hefir hún ekki gert og meðfram af því fór eg ekki fram á meiri tollhækkun. Eg verð að líta svo á, að sódavatn sé »luxus«drykkur, sem menn geti látið vera að drekka. Eg fyrir mitt leyti neyti aldrei sódavatns eða limonaði. Sodavatn er engin nauðsynjavara og sízt þar sem menn eiga kost á góðu vatni, eins og við hér í Reykjavík, síðan við fengum Gvendarbrunnavatnið.

Að því er snertir breyt.till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þgskj. 688 um að tóbaksblöð til lækninga á fénaði skuli undanþegin tollskyldu, þá er eg í vafa um, hvort eg get verið með henni. Að því er mér er kunnugt, þá er notkun tóbaksblaða til fjárböðunar mjög farin að minka. Menn hafa önnur meðul til þess fullt eins góð eða betri, og miklu ódýrari. En þó að tóbak sé einstaka sinnum notað sem meðal við skitupest í sauðfé, þá er sem betur fer slíkur sjúkdómur sjaldgæfur. Auk þess mætti ef til vill nota annað meðal við þeirri veiki, sem gæti jafnast á við tóbaksblöðin. Það er því ekki bein ástæða til að aðhyllast tillöguna.

Pétur Jónsson: Mér þykir leitt, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) skuli ekki vera með tillögunni, því að eg held að honum stæði það þó nærri, helzta ráðunaut búnaðarmálanna. Hann virtist ganga að því vísu, að það væri vegna fjárkláðaböðunar sem þessi hlíf á tóbaks-

blöðum væri ákveðin. En það er eiginlega ekki, svo það er annar sjúkdómur engu óskaðlegri en skitupestin, sem tóbak er nú sannreynt meðal við, enda að ráði dýralæknis. Þessi sjúkdómur er mjög alvarlegur og hefir gert svo mikinn usla, að hann hrekur menn burtu úr héruðum, ef hann kemst í algleyming. Það er kunnugt, að hann hefir verið í Múlasýslum, Þingeyjar-, Árness- og Rangárvallasýslu og víðar. Sauðfé, sem var flutt úr Þingeyjarsýslu suður í Hreppa um 1870, strádrapst úr þessum sjúkdómi, svo hjá sumum var varla urmull eftir. Þetta er því þýðingarmikið mál. Ef tóbak er notað til þess að lækna með skitupest þarf mikið af því, og er lækningin því dýr, ef þessi hái tollur er á tóbakinu.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þgskj. 666 sþ. með 15 atkv. shlj.

2. breyt.till. á þgskj. 666 sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 672 feld með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Björn Kristjánsson,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Hálfd. Guðjónsson,
Þorleifur Jónsson.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Einn þm. greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Breyt.till. á þgskj. 688 sþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Jón Þorkelsson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

1. breyt.till. á þgskj. 664, sþ. með 16 atkv. shlj.

2. breyt.till. á þgskj. 664, sþ. með 18 atkv. shlj.

3. breyt.till. á þgskj. 664 sþ. án atkvgr.

Frumv. sþ. með 21 atkv. shlj. og afgr. til Ed.

Einumr., 8. maí (A. 942).

Framsögum. (Ólafur Briem): Tollaganefndin hefir athugað frumv. þetta. Breytingar þær, sem efri deild hefir gert á því eru að eins orðabreytingar. Í staðinn fyrir orðið »tvípund« vill hún nota *kílógram*, og í staðinn fyrir »mæli« komi *lítri*. Breytingar þessar eru þess eðlis, að eg hygg, að frumv. geti ekki strandað á þeim hér í deildinni, heldur verði nú samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

Aukatekjur landssjóðs.

FRUMVARP til laga um aukatekjur landssjóðs. Fyrsta umr., 18. febr. (Stj.frv. A. bls. 191).

Ráðherrann (B. J.): Það er sama að segja um þetta frv. sem næsta frv. á undan (frv. um erfðafjárskatt), að það er tekið upp úr tillögum skattanefndarinnar.

Sigurður Gunnarsson: Eg legg til, að frv. sé vísað til tolllaganefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til tolllaganefndar í einu hlj. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 14. marz (A. bls. 191, n. 152).

ATKV.GR.:

Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 16. marz (A. bls. 191, n. 152, 206).

Framsögum. (Ólafur Briem): Enda þótt breytingartill. nefndarinnar séu nokkuð margar, 28 alls, er að eins rúmur helmingur efnisbreytingar og fæstar mjög stórvægilegar.

Fyrsta verulega efnisbreytingin er við 14. gr. og miðar að því, að koma meiri jöfnuði á um gjald fyrir fógetagerðir og felur í sér nokkra hækkun. Sama má að nokkru leyti segja um brtill. við 24. gr. um þinglýsingar; aðaltilgangurinn með henni er að gera ákvæðin styttri og einfaldari, en nokkra verulega hækkun felur hún ekki í sér. Veruleg hækkun er að eins á gjaldi fyrir veðbókarvottorð, samkvæmt 28. gr., 2 kr. fyrir 1 kr., sem áður var. Samræmisins vegna áleit nefndin rétt, að þetta gjald væri hækkað, enda er fyrirhöfnin talsverð við að rannsaka eignarheimildir manna og veðsetningar samkvæmt afsals- og viðbréfabókunum og mjög áríðandi að vottorðin séu rétt. Verulegum breytingum á frumv. stingur nefndin upp á við 5. kafla um gjöld fyrir uppboðsgerðir. Þar leggur nefndin til, að almenn uppboðslaun samkvæmt 35. gr. verði hækkuð um $^1/_5$, úr 4 upp í 5 af hundraði. Þetta álítur nefndin ekkert varhugavert og í samræmi við annað, því að þótt gjald þetta hafi haldist óbreytt frá því, sem það var upphaflega ákveðið í aukatekjureglugerð 10. sept. 1830, þá er það nú í raun réttri lægra, þegar tillit er tekið til þess, hversu peningar hafa lækkað í verði á þeim 80 árum, sem síðan eru liðin. Sömuleiðis er dálítil hækkun í 46. gr. fyrir afsögn á víxli.

Aðalbreyt.till., sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með, er sú, að 70. gr. frumvarpsins falli burt. Í téðri gr. eru bráðabirgðafyrirmæli um það, að þar til lög um stimpilgjald koma í gildi, skuli innheimta gjöld þau fyrir þinglestur og vottorð, er nefnd eru í 3. kafla laganna, að viðbættum 50 af hundraði, þó svo, að þar með teljist þó ekki gjöld fyrir afmáun og aflýsing. Með þessu ákvæði er beint gert ráð fyrir því, að stimpilgjald verði leitt í lög, en gagnvart því vildi nefndin ekki að svo stöddu taka neina afstöðu.

Það þykir nú máske fljótráðið að fella niður þessa 70. gr. svo framarlega sem hægt verður á sínum tíma að lögleiða stimpilgjald hér, enda höfðu sumir nefndarmenn ekkert á móti því að hækka til bráðabirgða þinglýsingargjöld af skjölum og því um líku, sem stimpilgjald kynni síðar að verða lagt á. Þessa vil eg geta til nánari athugunar við 3. umr.

Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 206, sem miðar að því að fella aftan af 55. gr. síðasta liðinn, vil eg geta þess, að afleiðingin af því að þessi liður yrði feldur burt, yrði sú, að skip frá öðrum löndum í veldi Danakonungs, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, sem að-

allega eru færeysk fiskiskip, slyppu við gjald það, sem þar er um rætt, 25 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á. Eg býst samt ekki við, að það hafi verið meining hins háttvirta flutningsmanns. En eins og breyt.till. liggur fyrir, leggur nefndin á móti henni, ef hún verður ekki tekin aftur, en er fús til að bera sig saman við flutnm. um hana til 3. umr.

Bjarni Jónsson: Af því að eg hafði ekki athugað nægilega frumv., er eg kom með þessa breyt.till. (þgskj. 206), tek eg hana aftur nú í því skyni að breyta henni í samráði við nefndina.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 19 shlj. atkv.

1. breyt.till. (152) við 2. gr. sþ. án atkv.

2. breyt.till. (152) við 2. gr. sþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

3. og 4. grein sþ. með 17 shlj. atkv.

3. breyt.till. við 5. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

5. og 6. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

4. breyt.till. við 7. og 8. gr. talin sþ. án atkv.gr.

7. og 8. grein sþ. með 16 samhlj. atkv.

5. breyt.till. við 9. gr. talin sþ. án atkv.gr.

9. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

6. breyt.till. við 10. gr. talin sþ. án atkv.gr.

10. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

11.—13. greiń sþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. (152) 7. við 14. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

14. grein þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

15.—18. grein sþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. (152) 8. við 19. gr. sþ. án atkv.

19. gr. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

20.—23. grein sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 9. við 24. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 10. við 24. gr. sþ. án atkv.gr.

24. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

25.—26. grein sþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. (152) 11. við 27. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

27. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 12. við 28. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

28. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

29.—30. grein sþ. með 20 samhlj. atkv.

31.—32. grein sþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. (152) 13. við 33. gr. sþ. án atkv.gr.

33. gr. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

34. grein sþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 14. við 35. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

35. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 15. við 36. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

36. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 16. við 37. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

37. og 38. grein sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 17. við 39. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

39. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

40.—42. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 18. við 43. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

43. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 19. við 44. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

44. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

45. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 20. við 46. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

46. gr. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkv.

47. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 21. við 48. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

48. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

49. og 50. grein sþ. með 18 shlj. atkv.

51. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 22. við 52. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

52. gr. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 23. við 53. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

53. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 24. við 54. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

54. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 25. við 55. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

55. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

56.—60. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

61.—65. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 26. við 66. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

67. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 27. við 68. gr. sþ. með 18. shlj. atkv.

68. gr. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

69. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. (152) 28. við 70. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

71. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv. shlj.

Þriðja umr., 18. marz (A. 222).

Forseti: Þess hefir verið óskað, að þetta mál verði tekið út af dagskrá, og verður það gert, og næsta mál tekið fyrir.

Þriðja umr., 21. marz (A. 222, 252).

Framsögum. (Ólafur Briem): Sú eina brtil., sem fram hefir komið, er á þskj. 252 og fer fram á það að fella aftan af 55. gr. það ákvæði, að af skipum frá öðrum löndum í veldi Danakonungs, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skuli gjalda 25 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

Afleiðingin af því, að þetta ákvæði félli burt hlýtur að verða annað hvort sú, að þessi skip, sem aðallega eru færeysk fiskiskip, sleppa alveg við að greiða nokkurt gjald, ellegar að þau verður að heimfæra undir lög um fiskiveiðar útlendinga frá 17. desember 1875 og afgreiðslugjald að greiðast eftir 1. gr. laga 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta o. fl. Í þessum lögum er ákveðið, að útlend skip, þar með er átt við skip, sem koma frá öðrum löndum en Danmörku og Færeyjum, skuli gjalda 10 au. í afgreiðslu-

gjald af hverri smálest í hvert skifti, sem þau koma frá útlöndum, og 5 au., þegar þau koma á aðrar hafnir í sömu ferð, og þetta gjald rennur til lögreglustjóra eða skiftist jafnt milli lögreglustjóra og hreppstjóra, ef hreppstjóri skoðar skipsskjölin fyrir hönd sýslumanns. En hvor sem afleiðing breytingarinnar yrði, þá er nefndin brtill. mótfallin. En eftir því sem nefndinni hefir skilist á flutningsm., þá hefir það ekki verið ætlun hans að raska efni greinarinnar heldur aðeins bæta orðalagið. En nú er þetta ekkert nýtt. Þetta orðalag hefir áður verið haft í mörgum íslenzkum lögum og nefndin á ekki sök á því, þótt það sé ekki sem viðfeldnast. Af þessari ástæðu getur nefndin ekki aðhylst brtill.

Bjarni Jónsson: Það er rétt hjá h. framsm. (Ó. Br.), að það er ekkert að alatriði í mínum augum, hvar þetta gjald kemur niður, eða hvort miðað er við 25 eða 10 aura, heldur er það hitt, að ekki standi í lögunum þetta ákvæði um þessa tegund útlendra skipa, því að þótt landssjóður misti af þessum tekjum, þá eru þau skip ekki svo mörg, að það muni miklu.

Þá er það annað atriði, að ekki er vanþörf á að breyta um orðalag eldri laganna, þar sem talað er um »skip frá konungsríkinu«, og er »skip frá öðrum löndum í veldi Danakonungs« heldur til bóta. En betur má, ef duga skal. Eg vil að hvergi sjáist í okkar lögum, að gerður sé greinarmunur á því, sem einu nafni eiga að heita og eru útlönd. Ef þetta ákvæði er felt aftan af, þá koma þessi skip inn undir lögin 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna 1. gr., eins og hver önnur útlend skip, og »útlend« þýðir þá ekkert annað en »frá öðrum löndum en Íslandi«. Eg býst ekki við að nokkur vilji standa upp og andmæla því, að útlönd séu kölluð hvar sem er í veröldinni utan Íslands. Og þar sem féð, sem hér er um að ræða, dregur landssjóð sama sem ekki neitt, og þar sem hins vegar er farið fram á, að forðast leiðinleg og skökk orðatiltæki, þá vænti eg að háttv. deild samþykki þessa brtill. mína og sezt niður.

Hannes Hafstein: Eg get ekki séð annað, en að það sé ástæðulaust og ótilhlýðilegt, þetta sem háttv. þm. Dal. (B. J.) var að segja. Hví má ekki nefna »skip frá *öðrum löndum* í veldi Danakonungs?« Vill háttv. þm. neita því, að Ísland sé »í veldi Danakonungs?« Kannast hann ekki við, að Ísland njóti neinna þeirra réttinda í Danaveldi, er neinna þakka sé verð? Það er alls ekki »meinlaust gaman« að vera með þessar sífeldu tituprjónastungur. Víst hlýtur háttv. þm. (B. J.) að vita það, að vér Íslendingar njótum alt annarar aðstöðu í Danmörku, heldur en erlendar þjóðir, einmitt af því, að Ísland er »í veldi Danakonungs«, og höfum vér mjög mikið gagn af því á marga vegu. Ef Ísland væri ekki í »veldi Danakonungs«, þá mundum við, meðal annars, ekki njóta þess tollfrelsis, sem við höfum í Danmörk, auk ýmissa annara hlunninda, sem eg býst við að h. þm. mundi telja oss ranglega svifta, ef Danir tækju þessi hlunnindi frá oss, ef marka má af skoðunum h. þm. um landhelgisvörnina o. fl., sem hann heimtar sem sjálfskyldu af Dönum.

Eg álít, að þessi brtill. sé vanhugsuð, og ekkert annað en barnaskapur og hégómi, og að ekkert sé við hana að gera annað en fella hana sem fyrst.

Bjarni Jónsson: Eg þurfti reyndar ekki yfirlýsingu háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) til þess að vita, hvoru meginn hann væri í þessu máli- Eg sá það á hans fagra brosi, sem færðist yfir and-

litið, þegar eg var að ljúka máli mínu áðan. Það hefðu allir vitað fyrirfram, þótt hann hefði setið kyr.

En hann ætti að vita það, eins og aðrir, að Íslendingar vilja ekki teljast til þess, sem hann vill. Og vér viljum bæði í lagafrv. og alstaðar yfirleitt fylgja fram stefnuskrá vorri, sem er konungssamband eitt, eins og vér höfum rétt til, og þá er ástæðulaust að gera neinar undanþágur um þessi lönd, nema þá eftir sérstökum samningum.

Hvað snertir undanþágur og hlunnindi, sem vér njótum hjá Dönum, þá eru þau alveg þakkarlaus ef mér.

ATKV.GR.

Brtill. á þskj. 252 feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Frumv. í heild sinni samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Erfðafjárskattur.

FRUMVARP til laga um erfðafjárskatt; Fyrsta umr., 18. febr. (stj.frv. A. bls. 205).

Ráðherrann (B. J.): Um þetta frv. má segja nokkuð það sama sem um tollalagafrumv. Það er tekið að mestu úr tillögum skattamálanefndarinnar; hirði eg ekki að eyða fleiri orðum um það að sinni.

Sigurður Gunnarsson: Eg legg til, að frumvarpinu verði vísað til tollalaganefndarinnar.

ATKV.GR.

Frv. vísað til tolllaganefndarinnar með öllum þorra atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 13. marz (stj.frv. A. bls. 205; n. 153).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þetta frumv., sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða frumv. því, sem milliþinganefndin í skattamálum samdi. Aðalbreytingin, sem stjórnin hefir gert á frumv. skattanefndarinnar er, að með vaxandi arfi fari gjaldið hækkandi. Þingnefndin hefir fallist á tillögur stjórnarinnar, en breytt að eins fyrirkomulaginu lítilsháttar, aðallega í þá stefnu, að láta hundraðsgjald af arfi hækka í hlutfalli við upphæð arfsins. Þetta byggist á þeirri meginreglu, sem skylt þykir að leggja til grundvallar í góðri skattalöggjöf, að meiri tekjum fylgi tiltölulega meira gjaldþol. Milliþinganefndin viðurkendi fullkomlega þessa meginreglu, en hún þóttist sjá það í hendi sér, að hér væri um svo lítinn tekjuauka fyrir landssjóð að ræða, að það næmi mjög litlu. En þótt stjórnarfrumv. hafi aðhylst hlutfallslega hækkun á erfðafjárskatti, þá hefir stjórnin þó ekki stigið skrefið til fulls. Það væri eðlileg samkvæmni að láta hækkun hundraðsgjaldsins halda áfram, þangað til skatturinn næmi 100‰ eða með öðrum orðum, að þegar arfurinn hefði náð tilteknu hámarki, hyrfi hann allur í landssjóð. Sérstaklega væri þetta alls ekki neitt óeðlilegt um útarfa, sem ganga til fjarskyldra erfingja. En hér er ekki farið svo langt.

Annað, sem til athugunar hefir komið

í nefndinni er, að lögákveðinn erfðaréttur næði ekki lengra en til fyrstu hliðarlínu, sem sé, auk niðja hins látna og foreldra hans, að eins til systkina og þeirra niðja, en þar á móti ekki til fjarskyldari manna. Þetta kom að eins til athugunar, en nefndin hefir ekki komið með neina tillögu í þá átt. Sumpart stafar það af því, að nefndinni þótti það of stórt stig í einu og líka áleit hún viðsjárvert að hafa erfðafjárskattinn mjög háan, meðan sams konar lög væru ekki til í nágrannalöndunum. Það gæti haft þá afleiðingu, að menn, sem safnað hefðu auð hér á landi, flyttu fremur til útlanda, og þannig gæti það orðið til ógæfu, ef við þetta tapaðist mikið fé út úr landinu.

Eg skal svo ekki eyða fleiri orðum um málið að sinni, en vænti þess, að því verði vísað til annarar umræðu.

Pétur Jónsson: Þegar milliþingaskattanefndin samdi álit sitt, þá var eg fylgjandi því, eins og eg gerði grein fyrir í nefndarálitinu, að ákvæði um stighækkun erfðafjárskattsins væri tekin upp. Það var mér því gleðiefni, er eg sá, að stjórnin hafði tekið ákvæði í þessa átt upp í frumv., og þó enn meira þegar eg sé, hvernig þingnefndin nú hefir vikist við því. Af því eg sé, að nefndin hefir fallist á hugsun mína í aðalefninu, þá geri eg ekki ráð fyrir að koma með breytingartillögu. Raunar er mín hugsun sú, að hafa stighækkunina ekki takmarkaða, eins og nefndin nú gerir, heldur áframhaldandi, þangað til að það af arfinum, sem umfram er víst takmark, hverfi alt í skattinn, því mjög stórar erfðir hafa ekki reynst farsællegar. Erfðir eru enn ekki stórar hér á landi í samanburði við það, sem þær eru í öðrum löndum. En þetta getur breytst, og er því rétt að setja undir þann leka á meðan það snertir engan, enda er stighækkun sú, er eg fylgi fram, ekki bráð, né heldur há á venjulegum erfðum hér. Mín hugsun er, eins og áður er sagt, að haga erfðafjárskattinum þannig, að það sem er fram yfir visst takmark, hverfi í landssjóð, og það gladdi mig að heyra, að framsögum. er á sama máli. Eg skal játa, að vandkvæði geta verið á að koma fram þessari hugsun minni, og eg get vel felt mig við þetta millistig hjá nefndinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 15. marz (stj.frv. A. bls. 205, n. 153).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin, sem í þetta mál var skipuð, hefir komið fram með tvær aðalbreytingar við frumv. stjórnarinnar. Önnur breytingin lýtur að stighækkuninni, þannig að erfðafjárskatturinn sem hundraðsgjald vaxi jafnt og þétt, eftir því sem arfurinn hækkar. Þó er hámarkið sett hér 5 af hundraði, þegar arfurinn hverfur til þess hjóna, er lifir hitt eða niðja hins látna. En þar af leiðir, að stighækkunin hættir, þegar arfurinn nær 40 þús. kr., með því að lágmark erfðafjárskattsins í þessum flokki er 1 af hundraði.

Þegar arfurinn fellur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, sem alment er kallað 1. síðulína, þá ætlast nefndin til að hundraðsgjaldið sé 5 af fyrstu þúsund kr. og af næstu þúsund kr. $5^1/_2$, sem hækki svo jafnt þangað til erfðagjaldið er orðið 25 af hundraði, sem hér er hámark. Lágmarkið er hér sett 5 af hundraði í stað þess að í frumv. stjórnarinnar var lágmarkið 6 af hundraði. Það er eins með þessa breytingu og fyrri breytinguna, að hún nemur staðar, þegar arfurinn er orðinn 40 þús. kr.

Þegar arfurinn gengur til annarar síðulínu, sem sé afa eða ömmu hins

látna eða niðja þeirra eða fjarskyldari erfingja eða óskyldra, er lágmark erfðafjárskattsins sett 10 af hundraði og hámarkið 50 af hundraði.

Þetta hámark er líka bundið við 40 þús. kr. Það er ef ttl vill hægt að segja, að það sé sett nokkuð af handahófi, en þessi varð nú niðurstaðan. Lágmarkið á 3. erfð á staflið C er fært úr 12% niður í 10%.

Enn hefir nefndin stungið upp á einni breytingu á stj.frv. Í því er fyrirmælt, að þegar annað hjóna deyr og hitt situr í óskiftu búi, þá verði það þegar að borga erfðafjárskatt. Þetta áleit nefndin nokkuð hart, því að því fer svo fjarri, að hagur búsins batni að neinu leyti við dauða annars hjónanna, heldur þvert á móti. Því vill nefndin fella þetta ákvæði burt, en til þess að ná tilganginum með ákvæðinu, sem átti að varna því, að tapaðist erfðafjárskattur, hefir nefndin komið fram með nýja grein, 5. gr., sem ákveður, að ef annað hjónanna deyr, skuli gera búið upp, og ákveða hvað mikill erfðafjárskattur hefði orðið, ef búinu hefði verið skift og skal hlutaðeigandi gefa erfðafjárskýrslu, sem svo verður geymd þangað til skifti fara fram. Um gjafir er sama að segja; með 5. gr., sem er 6. breyt.till. nefndarinnar er reynt að sneiða hjá ósanngirni og þó að nokkru leyti að tryggja það, að landssjóður tapi ekki skatti af slíkum gjöfum, þótt dráttur verði á greiðslunni.

Aðrar verulegar efnisbreytingar hafa eigi komið frá nefndinni. Hitt er aðallega orðabreytingar og ekki ástæða til að fjölyrða um þær.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. 1. og 2. við 2. gr. a. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 1. og 2. við 2. gr. b. sþ. með 20 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. e. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. d. sþ. með 21 atkv.

2. gr. svo breytt sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. sþ. með 19 atkv.

3. gr. svo breytt sþ. með 20 atkv.

4. gr. sþ. með 20 atkv.

Ný grein, 5. gr. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. við 5. gr. sþ. með 19 atkv.

5. gr., sem verður 6. gr. sþ. með 20 atkv.

6. gr. sþ. með 19 atkv.

7. gr. sþ. með 21 atkv.

8. gr. sþ. með 21 atkv.

9. gr. sþ. með 21 atkv.

10. gr. sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. við 11. gr. sþ. með 21 atkv.

11. gr. breytt sþ. með 21 atkv.

12. gr. sþ. með 21 atkv.

13. gr. sþ. með 22 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 19 atkv. shlj.

---

17. marz var málið fyrir til 3. umr., en tekið þá út af dagskrá samkvæmt ósk. —

Þriðja umr., 20. marz. (A. 212, 223, 226.).

Framsögum. (Ólafur Briem): Af þeim breytingartillögum, sem fram eru bornar á þingskjölum 223 og 226, aðhyllist nefndin 1. og 4. tölulið á þskj. 223. Eru þær breytingar til bóta, þar eð þær gera útreikning erfðfjárskattsins auðveldari. Hækkunin er ekki svo mikil, að hún verði tilfinnanleg, þar sem ætlast er til að erfðagjaldið sé $1^1/_{10}$% af fyrsta þúsundinu og hækki svo um $^1/_{10}$% á hverju þúsundi eftir því sem upp eftir dregur.

En þar sem í 2. tölulið á þgskj. 223

er farið fram á, að hámark erfðafjárskattsins verði hækkað úr 5 % upp í 100 %, þá er það sama sem, að þegar arfurinn hefir náð vissri upphæð, þá eigi hann allur að hverfa í landssjóð. Nefndin hefir ekki getað gengið að þessari breytingu, enda þótt hún haldi ekki fast við það hámark, sem sett var í frumvapinu, nefnilega 5 % og þótt mest samræmi sýndist vera í því, að láta erfðagjaldið hækka eftir því sem erfðaféð eykst.

Á þingskjali 226 fer háttv. þm. Dal. (B. J.) fram á, að erfðafjárskatturinn verði ennþá hærri, nefnilega að af 1. þúsundinu í fyrstu erfð undir staflið A. verði hann $1^1/_5$ %, fari svo hækkandi um $^1/_5$ % á hverju þúsundi upp í 3 %, síðan um $^1/_2$ % á hverju þúsundi upp í 15 %, svo um 1 % á hverju þúsundi upp í 20 %, en af erfðafé, sem falli til útarfa, skuli hæsti skattur í annari erfð undir staflið B. nema 30 % og í þriðju erfð undir staflið C. skuli skatturinn hækka upp í 60 %.

Nefndin hefir ekki getað aðhylst neina af þessum tillögum og er það af þrem ástæðum:

Í fyrsta lagi virðist ekki rétt að stiga mjög stórt stökk í einu í slíku máli sem þessu, en þar á móti þykir varlegra að gera ekki mjög stórar breytingar í einu, heldur smátt og smátt.

Í öðru lagi virðist varhugavert að hafa mjög ólíkar reglur um þetta efni þeim sem eru í nágrannalöndum vorum, því að sé erfðafjárskatturinn miklum mun hærri hér en þar, þá gæti það leitt til þess, að menn freistuðust til þess að flytja úr landi og láta þar arf eftir sig, sem minna þyrfti af honum að gjalda til hins opinbera.

Í þriðja lagi er þess að gæta, að þótt við fengjum þannig löguð erfðalög, þá hefði maður mjög litla tryggingu fyrir því, að ekki væri hægt að fara í kring um lögin og ef til vill væri alls ekki unt að fá tryggingu fyrir því, að svo hörð lög væru haldin, nema með því að setja mjög strangar reglur. En það mundi ekki mælast vel fyrir, að hið opinbera færi að blanda sér mjög inn í einkamál manna með rannsóknum eða öðru harðræði.

Af öllum framkomnum breytingartillögum getur nefndin því eins og áður er tekið fram einungis gengið að 1. og 4. tölulið á þgskj. 223.

Bjarni Jónsson: Mér þykir vænt um í hvert sinn er fram koma tillögur, er fara í þá átt, að opinber gjöld ættu að leggjast á menn í hlutfalli við það, sem gjaldþol þeirra leyfir. Eg verð feginn, þegar einhver verður til að benda á einhverjar tekjugreinar, sem eru eðlilegri og sanngjarnari en tollarnir. Þeir eru flestir þess eðlis, að þeir hitta fyrir sér í blindni, koma létt niður á ríkum, en afarþungt niður á fátækum. Skattarnir eiga að leggjast á þá, sem hafa gjaldþol, á auðinn, en ekki á örbirgðina og ómegðina, eins og á sér stað með flestalla tollana. Eg verð því feginn, þegar menn finna nýja gjaldliði, sem eru þess eðlis, að einskis rétti er traðkað með þeim.

Erfðafé er mjög eðlilegur gjaldstofn og réttlátur. Eg lít svo á, að eignir þær, sem menn leggja eftir sig að sér dauðum, ættu að réttu lagi að verða eign allrar samtíðarinnar, en ekki eign einstakra manna. Þó hefi eg ekki viljað fara svo langt í mínum breytingartill., að erfðarétturinn væri afnuminn með öllu, og þá þótt viðurhlutamikið að láta hann hverfa á vissu stigi. En mér finst tillögur nefndarinnar fara of skamt. Eg hefði viljað leggja til, að skatturinn væri hækkaður ennþá meira en eg hefi farið fram á, nefnilega úr 1 % upp í $1^1/_5$ %, en eg þorði ekki að fara lengra í minni breytingartillögu.

Til þess að menn hafi glöggvara yfirlit yfir hvers konar hækkun hér er um að ræða, þá leyfi eg mér hér með að sýna samanburð á skattinum eftir till. nefndarinnar og mínum till.

A. Eftir tillögum nefndarinnar:

Af	1.	þúsund	kr.	10	1 %	10
—	2.	—	—	11	$1^1/_{10}$%	21
—	3.	—	—	12	$1^2/_{10}$%	33
—	4.	—	—	13	$1^3/_{10}$%	46
—	5.	—	—	14	$1^4/_{10}$%	60
—	6.	—	—	15	$1^5/_{10}$%	75
—	7.	—	—	16	$1^6/_{16}$%	91
—	8.	—	—	17	$1^7/_{10}$%	108
—	9.	—	—	18	$1^8/_{10}$%	126
—	10.	—	—	19	$1^9/_{10}$%	145
—	11.	—	—	20	2 %	165
—	12.	—	—	21	$2^1/_{10}$%	186
—	13.	—	—	22	$2^2/_{10}$%	208
—	14.	—	—	23	$2^3/_{10}$%	231
—	15.	—	—	24	$2^4/_{10}$%	255
—	16.	—	—	25	$2^5/_{10}$%	280
—	17.	—	—	26	$2^6/_{10}$%	306
—	18.	—	—	27	$2^7/_{10}$%	333
—	19.	—	—	28	$2^8/_{10}$%	361
—	20.	—	—	29	$2^9/_{10}$%	390
—	21.	—	—	30	3 %	420
—	22.	—	—	31	$3^1/_{10}$%	451
—	23.	—	—	32	$3^2/_{10}$%	483
—	24.	—	—	33	$3^3/_{10}$%	516
—	25.	—	—	34	$3^4/_{10}$%	550
—	26.	—	—	35	$3^5/_{10}$%	585
—	27.	—	—	36	$3^6/_{10}$%	621
—	28.	—	—	37	$3^7/_{10}$%	658
—	29.	—	—	38	$3^8/_{10}$%	696
—	30.	—	—	39	$3^9/_{10}$%	735
—	31.	—	—	40	4 %	775
—	32.	—	—	41	$4^1/_{10}$%	816
—	33.	—	—	42	$4^2/_{10}$%	858
—	34.	—	—	43	$4^3/_{10}$%	901
—	35.	—	—	44	$4^4/_{10}$%	945
—	36.	—	—	45	$4^5/_{10}$%	990
—	37.	—	—	46	$4^6/_{10}$%	1036
—	38.	—	—	47	$4^7/_{10}$%	1083
—	39.	—	—	48	$4^8/_{10}$%	1131
—	40.	—	—	49	$4^9/_{10}$%	1180
—	41.	—	—	50	5 %	1230

B. Eftir mínum tillögum:

Af	1.	þúsund	kr.	12	$1^1/_5$%	12
—	2.	—	—	14	$1^2/_5$%	26
—	3.	—	—	16	$1^3/_5$%	42
—	4.	—	—	18	$1^4/_5$%	60
—	5.	—	—	20	2 %	80
—	6.	—	—	22	$2^1/_5$%	102
—	7.	—	—	24	$2^2/_5$%	126
—	8.	—	—	26	$2^3/_5$%	152
—	9.	—	—	28	$2^4/_5$%	180
—	10.	—	—	30	3 %	210
—	11.	—	—	35	$3^1/_2$%	245
—	12.	—	—	40	4 %	285
—	13.	—	—	45	$4^1/_2$%	330
—	14.	—	—	50	5 %	380
—	15.	—	—	55	$5^1/_2$%	435
—	16.	—	—	60	6 %	495
—	17.	—	—	65	$6^1/_2$%	560
—	18.	—	—	70	7 %	630
—	19.	—	—	75	$7^1/_2$%	705
—	20.	—	—	80	8 %	785
—	21.	—	—	85	$8^1/_2$%	870
—	22.	—	—	90	9 %	960
—	23.	—	—	95	$9^1/_2$%	1055
—	24.	—	—	100	10 %	1155
—	25.	—	—	105	$10^1/_2$%	1260
—	26.	—	—	110	11 %	1370
—	27.	—	—	115	$11^1/_2$%	1485
—	28.	—	—	120	12 %	1605
—	29.	—	—	125	$12^1/_2$%	1730
—	30.	—	—	130	13 %	1860
—	31.	—	—	135	$13^1/_2$%	1995
—	32.	—	—	140	14 %	2135
—	33.	—	—	145	$14^1/_2$%	2280
—	34.	—	—	150	15 %	2430
—	35.	—	—	160	16 %	2590
—	36.	—	—	170	17 %	2760
—	37.	—	—	180	18 %	2940
—	38.	—	—	190	19 %	3130
—	39.	—	—	200	20 %	3330

Þó þessi erfðaskattur kæmlst á, þá er ekki hægt með því að segja, að hann ofþyngi erfingjunum svo mjög. Það er gert ráð fyrir að skatturinn hækki um $^1/_5$% á hverju þúsundi upp í 10 þús; það munar erfingjana engu, en þó góður tekjuauki fyrir, landssjóð. Af 10.000 kr. t. d. yrði hann 145 kr., eftir þeirra

tillögum, en 210 kr. eftir mínum, og þar eð flestir arfar eru á því stigi að vera 1—10 þús., þá munar það mjög fyrir landssjóð.

Annars hljóta menn að vera á sama máli um það, að skatturinn ætti ekki að hækka eftir jöfnum tölum, ekki eftir differentsröð, nefnilega 2, 4, 6 o. s. frv., heldur ætti að nálgast kvotientsröð, nefnilega 2, 2^2, 2^3 o. s. frv. Væri það réttlátari grundvöllur.

Hvað við víkur þeirri mótbáru, að hættulegt sé að hafa hér miklu hærri erfðafjárskatt en í nágrannalöndunum, og að fólk mundi flytja úr landi til að komast hjá því gjaldi, þá mætti ósköp vel setja lög því til fyrirstöðu, þannig að lagður væri skattur á þá, sem flyttu út, sem því svaraði.

Annars vonast eg eftir, að menn fallist á þær skoðanir, sem eg hefi hér látið í ljósi, ef ekki nú þá síðar.

Pétur Jónsson: Eg vil gera dálitla grein fyrir breyt.till. mínum á þskj. 223. Eg legg til, að stighækkun erfðafjárskattsins haldi áfram upp í 100%. Býst eg við það þyki freklega farið. En þess er að gæta, að breyting þessi frá tillögu nefndarinnar kemur ekki fram á minni arfi úr 1. flokki en 40,000 króna. Mun það því lengi vel fyrst um sinn hafa litla þýðingu hér á landi, því arfar eru hér ekki svo stórir. Það mun og hafa meiri áhrif í þá átt, að ríkir menn ráðstafi eignum sínum í lifanda lífi og verður það að teljast til umbóta.

Eg gæti talað langt mál um það, hve stórerfðir eru óheppilegar og oft skaðlegar, bæði einstaklingum og þjóðfélaginu. Í þetta sinn geri eg mínar tillögur eingöngu til þess, að koma þessum skoðunum á flot, það er þá ekki ólíklegt að þetta komist í lög seinna, þegar tími og hugsunarháttur er breyttur. Eg skal til skýringar geta þess, að af miljónararfi hyrfi síðasta þúsundið alt í skattinn, og erfðafjárskatturinn yrði 555 þús. kr. eða meira en helmingur arfsins. Stighækkunin eftir minni till. er fremur hæg á lágum örfum og enda minni en t. d. í Danmörku. Að því leyti hafa menn ekki ástæðu til að forðast hana.

Breytingartillaga háttv. þm. Dal. (B. J.) fer fram á mikið örari stighækkun, og má vera að ýmislegt mæli með því. En mér finst mín tillaga ísmeygilegri og þó ná miklu lengra.

Jón Magnússon: Mér virðist ekki rétt af nefndinni í máli þessu, að hún ekki hefir haldið lágmarki arfa, er skattur skuli af greiddur. Nú er ekki tekinn skattur af minna arfi en 200 kr. Eg fyrir mitt leyti álít óþarft að taka skatt af minna en 200 kr.

Annars vil eg taka það fram, að eg er ekkert hræddur við talsvert háan erfðafjárskatt. Það er engin hindrun fyrir fjáröflun manna að jafnaði, og eg mun yfirleitt fylgja þeim, sem lengst vilja ganga í því efni.

Framsögum. (Ólafur Briem): Út af því, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, skal eg geta þess, að það er rétt, að lágmark þeirra eftirlátinna fjármuna, sem erfðafjárskatti á að svara af er nú 200 kr., þannig, að af minna arfi þarf ekkert gjald að greiða, ef alt er til skifta kemur nær eigi 200 kr. En hér er gert ráð fyrir að hafa takmarkið 100 kr. Það stendur í 5. gr. frumvarpsins. Breytingin frá núgildandi lögum er því sú ein, að þessu leyti, að lágmarkið er fært niður um helming og stendur það í sambandi við hækkun erfðafjárskattsins, sem hér er gert ráð fyrir og virðist sú breyting ekki að neinu leyti varhugaverð.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (226) við 2. gr. A. 1. borinn upp í einu lagi og feldur með 14 : 2 atkv.

Breyt.till. (223) A. 1 og A. 2, báðir liðir bornir upp í einu lagi og sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. (223) um að fyrir 5 í enda liðsins komi 100 feld með 14 : 2 atkv.

3. og 5. breyt.till. þá teknar aftur.

Allar ófallnar breyt.till. á þgskj. 226 teknar aftur.

Breyt.till. (223) 2. gr. C. 1 og 2 sþ. með 17 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 28. apríl, (A. 625, 644).

Framsögum. (Olafur Briem): Það hafa orðið nokkrar breytingar á þessu frv. frá því sem það var samþykt hér í deildinni. Flestum þeirra hefir nefndin getað gengið að. Breytingin við 1. gr. er að eins orðabreyting. Við 2. gr. hefir verið gerð sú breyting, að erfðafjárskattur af annari erfð sé hækkaður úr 5 og $5^1/_2$ af hundraði upp í $5^1/_2$ og 6 af hundraði á 1. og 2. þúsundinu og er þetta í samræmi við skattinn af þriðju erfð, sem er 11 og 12 af hundraði. Þessi breyting er að eins gerð til þess að koma samræmi á og getur nefndin því gengið að henni.

3. breytingin er við 3. gr. og er þess efnis, að aðeins af fasteignum hér á landi, sem falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skuli greiða erfðafjárskatt til landssjóðs. En aftur á móti á þetta ákvæði ekki að gilda um lausafé. Þó skulu skip, sem hér eru skrásett talin fasteign.

Við 6. gr. er gerð sú breyting, að í stað þess að eftir frumvarpi því, er samþykt var hér í deildinni, átti stjórnarráðinu að vera heimilt að undanþiggja frá erfðafjárskatti handrit, bókasöfn, listaverk og menjagripi, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, þá er nú í þessu frumvarpi, eins og það hefir verið samþykt í Ed., beint kveðið svo á, að þessir hlutir skuli vera undanþegnir skatti.

Næsta breyting er við 7. gr., þar sem svo er ákveðið, að þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum og áratalan er ákveðin, þá skuli skattur borgaður af svo hárri upphæð, sem samsvari árgjaldinu margfölduðu með áratölunni. Þó átti eftir frumvarpi neðri deildar aldrei að margfalda með hærri tölu en 25. En þessu ákvæði hefir verið breytt í Ed., þannig, að ekki skuli margfalda fjárhæðina með hærri áratölu en 20.

Seinasta breyting Ed. er þess efnis, að lágmarkið, sem Nd. setti fyrir því, að erfðafjárskatturinn yrði borgaður, 100 kr. sé fært upp í 200 krónur. En þessa breytingu hefir nefndin ekki getað aðhylst, enda var 100 kr. lágmarkið samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar í skattamálum og frumvarpi því er stjórnin lagði fyrir þingið.

Nefndin hefir því leyft sér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 644 að færa þetta í samt lag og það var áður. Að öðru leyti getur hún gengið að öllum breytingum háttv. Ed.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 644 sþ. með 10 : 3 atkv.

Frumv. svo breytt sþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Vitagjald.

FRUMVARP til laga um vitagjald.

Fyrsta umr. 18. febr. (stj.frv. A. bls. 172).

Ráðherrann (B. J.): Það er hið sama að segja um þetta frv. sem frv. nr. 1—3 á dagskránni, (tolllögin, aukatekjur og erfðafjárskatt) og er óþarft að taka það upp aftur.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á, að þessu frv. sé vísað til tolllaganefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til tolllaganefndarinnar með 18 shlj. atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 7. marz (stj.frv. A. bls. 172, n. 86).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þetta frv. er samhlj. frv. milliþinganefndarinnar og hefir þingnefndin fallist á það í aðalatriðunum.

Aðalbreytingar frv. á núgildandi vitalögum eru í því fólgnar að hækka vitagjaldið úr 20 aurum fyrir hverja smálest upp í 25 aura, og færa skylduna til að greiða gjaldið einnig yfir á íslenzk fiskiskip. Með þessari hækkun er búist við 10 þús. kr. tekjuauka, 5 þús. kr. að því leyti sem gjaldið hækkar frá því sem nú er og 5 þús. kr. fyrir gjaldið af fiskiskipunum. En þótt nefndin sé samþykk frv. í aðalatriðunum, þá er það ekki af þeirri ástæðu, sem stjórnin færir fyrir frv., nfl. að vitagjaldið komi í stað lausafjártíundar af fiskiskipunum. Nú er ekkert útlit fyrir, að lausafjárskattur verði afnuminn á þessu þingi. Aftur telur nefndin vitana koma fiskiskipunum að svo miklum notum, að rétt sé að leggja vitagjald á þau, þegar tekið er tillit til þess, hversu bygging vita og viðhald þeirra kostar landssjóð mikið.

Eg skal leyfa mér að benda á það, að prentvilla er í athugasemdunum við frv. Þar stendur, að útgjöld landssjóðs til vitanna sé áætluð 1912 og 1913 82 þús. kr. og tekjur 40 þús. kr. Þetta á að leiðréttast svo, að 1910 og 1911 komi fyrir 1912 og 1913. Fjárhagstímabilið 1912 og 1913 eru tekjurnar áætlaðar 60 þús. kr., en útgjöldin 53 þús.

Að öðru leyti skal eg ekki fara nánar út í breytingartill. nefndarinnar, en mun gera það við 2. umr.

ATKV.GR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 9. marz. (A. bls. 172, n. 86).

Framsm. (Ólafur Briem): Eg tók það fram við framh. 1. umræðu, að nefndin leggi til að gerðar verði tvær efnisbreytingar á frv. Hin fyrri er sú, að aðeins herskip skuli undanþegin vitagjaldi, en vitagjaldsskylda þar á móti lögð á skemtiskip, sem nú eru undanþegin. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefir fengið frá umsjónarmanni vitanna, mun það *ekki* vera alþjóðaregla að undanþiggja skemtiskip frá vitagjaldi, — en sú mun hafa verið ástæðan til undanþágunnar, er lögin voru sett, að menn héldu að svo væri. Í Svíþjóð t. d. er vitagjald heimtað af skemtiskipum. — Viðvíkjandi orðinu »skemtiskúta«, sem haft er í gildandi vitagjaldslögum skal þess getið, að það er nokkuð óljóst og greinarmunurinn á því og farþegaskipi, sem haft er til skemtiferða, ekki glöggur; en með »skemtiskútum« mun aðallega átt við lítil skip, sem einstaka auðmenn eiga og nota sér til skemtunar.

Önnur efnisbreytingin er sú, að takmarka nokkuð innheimtulaun af vitagjaldi útlendra fiskiskipa. Nú er svo ákveðið, að þau skuli yfirleitt vera 20% eða $^1/_5$ af gjaldinu, en hér er farið fram á, að framvegis skuli innheimtulaun aðeins greiðast þar sem umboðsmaður lögreglustjóra heimtir vitagjaldið inn, en að þau skuli falla burt, þegar lögreglu-

stjóri sjálfur annast innheimtuna. Ástæðan til þessarar breytingar er sú að nefndin leit svo á, sem hér væri ekki um neina sérstaka fyrirhöfn fyrir lögreglustjóra að ræða, þar sem þeir, hvort sem er, eiga að innheimta um leið önnur gjöld af skipunum. Þó leggur nefndin ekki mikla áherzlu á þetta, því að hér er ekki um mikinn tekjuauka fyrir landssjóð að ræða. Í Reykjavík hafa innheimtulaunin verið um 800 kr., á Ísafirði 400 kr., í Barðarstrandarsýslu 250 kr. og í Gullbringusýslu 100 kr. Annarstaðar eru þau minni. Tekjuaukinn mundi því nema eitthvað 2—3 þús. kr., en eins og eg hefi tekið fram, er nefndinni þetta atriði ekkert kappsmál.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og h. framsm. (Ó. Br.) tók fram, hefir nefndin komið fram með þá brtill., að lögreglustjórar eigi framvegis ekki að hafa sérstök innheimtulaun af vitagjaldi. Þessi brtill hlýtur að stafa af ókunnugleik háttv. nefndarmanna; þeir munu hafa álitið, að þegar útlend fiskiskip koma á hafnir, muni þau altaf af sjálfsdáðum setja sig í samband við menn í landi og því muni lögreglustjórum fyrirhafnarlaust að innheimta gjöld hjá þeim. En þetta er alls ekki rétt; á Seyðisfirði er það t. d. altítt, að færeysk fiskiskip aðeins koma inn á höfnina til þess að skila af sér aflanum í flutningaskip. Þau hafa alls ekki samgöngur við land, svo að ef lögreglustjóri á að ná til þeirra til þess að innheimta gjöld, verður hann að manna bát og fara út í þau sjálfur. Þar að auki getur lögreglustjóri ekki altaf verið heima, og verður hann því oft að setja í sinn stað mann til þess að annast um innheimtuna. Innheimtan getur þannig á margan hátt haft talsverðan kostnað í för með sér fyrir lögreglustjóra, og virðist því ósanngjarnt að rýra innheimtulaun þeirra. Eg vil því skora á hina h. nefnd að taka aftur brt. á þskj. 86.

Jón Magnússon: Eg vil aðeins fara örfáum orðum um þá brtill. nefndarinnar, að skemtiskip skuli framvegis skyld að borga vitagjald. Hingað til Reykjavíkur koma oft stór farþegaskip, sem farið hefir verið með sem skemtiskip. Eg er hræddur um að slík skemtiskip mundu hætta að koma hingað, ef brtill. yrði samþykt, og væri það til talsverðs skaða fyrir Reykjavík. Hin stærstu þessara skipa mundu þurfa að gjalda einar 10 þús. kr. alls, fyrir að liggja hér á höfninni einn dag, ef þau væri látin gjalda öll gjöld sem flutningaskip. Eg er því sannfærður um, að útlend ferðamannafélög myndu eigi framvegis senda skip sín hingað, og hygg eg því heppilegast, að láta haldast hið gamla ákvæði um undanþágu skemtiskipa frá vitagjaldi, sem öðrum gjöldum.

Framsögum. (Ólafur Briem): Út af því, sem hinn háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, vil eg taka það fram, að brtill. um að lögreglustjórar fái ekki framvegis nein innheimtulaun af vitagjaldi, er ekki sprottin af athugaleysi nefndarinnar. Nefndin lítur svo á, sem innheimta vitagjaldanna út af fyrir sig geti eigi valdið lögreglustjóra sérstakrar fyrirhafnar, því að hann á að heimta inn önnur gjöld um leið og hefir því engan sérstakan tilkostnað út af innheimtu vitagjaldsins. Annars mun nefndin taka athugasemdir hins háttv. þm. til ihugunar og bera sig saman við hann.

Að því er kemur til skipa þeirra, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat um, þá virðist mér liggja næst, að skoða þau sem farþegaskip en ekki sem skemtiskútur. Eg sé enga ástæðu til að vér höfum öðru vísi lagaákvæði í þessu efni heldur en tíðkast meðal annara þjóða. Eftir því sem háttv. þm. sagðist frá, á skipið Oceana að borga hér 10 þús. kr.

í öll gjöld; en vitagjaldið mundi tiltölulega ekki verða svo ýkjamikill hluti móts við þá upphæð og er óliklegt, að *það* mundi fæla slík skip frá landinu. Eg býst því við, að nefndin haldi fast fram þessari brtill.

ATKV.GR.

Brtill. (86) ný gr. í stað 1. gr. frumv. sþ. með 19 samhlj. atkv. 1. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. (86) við 2. gr. sþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.

3. gr. sþ. með 17 atkv.

4. gr. sþ. með 16 atkv.

5. gr. sþ. með 17 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Þriðja umr., 11. marz. (A. 144, 167).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir komið fram með 1 brtill. á þgskj. 167. Efni brtill. er í því fólgið að láta breytingu þá á innheimtulaunum lögreglustjóra, er samþykt var við 2. umr., ekki ná til núverandi lögreglustjóra. Þessi brtill. dregur því það úr þeirri breytingu, sem gerð var á frumv. við 2. umr., að 2. gr. frv. verður ekki ekki beitt fyr en við embættismannaskifti. Nefndin leit svo á, að það kynni að þykja hart, að svifta menn kaupi fyrir störf sín, sem þeir eiga að halda áfram að gegna. Það mun vera algeng venja, að menn, sem hafa ákveðin laun fyrir ákveðið starf, verða ekki sviftir launum, nema starfið sé tekið af þeim. Sumir i nefndinni voru nokkuð hikandi, hvort bera ætti fram brtill., en sú varð þó niðurstaðan, að það þótti sanngirniskrafa að bera hana fram og býst eg við að meiri hluti þingd. samþykki hana.

Aðrar brtill. hefir nefndin ekki komið fram með.

ATKV.GR.

Brtill. á þgskj. 167 við 2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 4. apríl (A. 447).

Framsögum. (Ólafur Briem): Sú eina breyting, sem gerð hefir verið á frumvarpi þessu (þgskj. 447) í háttv. efri deild er sú, að lágmark á vitagjaldi, sem greiðist einu sinni á ári af skipum, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum er sett 4 kr. í stað 5 kr., er áður var samþykt hér í deildinni samkvæmt ákvæðum stjórnarfrumvarpsins og tillögum milliþinganefndarinnar í skattamálum. Jafnvel þótt nefndin sé ekki samþykk breytingu þessari, þá þykir henni hér ekki svo miklu máli skifta, að vert sé að senda frumvarpið aftur til efri deildar fyrir þá sök. Leggur hún því til að frumvarpið verði samþykt óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.

Frumv. óbreytt samþykt með 16 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Vitar, sjómerki o. fl.

FRUMVARP til laga um vita, sjómerki og fleira.

Fyrsta umr., 8. marz (A. 93).

Bjarni Jónsson: Eg sting upp á

að máli þessu sé vísað til siglingalaganefndarinnar.

ATKV.GR.

Málinu vísað til þeirrar nefndar með 15 shlj. atkv. og 1, umr. frestað.

Framhald 1. umr., 17. marz (A. 93, n. 193).

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkvæðum.

Önnur umr., 20. marz (A. 93, n. 193).

ATKV.GR.

1. gr. samþ. með 13 atkv.

2. gr. samþ. með 16 atkv.

1. brtill. á þgskj. 193 samþ. með 19 atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.

4. gr. samþ. með 18 atkv.

5. gr. samþ. með 16 atkv.

6. gr. samþ. með 20 atkv.

3. brtill. á þgskj. 193 samþ. með 17 atkv.

7. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

8., 9. og 10. gr. samþyktar með 17 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkv.

Þriðja umr., 22. marz (A. 244).

ATKV.GR.

Frumv. samþykt umræðulaust með 13 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Höfn í Reykjavík.

FRUMVARP til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað. Fyrsta umr., 20. febr. (A. 26).

Flutningsm. (Magnús Blöndahl): Mér virðist það tilhlýðilegt að fara nokkrum orðum um frumvarp þetta, þar sem um þvílíkt stórmál er að ræða. Það er farið hér fram á allmikla fjárveitingu. Eg þykist vita, að hin háttv. deild muni geta verið mér samdóma um það, að eitt af aðalskilyrðum fyrir verulegum framförum í samgöngum, verzlun, siglingum og fiskiveiðum séu góðar og öruggar hafnir. Þannig er litið á það mál meðal nágrannaþjóðanna og annara, sem lengst eru komnar á braut mentunar og framfara.

Hvert sem maður lítur út á við, þá sér maður, að næstum árlega er varið stórfé til að endurbæta og byggja að nýju slíkar hafnir, og það jafnvel hjá þeim þjóðum, sem þó að öðru leyti hafa góðar samgöngur hver við aðra. Alt bendir þetta á það, að hver þjóð fyrir sig álítur sér skylt að fylgjast svo með í hinum stórstígu framförum og kröfum nútímans í þessu efni, að hún geti verið sem færust um að standast alla samkeppni bæði nágrannaþjóðanna og annara í baráttunni fyrir tilveru sinni. Góðar og öruggar hafnir eru því alstaðar skoðaðar meðal hinna allramestu nauðsynja- og velferðarmála hvers lands, og að mörgu leyti sem einn hyrningarsteinninn undir vexti og viðgangi lands og þjóðar. Þegar vér nú lítum til okkar eigin lands og þjóðar, þá sjáum vér strax, að séu góðar hafnir lífsnauðsynjamál nágrannaþjóðanna, þá ættu þær ekki síður að vera nauðsynjamál okkar, sem vegna legu lands vors verðum að nota sjóinn sem þá einu leið, er við getum náð til annara þjóða og þær til okkar, að í staðinn fyrir járnbrautir, er tengja

saman ýms önnur lönd, verðum vér Íslendingar að brúka skipin, bæði seglskip og gufuskip, til hvers konar farms- og farþegaflutnings bæði til okkar og frá okkur. Af þessu leiðir aftur, að til þess að slíkir flutningar geti orðið sem notadrýgstir og heillavænlegastir oss og öðrum, þá útheimtast góðar hafnir, þar sem skipin geti við komu sína og burtför fengið fljóta og góða afgreiðslu hvernig sem viðrar, en þurfi ekki að liggja dögum eða vikum saman og bíða eftir tækifæri til þess að losna við að taka á móti farmi og fólki.

Góð og örugg höfn á hentugum stað mundi líka vafalaust verða til þess, að auka aðsókn af skipum, er hingað sækja, og jafnframt til þess, að auka verzlun milli landsmanna og útlendinga, bæði beinlínis og óbeinlínis.

Hafnleysið við suðurhluta þessa lands, þekkja allir, svo ekki þarf þar um mikið að tala. En aftur á móti hefir þessi hluti landsins ýmsa kosti fram yfir flesta aðra parta landsins. Í fyrsta lagi þarf sjaldan eða aldrei að óttast að þessi partur landsins lokist af ís, og í öðru lagi, að hér liggja einhver allraauðugustu fiskimið heimsins, enda sækja hingað fjöldi útlendra fiskiskipa, er fer vaxandi með hverju ári. Undanfarinn tíma hafa landsmenn átt örðugt í þeirri samkeppni, og hefir margt til þess borið, bæði ónóg þekking á hinni nýju veiðiaðferð og svo féleysi bankanna, og síðast en ekki sízt hafnleysið hér við suðurhluta landsins. Úr sumu af þessu er nú bætt, og á eg þar þá sérstaklega við það, að þeim sjómönnum vorum fjölgar nú óðum, er næga þekkingu hafa til að bera að geta tekið þátt í samkeppninni við útlendinga í fiskiveiðunum hér, og er það að þakka bæði þeim fáu innlendu botnvörpuskipum, sem hér eru nú, og svo hinu, að ýmsir af framtakssömum sjómönnum vorum hafa lært þessa veiðiaðferð á mörgum af hinum útlendu fiskiskipum, og bíða nú eftir því, að þekking þeirra í þessu efni mætti koma landinu og landsmönnum til gagns og góða. En þar sem botnvörpuskipin kosta mikið fé, er eðlilegt, að menn hiki við að leggja það fram — þó unt væri — þar sem eitt af aðalskilyrðunum fyrir því að það fé sé nægilega trygt og gefi mönnum þann arð, er vænta má, vantar algerlega — höfnina — og fiskiveiðarnar eins og nú er ástatt, eru altaf í meiri og minni hættu á hafnleysum þeim, sem við höfum orðið að búa við frá ómuna tíð. Menn geta því altaf átt á hættu á meðan svo stendur, að komi fyrir stærri eða minni tjón, eins og hin sorglega reynsla undanfarinna ára hefir sýnt.

Eg get nú búist við því, að sumir kunni ef til vill að líta svo á, að hafnarbygging sú, er hér er farið fram á í þessu frumvarpi, muni aðallega koma Reykjavík eða höfuðstað landsins til góða. Það væri þó ekki rétt ályktað nema að nokkru leyti, enda ber frumvarp þetta það með sér, að Reykjavík tekur fullkomlega sinn bróðurpart af kostnaðinum og frekleg það. Við vandlega íhugun þessa máls, efast eg ekki um, að háttv. deild muni verða mér samdóma um það, að hafnarbygging sú, er hér ræðir um, sé ekki síður *landsmál* en bæjarmál og skal eg því til stuðnings benda á, að komist verk þetta í framkvæmd, munu fiskiveiðarnar, þessi annar aðalatvinnuvegur landsins, taka stórstígum framförum og verða til þess að landsmenn sjálfir koma til að ráða betur yfir hinum auðugu fiskimiðum sínum og njóta sjálfir arðsins af þeim, í stað þess sem nú er, að vér verðum að horfa á útlendar þjóðir raka hér saman of fjár upp við landsteinana, meðan stóra hópa af landsmönnum vantar margar af helztu nauðsynjum lífsins. Við aukna framför og

framleiðslu í fiskiveiðum mundi því landssjóði bætast meiri og meiri tekjur, sem vafalaust mundu á tiltölulega stuttum tíma gera meira en endurborga landssjóði það fjárframlag, sem farið er fram á í frumvarpi þessu. Þess utan má benda á það, að meðan hafnleysið er eins og nú, hefir landið mjög lítið gagn af komum hinna útlendu fiskiskipa. Af öllum þeim feikna afla, er skip þessi sækja hingað að ströndum landsins, er því sem næst ekkert goldið í landssjóð; þetta mundi fljótt breytast, er örugg höfn væri komin hér í Reykjavík. Þá mundu fleiri eða færri af hinum erlendu fiskiskipum selja hér afla sinn eða leggja hann á land til verkunar og þannig auka atvinnu, tekjur og viðskifti við landið og landsmenn, auk þess sem landssjóður mundi fá ríflegan tekjuauka í vaxandi útflutningsgjald.

Þá er það verzlunin, sem ekki mundi taka minni breytingum við það, að þessi fyrirhugaða höfn kæmist upp. Eins og nú standa sakir, rennur megnið af verzlunararðinum út úr landinu til erlendra umboðsmanna, og telja fróðir menn, að sú fjárhæð, er þannig tapast nú muni nema jafnvel yfir 2 miljónir króna á ári. Með góðri höfn mundi þetta breytast svo, að meira eða minna af þessu fé mundi verða kyrt í landinu, því þá mundu rísa hér upp stórkaupaverzlanir, sem kæmu í stað hinna núverandi útlendu umboðsmanna, og með því mundi öll verzlun verða sem næst innlend og bygð á hollari og traustari grundvelli en hingað til, auk þess sem smákaupmönnum víðsvegar um landið yrði hægra með að afla sér vörunnar eftir þörfum héðan úr Reykjavík og kæmust því af með miklu minna starfsfé til verzlana sinna.

Eg vænti því, að háttv. deild verði mér samdóma um það, að hér sé um stórmál að ræða og um leið eitthvert mesta velferðarmál þessa bæjar og landsins í heild sinni, og að háttv. deild að yfirveguðu máli ljái frumvarpinu öflugt fylgi sitt til farsællegra úrslita. Það skal tekið fram, að eg hefi leyft mér að láta útbýta hér meðal háttv. þingmanna prentuðu áliti hafnarnefndar Rvíkur og áætlun yfir kostnað við hafnargerðina frá hafnarfræðing Smith í Kristjaníu, til þess að háttv. þingm. geti sem bezt sett sig inn í málið, en auk þess er bæjarstjórn þessa bæjar fús til þess að gefa allar þær upplýsingar, sem unt er í málinu og ef með þarf leggja fram hina ýmsu uppdrætti, er snerta þetta mál. Að svo mæltu vil eg leyfa mér að stinga upp á að 5 manna nefnd verði kosin í málið til þess að athuga það.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með öllum þorra atkvæða. Þessir voru kosnir með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson.

1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Björn Kristjánsson valinn formaður, en Magnús Blöndahl skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 21. marz (A. 26, n. 232).

Frams.m. (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um þetta mál nú og það því fremur, sem eg get í aðalatriðunum vísað til framsögu minnar í málinu fyrst er það kom til umr. í hinni hv. þingd.

Eins og hin háttv. þingd. sér, hefir nefndin komið fram með nefndarálit á

þgskj. 232. Nefndin legur aðallega til tveggja breytinga á frumv. Fyrri br.-till. er við 1. gr., að í stað 800 þús. kr. komi 600 þús. kr. Hin brtill. er við 2. gr., að í stað 800 þús. kr. komi 1 miljón kr. Að svo stöddu skal eg ekki fara fleiri orðum um málið. Vona eg, að hin háttv. þingd. taki frumv. vel og lofi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr., 25. marz (A. 26, n. 232, 263, 310).

Frams.m. (Magnús Blöndahl): Eins og hin háttv. deild mun sjá á nefndarál. á þgskj. 232, hefir nefndin verið einhuga um það, að hér sé um að ræða eitt af hinum brýnustu nauðsynjamálum, ekki einungis þessa bæjar, heldur og alls landsins í heild sinni. Enda ímynda eg mér að engum, sem um það mál hugsar, dyljist það, að trygg og góð höfn hér sé fyrsta sporið í áttina til innlendrar verzlunar, og til þess að fjörga og efla viðskiftalífið við aðrar þjóðir, sérstaklega þær, sem mest framleiða af þeim vörum, er vér notum. Inn á við mundi og verða hinn mesti gróði af þessu fyrir viðskiftalífið og samgöngurnar, bæði við útlönd og umhverfis landið. Þær mundu verða að öllu leyti hagfeldari, bæði tíðari og reglulegri en hingað til hefir átt sér stað.

En höfnin mundi ekki að eins verða lykill að betri samgöngum við útlönd og á sjó yfirleitt, heldur og til þess að nauðsynlegar og góðar samgöngur kæmust á við nærsveitirnar. Eg á sérstaklega við það, að ef hún kæmi, þá mundu menn fara að sjá það betur og betur, hve mikil þörf er á járnbraut héðan austur yfir fjall, um Árnes- og Rangárvallasýslur. Og ef menn geta verið mér samdóma um þetta, þá vona eg að mönnum skiljist, að það verður tæplega með tölum talið, hvílíkur hagnaður verður að þessari hafnargerð.

Þess utan mundi þetta eins og eg gat um við 1. umr., verða til ómetanlegs hagnaðar fyrir fiskiveiðar landsmanna. Þær hlytu að taka stórum framförum, og ein af hinum blessunarríku áhrifum þess yrðu aftur þau, að landssjóður fengi þar miklar aukatekjur, sérstaklega stórum aukið útflutningsgjald af fiski, sem þó nú þegar er orðin allveruleg tekjugrein.

Eg get verið fáorður um málið að þessu sinni. Það gleður mig að sjá, hve frumv. hefir fengið góðar undirtektir, fyrst og fremst hjá háttv. deild og síðan hjá nefndinni, sem hefir léð því einhuga fylgi sitt. Eg sé að vísu, að hér er fram komin brtill. á þgskj. 263 frá einum nefndarm., háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.), en hún fer ekkert í bága við frv., nema hvað þar er farið fram á það, að $^1/_4$ hluti af ágóðanum af höfninni skuli renna í landssjóð, og skilst mér svo, sem það ákvæði sé bundið við það, að landssjóður leggi fram 600,000 kr. Eg verð því að leggja á móti, að ágóðahlutaskilyrði þetta verði samþykt.

Aftur eru aðrar brtill. á þgskj. 310, og skal eg lýsa því yfir, að eg hefi — þótt tíminn hafi verið naumur — borið mig saman við flesta af h. meðnefndarmönnum mínum um þær, og hygg eg að mér sé óhætt að segja, að flestir þeirra muni fallast á þær eftir atvikum, þótt vér að sjálfsögðu viljum heldur kjósa að tillaga okkar (þ. e. nefndarinnar) verði samþykt. Eg get ímyndað mér að það hafi meðfram vakað fyrir tillögumanni, hve fjárhagur landsins er þröngur, og hafi þeir því eigi séð sér fært að greiða atkvæði með því að fjárframlagið yrði hærra en þetta. Þeir munu hafa miðað við fjárframlög landssjóðs áður til líkra fyrirtækja annars-

staðar, t. d. bryggjugerðar á Akureyri og í Stykkishólmi. En ef litið er á það, hvað búist er við að Reykjavíkurhöfn muni kosta, þá er þetta ekki nema $^1/_4$ hluti þess, og ef eg man rétt, þá var landssjóðsstyrkurinn til Akureyrarbryggjunnar í fyrstunni miðaður við þriðjung alls kostnaðarins. Að vísu kom það nú í ljós seinna, að kostnaðurinn varð meiri en áætlað hafði verið, svo að styrkurinn varð sem næst $^1/_4$ hluta. Eg get því búist við því, að eitthvert svipað hlutfall hafi vakað fyrir háttv. tillögumanni.

Eg finn nú ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frumvarp þetta að sinni, en vænti sömu velvildar hér frv. til handa nú og við 1. umr., og óska að það fái að ganga til 3. umr. að loknum umræðum.

Björn Þorláksson: Eg ætla að gera grein fyrir því, hvers vegna eg hefi ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli.

Þetta er nú eitt af stórmálunum, sem svo eru kölluð, og eg skal fúslega kannast við að það er nauðsynjamál fyrir landið. Þótt það sé auðvitað fyrst og fremst nauðsynlegt fyrir Reykjavík, fiskveiðarnar og verzlunina, þá verð eg líka í annan stað að líta svo á, að landið muni hafa bæði beinlínis og óbeinlínis gagn af því, ef það kemst í framkvæmd. Það er óþarfi að fara út í að skýra það, hvers vegna og að hverju leyti svo mundi verða, slíkt er svo augljóst mál, og út af því gat eg orðið samnefndarmönnum mínum samferða. Eg álít að hvað lánið snertir, þá sé það rétt, að landssjóður taki að sér ábyrgð á því fyrir Reykjavíkurbæ, hvort sem það verða nú 800,000 kr., miljón eða eitthvað lítið þar yfir. Eg hugsa að Reykjavík eigi þá framtíð fyrir sér, að það sé hættulaust, og að landssjóður þurfi aldrei að greiða það fé.

En um hitt atriðið, hve mikið fé landssjóður ætti að leggja fram beinlínis til fyrirtækisins, greindi mig á við háttv. meðnefndarmenn mína. Út af því er fram komin þessi breytingartillaga, sem fer fram á það, að landssjóður leggi fram smátt og smátt á 10 árum 600,000 kr. til þessa fyrirtækis. Það yrði ekki nema 60 þús. kr. á ári og kæmi jafnt niður, svo að ekki þyrfti að taka stórlán til þessa. Og í sambandi við þetta stendur svo hitt, að ef landssjóður leggur svo mikið til hafnarinnar, þá fái hann hlutfallslega sinn hluta af væntanlegum hreinum ágóða af henni.

Eg þykist hafa sýnt það í nefndinni og með till. mínum, að eg vil styðja þetta nauðsynjamál, en eg bygði auðvitað á því, að til verði að vera fé í landssjóði til þess að borga þetta út. Mín afstaða í þessu máli verður því að svo stöddu óákveðin. Eg hefi áður skýrt frá fjárhag landsins, eins og hann er nú, og eg álít, að hann sé ekki góður og leyfi jafnvel ekki framkvæmd ýmissa smámála, sem þó væru nauðsynleg, hvað þá heldur þessa stórmáls, nema tekjurnar verði stórum auknar nú á þessu þingi. Og þar sem frv. í þá átt mun nú vera í undirbúningi, þá virtist mér réttast að í sambandi við það væri þetta mál tekið út af dagskrá, þangað til vitað er um undirtektir manna undir hitt. Því ef háttv. deild snýst á móti því frv. og enginn mikill tekjuauki fæst til þess að bæta upp hallann, þá sé eg fyrir mitt leyti engan möguleika til þess að verða við þessum óskum Reykvíkinga.

Eg get nú reyndar búist við því samt sem áður, að við fáum ekki málið tekið út af dagskrá, en þá vil eg taka það fram, að atkvæði mitt við þessa umræðu

er ekki bindandi fyrir mig seinna. Það gæti vel svo farið, að eg yrði að snúast á móti þessari till. við 3. umr. Það er alt komið undir því, hvernig hinu væntanlega frumv. verður tekið, og eg vona að háttv. þm. skilji það ekki sem neinn hvikulleika af mér, þótt eg ef til vill á þennan hátt verði að hverfa frá fyrri till. minni um þetta.

Jón Þorkelsson: Hér þarf ekki mörg orð um þetta mál. Það sjá allir hverja þýðingu það hefir, ekki að eins fyrir þennan bæ, heldur og fyrir alt þetta land, sérstaklega þó þá hluta þess, sem næstir eru höfuðstaðnum. Það er ekki einungis nauðsynlegt og sjálfsagt vegna fiskiflotans, sem á fyrir sér að vaxa margfaldlega frá því sem orðið er, heldur og til þess, að hér geti orðið verzlunar-»centrum«, miðdepill allrar verzlunar landsmanna, sem þá ætti með tímanum að verða innlend að mestu eða öllu leyti, en hingað til hefir verið nær eingöngu dönsk. Allir vita að Khöfn hefir, svo illa sem hún liggur við, verið verzlunar-»centrum« vort hingað til. Að eg nú ekki tali um það, hve öll tollgæzla yrði hægari, ef höfnin fengist. Það er, í stuttu máli sagt, ekki hægt upp að telja, hverjar gagnsemdir mundu hljótast af þessu fyrirtæki. Og sérstaklega er ástæða til þess nú, að láta ekki þetta dragast úr hömlu lengur, því að við vitum það, að austanfjalls hafa útlendingar keypt stað, sem liggur vel við, og er þegar á orði, að þar verði gerð höfn, sem gæti orðið óþægilegur keppinautur fyrir höfuðstaðinn, sé ekki að gert.

Ef nú höfn yrði gerð austanfjalls, þá myndi það draga frá höfuðstaðnum, ekki svo að skilja, að höfuðstaður landsins mætti ekki gjarnan hafa orðið austanfjalls, en það verður nú að gera fyrir því sem er. Hann er nú orðinn *hér*, og *hér* verður að honum að hlynna þar sem hann er. Nú hefir komið tilboð um að gera höfn hér í Reykjavík fyrir ákveðið verð, 1600000 kr. Var það frá bæjarstjórnarinnar hendi tilætlunin, að bæjarstjórnin legði til annan helminginn, en landið hinn. Nefndin hefir fært tillag landsins úr 800 þús kr. niður í 600 þús. en landsjóður ábyrgist alla upphæðina. Við þetta hefir háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) komið með þá breyt.till., að landssjóður áskilji sér og $^1/_4$ hluta ágóða af höfninni. Þetta virðast mér verri kostir en þeir, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vill í té láta, sem sé að landssjóður leggi fram 400 þúsundir, ábyrgist það sem fram yfir er og áskilji sér engan hagnað. Fái tillaga nefndarinnar ekki fylgi, þá aðhyllist eg heldur uppástungu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það eru þó hrein viðskifti.

Í sambandi við þettta vil eg geta þess, að alstaðar þar sem ríkin leggja fram stórfé til mannnvirkja, þá setja þau víst nær ófrávíkjanlega það skilyrði, að eingöngu innlendir menn hafi svo sem mest má verða atvinnu við þau. Það hefir gengið þannig oft hingað til á landi hér, finst mér, að þegar um slík fyrirtæki hefir verið að ræða, þá hafa útlendir menn alt of mjög verið teknir til starfans, en innlendir starfsmenn um of setið á hakanum. En þetta verður að breytast. Auðvitað þarf að taka útlenda ingeniöra, en allir óbreyttir verkamenn eiga að vera innlendir. Sömuleiðis hefir svo virzt, sem sumum valdhöfum vorum hafi aldrei þótt laun útlendinga, er vér höfum ráðið til starfa, nógu há, en kaup innlendra manna jafnan þótt of hátt jafnvel fyrir sama verk.

Það kom fram hjá háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) að hann væri ragur við að greiða þessu máli atkvæði sitt á þessu stigi; því ekki mundi landssjóður þola þau útgjöld, eins og nú stæði. En jafnframt

gat hann þess, að hann mundi koma fram með frumvarp þess efnis að auka tekjur landsins. Eg ætla ekki að fara að kenna mönnum að greiða atkvæði, en þó get eg sagt þingmanninum, að hann þarf ekki að hika í þessu efni. Það þarf hvort sem er að auka tekjur landssjóðs á allar lundir, og fyr getur þetta þing ekki lokið störfum sínum, en það hefir gert alt til þess að auka tekjur landssjóðs að miklum mun. Það er því engin sérstök ástæða til að hika í þessu máli. Og verði ekki gerð hér höfn innan skams, þá dettur manni í hug að spyrja, þarf þá ekki að flytja bæinn að höfn? Svo mikil er þörfin á höfninni.

Að öðru leyti leggur landssjóður fé til hafnarinnar meðfram sér sjálfum í hag, því að fasteignir hans, sem að höfninni liggja munu margfaldast í verði, þegar hafnargerðin er á komin.

Pétur Jónsson: Eg játa með kinnroða, að eg hefi ekki haft tima til að rannsaka þetta mál, eins og þyrfti. Hafnarmál Reykjavíkur stendur í sambandi við ýms önnur nauðsynjamál, svo sem járnbrautarlagningu austur um sýslur, og á landssjóður að sjálfsögðu að styrkja það. Hann hefir og styrkt til slíkra fyrirtækja, t. d. til bryggjusmíðar í Stykkishólmi, Akureyri og víðar, og hefir þá að jafnaði lagt fram $^1/_4$ hluta. En þótt styrkja eigi til hafnargerðar í Reykjavík, get eg ekki fallist á, að landssjóður eigi að leggja til helming stofnfjárins, eins og frumvarpið tiltekur án þess að hafa tilkall til arðsins af fyrirtækinu, eða sem gjöf. Þurfi slíks styrks við, til þess að höfnin með tekjum sínum beri uppi nokkurnveginn hinn hluta stofnfjárins (að eins helming) þá er ekki leggjandi út í það; *ekki enn kominn tími til þess.* Hins vegar getur verið nauðsynlegt og réttmætt að stofna til fyrirtækisins, þótt það ekki með beinum hafnartekjum beri sig til fulls, sízt fyrstu árin, og eg get verið því samþykkur, að landssjóður hlaupi undir bagga til þess að rétta að mestu við þann skakka, á sama hátt eins og annars staðar. Tel eg hæfilegt, að það sé bundið við $^1/_4$ stofnkostnaðar. Nægi það ekki verður fyrirtækið að bíða enn.

Á þessum ástæðum er bygð breyt.till. mín og nokkurra þingmanna á þgskj. 310. Lengra en hún fer með styrk til hafnargerðarinnar getum við ekki farið.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eg skal vera stuttorður að þessu sinni. Háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) virtist sanngjarnt að landssjóður legði fram 600 þús. kr., en áskildi sér svo $^1/_4$ hluta af ágóðanum. Eg verð nú að taka það fram, að eg get ekki álitið það sanngjarnt að þetta ágóðaskilyrði sé sett, þegar Reykjavík á í hlut, þar sem slíkt skilyrði hefir aldrei áður verið sett hinum öðrum bæjum eða kauptúnum, er um svipuð fjárframlög úr landssjóði hefir verið að ræða, og þótt háttvirtum tillögumanni þyki hagur landssjóðs svo þröngur og hann þess vegna hafi komið fram með tillöguna, þá bætir hún lítið úr í þeim efnum. Hér er heldur ekki að ræða um það, að fjárveiting þessi skuli koma öll niður á næsta fjárhags tímabil, heldur er búist við, að þetta stóra mannvirki verði í smíðum 6—8 ár, og að sjálfsögðu deilist þá líka tillagið niður á jafn mörg ár.

En þótt svo færi, að landssjóður gæti ekki altaf lagt fram af venjulegum árstekjum sínum tiltölulegan hluta af tillaginu, þá get eg fyrir mitt leyti ekki séð neitt hættulegt við það, þó landssjóður í slíku tilfelli þyrfti að taka bráðabirgðalán til þessa. Því eins og eg hefi oft áður tekið fram, þá mun það sannast á sínum tíma, að tillag það, sem landssjóður kæmi til að leggja fram til hafnarbygg-

ingar í Reykjavík, hvort sem það nú verður 400 eða 600 þúsund, þá mundi landssjóði bætast það aftur að fullu á skömmum tíma; því með slíkri hafnargerð eflist innlenda verzlunin, og framleiðslan eykst að miklum mun (o: fiskiveiðar) og að því ógleymdu að slíkt mannvirki mun verða stórt og happadrjúgt spor í menningaráttina.

1. þm. Rvk. (J. Þ.) talaði um, að ef mál þetta kæmist til framkvæmda, þá ættu innlendir menn einungis að verða teknir til vinnu við hafnarbygginguna. Þetta er alveg sjálfsagður hlutur, enda veit eg, að það er einróma álit bæjarstjórnarinnar.

Eg skal þá ekki fjölyrða meira um málið að sinni, og leyfi mér að vænta að frumvarpið fái sem greiðastan framgang.

Jón Magnússon: Eg ætla að leyfa mér að gera dálitla athugasemd. Það er ekki rétt, að setja hafnargerð í Þorlákshöfn í samband við þetta mál. Hafnargerð þar er lítið ráðin og því ekki mikið á því að byggja. Og enda þótt höfn væri hér í Reykjavík, má vera að Frakkar þyrftu höfn í Þorlákshöfn fyrir það. Kæmi það undir því, hvort járnbraut austur yrði gerð í sambandi við hafnargerð hér, sem Frakkar gætu notað til sinna vöruflutninga, eða ekki. Annars liggur þetta í lausu lofti og er ekkert á því að byggja.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að benda á, að landi, sem er umflotið, eru hafnir harla nauðsynlegar. Þar er sjórinn á alla vegu og því eina samgönguleiðin. Allir hljóta því að sjá, hversu mikið tjón hlýtzt einatt af hafnaleysinu. Skip teppast vikum saman, farmar skemmast og öll verzlun verður óaðgengilegri. Þar verður engin stórverzlun. Útlendir menn hafa hér mestalla stórverzlun, mest kaupmenn í Kaupmannahöfn. Er stórverzlun landsins þar illa sett, austur undir Rússlandi. Nú á síðasta áratug hefir þó dálítið af stórverzluninni flutzt til Reykjavíkur, og mundi á 1—2 næsta áratug flytjast þangað öll, ef höfnin kæmist á. Þetta er því mál, sem varðar alt landið. Eg hirði ekki að telja meira upp þessu til sönnunar að sinni. Eg verð með till. nefndarinnar, því þær víkja skemst frá því, er farið var fram á.

Landið verður að taka lán til að koma þessu máli í framgang. Eg átti tal í Noregi við merkan mann um þetta mál, og sagðist hann ekki efast um, að fá mætti lán í Noregi til þessa fyrirtækis með sömu kjörum sem þarlendir menn og bæir fá til að gera hafnir. Mundi bærinn fá það fé upp á eigin ábyrgð, en þó náttúrlega betra að landssjóður stæði í ábyrgðinni. Að láta landssjóð hafa hluta af tekjunum er ósanngjarnt. Annars efast eg ekki um, að höfnin muni borga sig innan 20 ára. Ef lengri tíma þarf til þess, þá gerir það ekkert til.

Hálfdan Guðjónsson: Eg stend ekki upp af því að eg geti gefið neinar upplýsingar um þetta mál, en eg kann þó ekki við, að það verði afgreitt svo frá deildinni, að eg hafi enga grein gert fyrir skoðun minni á því. Þetta er hið stærsta fjármál, sem gegnum deildina gengur, og því eigi vanþörf á, að það sé rækilega íhugað, áður en því er ráðið til lykta. Það er því ekki að furða, þótt hik sé á mörgum mönnum að greiða því atkvæði, sérstaklega mönnum eins og mér, sem ekki hafa nægilega þekking á því.

Mér virðist málið lítið skoðað, nema frá annari hlið og skal eg kannast við, að hún er ekki svo óglæsileg. En eins og öll önnur mál, hlýtur þetta og að hafa tvær hliðar, og hina þá kannske ekki alveg eins skuggalausa.

Eg get ei annað séð, en að 1. gr. frv, geri ráð fyrir, að fyrirtækið hvíli alger-

lega á landssjóði — beinlínis eða óbeinlínis — sumpart með ábyrgðum og sumpart með fjárútlátum. Í nefndarálitinu er raunar sagt, að ábyrgðin sé ekki varasöm fyrir landssjóð, en það hefir ekki nægilegt sannfæringargildi fyrir mig. Eg hefi þvert á móti miklar líkur fyrir, að slíkar ábyrgðir geti verið mjög varasamar. Dæmin eru svo mörg fyrir því, að til ýmsra fyrirtækja, sem glæsileg hafa þótt, hefir verið stofnað með láni frá landssjóði, en þegar að skuldadögunum hefir komið, hefir rignt niður beiðnum um uppgjöf, annaðhvort að öllu leyti, eða þá að nokkru leyti. Mér dettur nú í hug, að þótt hér sé um framfaramál að ræða, sé hægt að hugsa sér að slíkar málaleitanir komi til þingsins síðarmeir.

Það hafa verið fluttir hér fram ljómandi fallegir spádómar um hvílíkt framfara- og hagsmunafyrirtæki þetta mundi verða fyrir bæinn og landlð alt í heild sinni, en eg verð að neita því að þetta sé rétt, hvað alt landið snertir. Eg held t. d. það sé nokkuð orðum aukið hjá þeim mönnum, sem fullyrða, að Reykjavík verði sjálfsagður milliliður landsverzlunarinnar við önnur lönd. Eg hygg, að stærstu verzlanirnar mundu halda eins eftir sem áður beinu viðskiftasambandi við önnur lönd, einkum þær, sem sem hafa sín eigin skip í förum, eða leiguskip. Eg sé engar líkur til þess, að þær muni telja sér það ábatavænlegra að hafa Reykjavík fyrir millilið. Og ef stærstu verzlanirnar skerast úr leik, þá er hætt við, að hagurinn, sem landið alt á að hafa af hafnargerðinni, fari að skerðast.

Eg verð að lýsa því yfir, að eg bind alls ekki atkvæði mitt í þessu máli að svo stöddu, en eg áleit mér skylt að gera grein fyrir því, hvers vegna eg gerði það ekki. Meðan landssjóður er ekki færari en nú er til þess að takast á herðar slík stórfyrirtæki, er engin von um fylgi mitt með málinu. Eg greiði því ekki atkvæði fyr en vissa er fengin fyrir því, að landssjóður sé fær um slík fjárútgjöld, jafnvel þótt það sé til nytsamra fyrirtækja.

ATKV.GR.

1. brtill. á þskj. 310 samþ. með 17 atkv.

Brtill. á þskj. 263 og fyrri brtill. á þskj. 232 því fallnar af sjálfu sér. 1. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. á þskj. 310 við 2. gr. samþ. með 16 : 1 atkv. Þar með fallin 2. brtill. á þskj. 232.

2. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

3.—10. gr. samþ. með 16 atkv.

11.—18. gr. samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þriðja umr., 29. marz (A. 323, 329, 364).

Sigurður Sigurðsson: Mér virðist, að mál þetta hafi, enn sem komið er, helzt til lítið verið rætt og athugað. Í sjálfu sér er málið stórmál og allþýðingarmikið fyrir þennan bæ og jafnvel landið í heild sinni. Það fer fram á stórfeld útgjöld fyrir landssjóð í beinu fjárframlagi, alt að 400,000 kr. og auk þess er gert ráð fyrir, að landssjóður ábyrgist yfir 1 miljón króna fyrir bæinn. Hér er því ekki um neinar smáupphæðað ræða.

Bæjarstjórnin hefir haft þetta mál til meðferðar og komið því, með tilstyrk þm. bæjarins, inn á þing. En að öðru leyti hefir bæjarbúum ekki gefist kostur á að segja álit sitt um málið. Hefði þó verið ástæða til að bera þetta mál undir borgarafund, og mig undrar það, satt að segja, að það hefir ekki verið gert.

Þegar ráðist er í fyrirtæki, sem hafa mikinn kostnað í för með sér, er skylt

fyrir þá, er halda þeim fram, að gera sér og öðrum ljóst, hver hagsmunavon er að slíkum fyrirtækjum. En þessi hlið á hafnargerðarmálinu hefir enn ekki verið nægilega skýrð. Því hefir að vísu verið haldið fram, að hafnargerðin hefði þau áhrif meðal annars, að vörur, er hingað flytjast til bæjarins, mundu verða ódýrari en nú á sér stað, með því að öll afgreiðsla, svo sem ferming og afferming skipa o. fl. yrði þá miklu greiðari og kosnaðarminni. Skipin þyrftu þá ekki að tefjast hér vegna veðurs o. s. frv.

Það kann að vera nokkuð hæft í þessu, en á hitt er einnig að líta að samkvæmt frumv. leggjast allþung gjöld á skipin, er nota höfnina, og vörurnar í þeim. Í 10. gr. frumv. er talað um lestagjald, vitagjald, vörugjald o. s. frv. sem greiða á af þeim skipum og bátum, er hafna sig á hinni nýju höfn, til þess að standast kostnaðinn við hafnargerðina. Þessi gjöld leggjast vitanlega á vörurnar beinlínis og óbeinlínis og hækka þær í verði.

Þá er gert ráð fyrir því, að þegar höfnin er komin og fullgerð, þá komist hér á fót stórkaupasala og vöruupplag. Reykjavík verður þá miðstöð allrar verzlunar landsins, Það má vel vera, að sú verði raunin á og betur færi að svo yrði. En vekja vil eg athygli á því, að til þess að einhver von geti verið um þetta, þá verður að gera hafnarnotkunina aðgengilega. En nú óttast eg að gjöld þau, er 10. og 11. gr. frv. ráðgera, verði svo þungbær í sjálfu sér, að þau fæli menn frá að nota höfnina. En fari svo, verður hafnargerðin ekki að tilætluðum notum. Komi það í ljós, að útgjöldin við það að nota höfnina þegar hún er fullgerð, verði svo mikil, að það þyki eigi svara kostnaði, er ver farið en heima setið. Afleiðingin af því getur þá orðið sú, að hafnargerðin beri sig ekki.

Eg hefi bent á þetta til athugunar, án þess eg fullyrði neitt í þessu efni. En þetta og fleira gefur mér ástæðu til að ætla, að hér sé ýmislegt enn, sem ekki er athugað sem skyldi.

Framsögumaður, háttv. 2. þm. Rvk (M. B.) var eitthvað að minnast á hafnargerð austanfjalls við 2. umr. þessa máls hér í deildinni og að setja hana í samband við hafnargerð hér í Reykjavík. Eg held nú að það sé óþarft, enda ástæðulaust að vera að setja hafnargerð hér í samband við væntanlega höfn í Þorlákshöfn. Eg hefi það fyrir satt, að hafnargerð í Reykjavík hafi engin áhrif á það, hvort höfn verður gerð austanfjalls. Mér þykir líkur til, að höfn komi í Þorlákshöfn, að öllu forfallalausu, hvað sem hafnargerðinni hér líður. Það er að vísu ekkert fastákveðið um það, en fullar horfur á, að svo verði áður mjög langt um líður.

Að öðru leyti skal eg taka það fram, að höfn í Þorlákshöfn hefði ólíkt meiri þýðingu fyrir sýslurnar austanfjalls, heldur en þó höfn yrði gerð hér í Rvík. Hitt skilst mér jafnframt, að það mundi að sumu leyti til ógagns fyrir Reykjavíkurbæ, ef höfn kæmi austanfjalls. En þó ekki nema að sumu leyti. Höfn í Þorlákshöfn mundi verða til góðs þilskipaflotanum frá Faxaflóa. Það hlyti oft að koma sér vel fyrir fiskiskipin, að geta leitað hafnar þar í slæmum veðrum. Og það gæti einnig komið til tals, að fiskiskipin héðan legðu fisk sinn þar á land. Það sparar þeim ferð hingað, þegar þau eru á fiskiveiðum í Eyrarbakkabugtinni. Í stað þess að fara með aflann hingað og eyða til þess mörgum dögum, jafnvel viku til hálfum mánuði, gætu þau, með því að leggja fiskinn á land í Þorlákshöfn, komist af

með 2—3 daga. Eru skipin þá óðara aftur komin út á fiskimiðin og með því lengdur sá tími, er þau eru að fiskiveiðum. Sjá allir, að hér er um stórt hagnaðaratriði að ræða.

Hins vegar kannast eg við það, að hafnargerð í Þorlákshöfn er ekki einhlít fyrir þennan bæ, og að hér muni þurfa að gera höfn, hvernig sem fer um hafnargerðina austanfjalls. En þá er að athuga það, hvort Reykjavík ekki getur fengið *ódýrari* höfn en þá, sem ráðgerð er með frv. Sú hlið málsins hefir enn ekki komið fram við umr. hér í deildinni. Það er sem sé kunnugt, að komið hefir til tals að gera höfn við Skerjafjörð, er ekki mundi kosta neitt svipað því, sem hér er um að ræða. Mér virðist fullkomin ástæða til að benda á þetta.

Hvað breytingartillögur minár snertir, þá hefi eg farið fram á það, að fjárframlagi landssjóðs sé skift niður á 4 fjárhagstímabil eða 8 ár. Tel eg það hagkvæmara fyrir landssjóðinn, og jafnvel líka fyrir bæinn. Ef vinnunni við hafnargerðina er skift á mörg ár, geta bæjarmenn miklu fremur en ella notið hennar. Ef á að reka mikið áfram á fáum árum, verður óumflýjanlegt að fá vinnukraft annarsstaðar frá. Þetta hljóta allir að sjá og kannast við. Fyrir því álít eg miklu hyggilegra og affarasælla, bæði fyrir landssjóðinn og bæjarbúa, að verkinu sé ekki hraðað um skör fram, heldur unnið smátt og smátt.

Þá hefi eg komið með breyt.till. um lánsupphæðina, að hún sé færð niður í 800,000 kr. úr 1200,000 kr. Virðist mér það meir en nóg fyrir bæinn að taka að sér ábyrgð á þeirri upphæð, að minsta kosti til að byrja með. Eg er ekki með þessu að gera lítið úr gjaldþoli bæjarins. Hinu er ekki hægt að mótmæla, að bærinn hefir þegar færst allmikið í fang, og mun jafnvel naumast á það bætandi.

Benda vil eg háttv. flutnm. máls þessa á það, hvort eigi geti komið til mála, að erlend útgerðarfélög og kaupmenn, innlendir og útlendir, sem mundu nota mikið höfnina, legðu eitthvað af mörkum fram til fyrirtækisins. Mér hefir skilist, að það muni eigi hafa verið farið fram á slíkt, en væri nokkuð á móti því, að leita fyrir sér í þessu efni?

Loks vil eg geta þess, að lántaka til hafnargerðarinnar ætti helzt að bíða í þetta sinn. Áður langt um líður mun verða farið fram á það, að alþingi veiti landsstjórninni heimild til stórrar lántöku til arðvænlegs fyrirtækis. Á eg þar við hina fyrirhuguðu Flóaáveitu. Færi þá bezt á því, að þessi lán — til hafnargerðarinnar og Flóaáveitunnar — væru tekin undir eins og í sama stað. Það gæti meðal annars orðið til þess, að lánið fengist þá með betri kjörum en ella.

Eg býst nú við að sagt verði, að þessar breyt.till. mínar miði að því, að spilla fyrir hafnargerðinni hér. Þeir um það, er það segja. En fyrir mér vakir það eitt, að hér sé alt sem bezt athugað og undirbúið, og að landssjóði sé ekki með þessari lánsábyrgð stofnað í hættu. Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að tillögur mínar verði samþyktar.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Hér eru komnar fram 2 brtill. við þetta frumv. Um breytingarnar, sem stungið er upp á á þgskj. 329, þarf eg ekki að fara mörgum orðum. Eg get lýst því yfir, að nefndin mun geta gengið að þeim. Þær miða að eins til þess að færa frv. til betra máls, og get eg því leitt hjá mér að tala frekar um þær.

En um brtill. á þgskj. 364 neyðist eg til að fara nokkrum orðum, og þá um

leið ræðu háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Og eg verð að segja það, þótt mér þyki það leitt, að það lítur helzt út fyrir það, að hann hafi ekki vel skilið það, hvað hann var að fara með. Ræða hans virtist bera það með sér, að hann hafi ekki litið í plögg þau, er frammi hafa legið í málinu, eins og t. d. hafnarnefndarálitið o. fl. Ef þingm. hefði gert það, þá er næsta ótrúlegt, að hann skuli koma með jafnmiklar fjarstæður, eins og hann gerði. Hann byrjaði á því, að segja að þetta væri stórmál, og það er satt. Það er óefað eitthvert stærsta málið, sem fyrir þinginu liggur. Hann sagði, að það hefði verið lítið rætt af þinginu og af bæjarbúum. Hann vék að því, að ekki hefði verið haldnir um það borgarafundir, og skildist mér svo, sem hann þættist óviss um vilja bæjarbúa í þessu efni. Það er nú að vísu satt, að ekki hafa orðið langar umræður um málið hér í deildinni enn sem komið er, það var strax sett í nefnd, og hefir hún haft það til rækilegrar meðferðar á mörgum fundum. Þess vegna er ekki rétt að segja, að það sé sama sem ekkert rætt. Og það má ganga út frá því sem gefnu, að þótt það hafi ekki verið meira rætt í háttv. deild en þetta, þá kemur það ekki af öðru en því, að flestum háttv. þm. mun vera það ljóst, hve mikið nauðsynjamál þetta er, og svo hinu, að háttv. deild hefir borið það traust til nefndarinnar, að þeir þykjast nokkurn veginn geta reitt sig á, að hún muni hafa athugað það rækilega og ekki ráða háttv. deild til annars en þess, sem óhætt er. En viðvíkjandi því, hve lítið málið hafi verið rætt á borgarafundum hér, skal eg minna á það, að það lá fyrir öllum þingmálafundum fjórum í vetur og var rætt þar nokkuð og samþykt á þeim öllum með hverju einasta greiddu atkv., og mun vera óhætt að telja þau 12—1400. Það nær því engri átt, að segja, að mál þetta sé lítið rætt, þar sem það hefir verið nálega daglegt umræðuefni á götum úti og í húsum inni hvar sem 2 eða 3 bæjarbúar hafa verið saman komnir, eins og háttv. þm. vel mátti vita, og þurfti hann því ekki að koma svo ókunnuglega fram. Þá mintist hann á það, að ekkert væri sagt um það, hvaða tekjur fyrirtækið kynni að gefa af sér, er það væri komið á stofn. Hér kennir aftur hins sama, að hann hefir ekki lesið málsskjölin. Í nefndaráliti hafnarnefndar stendur greinilega um þetta, og skal eg benda honum á það, ef hann vill lesa það. Hann benti á það, að mörg gjöld væru talin upp í frv., sem sjálfsagt mundu gera vörurnar miklu dýrari, og skildist mér svo, sem hann bæri kvíðboga fyrir því, að þetta kynni að verða svo mikið, að það yrði fráfælandi fyrir skip að koma hingað og nota höfnina, og efaðist því um, að nokkur bót yrði að þessu. Og af þessum ástæðum vildi hann ekki leggja mikið upp úr þeirri skoðun vorri, að þetta væri fyrsta sporið til þess að koma hér á fót stórverzlunum, og yfirleitt að gera verzlun vora sem mest innlenda. Það er ætíð létt verk að kasta fram órökstuddum sleggjudómum, og það máske allra hægast, þegar menn hleypa sér út í að tala um málefni, er þeir bera lítið skynbragð á, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum vilja þó til lífs, því ef menn vilja góðu fyrirtæki illa, þá má ef til vill með slíkri aðferð gera það tortryggilegt í svip, svo að hik komi á menn. En hér er þó um svo gott mál að ræða, að eg hygg, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) þurfi ekki að ætla sér þá dul, að hann með framkomu sinni gegn málinu í dag geti unnið því það slys, sem framkoma hans þó virðist benda til.

Þar sem hann óttaðist, að svo há gjöld yrðu lögð á skipin og að það yrði þeim því svo dýrt að nota höfnina, að tvísýnt væri hvort vörurnar þyldu það, og mundi það fæla menn frá því að nota höfnina og gera hana þannig ónýta, — þá er því til þess að svara, sem háttv. þm. hefði átt að aðgæta sjálfur, að gjöldin sem hafnarnefndin leggur til að lögð verði á vörurnar, eru fyrirfram nákvæmlega yfirveguð og borin saman við þann kostnað, sem verið hefir við að koma þeim hér á land. Og gjaldið verður þó lægra en það, sem kaupmenn greiða nú fyrir uppskipun etc. En þótt svo færi, að til þess þyrfti að grípa, að gjaldið yrði jafnhátt og nú, þá vona eg að allir verði mér samdóma um það, að hagnaðurinn af þessu mannvirki á hinn bóginn verði óefað svo mikill, að ekki sé horfandi í þann kostnað. Háttv. þm. mintist á höfnina austanfjalls og það, að hún stæði ekki í neinu sambandi við þetta. Um það er eg honum samdóma, en ekki um hitt, að sú höfn yrði nokkurntíma að notum fyrir Faxaflóa fiskiskip. Þau mundu aldrei fara að leggja þar upp afla sinn og annað, né sækja þangað útgerð sína á neinn hátt, að minsta kosti ekki í langri framtíð.

Þá er enn það, hvort ekki væri hugsanlegt að koma hér upp ódýrari höfn, en þeirri, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og nefndi þm. í því sambandi Skerjafjörð. Ef háttv. þm. er það ekki kunnugt áður, þá skal eg geta þess, að Smith hafnarverkfræðingur frá Kristjaníu, sá er gert hefir uppdrættina að höfninni, hefir athugað bæði þann stað og aðra hér nærlendis. Og maður þessi, sem að dómi þeirra manna, er hann þekkja bezt, er vel fær að dæma um slíka hluti, þar eð hann hefir bæði til að bera sérþekking og reynslu, hann álítur að ekki geti komið til mála að gera höfnina annarstaðar en þar, sem nú er ætlast til að hún verði. Í fyrsta lagi mundi það verða miklu dýrara en menn héldu, og í öðru lagi eru á hinum öðrum stöðum, er nefndir hafa verið, þeir annmarkar, sem gera það alveg óhugsanlegt, svo sem hætta við ís, örðug innsigling vegna skerja, sem sumstaðar yrði að sprengja burtu, ásamt mörgu fleiru.'

Eg geri ráð fyrir því, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hafi séð í reikningum hr. Smiths að bent er á að gera mætti hér höfn fyrir minna fé, ef ekki væri kleift að leggja nú þegar út í að byggja fullkomna höfn. En til þess höfum við ekki ráð, því að hún kæmi oss aldrei fyllilega að notum, eins og hin fullkomna höfn mundi gera. Þessvegna hefir hvorki bæjarstjórn né nefndinni komið til hugar að sætta sig við slíkt hálfverk.

Þá er að minnast á brtill. háttv. þm. við 1. gr.. um að þessi 400 þús. kr. greiðist bæjarstjórninni úr landssjóði með 50 þús. kr. á ári næstu árin. Þetta á að vera gert vegna þess, að líkindi eru til þess, að svo mikið verk standi lengi yfir, en ef svo væri ekki, þá þyrfti að leita út fyrir bæinn eftir vinnukrafti, og það telur hann óheppilegt. Hann hefði nú getað sparað sér alt fimbulfamb um þetta efni, sem aðrir eru búnir að taka fram áður, ef hann hefði lesið hafnarnefndarálitið. Þar stendur skýrt að ætlast sé til að upphæðin greiðist á c. 8 árum *(Sigurður Sigurðsson:* Nefndarálitið er ekki lög). Satt er það, en á því er þó frumvarp þetta bygt. Og þetta verður ekki heldur gert á skömmum tíma, — ekki skemmri en 6—8 árum, og er því þessi aths. óþörf, þar sem málið er jafnskýrt. Þá mælti hann mikið með því, að landssjóðsábyrgðin væri færð niður úr 1200 þús. kr. í 800 þús. kr. Hann talaði nú raunar um lán, en hér

er aðeins að ræða um ábyrgð á láni. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er nú skylt). Eins og hér stendur á, er það að minsta kosti alveg sitt hvað. Hann studdi þessa tillögu sína við það, að bærinn hefði færst svo mikið í fang á síðustu árum — vatnsveituna, gasið o. fl. — að ekki væri miklu á bætandi. Eg skal játa að hér var um stórfyrirtæki að ræða, en eg vona að allir, og jafnvel þm. sjálfur, geti verið mér samdóma um það, að það sé ekki rétt að gefa í skyn, að hér hafi verið um eyðslufé, og þá meiri eða minni óþörf fyrirtæki að ræða, með því að hér var um bráðnauðsynleg og í fylsta máta þörf fyrirtæki að ræða, sem sýnilega verða arðvænleg bæjarfélaginu. Þessvegna verð eg að líta svo á, að með því að eignast þessi miklu og góðu mannvirki, vatnsveituna og gasstöðina, verði bærinn mun betur stæður en áður, og þá ætti að vera þeim mun óhættara að veita honum lán. Þetta veit hinn háttv. þm., og eg vona að hann kannist við það.

Þá gerði hann fyrirspurn um það, hvort nokkuð hefði verið leitað til félaga, innlendra eða útlendra, eða þá einstakra auðmanna um fjárstyrk til þessa fyrirtækis. Því skal eg svara skýrt og skorinort, að eg veit ekki til að nokkrum manni hafi dottið slíkt í hug, nema 2. þm. Árn. (S. S.). *(Bjarni Jónsson:* Heyr!) Eða hefir háttv. þm. gert sér ljósa grein fyrir því, hverja þýðingu og óhollar afleiðingar slíkt mundi hafa? Ef bæjarstjórnin hefði tekið það ráð, þá efast eg ekki um það, að hægt hefði verið að fá eitthvert fé, en það mundi hafa orðið ýmsum skilyrðum bundið, og eg ætla þingmanninum sjálfum að sjá það, hvort slík skilyrði mundu hafa orðið aðgengileg fyrir bæinn. Hann veit að þegar slíkur styrkur fæst frá öðrum þjóðum, þá vilja þær hafa ýms hlunnindi í staðinn, og þá getur farið svo áður en varir, að þeir fái um of tök á, eða umráð yfir slíkum mannvirkjum. Annað eins og þetta er stórhættulegt og væri hægt að útlista það nánar, en eg sleppi því tímans vegna, vil aðeins geta þess að slíkt má ekki heyrast né koma fyrir.

Þar sem þm. leggur það til, að færa niður lánsábyrgðina, þá mun það hafa vakað fyrir honum, að þetta kynni að vera varlegra fyrir landssjóð, líklega af því að bærinn væri tæplega fær um að standa straum af þessu. En áhætta landssjóðs við þetta er engin, og vona eg að þm. verði mér samdóma um það við nánari athugun, því að hér er ekki um það að ræða fyrir bæinn að leggja út í fyrirtæki, sem ekki er búist við að beri sig, og meira en það, þegar frá líður. Áhættan ætti eiginlega að vera mest fyrir bæinn sjálfan, ef um nokkra áhættu væri að ræða, en bæjarmenn eru þess fullvissir, að eftir nokkur ár verði beinu tekjurnar af höfninni orðnar svo miklar, að þær borgi að minsta kosti vexti og afborganir, að ótöldum öllum hinum óbeina hagnaði, er fyrirtækinu hlýtur að fylgja.

Að vísu er eg ekki við því búinn, að sanna þetta með órækum tölum, enda þarf þess ekki. Reikningur hafnarnefndarinnar sýnir það, að ekki þarf að hækka gjöldin til þess að svona fari, og að öllu er óhætt.

Það sem aðallega vakti fyrir bæjarstjórninni, þegar hún fór fram á það, að landssjóður ábyrgðist þetta lán, var ekki það, að ómögulegt væri að fá það án milligöngu eða ábyrgðar landssjóðs, heldur hitt, að með því að njóta hennar voru allar líkur til þess, að lánið fengist með vægari kjörum en annars. Það segir sig sjálft, að þótt fyrirtækið gefi ekki af sér þær tekjur á fyrstu árunum, sem hrökkvi fyrir vöxtum, afborgunum og viðhaldskostnaði, þá verður bærinn

sjálfur að leggja til það sem á kynni að vanta og það ætti ekki að vera erfitt fyrir hvern sem athugar hag þessa bæjar, að gera sér það ljóst, að hættan er engin við landssjóðsábyrgðina. Eg skal játa, að það gæti orðið varasamt, ef stórslys, eins og jarðskjálfta eða eldgos bæri að höndum, ef bærinn hryndi eða annað því, um líkt. En þá væri nú hætt við því, að ekki yrði mikið varið í landsins ábyrgð heldur, svo að lítið þýðir að gera ráð fyrir slíku. Eg vona því að allir sjái og játi, að óttinn við ábyrgðina er ekki á rökum bygður, bærinn stendur á bak við með allar sínar eignir og höfnina, sem verður arðvænlegt fyrirtæki.

Eg sé svo ekki ástæðu til þess, að segja meira að svo stöddu. Frumvarpið hefir átt því láni að fagna, að háttv. deild hefir tekið því vel, og eins vona eg nú, að menn greiði götu þess við þessa atkv.gr. — En um breyt.till. á þgskj. 364 verð eg fyrir mitt leyti að segja það, — og reyndar nefndin líka — að eg legg fastlega til að þær verði feldar. Skal eg svo ekki fjölyrða meir að sinni.

Björn Sigfússon: Eg ætlaði að benda á það, að óþarft er að vera að ræða þetta mál öllu meira. Það hefir enga þýðingu að ræða um 400 þús. króna tillag úr landssjóði, þegar allir vita að féð er ekki til. Ef ganga má út frá því sem vissu að málið sé gætilega undirbúið með fullri þekking og viti, þá trúir maður því að hér sé um mikið hagsmunamál að tefla, sérstaklega fyrir þennan bæ og fiskiflota Suðurlands.

Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) sagði við 2. umr., að höfnin yrði til stórhagnaðar fyrir alt landið, en hann gleymdi að færa rök fyrir því. Hitt geta allir séð, að það mundi verða eitthvert stórfenglegasta atvinnumál fyrir Reykjavík og grendina, meðan hafnargerðin stæði yfir. Að gagnið yrði eins almennt fyrir alt landið, eins og háttv. þm. sagði, liggur ekki í augum uppi. Hvað mundi t. d. Stykkishólmur, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður nota höfnina hér? Allir þessir staðir, og nokkrir fleiri hafa ágæta höfn og bryggjur, sem hafskip liggja við. Eg held því að það sé rétt að hún yrði sérstaklega Sunnlendingum að notum.

Það er bót í máli, að líklega er vel kleift að koma þessu mannvirki í framkvæmd þó frumvarpið falli, ef það er rétt sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði við 2. umr., að höfnin mundi margborga sig, og að hægt væri að fá til þess lán í Noregi. (*Bjarni Jónsson:* Þingmaðurinn gleymir að eg sagði, að það væri hægt upp á ábyrgð landssjóðs). Eg hefi sízt á móti því, að landssjóður gæfi ábyrgð gegn nægri tryggingu, en eg bendi á þetta þeim til huggunar, sem eru hræddir um málið, ef þingið gefur ekki stórfé til þess. Í stuttu máli: landssjóður getur ekki lagt fram fé, sem ekki er til, og úr því hafnargerðin er talin stórgróðafyrirtæki og hægt að fá lán til þess, þá eru vandræðin engin.

Bjarni Jónsson: Eg skal ekki gera það oftar að drepa mig fyrir tímann, því eg veit að margir verða til að sparka yfir moldum mínum, heldur skal eg reyna að molda aðra.

Eins og eg þykist sagt hafa við 2. umr., þá er þetta mesta nytsemdarfyrirtæki fyrir alt land. Eg skal t. d. benda á það, að góð höfn í Reykjavík mundi verða til þess, að stórkaupmenn mundu setjast hér að. Reykjavík mundi verða miðstöð íslenzkrar verzlunar. Hér mundu kaupmenn út um landið geta keypt inn vörur sínar og margir byrjendur gætu fengið hér lán hjá stórkaupmönnum, af því þeir þektu þá og meðmælendur þeirra, þótt hinir sömu menn gætu ekki fengið lán erlendis, þar sem þeir væru óþektir og skortir nægi-

leg meðmæli. Svo hefir farið fyrir tugum manna, að þeir hafa lent í klónum á erlendum umboðsmönnum, sem svo taka af þeim þeirra síðasta skilding. Við vitum og þekkjum mörg dæmi þessa. Einn þeirra hefir 30—40 á samvizkunni. Mundi því verða mikill óbeinn hagnaður af því, að þessir menn skifta við menn sem þekkja þá, og yrði sá hagnaður ekki að eins fyrir Reykvíkinga, heldur og fyrir alt landið og t. d. Ísfirðinga og Eyfirðinga. Mætti þá haga strandferðunum öðru vísi, hafa minni báta og haga ferðum eftir þörfum landsmanna, og bátarnir að vera eign þeirra sjálfra. Að höfnin mundi gera þær umbætur á íslenzkri verzlun, að hún yrði alíslenzk, fyrir því þarf ekki að færa ástæður; sú reynsla er alþekt um allan heim.

Eg játa að það, sem eg segi um hafnarmálið, það byggi eg ekki á eigin þekkingu, heldur fer eftir orðum annara manna. Eg hefi átt tal við G. Smith, umsjónarmann yfir höfnum í Noregi. Hann sagði, að við þyrftum ekki að vera hræddir um það, að höfnin mundi ekki borga sig. Væri sú reynsla um allan Noreg. Hann sagði, að sína tíð hefðu áætlanir hans allar staðið og allar hafnir, sem hann hefði gert, hefðu borgað sig. Það mundi gera þá breytingu á verzluninni, ef höfn væri gerð hér, að verzlunin mundi nást úr höndum útlendinga. Ágóði danskra manna af verzluninni hér mun nema 3 miljónum króna árlega. Þetta hefi eg ekki reiknað út sjálfur, heldur Tulinius, sem menn munu kannast við hér og sem er hálfur Íslendingur og hálfur Dani. Hann nefndi að eins $2^1/_2$ miljón, en ekki munu þó 3 milj. ofreiknað. Þessi ágóði mundi ganga inn í landið og græðast hér. Mundi landið á 2—3 áratugum leysast úr þessu bandi. Svona var ekki ástatt í Noregi. Það land þurfti ekki að leysa úr útlendum verzlunarfjötrum. Þess vegna sagði hann, að ekki væri efi á því, að höfnin mundi borga sig, þó það væri ekki sýnt með tölum, þá væri það sannað af alþjóðareynslu. Þegar eg var ritstjóri að Ingólfi, þá stakk eg upp á því, að bygt væri ofan á grandann, sem liggur út í Örfirisey, og síðan hlaðinn garður út af hinu svo kallaða Batterii. Gerði eg þá ráð fyrir. að það myndi kosta 2 milj. króna. Síðan hafa komið fram rök fyrir, að þetta sé ekki spádómur einn, heldur sé það nærri sanni.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) dró þá ályktun, að ekki væri þörf á þessum 400 þús. króna, þar eð lán gæti fengist í Noregi, en það er ekki sjálfsögð afleiðing. Eg skal ekki koma með neina títuprjóna, en alþingi Íslendinga væri meira en meðalskömm að láta bæinn einan ráðast í þetta fyrirtæki. Það væri þjóðarskömm. Hinir háttv. þingmenn gleyma því, að ef höfn væri hér í Reykjavík, þá þyrftu bændur ekki að geyma hesta sína uppi í Gröf í hálfan mánuð, heldur gætu þeir rekið þá beint af hafnargarðinum og út í skipið. Það er ef til vill ekki hægt að segja um hesta, að þeir skemmist, en aftur á móti er svo um fé. Svo er margt fleira, sem hægt er að benda á. Maður kemur t. d. með glænýtt smjör austan úr Rangárvallasýslu. Hann veit að skipið fer á ákveðnum degi og getur hagað sér eftir því; þarf hann þá engan aukakostnað að hafa. En nú þarf hann að bíða 2—3 daga eða lengur, eða þá að fá aðra menn fyrir sig. Þá ættu og Borgarfjörður og Breiðifjörður að hafa sérstakan bát, sem hefði viðkomustaði um allan fjörðinn. Sparaðist þá margt dagsverkið, og menn væru þá ekki bundnir við kaupstaðaholurnar. Mundi það endurbæta verzlunina um alt land. Hvers vegna vilja menn þá ekki að

landið taki þátt í þessu að þriðjungi? Skeð getur það, að sumir menn vilji ekki láta Reykjavík njóta þessara hlunninda. Reykjavíkurbúar eru þó $^1/_8$ hluti allra landsmanna.

Tillaga háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.) er einungis til að gera kostina óaðgengilegri og finst mér það einna líkast því, þegar storkurinn bjó tóunni mat í stútmjórri flösku. Að ábyrgjast að eins nokkurn hluta fjárins og að vera svo að mjatla það úr sér á 8 árum, er til lítilla nota.

Eg ímynda mér, að þessir menn hafi ekki gert sér það ljóst, hve hættulegt er að hafa slík fyrirtæki lengi með höndum, því að á því tapast rentufé alt, sem af peningunum yrði, þangað til höfnin er búin.

Eg vona því. að háttv. deild felli tillögur háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) og samþykki sömu framlög og síðast, en hnýti ekki aftan í þau skilyrðum, sem gera tilboð landssjóðs algerlega óaðgengilegt.

Jón Magnússon: Eg er samdóma háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) um það, að ekki þýði að halda langar ræður um þetta mál. Háttv. frams.m. (M. B.) og þm. Dal. (B. J.) hafa talað rækilega fyrir málinu yfirleitt, svo að eg get slept því.

Tillögur háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) eru óaðgengilegar og því líka hægt að spara sér miklar umræður um þær. Þó vil eg benda á það, að það er einkum skilyrðið, er hann vill setja aftan við 2. gr., sem er allsendis óaðgengilegt. Ef sú tillaga verður samþykt, þá er það alveg sama og að landssjóður neiti að ganga í ábyrgð, því þegar það er ákveðið, að ábyrgð sé að eins veitt gegn veði, sem alþingi samþykkir, þá er það ljóst, að stjórnin getur ekki gengið að neinu öðru en fullgildu veði, nema alþingi samþykki áður veðið og sé veðið fullgilt annars, þá er ábyrgðin ekki beint nauðsynleg.

Eg vil vænta þess, að háttv. þingm. taki þessa tillögu aftur, því að hún nær sýnilega lengra en hann hefir hugsað sér, þegar hann bar hana fram. Eg vil líka benda honum á, hversu óheppilegt það ákvæði er, að landssjóður skuli leggja fram 100 þús. kr. á ári, þangað til fjárveitingin er öll borguð, 400 þús., sem hann vill færa hana niður í. Það hefði að minsta kosti átt að standa alt að 100 þús. kr. á ári. Og vil eg því enn skjóta því til hans, hvort hann sé ekki fáanlegur til að taka till. aftur. Eg sé ekki, að mikið vinnist við hana. Hann þarf ekki að óttast, að höfnin komist á fljótar en svo, að ekki þurfi að leggja fram meira en 50 þús. kr. á ári. Ef til vill þyrfti að leggja fram meira en 100 þús. kr. fyrsta árið, en minna hin næstu, svo að það er mjög óheppilegt að hafa fast ákvæði um að 100 þús. kr. skuli útborgaðar árlega.

Eg skil ekki í því, hvernig stendur á, að háttv. þingm. vill lækka upphæðina, sem landssjóður ábyrgist, fyrst hann á annað borð er með því, að landssjóður gangi í ábyrgð. Eg get fullvissað hann um það, því að eg hefi dálítið haft með slíkt að sýsla, að það skiftir ekki máli, er farið er fram á lán á heimsmarkaðinum, hvort ræða er um 800 eða 1200 þús. kr., og hefir eigi neina þýðingu fyrir lánstraust landssjóðs annars.

Þar sem háttv. þm. sagði, að bærinn gæti safnað gjöfum til hafnarinnar, þá veit eg, að hann hefir verið að gera að gamni sínu og skal ekki fara lengra út í það.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en vil ennþá mælast til þess, að háttv. þm. taki till. aftur. Hún gat verið góð til að tala um hana, málið hefir ef til vill skýrst dálítið við það,

en eg sé eigi neitt unnið við, að hún verði samþykt.

Jón Þorkelsson: Það hefir nú verið sagt hér margt heldur þarft orð núna, svo að eg get sparað mér að halda langa ræðu. Mér dettur í hug, þegar eg lít á brtill. á þgskj. 364: Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Það sýnir sig vel, hve mikið er byggjandi á þeim orðum margra þm., að vandræðalaust sé fyrir Reykjavík að ganga í landssjóðinn, þar sem svo margir þm. séu búsettir hér. Eg er hræddur um, að hv. 2. þm. Árn. (S. S.) hafi hugsað sig búsettan austur í sýslum, þegar hann samdi þessar brtill., og hafi ekki séð hingað suður yfir heiði. Það eru nú komnar fram allmargar till. í þessu máli. Fyrst var stungið upp á 800 þús. kr. styrk úr landssjóði, nefndinni þótti þetta fullhátt og færði það niður í 600 þús. kr. Þriðja till. vildi, að landssjóður legði fram 600 þús. kr., en fengi hluta í ágóðanum í samræmi við tillagið. Þá er fjórða tillagan fra háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), um að landssjóður leggi fram 400 þús. kr. skilyrðislaust, en ábyrgðin sé færð niður í 800 þús. kr., úr 1200 þús. kr. Þó vill hann, að bærinn fulltryggi þessar 800 þús. kr., þegar hann er búinn að útvega sér 400 þús. kr. annarsstaðar frá og láta beztu veðin upp í það. Ef ábyrgðin á að vera fullgild, þá er engin þörf að leita til landssjóðs, það væri þá ekki skotaskuld, að leita til ýmissa peningastofnana. En bærinn leitar til landssjóðs, af því að það er sjálfsögð skylda hans að hlaupa undir bagga. Hér er ekki verið að tildra upp einhverju smáverki, sem hægt væri að heimta, að bærinn einn gæti gert. Það hefir sýnt sig ljóslega, að hann hefir ekki legið á liði sínu til framfarafyrirtækja og ýmsra stórvirkja nú hin síðari ár. Bærinn hefir komið á vatnsleiðslu, gaslýsingu o. fl. án þess að fara fram á eyristillag úr landssjóði. Þessi stórvirki voru almenn verk, þótt stórvirki sé, og ekki við annað að stríða en grjótið í jarðveginum, en nú á að fara að vinna að mannvirki, sem er öllu torsóttara. Hér á að fara að stöðva afl harðfengra höfuðskepna. Allir vita hvílík vandræði það hafa verið og eru að skifta við Reykjavík vegna hafnleysisins. Það verður dýrara að reka hér verzlun, heldur en víða annarsstaðar á landinu, vegna þessa. Það er alkunnugt, að skip hafa farist hér á höfninni eða rekið af henni í strand. Hvað lengi á höfuðstaðurinn að búa við hafnleysið? Að neita Reykjavík um höfn, er svo mikil fjarstæða, að það væri ekki öllu meiri fjarstæða að segja, að ekki væri annað fyrir hendi, en að flytja höfuðstaðinn að höfn. Það er harðleikið, að þar sem viðskiftin eru mest, að þar skuli menn eiga að búa við bera og opna strönd.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.), háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. Vestm. (J. M.), hafa ljóslega sýnt fram á það, hvílíkt gagn yrði að góðri höfn í Reykjavík fyrir land alt. Allir vita, að magnmestu héruð þessa lands, alt frá Skeiðarársandi og vestur að Breiðafirði, standa í nánu verzlunarsambandi við höfuðstaðinn, og yrði þessum héruðum því ómetanlegt gagn að höfninni. Það er alstaðar siður, að hið opinbera hlynni sem mest að höfuðstað hvers lands. — Það eru mörg dæmi til, að landssjóður hefir lagt stórfé til hafnbóta á útkjálkum landsins, t. d. hefir Blönduós, sem í raun og veru er engin höfn, notið góðs af þessu. Sama má segja um Akureyri og Stykkishólm. Þar lagði landsjóður $^1/_4$ á móti bæjarsjóði, til að gera mannvirki, hið sama og nú er í ráði, að samþykt verði hér. Það er líka annað þýðingarmikið atriði, sem menn verða að gera sér fullkomlega ljóst.

Hafnargerðin getur haft og á að hafa í för með sér, að peningarnir, sem í fyrirtækið eru lagðir, renni ekki til annara en landsmanna sjálfra. Mestur hluti efnisins er tekinn undan fótunum á okkur. Hér er um allt annað að ræða, en þegar er verið að hrófla upp húsafjalaköttum, sem efnið í er keypt dýrum dómum frá útlöndum. Í höfnina færi lítið af útlendu efni, vinnan svo sem öll ætti að verða í höndum landsmanna og peningarnir rynnu því í vasa þeirra.

Eg tók eftir því, að háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að þetta mál væri eigi dautt, þó málið félli á þessu þingi, og svo mætti koma því á fjárlögin. Þetta er rangmæli. Ef höfnina á að byggja, nægir ekki að eins heimild á fjárlögunum, heldur þarf ákveðin lagafyrirmæli, meðal annars um það, að menn séu skyldir að láta af höndum mannvirki og lönd, sem þurfa til hafnargerðarinnar.

Breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) er meinlaust orðagaman, sem ekkert skaðar, þó þær verði samþyktar.

Breyt.till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) á að fella, því verði hún samþykt, er málið ónýtt.

Sigurður Sigurðsson: Eg hélt ekki að það yrðu svona miklar umr. út af þessari breytingartillögu minni. En málið hefir skýrst talsvert við umræðurnar.

Háttv. 2. þm. Rvk (M. B.) sagði, út af þeim ummælum mínum að málið væri lítið rætt, að það hefði verið rætt og samþykt með öllum þorra atkvæða á þingmálafundum Reykjavíkur. En sannleikurinn í því efni er sá, að á fundunum urðu litlar umræður um málið, eins og við var að búast, þar sem svo mörg önnur stórmál voru til umræðu. Málið hefir því ekki fengið mikinn undirbúning á þeim fundum. Að öðru leyti hefir það ekki verið rætt, nema á 2 bæjarstjórnarfundum og samþykt þar, sem og eðlilegt var.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) sagði viðvíkjandi hafnarstæði á Skerjafirði, að hafnarverkfræðingurinn hefði litið á þann stað, en um það stendur ekkert í álitsskjali hans. Annars ætlaði eg ekki að mæla með Skerjafirði, en eg hefi heyrt sagt, að þar mætti gera ódýra höfn. Sami háttv. þm. sagði viðvíkjandi ábyrgð landssjóðs, að hún væri alveg hættulaus, því bærinn stæði á bak við með miklar eignir. En eins og menn vita, þá hefir bærinn undanfarin ár tekið mikil lán til ýmissra þarfafyrirtækja, og margir álíta, að hann sé ekki fær um að ráðast í meira að sinni.

Hvað viðvíkur hinni miklu þýðingu, sem hafnargerðin á að hafa fyrir landið alt, þá virðist mér vægast talað, að fyrir því hafi verið færð óljós og veik rök, og margt sem sagt hefir verið í því efni hafa vitanlega verið staðlausar fullyrðingar. Allir vita, að höfnin hefir mikla þýðingu fyrir Reykjavík og óbeinlínis fyrir aðra landshluta, en ekki nærri eins mikla og þingmenn hafa orð á gert.

Hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að einn hagnaðurinn við höfnina væri, að við gætum þá haft minni skip í förum. Eg held nú að rúmsjórinn sé sá sami, þó höfnin verði gerð og skil því ekki vel þessa röksemd hins háttv. þm.

Þegar um svona stór fyrirtæki er að ræða, þá hefði farið betur á, að tillögur um það hefðu komið frá stjórninni. Eg geri ráð fyrir, að bæjarstjórnin hefði rætt málið fyrst, en frá henni hefði það farið til stjórnarinnar og hún flutt það inn á þing.

Viðvíkjandi ummælum hv. þm. Vestm. (J. M.) skal eg taka það fram, að eg

get ekki orðið við tilmælum hans, að taka brtill. mína aftur. Það kann rétt að vera, að betra hefði verið, að þar hefði staðið »alt að« 100 þús. kr., en það gerir lítinn mun. En til þess þó að sýna samkomulagsviðleitni, vil eg mæta þingm. á miðri leið og taka aftur *síðustu* orðin í seinustu breytingartill.: »og alþingi samþykkir«, því eg sé, að það skaðar ekki tillögurnar. En jafnvel þó tillagan væri samþykt óbreytt, eða eins og hún er á þgskj., þá mundi það aldrei koma að neinum baga. Það eru allar líkur til að þing verði haldið 1912, og þyrftu því engin vandræði af að hljótast, þótt tillagan orðrétt yrði samþykt.

Eg skal ekki eyða tímanum með lengri ræðu. Vona eg, að deildin samþykki tillögur mínar, og hefir þá frumv. fengið þá búningsbót, sem það þurfti, bæði gagnvart landssjóði og landsmönnum yfir höfuð.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eg verð að mótmæla þeim ummælum hins hv. 2. þm. Árn. (S. S.), að bærinn hafi þegar tekið svo mikil lán, að tæplega sé á bætandi. Það er rétt, að bærinn hefir tekið nokkur lán, en það verður að greina á milli, til hvers lánin eru tekin. Lánin til vatnsveitu og gass geta ekki rýrt tiltrú og gjaldþol bæjarins. Bærinn stendur einmitt betur að vígi með því að hafa ráðist í þessi mannvirki. Það er sitt hvað að taka lán til arðvænlegra fyrirtækja eða taka lán til að hafa að eyðslufé.

Háttv. sami þm. (S. S.) talaði um, að eg og fleiri hefðu sagt, að af höfninni yrði bænum mikill hagnaður, en hann bætti því við, að mikið af þessu væri fullyrðingar út í loftið. Þessu má slá fram, og hvað getur hann um það sagt? Eg hygg, að rök mín og annara fleiri, er talað hafa með höfninni, sé svo sennileg, að ekki sé réttmætt að bera brigður á þau. Hins vegar er náttúrlegt, að þeir menn, sem ekki hafa viðan sjóndeildarhring, eigi bágt með að átta sig á því, hver hagnaður það er fyrir verzlun vora og sjávarútveg, að höfn komist á hér í Reykjavík.

Það, að málið hefði átt að koma frá stjórninni, eins og hinn hv. þm. sagði, það getur vel verið. En eg efast um, að þótt það hefði komið frá stjórninni, að það hefði verið betur undirbúið eða vænlegra til sigurs. Það er vel að gætandi, að þetta er ekki neitt augnabliksuppþot; það eru víst ein 14—15 ár síðan byrjað var að hugsa um að koma upp höfn hér í Reykjavík. Útlendur sérfræðingur hefir verið fenginn til að rannsaka málið og gera mælingar og áætlun um kostnað. Eg get því fullyrt, að málið er svo rækilega hugsað og undirbúið, sem kostur er og sanngjarnt er að heimta.

Í þessu sambandi skal eg benda á það, af því að margir þingmenn munu ekki hafa athugað hvaða tekjur landssjóður fær eingöngu frá Reykjavík, að þessar 400 þúsund krónur, sem ætlast er til að landssjóður leggi til hafnargerðarinnar, er því sem næst sú upphæð, sem Reykjavík greiðir árlega í landssjóð, eða með öðrum orðum: Reykjavík greiðir árlega sem næst $^1/_8$ af öllum tekjum landssjóðs. Það sýnist því ekki nema sanngjarnt, að landssjóður leggi eitthvað til bæjarins í staðinn.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en leyfa mér að óska þess, að úr því að hinn háttvirti 2. þingmaður Árn. (S. S.) tekur ekki aftur tillögur sínar á þgskj. 364, þá verði þær feldar, en frumv. sjálft, eins og það liggur fyrir, verði samþykt.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (364) við 1. gr. feld með 13 : 1 atkv.

1. breyt.till. (329) við 1. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

2.—5. breyt.till. (329) þar með sþ. án atkvgr.

2. breyt.till. (364) við 2. gr. feld með 15 : 1 atkv.

3. breyt.till. (364) við 2. gr. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

Jón Jónsson S.-M. greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum. Björn Jónsson var fjarverandi.

6. breyt.till. (329) við 18. gr. sþ. með 15 atkv. shlj.

Frumv. sjálft þannig breytt sþ. með 19 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Vegamál.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi. Fyrsta umr., 1. marz (A. 56).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það hefir ekki mikið að þýða að fjölyrða um þetta frumv. að svo komnu. Líkt frumv. þessu var borið upp á síðasta þingi, en fellt þá. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, er að vísu í dálítið annari mynd en frv. það, sem kom fram á alþingi 1909. Eg skal aðeins minnast á frv. fáum orðum, en ekki fara út í einstök atriði þess.

Frumv. er fram komið af almennri óánægju manna við vegalögin. Það hefir þótt mikið bresta á, að flutningabrautir væru afhentar í fullgildu standi. Eg veit dæmi til þess, að vegir hafa verið afhentir í því standi að þeir að missiri liðnu hafa verið ófærir með köflum, svo að kosta hefir orðið stórfé til að bæta þá. Þetta stafar vafalaust af því, að verkfræðingur landsins hefir ekki haft tíma til að líta eftir úttekt brautanna og trúað öðrum fyrir henni. Þessvegna er farið fram á, að úttektinni sé komið fyrir á annan hátt, eins og 2. gr. frv. sýnir. Það er ósanngjarnt og stríðir á móti anda laganna, að héruðunum séu afhentir vegir, er þurfa nauðsynlegrar viðgerðar við þegar á næsta missiri eftir afhendinguna. Þetta kannast margir við og þótt ekki kæmi annað til greina en ákvæði vegalaganna um úttekt veganna, þá er það svo athugavert mál, að nauðsyn er að ráða bót á því, og vona eg að hin háttv. þingd. sýni þá velvild að skipa nefnd í málið.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg bjóst við því, að hinn háttv. flutningsm. mundi koma með betri skýringar við frv. Í mínum augum er 1. gr. frv. þess eðlis, að fyrir þá grein er frumv. með öllu óaðgengilegt. Með þeirri gr. er farið fram á að létta af héruðum á einu svæði landsins lögskipaðri viðhaldsskyldu. Verði þetta að lögum, leiðir af því, að viðhald allra flutningabrauta á landinu lendir á landssjóði. Við öðru er ekki hægt að búast. Eg vil beina þeirri spurningu til hins háttv. flutningsm., sem

sjálfur á sæti í fjárlaganefndinni, hvort fjárhagur landsins sé svo, að þetta yrði ráðlegt eða tiltækilegt. Eg geri varla ráð fyrir, að spurningunni verði svarað játandi. Eg skal ekki orðlengja meira um frv., en þrátt fyrir það, þótt einhver bót kunni að vera í öðrum gr. frv., þá þykir mér 1. gr. þess ein ærin til að greiða atkv. á móti frv. og till. um að setja nefnd í það. Og það mun eg gera.

Flutningsm. (Sig. Sigurðsson): Eg skal taka það fram, að þetta frv. stendur ekki í sambandi við fjárhag landsins. Þótt 1. gr. frv. fari fram á, að viðhald á stuttum brautarkafla sé létt af viðkomandi héruðum og flutt yfir á landssjóð, þá er þess að gæta, að öll sanngirni mælir með því, að landssjóður kosti viðhald þessara brauta, þegar af þeirri ástæðu, að þær sýslur, sem hér eiga hlut að máli, njóta einkis góðs af fé því, sem úr landssjóði er veitt til samgangna á sjó. En eg skal ekki fara lengra út í þessa sanngirniskröfu, heldur benda á, að þótt sýslurnar losni við viðhald þessarar brautar, þá hvílir samt á þeim mikið viðhald annara vega.

Eg legg ekki svo mjög mikla áherzlu á 1. gr. frv. Aðalatriðið er 2. gr., ákvæðið um afhending og úttekt brautanna. Það ákvæði er framkomið af því, að meðal manna er megn óánægja út af því, að verkfræðingur landsins skuli vera algerlega einvaldur um úttekt brautanna, sem æði oft fer fram af handahófi. Brautirnar stundum afhentar án þess að þær séu í fullnægjandi standi.

Það er því nauðsynlegt að skipa nefnd í málinu, og skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Skýringar háttv. flutningsm. (S. S.) hafa ekki þau áhrif, að eg verði fremur hlyntur frumvarpinu en áður. Hann gerði ekki mikið úr þeim áhrifum, sem þetta hefði á hag landssjóðs, og ef svo er, þá væri þetta ekki jafn þýðingarmikið fyrir héruðin og hinn háttv. þm. lætur í veðri vaka. Byrðin að viðhaldsskyldunni yrði þá ekki svo mjög þungbær fyrir jafn fjölbygðar sveitir. Þótt hinn háttv. þm. léti í ljósi, að samskonar ívilnanir mundu ekki verða veittar öðrum héruðum landsins, þá er eg því ekki samdóma, því að það yrði bein afleiðing, að landssjóður tæki að sér viðhald annara flutningabrauta. Að tiltölu við fólksfjölda bera þessi héruð langt frá meira en önnur héruð. Til eru héruð, sem bera fjórfalt meira í samanburði við fólksfjölda. Og þótt óánægja sé með gjaldið hjá sýslubúum, þá er það algengt. En það væri hart, að þau héruð, sem mestu hefir verið kostað til, greiddu ekkert fyrir samgöngubætur, sem þau hafa fengið úr landssjóði.

Einar Jónsson: Eg bjóst við því, að háttv. deild yrði 1. gr. frv. þyrnir í augum. En þess ber að gæta, að hér er um þau sýslufélög að ræða, sem engin not hafa af strandferðunum. Í annan stað er hér um að ræða stærstu flutningabrautir á landinu og 2 hinar stærstu brýr, og að þær eru notaðar mikið af öðrum en þessum 2 sýslum.

Að við flutningsmenn frv. höfum sett í það þessa 1. gr., kemur af því, að á þingmálafundum í okkar kjördæmum kom fram eindregin og megn óánægja gegn þessari viðhaldsskyldu sýslnanna, og óskað að þetta yrði lagfært.

Á þinginu 1909 var borið upp líkt frv., en það sætti mótspyrnu og náði ekki fram að ganga, þrátt fyrir tilslökun flutningsmanna. Eg skal ekki segja, hvort meðflutningsmenn mínir muni gera nokkra tilslökun síðar, en eg fyrir mitt leyti vil vinna það til samkomulags, að breyta 1. gr. í sama form og fyrir lá á síðasta þingi. Sú breyting er fólgin í því, að Rangárvallasýsla sé undanþegin

viðhaldsskyldu $^1/_3$ Flóavegarins og landssjóður kosti viðhald brautarinnar frá Reykjarétt að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall og þannig létt á Árnessýslu hlutfallslega. Eg vona því, að háttv. þd. sýni þá sanngirni að lofa frv. að ganga til nefndar. Eg styð það að 5 manna nefnd verði skipuð í málið og þykir vel við eiga, að hún væri kölluð samgöngumálanefnd, með því að ærið mörg önnur samgöngumál munu koma fram í þinginu, sem vísa mætti svo til þessarar nefndar.

Ólafur Briem: Mér þykir það einkennilegt hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að vilja fella málið frá nefnd. Hann bar það fyrir, að ákvæði 1. gr. frumvarpsins væru óheppileg. En eg hefi jafnan heyrt, að það væri sérstök ástæða til nefndarskipunar, að einhver ákvæði frv. væri óheppileg og þyrftu lagfæringar.

Eg er samþykkur hinum háttv. meðflutnm. mínum (S. S.) að allmikil réttarbót felist í 2. gr. frv. og hygg að hann hafi leitt rök að því. 3. og 4. gr. eru minna virði, en hafa þó þá þýðingu, að minka starf hreppsnefndanna og gera það brotaminna, bæði að því er snertir reikningsfærslu og innheimtu hreppsvegagjalds. Það er óþarft að gera mönnum sem örðugast fyrir með innheimtu opinberra gjalda.

Oss flutningsmönnum kom saman um að hafa eitt frv. um þetta, heldur en að skifta því í tvent.

Það er og þýðingarmikil breyting, sem felst í 5. gr. frv., að nema úr gildi 55. gr. vegalaganna. Eg skal með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa upp 55. gr. Hún hljóðar svo:

»Vezlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfélagið ver árlega til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema«.

Mig undrar stórum, að þessi grein skuli hafa komist inn í vegalögin, því að þar með sleppa kaupstaðir, sem eru hreppsfélög fyrir sig, næstum algerlega við að greiða sýslusjóðsgjald. Í fæstum kaupstöðum er sem sé sýslusjóðsgjald að nokkrum mun greitt af öðrum gjaldstofnum en verkfærra tölu, því að í kaupstöðum er ekki að ræða um fasteignir né heldur um lausafé svo nokkru nemi. Af þessu hlýzt það, að verzlunarstaðirnir sleppa sama sem algerlega við sýslusjóðsgjaldið.

Það er sérstaklega þetta atriði, sem veldur því, að eg styð frv. og nefndarskipun í málið, þótt eg sé ekki samþykkur 1. gr.

Pétur Jónsson: Eg ætla mér ekki að tala á móti því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, því að eg hefi ekki haft tíma til að athuga það nógu rækilega.

En viðvíkjandi 1. gr. frumv. hjó eg sérstaklega eftir því hjá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að þau héruð, sem hér um ræðir, hefðu meðal annars sanngirniskröfu til þess að losna við viðhald þessara flutningabrauta, sökum þess að þau hefði svo mörgum vegum að viðhalda. Það er satt, að það eru fleiri og meiri vegir þegar bygðir í þessum héruðum en í nokkurri annnari sýslu; í Norður-Þingeyjarsýslu er t. d. enginn vegur. Það er því eðlilegt, að viðhaldskostnaður þessara fólksmörgu héraða verði allmikill. En viðhaldsskylda héraða hvílir einungis á akfærum vegum innanhéraðs, og mundu flestir þakka fyrir, að vera búnir að fá sem mest af þeim bygt. Það er ekki nóg, að eiga þá óbygða á vegalögunum. Viðhaldsskylda þessara landssjóðsvega

er hið dýrmætasta í vegalögunum, það er trygging þess, að héruðin heimti eigi vegagerðirnar nema þau vilji nokkuð á sig leggja til þeirra. Og þegar landsjóðsvegunum, þeim sem bygðir eru, fjölgar mjög úr þessu, myndi alt viðhald þeirra gleypa megnið af árlegu tillagi landssjóðs til vega. Hér er því frumregla, sem ekki má raska, sama og reynt hefir verið að halda uppi í símamálum hér. Það er hætt við, að ef skarð yrði höggvið í hana, þá mundu fleiri fara á eftir. Það er svo hætt við, ef að hróflað er við lögunum þing eftir þing, þá verði hlaupið á sig í þessu atriði. Vér, sem sæti höfum átt í fjárlaganefnd höfum orðið þess vísir, að ef alt viðhald vega færi fram á landssjóðs kostnað, mundi það með tímanum langdrægt nema eins miklu og nú er lagt til allra vegalagninga. Því má ekki gleyma, að sé akfærir vegir í bygð nauðsynlegir, hljóta næstu jarðir mjög að hækka í verði. Og þá er héraðinu hægra að ná sér niðri á þeim jarðareigendum, heldur en landssjóði.

Eggert Pálsson: Eg skil ekki annað en að háttv. flutningsm. hafi fært næg rök fyrir frumv. þessu, að minsta kosti svo mikil að því yrði ekki stytt ur aldur strax, heldur fengi að minsta kosti að komast í nefnd. Að vísu veit eg, að 1. gr. frumvarpsins muni mörgum þyrnir í augum, en 2. og 5. gr. hafa þó án efa frá sjónarmiði mjög margra þingmanna svo bráðnauðsynleg ákvæði að geyma, að það væri hið mesta óhapp, ef frumvarpið félli nú þegar í stað. Þótt 1. gr. frumv., eins og hún nú er orðuð kunni að líta illa út í augum margra, þá ætti að vera hægt að umbæta hana svo, að allir gætu vel við unað. Mér fyrir mitt leyti hefir aldrei til hugar komið, að sú grein yrði samþykt óbreytt, með því að eg get ekki búist við, að stefna þingsins sé svo gerbreytt frá því sem átti sér stað þegar vegalögin voru búin til. Og mér er það sjálfum kunnugt, hversu allar umbætur á vegalögunum, að því er þessi héruð snertir, áttu þá erfitt uppdráttar.

Fyrsta grein frumvarpsins, eins og hún nú er orðuð, byggist á þeirri skoðun, sem allir hljóta að viðurkenna að hafi mjög mikið til síns máls, að landssjóði beri skylda til að viðhalda góðum landvegi, ekki að eins austur að, heldur austur um þessar sýslur, sem hér eiga hlut að máli, vegna þeirra sérstöku staðhátta, að þær geta ekki haft not af strandferðunum, sem landssjóður leggur svo mikið fé til. En þótt menn vilji ekki ganga svona langt, þá verða þó allir að ganga inn á þá skoðun, að samband verði að vera eftir góðum vegi á milli þessara sýslna og Reykjavíkur, án þess að þessar sýslur kosti það sjálfar sérstaklega, því það samband er ekki síður nauðsynlegt fyrir Reykjavík en þær. En þetta samband er í raun og veru ekki til nema góður akfær vegur sé frá Reykjavík og austur að hinum eiginlegu flutningabrautum þessara sýslna, sem ganga út frá Eyrarbakka og Stokkseyri upp og austur, þar eð þessar sýslur verzla þar mest, að minsta kosti með alla þungavöru. Ef því Reykjavík sleppur alveg við viðhald þessa vegar, þá er og sjálfsagt að láta héruðin, sem eru við hinn enda hans einnig sleppa, en landssjóður aftur á móti hlaupi undir baggann. Landsjóður ætti því að sjálfsögðu að kosta viðhald vegarins héðan og austur að Ölfusá, í stað þess að nú kostar hann að eins viðhaldið austur að Reykjaréttum, svo að eftir er að eins spottakorn — yfir sjálft Ölfusið — að saman nái við hinar eiginlegu flutningabrautir þessara sýslna. Eg tel það því líklegt, að öllum gæti þótt sanngjarnt, að alt viðhald brautarinnar austur að vegamótum Grímsnesbrautarinnar hvíldi

á landssjóði. Og yrði það lögleitt, þá gætu Rangæingar jafnframt losnað við þá skyldukvöð, að halda Flóabrautinni við að $^1/_3$ hluta, því einmitt það ákvæði vegalaganna, er ýkja óvinsælt og hefir valdið einna mestu um óánægju manna í Rangárvallasýslu með vegalögin, eins og þau eru, því menn telja það sem vonlegt er hina mestu fjarstæðu, að vera lögskyldaðir til að leggja fram fé til viðhalds vegum í annari sýslu, þegar jafn auðveldlega verður hjá því komist og hér á sér stað. Eg vona því að nefnd verði skipuð í málið og að henni takist að gera slíkar umbætur á frumvarpinu, að bæði hin háttv. deild geti sætt sig við það og hlutaðeigandi héruð telji það þó nokkrar umbætur frá því ástandi sem nú er.

Flutningsm. (Sig. Sigurðsson): Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir horft sig svo starblindan á 1. gr., að hann hefir ekki tekið eftir neinu öðru í frv. En eins og sýnt hefir verið fram á af 1. þm. Skag. (Ó. Br.) og 1. þm. Rang. (E. P.), er 1. gr. ekki neitt höfuðatriði.

Það er alls ekki rétt, sem sagt hefir verið hér í deildinni, að þetta frumvarp kæmi í bág við meginreglu vegalaganna. Það eru vegalögin sjálf, sem brjóta sína eigin meginreglu, er um þessa flutningabraut er að ræða. Vegurinn frá Reykjavík austur að Reykjaréttum er þjóðvegur. Sömuleiðis vegurinn að austan alt að Ytri-Rangá. Katlinn þar á milli ætti því að réttu lagi einnig að vera þjóðvegur, sem landssjóður annast viðhald á. En samkvæmt gildandi lögum kemur landssjóður þar hvergi nálægt. Þetta hlýtur að vera auðsætt öllum þeim, sem hafa óskerta sjón, og vilja líta rétt á þetta mál.

Það er annars einkennilegur hiti og ofstopi, sem hleypur í suma háttv. þm. þegar minst er á vegina austanfjalls og viðhald þeirra. — En hvað sem því líður, þá vona eg að nefnd verði skipuð í málið, og að henni hepnist að ráða því til farsællegra lykta.

Jón Jónsson N.-Múl.: Út af 1. gr. frumvarps þessa og umræðunum um þetta frumv., verð eg að benda á, að Norður-Múlasýsla á að kosta til jafns við Suður-Múlasýslu viðhaldið á flutningabrautinni frá Búðareyri um Fagradal að Lagarfljóti, og þó liggur brautin öll í Suður-Múlasýslu. En landssjóður á að bera þriðjung viðhaldskostnaðarins, alveg eins og við brautina um Ölfus, Flóa og Holt að Ytri-Rangá. Sá er þó munurinn, að Fagradalsbrautin liggur mest öll um óbygð og er því ekki til almennra þæginda og hagsmuna fyrir þessar sýslur, nema hvað vöruflutning snertir, en hin brautin, sem hér er um að ræða, liggur um fjölmennar sveitir íbúunum til margvíslegs hagræðis Mér virðist því engin sanngirni í, að létta af þessum sýslufélögum útgjöldum, en láta Múlasýslur búa undir vegalögunum um viðhaldsskylduna. Eg vil því vekja athygli háttvirtra deildarmanna á því, að ef frumvarp þetta fær byr í þinginu, munum við þingmenn Múlasýslna koma fram með breyt.till. um að létta líka viðhaldskostnaði af Múlasýslum til Fagradalsbrautarinnar og koma honum á landssjóð. En við gerum það þá að eins út úr neyð, því að ekkert slíkt hefir vakað fyrir mér, fyr en eg sá þetta frumv., enda mun landssjóður hafa nóg á sinni könnu samt.

Pétur Jónsson: Því hefir verið haldið fram hér í deildinni, að það væri ósanngjarnt, að 2 sýslufélög kosti sameiginlega viðhald flutningabrautar, en þar til er að svara, að vegalögin geta ekki ráðið við, á hvern hátt sýslufélögum er skift. Þessu verður að skifta eftir bygðarlögum, hvort sem þar eiga hlut að máli fleiri eða færri sýslufélög,

og sýslufélögum er sífelt verið að skifta. (*Eggert Pálsson:* Þá ætti Vestur-Skaftafellssýsla líka að taka þátt í kostnaðinum). Hér er um 2 sýslufélög að ræða í sama bygðarlaginu og er því eðlilegt, að þau hafi sameiginlegan kostnað af sameiginlegum samgöngubótum.

Út af því, sem háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að rangt væri að nefna Flóaveginn flutningabraut, skal eg geta þess, að mín vegna mætti hann gjarna nefnast akfær þjóðvegur. En viðhaldskostnaðurinn hvílir á héraðinu eins fyrir því eftir vegalögunum.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend ekki upp til að mótmæla því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, eg er þvert á móti samdóma háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um það, að margt í frv. er þess vert, að það verði athugað af nefnd. Það eru nú 30 ár síðan eg varð þingmaður, og minnist eg þess, að þegar á fyrstu þingárum mínum og oft síðan kom fyrir alþingi beiðni frá héruðunum austanfjalls um brýr og vegi, sem kæmu þeim í betra samband við Reykjavík. Og svo nauðsynlegt þótti þeim *þá* þetta samband, að þeir buðust til að standa straum af öllum kostnaði við viðhald á brúnum. Eg studdi þá þessa málaleitun, því að mér fanst, að þessi héruð hefði orðið út undan, að því er til samgöngubóta kom, vegna hafnleysisins. En nú segja fulltrúar þessara sýslna, að vegirnir séu eingöngu í þágu Reykvíkinga og að viðhaldskostnaður sá, sem á sýslufélögunum hvílir, sé ranglátur vegna þess, að vegirnir séu ekki til nauðsynja fyrir sýslurnar. En reka ekki Árnesingar og Rangæingar naut sín og kindur eftir vegunum til slátrunar í Reykjavík? Og flytja þeir ekki smjör sitt og ull og aðrar búsafurðir eftir vegunum til Reykjavíkur, og það ekki til að selja það hér, heldur til að koma því áleiðis til útlanda? Ef það er satt, að vegirnir séu sýslunum ónauðsynlegir, þá er alls ekki vert að vera að halda þeim við, því að Reykjavík þarf sannarlega ekki á þeim að halda; hún er sjálfri sér nóg og hefir ærið uppland annað. Reykjavík gerði það ekkert til, þótt himinhár múr girti þessar frjóu sýslur af frá öllum samgöngum við hana. Hún þarf ekki á þeim að halda — getur fengið allar nauðsynjar sínar annarsstaðar að. Mér finst í meira lagi ósanngjarnt að demba þessum kostnaði á landssjóð, enda mundi það draga dilk á eftir sér, því að fleiri sýslur mundu fara á eftir, þar sem svipað er ástatt með vegi. Eg vona að nefnd verði skipuð til þess að athuga frumv. og að henni takist að hreinsa úr því alla hreppapólitík.

Bjarni Jónsson: Málsmetandi menn úr Dalasýslu hafa skorað á mig að koma fram með frumv., sem innihéldi þau ákvæði, sem eru í 3. og 4. gr. þessa frumv. Eg losna þá við þá fyrirhöfn og vil því fastlega mæla með, að nefnd verði skipuð í þetta mál.

Eggert Pálsson: Eg skal ekki eyða mörgum orðum til að svara háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), ræða hans var þessi sami gamli sónn um það, að kaupstaðirnir þurfi ekki neitt samband við aðra landshluta, þeir séu ávalt og í öllum efnum sjálfum sér nógir. En hvernig háttv. þm. fer að sanna slíkt, er mér með öllu óskiljanlegt, og furðar mig á, að hann jafn skýr, gamall og reyndur maður skuli láta sér slíkt um munn fara. Háttv. þm. sagði, að Reykjavík hefði nægilegt uppland. En eg get ekki séð, að svo sé; eg held að lífið yrði ekki blómlegt hér, ef Reykjavík ætti eingöngu að standa í sambandi við nærsveitirnar, jafn berar og gróðurlausar sem þær eru, án þess að geta notið samgangna eða viðskifta við aðra hluta landsins. Þetta hafa menn líka fundið

og þess vegna er á ári hverju varið, ekki síður Reykjavíkur vegna en annara landshluta, svo tugum þús. kr. skiftir til þess að samband geti átt sér stað á milli hennar og landshlutanna eftir sjóleiðunum. En slíku sambandi er ekki hægt að koma við á milli hennar og þeirra sýslna, sem hér er um að ræða, svo að það hlýtur að vera á landi. Og þetta samband er ekki síður Reykjavík en sjálfum héruðunum nauðsynlegt. Þetta ætti háttv. þm. að vilja viðurkenna. En þótt hann ekki sjái það nú, þá mundi hann þó sjá það, ef höfn yrði bygð í Þorlákshöfn, með járnbrautarspotta til Ölfusárbrúar, að Reykjavík væri ekki sjálfri sér nóg; þá mundi að líkindum koma annað hljóð í strokkinn og þm. telja samband við austursýslurnar nauðsynlegt fyrir Reykjavík. Og væri honum það ekki láandi, þótt ætlast hefði mátt til, að *hann* hefði séð það áður.

ATKV.GR.:

Nefnd samþykt með 21 samhlj. atkv.

Kosning hlutu með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,
Sigurður Sigurðsson,
Björn Þorláksson,
Einar Jónsson.

1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Hannes Hafstein valinn formaður, en Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 21. marz (A. 56, n. 155, 233).

Framsögum. (Ólafur Briem): Það hefir orðið nokkur ágreiningur um það hér í deildinni, hvort máli þessu skuli sinna, eður eigi. Nefndin, sem kosin var í málið, þykist geta fullyrt það, að hún hafi gert þær breytingar á frumv., að þær mundu verða til bóta, ef þær næðu fram að ganga. Hún hefir borið sig saman við verkfræðing landsins, og það má ætla, að hann vilji ekki fara að breyta lögum þessum — vegalögunum frá 1907 — að ástæðulausu, þar sem hann var aðalhöfundur þeirra, en hann er þó alveg samþykkur brtill. á þgskj. 155.

Annars vil eg ekki fara út í einstök atriði þessa máls nú, en vænti að það gangi til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr., 23. marz (A. 56, n. 155, 233, 256).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir á þgskj. 155 komið fram með yfirgripsmiklar breyt.till við frv. og skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær.

Að því er snertir fyrstu breyt.till. við 1. gr. frumv., áleit nefndin að halda ætti fast við grundvallarreglu vegalaganna, að því er snertir viðhald flutningabrauta og að þess vegna væri ekki ráðlegt að gera neina þá breytingu, er skapað gæti fordæmi. Nefndin leit svo á, að með 1. gr. frumv. væri langt gengið í þá átt, en breytingartillaga nefndarinnar aftur á móti fer miklu skemra, þar sem aðeins viðhald flutningabrautarinnar austur að Ingólfsfjalli er látin hvíla á landssjóði, en í frumv. er farið fram á, að landssjóður skuli kosta hana austur að Rangá. Með þessari tillögu gefur nefndin til kynna, að hún vill ekki að grundvallarreglu vegalaganna sé raskað. Það er að eins álitamál, hvort landssjóður eigi að kosta viðhald brautarinnar austur að Reykjum í Ölfusi, eins og ákveðið er í gildandi vegalögum, eða austur að Grímsnesbrautinni við Ingólfsfjall. Þetta munar 12 kíló-

metrum og yrði viðhaldskostnaðurinn á þessari vegalengd 900 kr. á ári. Það sem hér er um að ræða er, að landssjóður taki að sér að greiða þessar 900 kr. á ári, að Árnessýsla taki að sér viðhaldskostnaðinn á brautinni milli Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar, en að Rangárvallasýsla verði laus allra mála við þennan kostnað. Þetta er ekki allskostar ósanngjarnt, því að enda þótt Árnessýsla hafi fengið meira fé til vegagerðar en nokkur önnur sýsla á landinu, þá væri þessi kvöð þó næsta þung, ef henni væri ekki létt að nokkru. Eg skal ennfremur geta þess, að nefndin er mótfallin breytingartillögu þeirri, er háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir komið fram með við frumv. þetta. Önnur breyt.till. við 1. gr. frumv. frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) á þgskj. 233 lýtur að því, að viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á flutningabrautinni milli Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar falli ekki niður fyr en 1. jan. 1914. Þetta er mál milli Árnes- og Rangárvallasýslna, og eg býst við að hv. þm. þeirra komi sér saman um það.

Þá hefir nefndin komið fram með breyt.till. við 2. gr. frv., og fer tillagan fram á, að flutningabrautir séu skoðaðar af tilnefndum mönnum, áður en afhending fer fram, og að allir gallar á þeim séu endurbættir samkvæmt tillögum landsverkfræðingsins og úrskurði stjórnarráðsins. Þetta er líkt því sem nú gildir, þar sem verkfræðingurinn skal skera úr, hvort flutningabrautir skuli afhentar sýslunum og dæma um, hvenær þær eru svo úr gerði gerðar, að þær verði afhentar. Breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. fer fram á, að hin fyrirskipaða skoðun á flutningabrautum, áður en að þær eru afhentar sýslunefndum, sé svo síðarmeir höfð til hliðsjónar við það, hvernig viðhaldsskyldunni sé fullnægt af héraði því, er hlut á að máli.

Breytingartillögurnar við 3. og 4. gr., tölulið 3—7, á þgskj. 155 lúta að því, að hreppsvegasjóðsreikningurinn sé feldur burt sem sérstakur reikningur, en að hreppsvegagjaldið renni beint í sveitarsjóð, og að úr honum sé einnig greiddur kostnaður við hreppsvegabætur.

Sömuleiðis er í þeim breyt.till. farið fram á, að ekki að eins hreppsvegagjaldið, heldur einnig sýsluvegagjald, skuli greitt sem persónugjald af hverjum einstökum verkfærum karlmanni 20—60 ára, en sýsluvegagjaldið ekki eins og nú greitt af aukaútsvörum eftir efnum og ástæðum. Nefndinni þótti ekkert sérlega varhugavert við þetta, heldur taldi það vel gerlegt að leggja ekki að eins hreppsvegagjald, heldur einnig sýsluvegagjald á alla verkfæra menn.

Og enn hefir nefndin gert þá breyt.till., að eindagi á hreppsvegagjaldi skuli vera 31. desember, en ekki á vorhreppsskilum, eins og verið hefir. Gjalddagi á sveitarútsvörum er 31. des. og sparar það því óþarfa fyrirhöfn og léttir innheimtuna, að öll sveitargjöld séu greidd á sama tíma. Hér við bætist einnig, að ýmsir hreppsbúar, bæði bændur og vinnumenn, geta verið fluttir burtu úr hreppnum nokkru fyrir vorhreppsskil, annaðhvort í fardögum eða á vinnuhjúaskildaga og því erfitt að ná í þá, ef þeir eru fluttir langt burtu.

Nefndin hefir ekki gert fleiri efnisbreytingar við frumv.

Eg skal taka það fram, að í 5. gr. frv. er farið farið fram á að nema úr gildi 55. gr. vegalaganna frá 1907. Og er nefndin því samþykk, að sérréttindi þau, er verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, hafa samkvæmt nefndri lagagrein til þess að vera lausir við nokkurn hluta sýslusjóðsgjaldsins, skuli falla burtu. En með því að eg gerði grein fyrir því nýmæli við 1. umr. þessa máls, skal eg ekki fjölyrða um það nú.

ATKV.GR.

Breyt.till. á þgskj. 256 tekin aftur.

Breyt.till. á þgskj. 233 sþ. með öllum (25) atkv., að viðhöfðu nafnakalli.

Breyt.till. á þgskj. 155, 1. við 1. gr. sþ. með 17 atkv. shlj.

1. gr. svo breytt sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 155, 2 og 3 við 2. og 3. gr. sþ. með 18 atkv. shlj.

2. og 3. gr. frv. þar með fallnar.

Breyt.till. á þgskj. 155, 4. ný gr. sþ. með 18 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 155, 6 og 7 við 4. gr. frv. sþ. með 18 atkv. shlj.

4. gr. svo breytt sþ. með 17 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 155, 8. við 5. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt sþ. með 16 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 atkv. shlj.

Þriðja umr., 25. marz (A. 290).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þetta frumv. fékk svo mikinn atkvæðafjölda, er það var síðast til umræðu hér í deildinni, og með því að eigi hafa komið fram breyt.till. við það, vona eg að það hafi nú sama fylgi og verði samþykt.

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni sþ. með 18 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 28. apríl (A. 713).

Framsögum. (Ólafur Briem): Eg skal í fám orðum skýra frá þeim breytingum, sem frumv. þetta hefir orðið fyrir í Ed. Breytingin við 1. gr. er að eins orðabreyting til skýringa. Alldjúptæka breytingu hefir hv. Ed. gert við 4. gr. Hér í deildinni var það samþykt, að sýsluvegagjald skyldi greitt sem persónugjald af hverjum einstökum verkfærum manni. Hv. Ed. hefir felt það ákvæði burtu, og afleiðingin af því er, að þetta gjald greiðist eins og áður úr sveitarsjóði og legst því á gjaldendur sem aukaútsvar eftir efnum og ástæðum. Þó að þetta sé að áliti nefndarinnar ekki til bóta á frv. hefir hún samt ekki viljað koma með breyt.till. við það.

Þá hefir hv. Ed. tekið upp nýja 6. gr. þess efnis, að verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skuli lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfélagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur auk hreppsvegagjaldsins. Þó að nefndin áliti ekki sérstaka ástæðu til þess að að veita þessa undanþágu, þá er þetta þó betra en það lagaákvæði, sem nú gildir, þar sem undanþágan er látin ná til sýslusjóðsgjalds. Nefndin hefir heldur ekki viljað koma með breyt.till. um þetta efni og leggur því til, að frumv. sé samþykt óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed.

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni sþ. með 13 atkv. shlj. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

Almenn viðskiftalög.

FRUMVARP til almennra viðskiptalaga.

Fyrsta umr., 11. apríl. (A. 456).

Sigurður Gunnarsson: Vegna þess að mál þetta er nokkuð yfirgripsmikið vil eg leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd sé kosin í það.

ATKV.GR.

5 manna nefnd samþykt með 18 shlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:
Ólafur Briem,
Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,
Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson S.-M.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen valinn formaður en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.*

Framh. 1. umr., 3. maí (A. 456, n. 839).

ATKV.GR.

Vísað umræðulaust til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 4. maí. (A. 456, n. 839).

ATKV.GR.

1.—4. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

5.—11. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

12.—20. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

21.—37. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

38.—54. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

55.—60. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

61.—71. grein samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 6. maí. (A. 456).

ATKV.GR.

Frumv. samþ. umræðulaust með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

---

*) Þannig samkvæmt gerðabók alþingis 11. apríl, en í nefndarálitinu (A. 839) er Ólafur Briem talinn formaður nefndarinnar. Aths. útg.

Úrskurðarvald sáttanefnda.

FRUMVARP til laga nm úrskurðarvald sáttanefnda.

Fyrsta umr., 5. apríl. (A. 254).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til dómaskipunarnefndarinnar. Málið er náskylt því máli, sem hún fjallar um.

ATKVGR.:

Samþykt með 12 atkv. að vísa málinu til þeirrar nefndar og 1. umræðu frestað.

Framhald 1. umr., 26. apríl. (A. 254, n. 720).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi ekki neitt um þetta frv. að segja um fram það, sem stendur í nefndarálitinu. Því hefir oft verið hreyft á þingi að fá sátanefndum í hendur úrskurðarvald í smærri málum til þess að tefja ekki málin og gera ekki óþarfan kostnað. Frumvarpið er komið úr Ed. og leggur nefndin til að samþykkja það.

ATKV.GR.

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Önnur umr., 28. apríl. (A. 254, n. 720).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi ekki meira eða annað að segja um þetta mál en það er eg hefi tekið fram við 1. umr. þess. Vona eg að frv. verði samþykt, eins og það liggur fyrir nú, og skal eg því ekki orðlengja nú um það, nema því aðeins að mótmæli komi fram gegn því.

ATKV.GR.

1. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. frumv. sþ. með 16 shlj. atkv.

8., 9., 10., 11. og 12. gr. frumv. sþ. með 17 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 1. maí. (A. 254).

ATKV.GR.

Frumv. samþ. umræðulaust með 15 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Eiðar og drengskaparorð.

FRUMVARP til laga um eiða og drengskaparorð.

Fyrsta umr., 11. apríl. (A. 581)

Sigurður Gunnarsson: Þetta mál lá hér fyrir deildinni á síðasta þingi, en varð víst aldrei útkljáð. Nú hefir það verið lagt fyrir háttv. Ed. sem stjórnarfrumvarp, en í alt öðru formi, en það var á síðasta þingi. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið, er því hefir verið vísað til 2. umr.

Jón Þorkelsson: Eins og háttv. þm. Snæf. (S. G.) gat um, lá þetta frv. fyrir deildinni á síðasta þingi — eg hafði þá æru að flytja það þá — en það féll þá í efri deildinni — því að mönnum gat ekki skilist það, að kristlausir menn ættu að vinna öðruvísi eið en kristnir. Þó var samþykt þingsályktunartillaga um að skora á stjórnina að leggja líkt frumvarp fyrir þetta þing — og það er víst sú eina þingsályktunartillaga, sem fráfarin stjórn hefir getað komið í framkvæmd. Frv. er því afleiðing af þingsályktun síðasta þings. Stjórnin lagði það fyrir háttv. Ed., en í alt öðru formi en það lá fyrir síðasta þingi, því þá var vel frá því gengið um orðfæri. Frumvarp stjórnarinnar er miklu lakara um það far, máttlausara og smekklausara, og hefir það þó skánað dálítið í Ed. Eg vil samt ekki ráða til að fella frumvarpið, en álít rátt að setja það í nefnd.

Þetta hefi eg hér tekið fram til minningar um það, hve lítið nýfráfarin stjórn hefir getað sint skipunum þingsins og tekið þær til greina.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd í það með 13 atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,
Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, en Jón Magnússon skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 25. apríl. (A. 581, n. 673).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi lítið annað um þetta mál að segja en það, sem stendur í nefndarálitinu og get því vísað til þess. Nefndin hefir ekki viljað gera neinar breytingar á frumv., eins og það kom frá háttv. Ed., vegna þess hve liðið er á þingtímann og verulegar breytingar gætu ef til vill orðið þess valdandi, að málið næði ekki fram að ganga. Í frv. eins og það nú er felst talsverð réttarbót. En þó er það ljóst, að það hvorki fullnægir að öllu leyti óskum síðasta þings, né hefir farið nógu langt í breytingunum. Það, sem aðallega vantar í

frv., er eiðfesting fyrir aðra viðurkenda trúarflokka en kristna menn, t d. Gyðinga. Raunar má nota áminningarræðuna sjálfa við þá, en aðferðin að rétta upp 3 fingur er ekki rétt. Gyðingar rétta, þar sem eg þekki til, upp alla hendina, þegar þeir vinna eið. Þetta kemur raunar sjaldan fyrir hér, en þyrfti þó að hafa eitthvert ákvæði um það. Það kom t. d. fyrir mig í vetur að taka eið af Gyðingi. Við nefndarmenn höfum aðeins gert örlitla orðabreytingu við frv. og borið okkur saman um hana við nefndina í Ed. og fengið vissu fyrir, að sú breyting muni ekki hindra framgang málsins þar. Eg vil því leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþykt með þessari litlu breytingu, sem er aðeins leiðrétting á máli.

ATKV.GR.

1. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. (673) við 2. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

3.—4. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

5.—7. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

8.—9. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. apríl (A. 743).

ATKV.GR.

Frv. sþ. umræðulaust með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Stýrimannaskólinn.

FRUMVARP til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Fyrsta umr., 18. marz (A. 195).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 21. marz (A. 195).

Bjarni Jónsson: Þetta frumv. er komið hingað frá háttv. Ed., hefir náð samþykt þar og gengið þegjandi og nefndarlaust gegnum 1. umr. hér. Eg get nú ekki sagt, að eg hafi athugað það svo nákvæmlega, að eg sé vlss um að geta sýnt, hver þörf sé á nefndarskipun í það, en þó vildi eg minnast nokkuð á reikningskunnáttuna, sem heimta á í skólanum. Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að nemendur þeir, er taka vilja hið minna stýrimannapróf, skuli kunna almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, (eða tugvita) grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar og útreikning rétts þríhyrnings eftir þríhyrningafræðinni. En til hins meira prófs er meðal annars heimtuð þekking á veldi og rót, og reikningi með játandi og neitandi stærðum. Eg get ekki betur séð, en að það sé alveg nauðsynlegt, að bera skyn á veldi og rót, áður en farið er að reikna með logarithmum, því að það vita allir, sem reikning kunna, að »logarithmus«, eða tugviti, er ekki annað en veldisvísir, þar sem grunntalan er 10. Þeir, sem taka hið minna próf, hefðu því gott af að vita eitthvað um veldi og rót, áður en þeir fara að nota logarithma. Sama er að segja um játandi og neitandi stærðir, því að ef þeir fara út í mælingu rétthyrndra þríhyrninga, þá þurfa þeir líka að þekkja sinus og cosinus, tangens og cotangens o. s. frv., eða með öðrum orðum grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar.

Eg veit nú ekki, hvort öllum háttv. þm. eru þessi atriði fullljós, en eg get fullvissað menn um að það er alveg ógerningur að kenna sumt af því, sem

heimtað er til minna prófsins, ef nemendurnir eiga ekki að þekkja »positivar« og »negativar« stærðir. Mér er kunnugt um þetta, því að eg hefi einmitt kent þessa grein við þennan sama skóla, og það ætti líka öllum að vera ljóst, að eigi tjáir að reyna að skýra fyrir mönnum mælingu þríhyrnings, nema þeir viti áður í höfuðatriðunum allra einföldustu undirstöðuatriði þríhyrningafræðinnar.

Eg vil því leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd, til þess að þetta gangi ekki alveg athugalaust í gegnum deildina.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 15 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Sigurðsson.

2. umr. málsins svo frestað.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Bjarni Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 2. umr., 10. apríl (A. 195, n. 438).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg hefi sagt alt það í nefndarálitinu, sem þörf er á að gera grein fyrir. Breytingar þær, er frumv. fer fram á liggja meðal annars í því, að krafan til minna prófsins skuli ná til veldis og róta. Því að það þurfa menn að kunna, áður en þeir geta lært og skilið grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar. Eg hefi átt tal við skólastjórann og kennara skólans um þetta og spurt þá, hvort þetta væri ekki þeim að skapi. Þeir sögðust vera vanir að kenna svo og þætti þeim betra að ákvæði væri sett um það, til þess að lærisveinarnir gætu ekki sagt, að þeim væri kent meira en krafist væri. Þá er því og skotið inn í frv., að ítarlegrar þekkingar á þríhyrningum skuli krafist til meira prófsins. Aðalbreytingin liggur þó í því, að í 4. gr. er felt burtu, að danski stýrimannakensluforstjórinn skuli velja verkefni í skriflega prófinu. Slíkt er ekki skylda þess manns, auk þess harla óþarft að sækja mann út yfir hafið til þess, og ef satt skal segja er það þjóðarsmán. Eg mundi sjálfur hafa komið með þessa breytingu, en stýrimannaskólastjórinn kom heim til mín og bað mig um það. Sagði hann, að þetta væri vantraust til sín og skólans.

ATKV.GR.

1. gr. frv. samþ. með 16. shlj. atkv.

1. breyt.till. á þskj. 438 við 2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

2. breyt.till. við 3. gr. sþ. án atkv.

3. breyt.till. við 3. gr. sþ. án atkv.

4. breyt.till. við 3. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. frv. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

5. breyt.till. við 4. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

5.—11. gr. samþyktar með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr., 18. apríl (A. 628).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. umræðulaust með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur.

Fyrsta umr., 13. marz (A. 148).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Önnur umr., 16. marz (A. 148).

Hálfdan Guðjónsson: Þetta frv. gekk umræðulaust til annarar umræðu, og ekki þótti einu sinni taka því að skipa nefnd til að íhuga það. Af þessu mætti ef til vill marka það, að menn væru að öllu leyti ánægðir með hversu frumv. væri úr garði gert. Við 1. umr. hafði eg búist við nefnd í málið og því ekki gert mér far um að kynna mér það rækilega. Þess vegna fór eg að kynna mér það á eftir, þótt eg máske hafi ekki gert það til hlítar.

Þetta frumv. er enginn nýr gestur á alþingi; eins og sést á athugasemdum stjórnariunar við frumv., hefir það verið lagt fyrir þingið við og við frá 1891, en aldrei náð samþykki þingsins í lagaformi. Eg hefi ekki gefið mér ráðrúm til að kynna mér, hvað frumv. hefir verið fundið til foráttu, og þegar eg nú fer að telja upp þá agnúa, sem á því eru í mínum augum, þá getur verið, að eg taki fram ýmislegt, sem margsinnis hefir verið tiltínt áður.

Svo að eg snúi mér að frumv., eins og það liggur fyrir, þá er það fyrst og fremst að segja, að það er mjög *óljóst*, auk þess sem á því eru nokkrir gallar, sem nauðsynlegt er að ráða bót á. Óljóst kalla eg t. d. það orðalag í 1. gr.: ». . . . eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er . . . .«. Mér er óljóst, hversu langt þetta orðatiltæki »ef kostur er« á að ná. Það yrði líklega að fara eftir atvikum. Sumar sóknir eru svo viðáttumiklar, að heilan dag eða meira getur þurft til þess að vitja læknis, þótt hann kunni að vera búsettur í sókninni.

Mér er það ekki ljóst, hvort eftirlifandi aðstandendur hins dána eiga að inna þetta af hendi endurgjaldslaust. Eins og frumv. er orðað, er óljóst, hvort allur kostnaður við þetta eigi að greiðast af opinberu fé, eða þá hitt, að hlutaðeigendur eigi að greiða hann að einhverju leyti. Og eg skil ekki í því, að eg sé einn, sem er í vafa um þetta. Sé nú svo, að hlutaðeigendur eigi að taka einhvern allverulegan þátt í þessum kostnaði, þá er það hörð kvöð á mönnum í þessum sóknum, fram yfir aðra í læknishéraðinu. En eigi hið opinbera að borga alt saman, þá verða það mikil útgjöld.

Það stendur í frumv., að menn eigi að vitja læknis innan sólarhrings, en það getur vel svo farið, að í þetta gangi margir sólarhringar. Ef læknir er ekki heima, þá verður að bíða hans, og gera má ráð fyrir því, að læknar láti það sitja fyrir að vitja lifandi manna sjúkra frekar en hinna dauðu og þegar svo stendur á, þyrfti eiginlega að gera ráð fyrir biðpeningum handa sendimönnum. Eg tala þetta með sérstöku tilliti til þess, að eg býst við, að nefnd verði skipuð í málið, og er þá ekki úr vegi að tala um nokkur atriði þess, til leiðbeiningar henni.

Í 2. gr. er sagt, að prestar eigi að geta um dauðamein hins látna eftir þeim skýrslum, sem þeir geti beztar fengið. Þetta er mér ekki fullljóst. Ef það er meiningin, að prestar eigi að senda sjúkdómslýsingar til læknis og fá svo skýrslu hans um dauðameinið, þá má segja, að prestum sé þetta kleift, og eru þó allmiklir vafningar við það. En það getur eins vel verið, að hér sé ætlast til þess, að prestar ákveði dauðameinið sjálfir, eftir þeim skýrslum, sem þeir fá frá heimilismönnum hinna látnu.

Eg leyfi mér að stinga upp á því, að nefnd sé skipuð í þetta mál, og álít eg að 3 manna nefnd ætti að vera nóg.

Hannes Hafstein: Hvort sem háttv. þingd. óskar þess, að þetta mál sé sett í nefnd eða ekki, þá óska eg þess nú, að það fái framgang. Háttv. Nd. hefir tvisvar sinnum samþykt frv. um dánarskýrslur með mjög miklum atkvæðamun, og seinast með hér um bil öllum atkvæðum 1907, en þá féll það í Ed., og eg vil segja á ljótu bragði. Það var sagt að það hefði verið felt í hefndarskyni í staðinn fyrir annað frumv. Í annað sinni var það samþykt í Ed., en þá felt hér í Nd. með 12 atkv. gegn 12. Þó að fyrirkomulagið verði ekki sem fullkomnast samkvæmt frumv. þessu, þá segir bæði landlæknir og aðrir, sem vit hafa á, að það sé til stórra bóta. Og hann segir ennfremur, að fáist ekki þessu lík lög samþykt, þá séu mjög lítil tök á því, eða með öllu ógerningur, að stemma stigu fyrir berklaveikinni eða öðrum skæðum sjúkdómum, þegar enginn getur vitað úr hverju menn deyja. Enda liggur það í augum uppi, að meðan svo er ástatt verða allar heilbrigðisráðstafanir gerðar eins og út í bláinn.

Eg skal ekki fara mikið út í hin einstöku atriði, sem háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) minntist á, því að eg býst við að nefnd verði skipuð í málið. En þó hygg eg, að 1. grein sé ekki eins torskilin og honum virtist. Það er augljóst, að orðin: »ef kostur er« o. s. frv. þýða það, að ef ekki er hægt að ná í lækni, þá varðar það engri hegningu þó það komi fyrir. Eins virðist mér það auðskilið, að það er meiningin, að allur kostnaðurinn eigi að greiðast af landssjóði, eftir þeim reglum, sem settar eru um borgun til lækna.

Þá er að minnast á 2. gr., þar sem talað er um skýrslur þær, sem beztar verði fengnar. Þar virðist mér liggja í augum uppi, að presturinn eigi að eins að spyrjast fyrir um almenn einkenni sjúkdómsins og geta þeirra.

Eg sé ekki, að þörf sé á nefnd — af þessum ástæðum — en þó skal eg ekki gera það að neinu kappsmáli, að leggjast á móti henni.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil að eins taka það fram, að það er ekki svo að skilja, að eg sé á móti anda frumvarpsins, en ef engar breytingar fást á því, eða skýringar frekari en orðið er, þá neyðist eg til þess að verða á móti því, eins og það liggur fyrir. Þessvegna er mér einkum ant um það, að mállð komist í nefnd.

Benedikt Sveinsson: Þetta mál hefir nú legið fyrir þinginu öðruhverju í 20 ár, og bendir það á, að ekki hafi það vinsælt verið. Og enn er það ekki orðið gleggra en svo, sem sjá má á þessu frumv. Háttv. 1. þm, Húnv. (H. G.) benti á það, að frumv. er óljóst í ýmsum greinum. Það hefir verið talað um ákvæðið í 1. grein, um það, að ef maður deyr skuli vitja læknis innan sólarhrings, ef kostur er o. s. frv. En það er ekkert talað um það, hvernig fer, ef þess er ekki kostur. Nú er fengin sú skýring á þessu frá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að ef þess sé ekki kostur, þá varði það engri hegningu. En eg get ekki verið honum samdóma um þetta, því einsog frv. er orðað, þá er beint bannað að jarðsetja lík í þeim sóknum, þar sem læknir á heima, ef ekki hefir náðst í hann innan sólarhrings frá því maðurinn deyr. Þetta getur þrásinnis viljað til, einkum þegar mannskæðar farsóttir ganga, einsog oft kemur fyrir hér í landi, þá hafa læknar oft svo mikið að gera, að þeir mega hvergi nærri vera að því, að vitja allra þeirra, sem sjúkir eru, hvað þá hinu, að taka á sig langa króka

til þess að vitja dauðra manna. Yfir höfuð finst mér frv. þannig úr garði gert, að það muni alls ekki ná tilgangi sínum. Eg veit að það er æskilegt, að fá nákvæmar dánarskýrslur, en þær fást alls ekki með þessu. Það er mest á valdi læknanna sjálfra, að gefa skýrslur, þeim er kunnugt um heilsufar manna, og geta fengið kostnaðarlaust skýrslur um banamein manna hjá hlutaðeigandi sóknarprestum, án þess að þessu lík skilyrði séu sett í lög. Slíkt getur ekki náð nokkurri átt, og er að mínu áliti ekkert annað en skrípaleikur. Annars er mér illa við þessa margbrotnu skriffinsku, sem þrásinnis er verið að leiða í lög til þess að íþyngja almenningi, og það er hart að geta ekki einu sinni komið líki í jörðina án hennar. Þjóðin er orðin margleið á henni, svo að þingið ætti að hægja á sér með þesskonar lagasmíð, ekki sízt um jafn óveruleg atriði og hér er um að ræða.

Eg legg því til, að frumvarp þetta verði felt, eins og gert hefir verið að minsta kosti 5 sinnum áður.

ATKV.GR.:

Þriggja manna nefnd samþ. með 14 atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Hálfdan Guðjónsson,
Jón Magnússon,
Ólafur Briem.

2. umr. málsins frestað.

Í nefndinni var Ólafur Briem kosinn formaður en Hálfdan Guðjónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 2. umr., 6. apríl (A. 148, n. 302).

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Þegar þetta frv. var síðast til umræðu í deildinni, benti eg á nokkur atriði, sem valdið gætu misskilningi eða orkað tvímælis. Ennfremur benti eg á það, að frumvarpið færi fram á aukin útgjöld fyrir landssjóð, þar sem af því mundi leiða fjölgun nýrra læknishéraða. Nefndin hefir nú leitast við að draga úr gjöldum frumv., án þess þó að ónýta það. Hefir nefndin borið þær breytingar, sem hún leggur til að gera undir álit landlæknis. Miða þessar brtill. nefndarinnar að því, að þrengja það svæði, sem frv. nái yfir, er það verður að lögum, svo að það séu aðeins kauptún sem eru læknissetur, þar til talin jafnt kaupstaðarumdæmi sem aðrir verzlunarstaðir. Það, sem vinst við þetta, er bæði það að spara mönnum að ómaka sig langar leiðir frá heimilum sínum út af dauðsföllum, en einkanlega sparast við það útgjöld landssjóðs. Mér virðist ef þessar till. verða samþyktar, geti ekki af frumv. leitt verulegan kostnað fyrir landssjóð.

Eg skal geta þess, að á einum stað hefir láðst að breyta sókn í kauptún, en það er að eins orðabreyting og nægilegt að skrifstofan leiðrétti, því að sú breyting er í samræmi við aðrar brtill. nefndarinnar.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um frv. Vona eg að háttv. þd. taki brtill. til greina og samþykki frv. með þeim.

ATKV.GR.:

1. brtill. (302) við 1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

2. brtill. (302) við 1. gr. sþ. með 16:1 atkv.

3. brtill. (302) við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

4. brtill. (302) við 2. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. án atkv.gr.

5. brtill. (302) við 3. gr. sþ. í e. hlj.

6. brtill. (302) við 3. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 8. apríl (A. 542).

ATKV.GR.

Frv. sþ. umræðulaust með 16 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Sóttgæzluskírteini skipa.

FRUMVARP til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

Fyrsta umr., 2. marz (A. 61).

Jón Magnússon: Eg vil leyfa mér að vekja máls á því, hvort ekki sé tiltækilegt að afnema með öllu skyldu aðkomuskipa til að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini. Slíkt er að því er eg hygg gersamlega óþarft, síðan er símasamband er komið við útlönd. Hingað koma fjölda margir skipstjórar, sem hafa ekki hina minstu hugmynd um að skylt sé að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini til þess að þeim sé leyft að koma hingað að ósekju. Þeir koma því stundum skírteinislausir og eru mjög hissa á að verða sektaðir fyrir það, þar sem slíkt er hvergi heimtað í nálægum löndum, nema í Færeyjum.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Önnur umr., 4. marz (A. 61, 80).

Jón Magnússon: Eins og eg gat um við 1. umr.. sýnist ekki þörf á að heimta sóttgæzluskírteini af nokkrum skipum, úr því að þau skipin eru miklu fleiri þeirra, er hingað koma til lands, sem ekki verður heimtað af, að slík skírteini hafi meðferðis, svo sem er um útlend fiskiskip, er ekki er eiginlega ætlað að koma hingað til lands, heldur aðeins að fiska hér við land. Því er hér komin fram brtill. um að afnema með öllu skyldu skipa til að hafa sóttsóttgæzluskírteini. Eg ímynda mér að engin fyrirstaða verði frá háttv. Ed., þótt brtill. verði samþykt. — Eg vil enn taka það fram, að eg sé ekki yfirhöfuð að tala að slík sóttgæzluskírteini skipa hafi neina þýðingu; eg hefi og talað um málið við landlækni, höfund sóttgæzlulaganna, og hann er mér samdóma um það, að þau megi nú hverfa, er símasamband er komið á við útlönd.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 80 sþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

Breyting á fyrirsögn sþ. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þriðja umr.. 6. marz (A. 100).

Jón Magnússon: Eg vil aðeins gera viðlíka athugasemd eins og háttv. 1. þm. Eyf. gerði við frv., sem næst var á undan á dagskrá, nefnilega, að fyrirsögn þessa frv. svarar ekki heldur nákvæmlega til innihalds þess. Frv. fer fram á, að skip þurfi *ekki* að hafa sóttgæzluskírteini. Það er því máske ekki nákvæmt að kalla að lögin sé um sóttgæzluskírteini, heldur ef til vill þvert á móti. En enginn efi getur leikið á meiningunni, og því virðist óþarft að breyta fyrirsögninni, enda getur verið fullerfitt að skíra slík frumvörp sem þetta. Ef háttv. Ed. sýnist svo, getur hún breytt fyrirsögninni.

Forseti: Eg hafði hugsað mér að vekja eftirtekt á fyrirsögninni og fá henni breytt. En eins og háttv. þm. Vestm. (J. M. tók fram, getur Ed. gert það, ef hún vill.

ATKV.Gr.:
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ein umr., 13. marz (A. 150).
ATKV.GR.:
Frv. samþ. umræðulaust með 19 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Laun sóknarpresta.

FRUMV. til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

Fyrsta umr., 8. marz (A. 94).
ATKV.GR.:
Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. marz (A. 94, 158).

Sigurður Sigurðsson: Eg vil að eins leyfa mér að gera grein fyrir hinni stuttu, einkennilega stuttu, breyt.till., sem eg hefi leyft mér að koma með á þgskj. 158. Tillagan fer fram á það, að í stað 22 ár komi 24 ár, er presturinn hafi gegnt embætti.

Eg kannast við það, að frv. sjálft sé til bóta, og grundvöllur þess miklu eðlilegri og réttmætari heldur en er í núgildandi lögum um laun presta. Brtill. mín haggar ekki við grundvelli frumv. Stj.frv. fór fram á það, að laun presta væru 1500 kr. eftir 10 ára þjónustu, en 1700 kr. eftir 20 ára þjónustu. Hv. Ed. breytti tölum þessum þannig, að í stað 10 ára kæmu 12 ár, en í stað 20 ára 22 ár. Það hefir ef til vill ekki mikla þýðingu, að hlutföllin hafa raskast, en hitt virðist þó eðlilegra, að 22 ár séu færð upp í 24 ár. Í sjálfu sér er breytingin ekki mikil, en miðar þó fremur í sparnaðaráttina.

Þegar ræða er um það, að létta óeðlilegum gjöldum af mönnum til prests og kirkju, þá er viðkvæðið, að við það tapi prestlaunasjóðurinn; en það hefir þær afleiðingar, að landssjóður verður að leggja honum meira fé en ella. Þessi breyt.-till. mín miðar nú einmitt að því, að draga úr útgjöldum prestlaunasjóðsins. Hins vegar verður ekki séð, að hún baki prestastéttinni eða einstökum mönnum innan hennar neinn ójöfnuð eða óréttlæti. Hér er að eins að ræða um að koma á réttum hlutföllum og samræmi, og leiðir af því dálítinn sparnað fyrir prestlaunasjóð, er talist getur meðmæli með tillögunni.

Eggert Pálsson: Það gleður mig mikið, að þetta frv. hefir komið fram, því það er bein sönnun þess, að spá mín 1907 að ákvæðin í lögunum frá 16. nóv. 1907 nr. 46 um það, að skifta skyldi öllum prestum landsins með tilliti til launa í 3 algerlega jafna flokka, mundi reynast óhentugt. Þegar þau lög lágu hér fyrir þinginu, kom eg með tillögu, sem gekk alveg í sömu átt og breyting sú, sem hér er farið fram á, sem sé að miða launin beint við embættisaldur. Þá var að vísu orðið áliðið þingtímans og hefði þurft að senda málið aftur til Ed., en það sem aðallega aftraði því, að mín brtill. kæmist þá að var það, að Ed. eða sérstaklega nefndin þar var henni andvíg. En nú virðast allir viðurkenna, að breyting mín hafi verið sanngjörn og réttmæt, og það gleður mig. Jæja, frv. er nú komið hingað frá háttv. Ed., og eg vænti þess, að það fái greiðan gang hér í gegn um deildina. Eg sé það að vísu, að það er framkomin brtill. frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), en sem eg hygg vera þess eðlis, að ekki sé ástæða til hennar vegna að vera að velkja frumv. milli deildanna. Og því síður er ástæða til að samþykkja þessa brtill. hér, sem svipuð tillaga eða

alveg sams konar kom fram í Ed. nú, þegar málið var þar til umræðu, en fékk þar ekki nema að eins 3 atkv. Ef hv. Nd. nú samþykti breyt.till. þessa, þá mundi Ed. að sjálfsögðu fella hana aftur úr frumv. Munurinn, sem hér er um að ræða, er heldur ekki svo mikill, að um hann sé vert að deila. Hann er ekki nema í hæsta lagi 3000 kr. útgjaldaauki fyrir prestlaunasjóð, og stafar það af því, að 1886 og '88 voru vígðir mun fleiri til prests en vanalega á sér stað. Árið 1886 voru vígðir til prests 10 kandidatar, og 1888 12. Af því að þessi árin vígðust svona miklu fleiri en vanalega á sér stað stafa þessi auknu útgjöld. Ef ekki hefði staðið svona sérstaklega á, að prestum fjölgaði svona mikið á þessum árum, sem sé um 10 og 12, í stað 4, 5 og 6 eftir því sem vanalega gerist, þá mundi engin breyt.till. hafa komið fram, því útgjaldaaukningin hefði þá engin orðið við þessa breytingu. En það er engin sanngirni í því, að af því að venju fremur margir prestar vígðust þessi árin, að láta þá gjalda þess. Sem embættismaður þjóðkirkjunnar hlýtur presturinn að hafa sama rétt til launa, hvort margir eða fáir hafa með honum vígst á því einu og sama ári. Eg mun því af þessari ástæðu greiða atkvæði á móti breyt.till., sem fram er komin. En geta skal eg þess, að persónulega snertir frv. þetta mig alls ekki. Eg stend ekki undir ákvæðum umræddra laga hvað laun mín áhrærir og býst ekki við að komast undir þau, svo að ekki er með nokkru móti hægt að núa mér því um nasir, að eg sé af eigingirni eða fyrir persónulegs ávinnings sakir á móti breyt.till. Að eg er á móti henni kemur eingöngu til af því, að með henni mælir alls engin sanngirni, heldur þvert á móti, jafnframt því að hún á sér ekki vísan nema 3 atkv. stuðning í háttv. Ed. og samþykt hennar hér mundi því að leiða til þess, að frumv. þetta kæmi að óþörfu til að velkjast fram og aftur á milli deildanna.

Sigurður Sigurðsson: Út af ummælum háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um afstöðu Ed. gagnvart breyt.till. minni, þá skal eg geta þess, að eg sé ekki ástæðu til að láta það hafa áhrif á afdrif tillögunnar hér í deildinni eða aftra því, að hún nái fram að ganga. Og eg sé heldur ekki neitt á móti því, þótt Ed. fái að sjá framan í frumv. aftur. Annars kannaðist háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) við, að breyt.till. færi í rétta átt. Samkvæmt frv. eru byrjunarlaun presta 1300 kr., eftir 12 ár eiga þau að vera 1500 kr. og eftir 22 ára þjónustutíma 1700 kr. Hér raskast hlutfallið. Það ætti, eins og breyt.till. fer fram á, að vera 1700 kr. eftir 24 ára embættistíð.

Eg gat þess í hinni fyrri ræðu minni, að hér væri um nokkurn sparnað að ræða. Og það hefir verið sagt bæði hér í deildinni og víðar, að ekki veiti af þótt sparað sé. Tillagan hefir í för með sér eigi svo óverulegan sparnað fyrir prestlaunasjóðinn. Ef tillagan verður samþykt, þá nemur sparnaðurinn 200 kr. á ári í 2 ár eða 400 kr. alls fyrir hvern prest, sem ætti eftir frumv. að komast upp í þriðja launaflokk eftir 22 ár, en samkvæmt minni tillögu ekki fyr en eftir 24 ár. Þetta er ekki þýðingarlaust. Eg vil biðja menn að athuga það nákvæmlega. Það hefir ekki verið sýnt fram á, að þetta sé ósanngjarnt eða skerði rétt nokkurs manns. Mér fyrir mitt leyti finst breytingartillagan eðlileg, og sparnað hefir hún í för með sér, ef hún nær fram að ganga.

Sigurður Gunnarsson: Mér hefir dottið í hug, hvort ekki væri rétt að vísa málinu til nefndarinnar, sem skip-

uð var til þessað athuga sóknargjöldin og geri eg það hér með að tillögu minni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til nefndarinnar í sóknargjaldamálinu með 15 : 2 atkv.

2. umr. frestað.

Framh. 2. umr., 24. marz. (A. 94, 158. n. 209.).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Það er nú ekki stórt, sem nefndin hefir gert í þessu máli. Að eins hefir ein breyt.till. komið fram frá einum háttv. nefndarmanni á þgskj. 158, viðvíkjandi prestum í hæsta, 3. launaflokk. Hún fer sem sé fram á það, að til þess að komast upp í þann flokk þurfi 24 embættisár, í staðinn fyrir 22, sem gert var ráð fyrir í frv.

Nefndin hefir íhugað málið frá fleiri hliðum, og eins og tekið er fram í nefndarálitinu, hefir niðurstaða hennar orðið sú, að frumv. sé að efninu til réttmætt, og heppilegt að miða takmörkin milli launaflokkanna við þjónustuár. Þá lá næst fyrir nefndinni að athuga, hver áhrif breyt till. hefði á kjör presta, hvort frv. eða breyt.till. væri gróði eða tap fyrir presta í 1. og 2. launaflokki. Og það virðist svo, sem prestum í 1. flokki sé það hagur, að miðað sé við 12 ár í samanburði við þá þriðjungaskifting, sem nú gildir, og að m. k. ekki óhagur fyrir presta í 2. flokki, þó breyt.till. gangi fram. Eftir því sem nú er háttað verður það hagur — og líklega að minsta kosti ein 8 næstu árin. Prestar komast fyr upp í hærri flokk — og það jafnvel þótt breyt till. á þgskj. 158, sem færir tölur þjónustuáranna úr 22 upp í 24, yrði samþykt, — en eftir núgildandi lögum. Í rauninni áleit eg sjálfsagt, að breyting sú, sem hér verður gerð sé hnitmiðuð svo, að prestum verði eigi skaði að í samanburði við gildandi lög. En frumv. virðist hér hafa vaðið full-langt fyrir neðan sig. Að vísu er ekki auðvelt að hnitmiða þetta nákvæmlega, því að á ýmsu veltur um það, hve margir prestar hafa komið í embætti á því og því ári. Samkvæmt þessu mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að brtill. verði samþykt, því að hún þykist þess fullviss, að þar sé alls ekki gengið á rétt prestanna, en að frumv. með breytingunni sé réttarbót fyrir prestana án tilfinnanlegs skaða fyrir prestlaunasjóð.

Eggert Pálsson: Það er rétt hjá háttv. framsögumanni. (P. J.), að enginn ágreiningur hefir orðið í nefndinni um aðalstefnu frumvarpsins sjálfs. Allir hafa litið svo á, að sjálfsagt væri að laga gallana á núgildandi lögum, sem stafa af ákvæðinu um það, að miða launaupphæðina við það, að hafa náð þjónustualdri $^1/_3$ og $^2/_3$ hluta af prestum landsins, í stað þess að miða við fasta þjónustuáratölu, eins og hér er gert ráð fyrir. Ágreiningurinn hefir snúist um annað. Minni hlutinn hefir álitið að bezt væri að samþykkja frumv., eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því, en meiri hl. hefir hallast að breyt.till. á þgskj. 158. Minni hlutinn hefir litið svo á, að þótt frumv. yrði samþykt, eins og það er, þá baki það ekki prestlaunasjóði aukin útgjöld svo að um muni, nema rétt fyrst í stað vegna afbrigða þeirra, sem áður hefir verið getið, sem sé að árin 1886 og 1888 voru óvenjulega margir vígðir til prests. En slíkt lagast fljótt. En verði nú farið að samþ. þessa breyt.till., að í stað 22 ára skuli koma 24 ár, þá verður það ekki til annars en þess, að frumv. verður að hrekjast þannig breytt til Ed. aftur, og eftir því, sem menn vita bezt um stefnuna þar, mun því óðara verða hrundið í gamla horfið aftur. Þá verður ekki nema um tvent að velja hér: annaðhvort að samþykkja það, eins og það er,

eða láta það fara að velkjast í sameinað þing, og eg álít þessa breyt.till. ekki þess verða, að lagt sé út í þann eltingaleik hennar vegna. Annars er mér þetta ekkert kappsmál, og skal eg því ekki lengja umræðurnar frekar.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Út af því sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, vil eg geta þess, að þetta er, sem sagt, ekkert kappsmál. En eg verð þó, fyrir nefndarinnar hönd, að halda fram breyt.till. Mergurinn málsins er sá, að ekki verði gerð nein fjárhagsleg breyting, hvorki til skaða prestunum, né prestlaunasjóði. Og eg þykist geta fullyrt það, eftir athugunum nefndarinnar, að ekki sé gengið á hluta prestanna, þótt breyt.till. verði samþykt. Þess vegna vona eg, að svo fari, í trausti til þess, að háttv. Ed. muni ganga að henni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 158 feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hálfd. Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson,	Jón Þorkelsson,
Þorleifur Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Skúli Thoroddsen.

Sig. Gunnarsson greiddi ekki atkv., og taldist því til meiri hl.

Frumv. á þgskj. 94 sþ. með 17 : 2 atkv.

Málinu vísað til 3 umr. með 15 : 3 atkv.

Þriðja umr., 29. marz. (A. 94).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 17 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Almennar auglýsingar.

FRUMVARP til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

Fyrsta umr., 22. febr. (A. 38).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það er nokkuð svipað með þetta mál og málið næsta hér á undan, um prentsmiðjur. Aðalatriðið í frv. þessu er það, að það gerir þá nauðsynlegu breytingu á gildandi lögum, að hætt skuli að lögskipa að auglýsa íslenzk dánarbú og dómsmál í dönskum blöðum. Hingað til hefir það verið skylda að auglýsa slík bú í ákveðnu dönsku blaði, fyrrum Berlingatíðindum og nú í »Statstidende«. En þörf er ósýn á að halda þessu auglýsingaverki áfram. Danir álíta ekki þörf á að auglýsa dómsmál sín né dánarbú í íslenzkum blöðum og hví skyldum við þá þurfa að auglýsa þau í dönskum blöðum? Þetta hefir varla annað en kostnaðinn í för með sér og virðist því mál til komið að hætta því. Samfara þessu hlýtur og að vera breyting á núgildandi ákvæðum um stefnufrest.

Eg legg til að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er hefir prentsmiðjumálið til meðferðar.

ATKV.GR.:

Samþykt með 18 shlj. atkv. að vísa málinu til þessarar nefndar og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 2. marz (A. 38, n. 62).

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv. samhlj.

Önnur umr., 4. marz (A. 38, n. 62).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! — Eg minnist þess ekki að hafa nokkru sinni séð í íslenzkum blöðum auglýsingar um innkallanir eða skifti í búum manna, sem búsettir hafa verið í útlöndum. Ekki er mér heldur kunnugt um, að nokkurt löggjafarvald í heimi lögbjóði embættismönnum sínum eða öðrum að birta slíkar auglýsingar eða aðrar því líkar í blöðum útlendra þjóða.

Það er því torvelt að finna nokkra sennilega ástæðu til þess, að lögbjóða oss Íslendingum að birta auglýsingar vorar í útlendum blöðum.

Ekki er heldur gott að sjá sennilega ástæðu fyrir því, að vér skulum birta slíkar auglýsingar í *dönskum* blöðum, úr því að viðskifti vor eru nú ekki fremur við Danmörku, heldur en t. d. við Bretland, Þýzkaland og jafnvel Bandaríkin í Ameríku, Frakkland, Spán og ýms önnur lönd.

Þessi ákvæði stafa vitanlega frá þeim gömlu tímum, er viðskifti vor voru *bundin* við Danmörku og Danir settu oss lög og gættu síns réttar en eigi vors.

Þetta er í löggjöf vorri líkt og botnlanginn í manninum, gamalt líffæri, sem einu sinni vann nytsamt starf meðan mennirnir voru grasbítir, en er nú orðið óþarft og skaðlegt, eftir að lífnaðarhættir vorir eru orðnir svo breyttir, að ekki þarf á því að halda.

Nú er vér höfum sjálfir löggjafarvald í málum vorum, þá er það sjálfsagt, að vér skerum þennan danska botnlanga úr löggjöf vorri. Og þeir eru fleiri botnlangarnir í henni, bæði danskir og íslenzkir, sem sömu leið mega fara.

Vænti eg svo góðs byrs um deildina fyrir frumv. — Brtill á þgskj. 62 tekur nefndin aftur.

ATKV.GR.:
Viðaukatill. (62) tekin aftur.
1. gr. sþ. með 21 atkv.
2. gr. sþ. með 19 atkv.
3. gr. sþ. með 20 atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. með 20 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Þriðja umr., 6. marz (A. 38).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! — Eg þarf ekki að mæla fram með frumv. þessu; því var vel tekið hér í deildinni við 2. umr. og vænti eg hins sama nú við 3. umr.

ATKV.GR.:
Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 4. apríl (A. 446).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! — Eg hefi ekki mikið um þetta frumv. að segja. Í efri deild hefir verið gerð ein breyting við það til spillis, en engin til bóta. Þó vil eg leggja til að háttv. deild samþykki frumvarpið, eins og það er.

Hannes Hafstein: Eg vil leyfa mér að leggja til, að mál þetta sé tekið út af dagskrá og nefndin svo geri breytingar við það.

Forseti tók málið því næst út af dagskrá.

Ein umr., (framh.) 6. apríl (A. 446, 485).

ATKV.GR.:
Brtill. (485) við 1. gr. sþ. með 17 samhlj. atkv.
Frumv. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Heyforðabúr.

FRUMVARP til laga um samþyktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr.

Fyrsta umr., 27. febr. (A. 39).

Flutningsm. (Sig. Sigurðsson): Frumv. það, sem hér ræðir um, fer að eins fram á, að heimila sýslunefndum að gera samþyktir um heyforðabúr og heyásetningseftirlit. Hér er því um heimildarlög að ræða eða frumv. til þeirra. Á síðasta þingi voru, eins og kunnugt er, samin lög um heimild til að koma á fót kornforðabúrum. Að vísu hafa þau lög enn verið lítið notuð. Það hafa að eins verið stofnuð tvö kornforðabúr í skjóli þessara laga, í Bæjarhreppi í Strandasýslu og í Grímsey. Sumir hafa nú fundið það að þessum lögum, að þau ekki innihéldu ákvæði um heimild til að stofna heyforðabúr. Úr þeirri vöntun bætir frumv. það, sem hér liggur fyrir.

Hér skal eigi að þessu sinni farið út í það, hver nauðsyn er á slíkum heimildarlögum. Hins vegar geta vafalaust allir orðið á eitt sáttir um það, að heyásetningsmálið sé afar þýðingarmikið, og eitt af þeim málum, er landbúnaðinn varðar hvað mest. Skynsamlegur og góður heyásetningur er undirstaða undir velfarnan og velmegun bændalýðsins í þessu landi. Það hljóta allir þeir að viðurkenna, er þekkja hvernig hagar til hjá oss með veðuráttu og annað fleira.

Eg geri nú ráð fyrir, að þessi lög um heimild til að koma á fót heyforðabúrum, mundu ekki alment notuð. En þess vænti eg þó, að þau komi þar að gagni, sem þeirra er mest þörf og að ákvæði frumv. um hluttöku landssjóðs í heyforðabúrakostnaðinum hvetji menn til framtaks og aðgerða í þessu efni. Á forðabúrum til skepnufóðurs er þörfin mest í þeim sveitum, er hafís getur lokað höfnum og tept allar samgöngur á sjó. Og einnig eru þau nauðsynleg, þar sem langt er í kaupstaði og erfitt er um samgöngur á landi að vetrinum.

Eg vænti nú þess, að frumv. verði vel tekið, og legg það til, að því verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 19 atkv. samhlj.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 6. marz (A. 39, 55, n. 67).

Bjarni Jónsson: Eg bjóst við, að háttv. flutningsm. frumv. mundi láta eitthvað í ljósi um það, en fyrst hann er ekki viðlátinn, skal eg fara um það nokkrum orðum.

Frumv. er komið frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal og er mjög nytsamt og gott að minni hyggju. Það verður aldrei ofmetið það tjón, sem bændur hafa af heyásetning, ef ekki er hagað viturlega. Öllum liggur í augum uppi, hversu mikilsvarðandi það er að koma í veg fyrir horfelli. En til þess að sveitirnar ráði sjálfar, sýnist hagkvæmast að hafa samþyktarlög um heyásetning og heyforðabúr. Fellisárið mikla, 1882, var mikið talað um að setja upp heyforðabúr, en dregist hefir þó að koma þeim upp; en það má ekki dragast lengur, því að ella kynni svo að fara, að það drægist, unz annað eins harðindaár kæmi aftur og árið 1882. Mér virðist sem nefndarmenn muni ekki vilja hafa skoðunarmenn, en slíkt er þó hin mesta nauðsyn vegna bænda, sem byrja á búskap. Skoðunarmennirnir verða þeim ráðunautar innansveitar. Til dæmis um nauðsyn þess skal eg geta þess, að sonur duglegs bónda eins, sem eg þekti, byrjaði búskap og settist í gott bú, er faðir hans fékk honum. Þetta var árið

1881—1882. Næstu fardaga, 1882, var alt fé fallið og beinin lágu í hrönnum um túnið. Þetta kom til af því að maðurinn var alinn upp í eyjum og því óvanur heyásetningu. Af þessum sökum tel eg nauðsynlegt að hafa slíka ráðunauta í sveitunum.

Pétur Jónsson: Eg stend upp að eins til að geta þess, að úr 7. brtill. á þgskj. 55 hafa fallið burtu orðin »að hálfu«. Það er ekki meiningin að landssjóður greiði allan kostnaðinn, sem þar er nefndur.

Út af orðum háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg benda honum á það, að til eru áður sérstök lög um skoðunarmenn og heyásetning, horfellislögin svokölluðu. Mætti auðvitað gera breytingar á þeim í þá átt, sem þingmaðurinn álítur nauðsynlegt. Hins vegar er með þessu frv., eins og breyt.till., ætlast til, að það verði gert ráð fyrir, að samþyktirnar geti ákveðið um heyásetningseftirlit, svo sem þarf vegna heyforðabúranna.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 22 atkv. samhlj.

Önnur umr., 8. marz (A. 39, 55, n. 67, 110).

Framsögum. (Sig. Sigurðsson): Við framh. 1. umr. þessa máls, lét hann þess getið, háttv. þm. Dal. (B. J.), að Torfi Bjarnason í Ólafsdal væri höfundur að frumvarpinu, sem nú er til umræðu. Þetta er vitanlega rétt. Þegar Torfi var hér á ferðinni fyrir nokkru, hafði hann með sér frv., er fór í sömu átt og frv. á þgskj. 39. Hann sýndi mér frumvarpið og gaf eg honum kost á að flytja það. Eg breytti því að vísu nokkuð, án þess þó að raska grundvelli þess eða hugsun.

Um sama leyti og frumvarpið kemur fram hér í deildinni, er það fyrir búnaðarþinginu, og rætt þar og athugað. Búnaðarþingið gerir við það nokkrar breytingar, og tók háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) að sér að flytja þær. Það eru breytingarnar á þgskj. 55. En með því nú að landbúnaðarnefndin hefir tekið flestar þessar breytingar upp í brtill. á þgskj. 67, þá hefir háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tekið sínar brtill. aftur.

Hvað nú brtill. nefndarinnar snertir, á þgskj. 67, þá er það fyrst, að orðin: »heyásetningseftirlit og« falli burt, og að frumvarpið heiti þá að eins »frumv. til laga um samþyktir um heyforðabúr«. Í sambandi við þessa breytingu standa svo nokkrar aðrar breytingar, sem eru í raun og veru orðabreytingar.

Aðalbreytingin, sem nefndin hefir gert, er við 5. gr. Þar hefir hún lagt til að ákvæðin um heyásetningseftirlitið, er samþykt skuli ákveða um, falli niður, en að eins tiltaka að ákvæði um það skuli vera í samþykt. En hvernig þeim ákvæðum er fyrir komið, er á valdi þeirra, er samþyktina gera.

Eftir breytingu nefndarinnar verður það ekki eins hindrandi, hvað í samþykt skuli standa og frumv. gerir ráð fyrir. Samþyktarsmiðir hafa þar óbundnar hendur, og tel eg það kost.

Þá er einnig gerð breyting á 6. gr., og verðum vér nefndarmenn að telja þá breytingu til bóta. En í sambandi við þessa breytingu á 6. gr. skal eg geta þess, að þar féllu nokkur orð úr breytingunni, og höfum vér leyft oss að bera fram brtill. á þgskj. 110, er bætir úr þessu. Hún er þannig, að á eftir orðunum: »endurgreiðist síðan úr landssjóði«, bætist við orðin: »að helmingi«. Þennan viðauka vil eg biðja háttv. þm. að athuga, áður en gengið er til atkvæða.

Skal eg svo ekki fjölyrða um málið frekar.

Pétur Jónsson: Eins og háttv. frsm. (S. S.) sagði, hefir það orðið að

samkomulagi með mér og nefndinni, að eg taki aftur brtill. minar, þar sem þær eru flestar teknar upp í brtill. nefndarinnar. En eg skal bæta því við, að eftir anda þeim, sem fram kom í umræðunum í búnaðarþinginu, þá ber eigi að skilja þetta sem vott um það, að búnaðarfélagið eða aðrir áliti kornforðabúrin óþörf, eða enga tryggingu í þeim fólgna, heldur er það þvert á móti. Þau eru góð fyrir sig, en heyforðabúrin er ætlast til að verði eins og annar þáttur í framkvæmdum þeim, sem gerðar verða til þess að tryggja menn fyrir fóðurskorti. Nú er svo ástatt, að í sumum sveitum er þegar tekinn að vakna töluverður áhugi á heyforðabúrum, og er þá heppilegt, að löggjöfin tryggi stofnun þeirra og fyrirkomulag og styrki þau, hitt er ekki meiningin, að þau verði keppinautar kornforðabúranna. Þar á hvað að styðja annað.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 55 teknar aftur.

Brtill. (67) við 1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. frumv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. (67) við 2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. (67) við 3. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 15 atkv.

Brtill. (67) við 5. gr. sþ. með 17 atkv.

5. gr. þar með fallin.

Brtill. (67) við 6. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Brtill. (110) við 6. gr. hina nýju sþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. frv. þar með fallin.

Brtill. (67) við 7. gr. a. sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. (67) við 7. gr. b. sþ. með öllum greiddum atkv.

Brtill. (67) við 7. gr. c. sþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. (67) ný 8. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. að 8. og 9. gr. frumv. verði ein grein sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. (67) fyrirsögnin sþ. með 16 shlj atkv.

Fyrirsögnin þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. marz (A. 137, 154).

Pétur Jónsson: Eg vil með örfáum orðum mæla fram með brtill. á þgskj. 154. Samkvæmt 3. gr. frv. eiga allir alþingiskjósendur atkvæðisrétt, þegar um einstök atriði samþyktar er að ræða. En þegar til þess kemur, að greiða atkvæði um samþyktarfrv. í heild sinni, þá er atkvæðisrétturinn til fullnaðarúrslita takmarkaður við búendur eina. Þetta verður ljóst, ef brtill. mín kemst að, sem eg vona.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 154 sþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 31. marz (A. 367).

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni sþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Síldarskoðun.

FRUMVARP til laga um skoðun á síld.

Fyrsta umr., 5. apríl. (A. 289).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd sé kosin til þess að athuga þetta mál.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd í málið með 12 atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson,
Björn Kristjánsson,
Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein.

Í nefndinni var Björn Kristjánsson valinn formaður, en Björn Þorláksson skrifari og framsögumaður.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 21. apríl. (A. 289, n. 635).

Framsögumaður (Björn Þorláksson: Þetta frumvarp er komið hingað frá efri deild, og miðar að því að gera síld þá, sem aflast kann milli Langaness og Horns, að betri og vandaðri vöru. Þetta er mjög þýðingarmikið mál, því svæði þetta er aðalsíldarveiðasvæði landsins. Nefndinni finst að frumvarpið sé óglögt orðað, en þó ekki svo að ástæða sé til að gera breytingartillögur við það, og hrekja það aftur upp til Ed., því þá gætu menn átt á hættu, að málið dagaði uppi. Nefndin leggur því einhuga það til, að frumv. sé samþykt, eins og það er.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Önnur umr., 25. apríl. (A. 289, n. 635).

Framsögumaður (Björn Þorláksson: Eg þarf ekki að taka neitt fram umfram það, sem í nefndarálitinu stendur. Oss þótti frv. sumstaðar óljóst, t. d. síðari liður 1. gr. Þar er ekki talað um, hvað síldin eigi að hafa legið lengi í salti, þótt skiljanlegt sé, að það eigi að fara eftir dómi matsmanna. Í síðara lið 7. gr. er orðið »vörumerki« í stað »merki«. Það eru til sérstök lög um vörumerki og nota kaupmenn þau á vörum, sem þeir fá og senda.

Í þriðja lagi stendur í 8. gr. 1. lið, að matsmenn skuli fá 2 kr. í fæðispeninga. Hér hefði átt að bæta við: »á dag«.

Öll þessi atriði eru raunar svo lítils verð, að nefndin leggur með því, að frumv. óbreytt verði að lögum.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
7.—10. gr sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frumv vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. apríl. (A. 289).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Maríu- og Péturslömb.

FRUMVARP til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Maríu- og Péturslamba.

Fyrsta umr., 1. marz (A. 58).

Flutningsmaður (Jón Jónsson N.-Múl.): Frumvarp þetta er ekki neitt

nýmæli. Þetta mál hefir verið oft flutt hér á þingi, en aldrei náð fram að ganga nema á aukaþinginu 1886, en þá synjaði stjórnin því staðfestingar, eins og fleiri málum um þær mundir, þótt þörf væru.

Það sem sérstaklega mælir með frv. þessu, er að fóðurskylda þessi hvílir eingöngu á 5 sóknum á öllu landinu, og þó ekki á öllum býlunum í þessum sóknum. Hér er því um herfilegt misrétti að ræða í samanburði við aðra landsmenn. Þá er nafnið sjálft, Maríu- og Péturslömb, ekki sem viðfeldnast. Virðist nokkuð úrelt og ósamboðið þessum tíma að láta þessa fáu bændur fóðra lömb fyrir Pétur postula og Maríu mey. Nú er sérstök ástæða til að flytja frv. um afnám þessara lambsfóðra, þar sem á síðasta þingi var með lögum um sóknargjöld afnumin fóðurskylda á heytollum. Margir litu svo á, að með þeim lögum væru Maríu- og Péturslömb úr sögunni. En landssjórnin úrskurðaði, að svo væri ekki. Út af þessu hefir óánægjan brotist út á ný og liggja nú fyrir þinginu áskoranir um að afnema þetta.

Ýmsar getgátur eru um, hvernig þessi lambsfóður séu til orðin, en líklegast er að þau hafi átt að vera endurgjald fyrir góðgerðir, sem menn á þessum býlum hafa þegið hjá hlutaðeigandi prestum, en svo hafi þetta loðað við síðan og komist í hefð.

Í frumvarpi þessu er ætlast til að landssjóður borgi fóðrin, meðan prestar þeir, er nú njóta þessara tekna, eru í embætti, en svo falli gjaldið algerlega niður. Hér er að eins um tæpar 300 kr. að ræða, er landssjóður þyrfti að greiða árlega um nokkur ár. Er það smáræði, og vona eg að háttv. þingdeildarm. vaxi það ekki í augum. Óska eg að málinu sé vísað til 2. umræðu án nefndar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Önnur umr., 3. marz (A. 58).

Jóhannes Jóhannesson: Þar sem mál þetta fékk svo góðar og einróma undirtektir við 1. umr. þess, leyfum við flutningsmenn þess oss, að vænta þess, að það nái hljóðalaust fram að ganga, að minsta kosti í þessari háttv. deild. Það er frá okkar sjónarmiði ekki ástæða til þess að fjölyrða um það og öllum eldri þingmönnum er málið kunnugt, því það hefir oft legið fyrir þinginu áður. Þrátt fyrir þetta þykir mér hlýða að fara um málið nokkrum orðum, þar sem nýjar kosningar hafa farið fram, síðan það lá síðast á borði þingsins og nýir þingmenn eru margir; gæti eg vel skilið, að þeir hefðu ekki allir lesið í þingtíðindunum það, sem um málið hefir verið rætt á þingi.

Um uppruna fóðurskyldu Maríu og Péturslamba vita menn ekki með vissu. Þó hefi eg einhversstaðar lesið það eftir Jón sál. háyfirdómara Pétursson, að hún muni þannig á komin, að einhverntíma í kaþólskum sið hafi sú venja komist á víða á Íslandi, að á hverju prestssetri hafi nytinni úr einni kú verið varið til þess að gæða sóknarfólkinu á; var kýr sú ýmist eignuð Maríu mey eða Pétri postula. Í notum fyrir þessar góðgerðir fóðruðu sóknarbændur hins vegar lamb fyrir prestinn, er nefndust Maríu-eða Péturslömb. En er stundir liðu fram fór svo, að prestarnir átu kýrnar, en fóðurskyldan hélzt.

Fóðurskylda þessi var áður töluvert almenn, en hefir stöðugt lagst niður víðar og víðar, einkum síðan þess, að prestarnir kynokuðu sér við að krefjast þess, að henni væri fullnægt, og nú þekkist hún ekki nema í 5 sóknum á landinu, nefnilega í Sauðanessókn, þar eru 16 Péturslömb, í Svalbarðssókn, þar

eru 12 Péturslömb, í Hjaltastaðasókn, þar eru 18 Maríulömb, í Desjarmýrarsókn, þar eru 14 Maríulömb, og loks í Klyppstaðarsókn, þar eru 7 Maríulömb. Þannig eru Maríu- og Péturslamba fóðrin 67 á öllu landinu, og ef maður telur lambsfóðrið 4 kr. virði, nemur skyldan, metin til peninga alls kr. 268.00, en röskum 300 kr., ef lambsfóðrið er metið á $4^1/_2$ kr. Eins og menn munu hafa tekið eftir, loðir fóðurskylda þessi hvergi við nú nema á Austurlandi; það lítur út fyrir, að prestar þar hafi verið eftirgangssamastir um tekjur sínar. Hún hvílir á aðaljörðum, eftir því sem eg veit bezt, án tillits til hvort eigandi er einstakur maður eða jörðin þjóðeign — en ekki á hjáleigum.

Fóðurskylda þessi er afar óvinsæl, ekki svo mjög vegna þess, að mönnum finnist hún þung, því bónda á meðaljörð munar ekki verulega um að fóðra eitt lamb, heldur vegna hins, hve óeðlileg og ranglát hún er.

Um upprunann vita menn ekki annað en það, sem eg tók áðan fram, en eg skal bæta því við, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), sem er allra manna fróðastur í þeim efnum, hefir tjáð mér, að hann hafi hvergi í fornum bókum eða skjölum fundið neitt um hana.

Það hafa því verið gerðar margar tilraunir til þess að fá hana numda úr lögum, en þótt merkilegt megi virðast, hefir það ekki tekist til þessa. Síðast féll málið í þessari háttv. deild á þinginu 1905, en þá var nýrri ástæðu beitt gegn því. Þá stóð til, að skipuð yrði milliþinganefnd í skattamálin, og þótti því ekki hlýða að láta lög um þetta efni ná fram að ganga, áður en hún hefði fjallað um málið, en hún er nú úr sögunni.

Einasta ástæðan, sem færð hefir verið og færð verður fram gegn afnámi fóðurskyldu þessarar, er sú, að hún sé kvöð, sem hvíli á jörðum, eins einstakra manna sem opinberra, en ekki persónulegt gjald. Verði hún afnumin, hækki því eign einstakra manna í verði án verðleika frá þeirra hálfu og að landssjóður eða nú prestlaunasjóður bíði skaða að sama skapi. En þessi ástæða er hvorki fyllilega réttmæt né nægileg, þótt réttmæt væri. Eg fæ ekki séð, að sagt verði með réttu, að fóðurskyldan sé kvöð, sem hvíli á hlutaðeigandi jörðum. Það sést á því, að þeir sem lambsfóðrin bera, eiga enga kröfu á hendur eiganda jarðanna og geta ekki snúið sér að honum, þótt ábúandi jarðanna inni eigi skylduna af hendi, og eins hinu, að séu jarðirnar í eyði, eru engin lambsfóður int af hendi.

Réttara mun því vera að skoða hana sem persónulega kvöð, sem hvíli á ábúendum vissra jarða, enda eru það ábúendurnir, sem inna hana af hendi, og við byggingu slíkra jarða, er ekkert tillit tekið til fóðurskyldunnar. Þessar jarðir eru bygðar með nákvæmlega sama leigumála og aðrar jarðir og seldar sama verði, þær myndu hvorki hækka í verði né eftirgjald þeirra hækka, þótt skyldunni væri aflétt. Allir kunnugir vita, að þetta er satt og menn þurfa ekki annað en kynna sér skjöl þau, sem lögð eru fram í lestrarsalnum, til að fá sönnun fyrir því, að það eru ábúendurnir en ekki eigendurnir, sem óska afnámsins, enda myndu þeir ekkert á því græða, nema þeir búi sjálfir á jörðunum.

Með sóknargjaldalögunum nýju er prestslamba-fóðurskyldan afnumin og mér er kunnugt um það, að margir af þeim, sem fóðra eiga Maríulömb álíta, að einnig sú fóðurskylda sé afnumin, hafa því neitað að fóðra þau og stendur til málareksturs út af því. Mönnum finst gjald þetta svo ósanngjarnt, að þeir vilja ómögulega greiða það, þótt lítið

sé, ef undan verður komist, heldur eiga í málavafstri út af því.

Eg vona að alþingi þyki nú tími til kominn að fella þessar kátlegu og óeðlilegu fornaldarleifar úr gildi og samþykki lagafrumv. þetta. Upphæð sú, sem prestlaunasjóður missir við það, mega kallast smámunir og það er séð fyrir því, að prestar þeir, sem nú eru eða síðar kunna að koma, líði engan halla.

Eg álít, að þetta sé svo óbrotið mál, að ekki sé ástæða til að fjalla um það í nefnd, en skal þó eigi vera á móti nefndarskipun, ef deildinni finst réttara að hún sé sett. Það er fyrir löngu tími til kominn að létta þessum miðaldaleifakvöðum af, og vænti eg að sérstaklega prestarnir hér í deildinni séu mér sammála í því.

Stefán Stefánsson: Eg verð að líta svo á, að afnám fóðurskyldu Maríu- og Péturslamba, án þess nokkurt gjald komi fyrir, sé all athugavert. Ekki af því, að upphæð sú, sem hér er um að ræða nemi nokkru verulegu fyrir landssjóð, — það mun eftir undanfarandi verðlagsskrá, ekki vera meira en 3 hundruð krónur rúmar, sem um er að ræða, ef maður reiknar lambsfóðrið á 4,50—5,00 kr., — heldur virðist mér rétt, að vilji þingið afnema þessa litlu skyldukvöð, sem aðeins nemur rúmum 4 krónum á hverjum stað, og þannig gefa einstökum mönnum, þá mæli nokkur sanngirni með því, að létta einnig öðru, mjög tilfinnanlegu gjaldi af einstökum bændum eða bændaeignum, sem er prestsmatan. Eg veit dæmi þess að prestsmötugjaldið er orðið svo tilfinnanlegt, að ekki er við unandi. Þar stendur svo á, að á jarðeignina féllu skriður fyrir nokkrum árum, svo eigandinn varð að færa niður eftirgjaldið um þriðjung, en prestsmötuna verður að greiða jafnháa eftir sem áður. Um þetta hefir hann kvartað til prófasts hvað eftir annað, og biskupi um það skrifað, en á því hefir engin leiðrétting fengist.

Mér virðist að fóðurskyldan og prestsmatan séu svo skyld hvort öðru, að sé annað eftirgefið þá eigi hitt að vera það líka, en að landssjóður greiði þessar kvaðir endurgjaldslaust, álít eg ekki rétt. Breytingin, sem eg vil leggja til að gerð sé, er sú, að heimild sé gefin til þess, að kaupa þessar kvaðir af jörðunum.

Eg skal svo ekki fjölyrða um málið frekar, en leyfi mér að stinga upp á, að kosin sé 5 manna nefnd til þess að athuga frumv., að lokinni umræðunni.

Sigurður Gunnarsson: Eg tek undir með hv. 2. þm. Eyf. (St. St.), að ástæða sé til þess að skipa nefnd í málið, annaðhvort 3 manna nefnd eða 5 manna nefnd eða þá að vísa því til einhverrar nefndar, sem þegar hefir verið skipuð, sem hefir með höndum mál lík þessu. Hvort ofan á verður, læt eg mig litlu skifta. Annars hallast eg að því, að þessa fóðurskyldu beri að afnema. Mig langar þó um leið til að gera þá fyrirspurn til háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), hvort hann áliti, að þessi fóðurskylda hafi haldist við á Austurlandi af því, að hann áliti, að prestarnir þar hafi verið ágjarnari en annarstaðar á landinu? Mér þætti leitt, ef orð hans yrðu skilin á þann veg. Sömuleiðis langar mig til að vita, hvort svokölluð »Péturslömb« á Hálsi, og »Magnúsarlömb« á Húsavík eigi ekki líka að hverfa úr sögunni, ef þau eru enn við líði, en um það er eg ekki nógu fróður.

Pétur Jónsson: Eg legg til, að málið sé sett í nefnd eða vísað til einhverrar nefndar, sem þegar hefir verið kosin, t. d. nefndarinnar í málinu um sölu kirkjujarða. Eg tek undir með háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) um að mál þetta sé athugavert. Það er ekki rétt að leggja

áherzluna á það, hve ránglátlega eða hvernig kvöðin sé til orðin, hún er orðin réttmæt nú gegnum hefð, þótt hún ef til vill í fyrstu ekki hafi verið réttmæt. Og nú er kvöðin eign kirkjunnar og hennar réttmæt eign. Landssjóður á sjálfsagt margar eignir, sem upphaflegar heimildir eru ókunnar fyrir, og sjálfsagt eru margar af þeim illa til komnar. Sama má víst segja um eignir einstakra manna. Upphaflegur eignarréttur á þeim er illa til kominn oft og tíðum og engu betur. Gömul saga er til um, að Grund í Eyjafirði hafi eitt sinn í harðæri verið seld fyrir eitt kindarlæri. Þannig eru margar eignarheimildir til orðnar fyrir kúgun og kvöl, og verður þeim eigi riftað nú, þegar þær eru svo gamlar, að rifting á þeim myndi koma niður á þeim, sem vel eru að eignunum komnir, og borgað hafa þær fullu verði.

En þessar kvaðir eru mjög óþægilegar og óheppilegar báðum málsaðilum og valda óánægju og stundum ósamlyndi. Þegar því það opinbera á kvöðina ætti hún að seljast með mjög vægum kjörum. Það kostar líka töluvert að þrefa um þetta á mannfundum og alþingi. Þessar kvaðir, sem hér er um að ræða eru óheppilegar en ekki óréttmætar, og eg vil óska þess, að þessum kvöðum verði létt af með sem vægustum kjörum.

Jóhannes Jóhannesson: Eg tók það fram áðan, að þessar kvaðir hvíldu alls ekki á jörðunum sjálfum eða eigendum þeirra, heldur ábúendum. Þær eru persónulegar kvaðir á þeim, og þess vegna láta eigendur jarða sig ekkert um þær varða, nema þeir séu þá ábúendur þeirra um leið. Það mundi því ekki verða mikið notað, þótt mönnum yrði gert unt að losna við þessa kvöð,

Ef áætla má lambsfóðrið á $4^1/_2$ kr., fer alt þetta gjald ekki fram úr 300 kr., og litlar líkur eru til þess, að lambsfóður stigi í verði til muna fyrst um sinn.

Um prestsmötuna er alt öðru máli að gegna, en um lambsfóðrin. Hún er allþungur skattur og hún hvílir einmitt á jörðunum, því að allar leigur af staðarkúgildunum ganga til prestanna. Eigendur jarðanna geta því ekki leigt þær, nema fyrir mun lægra afgjald en ella. Og séu þeir sjálfir ábúendur, þá verður sama uppi á teningnum, þeir verða þá að borga sjálfir.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) gerði þá fyrirspurn til mín, hvort eg áliti að prestar austanlands mundu vera ágjarnari en þeir gerast annarstaðar. Eg gat þess í fyrri ræðu minni, að kvaðir þessar mundu hafa fallið niður annarstaðar vegna þess, að prestar hafi skirrst við það sjálfir að ganga eftir slíku. Og þar sem þær nú eru hvergi til nema á þessum fáu stöðum eystra, þá getur varla verið um annað að ræða, en að eitthvað fastar hafi verið gengið eftir þeim í fyrndinni þar en annarstaðar. En hins vegar er svo langt síðan, að þetta tekur ekki til þeirra presta, er nú lifa, svo að þótt hinn háttv. þm. hafi verið þar klerkur fyrir 15—20 árum, þarf hann ekki að taka það til sín.

Vænti eg svo þess, að þetta mál verði sett í nefnd og gangi svo sinn gang gegnum þingið og verði afgreitt sem lög. Það er mál til komið.

Pétur Jónsson: Eg hafði einmitt gleymt því atriðinu, sem háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) mintist á, þar sem hann hélt því fram, að þetta væri ekki kvöð á jörðunum sjálfum, heldur ábúendum. Eg er þar á gagnstæðri skoðun, enda líta hagfræðingar nútímans svo á, að það hafi eiginlega enga þýðingu, nema rétt í bili, hvorum af tveimur, eiganda eða ábúanda, sé gert að skyldu að inna slíka kvöð af hendi. Ábúandi

tekur við þessari kvöð með jörðinni, og því fylgir hún henni, en sé kvöðinni létt af, þá má þegar leigja jörðina dýrar en áður.

Annars skil eg það vel, að menn vilji létta af þessum gömlu gjöldum, bæði þessum lömbum, prestsmötu o. fl. En það á ekki að gera það endurgjaldslaust, þ. e. gefa þessar eignir að fullu einstökum mönnum. Að vísu var létt af gjöldum með sóknargjaldalögunum, sem hvílt hafa á jörðunum langa hríð, svo sem tíundum til prests og kirkju. En það voru mjög lág gjöld og önnur sett í staðinn, sem koma mjög niður á sömu mönnum, þótt þau sé persónuleg gjöld, svo það jafnar sig.

Flutn.m. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Eg heyri það á háttv. þm. S.-Þing. (P.J.), að hann vill láta menn kaupa af sér þessar kvaðir. En það er rétt hjá háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), að þær hvíla á ábúendum, en ekki eigendum jarða. Þarf því ekki að búast við, að eigendur jarðanna leggi neitt í sölur til að losna við þessa kvöð, þar sem þeir byggja jarðirnar alveg án tillits til þessarar kvaðar, landsskuldin sú sama, hvort sem þessi fóðurskylda er eða ekki. Eg tek þetta fram af því, að ef það er tekið til greina, þá sjá menn, hve eðlilegt það er, að þetta sé úr gildi numið og kostnaðurinn lagður á landssjóð. Fyrir austan hefir það komið fyrir, að óvild hefir risið út af þessu milli prests og safnaðar, en það er ranglátt að kenna prestunum um þetta, það er venjunni að kenna. Þess vegna eiga ekki heldur prestarnir að bíða tjón við breytinguna, og er þá eðlilegast og einfaldast, að landssjóður borgi þeim. Þingið hefir annars ekki verið vant að sýta í því um líkt, þótt stærra væri, svo sem launahækkun presta og uppbót á prestaköllum. Það er nú oftast vant að gera mest veður út af smámununum. Þess er og að gæta hér, að þessi kvöð þykir öllum óeðlileg og óviðfeldin, ekki síst vegna nafnsins.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,
Benedikt Sveinsson og
Stefán Stefánsson.

Umræðunni frestað.

Formaður nefndarinnar var valinn Ólafur Briem, en skrifari Jón Jónsson N.-Múl.

Framh. 2. umr., 14. marz (A. 58, n. 135, 151).

Framsm. meiri hl. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og sjá má á nefndarálitinu hefir nefndin í máli þessu klofnað. Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frumv. verði samþykt óbreytt, en minni hl. hefir komið fram með brtill. við það, fyrst á þgskj. 135 og síðan á þgskj. 151. Aðalmunurinn liggur í því, að meiri hl. vill afnema kvöð þessa endurgjaldslaust, en minni hl. vill aftur á móti, að hlutaðeigendur leysi sig undan henni móti einhverju gjaldi, því er sanngjarnt þætti. En þetta á aftur rót sína að rekja til þess, að mönnum kemur ekki saman um það, á hverjum þessi gjöld hvíli. Meiri hl. heldur því fram, að það hvíli á ábúendum jarðanna, en minni hl. að það hvíli á eigendum þeirra. Eg talaði nú allítarlega um þetta mál þegar við 1. umr. hér í deildinni, og þóttist þá sýna fram á það, að þetta væru persónulegar kvaðir, og af því leiðir, að þótt aflausnargjöldin kunni að vera sanngjarnlega

sett, þá verður meiri hl. að vera á móti brtill. en leggja með því, að frv. verði sþ. eins og það er.

Eg ætla ekki að eyða mörgum orðum um ýmislegt, er sett hefir verið í samband við þessa fóðurskyldu, svo sem prestsmötur o. fl. Það er alt annars eðlis. Hér er um smámuni eina að ræða. Þetta eru ekki nema 67 lömb, og ef lambsfóðrið er reiknað á 4 kr., þá munar það ekki prestlaunasjóð nema um 200 kr., hvort frumv. verður sþ. óbreytt, eða brtill. minni hl. En nú er að minsta kosti helmingurinn af jörðunum, sem þetta hvílir á, opinber eign, og veit eg að háttv. minni hl. ætlast þó ekki til þess, að neitt sé goldið fyrir afnám kvaðarinnar af þeim.

Annars er það um hinar kvaðirnar að segja, að meiri hl. hefir ekkert á móti því, að þeim verði einnig létt af, en hann vill einungis ekki láta flétta það saman við þetta mál.

Þetta frv. ætti að samþykkjast óbreytt, eins og það stendur á þgskj. 58.

Einar Jónsson: Eg vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að eg er því ekkert mótfallinn, að frumv. þetta nái samþykki háttv. deildar og þykir það ekki vera ósanngjarnt, að ýmsum fleiri kvöðum, líkum og þessum lambafóðrum, sé létt af bændum einnig, en það ætti þá að vera í rýmri máta og meira í sambandi hvað við annað. Menn sem búa við þessa fóðurskyldu á Maríu- og Péturslömbum, eiga ekki að losna við þau endurgjaldslaust að öllu leyti, ef þeir, sem við prestsmöturnar búa, losna ekki við þær með aðgengilegum kjörum. Að minsta kosti sé eg ekki að það sé svo mjög slæmt, eða þeim um of íþyngt — sem fóðurskylduna hafa —, þótt þeir verði að greiða eitthvert dálítið gjald til þess að losna. Eg ímynda mér að menn vildu með ánægju losna við prestsmöturnar fyrir 12 sinnum hærra gjald, en borgað hefir verið árlega, miðað við verðlagsskrárverð síðustu 10 ára. Og það ætti einmitt að verða í sambandi við þetta. Það er svo náið hvað öðru, að hvorugir eiga heimtingu á að losna endurgjaldslaust, nema hinir losni líka. Það er satt, að prestsmatan er þyngra gjald, en hlutfallið á að vera rétt. Eg vil að hvorttveggja sé lækkað, en í sambandi hvað við annað. Prestsmatan er engu síður ósanngjörn en hitt, þegar tekið er tillit til þess, að leigu- og sölusamningar um prestsmötujarðir, fara venjulega eftir því, hvor samningsmaðurinn er hyggnari og aðgangsfrekari, en ekki ætið tekið nægt tillit til þess nú á dögum við slíka samninga, hvort kvaðir hvíla á jörðum eða eigi. Ýmsir, sem undir prestsmötu búa, hafa leitað samninga við herra biskupinn, sem er réttur hlutaðeigandi í þessu máli. Hefir hann reiknað út eftir gjöldum síðustu 10 ára og gengið inn á það við þá, að leysa þá með því, að byggja á 5%. En þó að þessir menn hafi nú fengið þetta leyfi og viljað nota það, þá er það þó víða, þar sem prestar lifa enn undir eldri launalögunum, að þeir hafa staðið á móti þessu og kvöðinni því eigi aflétt. Þeir hafa samkvæmt þeim fult lagaleyfi til þess að koma í veg fyrir að þessum gjöldum verði breytt. Þeir hafa ekki játast undir ákvæði nýju laganna og geta því heimtað gjöld sín með sama verði og áður, sem sé gangverði á smjöri í þeirri bygð.

Þetta frumv. hefir vitanlega ívilnun í sér fólgna, og er eg að því leyti ánægður með það. En það má ekki aðskilja svo náskyld mál, sem þessi.

Framsögum. minni hlutans (Ólafur Briem): Það hefir oft verið deilt um það hér í deildinni, hvort þetta, sem hér er um að ræða, sem sé fóðurskylda hinna svonefndu Maríu og Péturslamba væri persónulegt gjald, eða

kvöð, sem hvildi á viðkomandi jörð. Mér fyrir mitt leyti getur ekki blandast hugur um það, að þetta er kvöð á jörðunum, og til merkis um það skal eg geta þess, að í sumum söknum hvílir skyldan ekki nema á sumum jörðunum. Ef hin skoðunin væri rétt, þá ættu allir í sömu sókn að vera undir sömu lögum. Eins má geta þess, að þótt tvíbýli sé á jörð, þá er ekki fóðrað þar nema eitt lamb, en hins vegar eru þá ætíð fóðruð tvö prestslömb. Þetta sannar, að svo hefir verið litið á, að kvöðin hvíli á jörðunum.

Brtill. minnihl. eru bygðar á því, að æskilegt ætti að vera fyrir alla hlutaðeigendur, að kvaðir þessar legðust niður, á þann hátt, að gjöldum þessum yrði breytt í höfuðstól, sem borgaður yrði út í eitt skifti fyrir öll. Þessi regla gæti gilt, ekki að eins um áminsta fóðurskyldu, heldur einnig um fleiri kvaðir, sem hvíla á jörðum, einkum prestsmötur. Í fyrri brtil minni hl. er öllum slíkum jarðarkvöðum gert jafnhátt undir höfði, en við nánari athugun sannfærðist minni hl. um það, að þetta væri ekki sanngjarnt, sérstaklega þar sem um svo mis stór gjöld er að ræða. Fóðurskyldu-gjaldið er svo lágt, að prestlaunasjóð munar það mjög litlu, en öðru máli er að gegna um prestsmöturnar. Eftir brauðamatinu frá 1854 og öðrum þeim skýrslum, er minni hl. nefndarinnar hefir átt kost á að kynna sér, eru allar prestsmötur á landinu nálægt 10 þús. pd. smjörs, og ef hvert pd. er reiknað á 60 aura, er hið árlega prestsmötugjald 6000 kr. Væri þessu árgjaldi breytt í höfuðstól með því að margfalda það með 20 eftir tillögu minni hl., yrði sú fjárhæð 120 þús kr., er með $4^1/_2$% vöxtum gæfi af sér í árstekjur 5,400 kr. Tekjumissir prestlaunasjóðs við afsal þessara kvaða mundi því að eins nema 600 kr. á ári. Auðvitað þarf prestlaunasjóður ekki að sætta sig við þetta tap, en vera má þó að forráðendur sjóðsins vilji vinna það til, til þess að losa menn við þessar óvinsælu kvaðir. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hin svonefndu Maríu- og Péturslömb, eru þau um 70 talsins, og sé hvert lambseldi metið 4 kr., gerir það 280 kr. Þar við bætist fóðurskylda 4 vetrunga, tilheyrandi Hrunaprestakalli, sem eftir gömlu lagi er áætlað 50 kr. Hinar árlegu tekjur af þessum kvöðum eru því alls 330 kr., sem margfaldað með 12 eftir till. minni hl. samsvarar 4000 kr. höfuðstól, sem með $4^1/_2$% vöxtum gæfi af sér 180 kr. tekjur á ári. Tekjumissir sá, er prestlaunasjóður yrði fyrir með því að afsala sér umræddum kvöðum með þeim kjörum, er hér greinir mundi því nema 150 kr. árlega. Minni hl. álítur nú gerlegt að ganga að þessari lækkun til þess að losast við þessi óvinsælu gjöld og allt það stapp, er þau hafa valdið, bæði hér og heima fyrir.

Eggert Pálsson: Það getur engum dulist, sem les nefndarál., að þar liggur allmikið örlæti á bak við. Örlætið er að vísu talið dygð, en eg lít þó svo á, að nokkuð sé undir því komið, hvernig það kemur fram. Það má kalla það dygð, þegar menn gefa af sínu eigin, en aftur á móti geta orðið skiftar skoðanir um það, þegar menn fara ofan í vasa annara — eins og t. d. hér, landssjóðs eða prestlaunasjóðsins, til þess að gera einstökum mönnum gott. Og í þessu eru báðir hlutar nefndarinnar samtaka, þótt meiri hlutinn fari lengra. Hann vill gefa fóðurskyldu Maríu- og Péturslambanna eftir endurgjaldslaust, og færir til þess ýmsar ástæður, t. d. að þessi kvöð sé gömul og úrelt, að óvíst sé um uppruna hennar, og að hún sé ranglát. Hið eina af öllu þessu, er komið

getur til greina að taka tillit til, er nú auðvitað hið síðast talda. Hitt eru engar ástæður, að kvöð þessi sé gömul eða uppruni hennar óviss. Það eitt væri góð og gild ástæða til að afnema þessi gjöld, ef það yrði sýnt og sannað, að þau væru ranglát. En fyrir því hafa litlar sannanir verið færðar, enn sem komið er. Og svo er annað, sem aðgæta verður, og það eru afleiðingarnar, sem slík eftirgjöf mundi hafa í för með sér. Og þær hafa þegar sýnt sig hér, þar sem þetta frumvarp hefir leitt til þess, að menn vilja fara að afnema önnur gjöld, sem þeim dettur í hug að séu ranglát.

Háttv. minni hl. nefndarinnar hefir ekki getað orðið hinum samferða í því, að afnema þessa fóðurskyldu algerlega endurgjaldslaust, en hefir viljað sýna örlæti sitt með því, að afnema hana gegn rúmlega hálfu endurgjaldi, en vill jafnframt gera fleiri hluttakandi sömu eða líkra hlunninda með því að leggja til, að afnema jafnframt prestsmötu alla, þannig, að hvergi nærri fult endurgjald komi fyrir. Örlæti minni hl. er því í raun og veru yfirgripsmeira, þar sem það nær til miklu fleiri manna, og það er mikið hærri upphæð, sem þeir ætla — eg vil segja að *gefa* burtu úr landssjóði. Að vísu er mér það eigi fullljóst, hve mikið fé þetta er, en mikið hlýtur það að verða, þegar andvirði prestsmötunnar á einungis að vera 20 sinnum árgjaldið. Háttv. minni hl. hefði átt að gera deildinni skýra grein fyrir því, hve mikil upphæðin væri, svo að þm. vissi hve mikið þeir gæfu burt. En þótt þá skýrslu vanti, þá er eg sannfærður um að upphæðin er æði stór, og það enda þótt gengið væri út frá verðlagsskrárverði, en því stærri, ef farið væri eftir gangverðinu, eins og prestar eftir eldri launalögunum eiga rétt á, að þeim sé borgað fyrir prestsmötu þá, sem þeim hefir verið lagt út til tekna. Það er hvarvetna til tekið, að þeim skuli greiða prestsmötuna í ákveðinni, tiltekinni vöru. Og sé það ekki gert hafa þeir rétt til að fá andvirði hennar greitt eftir samkomulagi eða gangverði, en ekki verðlagsskrárverði. Eg er því ekki í neinum vafa um það, að þeir prestar, er búa við eldri launakjörin, eiga fullan rétt á því, að fá prestsmötuna þannig greidda, að þeir biði engan halla.

Það er sem sé vitanlegt að víða um land er svo ástatt, að verðlagskrárverðið er lægra en gangverðið að jafnaði, ekki að eins á þessari vöru heldur á fleirum. Það getur því eigi komið til greina að skylda presta að sætta sig við verðlagsskrárverðið í þessum sökum. Að vísu mætti segja, að slíkt væri ekki ósanngjarnt, ef prestar semdu einir verðlagsskrárnar, en svo er ekki. Verðlagsskrárnar eru samdar af 3 mönnum, og er presturinn því ávalt í minnihluta við samning þeirra. Það getur hugsast, að sumir vilji hafa sömu aðferðina hér og þegar prestlaunalögin 1907 gengu í gildi, að prestar skuli skyldir að fara eftir meðalverði síðustu 5 ára. En það er ekki rétt á litið, því um dagsverk og lambsfóður mæltu eldri lög svo fyrir, að þau skyldi taka eftir verðlagsskrárverði, en um prestsmötuna hafa hin eldri lög engin slík ákvæði.

Eg hygg einnig, að varhugavert sé frá öðru sjónarmiði að sýna hér of mikið örlæti gagnvart þeim, sem prestsmötur eiga að inna af hendi, því að svo er mál með vexti, að flestir eigendur prestsmötujarða eru vel efnaðir menn, já, þess eru jafnvel dæmi, að útlend gróðafélög séu eigendur slíkra jarða. T. d. eru prestsmötujarðirnar Bræðratunga og Víðidalstunga í eign slíkra félaga, en það væri þó helzt til fjarri sanni að gefa slíkum félögum peninga úr prestlaunasjóði. Eg skal játa, að ekki tjáir

að jafna saman prestsmötunni og Maríu- og Péturslömbum. Maríu- og Péturslömbin hvíla að eins á örfáum jörðum á vissu svæði, en prestsmötukvöðin er svo að segja jöfn um alt land. Eg hefði því getað hallast að því, að Maríu- og Péturslambafóðrin væru gefin eftir, en að dálitið gjald kæmi þó í staðinn, — hefði t. d. getað felt mig við uppástungu minni hlutans þar að lútandi. En eins og frumv. nú liggur fyrir, er mér eigi hægt að greiða atkvæði með því. Hins vegar vona eg, að breyt.till. komi fram við 3. umr., sem fari í þá átt, sem eg nú hefi bent á, og ef aðrir ekki koma fram með slíka breyt.till., þá hefi eg í hyggju að gera það sjálfur.

Framsögum. meiri hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Umræðurnar hafa ekki gefið mér ástæðu til að halda langa ræðu.

H. 1. og 2. þm. Rang. (E.P. og E.J.) héldu því fram, að réttast væri að gefa eigendum þeirra jarða, sem kvöð þessi hvílir á, leyfi til þess að losa sig undan henni með gjaldi, en eg hygg óhætt að fullyrða, að slíkt leyfi yrði ekki notað. Eigendurnir líta sem sé svo á, sem kvöð þessi sé þeim óviðkomandi og hvíli að eins á ábúendunum. Hins vegar er óliklegt, að ábúendurnir fari að losa sig undan þessari kvöð með peningaborgun. því að þeir eiga ekki víst að búa svo lengi á jörðinni, að það borgi sig. Samanburðurinn á prestsmötu og Maríu- og Péturslömbum er allsendis rangur, því að prestsmatan er ekki annað en kvaðir, sem hvíla á jörðunum sem gjöld fyrir ákveðin störf prestsins. En um Maríu- og Péturslömb gegnir alt öðru máli, enda er sú kvöð svo óvinsæl, að einar 6 eða 7 atrennur hafa verið gerðar til þess að fella hana úr gildi.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) færði það sem sönnun fyrir því, að þessi kvöð hvíldi á eigendunum, að í söknum, þar sem Maríu- og Péturslömb tíðkuðust, væri þó sumar jarðir lausar við þetta skyldugjald. En þetta er alls engin sönnun, því að fóðurskyldan var áður mjög almenn, en hefir víða fallið niður án endurgjalds, af því að prestarnir hafa ekki gengið eftir henni.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að hér væri um það að ræða að gefa einstökum mönnum úr prestlaunasjóði. En hér er ekki verið að gefa neitt, heldur að afnema gamla, úrelta kvöð. Að lokum skal eg geta þess, að ef breyt.till. minni hlutans verða feldar, þá skal ekki standa á mér með að koma fram með sérstakt frumvarp um aflausn á prestsmötu.

ATKV.GR.

Breyttill. og viðaukatill. á þgskj. 151:

1. liður a. feldur með 13 : 5 atkv.

1. liður b. feldur með 13 : 4 atkv.

2. liður tekinn aftur.

Breyt.till. á þgskj. 135 (1.—4. liður) teknar aftur.

Frumv. óbreytt sþ. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Hálfdan Guðjónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson S.-Múl.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Frumv vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. marz. (A. 58, 210).

Eggert Pálsson: Eg gat þess áður hér í deildinni við 2. umr. málsins, að ef enginn annar yrði til þess að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, þá myndi eg gera það og liggur hún nú fyrir á þgskj. 210. Eg sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið nú, því að eg gat þess síðast, hvert efnið myndi verða í breyt.till. Og efnið er það, að þessum kvöðum verði ekki létt af mönnum án alls endurgjalds, heldur verði þeim gert að skyldu að greiða nokkurt gjald, þótt ekki verði það full borgun fyrir að kvöð þessi falli niður. Eg skil ekki annað en að hlutaðeigendum þyki slík ákvæði betri en ekki, og ekki get eg fallist á ástæður háttv. framsögum. meiri hl. (Jóh. Jóh.) fyrir því, að kvöð þessi hvíli á ábúendum, en ekki eigendum jarðanna, því að ef kvöð þessari er létt af, þá hljóta jarðirnar að stiga í verði að sama skapi. Það má miða þetta við ábúðarskattinn. Eins og hann er nú er hann greiddur af ábúendunum, en hvílir þó á eigendum jarðanna í raun og veru. Og væri honum því létt af, án þess að nokkuð kæmi í staðinn, þá get eg ekki annað séð, en að allar jarðir hljóti að hækka í verði að sama skapi, og eigendum jarða því innan handar að þoka eftirgjaldi þeirra upp sem ábúðarskattinum svaraði og hafa þannig ríflegri tekjur af sinni eign. Með öðrum orðum, jarðirnar hækkuðu við það í verði. Og eins hljóta þessar jarðir að gera hlutfallslega, ef þessum kvöðum, sem hér um ræðir væri nú létt af fyrir alls ekkert. Það hlyti að verða notagjald sjálfra eigendanna, að minsta kosti þegar fram liðu stundir. Annars skal eg ekki fara frekar út í þetta mál en eg vænti þess fastlega, að háttv. deild verði fylgjandi breyt.till. minni.

Framsögum. meiri hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Eg er samþykkur háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það eitt, að ekki beri að fjölyrða um þetta mál nú við 3. umr. og vera að endurtaka það, sem áður hefir verið sagt í því. En annars verð eg að lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að henni þykir þessi breyting enn óaðgengilegri, heldur en breyt.till. minni hl. nefndarinnar, sem féllu við 2. umræðu. Hér er gjaldið sett enn þá hærra, heldur en þar var, og vona eg að háttv. deild haldi fast við það, að binda ekki afnám þessara kvaða því skilyrði, að hlutaðeigendur gjaldi svo mikið fé. Og hvernig stendur á því, að hér stendur »hlutaðeigendur« en ekki eigendur? Það hefði þó legið beint við eftir skilningi háttv. þm. Þetta sýnir eiginlega, að hann er oss samdóma um það, að þetta séu úreltar kvaðir, sem einmitt hvíla á ábúendunum, og sem ekki eru samrýmanlegar hugsunarhætti nútímans.

Svo er nú það, að þótt þessi breyting yrði samþykt, þá yrði það ekki til annars en þess, að gera lögin gagnslaus, því að þá myndi enginn nota þau. Eigendum jarðanna dytti það ekki í hug, af því þeir líta svo á, sem kvöðin hvíli á ábúðinni, og ábúendum að jafnaði ekki heldur, því að þeir eru ekki vissir um að búa svo lengi á jörðinni að það borgi sig. Þetta væri því að gera lögin þýðingarlaus. Þess ber og að gæta, að helmingurinn af jörðunum er eign prestlaunasjóðs eða landssjóðs. Annars veit eg að háttv. flutn.m. er er ekki fast í hendi með þetta, enda vona eg að það verði felt, en frumv. samþykt óbreytt.

ATKV.GR.

Breyt.till. (210) feld með 12 : 9 atkv.

Frumv. óbreytt sþ. með 12 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

Kirkjujarðasala.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Fyrsta umr., 1. marz (A. 59).

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eins og háttv. deild er kunnugt lá þetta mál fyrir síðasta þingi. Var því þá allvel tekið og vísað til landbúnaðarnefndarinnar, sem gaf því eindregin meðmæli sín, og síðan samþykt hér í deildinni með 19 samhlj. atkv. En svo feldi Ed. frv. við 1. umr.og hafði þá rætt það lítið og sumir deildarmenn að líkindum enn minna um það hugsað.

Frumv. þetta er fram komið af því, að lögin um sölu kirkjujarða eru ekki vel ljós um það atriði, hvort leyfilegt sé að selja hjáleigur undan prestssetrum. En af viðtali við þá menn, er sátu í milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum og undirbjuggu lögin um sölu kirkjujarða, og sömuleiðis af bréfi herra biskupsins til stjórnarráðsins, dags. 10. apríl 1908 er það ljóst, að sú hefir í öndverðu verið tilætlunin, að salan ætti að vera heimil að því skilyrði viðbættu, er við landbúnaðarnefndarmenn á síðasta þingi settum, að hjáleigurnar skyldu hafa sérstök ummerki á túni og engjum.

Sé eg svo ekki að fjölyrða þurfi um þetta mál og heldur ekki nauðsynlega nefndarskipun, þar sem frumvarpið er með öllu óbreytt frá því, sem það var samþykt hér í deildinni á síðasta þingi, en vænti þess, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 3. marz (A. 59).

Benedikt Sveinsson: Þetta mál var lítið rætt við 1. umr. þess. Heimildin til að selja þjóðjarðir hefir verið misbrúkuð síðustu árin, og álít eg þess vegna, að ástæða sé til þess að athuga málið nákvæmlega í nefnd, áður en deildin sendir það frá sér. Eg vil þess vegna leyfa mér að leggja til, að kosin sé 3 manna nefnd.

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Nefndarkosning samþykt með 13 : 1 atkv. 5 manna nefnd samþykt með 13 samhlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Sigfússon,
Hálfdan Guðjónsson,
Stefán Stefánsson,
Jón Þorkelsson og
Eggert Pálsson.

2. umr. frestað.

Formaður nefndarinnar var valinn Björn Sigfússon, en Jón Þorkelsson skrifari. Samkvæmt ósk formanns voru ennfremur síðar (5. apríl) teknir í nefndina Benedikt Sveinsson og Pétur Jónsson.

Framh. 2. umr., 29. marz (A. 59, n. 299).

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Þetta frumv. er loks komið til deildarinnar aftur eftir langa og mikla dvöl. Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin klofnað. Meiri hlutinn álítur, að frv. með þeim breytingum, sem hann stingur upp á, sé til bóta. Nefndin, eða meiri hluti hennar, leggur til að frv. sé breytt í 2 atriðum, nfl. í fyrsta lagi, að ásamt engjum og túni séu einnig gerð ummerki á úthögum hjáleignanna, þegar skifti og mat fara fram. Þetta er nauðsynlegt til þess að matið sé rétt og enginn misskilningur verði á því síðar, hvað hjáleigunni fylgir. Hin breytingin, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gera, er fólgin í því, að álits umráðamanns og hreppstjóra skuli

jafnan leitað um söluna. Það er til þess að fyrirbyggja, að sala hjáleignanna verði til skaða fyrir prestssetrið. Með þessum breytingum virðist trygt, að frv. reynist ekki varhugavert. Sýslunefnd á að segja til, hvort býlið, sem selja á, sé nauðsynlegt til almenningsnota eða sala þess komi í bága við hagi almennings, sé t. d. hentugt skólasetur o. s. frv. Að öllu þessu athuguðu sýnist tryggingin af hendi hins opinbera vera svo skýr og fullnægjandi, að frekara gerist engin þörf.

Áður en eg lýk máli mínu verð eg að taka fram, að ef það er talið heppilegt, að sem flestir bændur verði sjálfseignarbændur, og þeirri stefnu hefir alþingi tjáð sig hlynta með þjóðjarðasölulögunum, kirkjujarðasölulögunum og lögunum um forkaupsrétt leiguliða, þá er eg sannfærður um, að þetta frv. er á sömu rökum bygt. Stjórnarráðið hefir ekki viljað leggja þann skilning, eða ekki þótt nógu skýr heimild í lögunum 1907 um sölu kirkjujarða til þess að selja prestsetra-hjáleigurnar, jafnvel þótt sýslunefndir hafi verið á annari skoðun og ekki séð nein tormerki á sölunni. Eg skil ekki, að háttv. deild sé búin að breyta svo skoðun sinni frá því á síðasta þingi, að hún telji ekki þetta frv. til verulegra bóta eða jafn sjálfsagt til þess að verða að lögum, og þau sem eg nú gat um. Þá var frv. þetta samþykt með miklum meiri hluta og afgreitt til Ed., en þar var málið felt, eg vil segja fyrir misskilning einn. Eg hefi þá ekki ástæðu til að fara frekara út í málið að svo stöddu.

Minni hlutinn hefir gert að nokkuru grein fyrir skoðun sinni í nefndarálitinu og gefið ítarlega skýrslu um seldar þjóðjarðir og kirkjujarðir nú á síðustu árum, en þó vantar það í allar þessar samansöfnuðu tölur, sem mest er um vert, og ekki væri ráðin bót á, þótt þingmenn lærðu alt fylgiskjalið utan að, og það er, hvort landssjóður eða prestlaunasjóður hafi haft ábata eða skaða á sölunni. Annars býst eg við að minni hlutinn skýri frá sinni afstöðu, og skal bíða þess.

Framsögum. minni hl.(Hálfdan Guðjónsson): Eins og hin háttv. deild sér á nefndarálitinu vill minni hlutinn ekki ráða háttv. deild til að samþykkja þetta frv. Lögin, sem hér er farið fram á að breyta, kirkjujarðasölulögin, eru ekki svo gömul né gölluð, að vert sé að eyða bæði tíma og fyrirhöfn í að breyta þeim. Síðan 1907, er lögin voru samþykt, hafa engar þær breytingar gerst hér á landi, er geri það að verkum, að nauðsynlegt sé að breyta lögunum. Þegar lögin voru samþykt, var það gert af ásettu ráði að undanskilja söluheimildinni þær jarðir, sem áttu að vera embættisbústaðir prestanna framvegis og rýra þær á engan hátt. Það var litið svo á, og við lítum svo á minni hlutinn, að sala hjáleigna yrði til að rýra höfuðbólið. Það er oftast mjög örðugt að greina á milli hverjar landsnytjar fylgja höfuðbólinu og hverjar hjáleigunni. Það eru fjöldamörg dæmi þess, að hjáleigurnar eru ýmist í sérábúð eða notaðar með heimajörðinni, ýmist með einum landsnytjum eða með öðrum. Það yrði því einatt erfitt að ákveða, hvað eðlilegt væri og heimajörðinni skemdaminst að fylgdi hverri einstakri hjáleigu og gæti orðið efni í þrætur og óánægju. Sumir kunna að segja, að þetta muni sjaldan koma fyrir, því að hjáleigurnar séu svo fáar. Þetta er þvert á móti. Eg hefi raunar ekki kynt mér tölu allra hjáleigna á landinu, en þori að fullyrða, að flestum prestssetrum fylgja hjáleigur, sumum margar. Eg skal nefna 2 dæmi, annað sunnanlands, hitt norðanlands. Sunnanlands skal eg nefna höfuðbólið fræga Odda á

Rangárvöllum. Þegar eg var unglingur, átti eg heima þar í grendinni; síðan man eg þessa bögu, er getur hjáleignanna frá Odda:

Eru kotin Odda hjá
Ekra, For og Strympa,
Vindás, Kumbli, Kragi, þá
kemur Oddhóll skamt í frá.

Eða alls 7 hjáleigur.

Eg efast um, að nokkur þori að fullyrða, að höfuðbólið Oddi mundi ekki setja ofan, ef allar hjáleigurnar yrðu sneiddar burtu. — Hitt höfuðbólið, sem eg vildi nefna er norðanlands. Það er Glaumbær í Skagafirði. Glaumbæ fylgja 4—5 hjáleigur og eru sumar í túnfætinum eða alveg hjá túninu í engjunum þar í kring. Þessu líkt er víðar. Sumstaðar mundi svo fara, ef hjáleigurnar allar væru seldar frá höfuðbólinu, þá yrði skákin, sem eftir er, fótaskinns-spilda hjáleigueigendanna og mjög ófýsilegur embættisbústaður. Þetta hefir þó sannarlega aldrei verið tilgangurinn með lögunum um sölu kirkjujarða. Eg býst við, að háttv. framsm. meiri hl. (St. St.) muni svara mér, að frumvarpið bæti hér úr skák, með því að ákveða, að leitað skuli álits hreppstjóra og umboðsmanns jarðarinnar, áður en hún sé seld. En mér er næst að telja þetta ákvæði frumvarpinu til óbóta. Það stendur ekkert um það, hvaða tillit skuli taka til álits þeirra. Nú getur það oftlega komið fyrir, að hreppstjóri og umboðsmaður jarðarinnar séu ekki sammála. Til hvors þeirra á þá að taka meira tillit? Frumvarpið talar ekkert um það. Það gæti þá hæglega farið svo, að hreppstjórinn og presturinn komist í hár saman út af þessu. Það getur þó ekki verið tilgangurinn með frumvarpinu að tryggja sér, að þeim kunni að lenda saman. Eg skal viðurkenna, að til þess er frumv. vel fallið. En eg sé enga ástæðu til að stuðla til þess með lögum að svo fari. Og eg skil ekki, að hreppstjórarnir óski heldur eftir lögum í þá átt. Svo vel þekki eg þá marga, og þar á meðal vin minn háttv. flutningsmann þessa frumvarps (St. St.)

Eg skal játa, að það getur staðið svo á, að hjáleigan sé í svo lausu sambandi við heimajörðina, að heimajörðin biði ekki stórtjón, þótt hjáleigan sé seld. Eg þekki t. d. svo vel til þess dæmis, sem háttv. flutningsm. (St. St.) mun sérstaklega hafa í huga, að eg veit vel, að þar er um hjáleigu að ræða, sem er sjálfstætt býlí í fremur lausum tengslum við heimajörðina. Eg hefi átt heima bæði í Saurbæ og í Melgerði og veit því vel, að Saurbær getur notið sín fullkomlega, þó að Melgerði væri selt.

Í sambandi við þetta vil eg benda á það, að eg hygg, að áðurnefndar jarðir muni komast undir hin almennu ákvæði laganna um sölu kirkjujarða, því að eg hygg, að Saurbær í Eyjafirði muni ekki verða prestsetur framvegis, þegar lögin frá 1907 um skipun prestakalla eru komin í framkvæmd í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Auk þess þykir mér réttara, þegar um prestssetur er að ræða, að þá sé sölunni ráðið til lykta með sérstökum lögum. Slík lög mundu hindranalaust fá framgang, ef salan rýrði ekki jörðina, sem á að vera eða verða embættisbústaður. Í því trausti hygg eg háttv. flutningsm. (St. St.) óhætt að sækja það með minna kappi, að þetta frumv. verði að lögum.

Eg vil þá minnast með nokkrum orðum á skýrsluna, sem fylgir nefndaráliti minni hlutans. Það getur verið, að þar muni einhverju ofurlitlu á verði jarðahundraða, en sú skekkja telst í aurum en ekki í krónum. Sumir þingmenn, sem hafa minst á mat þetta við mig, hafa talið það galla á skýrslunni, að

verðið er reiknað eftir samtölu jarðarhundraða og kúgildahundraða, en ekki eftir jarðarhundruðum eingöngu. En öllum er innan handar að reikna þetta sjálfir, því að kúgildatalan er alstaðar sett sér á hverri jörð.

Í þessu sambandi vil eg benda á það, að svo mun mega líta á, að það séu hinar betri og beztu jarðirnar, sem seldar hafa verið. Því athugaverðara er, hve lágt meðalverðið er. Meðalverðið mundi verða miklu lægra, ef selja ætti það, sem eftir er af þessum fasteignum, ef ekki breytist til hækkunar alment verð fasteigna á landi hér.

Þetta meðalverð hinna seldu fasteigna, sem minni hluti nefndarinnar hefir reiknað út, er langt fyrir neðan það verðlag, sem milliþinganefndin í skattamálunum áætlaði og bygði hún þó á ábyggilegum grundvelli. Þótt hlunnindi séu á stöku stað undanskilin, þá raskar það ekki meðalverðinu, eftir áliti skattamálanefndarinnar.

Enn er eitt atriði, sem lauslega er drepið á í áliti minni hlutans, að komið hafi fyrir, að lögin hafi verið misbrúkuð. Eins og mönnum er kunnugt, er tilgangur laganna að efla sjálfsábúð í landinu. En á síðustu árum hafa menn dæmi þess, að þetta takmark hefir ekki náðst. Og þessum dæmum mun óðum fjölga, að einstakir menn kaupi jarðir sér til eignar undir nafni fátækra leiguliða. Þessu ætti að sporna á móti af alefli, því allir vita, að bezta leiguliðaábúðin er opinberu eignirnar, en einstakra manna eignir eru miklu verri ábúðir fyrir leiguliða. Tala ekki um hvað leiguliðakjörin eru bág, þegar þetta eru gróðabrallsmenn í fjarlægð t. d. hér í Reykjavík, sem er að tíðkast meir og meir, að þeir reyna að klófesta fasteign á þennan hátt. En út yfir tekur þó, þegar það eru útlendir auðmenn, sem ná jörðum landssjóðs á þennan hátt.

Þetta, sem eg hefi nú sagt, eru aðeins almennar athugasemdir um nefndarálitið.

Jón Sigurðsson: Þegar lögin um að leiguliðum þess opinbera væri gefinn kostur á að kaupa ábúðarjarðir sínar, voru sett, þá var það tilgangur laganna, að menn mundu hafa meiri hvöt til þess að rækta jarðirnar betur og gera meiri jarðabætur á þeim, þegar þeir ættu þær sjálfir og væru vissir um, að arðurinn af vinnu sinni kæmi niðjum sínum að notum. Þessi tilgangur var góður og lofsverður, en hann hefir ekki alstaðar komið að tilætluðum notum og sumstaðar verið misbrúkaður, því þegar litið er á það, að með þessum lögum var veitt heimild til þess að selja jarðir, sem landið hefir átt frá ómuna tíð og margar þessara jarða voru úrvalið úr jörðum alls landsins, þá var það jafnframt skylda löggjafarvaldsins að reisa skorður gegn því, að þessi heimild, sem lögin veittu til jarðasölu væri misbrúkuð. Því það er óforsvaranlegt að fleygja út dýrum jörðum fyrir hálfvirði, eins og reynsla er fyrir, að sumstaðar hefir verið gert. Eg vil þó ekki segja, að þetta frumvarp sé með öllu óbrúkandi, það getur staðið svo á, að einhvernstaðar sé eitthvert smákot, sem ábúandi sá, sem nú býr á, eigi rétt á að fá keypt.

Framsögumaður minni hl. (H. G.) gat þess, að ekki væri gott að sjá af skránni, hvað eftirgjaldið væri. Það má þó sumstaðar gera sér grein fyrir hversu hátt það er og einnig sér maður, að eign kirkju hefir verið seld fyrir lægra verð en maður gat búist við. Við skulum taka jörð eins og Gilsbakka. Hann er seldur fyrir 5500 kr. Laxveiði jarðarinnar er leigð Englendingi fyrir 300 kr.

á ári og Lambatungur eru leigðar fyrir 30 kr. á ári. Þetta eru aukatekjur fyrir utan eftirgjaldið. Afborgun og vextir er 297 kr. á ári. Kaupandinn hefir líka 3 kr. afgangs árlega, þegar hann hefir borgað afborgun og vexti. Hér fylgdi með fjalllendi, sem árleg leiga var eftir 30 kr. En skömmu eftir að hinn núverandi eigandi hafði keypt jörðina, seldi hann þetta fjalllendi fyrir 800 kr. Eg skal geta þess, að kirkja fylgdi með í kaupinu, söfnuðurinn tók kirkjuna að sér nokkrum dögum eftir, að hann hafði keypt jörðina. Ef hreppsnefnd hefði farið þannig með eignir hreppsins, þá hefði hún fengið ámæli og það hefði verið að maklegleikum.

Þá hefir sala sumra jarðanna í Arnarstapaumboði verið töluvert athugaverð. Sveinsstaðir undir Jökli voru seldir fyrir 1900 kr. Ábúandinn hafði 200 kr. árlega fyrir mótak. Alveg eins var með Brekkubæ, þar er tún ágætt og mjög mikil útiganga. Sú jörð var seld fyrir 500 kr. En þó tekur út yfir, þegar einhver bezta jörðin í allri Staðarsveit og þótt víðar sé leitað, Kálfárvellir með Kálfárvallakoti, eru seldir fyrir 2000 kr. Það hefði verið sök sér, ef þessi kaup hefðu komið ábúandanum að góðu, en hér er sagt, að annar maður hafi staðið á bak við kaupin en ábúandinn verið notaður sem leppur. Og það verð eg að segja, að það er eitt af því óviðkunnanlegra, þegar farið er að nota ábúandann sem lepp af hinum og þessum gróðabrallsmönnum, og það er þá sannarlega ástæða til þess að setja varúðarreglur gegn því, ef hægt væri, að jafnauðvelt sé og hingað til hefir verið að ná beztu jörðunum frá landssjóði, og það er nauðsyn á því fyrir stjórnina að fara gætilegar í söluna en hún hingað til hefir gert.

Að mínu áliti þá gerir það ekki mikið, hvorki til né frá, hvort frumv. verður samþykt eða ekki, því það hefir verið gengið alt of langt í jarðasölunni, og allar beztu jarðirnar, sem mest eftirsjón er í, eru seldar, og lítil eftirsjón í flestum þeim eignum, sem eftir eru. Það getur staðið svo á, að það sé sanngjarnt, að heimilað sé að selja kot eða hjáleigu frá kirkjustaðnum. Vitanlega mun þess konar sala helzt eiga sér stað, þar sem presturinn hefir slept hendi af jörðinni og þarf hennar ekki með við not höfuðbólsins.

Það er ákveðið í þessu frumvarpi, að stjórnin skuli leita álits hreppstjóra og umboðsmanns jarðarinnar, og það ætti að vera til bóta, því stjórnin mun fara eftir þeim upplýsingum, sem hún álítur beztar. En hingað til hefir stjórnin ekki fengið nógar upplýsingar um jörðina, eða ekki fengið upplýsingar frá nógu mörgum hliðum, því þeir sem um málið hafa fjallað, hafa allir hallast á sömu sveifina, og þegar svo er, er ekki furða þó útkoman hafi einkennilegan lit.

Framsögumaður minni hlutans (H. G.) talaði um, að það væri sorglegt, ef hreppstjóranum og prestinum lenti saman, af því að sitt litist hvorum um söluna. En þeir hafa starfað svo lengi saman, að eg er ekki hræddur um, að þeim lendi fremur saman út úr þessu máli en öðrum málum. Bezt hefði verið, að engin jörð hefði verið seld nema með sérstökum lögum í hvert skifti. En úr því að beztu höfuðbólin eru seld og töluvert los komið á jarðeign landssjóðs, þá er ekki ástæða að nema nú staðar. Með vaxandi þekkingu á málinu, má gera ráð fyrir, að gætilegar verði farið, en hingað til hefir átt sér stað, og ekki alt tekið trúanlegt og þar sem sérstaklega stendur á, má gera ráð fyrir, að öll skilríki verði heimtuð, sem kostur er á. Og

úr því þær jarðir eru seldar, sem mest eftirsjón er að, þá álít eg, að það megi eins vel selja þær eignir, sem eftir eru.

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Eg skal strax geta þess, að mér kom það dálítið á óvart, þegar háttv. 1. þm. Hún. (H. G.) varð fylgjandi hinum minni hluta manninum (1. þm. Rvk) í nefndinni, því á síðasta þingi sátum við báðir í landbúnaðarnefndinni hér í neðri deild og þá var þetta mál rætt þar, og þá var hann á sama máli og við hinir nefndarmennirnir, eða með öðrum orðum fylgjandi sölunni. En þó hann sé á móti frumvarpinu nú, þá hélt eg, að hann af þessum ástæðum mundi síður beita sér gegn því.

Háttv. þm. hafði ýmislegt að segja og sumt af því var lítils virði, eins og t. d. að presturinn og hreppstjórinn mundu komast í hár saman, ef frumvarp þetta yrði samþykt. En eg hygg, að það sé ekki svo mikil freisting til þess, þó frv. þetta verði að lögum, því það eru ekki þeir heldur stjórnarráðið, sem sker úr, og þegar presti og hreppstjóra ber ekki saman, þá á stjórnarráðið ávalt kost á því að afla sér upplýsinga og hallast þá á hvors þeirra sveif, sem því sýnist heppilegra, eða sem líka getur fyrir komið, verið báðum mótfallið. Enda eru prestar yfirleitt svo friðsamir menn og eg meina að hreppstjórar séu það einnig, að engin ástæða er til þess að færa fram slíka ástæðu.

Viðvíkjandi því, sem sami háttv. þm. tilfærði sérstaklega um Odda og hjáleigurnar þar, að ef Oddahjáleigurnar væru seldar, þá yrði Oddi fótaskinn þeirra, þá vil eg spyrja þingmanninn, hvernig þessu hagar til nú? Eru hjáleigurnar þá ekki fótaskinn Odda, eins og nú stendur? Meðan svo er, að þessar hjáleigur eru nauðsynlegar fyrir höfuðbólið, þá hlýtur það að vera bagalegt fyrir þá bændur, sem búa á hjáleigunum að verða að þola það, að þeirra litlu landspildur séu hálfgert fótaskinn bóndans á höfuðbólinu eða prestsins á prestssetrinu. Annars virðist mér þessi ástæða háttv. þm. kenna svo mikillar ónærgætni við þá sem eru minni máttar og að því leyti óheppileg fyrir hans málstað, að eg vil ekki fara að brjóta hana meira til mergjar.

Viðvíkjandi því að jarðirnar séu of lágt virtar er það að segja, að það eru ekki svo fáar kirkjujarðir, sem metnar eru og hafa verið seldar fyrir 250 til 300 kr. hundraðið; þótt hitt hafi komið fyrir, að hundraðið hafi verið virt að eins 100 kr. eða jafnvel þar undir, þá er altaf heimilt fyrir stjórnina, finnist henni virðingin of lág, að láta meta jörðina af nýju — heimta yfirmat.

Hinsvegar er mér kunnugt, að þess eru dæmi, að vildisjarðir meðal opinberra eigna eru notaðar sem selstöðukot árum saman, og niddar bæði að húsum og öðrum frágangi til tjóns fyrir landssjóð og þau sveitafélög, sem hlut eiga að. En hvernig er svo með tekjurnar af þessum opinberu jarðeignum? 16% eru borgaðar einungis fyrir innheimtuna á afgjaldinu; þar að auki verður oft að leggja fram fé til húsabóta og annars kostnaðar. Með öðrum orðum mikill hluti af bruttotekjunum gengur úr greipum landssjóðs.

Þá talaði háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) um að það væri nauðsynlegt að spyrna á móti því, að útlent auðvald keypti jarðirnar til að okra með, en þar til er því að svara, að engar líkur eru til, að útlendir menn sækist eftir kaupum á hjáleigukotunum, þau eru of lítilfjörleg til þess, nei, það eru stóru jarðirnar, höfuðbólin, sem hættan er með að þeir nái kaupum á, en þetta frumvarp

nær ekki að neinu leyti til þeirra jarða og þar af leiðandi engin áhætta hvað það snertir

Skal eg svo ekki fleiri orðum eyða um málið við þessa umræðu.

Framsögum. minni hl. (Hálfdan Guðjónsson): Eg get ekki svo sem skyldi átt orðastað við háttv. þm. Mýr. (J. S.). En ekki er eg í vafa um að orð hans þurfa leiðréttingar við og andmæla. Hins vegar brestur mig fullkomlega nægilegan kunnugleika, þar sem hér er að ræða um sölu á nafngreindri jörðu. En það hlýtur honum og öðrum að vera skiljanlegt, að þar sem þessari jörð fylgir laxveiði í á, og á þessi hefir síðustu árin verið leigð útlendingum fyrir þó nokkuð fé, þá getur enginn kaupandi látið sér til hugar koma að kaupa fyrir það verð, sem miðað er að miklu leyti við leigu þá, sem nú fæst eftir veiðiréttinn, því vel getur svo farið, að þeir sem nú leigja þessa ársprænu, segi upp samningum, þegar minst varir, og hann geti ekki leigt hana aftur. Til eigin afnota getur veiðiréttur þessi vel verið lítils virði eða einkis.

Þá er og þess að gæta, að þegar jörð þessi var seld, þá fylgdi það með í kaupunum, að kaupandi tæki við kirkjunni, sem stendur þar og tækist á hendur allar skyldur gagnvart henni. Gat það verið allþung kvöð, sem vandi er að meta til verðs eða frádráttar frá jarðarverðinu. Þótt kaupandinn hafi síðan með sérstökum samningum afhent söfnuði kirkju þessa, þá sannar það ekkert annað en það, að hann muni vera vinsæll maður og vel metinn, en ekki hitt, að kirkjukvöðin hafi ekki verið eða getað verið allþung byrði á jörðinni, enda óvíst hvað hann hefir orðið að leggja fram með kirkjunni við afhendinguna.

Þá skal eg svara háttv. framsögum. meiri hl. (St.St.) fáum orðum. Eg vissi að honum var þetta kappsmál, en fyrir því ætti hann ekki að rangfæra neitt. Hann sagði að eg hefði í landbúnaðarnefndinni verið hlyntur sölu þjóðjarða. Þetta er rétt hermt, en hinu mótmæli eg, að hafa verið fylgjandi þessu frumvarpi á síðasta þingi.

Þá sagði hann, að útreikningar okkar væri ekki réttir, þeir væru of lágir, því hann vissi til að jarðir hefðu selst miklu hærra — á 3. hundrað kr. hundraðið — en þá verður hann að gá að því, að við tölum hér ekki um einstök tilfelli, heldur tökum meðalverð, enda brestur mig að minsta kosti kunnugleika til að vita um verð hverrar jarðar út af fyrir sig.

Þá sagði hann, að hjáleigubændum væri nú mjög misboðið; býli þeirra höfð að fótaskinni. Þetta er ekki rétt, alment mælt, en hinsvegar er það engin sönnun, þó prestur, sem býr á góðri jörð sé ekki vel efnum búinn, því oft eru hjáleigukotin fult svo affarasæl og stóru jarðirnar.

Um ummæli hans út af innheimtu og öðrum kostnaði við þessar jarðir skal eg ekki tala. Þó hygg eg, að þar hafi kent misskilnings hjá honum, því að umboðskostnaður kirkjujarða er, eins og kunnugt er, allur annar en þjóðjarða, þar sem hann er 6% af hinum fyrri, en 16% af hinum síðarnefndu.

Þá talaði hann um það, að frá manni í landbúnaðarnefndinni hefði komið tillaga um að veita leiguliðum þjóðjarða húsabótastyrk. Eg hélt nú ekki að hann mundi hafa á móti því, þótt landssjóður bætti hag leiguliða sinna. Skal eg svo ekki lengja umræður meir.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (299) (fyrri liður) sþ. með 15 : 1 atkv.

Breyt.till. (299) (síðari liður) sþ. með 17 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 14 : 5 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 6 atkv.

Þriðja umr., 4. apríl. (A. 430).

Jón Þorkelsson: Eg hefði viljað skjóta því að háttv. flutningsm. (St. St.) hvort hann vildi ekki taka þetta frv. aftur. Það ætti eftir þeirri reynslu, sem fengin er, ekki að ýta undir sölu opinberra jarða, hvorki kirkjujarða né þjóðjarða. Eg skal að vísu ekki vera á móti sölu þessarar jarðar (Melgerðis), sem gefið hefir tilefni til þessa frumv. með því að mér er orðið kunnugt af orðum 1. þm. Húnv. (H. G.) að ekki er mikil hætta á ferðum, þó hún nái fram að ganga. En eg felli mig ekki við að gefin sé almenn sölulög um hjáleigur kirkjujarða. Vildi eg því stinga upp á því við hinn háttv. flutningsm., að hann bæri heldur fram sérstök heimildarlög um sölu að eins þessarar jarðar. Það er, að mér finst, athugavert að setja almenn lög um sölu á hjáleigunum, enda án efa oft skaðlegt að selja þær undan staðnum. Þó mun eg ekki gera þetta mál að kappsmáli.

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Eg get ekki orðið við tilmælum háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um að taka þetta frv. aftur. Hér er farið mjög gætilega af stað, og það svo að ekki eru hinar allra minstu líkur til, að það nokkurntíma geti leitt til vandræða, eða orðið bagalegt fyrir prestsetrin; við því er sleginn fullkominn varnagli í frv. og hvað viðvíkur lögunum um sölu þjóðjarða og sömuleiðis lögunum um sölu kirkjujarða, þá er umboðsvaldinu eða landsstjórninni með þeim veitt langtum ótakmarkaðra vald en gert er með þessu frv., og hafa þau eigi að síður orðið til mjög mikils gagns fyrir landsmenn, en mér ekki vitanlegt um nokkurt tilfelli fyrir því gagnstæða. Þessi varfærni því fremur gerð til samkomulags í nefndinni, en að það geti álitist beint nauðsynlegt. Hvað því við víkur, að opinberar jarðeignir hafi verið seldar fyrir of lágt verð, þá hygg eg, að það séu einhverjar sérstakar undantekningar, sem þá getur verið álitamál um, en svo eru líka dæmi þess, að þær hafa verið seldar allmikið yfir venjulegt gangverð. Á þetta sér einkum stað með þær jarðir, sem stjórnin hefir selt yfir matsverð, og með því raskað réttum hlutföllum og söluverði jarða í sömu sveitinni. Annars vil eg benda á í þessu sambandi, að mér virðist landstjórnin hafa gert fullmikið að þannig lagaðri jarðasölu, án þess að kveðja til yfirmatsmenn.

Þar sem það var við 2. umræðu gefið í skyn, að eg nú væri orðinn mótfallinn því, að hið opinbera legði til húsabóta, en þó fylgt því fram í öðru máli, þá er þetta hreinn misskilningur, sennilega orðinn til af því, að eg hefi getið þess, að afgjaldið af þjóðeignunum rynni ekki alt í landssjóðinn, og get eg að þessu leyti vísað til landsreikn. 1908 og 1909 þar sem það er um $^1/_8$ af tekjunum, sem fer til innheimtu og annars kostnaðar.

Skal eg svo endurtaka það, að frumvarpið tek eg ekki aftur; það verður þá heldur að falla hér í deildinni.

Björn Jónsson: Það er aðeins örlítil athugasemd út af orðum virðul. fyrri þm. Rvk. (J. Þ.), sem eg vildi koma með. Hér er talað um tilboð um kaup á jörð einni. Eg veit ekki, hvort sá maður, sem tilboðið er frá, hefir nokkurntíma verið til eða ekki. En hann hafði engan rétt til að kaupa jörðina, með því að annar var ábúandi á henni. Þá hefði orðið að reka þann burtu, sem jörðina sat, en hann vildi og kaupa. Nefndin hefir glæpst á þessu og talið þetta tilboð. Nýtt mat var gert á jörðinni, og eftir því var hún seld leiguliða.

Jón Þorkelsson: Eg hélt að háttv.

flutnm. (St. St.) mundi taka kenning af orðum mínum áðan. Sala þjóðjarða hefir ekki verið nein glæsisala, eins og háttv. þm. Mýr. (J. S.) sýndi fram á um daginn. Eg ímynda mér að landsstjórninni hafi margoft ekki verið nægilega kunnugt um allar ástæður, þegar jarðir hafa seldar verið, svo sem þegar hún seldi Stórahraun. Eg er kunnugur þeim manni, sem jörðina vildi kaupa og veit að boð hans (6000 kr.) var ekkert tylliboð. Sá sem hana hlaut, sat á henni og hafði bygging til eins árs. Þessi jörð er að allra áliti 6000 kr. virði; hún er metin til dýrleika 35 hundruð, auk 4 kúgilda, en hún var seld á 3500 kr. Jörðin er kostajörð, hefir góða útbeit í Eldborgarhrauni, selveiði, dúntekju og laxveiði. Sökum þessa tilboðs var heimtað yfirmat á jörðinni, og voru til þess kvaddir að vísu nýtir menn, en svo er að sjá sem þeir hafi ekki veitt hlunnindum jarðarinnar eftirtekt, svo að yfirmati og undirmati bar saman. Nú vill sá, heyri eg sagt, sem hana keypti, ekki selja hana fyrir minna en 10000 kr.

Það er margt yfir höfuð, sem bendir á, að þjóðjarðir séu of lágt seldar, margar undir 100 kr. hundraðið. Í Þverárþingi, sem er einna bezt hérað á landi hér, eru þær seldar mjög lágt. Ættum vér því ekki að keppa eftir frekari lögum í þessu efni, heldur ýta undir landsstjórnina að hafa meiri gát á fasteignum landssjóðs. Sérstaklega ber þess vel að gæta, að ár landssjóðs, þar sem laxveiði er, lendi ekki i höndum »spekulanta«, sem svo selja þær í hendur útlendinga. Eykur það, ef svo fer, lítið sjálfsábúð í landinu, sem þó mun hafa verið aðaltilgangur laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Eggert Pálsson: Eg get skilið, að skiftar séu skoðanir manna um þjóðjarðasölu yfirleitt, en það mál liggur ekki fyrir hér til umræðu. Eg fyrir mitt leyti hefi altaf verið þeirrar meiningar, að það væri til hagsbóta fyrir þjóðina í heildinni, að ábúendurnir eignuðust ábýlisjarðir sínar, hvort heldur er um einstakra manna eða opinberar jarðeignir að ræða. Hvað einstakra manna eignirnar áhrærir þá getur löggjafarvaldið ekki ráðið því, hvort ábúendurnir fá þær keyptar eða ekki. En öðru máli er að gegna með opinberu eignirnar bæði þjóðjarðir og kirkjujarðir. Þeim er löggjafarvaldinu innan handar að láta af hendi til sjálfsábúðar, hvorutveggja til hagnaðar einatt, bæði seljanda og kaupanda. Hið opinbera verður oft að leggja mikið af mörkum til þess að sjá um þessar jarðir sínar. Þeir sem innheimta landskuldirnar fyrir landssjóð og prestlaunasjóð, fá þær jafnaðarlega goldnar í fríðu eftir byggingarbréfum, en á þeim vörum er oftast lágt verð eftir verðlagsskrám sýslnanna, en landssjóði borga þeir í peningum eftir verðlagsskránum og hafa þannig talsverðan hag af skiftunum fram yfir umboðslaunin eða innheimtulaunin. Hvað ábúendurna snertir, þá hygg eg það vafalaust, að menn búi betur á sjálfseign, en á annara eign, það er mönnum svo eðlilegt að vilja heldur gera umbætur á þeirri jörð, sem þeir eiga, heldur en að fleygja peningum sínum í eign, sem þeir ekki eiga og ekki vita, hvað lengi þeir sjálfir muni hafa not af. Eg er sannfærður um, að það hefir haft skaðleg árhrif á búskap vorn yfirleitt, að prestar, sem að jafnaði standa fremstir hver í sinni sveit, og oftast nær er tekið mikið tillit til, hafa verið leiguliðar og þessvegna ekki lagt fullkomna alúð við umbætur á ábýlisjörðum sínum. Þeir hafa að vísu oft verið fyrirmyndarbændur, en oftast þar sem svo hefir hagað til, að þeir hafa setið á sjálfs síns eign. Hins vegar hefir líka oft verið kvartað um, að þeir níddu niður ábýlisjarðir sínar og stundum ekki að ástæðulausu, sem

stafar óefað mest af þessu, að þeir eru leiguliðar.

En hér er ekki eins og eg sagði um það að ræða, hvort selja beri þjóðjarðir yfirleitt, heldur um það, hvort leiguliðar á hjáleigum og kotum skuli einir dæmdir til að vera leiguliðar æfilangt, þótt öllum öðrum landsetum á opinberum eignum gefist kostur á að fá þær keyptar. Oft getur legið nær, að hjáleigan sé sérstök jörð, heldur en kirkjujörðin, og meiri hagnaður fyrir prestinn að leggja kirkjujörðina undir en hjáleiguna. Einn háttv. þm. hefir tekið Odda til dæmis upp á þetta, hve óheppilegt það gæti orðið, ef hjáleigurnar væru seljanlegar. Eg játa, að það væri slæmt fyrir prestinn í Odda, ef hjáleigurnar væru allar seldar. En slíkt gæti ekki komið til mála, þar eð leita yrði álits ábúandans í Odda samkvæmt frumv., áður en það væri gert. En meðal hjáleiganna þar nefndi háttv. þm. einn Oddhól, sem ekki er sýnilegt, að presturinn í Odda geti haft nokkurn hag af að halda undir, en leiguliðinn má þó ekki kaupa samkvæmt gildandi lögum.

Annars er hér í raun og veru um tvenns konar tilfelli að gera. Hið fyrra er þar sem prestsetur hafa verið lögð niður. Og virðist þá ekki réttlátara, að einn maður hafi leyfi til að kaupa alla slíka eign ásamt hjáleigunum, heldur en að hjáleigubændurnir fái hver fyrir sig að kaupa býli sín. Hitt tilfellið er þar sem prestssetur halda áfram að vera, og er þá sjálfsagt, að þau verði ekki rýrð að neinu leyti, ef fullkomin þörf virðist fyrir, að þau haldi sér óbreytt. En fyrir það er nægilega girt með því ákvæði, að leita skuli álits hreppstjóra og umráðamanns prestssetursins, áður en hjáleigurnar eru seldar. Eg held, að með þessari viðbót hjá meiri hluta nefndarinnar sé þess gætt, að séð verði í framtíðinni nægilega um hagsmuni prestssetranna. Hitt vil eg fúslega játa með minni hluta nefndarinnar, að skylt er að gæta allrar varúðar í þessu efni og kirkju- og þjóðjarða sölu yfirleitt og sjá um, að réttur hins opinbera verði eigi fyrir borð borinn með óhæfilega lágu verði.

Björn Jónsson: Það sem eg sagði um söluna á Stóra-Hrauni var samkvæmt skýringum, sem eg hafði úr stjórnarráðinu. Raunar má alt af fara kring um stjórn og þing, en eg hygg að stjórnin sé hér höfð fyrir rangri sök.

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Ein af aðalástæðum hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) móti jarðasölunni skildist mér vera sú, að þjóðjarðir hafi verið seldar fyrir lágt verð. En mun það ekki eiga rót sína að rekja til þess, hvernig þær hafa verið setnar, áður en salan fór fram, og benda einmitt í þá átt, að sjálfsábúðin muni vera heppilegust, bæði hvað snertir góða ábúð og aukið álit á jörðum yfirleitt, og því ein veruleg ástæða í þá átt að hlynna sem mest að því, að sem allra flestir eigi ábýli sín. Og þó að einstöku jarðir seldust lægra en svarar 100 kr. fyrir jarðarhundraðið, þá er þar með ekki sagt, að skaði sé að sölunni, þegar litið er til þess, hvernig með jörðina hefir verið farið.

Að jarðir séu alment of lágt metnar af matsmönnum virðist mér fremur ólíklegt, þar sem þeir í hverju einstöku tilfelli verða að staðfesta þá matsgerð fyrir rétti. Þegar svo er, og þar sem gera má ráð fyrir, að matsmennirnir séu sannvandaðir og ærukærir menn, þá virðist fengin full trygging fyrir réttlátu mati.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vona að það nái samþykki deildarinnar.

Framsögum. minni hl. (Hálf-

dan Guðjónsson): Eg ætlaði mér ekki að tala við þessa umr., en nokkur orð hins háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) knýja mig til þess að standa upp. Hann bar prestum illa orðið sem leiguliðum, áreiðanlega of illa. Það þori eg að fullyrða. Til þess að mótmæla því þarf eg ekki að seilast langt; eg get látið mér nægja að benda á hann sjálfan og marga fleiri presta, sem nú eru uppi. Og yfir höfuð er enginn hörgull á dæmum, ef benda skal á presta, sem hafa gert miklar jarðabætur á prestssetrunum; eg gæti nefnt frá fyrri árum slíka menn sem Tómas Sæmundsson, Guðmund Einarsson, Björn Halldórsson og marga fleiri. Það er því fráleitt að benda á presta, sem slæma leiguliða öðrum fremur. Þeir eru í því sem öðru börn sinnar þjóðar og síns tíma. Þeirra á meðal, sem annara leiguliða í landinu, eru sumir lakari ábúendur en skyldi, en aðrir aftur til fyrirmyndar.

Eg vildi einnig benda á annað atriði í ræðu hins háttv. þm., þar sem eg hygg að hann hafi ekki farið með rétt mál að öllu leyti. Hann gaf í skyn, að allmikið fé gengi í súginn sem innheimtugjald. En af kirkjujarðaafgjöldum er það að eins 6%. Og það sýnist sannarlega ekki geta minna verið. Hann sagði og að það væri venjan, að innheimtumenn fengju landsskuldirnar goldnar í fríðu, en borguðu landssjóði þær í peningum. En samkvæmt gildandi lögum er það skylda umboðsmannanna, þ. e. hreppstjóranna, að breyta vörugjaldinu í peningagjald, svo fljótt sem því verður við komið, og þar sem eg þekki til er það aðalreglan, að landsskuldirnar eru nú þegar víðast greiddar í peningum en ekki í fríðu.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt með 16 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Víxilmál.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 10. nóv. 1905 um varnarþing í skuldamálum.

Fyrsta umr., 2. marz (A. 60).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eins og hv. deild er kunnugt samþykti alþingi 1905 lög, sem nefnd voru: lög um varnarþing í skuldamálum. Þessi lög heimila þeim, sem reka verzlun, iðnað eða því líkt, að sækja skuldina á þeim stað, þar sem hún var stofnuð. Það var ætlast til, að lög þessi næðu til allra slíkra atvinnugreina, er viðskifti ræknu, en af vangá voru bankar og sparisjóðir ekki nefndir á nafn í lögunum. Má þó telja áreiðanlegt, að þingið hefir ekki ætlað að gera einstaka mönnum hærra undir höfði í þessu tilliti en stofnunum þeim, sem eg nefndi. Afleiðingin af þessari gleymsku hefir orðið sú, að það er mjög óhægt, eða því nær allsendis ómögulegt að veita utanbæjarmönnum víxillán, því að það er mjög erfitt fyrir bankana að heimta inn víxilskuldir, ef skuldunautar eru fjarverandi, og hafa því víxillánin til utanbæjarmanna mikið verið heft. Eina leiðin til að veita þeim þess konar lán hefir verið sú, að skrifa sérstakt skjal, þar sem skuldunautur skuldbindur sig til að mæta fyrir rétti, þar sem víxillinn átti að greiðast. Þetta er óþarfa töf, því ekki er hægt að setja sérstaka skuldbindingu um varnarþing á víxilinn sjálfan. En ef þessi lög ná fram að

ganga, má fara með víxillánin á sama hátt og farið er með sjálfskuldarábyrgðarlán.

Eg vil svo ekki orðlengja þetta meir. Nefnd álít eg óþarfa, býst við, að allir séu mér sammála um, hve nauðsynlegt sé að taka þennan viðauka upp, sem fyrir vangá var ekki settur inn í lögin frá 10. nóv. 1905.

Jón Magnússon: Eg er samdóma háttv. flutningsmanni um það, að ákvæði þau, sem í frumvarpinu standa geti verið þarfleg og því í sjálfu sér frumv. ekki mótfallinn, en eg álít það dálítið fljótfærnislega samið. Frumvarpið er nefnt »frumvarp til laga um viðauka við lög um varnarþing í skuldamálum«. En nú er svo, að við höfum sérstök víxilmálalög. Hví ekki að breyta þeim lögum, er gera á breyting á meðferð víxilmála? Ef lagafrumv. þetta, er hér er fyrir, verður samþykt, getur farið svo, að dómarar verði dálítið í efa um, hvernig fara eigi með víxilmál eftir frumv., t. a. m. hvort þau eigi að koma fyrir hinn almenna héraðsrétt eða gestarétt, eins og háttv. flutningsm. víst ætlast til, þó að það komi hvergi skýrt fram í frv.

Eg skal ekki fara fleirum orðum um þetta, að eins benda á það, að það er því síður ástæða til að tengja þetta frv. við lögin um varnarþing í skuldamálum, með því að það er í aðalatriðunum frábrugðið þeirri meðferð, er þar er leyfð á nokkrum skuldamálum.

Hannes Hafstein: Hér er að eins að ræða um mál út af víxlum með sérstaklega tilteknum greiðslustað (domicilieruðum víxlum) og finst mér engin ástæða til, að þetta frumv., þótt að lögum yrði, gæti vakið neinar efasemdir um meðferð annara víxilmála. Þau breyta ekki víxilmálalögunum að öðru en því, sem hér er beint fram tekið. Það er ómögulegt að neita því, að frv. þetta á skylt við lögin um sérstakt varnarþing í skuldamálum, og eg sé ekki, að þau geti komið fram sem eiginleg breyting á víxilmálalögunum. En hitt væri vegur, ef menn kunna ekki við fyrirsögnina, eins og hún er, að nefna frumvarpið: frumvarp til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum, eða eitthvað því um líkt.

Jón Ólafsson: Herra forseti. Eg er samdóma háttv. þm. Vestm. (J. M.) í því, að lög þessi eiga miklu meir skylt við víxillögin en lögin frá 10. nóv. 1905 um varnarþing í skuldamálum. Í sjálfu sér eru ákvæði þessara laga nauðsynleg, en fyrirsögninni þarf að breyta, áður en þau eru afgreidd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Önnur umr., 4. marz. (A. 60, 79).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg mintist á við 1. umr., í hvaða skyni frumv. væri borið fram. Breyt.till. á þgskj. 79 er gerð eftir bendingu frá háttv. þm. Vestm. (J. M.) um að frumv. þetta beri heldur að skeyta við víxillögin, en við lögin um varnarþing í skuldamálum. Að öðru leyti get eg vísað til þess, sem eg sagði við 1. umr. Frumv. á aðallega að létta starf banka og sparisjóða og gefa þeim sama rétt sem öðrum, er taka þátt í viðskiftalífinu. — Eg vona að frumv. verði samþykt mótmælalaust.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 79,1 sþ. með 20 shlj. atkv.

Frumv. á þgskj. 60 sþ. með 21 shlj. atkv.

Breyting á fyrirsögn (79,2) sþ. með 21 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 6. marz. (A. 101).

Hannes Hafstein: Eg vil að eins vekja athygli á, að þótt fyrirsögnin nefni alment varnarþing í víxilmálum, þá er þar með ekki átt við, að ákvæðin gildi um öll víxilmál. Frumv. er að eins um mál út af svo nefndum domicilieruðum víxlum, eins og texti frumv. ber með sér. Ákvæðin ná að eins til þeirra mála, og það hefði eiginlega verið nákvæmara, að í fyrirsögninni hefði staðið: »varnarþing í *nokkrum* víxilmálum«. En eg skil ekki, að það geti valdið neinum misskilningi, þótt fyrirsögnin verði samþykt, eins og hún er. Efni lagafrumvarpsins býst eg við að flestir séu samþykkir.

ATKV.GR.:

Frv. samþykt með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Læknaskipunarmál.

I.

Reykjahérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um skipun læknahéraða o. fl.

Fyrsta umr., 3. marz. (A. 66, sbr. 87).

Flutningsm. (Ólafur Briem): Þetta mál er ekki nýtt hér í deildiani. Því hefir verið hreyft nokkrum sinnum áður, og loks á síðasta þingi. Þá urðu afdrif þess þau, að nefnd sú, er um það fjallaði, sá sér ekki fært að sinna því, og var aðalástæða hennar fyrir því sú, að ekki væri unt að verða við öllum þesskyns fjárbeiðslum í einu, en þær lágu þá einar 6 fyrir þinginu. Fengust 3 af þeim uppfyltar, en hinar 3 kröfurnar um ný læknahéruð, sem voru — eg vil ekki segja feldar, — heldur geymdar, voru um skiftingu Sauðárkrókshéraðs og svo ný læknahéruð í Norðfirði og á Rangárvöllum.

Háttv. framsm. fjárln., sem þá var, gaf það þó í skyn, að þetta væru réttmætar kröfur, og að þingið mundi sinna þeim, þegar er fært væri. Eg hefi því, í trausti til þess, að enn muni sú stefna vera ráðandi hér í þinginu, að neita ekki um ný læknahéruð, þegar brýn nauðsyn er á þeim, leyft mér að koma fram með þetta frumvarp samkvæmt áskorun kjósenda minna. Eg býst við fleiri frumvörpum þessu líkum, en eg skal taka það fram, að Sauðárkrókshérað mun vera eitthvert allra fjölmennasta sveitahérað landsins. Eg hygg að það muni láta nærri, að þegar frá eru talin kauptúnin, verði meðalfólksfjöldi í héruðunum um 16 hundruð, en í þessu héraði eru 2600. Að vísu er eigi alt undir mannfjöldanum einum komið, en hér er þess og að gæta, að læknirinn býr eigi í miðju héraði, heldur töluvert afskekt frá aðalhluta þess, og það verður svo að vera, því að hann er bundinn við að eiga heima í aðalkauptúni sýslunnar, þar sem líka er allstórt sjúkrahús. Og þó þetta hérað sé að vísu yfirleitt greiðara yfirferðar en mörg önnur, þá eru vegalengdirnar miklar Það mun vera á fimtu þingmannaleið frá einum enda þess til annars, frá Skagatá og fram í Skagafjarðardali. Auk þess geta Héraðsvötnin, er skifta héraðinu, oft verið allmikill farartálmi, og sama er að segja um Laxá og ýmsar þverár á Skaga, sem oft eru illar yfirferðar.

Að svo stöddu skal eg ekki fjölyrða þetta frekar, en að eins óska málinu vísað til 5 manna nefndar, með sérstöku

tilliti til þess, að væntanlega komi fram fleiri mál í líka stefnu, er vísað verði til hennar.

Jón Jónsson 1. þm. N.-M.: Eg lít svo á, að þetta mál sé mjög svo athugavert. Eg hygg að það sé alveg röng aðferð, að einstakir þm. séu hvað eftir annað að flytja þess háttar frumvörp á þingi, án þess að því (þinginu), komi um leið nákvæmar skýrslur og athuganir um það, hvernig ástatt er. Það ætti að vera regla, að læknaskipun landsins væri athuguð nákvæmlega á vissu árabili, og taka þá upp ný umdæmi, þar sem brýnust þörf er á, eftir þeim óskum og upplýsingum, er fyrir liggja. Þetta verður ekki annað en hreppapólitík, því að aðrir koma á eftir, og svo altaf koll af kolli, og verður erfitt að sinna því öllu saman.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Í hitt eð fyrra lágu hér fyrir háttv. deild nokkrar beiðslur um ný læknahéruð, og þau sum fullkomlega nauðsynleg. Nokkrar voru veittar, en þessum þrem var frestað — eg vil ekki segja synjað, því að flestir bjuggust við að þeim yrði sint þegar á næsta þingi, og sumir hétu því, þeir er þá greiddu atkvæði á móti þeim.

Eg skal geta þess um Norðfjarðarhéraðið, að það hefir nú sýnt sig síðan, hver þörf er á því, því að í vetur sem leið lá við sjálft, að læknir og tveir menn aðrir yrðu úti þar. Rötuðu þeir í hina mestu hrakninga, þótt þeir kæmust af um síðir, læknirinn fyrst en hinir síðar.

Eg vil nú vona, að nefnd verði skipuð í þetta mál, og þangað vísað öllum slíkum tilmælum, svo að hún geti metið rökin fyrir hverju um sig á sínum tíma.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 21 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson S.-Múl.
Ólafur Briem,
Eggert Pálsson,
Sigurður Gunnarsson.

Í nefndinni var Ólafur Briem valinn form., en Jón Jónsson S.-Múl. skrifari og framsögumaður. Málið kom ekki aftur sérstaklega til umræðu (sbr. n. A. 428).

II.

Norðfjarðarhéað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Fyrsta umr., 7. marz (A. 88.).

Flutningsm. (Jón Jónsson 1. þm. S.Múl.): Eg vil að eins minna háttv. deild á það, að þetta frv. er ekki nýtt hér í þinginu. Það lá hér fyrir síðast í hitt eð fyrra. Og þá vil eg eins minna á það, að framsögum. þeirrar nefndar, sem þá var skipuð í það, gat þess, að hann og aðrir, sem þá voru því mótfallnir, að þetta yrði að lögum, myndu taka því vel á næsta þingi.

Skal eg svo ekki þreyta háttv. deild á frekari meðmælum með frv. Vona að því muni nú betur tekið en áður og legg til, að því sé vísað til nefndar, sem þegar er skipuð í annað mál svipað þessu — eg man nú ekki hvað hún heitir.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til læknaskipunarnefndarinnar með 22 shlj. atkv. og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 4. apríl (A. 88, n. 428).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. apríl (A. 88, n. 428).

Framsögum. (Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.): Háttv. þm. hafa víst

kynt sér nefndarálitið, og er þar gerð nokkur grein fyrir ástæðum, enda er málið kunnugt frá fyrri þingum, og treysti eg á velvild deildarinnar, og að það mæti engri mótspyrnu. Vil eg eigi orðlengja það, en að eins vekja athygli á því, að viðaukatillagan er nauðsynleg til þess að ekki komi til þess, að landssjóður þurfi að greiða læknislaunin, fyr en héraðið hefir í raun og veru fengið lækni.

ATKV.GR.:

Frv. á þgskj. 88 samþ. með 15 shlj. atkv.

Viðaukatillagan (þgskj. 428) sþ. með 14 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 19. apríl (A. 633).

Framsögum. (Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.): Eg vænti að háttv. deild sýni þessu frv. sömu velvild sem áður, og láti það heldur njóta þess en gjalda, að eg eyði ekki tímanum til að tala lengi fyrir því.

ATKV.GR.

Frv. sþ. með 15 atkv. samhlj. og afgreitt til Ed.

III.
Hnappdælahérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Fyrsta umr., 18. marz (A. 201).

Flutningsm. (Sig. Gunnarsson): Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til læknaskipunarnefndarinnar.

ATKV.GR.

Málinu vísað til þeirrar nefndar með 14 shlj. atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 201, n. 428).

ATKV.GR.

Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. apríl (A. 201, n. 428).

Framsögum. (Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.): Eg hefi heldur ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frv. og get látið mér nægja að vísa til nefndarálitsins og vona að málið fái góðar undirtektir eins og næsta mál á undan (Norðfjarðarhérað).

ATKV.GR.

1. gr. sþ. með 14 atkv. shlj.

2. gr. sþ. með 11 atkv. shlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 19. apríl (A. 201).

Framsögum. (Jón Jónsson 1. þm. S.Múl.): Eg vænti að þetta frv. sæti sömu meðferð, sem frumv. næst á undan.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 15 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

IV.
Hólshérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Fyrsta umr., 18. marz (A. 203).

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg leyfi mér að leggja það til, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar og næsta máli á undan.

ATKV.Gr.:

Málinu vísað til læknaskipunarnefndar með 19 shlj. atkv.

Málið kom ekki sérstaklega aftur til umræðu (sbr. n. A. 428).

V.
Dalahérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Fyrsta umr., 14. marz (A. 143).

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg legg til, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til n. í læknaskipunarmálum með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. apríl (A. 143, n. 428).

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Mér fanst það sjálfsagt, að frumv. þetta kæmi hér til umræðu. Þótt nefndin mælti ekki beinlínis með því, að það yrði tekið hér upp, hafði hún samt góð orð um það, svo að eg hefi fulla ástæðu til þess að vona, að það verði samþykt. Í skjótum orðum sagt, þá eru engin þau embætti hér á landi, sem meiri ástæða er til þess að fjölgað verði en læknisembættin. Til samanburðar get eg sagt það, að það er nokkuð undarlegt, að margfalt fleiri menn eru settir til þess að gæta sálarsjúkdómanna, prestarnir, en til þess að gæta heilsunnar. Sálarsjúkdómana, sem prestarnir eiga að lækna, ber sjaldnast svo bráðan að, að sjúklingarnir fari strax til neðri staðarins, þótt ekki náist til hirðisins á dagsfresti, en ef læknir verður ekki sóttur strax og bráðan sjúkdóm ber að, getur það kostað mannslíf. Eg held að það ætti að hafa höfðaskifti á fjölda þessara embættismanna. Eg tek þennan samanburð að eins til þess að sýna fram á það, að það er engin heimska, þegar verið er að tala um að fjölga læknum. Ókunnugum mönnum get eg sagt það, að þessi sýsluhluti, sem hér er farið fram á, að verði gerður að sérstöku læknishéraði, liggur fyrir norðan fjallgarðinn milli Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar og verður að sækja lækni að Búðardal. Frá Búðardal og út að Klofningi er stíf dagleið á sumrum, en tvær dagleiðir á vetrum. Auk þess er á þeirri leið slæmar ár yfir að fara, svo sem Kjarlaksstaðaá, sem þingið vildi ekki veita fé til að yrði brúuð. Í þeirri á hafa druknað 19 menn og sagt að vanti að eins þann 20. Eins er leiðin innan úr Saurbænum og innanverðri Skarðströnd mjög torsótt. Hún liggur yfir Sælingsdalsheiði eða Svínadal og gegnum fannkistuna, sem er í Mjósundum á vetrum og er svo sagt, að hinn núverandi læknir hafi fengið sig fullsaddan á þei ferðalagi. Þegar færðin er vond að vetrarlagi verður leiðin yfir Sælingsdalsheiði og Kamba hjá Hvammi einnig illsótt. Auk þess liggja fyrir landi nokkrar eyjar, svo sem Akureyjar, Rauðseyjar og Rúgeyjar, sem raunar heyra til Flateyjar, en Akureyjar heyra þó undir Dalahérað. Þær eyjar liggja viku sjávar undan landi og þegar læknirinn er í Suðurdölum, þá er lítil von um hjálp í Akureyjum. Eg get tekið hér til samanburðar nýtt læknishérað í Hnappadalssýslu. Örðugleikarnir þar munu vera líkir og í Dölunum. Eg skal engan mun á þeim héruðum gera, en þegar deildin vill stofna læknishérað þar ætti hún engu síður að vera þessu héraði hlynt. Sýslubúum er það mikið áhugamál að fá lækni á þessum stað. Nú mun altaf sóttur þangað Oddur Jónsson í Miðhúsum á Reykjanesi, því að það þykir betri leið en til Búðardals. Þetta eru þó 4—5 vikur sjávar yfir að fara, sjórinn hættulegur og skerjóttur og þegar ísalög eru á vetrum er ómögulegt að ná í lækni þar, enda er það í öðru héraði og ekki skyldur að sinna Dalamönnum. Eg held svo, að

eg þurfi ekki að fjölyrða meira um þetta. Vona að menn sjái nauðsynina á lækni þarna og samþykki frumvarpið.

Framsögum. (Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.): Eg var framsögumaður þeirrar nefndar, sem um þetta mál fjallaði og get vísað háttv. þm. á nefndarálitið, þar sem gert er grein fyrir, hvers vegna nefndin lagði til, að stofnuð yrðu að eins 2 ný læknishéruð. Því fer fjarri að miklar ástæður séu til þess að neita þessu héraði um lækni. Það er sjálfsagt mikil þörf læknis þar, eins og víða annarsstaðar. En niðurstaðan hjá nefndinni varð nú sú, að taka að eins fyrir tvö héruð á þessu fjárhagstímabili, enda er viðkoma lækna ekki meiri en svo, að litlar líkur eru fyrir því, að hægt sé að bæta við fleiru en einu héraði á ári. Afleiðingin af því, að þetta frumv. væri samþykt yrði því sú, að annaðhvort fengist enginn læknir þangað, eða, ef læknir kæmi þangað, þá færi hann úr öðru héraði, sem yrði þá læknislaust. Okkur er það raunar ekkert kappsmál, að þetta frumv. verði felt, en álítum ekki ráðlegt að fara frekar út í stofnun læknishéraða að sinni.

Eg geri því ráð fyrir, að eg fyrir mitt leyti og eg hygg líka hinir aðrir nefndarmenn greiði atkvæði á móti frv. á þessu þingi.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Mér er það ekki fullkomlega ljóst, á hvaða grundvallarreglu nefndin byggir það, að vilja heldur bæta við tveim læknishéruðum en þrem, þegar hún viðurkennir að mikil nauðsyn sé á því læknishéraði, sem eg fer fram á að stofnað verði. Kostnaðaraukinn er ekki svo mikill, að þau mannslíf, sem frelsuðust, mundu ekki gera margfalt meira en borga hann. Líka er þess að gæta, hve mikið mundi sparast við allan þann ferðakostnað, sem fer í það að sækja lækni langa leið, og eg lít nú einu sinni svo á, að landssjóður sé ekki nein sérstök persóna, sem eigi að hugsa um það eitt, að safna saman eins miklu fé og hægt er, heldur á hann að bæta hag landsmanna — þeir eiga heimting á því, því að hann er þeirra eign. *(Jón Jónsson*, S.-Múl.: Engir læknar til). Fáist enginn læknir í héraðið, verður auðvitað að sætta sig við það, en eg verð fyrst að sjá að það sé rétt. Eg hefi raunar ekkert yfirlit hjá mér nú, en ef menn vilja leyfa málinu að ganga til næstu umræðu, þá skal eg vera svo undirbúinn, að eg geti hrakið þessa mótbáru. Eg er þess fullviss, að nægilegur fjöldi sé af læknum, sem nú stunda nám hér og erlendis og ljúka prófi í vor, til þess að fylla þau læknishéruð, sem nú verða stofnuð. En eftir venjunni að dæma, hafa menn ekki skirst við að stofna ný héruð og metið þessa mótbáru lítils. Einu sinni voru á sama þinginu stofnuð 6 eða 7 héruð, sem fyltust strax, eða smámsaman, og það er hægra fyrir héruð, sem eru til, að fá lækna, en fyrir lækna að fá héruð, sem ekki eru til. Eg skil ekki í því, að nefndin þurfi að vera á móti stofnun þessa héraðs, þótt hún hafi ekki mælt með fleirum en tveim héruðum. Þegar nú öll ábyrgðin er tekin af hennar herðum og flutt yfir á mig, þá vona eg, að hún geti greitt þessu máli atkvæði sitt.

Jón Magnússon: Eg vil að eins minna háttv. deild á það, að 1907 voru samin hér á þinginu ný lög og landinu þá skift niður í læknahéruð, eftir því sem nauðsyn þótti bera til og landssjóður fær um. Næsta þing bætti við 4 nýjum héruðum, og nú er beðið um 6 í viðbót. Auðvitað er hægt að færa margar ástæður fyrir, að bæta þyrfti 10—20 héruðum við ennþá. Það mætti auk heldur færa talsverð rök að því, að það væri mjög gott að hafa minst 200 lækna, eða 1 lækni í hverjum hrepp,

en þess verður líka að gæta, hvað landssjóður er fær um að borga. Mig minnir þegar fjárlögin fóru héðan frá deildinni, að 341 þús. kr. væru ætlaðar til læknaskipunar. Það er mikið gott að leggja talsvert fé til læknaskipunar, en einhverntíma hlýtur þó að vera náð því takmarki, sem ekki má fara fram yfir. Frá því sjónarmiði álít eg óráðlegt að bæta við nýjum héruðum. Auk þess ekki heppilegt að vera að bæta við hingað og þangað nýjum læknishéruðum, án þess að athuga, hvort í samræmi sé við læknaskipunina í heild. Jafnvel þó að hér geti verið talsverð þörf til þess að stofna læknishérað, verð eg þó að leggja á móti því, að lengra verði farið en að bæta tveim héruðum við á þessu þingi. Það er sannarlega nógu langt farið.

ATKV.GR.:

Frumv. felt með 12 : 5 atkv.

Lækningaleyfi.

FRUMVARP til laga um lækningaleyfi.

Fyrsta umr., 7. marz (A. 92).

Flutningsm. (Jón Magnússon): Eg hefi leyft mér að bera hér fram frv. samhljóða öðru frv., er lá fyrir síðasta þingi. Vísa eg til ástæðnanna fyrir frv. í Alþingistíðindunum 1909. Eg vænti þess, að háttv. deild setji málið í nefnd til þess að athuga það í samráði við landlækni, því að eftir hans beiðni er málið hér fram flutt.

Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

Björn Kristjánsson: Eins og hv. flutningsm. sagði, lá þetta mál hér fyrir á síðasta þingi, og urðu þá umræður um það. Það er og rétt, að það er fram komið eftir tilmælum landlæknis, og eg álít það rétt, að hér komi fram álit deildarinnar á málinu til leiðbeiningar fyrir væntanlega nefnd. Síðast var því vísað til nefndar, en sú nefnd kom aldrei fram með það, meðfram af því, að sýnilegan áhuga á málinu skorti. Það hefir verið komið fram með þetta mál, eins og svo mörg önnur, að baki alþýðunni, sem einmitt ætti að eiga atkvæði um það. Þess hefir aldrei heyrst óskað á þingmálafundum, að skottulæknum yrði bannað að fara með lækningar, og samt er mesta kapp lagt á þetta mál. Alþýðan óskar ekki eftir þessum lögum, heldur vissar stéttir manna, og þetta eru æði hörð lög, og önnur ráð ættu að geta komið í stað þeirra, því að eg er viss um það, að þar sem eru góðir læknar, þar hafa skottulæknarnir lítið traust, en þar sem eru lélegir læknar, þar hafa þeir ekki traust, og því eru þeir ekki notaðir, heldur skottulæknarnir.

Eg skal leyfa mér að benda á það, að í fjölda mörg ár hefir læknastéttin með landlækni í broddi fylkingar verið að gera tilraunir til þess að fá skottulækningarnar bannaðar. Niðurstaðan hefir ætíð orðið hin sama. Það hefir ekki fengist framgengt, af því að alþýðan hefir ekki viljað missa þá. Eg vil nú reyna að sýna fram á það, að þessi leið til þess að losast við skottulæknana, sé bæði óþörf og óheppileg.

Í einu héraði hér á landi var einu sinni læknir, sem hataði skottulæknana og háði harðan bardaga við þá. En svo lauk, að þeir urðu honum yfirsterkari, með því líka að hann var lélegur læknir.

Eftirmaður hans aftur á móti, var afburðagóður læknir, enda tók nú strax að minka aðsóknin til skottulæknanna, og lauk svo, að þeir höfðu ekkert að gera. Svo kom 3. læknirinn. Hann gerði skottulæknana sér að vinum, fræddi þá um marga hluti, og varð þá afleiðingin sú, að þeir vísuðu sjúklingunum frá sér til hans, þegar um alvarlega

veiki var að ræða. Eg tel því líklegt, að það sé læknunum sjálfum um að kenna, ef skottulæknar reynast skaðlegir. Þetta er sönn saga og líkt ætti að geta átt sér stað víðar. Það væri betra ráð fyrir lækna að fara þessa leið, heldur en hin fyrirhuguðu lög frá landlæknínum.

Menn verða að vita það, að það getur oft komið sér vel hér í strjálbygðinni, þegar ekki næst til læknis, að einhverjir kunni þó eitthvað til lækninga. Hér í bænum er lítið um skottulækna, af því að nóg er til af góðum, lærðum læknum, og strjálbygðin ekki til óhægðar.

Um læknaþekkinguna er það að segja, að hún er vitaskuld langtum betri heldur en áður var. En takmörkuð er hún þó við þær lækningareglur, sem kendar eru í hinum almennu læknaskólum.

Það er merkilegt við frv. þetta, að það leggur landlækni á vald að ákveða, hvaða lækninga*leiðir* má nota, og fyrirdæmir þar með allar aðrar lækningaleiðir en þær, sem hann vill nota, líka þær sem ekki þekkjast hér, t. d. »magnetiskar« lækningar, sem mikið eru stundaðar í Lundúnaborg og um allan heim, bæði eftir læknisráði og án þess.

Ef nú hingað kæmi maður, sem væri fróður í þessari grein, þá væri hann hér með dæmdur alveg óhæfur, og ætti það undir náð landlæknis, hvort hann fengi nokkuð að gera eða ekki. Og það eru til fleiri aðferðir, t. d. Christian-science-aðferðin. Það eru til stór félög, bæði í Englandi og víðar, sem fást við þessar svokölluðu andlegu lækningar. Væri einhver fróður um þá lækningaaðferð hér, myndi hann verða að leita leyfis hjá landlækni til þess að iðka hana, og fengi sennilega blákalt nei, því landlæknirinn þekkir ekkert til slíkra lækninga. En sjúklingunum er sama hvaðan batinn kemur, og það er vitanlegt, að þessi lækningaaðferð hefir hjálpað mörgum manninum. Landlæknir þekkir ekkert þessa aðferð, og á þó að dæma um gildi hennar. Og það eru til fleiri lækningaaðferðir. I Englandi og Ameríku er til ein, sem kend er við »Immannúel«. Það eru einnig nokkurskonar andlegar lækningar, og stendur félagið, sem iðkar þær í sambandi við lærða lækna, ekki til þess að láta þá aðstoða sig, heldur til þess að fá fólkið til þess að trúa á aðferðina. Um »spiritista« lækningaaðferðina má að minsta kosti fullyrða það, að hún hefir læknað marga, sem aðrir voru gengnir frá. Og eg vil benda á það, að þeir gera mest gys að slíkum aðferðum, sem minst þekkja til þeirra. Það er alveg fráleitt, að landlæknir skuli einn eiga að dæma um það, hvaða lækningaleiðir menn nota, því að til eru dæmi eins og það, að einn mjög heiðvirður borgari bæjarins var nýlega sjúkur af útvortiskvilla, og gáfust læknar upp við hann hér, og réðu honum að sigla til útlanda, ferðin var ákveðin og undirbúin, en þá bauðst skottulæknir einn til þess að gera á honum lækningatilraun, og fór svo, að hann allæknaði manninn á eitthvað vikutíma eða svo. Svona kemur það þrásinnis fyrir, að skottulæknar geta orðið hinum snjallari og hví á þá að vera að bægja þeim frá? — Eg vona, að þingið hugsi sig vel um, nú sem fyr áður en það strikar út skottulæknana, og eg sé ekki betur, en þetta frumv. ætti að fara sömu leiðina og önnur þvílík áður, sem sé að deyja. Þó skal eg ekki, fyrir mitt leyti, hafa neitt á móti því, að málið sé sett í nefnd.

Bjarni Jónsson: Öllu má nú ofbjóða, og það verð eg að segja, að mér ofbýður slíkt, að í síðuðu landi skuli geta orðið um það deilt, hverjir skuli hafa svokallaða »veniam practicandi« eða alment leyfi til þess að fara með læknisdóma.

A nú að fara að setja innsigli þings og löggjafar á þá náunga, sem lifa af því að skrafa sig inn á fáfróða alþýðu, og selja henni spritblöndu með einhverri »djöflisku« utaná, og standa þannig í vegi fyrir því, að menn leiti sér lækninga, þar sem þeir eiga að gera það? Eg hefi aldrei heyrt öðrum eins firnum haldið fram í alvöru neinstaðar annarstaðar, hvað þá á þingi. Og út af mótbárum háttv. þm. (B. Kr.) sem síðast talaði, þeirri að læknarnir okkar þektu ekki aðrar lækningaleiðir — t. d. einhverjar magnetiskar lækningar — þá vil eg spyrja hann, hvort honum detti í hug, að hann eða aðrir hér hafi lesið meira um þau efni, en Guðm. Magnússon, Guðm. Hannesson og Guðm. Björnsson, sem bæði eru gáfumenn og fróðleiksmenn. Og þar sem hann brigslar skólagengnum læknum um þekkingarskort, þá var það satt, að þeir þekkja ekki allir hjátrúna í landinu og lykilinn að buddu almennings. En þessi náungi með fallega nafnið á sinni spánnýju læknisaðferð, hann á að hafa leyfi til þess að smíða sér atvinnu úr heimsku mannanna, og leiða menn í þá hættu, að ástvinir þeirra deyi, eða verði örkumla menn, eins og altítt er, að hlotist hefir af þessum fiflshætti.

Það þýðir ekki að berja það fram við alvörumenn með fullu viti, að til séu svo og svo margar leiðir ólíks eðlis. Hér er ekki um annað að ræða en »suggestion«, eða *utanboð*. Og hver vill nú standa upp og segja mér, að læknarnir okkar, Guðmundarnir, og hvað þeir nú heita, þekki hana ekki?

Eða myndi sá, er aldrei hefir numið einföldustu undirstöðuatriði sálarfræðinnar, vera færari um að leika þá list heldur en lærðir læknar. Þetta verður aldrei fært fram sem ástæða gegn frv., og það þótt allir veraldarinnar Immanúelar væru saman.

Eg veit, að mér muni verða brugðið um vanþekking á læknislistinni, en ef þessi ræða getur nú ekki orðið andleg lækning á háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), þá er hann ólæknandi.

Eg segi ekki þessi orð til þess, að lýsa fylgi minu við frumvarpið eða ætli að því megi ekki breyta, heldur eingöngu af því, að það væri hneyksli, ef annaðaðeins og þetta stæði ómótmælt í þingtíðindum nokkurrar þjóðar.

Flutningsm. (Jón Magnússon): Eg kæri mig ekki um að lengja umræðurnar, en vona að nefnd verði skipuð til þess að íhuga og rannsaka frumvarpið. Eg vil aðeins taka það fram, að það er ekki rétt, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að frv. bannaði með öllu skottulækningar hér á landi. Það gerir þvert á móti ráð fyrir, að próflausir menn geti fengið *veniam practicandi*, enda er það fullkominn misskilningur hins háttv. þm., að aðaltilgangur frumvarpsins sé að meina ólærðum mönnum að fást við lækningar. Tilgangurinn er sá einn, að landlæknir geti haft eftirlit með *öllum*, sem hafa lækningar að atvinnu, en slíkt ákvæði vantar í núgildandi lög og er það þó hið minsta, sem heimtað verður, eftir að heilbrigðislöggjöf vor er komin á það stig, sem hún nú er á.

Eg get sagt hið sama og háttv. þm. Dal. (B. J.), að vera má að nefnd kunni að gera ýmsar breytingar á frv., en eg álít það í heild sinni svo gott og gagnlegt, að sjálfsagt sé að það fái framgang.

Það er enn þá eitt, sem eg vil minnast á. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að óhæfilegt væri að gera þetta frv. að lögum, nema það væri áður borið undir almenning *(Björn Kristjánsson:* Það er ekki rétt!) — jú, eitthvað sagði háttv. þm. í þá átt. Mér er óskiljanlegt, að nokkur maður skuli geta sagt slíkt.

Það mesta, sem hægt væri að fara fram á í þá átt, ætti þó að vera, að slík frv. yrðu ekki að lögum, fyr en þau væru rædd á 2 þingum; en hitt væri hin mesta fásinna að bera slík frumv. undir þingmálafundi. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um frv., en vona að nefnd verði skipuð.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil þakka háttv. þm. Dal. (B. J.) fyrir mótmæli hans gegn ummælum háttv. þm. G.-K. (B. Kr.). Eg er sammála honum í öllu, sem hann sagði, en vil leyfa mér að bæta við nokkrum atriðum. Háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) talaði um nýjar leiðir í læknisfræðinni, og benti sérstaklega á *christian science*. En þekkir hann *christian science*? Getur hann sagt, hver er kjarni þeirrar hreyfingar? *(Björn Kristjánsson:* Andlegar lækningar). Þó að eg sé ekki fróður í þessum efnum, hygg eg að eg viti meira en hinn háttv. þm. Höfundur hreyfingarinnar er kona, sem dó fyrir 1—2 árum; hún hefir gefið út mikið af bókum og hafa flestar þeirra verið sendar landsbókasafninu, og þess vegna hefi eg getað aflað mér nokkurrar þekkingar á þessu máli. Hér er um *trúarbragða*kenning að ræða, en ekki um neina nýja leið í læknisfræðinni. Þeir, sem í þennan félagsskap ganga, skuldbinda sig til að *leita aldrei læknishjálpar* og *nota aldrei læknislyf;* þeir trúa því, að allir sjúkdómar séu sjúkdómar á sálinni, og að alt verði læknað með föstum og bænahaldi. Um árangurinn er það að segja, að vitanlega hefir mörgum orðið að trú sinni og þeir fengið fullan bata, en fjöldi hafa líka dáið. Það er fjöldi manna, sem að eins þjáist af ímyndunarveiki, eða þá af þeim sálarsjúkleik, sem hugarfarið hefir áhrif á; þeir læknast af *trú*. Mikið af lækningum allra skottulækna (og líklega eitthvað af lækningum lærðra lækna) eru *trúarlækningar*. — Ekki tjáir að fullyrða, að skottulæknar hverfi úr sögunni, þó að lærðum læknum fjölgi. Það er kunnugt, að hvergi hér á landi eru svo margir og góðir læknar, sem í Reykjavík. Og þó þrífast skottulæknar hér afbragðsvel. »Grasagudda« (sem reyndar heitir víst Ólöf) og fleiri njóta hér mikils trausts, bæði hjá æðri og lægri. Eg vil leyfa mér að bæta hér við dálitilli sögu. Fyrir nokkru kom heim til mín hálfvaxinn drengur og beiddi mig að útvega sér eitthvað að gera. Eg fór að spyrja hann eitthvað um föður hans, sem eg þekti, og sagði hann mér, að hann hefði legið $1^1/_2$ ár, en nú hefði hann leitað til L. hómópata, sem þegar hefði séð, hvað að honum gekk: það var »40 álna langur bendilormur«! En ekki gat hann sagt mér, hvernig L. hefði farið að mæla þetta kvikendi. Nei, það er ekki hætt við, að hjátrúin hverfi á þessu svæði; þeir sem örvænta um heilsu sína grípa eftir slíku, eins og druknandi maður fálmar eftir hálmstrái, aðrir leita sér slíkra lækninga, af því að þær eru ódýrari, eða þá af fávizku; og margir fá bata af þeim, af því að margir þjást af ímyndunarveiki og læknast af trúnni.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) fann það frv. þessu til foráttu, að það hefði ekki verið rætt á þingmálafundum, — mér heyrðist hann jafnvel tala um »*referendum*« í þessu máli. En einmitt slík mál, sem eru vísindalegs eðlis, eru mjög illa til þess fallin, að útkljást á þann hátt. Það væri eins og að skipa barn í dómarasæti eða láta blindan dæma um lit. Eg er því fyllilega samdóma hinum hv. þm. Dal. (B. J.) um, að það er hin mesta furða, að slíkar skoðanir skuli koma fram á löggjafarþingi siðaðrar þjóðar. Mér kemur það því mjög á óvart, ef það skyldi reynast satt, sem mér barst til eyrna rétt í þessu, að hv.

meiri hl. ætli sér að skipa háttv. þm G.-K. (B. Kr.) fremstan í nefnd í þessu máli. Ef svo ólíklega fer, þá er það vottur þess, að meiri hl. telji háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) æzta dómara í þessu máli, og vil eg leyfa mér að skjóta því undir flokkinn, hvort hann telji menningarástandi sínu og alþingis virðingarauka að slíkri kosning.

Björn Kristjánsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að eg vildi leyfa skottulæknum að hafa sig inn á alþýðu. En í þessum efnum fer alþýðan eingöngu eftir sinni eigin reynslu, ef skottulæknunum tekst að vinna traust hennar, þá leitar hún þeirra, annars ekki. Slíkt hið sama má raunar segja um hina lærðu lækna. — Þótt hinn háttv. þm. fyrirlíti »sprittblöndu«, sem hann mun kalla smáskamtalyf, þá hefir hún þó oft komið að gagni, það get eg vitnað af eigin reynslu. Það er sjálfsagt, að eg hefi ekki lesið jafnmikið um lækningaefni eins og þeir Guðmundur Björnsson og Guðmundur Magnússon, en hafa þeir nokkra praktiska þekkingu, hvað þetta snertir? Slíkar lækningar hafa ekki áður tíðkast, það er fyrst nú á síðustu tímum, að menn eru farnir að nota þær.

Háttv. flutningsm. (J. M.) tók fram, að í frv. fælist ekki bann gegn skottulækningum, og það er satt, að þær eru ekki beinlínis bannaðar; en frv. heimilar landlækni slíkt vald, að skottulæknar eiga alt undir hans náð, og ef hann vill ofsækja þá, eins og einn landlæknir af öðrum hafa gert í marga liði, geta þeir enga vörn sér veitt. Frumv. tekur þannig fram fyrir hendur alþýðu alveg að ástæðulausu. Það er rétt, að gott er að hafa eitthvert eftirlit í þessu efni, og er ráð fyrir því gert í lögum um skottulækningar frá árinu 1884. Sektarákvæðunum í þeim lögum hefir sjaldan verið beitt, af því eigi hefir verið ástæða til þess.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gerði lítið úr *christian science*; eg hefi sjálfsagt ekki slíka þekking á þeirri hreyfing, sem hinn háttv. þm., en eg veit að margir hafa aðhylst þá lækningaaðferð, og sýnir það, að hún hefir orðið einhverjum að liði. (*Jón Olafsson:* Það eru trúarbrögð!). Hann sagði það ennfremur samkomulag meðal fylgismanna hreyfingarinnar, að þeir mættu ekki leita læknis, en það sýnir ekki annað en að þeir hafa fult traust á þessari aðferð.

Háttv. þm. mintist á »Grasaguddu«, sem væri hér í bænum. Já, það er satt, að þrátt fyrir að hér eru góðir læknar, er hennar iðulega vitjað. Hún hjúkrar og heldur við þeim sjúklingum, sem aðrir læknar ekki hafa getað hjálpað, og að minsta kosti gerir hún það gagn, að hún gefur sjúklingunum ró, og er það ekki lítils virði.

Háttv. þm. hélt, að eg vildi hafa »*referendum*« í þessu máli. Já, eg vil kannast við, að eg álít að þetta mál snerti alþýðu mjög mikið, og ef þetta frumv. yrði lagt fyrir kjósendur, er eg ekki í vafa um, að mikill meiri hluti yrði á móti því.

Loks lét hinn háttv. þm. í ljós hræðslu um það, að það mundi ekki verða alþingi til sæmdar, að eg yrði kosinn efstur á blaði í þessa nefnd, og að það mundi verða frv. til falls. Eg skal ekki þrátta um það, en vil að eins benda á, að eg var ekki formaður nefndarinnar, sem fjallaði um þetta mál á síðasta þingi, og er því ekki mér um að kenna, þó að málið sofnaði í nefndinni þá.

Eggert Pálsson: Eg get nú látið það inn um annað eyrað og út um hitt, sem þeir háttv. þm., er talað hafa um þetta mál hafa sagt um læknislistina yfir höfuð og framfarir hennar. Eg verð að leggja þá alla að jöfnu, að því er kemur til þekkingar þeirra á heilbrigðis-

málum; get ekki tekið þar einn fram yfir annan, og vænti þess, að þeir virði mér það til vorkunnar.

Eg byggi skoðun mína á þessu máli eingöngu á því, hvernig þjóðin lítur á það. Og eins og þegar hefir verið tekið fram, dylst mér það ekki, að hún hefir hingað til ekki viljað missa skottulæknana. Og svo mun vera enn. Og er það sízt að furða. Læknarnir hafa hingað til verið fáir og oft misjafnir. Það verður að taka tillit til þessa, þegar dæma skal um, hvort slík lög sem þessi, er frv. fer fram á, muni geta átt við hér hjá oss eða ekki.

Eg get ekki varist þeirri hugsun, að þessi lagasmíð sé að minsta kosti meðfram til þess gerð, að vernda réttindi hinnar lögskipuðu læknastéttar, til þess að hún eigi vísari tekjur sínar. Eg veit ekki, hvort þetta er rétt, en sé svo, að þetta liggi á bak við, þá mun afleiðingin verða sú, að þessar leyfisveitingar landlæknis verða harla fáar, hvort heldur um fullkomið eða takmarkað leyfi væri að ræða. Og þar sem nú hinir lögskipuðu læknar eru bæði strjálir og misjafnir, þá verður afleiðingin sú, að þeir, sem þessum fáu og misjöfnu læknum tekst ekki að lækna, verða sama sem skyldaðir til að deyja drottni sínum, þótt aðrir bæði vildu og gætu hjálpað. Það eru þessar kringumstæður, sem oss ber að taka tillit til. Við verðum að gæta þess, að við getum ekki haft svo marga lækna, sem þörf væri á, og svo einnig hins, að þeir eru og verða æði misjafnir, svo að það getur ekki verið holt að gefa læknastéttinni takmarkalaust vald yfir lífi voru og limum, með öðrum orðum afneita allri hjálp frá öllum öðrum, þótt þeir kynnu að geta bjargað, og það oft í tilfellum, sem sjálfir hinir lögskipuðu læknar eru gengnir frá.

Það hefir verið minst hér á ýmsar lækningaaðferðir, sem tíðkist í öðrum löndum og taldar eru af meðmælendum þessa frv. sem eingöngu hjátrú og hindurvitni, er aldrei geti gert gagn en ávalt skaða. Og um það skal eg ekki þrátta, á því hefi eg enga þekkingu, hvað sem h. h. þm. líður með tilliti til þekkingar á þeim efnum. En ef svo er hvernig stendur þá á því, að aðrar þjóðir valdbjóða ekki eitthvað svipað því sem farið er fram á í þessu frv.? Eigum vér að vera svo langt á undan öllum öðrum þjóðum, að skipa fyrir með lögum um það, hverjir megi fara með lækningar, eða stöndum við þeim svo langt að baki? Um annað af tvennu hlýtur að vera að ræða, ef frv. þetta verður að lögum. En eg vona að ekki komi til þess, því hér er um óeðlilega takmörkun á persónulegu frelsi manna að ræða. Eg skil ekki annað, en menn ættu að mega leita sér heilsubótar hvar sem þeir vilja og hvar sem hægt er og svo hygg eg, að sé alstaðar annarsstaðar, nema ef það verður hér.

Sennilega líta háttv. flutningsm. þessa frv. svo á, að alþýða hér á landi sé þeim mun verri og fáfróðari en annarsstaðar, að hér þurfi sérstök lög til þess að fáfræðin verði henni ekki til skaða. En eg fylgist ekki með í þeirri stefnu, tel hana þvert á móti fjarri öllum sanni. Noti alþýða manna hér meira fáfróða skottulækna heldur en í öðrum löndum, þá stafar það ekki af fáfræði hennar, heldur af hinu, að hinir lögskipuðu læknar vorir eru bæði fáir og oft og einatt ónýtir. Þar sem hægt er að ná í nýtan, lögskipaðan lækni ganga menn ekki fram hjá honum. En þar sem hann annað hvort er ekki til eða þá reynist handónýtur, þar hljóta menn að leita einhverra annara bragða til þess að reyna að bjarga við lífi eða heilsu sjálfra sín eða annara. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál.

Eg skal ekki gera það að ágreinings-

máli, hvort nefnd verður sett í það eða eigi. Það gæti hugsast, að nefndin gerði þær breytingar, er til umbóta gætu horft á því, t. d. þær, að í stað landlæknis veiti héraðsbúar leyfið. Það væri þó óneitanlega nær sanni. Þeir eru næstir og hafa því bezt vit á því, hvað þeim kemur að gagni og hvað ekki.

Bjarni Jónsson: Eg vildi að eins gera örfáar athugasemdir við ræðu h. 1. þm. K.-G. (B. Kr.). *(Björn Kristjánsson:* Eg er dauður). Það gerir ekkert til. Eg skal ekki ganga svo frá dysinni, að háttv. þm. geti ekki gengið aftur.

Hann áleit að alþýðan ætti að ráða miklu um heilbrigðismál, helzt hafa »referendum« um slíkt. Eg held að það væri þá eins gott, að almenningur ræki alla lækna í burt, og hætti við öll heilbrigðismál, enda gæti það vel orðið niðurstaðan. Eg hefi aldrei á lífsleiðinni heyrt neitt því líkt. Til þess er almenningur hvergi nærri nógu fróður. Það hefir hann meðal annars sýnt með því, að senda upp á þingbekkina nokkra alþingismenn, sem ekki eru fróðari en svona.

Háttv. þm. sagði að vel mætti sekta skottulæknana, ef það sýndi sig, að þeir gerðu skaða. En hvernig á að sanna að þeir geri það viljandi, og hvernig á að sekta þá, ef löggjafarvald þjóðarinnar lítur svo á, að ólærðir menn, sem ekkert þekkja til byggingar mannlegs líkama, megi fara með lækningar?

Það er ekki rétt heldur, sem okkur flutnm. er núið um nasir, að þetta frv. miði að því að útrýma skottulækningum algerlega. Ef einhver kann eitthvað betur en aðrir, þá er sjálfsagt að þeir njóti þess. Hér er einungis verið að reyna að koma í veg fyrir það, að óhlutvandir menn geti smeygt sér inn á trúgjarna alþýðu, henni í helberan skaða.

Það var rétt, sem háttv. þm. tók fram, að læknir hefir tiltrú, þegar hann hefir tiltrú og að skottulæknir hefir tiltrú, þegar hann hefir hana. Það líkist dálítið setningunni, sem allir kunna: »að góð blöð geta verið góð, þegar þau eru góð«. Enginn efast um að þetta sé satt en það var óþarfi að taka það fram.

Mér þykir skrítið að heyra því haldið fram, »að menn telji nauðsynlegt að hefta frelsi íslenzkrar alþýðu í þessu efni, svo sem hún væri ófærari að sjá um sig en alþýða í öðrum löndum«.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hlýtur að vita það, að Ísland er hið eina menningarland, þar sem engin lög eru til um það, hverjir megi hafa atvinnu af lækningum. Allar aðrar þjóðir, sem umhverfis oss búa hafa lög um þetta til þess að stofna ekki lífi manna í voða með því að láta óhlutvanda menn hafa leyfi til að ginna almenning. Það er þjóðkunna annarstaðar, að nauðsynlegt er að hamla með lögum því að slíkt megi verða.

Flutningsm. (Jón Magnússon): Það hefir verið talað um það, að það væri vilji almennings að halda skottulæknum. En hvernig vita hinir háttv. þm. það? Og þó að svo sé, að almenningur þoli skottulækna, þá sannar það ekki, að skottulæknar séu nauðsynlegir hér á landi. Almenningur hefir brúkað Brama, og er það þó ekki sönnun fyrir nytsemi hans.

Þeir tveir háttv. þm. 1. þm. G.-K. (B. K.) og 1. þm. Rang. (E. P.)), sem helzt hafa talað á móti frumv. virðast telja það sönnun fyrir nytsemi skottulækna, að almenningur hafi notað þá. Það er víst óhætt að segja það, að alment hafi verið drukkið hér brennivín í landinu. Það ætti því að vera sönnun fyrir nytsemi brennivíns, en þá hefðu hinir háttv. þingmenn ekki átt að samþykkja aðflutningsbannið.

Eg skal ekki orðlengja meira um þetta; vona að nefnd verði kosin í málið.

Jón Ólafsson: Eg skal ekki níðast á hinum háttv. þm. G.-K. (B. Kr.), því að hann er dauður. En eg ætla að snúa mér að háttv. þm. Rang. (E. P.). Hann bar fram þá merkilegu staðhæfing, að ef þetta frumv. næði fram að ganga, væri það þvert ofan í það sem ætti sér stað með öðrum þjóðum. Nú vil eg spyrja háttv. þm., hvort hann getur nefnt eitt einasta siðað land í víðri veröld, þar sem leyfðar eru skottulækningar. Eg bíð eftir svarinu. En hitt skal eg benda háttv. þm. á, að mér er kunnugt, að í Canada og Bandaríkjunum eru skottulækningar harðbannaðar og enginn fær að fást við lækningar, sem ekki hefir tekið próf.

Um Christian Science er það að segja að sá félagsskapur miðar ekki að því að veita mönnum líkamlegar lækningar, heldur er hann trúarbrögð og félagsskapurinn trúflokkur, sem fæst við sálarlækningar að eins með fyrirbænum. Á þessu hefir forstöðukona þess trúflokks rakað saman fé svo að miljónum króna skiftir, en aldrei grætt einn eyri á líkamlegum lækningum. Hún græddi á því, að hver maður í trúflokknum var skyldur til að kaupa bækur hennar, og þær voru — ekki ódýrar.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) talaði um, að tilgangurinn með þessu frumv. væri sá að meina mönnum að leita liðsemdar við meinum sínum. En svo er ekki. Tilgangurinn er sá, að hamla því að skottulæknar hafi það að atvinnu sinni að veita mönnum læknisdóma.

Eg fæ ekki skilið það, að þeir menn, sem hafa þá tröllatrú á skotttulækningum, sem lýst hefir sér hér, skuli hafa varið því ódæma fé í læknaskipun, sem gert hefir verið.

Eg vona, að fáir verði til að styðja A-listann, þótt hann sé frá meirihlutanum á þingi.

Eggert Pálsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lagði fyrir mig þá spurningu, hvort eg þekki nokkurt land, þar sem skottulækningar væru leyfðar. Eg veit, að háttv. þm. er fróðari um löggjöf annara landa en eg og þykir mér því óþarft af honum að beina slíkri spurningu til mín. Enda er það ekki mergurinn málsins hér, hvort skottulækningar séu lögleyfðar í öðrum löndum, heldur hvort þær séu lögbannaðar. Því hér er að ræða um lögbann en ekki lögleyfi í frumv. þessu. Spurning þingmannsins hefir á sér málfærslusnið og til þess framsett, að eg kunni ekki að gera mun á því sem leyft er með lögum og því sem liðið er án þess bann sé við lagt. En að skottulækningar séu ekki bannaðar í öðrum löndum, sést meðal annars á því, sem háttv. þingmaður sjálfur sagði, að í öðrum löndum væri fé svo miljónum kr. skifti rakað saman með þeim hætti. Slíkt gæti vitanlega ekki átt sér stað, ef þær væru bannaðar með lögum. En hér er um það að tala, hvort hér eigi að líða skottulækningar eða banna. Eftir því, sem hagar til hér á landi, held eg því fram, að ekki sé gerlegt að banna hér skottulækningar, því síður sem þær njóta trausts og álits hjá almenningi. En væri hér um skaðlega hjátrú að ræða þá átel eg samt að fara þá leið að banna slíkar lækningar með valdboði, hin leiðin að fræða fólkið mundi þá miklu tiltækilegri. Ef slíkt valdboð kemur án vilja almennings, leiðir það að eins til þess að menn taka upp á að fara í kringum lögin, til þess væru menn neyddir og er þá ver farið en heima setið. Eg endurtek það: Ef hér er um hjátrú fólksins að ræða og ekki annað, tel eg réttara að veita fé, t. d. háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) til að útrýma hjátrúnni og veita mönnum

hina hollu fræðslu, er geti gert menn bæði heilsubetri og langlífari.

ATKV.GR.:

Tillaga um að kjósa 5 manna nefnd í málið samþykt með 20 shlj. atkv. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jón Magnússon kosinn formaður, en Jón Þorkelsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 24. apríl (A. 92, n. 692).

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Eg skal hafa sama formála við þetta mál, sem hið næsta á undan, að biðja háttv. deild að lofa málinu að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 26. apríl (A. 92, n. 692).

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Það er nokkuð öðru máli að gegna með þetta mál, en með sjúkrasamlögin. Þetta frumv. hefir verið borið fram af þm. Vestm. (J. M.) virðulegum. Nefndin hefir rætt mál þetta á allmörgum fundum og íhugað það rækilega og borið sig saman við landlækni og breytingar þær, sem við höfum leyft okkur að stinga upp á og lesa má á þgskj. 692 eru gerðar í samráði við hann flestar hverjar.

Annars mælir frumv. bezt með sér sjálft. Eg skal þó geta þess, að það sem stóð í 1. gr. og mörgum þótti óviðkunnanlegt, er nú numið burt. Nú er miðað við lækraskólann eða hinn væntanlega háskóla hér. Eg skal einnig geta þess, að við höfum ekki með öllu viljað útiloka ólærða lækna, hina svonefndu smáskamtalækna. Eg býst þó við mjög skiftum skoðunum um þetta mál og þykir mér því leitt, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) skuli ekki vera hér viðstaddur nú, því hann hefir haft einna mestan áhuga á því.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Mér líkar það ekki hjá háttv. nefnd, að hún skuli hafa veitt smáskamtalæknum rétt til þess að káka við lækningar. Eins og frumv. kom frá háttv. þm. Vestm. (J. M.) þá var það mjög skynsamlegt. Mér finst, að þeir menn, sem hafa tekið próf í læknisfræði, verði þó að minsta kosti einir að hafa leyfi til þess að stunda lækningar. Það er alveg nauðsynlegt að útiloka þessa þekkingarlausu gutlara. Alþýða manna er fáfróð um lækningar og það gæti vel farið svo, að menn leituðu ráða hjá þessum mönnum og sjúklingurinn dæi þess vegna. Og þegar um hættulega og næma sjúkdóma er að ræða, þá ætti löggjafarvaldið ekki að vera að stuðla að því, að menn leituðu til þessara manna, sem ekki hafa neina þekkingu í sjúkdómafræði eða á lækningum.

Eg sé að 1. gr. hefir verið breytt í samræmi við það, sem mun verða ofan á hjá okkur innan skamms. En mér finst nauðsynlegt, að smáskamtalæknarnir hverfi alveg úr frumv., því það er betra að vera læknislaus en að hætta lífi og heilsu í hendur þessara manna.

Jón Magnússon: Eg get skrifað undir hvert orð af því, sem háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagði. Það var neyðarúrræði fyrir suma okkar, sem í nefndinni vorum og sem vorum sömu skoðunar og háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) að ganga að sumum breytingum hennar. En við vildum heldur samkomulag en eiga það á hættu, að frumv. félli og á sama máli var landlæknir. Við teljum

frumv., jafnvel með breytingunum, svo mikla lagabót, að okkur þótti vissara að koma okkur saman við hina, sem í rauninni engar breytingar vildu gera á því, sem er. Aðalkostur og tilgangur frv. er, að koma því svo fyrir, að allir læknar séu háðir eftirliti og að hægt sé að hindra þá frá að gefa sig við lækningum, sem sýna það, að þeir eru skaðræðisgripir; auk þess er það tilgangur frumvarpsins að leggja þá skyldu á alla lækna að gefa skýrslur um sjúkdóma, og hefir það meiri þýðingu en margur heldur. Að öðru leyti skal eg ekki orðlengja um þetta.

Eggert Pálsson: Eg veit ekki, hvernig eg á að taka það hjá háttv. framsögum. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hvort hann er heldur með eða móti þessu frv. en vona þó að hann sem greindar- og skýrleiksmaður og réttsýnn sé þó því fremur móthverfur en meðmæltur í hjarta sínu. Eg skal játa það, að það er bót á frumv., að það undanskilur smáskamtalækna í 1. gr. En aftur á móti er það ákvæði jafnhliða skemt með ákvæðinu í 4. gr., þar sem landlækni er gefið vald til þess að áminna og jafnvel taka leyfið af smáskamtalækninum, ef hann gerir sig sekan í óhæfu að dómi hans eða héraðslæknis og á þeim dómi mun sjaldnast standa, þótt tilefnið kunni að vera lítið. Það liggur svo sem í augum uppi, því ef nokkuð má dæma af því, hvernig læknar hingað til hafa komið fram gegn smáskamtalæknum, þá má búast við því, að þeir muni ekki hika sér við að hindra þá frá læknisstörfum með þessu ákvæði.

Það er opinbert mál, að hin svokallaða lærða læknastétt er andvíg smáskamtalæknum bæði hér og annarsstaðar og virðist það ekki ólíklega til getið, að þar liggi einhver snefill af atvinnukepni á bak við. Reynslan hefir sýnt það, að þeir smáskamtalæknar, sem reynst hafa bezt, hafa orðið fyrir mestum ofsóknum, en hinir aftur á móti fengið að sigla sinn eigin sjó, sem lítilli tiltrú hafa náð. Og af hverju? Af því að þeir spilla svo lítið »praxis« hinna lærðu.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) taldi ótækt að leyfa öðrum en lærðum læknum að stunda lækningar. En nú veit hann, sá góði maður, að það hagar oft svo til, að ómögulegt er að leita þeirra. Hvað á þá að gera? Er það þá sanngjarnt að gera mönnum ómögulegt að leita sér hjálpar annarsstaðar, ef hana skyldi vera að fá? Því er og svo varið, að þótt hinir lærðu læknar séu til, þá eru þeir oft í svo litlu áliti, að fólk vill ekki leita þeirra. Og verði því þetta frumv. að lögum og þeim lögum beitt eins og tilgangurinn mun vera, þá er því fólki, sem þannig er ástatt fyrir gert að skyldu að deyja drotni sínum, þótt hjálp gæti verið að fá svo að segja á næstu grösum.

Eg mun greiða atkvæði með breytingartillögunni við 1. gr., því að hún er þó heldur til bóta, ef frumv. verður samþykt. En á hinn bóginn bætir hún þó ekki svo mikið úr — sérstaklega vegna ákvæðisins í 4. gr. — að eg geti aðhylst frumv. og mun eg því greiða atkvæði móti því í heildinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg held að það sé bygt á misskilningi, er menn halda, að það sé tilgangurinn með þessu frumv. að meina mönnum að leita sér læknishjálpar, heldur er hann að eins sá, að fyrirbyggja að menn geri sér skottulækningar að *atvinnu*. Eg get ekki verið því fylgjandi, að undanskilja smáskamtalækna og sé ekki, að það sé mætara, að þeir drepi menn en aðrir,

því það gera þeir, bæði af vanþekkingu og samvizkuleysi. Vil eg nú segja eina sögu því til sönnunar.

Fyrir 4 árum varð maður nokkur norður í Húnavatnssýslu veikur. Leitaði hann þá til læknis hér, sem sagði honum, að það yrði þegar að gera holdskurð á honum. Maðurinn kveinkaði sér við því og leitaði til smáskamtalæknis hér í bæ. Sagðist sá skyldu lækna hann með meðulum og gaf honum meðalaglösin a, b, c, og svo frv. Meinsemdin fór vaxandi og nú eftir 4 ár er hún orðin eins stór og mannshöfuð. Liggur maðurinn nú á spítala og engin von til að hjálpa honum. Hver hefir drepið þennan mann? Enginn annar en smáskamtalæknirinn, sem taldi honum trú um, að ekki þyrfti að skera hann upp, heldur gæti hann læknað hann með meðulum. Hefir hann með samvizkuleysi sínu klófest fé mannsins og leitt hann til bana.

Af ofangreindum ástæðum get eg ekki greitt atkvæði með því að undantaka smáskamtalækna.

Eggert Pálsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fór að segja sögu — sögu, sem hann sjálfsagt er búinn að segja oftar en einu sinni hér í deildinni því til sönnunar, að smáskamtalæknar hefðu stundum reynst illa.

Eg skal nú fara að dæmi hans og leyfa mér að segja aðra sögu, sem sannar það, að hinum lærðu læknum getur líka skjátlast. Að vísu lifir enn þá sjúklingur sá, sem saga mín ræðir um, en »diagnosis« hinna lærðu lækna gat þó valdið og orsakað honum og aðstandendum hans allmikil óþægindi. Saga mín er á þessa leið: Það var kona nokkur í sveit, sem veiktist all einkennilega. Héraðslæknirinn — sem talinn er annars afbragðslæknir — óttaðist fyrir að sjúkdómurinn væri illkynjaður og ráðlagði að konan færi suður til Reykjavíkur til þess að sjúkdómurinn yrði þar rannsakaður betur. Gekk hún þar fyrir einhvern merkasta lækninn, sem reyndist á sömu skoðun og héraðslæknirinn og vísaði henni til sjálfs holdsveikislæknisins, sem kvað upp þann dóm, að í konunni mundi holdsveiki búa. Og lá þannig við borð, að hana yrði að rífa frá heimili sínu, eiginmanni og börnum og flytja hana á holdsveikraspítalann. En að það ekki var gert kom til af því, að tveir smáskamtalæknar, sem til var líka leitað, úrskurðuðu báðir að sjúkdómurinn væri að eins taugaveiklun á háu stigi og létu henni í té meðul samkvæmt því. Og afleiðingin varð sú að konunni — sem að áliti hinna lærðu lækna átti að vera holdsveik — batnaði, svo að ekki ber á þeim sjúkdómi framar og eru þó nú liðin 3—4 ár síðan. Þetta sýnir, að lærðum læknum getur einnig skjátlast, eins og hinum svo nefndu ólærðu læknum. Og þetta er ekki nema eðlilegt, því það getur öllum skjátlast. En hvað læknisstarfsemina áhrærir, þá er og verður mest komið undir því, að læknirinn sé vel til starfans fallinn. Það er meira vert en kunnáttan að menn hafi »interesse« fyrir verkinu. Hafi þeir það, þá verða þeir góðir læknar, en annars ekki, hvað mikið sem þeir hafa drukkið í sig af bókviti. En sá er munurinn, að margur les læknisfræði án þess að hafa »interesse«, en enginn fæst við skottulækningar, nema hann sé hneigður fyrir lækningar.

Bjarni Jónsson: Eg hjó eftir því í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), að hann sagði, að það væri atvinnukepni, sem ylli því, að lærðir læknar litu hornauga til skottulækna. Þetta er ekki annað en brigsl. Læknastéttin er bezta lærðra manna stéttin í landinu, og skal eg fyrir hönd þeirrar stéttar mótmæla þeim orðum. Eg skal ekki segja neitt um þessi dæmi, en ekki get eg orðið

sannfærður af því, þótt tveir skottulæknar segi að konan hafi taugaveiklun. Aðaláherzlu ber að leggja á það, að þessir menn stuðli ekki að því, að næmir sjúkdómar breiðist út. Hugsum okkur að smáskamtalæknir næði í mann veikan af svarta dauða, og héldi að hann þyrfti ekki annað en að drekka eitthvað úr A-B-C-glasi. Hvernig mundi fara? Þessi lög eru sett til þess að koma öllum lækningum undir umsjón landlæknis. Menn þyrftu að læra að þekkja mannlegan líkama, áður en þeir fara að lækna menn. Þetta er ekkert að ráðast á ólærða lækna. Þeir geta farið til landlæknis, og ef þeir hafa nægа þekkingu, þá geta þeir fengið leyfi hans og ráðherra til að stunda lækningar. Önnur eins breyt.till. og þessi, ætti heldur að koma fram á annari samkomu en alþingi. Það er hreinasta »ignorantia crassa«, og legg eg til að hún verði feld.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Eg er á sama máli og háttv. þm. Dal. (B. J.). Eg álít ekki meining í að leyfa skottulækna; er það mjög hættulegt atriði og meðal annars til að ala upp hjátrú í landinu. Þarf því að uppræta þá sem fyrst. Annað atriði er það að þessir menn þekkja ekki byggingu mannlegs líkama. Eg skal játa, að ýmsir, sem stunda smáskamtalækningar, t. d. margir prestar, eru þó fróðari í þessum efnum, en þá þarf ekki að útiloka samkvæmt frumvarpinu.

Eg vil benda á það, að með bannlögunum er smáskamtalæknum gert hærra undir höfði en öðrum mönnum, þar eð þeir mega flytja vínanda inn á heimili sín. Tel eg það að öllu ósæmilegt, því það getur vakið freistingu hjá þessum mönnum, en eg vil að alt sé frjálst og sæmilegt í því efni. Smáskamtalæknar gera mikið ógagn, og ætti að útrýma þeim.

1. breyt.till. tel eg að öllu ómögulega.

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Það er syndastraff, sem á mig hefir verið lagt, að eg skuli vera framsögumaður þessa máls. Það er ekki svo, að eg beri ekki alla tilhlýðilega virðingu fyrir hinum lærðu læknum, en eg met skottulæknana engu að síður nokkurs virði. Það hafa komið hér fram um þá harðir dómar bæði fyr og nú, og það frá þeim, sem sízt skyldi, t. d. hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), því að eg veit ekki betur en að hann sé bæði skottulæknir, smáskamtalæknir og jafnvel geldingamaður. Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) tók það réttilega fram, að þessir ólærðu læknar hefðu mjög oft reynst almenningi vel og eg get tekið undir það með honum; þótt eg sjálfur sé maður ekki kvellisjúkur og hafi ekki meiri trú á læknum en guði mínum, þá hefir mér þó einusinni batnað svo mig dró um, að eg ætla, fyrir tilstyrk eins smáskamtalæknis eða skottulæknis. Það hefir mikið verið talað yfirhöfuð um lærdóm og reynslu og gert gys að trú manna á læknum og andlegum lækningum. Þetta er ekki nærgætið, að minni hyggju, því að án efa er mikið undir því komið, að sjúklingurinn beri gott traust til læknis síns, og það getur haft stórmikil áhrif, að gott sé lesið yfir honum, hann huggaður o. s. frv.

Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að dæmi væru til þess, að smáskamtalæknar hafi drepið sjúklinga sína í meðferðinni. Þetta kann mikið satt að vera, en það eru líka dæmi til þess, að hinir lærðu stórskamtalæknar hafa drepið menn, og það í stærri stýl en menn vita. Þeir hafa líka gert margan mann-

inn að örkumlamanni, og það er nærri því verra en þó þeir hefðu hreinlega drepið hann. Það er gömul saga um manninn, sem var blindur á öðru auga og fór til læknis með það. Læknirinn tók skurðarhnífinn sinn og fór í betra augað. Þegar verkinu var lokið og maðurinn leit upp og var spurður, hvernig hann sæi nú, þá var hann steinblindur á báðum augum. »Á, var það skárri glyrnan, sem eg tók, garmurinn minn?« sagði læknirinn.

Það er líka alkunnug saga um merkan mann, sem er nýlega dáinn, að hann var spurður, hver af tveim stórskamtalæknum þar í héraðinu mundi betri vera. Hann svaraði því svo, að annar þeirra, sem hann nefndi, mundi í við ómannskæðari en hinn.

Annars held eg að bezt sé að tala sem fæst um læknana. Þar er margt undir heppninni komið. Vitið er auðvitað gott, en það er þó ekki einhlítt. Það er svo margt, sem hér kemur til greina. Þótt eg í flestu sé sammála háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), þá er eg honum ekki samdóma um það, að smáskamtalæknunum beri að sleppa eftirlitslausum út í mannfólkið. Þeir eiga eins og aðrir læknar að vera háðir eftirliti landlæknis, og ef þeir gera sig seka í miklum skemdum og skaðræði, þá á að svifta þá lækningaleyfinu.

Þá kemur og enn eitt til mála, að læknar þykja orðnir svo óhæfilega dýrir, að það er ógerningur að sækja þá, og ef því heldur áfram að fara fram, þá virðast þeir vera á góðum vegi með að verða heldur óþægileg landplága. Það er og alt af verið að fjölga læknum og læknishéruðum og ágerist það mjög, þótt alt af sé hins vegar verið að æpa um það, að ekki megi fjölga embættismönnum. En alt um þetta er það enn víða svo í strjálbygðum héruðum, að ómögulegt er að ná til læknis. Mér sýnist því, að þeir, sem mannfólkinu vilja vel, ættu að vera nefndinni þakklátir fyrir tillögur sínar, að leyfa smáskamtalæknum að fást við að hjálpa sjúkum mönnum, þar sem ekki næst í aðra lækna.

Eg tók það fram áðan, að í raun og veru væri í lækningunum það oft allmikið trúaratriði, hvort mönnum batnaði ekki. Það er hver sæll fyrir sína trú, og eg get ekki séð, að það sé neitt betra, þó menn deyi lögum samkvæmt, heldur en þeir haldi heilsu ólögmælt eða jafnvel deyi drotni sínum samkvæmt engum lagafyrirmælum. En reynslan hefir sýnt það, að afskifti ólærðra manna í lækningum hafa oft verið heppileg, manna, sem af guði hafa þegið náttúrufar og nærfærni í þessu efni. Þeir hafa oft bjargað sjúklingum í þeim tilfellum, þar sem riðið hefir á lífi þeirra. Í sambandi við þetta skal eg taka það fram, að það er eins með lækna og aðra menn, að margir kenna þau fræði, sem alls ekki eiga að fást við það. Ef þeir eru heimskir, ónáttúraðir eða ólægnir, þá er sama hvað miklu í þá er troðið, þeir verða alt af hálfgerðir ónytjungar, eins og stendur í vísunni:

> Kálfur sigldi, kom út naut,
> kusi lifði' og dó hann.

Það er betra að leita til manna, sem náttúraðir eru fyrir lækningar, en til þeirra, sem vantar náttúrufarið, þó að þeir hafi gutlað eitthvað við lærdóm utangarnar. Bæði eg og fleiri höfum tekið eftir því með smiði, sem að eðlisfari eru klaufar, að þeir verða það alt af, hvað mikið sem þeir læra.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði margt, sem eg hefði eiginlega þurft að svara, ef hann væri ekki hér, eins og hugsjónamönnum er lagið nokkuð langt fyrir ofan efnið, og okkur, sem höldum okkur við jörðina. Eg get þó í þessu sambandi mint á það, að þessi hv. þm.

sótti á seinasta þingi um heiðurslaun til handa geldingamanni vestur í Dölum, sem hvergi hafði lært geldingar, nema hjá sjálfum sér. Því heimtum við ekki eins lærða dýralækna til þessa starfa eins og mannalæknarnir verða að vera sprenglærðir af háskóla eða læknaskóla. Mér finst það hljóti að vera óforsvaranlegt að gera það ekki frá sjónarmiði háttv. þm. Dal. (B. J.). En þessa umsókn, er nú nefndi eg, verð eg annars að skoða sem viðurkenningu frá háttv. þm. þess, að margir ólærðir læknar geti verið mikils verðir og ekki sé rétt að slá stryki yfir öll þeirra verk.

Framar finn eg ekki sérstaka ástæðu til þess að svara miklu meira af því, sem fram er komið í þessu máli. Það er þess eðlis, að það getur ekki hrakið reynslu fjölda manna.

Að lokum skal eg kannast við það, að mér hefir verið svo sagt, flutt og fortalið, að ýmsir ólærðir læknar hafi verið svo óprúttnir að lækna menn með skinnalit, beinbrot með inntökum o. s. frv., en eg hefi þó ekki sannreynd fyrir því. Hitt veit eg, að margir ólærðir læknar hafa hjálpað mörgum manninum, og meira að segja yfirsetukonur. Eg hefi sjálfur verið sjónarvottur að því, að yfirsetukona hefir verið sótt til veiks karlmanns.

Bjarni Jónsson: Það er auðheyrt af rökum jafn rökfims manns og háttv. framsögum. (J. Þ.) hvernig mál þetta er vaxið. Menn gera ekki gys að sínum eigin málstað, nema hann sé slæmur. Viðvíkjandi umsókn minni, sem háttv. framsögumaður gat um, um heiðurslaun til þekts geldingamanns vestur í Dalasýslu, þá skal eg geta þess, að það er hreinn misskilningur, að eg sé sjálfum mér nokkuð ósamkvæmur, þótt eg sé á móti 1. gr. þessa frumv. Eg hefi margtekið það fram, að mér stæði alveg á sama, hvaðan þekkingin kæmi, ef hún væri til og þessi maður hafði næga þekkingu á sínu starfi, þótt hann hefði ekki stundað nám á dýralæknisskóla suður í Danmörku. Hann var því enginn skottugeldari, ef svo má kveða að orði og þessi umsókn kemur því málinu ekki minstu vitund við. Eg hefi ekkert á móti því, að ólærðir menn fái að fást við lækningar, ef þeir sýna það og sanna fyrir landlækni, eða einhverjum manni, sem vit hefir á, að þeir hafi skilyrði til þess. En eg er gegn því að »ignorantia crassa« eða sauðheimskan fái að ríkja svo, að menn sem enga þekkingu hafa, fái óáreittir að ganga um og þykjast lækna með allskonar kynjameðulum, til þess að blekkja fáfrótt fólk og hafa út úr því peninga. Hið upprunalega frumv. fór að eins fram á það, að menn sýndu næga þekkingu á læknisstörfum, áður en þeir færu að gegna þeim. Það virðist ekki ósanngjarnt, þar sem hið sama er heimtað af öllum skólagengnum læknum. Þeir verða að standast sín próf til þess að geta fengið nokkurt embætti. En ef það er svo auðvelt að afla sér þekkingar á læknisfræði og sumir háttv. þm. halda fram, af hverju spörum við okkur þá ekki allan þann órakostnað, sem við höfum bæði af læknaskólanum og læknaskipuninni yfir höfuð? Það væri þá víst bezta ráðið að hætta við það alt saman og leita eingöngu til skottulæknanna á bæjunum kringum háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.).

Það hefir aldrei verið farið fram á það, að útiloka nærfærna menn frá hjálp í viðlögum. Eg get sannað það, hvað mig snertir, með því, að þegar eg var formaður í alþýðufræðslunefnd Stúdentafélagsins, þá fékk eg Guðmund Magnússon læknaskólakennara til þess að halda fyrirlestra fyrir sjómenn og kenna þeim hjálp í viðlögum. Ef læknar landsins vildu nú útiloka menn frá

því, hvers vegna skyldu þeir þá vera að fræða menn um það, sem gæti leitt til samkepni við þá.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að með frumv. væri verið að ofsækja beztu mennina, en eg verð að vísa því til baka. Eg hefi aldrei gert það og frv. gerir það ekki heldur, þó að heimtuð séu hin sömu skilyrði af smáskamtalæknunum og öðrum læknum. Eg er annars hissa á því, hvers vegna þessir menn, sem telja smáskamtana svona sjálfsagða og bráðnauðsynlega, vilja ekki eins láta lækna með stórskömtum, svo sem 20—30 bjórum. Eg skyldi þá setja mig niður sem stórskamtalæknir og gera ennþá meiri kraftaverk en hinir og sýna mönnum hvað aðflutningsbannið hefir verið vel hugsað, því ekki eru færri sögurnar um öll gæði vínsins og kraft þess gegn ýmsum óþægindum en kjaftakerlingasögurnar um kraftaverk skottulæknanna.

Mér virðist það því dálítil mótsögn hjá þessum sömu mönnum, sem vilja láta skottulæknana leika lausum hala, vegna allra kraftaverkanna, að vera með aðflutningsbanninu.

Svo skal eg að eins geta þess viðvíkjandi 1. gr., að eg er á móti brtill. nefndarinnar, þó að hún sé nokkuð til bóta. Við 3. umr. er hægt að koma með brtill. við 1. gr., sem miða að því að lagfæra einhverja smágalla á henni. Annars nenni eg ekki að vera að þrátta lengur um þetta mál. Fyndninni og gamanyrðum háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) þarf eg ekki að vera að svara. Það getur verið gaman að hlusta á það, meðan hann er að tala, en eltingaleikur hans eftir fyndni getur þó orðið helst til langur stundum.

Jón Magnússon: Það virðist ekki þörf að ræða mikið meira um þetta mál, báðir partar hafa nú fært öll þau rök, sem þeir hafa fundið, hvor fyrir sínum málstað. En það er að eins viðvíkjandi nokkrum orðum í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) að eg stóð upp. Mér fanst hann ekki fara alveg rétt með eitt ákvæði frv., þegar hann var að mæla á móti því. Hann virtist halda það, að nefndin ætlaðist til þess, að það kæmi undir dóm landlæknis eins, hvort smáskamtalæknar, sem hafa drýgt einhverja óhæfu, mættu halda áfram lækningum. En því er alls ekki svo varið. Nefndin hefir álitið það rétt, að landlæknir kvæði á um þetta fyrst til bráðabirgðar, síðan væri málið borið undir stjórnarráðið og ef smáskamtalæknirinn væri ekki ánægður með úrskurð þess, þá gæti hann leitað aðstoðar dómstólanna. Réttur smáskamtalækna virðist því að fullu trygður með þessu ákvæði. Eg get ekki skilið, að háttv. þm. ætlist til þess, að smáskamtalæknar geti óátalið drýgt hvaða óhæfu sem er og megi halda því áfram með lækningaatvinnu sinni, en lærðir læknar, sem kannske hafa mikið minna til unnið, verði að sæta ábyrgð fyrir það, og missi lækningaleyfi sitt. Þetta misrétti, sem háttv. þm. var að tala um, hlýtur að koma af því, að hann hefir ekki lesið till. nefndarinnar nógu vel.

Annars hefir nefndinni komið saman um, málsins vegna, að halda fast við brtill., jafnvel þó eg fyrir mitt leyti verði að kannast við það, að meðmæli þau, sem komið hafa með frv. óbreyttu séu á fullum rökum bygð. En það er ekki altaf hægt að fá það, sem æskilegast er. Maður verður að sætta sig stundum við það, sem lakara er, ef hitt er ekki framkvæmanlegt. Það gæti komið fyrir, að frumv. næði ekki fram að ganga, ef breyt.till. væru feldar burtu,

en það er í sjálfu sér svo mikið nauðsynjamál, að eg vil ekki vegna þessa stofna því í hættu.

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Eg get sagt háttv. þm. Dal. (B. J.) það, að réttast mun fyrir hann að samþykkja brtill. nefndarinnar strax, því að ekki er víst að honum sé í lófa lagið að gera nokkrar breytingar við þriðju umræðu. Eg sé, að háttv. þm. er farinn út úr salnum og verður hann því að spyrja til orða minna. Það varð talsverður ágreiningur um mál þetta í nefndinni og sami ágreiningurinn sé eg er hér í deildinni. Eina ráðið til samkomulags hygg eg að sé að samþykkja tillögur nefndarinnar. Viðvíkjandi orðum háttv. þm. Dal. (B. J.) út af því, hvernig ólærðir læknar eiga að sýna þekkingu sína, vil eg spyrja hann, hversvegna þeir megi ekki eins sýna hana á sjúklingunum, og hversvegna geldingamaðurinn mætti ekki eins sýna kunnáttu sína á skepnunum eins og á landlæknunum sjálfum.

Um stórskamtalækningarnar þarf eg ekki að tala mikið. Aðflutningsbannið stendur þeim ekki fyrir þrifum. Lyfjabúðir geta fengið »spíritus« eins eftir sem áður fyrir því. Eg vil að lyktum ráða mönnum til þess að samþykkja brtill. nefndarinnar. Það er eina ráðið til samkomulags.

ATKV.GR.

1. brtill. við 1. gr. þgskj. 692 sþ. með 15:5 atkv.

2. brtill. við 1. gr. þgskj. 692 sþ. með 16 shlj. atkv.

3. brtill. við 1. gr. þgskj. 692 sþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 692 við 2. gr. sþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

5. brtill. á þskj. 692 við 4. gr. sþ. án atkvgr.

6. brtill. á þgskj. 692 sþ. með 14 shlj. atkv.

7. brtill. á þgskj. 692 sþ. með 14 shlj. atkv.

8. brtill. á þgskj. 692 sþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

9. brtill. á þgskj. 692 við 6. gr. sþ. án atkv.gr.

10. brtill. á þgskj. 692 við 6. gr. sþ. án atkv.gr.

11. brtill. á þgskj. 692 við 6. gr. sþ. með 15:2 atkv.

12. brtill. á þgskj. 692 við 6. gr. sþ. án atkv.gr.

6. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

7. og 8. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.)

Þriðja umr., 28. apríl (A. 767, 795.)

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Það hefir verið svo mikið rætt um mál þetta við 2. umr. þess, að ekki er ástæða til að fjölyrða um það nú. Það hefir ennfremur verið mikið rætt um, að ekki væri þörf á smáskamtalæknum, og hefi eg því komið fram með þessa breytingartillögu. Það er nú orðið svo margt af embættislæknum hér á landi, að eigi er þörf á að nota lækningar þeirra manna, er bera lítt skyn á þessi störf. Sumir háttv. þm. hafa verið að láta í ljósi brjóstgæði til þessara smáskamtalækna, en þingið getur hvorki né á að taka tillit til slíks. Það virðist vera nægilegt að menn, sem ekki hafa tekið próf,

fái leyfi hjá stjórnarráðinu til þess að stunda lækningar. Það eru víst ýmsir háttv. þm., eins og t. d. h. 1. þm. Rvk (J. Þ.) á annari skoðun um þetta. Hann og aðrir mega halda skottuprédikanir fyrir mér um þetta mál. En eg skeyti lítt um slíkt. Og mun eg eigi að síður halda því fram, er eg álít rétt.

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Eg veit af góðri kynningu við háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) að hann er bæði þybbinn og þaulsætinn við sinn keip, og þykir mér því fyrir að hann er mótfallinn smáskamtalæknum, af því að mér þykir hann spyrna þar móti sanngjörnu máli. Eg skil heldur ekki að hann þekki betur til smáskamtalækninga en lærðir læknar hér, að hann ætli sér þá dul að fella burtu þau ákvæði, úr frv. þessu, sem landlæknir hefir fallist á. Það má auk þess ætíð svifta smáskamtalæknana þessu leyfi, ef það sannast, að þeir geri skaða, og skil eg ekki hversvegna háttv. þm. er á móti því. Enda þótt eg álíti að háttv. 1. þm. N.Múl. (J. J.) hafi yfirleitt gott vit, álít eg þó að hann hafi ekki vit fyrir öðrum á þessu máli, enda vona eg að breytingartillaga hv. þm. verði feld, en að frv. verði samþykt.

Jón Magnússon: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál. Aðeins vil eg geta þess, að eg er samþykkur háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um það. Og þótt eg hafi undirskrifað nefndarálitið, er eg í raun og veru mótfallinn breytingunum, þótt eg hafi gengið að þeim til samkomulags. Skal eg ennfremur geta þess, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skýrði ekki rétt frá ummælum landlæknis um frumv. Landlæknirinn hefir aðeins látið það í ljósi, að hann vildi heldur að frumv. yrði samþykt með breytingunum, sem nefndin stingur upp á, en að það væri felt.

Bjarni Jónsson: Eg skal leyfa mér að geta þess að ummæli háttv. þm. Vestm. (J. M.) um að landlæknirinn vill heldur að frv. verði samþykt án breytingartillögunnar, en að það verði felt, er í alla staði rétt. Landlæknirinn er alls ekki ánægður með að frv. verði samþykt án breyt.till., þótt hann vilji það heldur en ekki neitt. Það er því harla kynlegt, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skyldi segja um háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) að hann hafi ekki vit á þessu máli.

Einar Jónsson: Eg er samþykkur breyt.till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.). Það getur verið stórhættulegt að leyfa öllum fúskurum að stunda lækningar. Eg get ekki stilt mig um að minnast á hina fallegu setningu frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Hann sagði, að þeir sem hefðu traust, hefðu traust. Þetta er víst rétt. Annars hefir verið svo mikið rætt um þetta mál, að þess gerist ekki frekar þörf.

Eggert Pálsson: Þetta mál hefir verið rætt svo mikið, að eg hygg að það breyti ekki mikið skoðun manna, þótt það sé rætt ennþá frekar, þar eð flestir munu hafa myndað sér algert fasta skoðun á því. En mig furðar á þeim breytingartillögum, sem fram hafa komið nú við þessa umr. Það er engu líkara en að háttv. flutnm. þeirra 1. þm. N.-Múl. (J. J.) sé að prófa, hversu þingdeildarmenn séu fljótir að snúast í atkvæðagreiðslu sinni. Honum var, ef mig minnir rétt, brugðið um það hér fyrir skömmu, að í atkvæðagreiðslu um háskólamálið hefði hann ekki verið með öllu sjálfum sér samkvæmur. Og það lítur út fyrir, að hann sé með þessum breytingartillögum sínum að grenslast eftir, hvort okkur hinum muni ekki vera líkt farið. Eg veit ekki, hvort sú tilgáta mín muni vera rétt, að hér sé verið að gera »experiment« á okkur. En það er ekki liðinn langur tími síðan

að þessi ákvæði voru samþykt hér í deildinni, sem h. þm. (J. J.) hefir farið fram á að yrðu feld burt. Mér fyrir mitt leyti virðist þetta ganga því næst að gera gabb að deildinni. Eg skal ekkert um það fullyrða, hvort flutningsm. tekst að fá það nú felt í burtu úr frv., sem við seinustu umr. var samþykt að bæta inn í það. Reynslan mun skera úr því og það hefir — eins og eg sagði — enga þýðingu að ræða málið meira en gert hefir verið. Það hafa verið færð fullgild rök fyrir því, að þessir menn, sem ekki hafa tekið neitt opinbert læknispróf eru opt eins góðir og þarfir læknar eins og hinir, sem próf hafa tekið og taka þeim oft og einatt fram, því hér á það heima, sem máltækið segir: »Náttúran er náminu ríkari«. Enda sýnir það sig, að fólkið ber eins mikið traust til þeirra oft og tíðum. Það hefir marg oft sýnt sig, að þessir próflausu menn hafa hjálpað, þegar hinir hafa verið frá gengnir. Og hvers vegna skyldi eiga að meina þeim að bjarga sjúklingum, sem hinir svo kölluðu lærðu læknar geta enga björg veitt, eins og stefnt er að með frumv. þessu, sérstaklega ef breyt.till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) verður samþykt? Slíkt er með öllu ranglátt. Það er ekki sæmandi fyrir þingið að banna þessum mönnum að fást við lækningar, þegar sjúkir menn vilja fremur leita til þeirra og hafa meiri trú á þeim en hinum svonefndu lærðu læknum, því það stendur í raun og veru á sama, hvort sjúklingnum batnar fyrir trú sína eða annað. Aðalatriðið er, að hann fái bót meina sinna með hverju móti sem hún er fengin. En það liggur nokkurn veginn í hlutarins eðli að því að eins getur læknir — hvort sem hann heitir skottulæknir eða öðru veglegra nafni viðhaldið trúnni á sér, að ráð hans og leiðbeiningar reynist að jafnaði góðar.

Björn Kristjánsson: Eg var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. þessa máls fór fram, en eg sé, að tillaga nefndarinnar hefir verið samþykt óbreytt. Þessvegna furðar mig á því, eins og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) að breyt.till. skuli nú vera komin fram, um að fella það burtu, sem samþykt var hér við 2. umr. Mér fanst eg færa allskýr rök fyrir því við 1. umr., að það væri óheppilegt, ef þingið nú, eftir margra ára árangurslausa baráttu, færi að útiloka þessa menn, sem um mörg ár hafa fengist við lækningar. Ef þingið bannaði nú þessum mönnum að fást við lækningar framar, þá mundu þessir læknar hætta að læra og æfa sig. Eg þóttist ganga eins langt í nefndinni og mér var með nokkru móti hægt til samkomulags. Og mér finst frumv. eins og það er ganga of langt, en eg mun þó sætta mig við það. Nú hefir landlæknir eftir landlækni gengið í skrokk á smáskamtalæknunum og þó hafa þeir ekkert á unnið. Og ef þingið fer nú að hlaupa undir bagga og hjálpa landlækni til þess að útiloka smáskamtalæknana, þá er eg viss um, að þingið fengi enga þökk hjá þjóðinni fyrir það verk sitt. Það er margsannað, að það má lækna með trú. Því má ekki lofa fólkinu að læknast þannig? Það eru margir sóma- og hyggindamenn hér í þessum bæ, sem hafa fengið bót meina sinna hjá þessum mönnum.

Verði breyt.till. samþyktar þá mun eg greiða atkvæði móti frumv. í heild sinni.

Bjarni Jónsson: Þá tvo háttv. þm. sem síðast töluðu, furðaði á því, að háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) skyldi hafa gerst svo djarfur að koma með breyt.-till. við þetta frumv. Eg hefi aldrei heyrt það áður, að menn mættu ekki leiðrétta galla á frumv. frá 2. umr. til 3. umr. Og þeim háttv. þm. ferst ekki

að liggja öðrum á hálsi fyrir það, einkum þegar tillagan er jafn réttmæt og rökstudd og þessi tillaga er, því þessi maður er ekki einn þeirrar skoðunar, sem lýsir sér í breyt.till., heldur hefir hann þar með sér alla þá menn í landinu, sem þekkingu hafa á þessu máli, en vanþekkinguna hefir hann á móti sér og eg skil ekki, hvers vegna vanþekkingin er að skekja sig hér í þinghúsinu. En frumv. þetta bannar ekki ólærðum mönnum að hjálpa í viðlögum, heldur hitt, að gera lækningar að atvinnu sér án leyfis frá landlækni. Því hefir verið haldið fram, að þessir menn mundu ekki vilja hjálpa öðrum, þótt þeir væru í neyð, af því það væri ekki atvinna þeirra. En eg býst við, að þeim þætti ekki alþýðan syngja lof sitt í of háum tónum, ef þeir hættu að veita bjargráð, þegar nauðsyn krefði, þótt ekki væri það atvinna þeirra.

Einn háttv. þm. talaði um lækna »af guðs náð«. Þeir geta verið til bæði lærðir og ólærðir; en það eru til skottulæknar, sem eru fæddir til þess að teyma fólkið á eyrunum og geta látið það borga sér fé. Eg veit ekki af hvers náð, en náð er það. Það er óskiljanlegt, hvers vegna á að gera mismun á stórskamtaskottulæknum og smáskamtaskottulæknum úr því hvorutveggju eru ólærðir. Eg hef þekt menn, sem hafa læknað eftir lækningabókum. Það var t. d. einn maður vestur í Dalasýslu, sem hafði aflað sér lítilsháttar þekkingar í læknisfræði, bæði af bókum og með því að vera með læknum. Hann hjálpaði mönnum oft, t. d. ef menn voru veikir af lungnabólgu, því hann vissi hvernig læknar fóru með þann sjúkdóm.

Mér er það óskiljanlegt, hvers vegna á að halda a-b-c-læknunum; mig furðar stórlega á því ofurmagni þeirra eiginleika, sem þessu stýra. Af hverju fara menn til dýralæknisins, þegar hesturinn þeirra eða kýrin veikist, en ekki til þessara manna? Trúin ætti alveg eins að lækna kúna og konuna.

H. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) áleit, að það væri trúin, sem læknaði. En þeir gætu alveg eins trúað á köttinn sinn eða hestinn eins og skottulækninn. Það er ábyrgðarhluti fyrir löggjafarvaldið, að leyfa þessum mönnum, sem enga þekkingu hafa á læknisstörfum, að gera lækningar að atvinnu sinni, eða leyfa þeim að vekja tiltrú hjá mönnum á lækningum sínum og sjálfum sér. Annars hygg eg að trúin lækni alveg eins, þótt það sé héraðslæknir sem trúað er á. Þeir menn, sem fást við dáleiðslu geta skaðað og gert menn vitlausa, ef þeir kunna ekki með að fara. Og við þekkjum söguna um Christian-sciencs manninn, sem gekk út um glugga á 4. sal á húsi með bók Mrs. Eddy í hendi *(Magnús Blöndahl*: Heyrðum hana um daginn) til þess að sýna það, að drottinn vildi ekki láta sig deyja. Maðurinn dó af þessari byltu, því drottinn hefir þá sjálfsagt verið önnum kafinn við annað, og haft annað að gera en hjálpa þessum vesaling.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Háttv. framsm. (J. Þ.) talaði um, að landlæknir hefði verið nefndinni samþykkur. Eg er ekki í minsta vafa um, að landlæknir hefir heilbrigða skoðun á þessu máli, og er í hjarta sínu móti smáskamtalækningum. H. framsm. sagði ennfremur, að það væri saklaust og skaðlaust, að leita smáskamtalækna. Það getur verið, en ekkier það hættulaust ávalt. Og fjárhagsástæður manna hafa ávalt nokkuð að segja í þessu máli. Það hefir einnig töluvert að segja, ef smáskamtalæknirinn er vinsæll og laginn, þá er stór hætta á því, að menn vanræki að sækja héraðslækninn, en sæki heldur dropa

til þessara manna, sem ekkert vit hafa á lækningum og á þann hátt getur þetta kostað margan mann lífið.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) talaði um, að eg væri að »experimentera« á þingmönnum. Eg mótmæli því. Eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, þá eru þessi ákvæði í tillögum nefndarinnar, en tillögur nefndarinnar ganga skemra en mínar tillögur. Ýms ákvæði voru í tillögum nefndarinnar, er allir vildu samþykkja. Það var skottulækna-ákvæðið, sem hnýtt var inn í þær, er margir voru á móti. Var það þó samþykt með vegna annara breytinga, þótt það væri ýmsum móti skapi. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) þótti það hart, að mönnum væri bannað að leita sér hjálpar, hjá þeim mönnum, sem þeir bæru traust til. En þetta traust er bygt á misskilningi hjá fólkinu. Eins og kunnugt er, þá kemur það oft fyrir, þegar einhver legst veikur, þá er oft ágreiningur milli vandamannanna, hvern sækja skuli, sumir vilja sækja skottulækninn, og er það því oft undir hælinn lagt, hver sóttur er; og því miður kemur það víst fyrir hér sem víðar, að sá ræður sem vitið hefir minna. Eg vona, að sú skoðun verði viðurkend hér, að skottulæknarnir séu ónýtir og eigi ekki að líðast.

Einar Jónsson: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, á skylt við önnur mál, sem eru því þó óviðkomandi. Hvað ætli presturinn mundi gera, ef hvaða maður sem vildi og til kirkjunnar kæmi mætti fara upp í stólinn og prédika? Hvað gerði bankastjórinn, ef einhver settist í sæti hans niðri í banka og færi þar að fást við bankastjórans störf? Hér eru læknar skipaðir af landsstjórninni, en þó má hvaða fúskari sem vill fást við lækningar, ef hann aðeins kann að halda á bók, það gerir ekkert til, þótt hann skilji ekki eitt orð af því, sem í bókinni stendur. Og það á sér víst oft stað. Eg hefi sjálfur verið sendur til homöopata. Þegar eg hafði lýst sjúklingnum, fór hann að blaða í þýzkri bók. Þegar hann hafði gert það um stund, fór hann að taka til meðulin. En þau hjálpuðu ekki, maðurinn dó. Smáskamtalæknarnir gefa dropa við öllu. Ef manni verður ilt í fingri, þá á hann að taka dropa. Alopatarnir nota þó kunnáttu sína. Þetta er svo fráleitt, að eg álít að það ætti ekki að þolast að leyfa þeim mönnum, sem ekkert vit hafa á lækningum, að vera að fást við þær. Ef þingið leyfir öllum að fást við lækningar, hvers vegna er þá verið að launa lækna? Lofa fólkinu að læknast af trú sinni. Það væri mikill sparnaður fyrir landssjóðinn, ef hann þyrfti ekki að launa neinum læknum.

Eg veit ekki, hvort deildin vinnur nokkru sinni nokkuð þarfara verk en að sporna á móti því, að þessir ólærðu menn séu að sletta sér fram í það, sem þeir hafa ekkert vit á.

Framsögum. (Jón Þorkelsson): Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) vildi bera brigður á það, að landlæknir hefði verið frv. þessu samþykkur, með því hér væri smáskamtalæknum leyft að fást við lækningar. En hér hefi eg skjal, frumvarpið sjálft, og í það skrifaðar með hans eigin hendi breytingar þær, sem þingmaðurinn steytir sig á, og af því marka eg, að landlæknir sætti sig við þessi ákvæði; en hvort honum eru þau beint geðfeld, skal eg ekkert um segja. Hér hafa nú enn sem fyrri verið haldnar hrókaræður um smáskamtalækna. Eg er alveg ólærður í þeim efnum, en mér hefir heyrst á þm. Dal. (B. J.), 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og 2. þm. Rang. (E. J.), að þeir vissu jafnlangt nefi sínu í lækningalistinni. En eftir því tek eg að

þessum læknisfræðingum ber ekki saman.

Eftirtakanlegt kynni það að vera í þessu sambandi, hvernig ólærðir læknar hafa annars gefist hér á landi, og að lengi höfum við orðið að bjargast við þá. Þykir mér rétt til nokkurrar kynningar að líta yfir það efni.

Hér á landi hafa menn bjargast við ólærða lækna alt fram til 1760. Að vísu voru hér hinir svonefndu bartskerar, menn sem höfðu lært lítilsháttar að binda um sár og fengust við handlækningar svo nefndar. En síðan læknaskipunin komst á 1760, hafa skottulæknar verið notaðir jöfnum höndum og lærðu læknarnir. Og margir mundu án efa hafa mátt sakna þess, ef ekki hefðu verið smáskamtalæknar hér, sem margir hafa verið að góðu kunnir alt fram á okkar daga. Eg minnist margra þeirra, og hafa sumir verið settir af landsstjórninni til þess að gegna læknisembættum, þegar læknislaust hefir verið. Eg vil leyfa mér að nefna nokkra: Sigurði prófasti Gunnarssyni á Hallormsstað og Þórarni prófasti Böðvarssyni í Görðum þóttu takast lækningar mjög vel — og voru báðir þeir settir fjórðungslæknar; — einkum fór orð af lækningum Þórarins prófasts, meðan hann var í Vatnsfirði. Þar á undan var Jakob prófastur í Gaulverjabæ, sem einnig þótti mjög heppinn læknir. Þá má einnig nefna Þorleif í Bjarnarhöfn, sem var orðlagður læknir á sínum tíma. Hann var mentunarlaus maður og kunni lítt til skriftar, en svo nærfærinn læknir, að lærðir læknar vísuðu mönnum til hans. Af smáskamtalæknum má nefna síra Sveinbjörn Guðmundsson í Holti, síra Þorstein á Hálsi, síra Jón Austmann, síra Magnús á Grenjaðarstað, síra Bjarna Sveinsson í Stafafelli, síra Arnljót Ólafsson og enn fleiri alkunna menn, sem engir klaufar hafa þótt.

Það er enginn efi á því, að í báðum flokkum þessara lækna, stórskamta- og smáskamtalækna, eru margir ágætismenn, og einnig margir skussar. Eg hefi sjálfur séð ýmsa lærða lækna ósjálfbjarga af fyllirii. (*Bjarni Jónsson:* Hinir eru kannske allir í bindindi). Það segi eg ekki, en það er óforsvaranlegt, að þeir menn, sem lagaskyldu hafa til að bjarga heilsu manna og lífi, séu svo á sig komnir, þegar þeirra er leitað. Það er heldur ekki eingöngu læknismentunin, sem mest er undir komið, heldur að menn séu náttúraðir fyrir verkið. Náttúran er náminu ríkari. Margir »lærðir« lögfræðingar hafa einnig verið hálfgerðir kusar, svo að góðir hreppstjórar hafa stundum staðið þeim fyllilega á sporði hvað lagakunnáttu snerti.

Eins og eg hefi áður tekið fram, þá er ekki lítið, hvað sjúklingana snertir, komið undir trú á læknunum, og allra merkilegast þykir mér, að jafn »ortodox« maður og hv. þm. Dal. (B J.) skuli fárast út af trausti á ólærðum læknum. Hafi menn náð lærdómum í læknisfræði, þá er það án efa ágætt, en reynslan er eigi að síður ólygnust, og hún sýnir, að aðrar lækningaaðferðir en »lærðar«, svo sem lestur guðsorðs, handayfirleggingar og annað þess háttar hefir haft bætandi áhrif á sjúklinga. Það ætti og nokkuð að standa á sama, hvort lærðir eða ólærðir læknar veita mönnum heilsubót.

Tekið hefir það verið fram hér, að menn hafi dáið, þótt þeir hafi leitað homöopata. En hefir það aldrei heyrst, að menn hafi einnig dáið, þótt þeir hafi leitað stórskamtalækna?

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Mönnum hefir orðið mjög skrafdjúgt, en þó langaði mig til að gera dálitla athugasemd út af ræðu hv. framsögum. (J. Þ.). Hann tók til dæmis, að skottulæknar

hafi verið settir af landsstjórninni, svo sem þeir Sigurður Gunnarsson og Þórarinn Böðvarsson. Þetta er alveg rétt, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ólærðir læknar geti fengið lækningaleyfi. Hann neytti sögufróðleiks síns og sagði að landið hafi lengst af einungis haft skottulækna. En eg veit ekki betur en að meðalaldur hafi hækkað síðustu árin, og hygg eg það mest koma af því, að læknar hafi kent mönnum að gæta heilsu sinnar og lifa skynsamlega. Sem sönnun fyrir sínum málstað talaði hann um stórslátrara og drykkjuskap þeirra. Því neitar enginn, að það hafi átt sér stað. Eg er ekki ánægður með frumvarpið, eins og það er, og það er landlæknir ekki heldur, en það var gert til samkomulags í nefndinni, og við reyndum að láta undan eins og hægt var. Vil eg því heldur en ekki ganga að frumvarpinu.

Hannes Hafstein: Eg veit ekki, hvort háttv. þm. hafa tekið eftir hvað liggur í þessu ákvæði, að engir skottulæknar megi kalla sig lækna, nema smáskamtalæknar. Þetta virðist vera gert til óvirðingar við lækningaaðferðina sjálfa, líkt og sagt væri, að sama sé hverju megin hryggjar smáskamtalæknar liggi, þeir geri hvorki til né frá. En eg hygg að sjálf lækningaaðferðin geti haft sitt gildi, ef mentaðir læknar fari með, en skottulæknar í smáskömtum geti — að minsta kosti óbeinlínis — gert tjón eins og aðrir þeir, er hamla sjúklingum frá að leita lærðs læknis þar til það er orðið um seinan.

Eg hefi heyrt lagða áherzlu á það, að við sem samþyktum frv. seinast greiddum atkvæði ofan í okkur sjálfa, ef við samþyktum tillögu hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), en því fer afar fjarri. Eg verð að lýsa því yfir, að eg greiddi síðast atkv. með greininni eins og hún var, af því annars var ekki kostur. En nú er till. hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) er fram komin, greiði eg henni atkvæði, af því að hún er til bóta og vona að hin háttv. þingdeild samþykki þá breytingartill. Um landlækni er mér kunnugt, að hann taldi frumvarpið ómynd, eins og það kom frá nefndinni, en taldi þó betra að fá það heldur en ekkert, ef ekki væri annars kostur.

Björn Kristjánsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) viðhafði gífuryrði um smáskamtalækna, og sagði að allra landa löggjöf væri þeim á móti. Hann hlýtur þó að þekkja, að á Þýzkalandi eru mörg homöopatisk apotek, og í Kaupmannahöfn hefir hann gengið fram hjá einu þeirra ár eftir ár, sem einungis verzlar með homöopatisk meðul. Það er fullkomlega viðurkend lækningaaðferð. Þá sagði hann, að ekki væri bannað að veita hjálp, en það er sama sem bannað eftir frumvarpinu, þar sem menn geta ekki brúkað meðul án leyfis landlæknis. Sömuleiðis sagði hann að menn gætu eins leitað lærðra lækna sem ólærðra, en vitanlega geta menn ekki fært traust á einum yfir á annan, heldur fer maður til þess, sem maður treystir. Eg er ekki viss um, að þó það takist að útrýma homöopötum, að sannfæring þjóðarinnar breytist fyrir það. Einmitt á þessu þingi hafa verið veittar 300 kr. til styrktar skottulækninga á vissum stað í landinu, ekki reyndar til skottulæknisins sjálfs, heldur til hreppsnefndarinnar, sem er að eins krókaleið til að dylja að verið sé að styrkja skottulækni.

Eg verð að álíta að ekki sé rétt af háttv. nefndarmönnum að greiða ekki atkvæði. Þeir hljóta að skoða sig bundna við það, sem varð að samkomulagi í nefndinni og það var einmitt þetta, að fara alls ekki lengra.

Jón Magnússon: Það er að eins dálítil athugasemd viðvíkjandi einu at-

riði í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vegna þess, að eg var flutningsmaður frumv. inn á þingið. Háttv. þm. er altaf að tala um það, að frumv. hafi útilokað ólærða lækna frá því að hafa rétt til að lækna. Þetta er alls ekki rétt, ólærðir læknar geta eftir frv, alveg eins fengið rétt til að lækna eins og lærðir læknar, að eins er það heimtað af þeim eins og öðrum, að þeir sýni, að þeir hafi einhverja læknisfræðislega þekkingu. Þetta virðist ekki svo margbrotið, að erfitt sé að skilja það og ætti ekki að verða neinn þröskuldur fyrir ólærðu læknunum, því að þeir virðast ekki vera lengi að nema fræðin.

Hvað það snertir, sem háttv. þm. tók fram, að nefndarmenn álitu sig ekki bundna við till. nefndarinnar, þá er það hvað mér viðvíkur ekki rétt. Eg álít mig einmitt bundinn til þess að greiða atkvæði tillögum nefndarinnar, þótt það sé móti vilja mínum. Svo mikið álít eg þó, að eg hafi leyfi til að segja.

Það hefir verið mikið talað um það í dag, hvort betra væri, að læknar hefðu einhverja þekkingu eða ekki. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir verið svo óvarfærinn að halda því fram, að betra væri að hafa einhverja þekkingu, en aðrir hafa haldið því fram, að þeir þyrftu ekkert að vita. Háttv. þm. Dal. (B. J.) verður líklega að sætta sig við þetta og láta sér nægja, að aðrir dæmi um það.

Eg sé svo ekki ástæðu til að lengja umræður mikið meira, býst við, að flestir séu orðnir ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkvæði.

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.: Hafi háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) meint svikara nafnið, sem hann nefndi, til mín, þá hefir hann ekki tekið rétt eftir. Eg hefi aldrei sagt, að eg mundi greiða atkv. með brtill. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.), en að eins lýst því yfir, að eg mundi ekki greiða atkvæði á móti henni.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 795 við 1. gr. feld með 16 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Bened. Sveinsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson.
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,

Björn Sigfússon, Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson S.-M. og Sig. Gunnarsson greiddu ekki atkvæði og töldust því með meiri hlutanum.

Aðrar brtill. við frv. á þgskj. 795 þá teknar aftur.

Frumv. óbreytt (767) sþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Breyting á lagaskólalögum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóv. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Fyrsta umr., 7. marz (A. 90).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Það er eftir beiðni 3 lögfræðisnema við háskólann í Kaupmannahöfn að eg kem fram með frumv. þetta. Á lestrarstofunni hér er lagt fram erindi frá sömu nemendum, um að lagaskólalögunum verði breytt þannig, að frestur inn verði lengdur um $1^1/_2$ ár. Eg býst við að hinni háttv. deild sé kunnugt um ástæðuna fyrir beiðni þessari og því óþarft að fara mörgum orðum um þær og eg veit að hinni háttv. deild hlýtur

að skiljast, að beiðni þessi er sanngjörn, því að ef henni væri ekki sint, yrðu þessir 3 nemendur mjög hart úti. Þeir áttu ekki kost á að velja milli háskólans í Kaupmannahöfn og lagaskólans hér, því að lagaskólinn var ekki tekinn til starfa, þá er þeir byrjuðu á náminu. En lagaákvæðið hlýtur að vera bygt á því, að mönnum sé gefinn kostur á að velja milli skólanna. Eg hefi heyrt sagt, að í ráði sé að skipa nefnd í málið, sérstaklega með tilliti til annars frumv., sem hér er á ferðinni, um forgangsrétt kandídata frá háskólanum væntanlega, en eg skil ekki, hvað nefnd ætti að gera í jafn einföldu máli, né að það þurfi að koma í bága við nýnefnt frumv. Hér er einungis að ræða um að laga eitt lagaákvæði og nema burtu misrétti. Vona eg að mál þetta nái fram að ganga.

Jon Þorkelsson: Eg álít rétt að setja nefnd í mál þetta með því að von er hér á frumv. um réttindi háskóla á Íslandi. Er því rétt að sama nefndin hafi bæði þessi mál til meðferðar.

Bjarni Jónsson: Mig undrar að nokkur háttv. þingm. skuli vera að tala um að setja nefnd í mál þetta. Slíkt er alveg ónauðsynlegt. Mál þetta á ekkert skylt við frumv. það, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gat um. Það er sjálfsagt að verða við beiðni þessara 3 nemenda; hvað á þingið að vera að níðast á þeim? Þetta ákvæði í lagaskólalögunum hefir að eins slæðst inn af vangá og því sjálfsagt að lagfæra það.

Jón Þorkelsson: Það er misskilningur hjá háttv. þm. Dal. (B. J.) að vilja ekki að nefnd sé skipuð í mál þetta. Er miskilningur þessi víst sprottinn af því, að háttv. þm. kom ekki á flokksfund í morgun og veit því ekki hvað þar hefir gerst, en eg verð að halda því fram, að það sem ráðið er, gangi fram.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er samdóma háttv. þm. Dal. (B. J.) um að óþarft sé að skipa nefnd í jafn einfalt mál og þetta. Frumv. það, er hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gat um, getur gengið fram án tillits til þessa máls. Eg get ekki skilið, að þetta mál sé gert að flokksmáli.

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Eins og eg tók fram áðan, verð eg að segja það, að eg get ekki skilið að þetta frumv. komi á nokkurn hátt í bága við frumv. það, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gat um eða þurfi að tefja þetta frv. hins vegna. Lagaskólalögin taka það skýrt fram, að þeir einir, sem tekið hafa lögfræðispróf við lagaskólann íslenzka, hafi rétt til lögfræðisembætta hér á landi eftir ákveðinn tíma. Og eg býst ekki við því, að önnur ákvæði verði sett inn í lög um réttindi háskólans. Eg álít ekki þörf á því að fara að breyta háskólalögunum, þótt þetta frumvarp fái fram að ganga.

Annars er eg ekki hræddur við það að frv. verði vísað til nefndar, því að eg treysti því, að það komi þá frá henni aftur mjög bráðlega með tillögu um að það verði samþykt — það er svo sjálfsagt að veita það, er hér er farið fram á. *(Jón Þorkelsson:* Já, að efninu til). Því að það er ekki rétt, að tengja þetta við annað mál, sem ekki er víst hvern framgang fær, því að eg veit, að enginn af háttv. deildarm. vill hindra framgang þessa frumv.

Forseti: Það er ekki komin fram bein tillaga um nefnd, svo eg vil bera það undir háttv. deild, hvort þessu máli skuli vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Önnur umr., 9. marz (A. 90, 127).

Skúli Thoroddsen: Eg hefi leyft mér að koma með brtill. við frv. þetta þannig lagaða, að í staðinn fyrir $1^1/_2$ ár komi 3 ár, og verður þá fresturinn alls 6 ár, frá því er lagaskólinn tók til starfa. Ef frv. næði fram að ganga óbreytt, yrðu það ekki nema 3 menn, er nytu góðs af því, en nú eru þeir alls 9, er stunda lögfræðisnám við háskólann í Kaupm.höfn. Og er það leiðinlegt að veita sumum þeirra þessa undan þágu, en ekki öllum. Það eru margir, sem lesa lögfræði nú á tímum, og eiga flestir þeirra manna sárlitlu að að hverfa að loknu námi. Þetta er ekki annað en tilhliðrunarsemi að spara þessum mönnum kostnað og tíma. Það er ekki hætt við því, að þetta dragi neinn dilk á eftir sér. Það kemur ekki til þess, að þessi undanþága verði veitt oftar, enda ekki við að búast, að öllu fleiri sigli til Kaupmannahafnar til þess að stunda lögfræði héðan af, úr því að lagaskólinn er tekinn til starfa, og fer nú að fullkomnast smám saman. Eg vona það, að háttv. þm. verði ekki á móti þessari litlu brtill., sem er algerlega í samræmi við tilgang frv.

Flutningsm. (Jón Magnússon): Eg verð að álíta, að brtill. hafi ekki við næg rök að styðjast. Áður en eg bar frv. fram, hafði eg borið mig saman við kennara lagaskólans, og voru þeir því ekki mótfallnir. Þeir lögfræðisnemendur, er urðu stúdentar 1907 eða fyr, áttu ekki kost á að velja milli skólanna, en hinir er síðar útskrifuðust, hafa átt kost á um að velja, vissu að hverju þeir áttu að ganga í þessu efni. En þeir, sem orðið hafa stúdentar fyrir 1908, eiga að forfallalausu að geta lokið námi sínu, áður en fresturinn er úti, ef hann er lengdur um $1^1/_2$ ár. Eg er líka hræddur um, að það myndi mæta mótspyrnu frá hálfu lagaskólans, ef farið yrði mjög að rýmka um slíkar undanþágur, og verður að taka nokkuð tillit til þess. Og ef farið er út fyrir þetta takmark, þá er ekki fyrirbygt, að haldið verði áfram að veita slíkar undanþágur, og vil eg því ráða háttv. deild að samþykkja þetta.

Skúli Thoroddsen: Eg bjóst ekki við þessari mótspyrnu úr þessari átt, og eg get ekki kallað það annað en meinsemi. Háttv. þm. Vestm. (J. M.). sagði, að stúdentar frá 1908 geti náð því að losna við aukaprófið, samkvæmt frumv. Hann gerir þá ekki ráð fyrir neinu, sem geti hindrað þá frá því að að taka próf á skemsta tíma sem verða má, hvorki veikindum eða öðru, því að ef nokkuð slíkt kemur fyrir, þá ná þeir því auðvitað ekki. Að vísu er þetta ekki neitt sjálfsagt, sem endilega verði fram að ganga, heldeingöngu tilhliðrun, og með því vinnum við þarft verk þeim, sem hlut eiga að máli. Og að þetta sæti mótspyrnu af hálfu lagaskólakennaranna, það er mér ómögulegt að skilja. Hér er ekki verið að skerða réttindi lagaskólans á neinn hátt; þau verða eins, þó þessi tilhliðrun sé gerð við einstaka menn.

Jón Þorkelsson: Eg skal játa, að mér er nú þetta ekki neitt kappsmál, en álít þó rétt að kippa þessu máli út af dagskrá, og bíða eftir frv. um forgöngurétt kandídata frá ísl. háskólanum, til embætta hér á landi. Þar eru ákvæði í 4. gr., reyndar ekki samhljóða þessari breyttill. og ekki heldur frumv. háttv. þm., heldur er þar farið bil beggja. Þar er gert ráð fyrir 5 árum eftir það er lagaskólinn var stofnaður, og skal eg geta þess, að einn lagaskólakennarinn hefir diktað það frumvarp fyrir mig.

Mér skilst það vel, að það sé sanngjarnt að miða við 6 ár, því vel getur staðið svo á, að stúdentar nái ekki prófi fyr, þótt þeir hafi verið gengnir á háskólann,

áður en lögin voru samþ. 1907. Þá er þeim fyrirmunað að sleppa við aukaprófið, og þarf þó þessi dráttur ekki að stafa af slóðaskap né hæfileikaskorti. Enginn skilji orð mín svo, að eg vilji draga lögfræðinga landsins undan nauðsynlegri fræðslu í íslenzkum lögum, og þá síst þeirri, sem sjálfsögðust er, og hvergi verður kend jafnvel annarstaðar, en það er réttarsaga landsins sjálfs.

En gæta verða menn jafnréttis, og brtill. þessi er ekki ósanngjörn, svo að ef frv. ætti fram að ganga, þá ætti hún að verða samþ. Eg ætlast til þess, að það frumv. verði sett í nefnd, og þessu frumv. svo vísað þangað. Auðvitað má nú vísa því til 3. umr., en helzt vildi eg að það yrði tekið út af dagskrá.

Flutningsm. (Jón Magnússon): Eg vil benda háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) á það, að hans frumv. ber saman við mitt, því að bæði gera ráð fyrir 5 árum. Annars hygg eg, að hans frumv. sé að eins borið undir lagaskólakennarana, en háttv. þm. hafi »díktað« það sjálfur. Ástæðan móti breyt.till. er sú, að með því að lengja frestinn kemur fram ástæðulaus samkepni við lagaskólann, og það er varahugavert. Þó skal eg játa, að veita mætti stjórninni heimild að veita undanþágu, ef sérstaklega stæði á, enda kæmu meðmæli lagaskólans hér. Eg vona að málið fái að ganga til 3. umr.

ATKV.GR.

Brtill. á þgskj. 127 samþ. með 21 : 2 atkv.

Frv. í heild sinni sþ. með 21 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Þriðju umr., 11. marz, (A. 146, 161).

Jón Þorkelsson: Eg leyfi mér að stinga uppá, að frumv. þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem verið var að kjósa, (um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands).

Flutningsm. (Jón Magnússon): Það er allsendis óþarft að blanda málum þessum saman. Hér er hið sama sanngjarna tillit tekið, sem í frumv. um forgangsrétt kandídata frá hinum væntanlega háskóla. Frv. koma alls ekki í bág hvort við annað og virðist mér óþarft að vísa því til nefndar. (*Jón Þorkelsson:* Eg get fallið frá uppástungu minni um nefnd).

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 161 sþ. með 17 atkv.

Frv. þannig breytt samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 30. marz, (A. 320).

Flutningsm. (Jón Magnússon): Eg vona að hin háttv. deild samþykti frv. þetta, eins og það liggur fyrir. Annað hefi eg ekki um það að segja.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Forgangsréttur ísl. háskólakandídata.

FRUMVARP til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Fyrsta umr., 11. marz (A. 130).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Svo sem kunnugt er, voru á síðasta þingi samþykt lög um að setja á stofn háskóla á Íslandi, en þar var ekki ákveðið, hver vera skyldi réttur þeirra manna, sem leysa hér próf af hendi, gagnvart mönnum frá öðrum háskólum. Bar eg því á síðasta þingi fram tillögu um háskóla-

málefni, og var fyrri liður hennar um þetta atriði, en hinn síðari liður að nokkuð af fjárstyrk þeim, sem Íslendingar hafa hingað til notið af »communitetinu«, yrði lagt hingað til háskólans. Fyrri liðurinn var feldur, hinn seinni samþyktur, en ekki veit eg þó til, að neinn árangur hafi orðið af því. — Þetta mál er svo áríðandi, að mér kemur ekki til hugar að greiða atkvæði með fjárveitingu til háskóla, fyr en það er skorðað með lögum, að menn frá öðrum háskólum séu ekki jafn réttháir hér á landi háskólagengnum mönnum héðan. Vér settum prestaskólann á stofn 1847, en höfum þó jafnan látið guðfræðinga frá háskólanum í Khöfn ganga fyrir prestaskólakandídötum, og þannig löghelgað háskóla í öðru landi samkepni við vora eigin stofnun. Frv. þetta á að girða fyrir, að menn annars staðar frá, sérstaklega frá háskólanum í Kaupmannahöfn, geti, mér liggur við að segja, vaðið yfir landið, enda væri fyllilega tilgangslaust að stofna hér háskóla, ef menn, sem leyst hafa próf af hendi annars staðar, ættu að hafa skorðulausan forgangsrétt fyrir vorum mönnum eða fult jafnrétti við þá. Þó hefir þótt hlýða að hafa nokkur önnur ákvæði um lækna en aðra, því að læknisfræðin er svo almenn vísindagrein, að sjálfsagt er að hafna ekki orðalaust þeim, er stunda hana þar, sem hún er bezt kend í það og það sinn, enda liggur svo mikið við, að læknar séu fullkomnir í list sinni, að nauðsyn er að sæta hinum beztu kröftum sem bjóðast. Í lögum lagaskólans er fastlega svo fyrirmælt, að engir skuli gildir til lögfræðislegra embætta hér á landi, nema þeir, sem hafi tekið próf við hann, og er það hið þarfasta ákvæði, því að þótt löggjöf vor í margri grein hafi »dependerað af þeim dönsku«, þá er þó margt sérkennilegt og ramíslenzkt í lögum vorum. En hingað til hafa flestir háskólakandídatar verið svo ófróðir í íslenzkri löggjöf, að margur hreppstjórinn hefir þar verið þeim snjallari og er slíkt ekki vansalaust.

Um guðfræðina er óþarft að tala — »víðar er guð en í Görðum«, og mun eigi síður mega stunda það nám hér en annars staðar.

Skal svo eigi orðlengt framar um þetta mál, en vera má, að rétt sé, að frumv. með þeim orðum og endimörkum, sem það nú hefir, verði athugað af 5 manna nefnd. Hygg eg að allir skynbærir menn muni veita frumv. fylgi sitt.

ATKV.GR.:

Samþykt að skipa nefnd með 20 shlj. atkv. og kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,
Ólafur Briem,
Eggert Pálsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Bjarni Jónsson valinn formaður og framsögumaður, en Hannes Hafstein skrifari.

Framhald 1. umr., 23. marz (A. 130, n. 217).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg vona að hin háttv. deild verði nefndinni sammála um, að frumv. þetta sé gott og nauðsynlegt. Allar aðrar þjóðir tryggja háskóla sína með því að veita þeim einum rétt til embætta, sem leyst hafa af hendi próf við þá. Undantekning er að eins gerð, þegar nafnfrægir vísindamenn eru kvaddir til kennaraembætta, þótt útlendir séu. Þessari reglu er fylgt um öll Norðurlönd, ekki síður en annars staðar, og svo varkárir eru t. d. Danir í þessu efni, að kandídatar frá læknaskólanum héðan hafa ekki *veniam practicandi* þar í landi, og það þótt vitanlegt sé, að íslenzkir kandídatar hafa reynst vel á sjúkrahúsum í Khöfn

og gengið þar óátalið í stað danskra kandídata. En hér á landi hefir það farið fjarri, að hinar æztu mentastofnanir væru lögverndaðar; þvert á móti hafa kandídatar frá háskólanum hingað til haft forgangsrétt til embætta hér á landi. 2. eink. háskólamanna í guðfræði og læknisfræði hefir verið látin jafngilda 1. einkunn héðan. Þegar lagaskólinn var stofnsettur, brugðu Íslendingar þó út af þessari furðulegu reglu, og í reglugerð hans er mælt svo fyrir, að eigi geti aðrir fengið lögfræðingsembætti hér á landi en þeir, sem tekið hafi próf við hann.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir, á nú að girða fyrir, að háskólinn íslenzki verði markaður sama fyrirlitningarmarki, sem hinar eldri mentastofnanir, prestaskólinn og læknaskólinn, og að Íslendingar þannig dríti í sitt eigið hreiður. Enda verða væntanlega allir samdóma um, að slík lög séu háskólanum nauðsynleg, því að hann yrði oss til vanvirðu, en ekki til sæmdar, ef þeir sem þar lúka námi væru gerðir réttlægri við embættaveitingar en menn, sem leyst hafa próf af hendi við aðra háskóla. Samkvæmt frv. geta útlendingar eða þeir sem lokið hafa prófi við útlenda háskóla ekki orðið embættismenn hér á landi, nema hvað landstjórnin getur veitt útlendum mönnum kennaraembætti við háskólann eftir tillögum háskólaráðsins, og útlendir læknar geta fengið leyfi til að stunda lækningar hér á landi, ef þeir fá meðmæli frá læknadeild háskólans. En áuðvitað er undanþága þessi ekki bundin við neitt einstakt land, útlendir læknar og háskólakennarar, sem hér fengju embætti gætu t. d. eins vel verið tyrkneskir eins og danskir. Það er allsendis ástæðulaust að láta danska háskólann hafa nein forréttindi hér á landi; að vísu skal því ekki neitað, að hann er mjög fullkomin mentastofnun, en þó munu háskólar hinna Norðurlandaþjóðanna fyllilega jafnast við hann. Og ekki ættu danskir háskólakandídatar að njóta hér forréttinda fremur fyrir það, að Danir veita ekki læknum héðan lækningaleyfi í Danmörku, þótt þeim sé um fátt tíðræddara, en að Ísland sé hluti Danaveldis. Það er líka annað mikilsvert atriði í þessu máli, að þeir Íslendingar, sem fara til útlanda til þess að afla sér fullkomnari mentunar, en hér getur fengist, leiti ekki allir til sama háskólans, heldur dreifist víðar um mentalönd álfunnar. Á þann hátt mundi íslenzk menning verða fjölbreyttari og þekking annara þjóða á landinu og þjóðinni aukast. Það er mikilsvert, að sem flestum verði kunnugt, að Íslendingar eru sjálfstæð menningarþjóð, og að vér þó þrátt fyrir alt erum einráðir um mentamál vor. Það verða aðrar þjóðir að vita, ef þær eiga að viðurkenna rétt vorn til þess að verða fullvalda þjóð, en það er sameiginlegt takmark vor allra, hvern flokk sem við fyllum.

Að lokum vil eg óska, að frv. fái að ganga mótmælalaust og með öllum atkv. til 2. umr., því að þessi lög eru sjálfsögð.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Önnur umr., 25. marz (A. 130, n. 217).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Frumv. þessu var tekið vel við síðustu umræðu, og er óþarft að orðlengja um það nú. Nefndin hefir sama sem engar breytingar gert á því, að eins orðabreytingar til skýringarauka á stöku stað. Eg vil því leggja til, að samþykt verði, að það gangi til 3. umr.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 217 sþ. með 16 shlj. atkv.

Síðari liður við 1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 29. marz (A. 314).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki tefja tímann með umræðum um mál þetta. Eg vil að eins leyfa mér að fara þess á leit við háttv. deild, að hún lofi því að fara óáreittu út úr deildinni, því að það er nauðsynjamál.

ATKVGR.:

Frumv. sþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 27. apríl (A. 674, 690).

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 690 sþ. með 11 : 4 atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Réttur kvenna til embætta o. fl.

FRUMVARP til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námstyrks og embætta.

Fyrsta umr., 10. marz (A. 124).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg ætla mér ekki að halda neina kvenfrelsisræðu eða kvenréttindafyrirlestur til rökstuðnings frv. þessu. Kvenréttindamálinu er nú, sem betur fer, svo komið vor á meðal, að þeir munu fáir hér á þingi, sem treysti sér til að verja þau ákvæði gildandi laga, að konur geti ekki fengið námsstyrk af opinberu fé og að þær hafi ekki rétt til embætta, þó að þær styrklaust hafi lokið prófi. Þetta stendur í tilskipuninni 4. desbr. 1886, sem veitti konum rétt til að ganga undir próf lærða skólans, læknaskólans og að nokkru leyti við prestaskólann, og þótti þá mikil réttarbót. Nú hljóta allir að kannast við, að þetta er að eins hálfgert verk, sem tími er kominn til að ljúka við. Þeir, sem eru því hlyntir að veita konum öll stjórnmálaréttindi — og þeir vona eg að séu margir hér í deildinni — hljóta að veita þessu frv. stuðning, því að það er miklu varhugaverðara að hleypa öllu kvenfólki í einu í kjósendatölu undirbúningslaust, án tillits til manngildis, þekkingar og áhuga, heldur en að veita konum, sem hafa lokið námi því, sem útheimtist til embætta, jafnrétti við karlmenn til þess að færa sér nám sitt og þekkingu í nyt, með sömu skyldum og skilmálum. Eg get ekki séð, að nein hætta geti staðið af því. Það er ekki bannað í núgildandi löggjöf, að kvenfólkið vinni alla stritvinnu eins og karlmenn, og margur kvenmaðurinn gerir það einnig, en samt sem áður fæst þó kvenfólkið aðallega við kvenleg störf, og eins mundi fara, þótt þetta frumv. yrði samþykt, — það yrði að eins einstaka kvenmaður, sem notaði sér rétt þann, er það heimilar, en allur þorri kvenna mundi ganga sömu leið, sem hingað til. Náttúran segir til sín.

Ekki get eg heldur séð, að það sé gild mótbára móti frumv., þótt konur geti ekki jafnvel stundað öll embætti sem karlmenn, því að væntanlega finna konurnar það sjálfar, hvað þeim er megnugt, og sækjast ekki eftir störfum, sem þær, líkamskrafta vegna, geta ekki rækt, enda getur þá veitingarvaldið grip-

ið í taumana. Og það væri allsendis rangt að neita þeim um námsstyrk fyrir þá sök, að þær mundu ekki jafnmikið og karlmenn nota lærdómspróf sín til embætta, því að sjálfmentunin er til blessunar og getur komið að notum við margt annað en embættisstörf. Eg vona því, að frumv. fái góðan byr og verði að lögum, er sem flestir mættu gott af hljóta. Í öllu falli er það víst, að þessi lög mundu gera gagn með því að draga úr óánægju kvenna út af réttarstöðu þeirra í þjóðfélaginu, og þannig gera þjóðfélagslífið ánægjulegra og betra.

Sigurður Gunnarsson: Háttv. 1. Eyf. (H. H.) á raunar ekki skilið, að eg styðji hann að þessu máli, þar sem hann situr með blóðugar hendur eftir að hafa drepið frumv. fyrir mér, en af því að eg er sanngjarn maður vil eg gjarnan styðja gott mál. Eg hefi lengi verið þeirrar skoðunar, að konur ættu að hafa sama rétt sem karlar og óttast ekki afleiðingarnar af því. Sérstaklega þykir mér vænt um 3. gr. frumvarpsins; þar er ekkert kák, heldur er kvenmönnum þar lagðar hinar sömu skyldur á herðar sem karlmönnum. Það skerpir ábyrgðartilfinning þeirra og kemur í veg fyrir, að þær sæki of ótt fram. Reynslan mun sýna, að frumv. verður til góðs og mun eg veita því fylgi mitt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er þarft réttlætisverk að flytja frumv. þetta inn á þing, enda hefi eg ekki staðið upp til að mótmæla því. Það sem eg kynni að vilja athuga við frumvarpið læt eg bíða til næstu umr. Að eins vil eg minnast lítið eitt á 3. gr., þar sem konum er heimilaður réttur til allra embætta. Mér dettur í hug vísa Sigurðar Péturssonar:

„Dómarasæti aldrei í
eikur sitja hringa,
því löngum grunur lék á því,
þær láti sig *undirstinga*".

Ekki er eg samt svo hræddur um, að þær muni bresta siðferðislega hæfileika til þess að gegna t. d. dómarastörfum eða verði mútuþegar, eins og vísan bendir til. En það er ýmislegt annað, sem mælir á móti, að konur geti verið sýslumenn hér á landi. Margar sýslur eru svo strjálbygðar og erfiðar yfirsóknar, að hverri konu er ofætlun að hafa þar sýslumannsembætti á hendi. Þar að auki geta giftar konur — og raunar ógiftar líka — haft náttúrleg forföll, og mundi það t. d. í Austur-Skaftafellssýslu þykja heldur óhagræði, ef sýslumaðurinn lægi á sæng, þegar hans væri vitjað til að rannsaka glæpamál eða kveða uppp varðhaldsúrskurð, eða tæki léttasóttina, þegar hún væri á manntalsþingaferð. — Eg mun styðja málið, en vildi að eins vekja athygl á, hvort eigi mundi réttast, að undanþiggja lögreglustjóra- og dómaraembætti undan fyrirmælum 3. gr., að minsta kosti þar til konur eru af fertugsaldri.

Björn Sigfússon: Eg álít sjálfsagt, að frumvarp þetta verði að lögum og er í rauninni óþarft að skipa nefnd í svo einfalt mál. Frumvarp þetta hefði átt að vera borið upp á þingi fyrir löngu; ekkert er að óttast, þótt það verði að lögum, sízt það, að embætti landsins muni fyllast af kvenfólki, því að í bráðina munu þær lítið nota rétt sinn til embættanna, þó að þær noti námsstyrkinn.

Út af mótbáru þeirri, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hreyfði, skal eg geta þess, að karlmenn eru ekki, fremur en konur, vátrygðir fyrir sjúkdómum, læknirinn getur fengið gigt, sýslumaðurinn lungnabólgu o. s. frv. Hinu geri eg mér engar grýlur úr, þótt konur geti lagst á sæng, þau forföll koma ekki að

mönnum óvörum og getur tæpast orðið eins bagalegt, eins og þeir sjúkdómar, sem enginn getur séð fyrir. Eg mun greiða frumvarpinu hiklaust atkvæði mitt, en ef mönnum sýnist réttara að það sé athugað í nefnd, vil eg stinga upp á, að kosin sé 5 manna nefnd.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg ímynda mér, að þótt nefnd yrði skipuð í þetta mál, þá fyndi hún enga vegi til þess að hindra, að embættismenn gætu sýkst eða forfallast. Ef menn á annað borð eru hlyntir hugsuninni í frumvarpinu, þá finst mér nefnd óþörf. Hér er um engar millileiðir að ræða. Jafnrétti eða ekki jafnrétti. Nei eða já. Séu menn jafnréttisheimildinni ósamþykkir, þá er bezt að fella frumv. strax. Mér fanst mótbára hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fremur létt á metunum. Að liggja á sæng er ekki nándar nærri eins hættulegt, eins og margir sjúkdómar, sem karlmenn fá engu síður en konur. Karlmenn geta engu síður en konur, á ýmsan hátt orðið frá verki, og yfirleitt efast eg um, að karlmenn séu alment hraustari, úthaldsbetri eða þrautseigari heldur en hraustar konur. Kvenfólkið finnur það sjálft, hvort það getur gegnt þeim embættum, sem þær sækja um, og sækir ekki eftir því, sem er móti eðli þeirra og megni. Eftirtektavert er, að kvenmenn, sem fengið hafa allvel launaðar stöður við opinberar stofnanir hér á landi, t. d. landsímann, hafa allar sótt um lausn, er þær hafa gifst. Ef meta skal, til hverra embætta konur eru sízt fallnar hér á landi, þá eru það ekki sýslumannsembættin heldur sum héraðslæknisembættin. Það stendur sjaldnast á mjög miklu, þótt ekki náist til sýslumanns í skjótu bragði, en læknarnir þurfa ætíð strax að geta brugðið við, og oft er mikið undir því komið, að þeir séu allra ferða færir þótt færð sé ill og fjöllin brött. Þó hafa yfirsetukonur getað þjónað örðugum umdæmum svo vel, að karlmenn munu tæpast gera betur, og ef kona er svo hraust að burðum, að hún getur rækt svo erfitt starf, því mundi hún þá ekki geta þjónað öðrum embættum? Hvers vegna mega yfirleitt ekki þær konur, sem að öllu leyti eru eins starfsfærar og karlmenn hafa sama rétt til starfans, eins og þeir?

Helzt hafði eg búist við, að kirkjunnar menn kynnu að hafa eitthvað á móti frv. vegna trúarbragðanna, en eg hefi ekki getað fundið, að það komi í bág við neitt í kirkjulögum vorum, að kvenfólk hafi prestslega þjónustu. Í öðrum löndum, sérstaklega í Norður-Ameríku, er það altítt, að konur taki prestvígslu og eg hefi heyrt, að í Noregi sé nú búist við að kona, sem er cand. theol. frá háskólanum í Kristjaníu, komist í klerklega stöðu. Mér virðist ástæðulaust að skipa nefnd, það eina, sem nefnd kynni að geta gert, væri að bæta eitthvað orðalag frumvarpsins; við efninu er ekki annað að gera, en segja já eða nei.

ATKV.GR.:

Nefndarskipun feld með 14 : 8 atkv.

Málinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Önnur umr., 13. marz (A. 124).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Með því að engin breytingartillaga hefir komið fram við frumv. og það fekk svo góðar viðtökur hér við 1. umr., þá finn eg ekki ástæðu til að mæla frekar með málinu að sinni, en vænti þess, að hin háttv. deild sýni því sömu velvild, eins og við 1. umr.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl. Eg verð að líta svo á þetta mál, að það sé þannig lagað, að ekki eigi að samþykkja það. Eg álít, að karlmenn séu miklu færari um að gæta opinberra

starfa en kvenfólk. Konur eiga að vera mæður barna sinna og gæta húsmóðurstarfa á heimilinu. Til þess að gæta húsmóðurstarfa á heimilinu og sinna börnum, meðan þau eru ung, eru þær miklu hæfari en karlmenn. Við 1. umr. var það tekið fram, að það gæti verið óheppilegt, að kona væri dómari, og það gæti komið sér illa, að dómarinn lægi á sæng, þegar hann ætti að sinna dómarastörfum. Sama getur átt sér stað með lækna, ef kona væri læknir. Það væri afkáralegt, að konan væri á sífeldu flakki og ferðalagi, en bóndinn sæti heima og gætti barnanna. Þetta finst mér vera öfugt við það, sem það ætti að vera. *(Sigurður Sigurðsson*: Þær gætu hætt að gifta sig). Já, ef þingið tæki í taumana og bannaði konum að eiga börn. En ekki yrði það til framfara fyrir þjóðfélagið. Nú hafa konur aðgang að öllum skólum hér á landi nema lagaskólanum. Mér finnst að það megi vel una við það sem er.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hins háttv. þingmanns, er síðast talaði. Hann álítur, að karlmenn séu hæfari til þess, að leysa þau störf af hendi, sem þeir nú einir hafa með höndum en kvenmenn. Þetta getur verið. En hér er ekki farið fram á að veita öðrum konum hluttekningu í þessum störfum en þeim, sem eru færar um að leysa þau af hendi. Það er ekki farið fram á í frumv. að veita þeim konum þessi réttindi, sem eru ófærar til þess að gegna þeim.

Annars mótmæli eg þeirri skoðun, að kvenmenn séu að neinu leyti síður hæfar til náms en karlmenn. Við getum tekið sveitabörn, sem alast upp undir sömu kjörum fram yfir fermingaraldur. Stúlkurnar eru þá engu síðri en piltarnir; það mundi verða erfitt að skera úr, hvort hafi meiri hæfileika.

En hvað sem líður gáfunum, þá er sannanlegt, að konur eru iðnari en karlar í námi og samvizkusamari. Er því full ástæða til að ætla, að þær verði samvizkusamari í embættisrekstri og er það fyrsta skilyrðið til þess, að gæta embættisins svo í lagi sé.

Þá hefir verið talað um það, að ef kona sé dómari, þá geti svo farið, að hún liggi á sæng, þegar hún þarf að gegna embætti sínu, eða kona, sem sé læknir geti ekki vitjað sjúkra, af því hún liggi á sæng. En þetta er ekkert annað og meira eða óeðlilegra, en ef læknir verður veikur. Hér er ekki verið að tala um annað, en að nema bann þetta burt úr lögunum. Menn geta verið alveg rólegir þess vegna, að konur fara ekki að velja sér annan verkahring en þann, sem þær eru færar um að gegna. Það er heldur ekki verið að tala um að útiloka karlmennina. Það er að eins verið að tala um að nema burt þetta ákvæði, sem bæði er óeðlilegt og heimskulegt. Og óttist menn að konur sækist fremur eftir embættum fyrir þessi lög, þá mun það reynast öfugt. Þær munu síður sækjast eftir þeim, þegar banninu er burt kipt. Byggi eg það á algengu vitundarlögmáli manna og dýra. Við þekkjum kýrnar, sem vilja eta úr næsta bás, þótt heyið sé miklu verra þar en í þeirra eigin.

Þá hefir verið talað um, að konur væru ekki eins duglegar til ferðalaga og karlmenn. Eg þekki til þess, að á Breiðafirði fóru konur í eyjar og í fiskiróðra og voru alveg eins duglegar og karlmenn. Þær eru ekki eins sterkar, en seigari og úthaldsbetri. Og einn með beztu formönnum, sem verið hefir við Breiðafjörð var kona. Og á ferðum um Breiðafjörð hefir kvenfólkið ekki eins gott tækifæri til þess að hlúa að sér, eins og ef þær væru embættismenn. Eg verð að biðja menn að taka sérstak-

lega eftir 1. grein frumv. Það er ranglátt að útiloka konur frá að njóta þess styrks, sem karlmenn hafa rétt til að njóta, þegar þær uppfylla skilyrði þau, sem heimtuð eru til þess að verða hans aðnjótandi. Hvaða ástæða er nú til þess að útiloka þessar veikbygðu konur frá þessum hlunnindum, en láta þessa sterku og gáfuðu karlmenn eina verða þeirra aðnjótandi?

Það er skylda allra að stuðla að því, að bann þetta verði sem fyrst úr lögum numið, og á þann hátt bæta fyrir órétt þann, sem kvenfólkinu hefir hingað til verið gerður.

Jón Þorkelsson: Það vita allir, hve mikils virði kvenfólkið er fyrir mannfélagið og þjóðfélagið og hversu ómissandi, og hve mikið mannkynið á því að þakka. Það er því hvorki vonlegt né vinsælt verk að rísa gegn því, sem menn ætla að kvenfólkinu komi vel eða láti vel í eyrum þess:

„Stoðar ei að erta fljóð
að, er nema bætt sé það.“

En alt um það sýnist mér að menn eigi ekki að missa alls vits og athugunar á þeim málum, er konur snerta, þó að konur sé góðar og verðar mikils. Það hefir undrað mig, hversu það er eins og menn hafi hér í deildinni heldur glatað einurð sinni í máli því, er nú liggur fyrir hér. Hér hefir minna gætt athuga en andartakslauss jákvæðis.

Það er haldinn horskra manna háttur að vanda sig í návist kvenna, og teldi eg þá ekki síður samboðið vitrum mönnum að vanda sig á málum þeim, er varðar mikils skyldur kvenna og réttindi, að þar sé gætt mundangs, hleypidómalausrar nærgætni og frjálslyndis, en jafnframt skyldugrar og skynsamlegrar varfærni.

Lítils af þessu hefir mér þótt kenna hér í deildinni. Hefir mér fundist mest bera á einróma geipan um það, að öll ákvæði frumvarps þessa væru sjálfsögð, svo að manni gæti dottið í hug að hér væri að eins það haft fyrir augum að geðjast eyrum hinna óvitrari kvennanna. Og ef til vill er frumv. þetta flutt fyrir fólkið og mælt með því fyrir fólkið. Og sé ekki svo, þá er það einkennilegt, að háttv. flutnm. þess (H. H.), sem stóð fyrir stjórn þessa lands frá 1904—1909 eða í 5 ár, hreyfði allan þann tíma hvorki legg né lið, til þess að fá máli þessu framgengt.

Var það ekki svo nauðsynlegt þá eða ástæður til þess brýnar eða eru þær komnar síðan? Eg get þess í þessu sambandi, að nú stendur þannig á, að dóttir hins háttv. flutningsmanns er komin í Mentaskólann, en hitt skal eg láta ósagt, hvort þetta atvik hafi vakið hjá hinum háttv. flutningsmanni áhugann nú á þessu máli og nauðsyn þess. Minna mætti og, ef til vill á það, að þessi 5 ár, sem hann sat í ráðherrasætinu, þá vildi svo til, að einstæðings ekkja ein hér í bænum var að kosta dóttur sína til náms og hún þurfti vitanlega alls þess styrks með, sem hún gat fengið. En allan þann tíma var ekkert gert frá stjórnarinnar hálfu í þessu máli. Gott er því víst, að tilefni er nú fengið til þess að bæta úr þessu.

Eg verð að skjóta því að háttv. þm. Dal. (B. J.) sem er vanur að tala skarplega og skýrt, að eg græddi ekkert á ræðu hans. Konuna í Breiðafirði hafði eg heyrt talað um áður.

1. grein frumvarpsins álít eg alveg sjálfsagða. Hún er til stórmikilla bóta og mun stuðla mjög að því, að kvenfólkið verði í orðsins sanna skilningi mæður barna sinna.

Eins og háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) tók réttilega fram, hefir það verið aðalhlutverk kvenfólksins að ala og ala upp kynslóðirnar og annast hag heimilisins. Þetta stórvirki hefir á konunum

hvílt alt til þessa og þetta afrek hafa þær af hendi leyst. Ef konan nú færi að vasast í mörgu öðru, er hætt við, að barnauppeldið sæti á hakanum hjá henni. Og óhollar afleiðingar af því eru hverjum manni auðsæjar. Og uppeldisstörf geta karlmenn ekki leyst af hendi nándarnærri eins fullkominn hátt né með annari eins *nákvæmni og nærgætni* sem konur.

Það er sú hætta, sem stafar af því, ef farið er að víkka verkahring kvenmannsins á óeðlilegan hátt, að það hafi skaðlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið. Þær geta farið að slá slöku við einstök þeirra kvennaverka, sem karlmenn eru ekki færir um að leysa af hendi. Jafnframt er það athugavert, að í 3. gr. frv. stendur, að konur skuli hafa sömu skyldur og karlmenn. Þetta álít eg mjög óheppilegt, ekki af því, að konan sé ekki eins gáfuð og skörp að skynjan og karlmaðurinn — það er þvert á móti fullreynt, að konan hefir meira »Instinkt« þ. e. sér meir án þess að hyggja að því en karlmenn, — heldur af því að það eru mörg verk, sem eru kröftum kvenmannsins ofvaxin. Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) gat þess, að ef konum væri veitt embætti, gætu þær hindrast í að gegna skyldum sínum af orsökum, sem karlmenn fötluðust ekki af.

Margt annað, sem eg ætla mér ekki að fara að tína til, mætti nefna, svo sem það, að konur ættu að gegna læknisstörfum í erfiðum héruðum, að vera úti í byljum, fara yfir hálfófærar ár eða fjallgarða í hörkum og snjóum o. s. frv., það væri ónærgætni í hæsta máta að ætlast til þess. Hitt er satt, að konur geta í sumum embættum verið færari en karlmenn, t. d. betri fræðarar manna á æskuskeiði. Kvenhöndin er *natin* og nærgætin og styður með ótrúlegu þreki og þoli kynslóðirnar á óbjargaárunum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) tók það fram, að bezti formaðurinn á Breiðafirði hefði verið kvenmaður. Eg trúi þessu vel, en valdast er þó, hvort það hefir t. d. verið formaður á hákarlaskipi, eða hún hefir verið færust í því að stýra á milli eyja. Á Breiðafirði er það altítt, að konur hafa, svo lengi sem menn muna, þegar frá barnæsku vanist á að róa á milli eyja og eg hefi sjálfur haft þá ánægju, að systir háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir ferjað mig þar um sundin.

Það má nefna fleiri dæmi um sjómensku og »karlmensku« kvenna, t. d. Þuríði formann og Þórdísi reiðmann. En til að stýra hafskipum á vetrartíma eru þó líklega karlmenn færari.

Eg þarf ekki að skýra fyrir mönnum, hvað heimilin missa, ef karlmenn ættu að fara að annast alt innan bæjar, ljósaverkin, skamta o. þv. l., það er öllum ljóst. Konan hefir það takmark að stjórna heimilinu, það er raunar takmarkað ríki, en þar er hún drotning og ríkið er voldugt, þótt takmarkað sé, og mikið undir komið, að því sé vel stjórnað. Eg veit eigi, hvað í þessu efni gæti jafnast á við hönd kvenmannsins, ef þær ætti að fara að sinna öðrum störfum. Það hefir verið sagt, að í kristnum fræðum myndi ekkert vera því til fyrirstöðu, að konur gegndu prestsstörfum. Eg hugsa nú samt, að alt frá upphafi kristninnar og fram á þennan dag hafi það hvergi þótt hæfa. Hjá heiðnu þjóðunum aftur á móti þekkja menn dæmi til slíks, bæði hjá Grikkjum og Rómverjum og líka hér á Norðurlöndum. Það voru hinar svonefndu hofgyðjur, sem þóttu þá fjölkunnugar og ekki góðar viðureignar. Við könnumst allir við Jómalahofið á Bjarmalandi, þar sem hofgyðjan var hið versta forað og ill viðfangs. Í kristninni þekkir maður ekkert til slíks, nema hvað konur gengu

oft í klaustur og forstöðumaðurinn var þar kona og kölluð abbadís.

Það er og athugavert, að konur hér á landi hafa eigi fyr en á seinni árum fengið neina verulega mentun, en nú setja menn óðum dætur sínar á skóla. Þar sem nú sumum þykir hlýða að setja nokkra mentun sem skilyrði fyrir kosningarrétti og meiningin er víst, að allar konur fái almennan kosningarrétt, virðist mér það vera nóg athugunarefni að sinni, svo að ekki verði meir en mátulegt meyjarstig í þessum efnum. Það er bezt að taka þetta alt smám saman. Hitt er rangt að leggja nú strax konum sömu skyldur á herðar og karlmönnum, en það á að gera með þessum lögum. Eftir þeim er hægt að heimta af konum, að þær vaði klofsnjó norður á Hornströndum í lækningaferðum og er það ekki mjög nærgætið. Margar konur eru án efa betur fallnar í læknastöðu en karlmenn, en það verður þá að vera á þeim stöðum, þar sem torfærur eru eigi altof miklar, t. d. í kaupstöðum. Við eigum að veita konum það, sem veitandi er með skynsemi, en við eigum ekki að gera það glapræði, að skylda þær til þess að leysa það af hendi, sem þær orka ekki.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Báðir háttv. þm., sem móti þessu frumv. hafa talað, eiga sammerkt í því, að það er eins og þeir haldi, að hér sé um það að ræða, að veita kvenmönnum einkarétt til allra embætta, en útiloka karlmenn frá þeim. Það er eins og þeir gangi út frá því, að velja skuli um það, hvort að eins karlmenn eða að eins kvenmenn séu embættismenn. En þetta er alger misskilningur. Hér er ekki farið fram á annað en það, að konum verði ekki synjað um námsstyrk við æðri mentastofnanir, *ef* þær hafa sömu skilyrði að öðru leyti eins og karlmenn, og að þær séu ekki útilokaðar frá embættum, fyrir það eitt, að þær eru ekki karlkyns, þótt þær að öðru leyti séu hæfari til starfsins, heldur en karlmaður, sem á móti þeim sækir.

Það hefir engum komið til hugar, að skylda konur með lögboði til að gegna nokkuru embætti, en ef konan tekur starfið að sér, þá liggur það í augum uppi, að á henni hljóta að hvíla sömu skyldur og karlmanni, sem embættið fengi. Þetta er tekið beint fram í frv. til þess að veitingarvaldið geti í það og það skiftið tekið til greina, hvort kona sú, er um embættið sækir, sé fær um að gegna því að öðru leyti, án þess að litið sé á kunnáttu hennar eingöngu. En hitt viljum við koma í veg fyrir, að kona, sem sækir um embætti og bæði að andans og líkamans burðum er hæfari en mótkandídatinn, sé útilokuð af þeirri ástæðu **einni**, að hún er kona. Slíkt er hið hróplegasta ranglæti, sem mér finst heilög skylda að nema úr lögum sem fyrst.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gat þess, að það væri undarlegt, að eg hefði aldrei meðan eg var ráðherra, komið fram með líkt frv. og þetta. Gat hann þess til, að eg hefði líklega raknað úr rotinu við það, að dóttir mín gekk í Mentaskólann í fyrra haust. Einnig fann hann mér það til foráttu, að eg hefði ekkert gert fyrir dóttur ekkju einnar hér í bænum, sem sat í Mentaskólanum, meðan eg var ráðherra, en nú er orðin stúdent. Eg vil að eins svara þessari seinni ásökun. Af hinni ásökuninni má hann njóta heiðursins í friði fyrir mér. Það er eins og svo oft hjá þessum háttv. þingm. Hann talar digurt um það, sem hann hefir ekkert vit á. Stúlkan, sem hann talaði um, naut einmitt námsstyrks í Mentaskólanum, en þegar hún var orðin stúdent, sigldi hún til Khafnarháskóla og þar hefir hún engan styrk fengið. Það er einmitt móðir þessarar ungu

stúlku, sem hefir vakið mig til þess að flytja þetta frumvarp nú, og eg geri það í sambandi við þau pólitísku réttindi, sem eg býst við að þetta þing samþykki konum til handa. Meðan eg var ráðherra var engin stjórnarskrárbreyting á seyði og naumast von um, að koma þessu frumv. fram.

Á síðasta þingi er mér sagt, að einn háttv. þm., eg veit ekki, hvort háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) kannast við hann? — hafi lofað frú þeirri, er eg gat um — sem stendur mjög framarlega í kvennréttindabaráttu þessa lands — að flytja frumvarp í þessa átt inn á þingið. En hann sveikst um það. Ástæðuna fyrir því veit eg ekki.

Eg lít svo á, að jafnvel þó það kunni að mega segja með nokkrum rétti, að það sé varhugavert að kasta öllu kvenfólki undirbúningslaust inn í stjórnmálaþrefið og pólitískar kosningaæsingar, þá sé jafnréttið til þess að njóta námstyrks og gegna embættum svo sjálfsagðar, að það megi ekki lengur eiga sér stað, að konum sé bægt frá því, ef þær uppfylla sömu skilyrði og karlmenn, að því er hæfileikana snertir. Það er fjarri öllu viti, að vera að tala um þau forföll, að konur geti lagst á sæng og því eigi gegnt embættum. Karlmenn geta líka forfallast, þó þeir forfallist ekki af þessari ástæðu. Eg skil ekki slíka röksemdafærslu.

Eg hefi áður leitt athygli manna að því, að það er mjög ósennilegt, að gift kona, sem heimilisstörfum hefir að gegna, fari að sækja um embætti eða haldi áfram embættisstörfum, ef hún kemst í þær kringumstæður. Og ógift kona, sem embætti hefði að gegna, mundi, eftir þeirri reynslu, sem við höfum um kvenlega starfsmenn við opinberar stofnanir, leggja embættið niður, þegar hún giftist. Þá held eg, að aðalatriðunum í ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sé svarað. Sumt af því, sem hann sagði er þess eðlis, að gagnslaust er að vera að eyða tíma deildarinnar í að ræða það.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Háttv. þm. Dal. (B. J.) sneri dálítið út úr fyrir mér í ræðu sinni, er hann dró þá ályktun út af því, að eg hefði sagt, að mæðurnar ættu að vera mæður barna sinna, að eg meinti ef til vill þar með, að feðurnir ættu ekki líka að vera feður barna sinna. Jú, auðvitað hvílir sama skylda á þeim, en hitt er víst, að móðirin er mikið færari um að annast barnið frá vöggunni og það er ei lítið undir þeirri leiðbeiningu komið, sem það fær hjá henni, frá því það er komið til vits og ára og áfram. Hið almenna er, að faðirinn gefur barninu mikið minni gaum. Móðureyrað er næmara en föðureyrað. Þá kem eg að hinu, að það á að draga úr hættunni, sem því fylgir, að konur fái þennan rétt, með því að athuga í hvert skifti hvort konan sé nógu sterkbygð til að takast embættið á hendur. Í fyrsta lagi er þetta nú ofan í allar gildandi venjur, því að altaf hefir hingaðtil að eins verið farið eftir andlegum hæfileikum, eftir því hver umsækjandi hafi haft hærra próf, og í öðru lagi er ekki gott að dæma um, hve sterkbygð konan er og hvernig heilsu hennar verði varið, þegar hún tekur þessar skyldur sér á herðar. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði af nokkrum hita í þessu máli. Hann sagði, að hér væri aðeins um heimild að ræða. Það er mikið rétt, en þessi heimild til embætta getur haft vondar afleiðingar, því sennilegt er, að konur fari að nota hana. Og til sveita kynni það einkum að hafa vond eftirköst, ef konan notaði þennan rétt sinn, því að þar er sú venja, að hún annast sjálf uppeldi barna sinna, en hefir ekki barnfóstrur. Og hvað heimilin mistu við,

ef þessu væri hætt, verður ekki lýst. Ef til vill eru konur hér í Rvík upp úr því vaxnar og fóstra sjálfar börnin sín og breytir það málinu kannske dálitið, en hvað sem því líður, hlýt eg að vera frumv. algerlega mótfallinn.

Jón Þorkelsson: Það lítið eg heyrði af ræðu háttv. flutnm. (H. H.) var það, að hann hefði borið frumv. fram, ekki fyrir fólkið, heldur fyrir eina konu, líka það, að stúlka sú, sem eg nefndi, hefði í stjórnartíð hans altaf notið námsstyrks. Jæja, það sýnir fremur gott hjartalag hans, heldur en hitt, hvað samkvæmt lögum það var gert. Hann sagði og, að ef konur legðust í barneignir og giftingar, mundu þær ekki gegna embættum. Það ákvæði vantar alveg í frumvarpið og yfirleitt er það svo lélega og fljótfærnislega frá því gengið, að það þarf stórra leiðréttinga við. Eg vil samt ekki vera að angra háttv. flutnm. (H. H.) með nefnd, en áskil mér rétt til að koma með breyt.till. við 3. umr. Eg vil að frumv. fari vel úr hendi, að við ræðum það með rökum og skynsemd, og tökum því ekki einsog kópandi orðlausir glópar. Þó hér sé um hitamál að ræða, verður að líta á það með stillingu og viti og eg veit, að greindar konur sjá, að eg hefi hér talað með það fyrir augum að rýmka rétt þeirra, en ofbjóða eigi kröftum þeirra með þungum skyldum, sem yrði þeim og landslýð öllum til ógagns.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að eg hefði verið að tala fyrir fólkið. En hafi nokkur gert það, þá hefir það verið hann, því að hann talaði út í hött. Háttv. þm. talaði um, að eg vildi vikka verkahring kvenfólksins. En það er ósatt, því hér er alls ekki að ræða um slíkt, heldur að eins það, að veita kvenfólkinu réttindi, sem því er heimilt að færa sér í nyt, ef það á annað borð getur. Það er ekki verið að tala um að skylda það til neins. Eg tók þetta skýrt fram og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sömuleiðis.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að kvenfólkið mundi leggjast frá heimilum sínum, ef því yrði veitt réttindi. Og háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) talaði mikið um barnauppeldi, og áleit hann, að kvenfólkið mundi hætta að ala upp börn, ef það fengi réttindi. En allir vita, að til eru sannar sögur um að

> Út á sjóinn ötul rær
> ein á báti kona,
> bóndinn heima bætir og þvær.
> búa fáir svona.

Því má kvenmaðurinn ekki vera formaður, en karlmaðurinn sitja heima og bæta flík, ef svo ber undir? Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að það væri of stórt stig að veita kvenfólkinu í einu öll þau réttindi, er frumv. kveður á um. En honum er óhætt að stíga það meyjarstig; ekkert slitnar fyrir því.

Eggert Pálsson: Eg bjóst við að frumv. þetta mundi ganga umræðulítið gegnum háttv. deild. Það er svo sanngjarnt, að eg held, að mótmælendur þess mótmæli því fremur af gamni en alvöru, eða að mótmæli þessi séu meira gerð til þess að sýnast en til þess að vinna á móti frumvarpinu í raun og veru. Mótmælendur frumv. hafa viðurkent, að 1. og 2. gr. þess ætti að verða að lögum. En þeir hafa þótst finna 3 ástæður fyrir því, að þeir séu mótfallnir ákvæðum 3. gr. Fyrsta ástæðan er sú, að ef konur fengju jafnrétti við karlmenn til embætta mundu þær hætta móður- og húsmóðurstörfum sínum. Önnur ástæðan er sú, að konur geti ekki gegnt embættum eins vel og karlmenn, og þriðja ástæðan er, að jafnrétti kvenna og karla til embætta stríði á móti kristnum fræðum.

Ef ástæður þessar eru metnar, þykist eg viss um að engum muni blandast hugur um, að 1. ástæðan er ekki svaraverð. Hverjum getur dottið í hug, að konur muni fara að ganga á móti eðli sínu, þótt misréttið á milli þeirra og karlmanna verði afnumið? Þær mundu yfirleitt eftir sem áður giftast og verða bæði mæður og húsmæður, eftir því sem kringumstæður væru til og þær eigi á neinn hátt rækja síður skyldur þær, sem við þá lífsstöðu eru bundnar, þótt þær hefðu sama rétt sem karlmennirnir. En það er og verður æfinlega svo, að það eru ekki allar konur, er hugsa um að giftast; og ef einhver slík kona hefir tekið próf, sem gerir hana færa til embættisreksturs, því skyldi hún þá ekki mega njóta ávaxtanna af því. Og þó um gifta konu væri að ræða, þá getur það átt sér stað, að hún væri betur fallin til annars en að skamta, eða að bónda og börnum væri betra að hún gerði annað en einmitt það. Og hví skyldi hún þá ekki mega eða hafa fullan rétt til að beita hæfileikum sínum á þann hátt, sem henni og heimilinu yfir höfuð að tala væri haganlegast?

Önnur ástæðan á móti frumv. er harla undarleg, sem sé sú, að konur geti ekki vegna eðlisfars gegnt embætti eins vel og karlmenn. Geta konur t. d. ekki eins verið læknar sem karlmenn? Eg er ekki í vafa um, að svo sé, enda á ýmsan hátt betur til þess kjörnar. Konur eru hér líka yfirsetukonur og þurfa því að ferðast eins og læknarnir, og ber ekki á öðru en að þeim takist það. Ef konur geta ekki, ferðalaganna vegna, verið læknar, geta þær heldur ekki verið yfirsetukonur, það liggur í augum uppi og þyrfti þá að breyta þessu fyrirkomulagi hér hjá oss og fela karlmönnum yfirsetustörfin. En það er engin þörf á því. Konur geta verið og eru oft eins duglegar til ferðalaga, eins og karlmennirnir. Þrautseigjan, sem til ferðalaganna útheimtist, er einatt eins mikil og stundum meiri hjá konum, heldur en körlum, og þess vegna geta þær engu síður en karlmennirnir gegnt læknastörfum hér hjá oss. Það getur auðvitað borið við, að kona leggist á sæng á óhentugum tíma ef læknir væri, en það kemur einnig fyrir yfirsetukonur. Og meira að segja karllæknar geta einnig veikst og það valdið óþægindum.

Hvað þriðju ástæðuna snertir, að það stríði á móti kristnum fræðum að veita konum sama rétt sem karlmönnum, þá kannast eg ekki við, að það hafi við nokkuð að styðjast. Það er ekki rétt, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að í vorum trúarbrögðum væri konum bannað að vera prestar. Kristindómurinn getur þvert á móti lagað sig eftir öllum þjóðfélagsskipunum, hvernig svo að segja sem fyrirkomulag þjóðfélagsins kann að vera. Þá er þrælaverzlunin átti sér stað, var kristindómurinn notaður til þess að halda vörnum uppi fyrir henni. En nú er svo komið, að enginn vill mæla henni bót. Það er því einmitt samkvæmt en ekki gagnstætt anda kristindómsins, að konur hafi í öllu jafnrétti við karlmenn. Því það er andi réttlætisins og sanngirninnar, sem hann hefir til að bera, en ekki andi rangsleitninnar og ósanngirninnar.

Jón Sigurðsson: Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir rakið glögglega mótbárur þær, er fram hafa komið gegn frumv. þessu, og benti hann á, að þær mundu ekki vera alvara, heldur að eins til þess að sýnast. Aðalatriðið í frumv. er að afnema misréttið milli kvenna og karla og veita konum aðgang að embættum og skólum. Þetta er svo sjálfsagt, að mig furðar á, að nokkur hinna háttv. þm. skuli geta fengið af sér að andmæla þessu. Á fyrri tímum voru kon-

urnar, hvað ráttindi snertir, miklu ver settar en karlmennirnir. En eftir því sem stundir liðu fram hafa konurnar ætíð fengið meiri og meiri réttindi, enda þótt að enn sé mikið misrétti á milli þeirra og karlmannanna. Það er nú mál til komið að afnema þetta misrétti, þessar gömlu leifar. Þess vegna er frv. þetta komið fram.

Ein af mótbárum þeim, er komið hefir fram á móti frv. er sú, að konur geti ekki, eins og karlmennirnir, verið læknar, vegna þess að komið geti fyrir að þær leggist á sæng. En eins og réttilega hefir verið bent á, getur það einnig komið fyrir, að yfirsetukonur leggist á sæng, og ekki hefir heyrst getið um, að þær vanræki störf sín þess vegna. Því hefir einnig verið haldið fram, að konurnar væru ekki eins duglegar að ferðast og karlmennirnir, en þetta er ekki rétt. Yfirsetukonurnar t. d. eru svo duglegar að ferðast, að fáir karlmenn standa þeim á sporði. Eg vil benda á það, að á síðari tímum eru konur farnar að fá atvinnu á skrifstofum og í sölubúðum og gegna starfa sínum engu síður en karlmenn. Það er hagnaður fyrir vinnuveitendur að hafa konur, því bæði eru þær ekki eins kaupdýrar og karlmenn og svo eru þær skylduræknari og nægjusamari en þeir. Þær hafa einnig ýmsa aðra kosti fram yfir þá til að bera. Eg álít, að konur yfirleitt sé eins vel færar til að gegna embættum og karlmenn. Það eru mörg önnur embætti til en læknaembættin.

Það hefir ennfremur verið sagt, að konur væru síður þroskaðar en karlmenn, en þetta er ekki rétt. Og enda þótt konur nú sem stendur ef til vill stæðu eitthvað á baki karlmönnum, þá væri það eðlilegt, þar sem þær til skamms tíma voru ekki látnar læra að skrifa, og yfirleitt gefinn mjög lítill kostur á að læra. En nú eru þær farnar að taka þátt í stjórnmálum og þeim er nú yfirleitt gefinn meiri kostur á að læra en áður. Það er því alveg rétt að veita þeim jafnrétti við karlmennina, enda mundi slíkt skerpa ábyrgðartilfinninguna hjá konunum. Eg held, að enginn mæli þessu misrétti bót, og er því full nauðsyn að afnema það.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg vildi að eins leiðrétta það, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að það hefði verið á móti lögunum, að stúlku þeirri, er hann talaði um, var veittur námsstyrkur í Mentaskólanum. Háttv. þm. fór þar á hundavaði, eins og honum stundum hættir til, því að bannið gegn því að veita konum námsstyrk í tilsk. 7. des. 1886 á að eins við embættisskólana, presta- og læknaskólann, en alls ekki við hinn almenna mentaskóla.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. sþ. með 18 : 4 atkv.
4. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 22 shlj. atkv.

Samþ. að vísa málinu til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. marz (A. 124).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. umræðulaust með 19 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 22. apríl. (A. 636).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Háttv. Ed. hefir ekki gert neinar aðrar breytingar á frumv. en að breyta orðinu »karlmenn« í »karlar«. Aðrar breytingartillögur, sem nefndin í Ed. stakk upp á, voru feldar, þar á meðal sú tillaga nefndarinnar, að undanskilja prestsembætti í greininni um rétt kvenna til embætta. Það má ganga út frá því sem vísu, að háttv. nefnd,

sem skipuð var gætnum og greindum mönnum, og hafði að minsta kosti einn kirkjunnar mann sín á meðal, hafi rannsakað nákvæmlega málavöxtu, áður en hún gerði þessa tillögu, og að hún í nefndaráliti sínu hafi komið fram með allar ástæður, sem hún hafði fyrir henni. En hún hefir ekki fundið neitt í reglum hinnar evangelisk-lútersku kirkju né í hlutarins eðli, sem sé á móti því, að kvenmenn séu prestar. Hún segir að eins, að það »kunni að vera á móti almennings álitinu«. Ef nefndinni hefði fundist það vera á móti lögum þjóðkirkjunnar þá hefðu henni ekki farist þannig orð. Eg vil, með leyfi háttv. forseta, leyfa mér að lesa hér upp úr nefndarálitinu það er að þessu lýtur. Þar stendur:

»Nefndin getur ekki séð neinar verulegar ástæður, er á móti því mæli, að konum veitist réttur til embættisstarfa með sömu skilyrðum og körlum. Þó er nefndin sem heild í *nokkrum vafa* um, hvort rétt sé að veita konum aðgang að prestsembættum. Það stafar þó ekki af því, að nefndin efist um hæfileika kvenna í þessa átt, heldur *eingöngu* af ótta fyrir því, að af þeirri nýbreytni kynni að rísa óþarfa ágreiningur meðal þjóðarinnar. Og með því nefndin telur líklegt, að eigi muni margar konur æskja þess að verða prestar, þá telur hún það *þýðingarlítinn réttindamissi* fyrir konur, þó þessi undantekning sé gerð«.

Með því að nefna hér »réttindamissi« viðurkennir nefndin óbeinlínis, að í rauninni eigi konur einnig rétt til embætta í þjóðkirkjunni, enda vildi deildin ekki fallast á tillöguna, og lét konur halda þessum rétti, sem háttv. Nd. áður var búin að játa þeim til handa. Eg tel það alveg víst, að þessi háttv. deild sé enn sömu skoðunar og fyr um þetta. Það væri fróðlegt að heyra skoðun hv. presta hér í deildinni um þetta atriði.

Jón Þorkelsson: Eg fer að halda, að eg sé betur að mér í kirkjulögum og kristnirétti en 1. þm. Eyf. (H. H.). Það er bannað frá elztu öldum kristninnar, að konur hafi nokkurt prédikaraembætti á hendi. Páll postuli, höfuðgrundvallari kristindómsins, býður að konur skuli halda sér saman í kirkjunni og steinþegja í söfnuðinum. Kaþólska kirkjan hefir og haldið það strangt og heldur enn, að kvenmenn megi ekki klerkar vera, hvorki æðri né lægri palla. Og lúterska kirkjan hefir tekið það í arf, að konur megi ekki vera prestar, og hingað til hefir aldrei verið vikið frá þeirri reglu. Ef konur ætti að lögum að vera prestar hér, þá merkir það í rauninni ekki annað en að lúterska kirkjan gæti ekki verið þjóðkirkja lengur hér á landi. En sá er enn galli þar á, að slíkt getur ekki orðið, nema með því móti að breyta stjórnarskránni. Ef þessi lög ná staðfestingu konungs, þá er þar með staðfest stjórnarskrárbrot. Þetta hefir og kennimönnum efri deildar verið ljóst þeim, er í nefnd voru kosnir þar um þetta mál, því að ýmsar breytingartillögur þeirra við frumv., sem að vísu féllu, lutu einmitt að því að undanskilja konur frá prestsembætti.

Frumvarp þetta er svo athugavert, að það er varla vansalaust fyrir deildina, ef hún lætur það fara frá sér, eins og það er, enda er það víst lítt yfirvegað af flestum deildarmönnum. Máli þessu hefir verið hraðað svo mikið og svo mikið blint ofurkapp á það lagt, að maður skyldi halda, að það væru Good-Templarar einir, sem hér eiga hlut að máli.

Björn Kristjánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg mótmæli því sem gersam-

lega ástæðulausu, að lög þessi fari að neinu leyti í bág við stjórnarskipunarlög landsins. Til þess að þetta geti talist koma í bága við boð 45. gr. stjórnarskrárinnar, að hin evangelisk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á landi — þarf fyrst að sanna, að hin evangelisk-lúterska kirkja geti ekki staðist, ef konur fá prestsembætti. En í þá átt hefir ekki heyrst nein rödd.

Kristinréttarhjal 1. þm. Rvk. (J. Þ.) met eg að engu. Ef deildin vill tefja fyrir málinu, með því að setja nefnd, til þess að athuga, hvort það sé forsvaranleg breyting hjá háttv. Ed., að breyta orðinu »karlmenn« í »karlar«, þá er það auðvitað á hennar valdi. Um aðalatriði málsins er enginn ágreiningur milli deildanna. Eg álít því nefndarskipun algerlega óþarfa.

ATKV.GR.:

Nefndarskipun feld með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.
	Þorleifur Jónsson.

Hálfdan Guðjónsson, greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Frumvarpið var því næst sþ. með 16 : 5 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Holræsi og gangstéttir í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík.

Fyrsta umr., 10. marz. (A 123).

Flutningsm. (Magnús Blöndahl): Það er óþarfi að fjölyrða mikið um þetta frumv. Það er flutt inn í þingið eftir óskum bæjarstjórnar hér í Reykjavík.

Eg geri ráð fyrir því, að það sé h. þm. ljóst, hvílíkt nauðsynjamál hér er um að ræða fyrir bæinn og að það megi ekki dragast lengur, að fá ákveðnar reglur þessu viðvíkjandi. Það hefir gengið svo hingað til, að holræsi hafa ekki verið gerð, nema þar sem íbúarnir meðfram götunni hafa viljað greiða nokkuð af kostnaðinum sjálfir. Vitaskuld margborgar það sig, að fá holræsi í göturnar, svo að margir eru fúsir til þess, að leggja fram ríflegan skerf af kostnaðinum. En með því fyrirkomulagi hlýtur kostnaðurinn altaf að koma nokkuð ósanngjarnlega niður, því að sumir hafa gefið og munu gefa hlutfallslega meira en þeim ber. En í þessu frumv. er ætlast til þess, að kostnaðurinn komi jafnt niður á alla hús- og lóðareigendur. Þó þannig auðvitað, að það kemur þyngst niður á efnuðu mennina, á þá sem eiga stærstu og dýrustu húsin og lóðirnar meðfram götunum.

Þörfin er orðin enn þá meiri en áður var, eftir að vatnsveitan kom og bæjarstjórnin hefir ekki hingað til séð sér fært að taka svo stórt lán, sem til þess þyrfti, og hún hefir sömuleiðis verið mótfallin því að hækka aukaútsvör bæjarbúa þessa vegna. Enda myndi það þurfa að vera mikil hækkun, ef alt ætti að nást inn á þann hátt. Þess vegna hefir bæjarstjórnin samið þetta frumvarp og falið okkur þingmönnum

bæjarins að flytja það hér. Vænti eg, að þetta mál fái góðar undirtektir, en tel þó rétt, að það sé sett í nefnd til þess að íhuga það betur, heldur en gert hefir verið í bæjarstjórninni.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþykt með 18 shlj. atkvæðum og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl. valinn formaður, en Magnús Blöndahl skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 123. n. 407).

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eg skal ekki fjölyrða um frumv. að þessu sinni. Eins og háttv. þingdeild sér, hefir nefndin komið fram með nefndarálit og breyt.till. á þgskj. 407, og mun eg gera nánari grein fyrir þeim við 2. umr. Að eins skal eg óska þess að frv. fái að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv. shlj.

Önnur umr., 10. apríl (A. 123, n. 407)[1].

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 407 sþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

2. brtill. við 2. gr. á þgskj. 407 sþ. með 13 : 1 atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

3. brtill. við 3. gr. á þgskj. 407 sþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrri liður brtill. við 5. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Síðari liður brtill. við 5. gr. sþ. með shlj. atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

6. brtill. á þgskj. 407 við 6. gr. (fyrri liður) sþ. með 16 shlj. atkv.

Síðari liður brtill. við 6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

7. og 8 gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 18. apríl. (A. 627).

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að þessu sinni, en óska að eins, að það fái að ganga sinn gang út úr deildinni.

Benedikt Sveinsson: Mig furðar það, hversu lítið mál þetta hefir verið rætt hér, en eg vil ekki, að það fari þannig út úr deildinni, að það sé ekki athugað lítið eitt nákvæmar en gert hefir verið.

Þegar ráðist er í það stórvirki, að leggja steinrennur um alla Reykjavík, þá verður manni fyrir að spyrja; hvar á að taka fé til þess að gera þetta með? Það á sjálfsagt að nota gömlu aðferðina

---

[1]) Aths. Ræða sú, er eg hélt við 2. umræðu þessa máls, hefir glatast hjá skrifurunum, og þar eð eg hafði ekkert af ræðunni uppskrifað, og get því ekki munað hana nú, svo hún verði rétt, kýs eg heldur að sleppa henni alveg.

M. Blöndahl.

og taka lán. En nú er svo komið hag Reykjavíkur, að bærinn fær ekki lán nema með ábyrgð landssjóðs. En það liggja nú svo margar kvaðir á landssjóði í ábyrgðum, að vert væri, að þetta væri lítið eitt athugað, áður en það er samþykt.

Í frumvarpi þessu er margt, sem er mjög óljóst. Það er talað um hér í frv., að kostnaðinn skuli sumpart greiða úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum. Lóðareigendur eiga að greiða hundraðsgjald af virðingarverði húsa þeirra, sem standa við götu þá, sem holræsi er lagt í. Það er ekki tekið fram í frv., að hve miklu leyti bærinn kosti holræsin og að hve miklu lóðareigendur. Það þyrfti þó að vera skýrt og ákveðið. Ekki er heldur sagt, hvort þetta eigi að borga í eitt skifti fyrir öll eða til langframa.

Þá er það ranglátt, sem stendur í 2. gr. að lóðareigandi skuli greiða 45 aura fyrir hverja stiku af lóðinni, sem liggur meðfram götu þeirri, sem holræsi er lagt í. Það á sér víða stað einkum þar sem nýjar götur liggja yfir erfðafestulönd, að lóðirnar eru sniðskornar og kannske örmjó lóðarræma meðfram veginum, sem ekki er hægt að reisa hús á. Af slíkum skeklum þurfa menn að borga, en aftur eru þeir gjaldfríir, sem eiga lóðir á bak við. Það er hart að lóðaeigendur verða að gjalda fyrir lóðina, þótt hún hafi verið gerð ónýt, af því að gata hefir verið lögð yfir hana. Eg veit, að háttv. 2. þm. Rvk (M. B.) er þessu eins vel kunnugur sem eg. Einkum hefir þetta átt sér stað í Austurbænum. Þessum misrétti þarf að afstýra í frumv. Það þarf að undantaka erfðafestulöndin. Frumvarpið gerir ekki neinn mun á bygðri lóð og erfðafestulöndum. En eins og kunnugt er, liggja nýjar götur sumstaðar í gegnum erfðafestulönd og þau eru oftast óbygð. Er það þá ætlun frv., að eigendur erfðafestulandanna borgi fyrir það, ef holræsi er lagt í götu, sem liggur gegn um erfðafestuland?

Bæjarstjórnin hefir komið með þetta frumv. og fylgir því með miklu kappi. Eg veit, að margir bæjarmenn kunna því illa, að mál þetta hefir ekki verið rætt á neinum opinberum fundi, því að þeir líta þannig á þetta mál, að það sé ótímabært og frumv. þar að auki stórgallað.

Eg neita því ekki, að það er nauðsynlegt fyrir þrifnað bæjarins, að holræsi séu lögð í göturnar. En málið er ekki nægilega undirbúið nú. Það er enginn skaði, þótt það dragist eitt ár að samþykkja frumvarpið. Að þessu sinni á annað hvort að fella það eða taka það aftur, og leggja það svo vel undirbúið fyrir þingið næsta vetur.

Jón Þorkelsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að málið sé tekið út af dagskrá nú. Eg efast ekki um, að þá verði hægt að athuga það, svo við það megi una.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Mér er það ekkert kappsmál, hvort frv. verður tekið út af dagskrá. En mér finnast aðfinslur þær, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kom með við frv. ekki vera réttmætar og skal eg nú með nokkrum orðum sýna fram á það.

Háttv. þm. fann frumvarpinu það til foráttu, að það hefði lítið verið rætt í bæjarstjórninni og í bænum og þess vegna vildi hann, að frumvarpið væri tekið aftur eða felt, af því þing ætti að halda næsta ár, og þá væri nægur tími til þess að samþykkja það. Eins og eg tók fram, þá skal eg ekki gera það að kappsmáli, hvort frumvarpið verður tekið út af dagskrá nú. En eg skal geta þess, að öllum íbúum bæjarins er það ljóst, að þetta verk hefði átt að vera unnið fyrir löngu. Þörfin fyrir skolpræsin er orðin mjög knýjandi hér í bæn-

um og hefði átt að vera búið að leggja þau, áður en vatnsveitan var gerð. Og hafi verið nauðsyn að fá skolpræsi áður og sem enginn mun treysta sér til að mótmæla, þá er þörfin ekki minni nú. Eg skal að eins benda á, að öllu því fé, sem nú er varið til þess að gera við götur bæjarins, er sem kastað á glæ, meðan ekki eru komin skolpræsi í göturnar, með því að nú verður að rífa göturnar upp ár eftir ár til þess að leggja niður í þær hinar ýmsu rörleiðslur, fyrir utan það, hversu mikill heilsuspillir er að því, að fólk það, sem í húsunum býr getur ekki komið frá sér skolpinu, á neinn viðunanlegan hátt. Að frumv. hefir ekki verið rætt hér í deildinni er ekki skuld flutningsmannsins. Hins vegar hefir frumvarpið verið rækilega undirbúið af bæjarstjórninni og rætt þær mjög ítarlega á fleiri fundum, auk þess sem sérstök nefnd hafði það þar til rækilegrar meðferðar.

Að þetta muni verða nokkur kostnaður er ekki nema eðlilegt. En ef ekki verður bráðlega byrjað á því, þá er það ljóst, að stór hætta vofir yfir bænum. Holræsi hafa þegar verið lögð í sumum götum bæjarins og þá hefir oftast verið leitað samninga við húseigendur um framlag frá þeirra hendi til þess verks og það hefir oftast gengið vel, en þó hefir það stundum komið órétt niður, sumir lagt fram miklu meira en þeir að réttu hlutfalli hefðu átt að borga, ef gjaldinu hefði verið jafnað niður eftir slíkum reglum, sem frumvarp þetta setur, en þeir sem vildu hlíðra sér hjá því að greiða nokkuð í þessu skyni hafa sloppið með miklu minna gjald en þeim bar. En það er ekki sanngirni, að kostnaðurinn lendi á einstökum mönnum, er um slíkt sameiginlegt nauðsynjaverk er að ræða, en þeir sleppi, sem ekki vilja borga.

Ef frumv. þetta verður ekki samþykt, þá mundi bæjarstjórnin neyðast til að leggja það til, að aukaútsvörin væru hækkuð svo mikið, að mögulegt yrði að framkvæma þetta verk. Ef þetta verður ekki framkvæmt mjög bráðlega, þá getur það kostað bæinn svo mikið, að ekki verði í tölum talið, og á eg þar sérstaklega við óþrifnaðinn og þann heilsuspilli, sem af því leiddi, að skolpræsi verða ekki lögð um götur bæjarins. Það sem húseigendum er ætlað greiða eftir frumvarpinu er $^1/_4$ hluti kostnaðarins. Það er áætlað, að holræsagerðin muni kosta c. 160,000 kr. Af þeim er þegar búið að leggja skolpræsi fyrir c. 30,000 kr. Þá er eftir að leggja skolpræsi fyrir c. 130,000 kr., og eiga húseigendur að borga $^1/_4$ af þeirri upphæð. Það yrðu þá c. 32 þús. kr., sem húseigendum er ætlað að borga. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að ekki sæist á frumv., hvort það ætti að borga þetta í eitt skifti fyrir öll eða þetta yrði áframhaldandi gjald. Eg hélt þetta væri svo ljóst í frv., að það gæti ekki misskilist. Þessi kostnaður á auðvitað ekki að greiðast nema einu sinni, þegar verkinu er lokið. Um viðhaldskostnað er ekki að ræða, því að sjálfsögðu verður bærinn að bera hann að öllu leyti. Annars hygg eg, að ekki muni til hans koma í langri framtíð, því viðhaldskostnaður á slíku verki getur aldrei orðið mikill. Hér er um svo lágt gjald að ræða, að mig stórfurðar, að nokkur skuli í alvöru koma með þá grýlu, sem mótbárur gegn frumv. þessu. Því um leið og verk þetta miðar að því að auka þrifnað og velliðan í bænum, þá mun það hækka fasteignir bæjarins í verði, og eg hélt því, að fasteignamenn bæjarins mundu því sízt hafa ástæðu til að vera á móti þessu.

Hvað viðvíkur því, hvort gjald þetta

eigi að ná til erfðafestulanda, þá er því þar til að svara, að fyrst og fremst eru þau hér fá, er komist gætu inn undir ákvæði þessi frumv., og þess utan ekki ætluð til byggingar. En þó svo væri, að erfðafestulönd hér í bænum yrðu talin sem bygt land, þá getur það ekki verið ástæða til að fella frumvarpið. Hitt er það, að sennilegt er, að meiningamunur geti verið um það, hvort við álítum fyrirtækið nauðsynlegt, þarflegt og gott eða ekki. Ef við erum sammála um, að það sé nauðsynlegt, þá hljótum við einnig að vera sammála um það, að þetta er eini vegurinn nú í bráðina til að koma því í framkvæmd. Það verður að gæta þess, að bærinn hefir í mörg horn að líta, og það er ekki nóg að segja við bæjarstjórnina: »Gerið þið þetta«, en vilja ekki leggja fram það fé, er verkið útheimtir. Ekki teldi eg það heppilegri aðferð, að hækka útsvörin í þessu skyni, eða að taka til þess stórlán, þegar mögulegt er hjá því að komast og rétt er að farið.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) áleit, að afleiðingin af frumv. þessu mundi verða sú, ef það yrði samþykt, að bærinn mundi á eftir koma til þingsins og biðja um ábyrgð. Hvaða ábyrgð? Þingm. hefir sennilega hugsað sér, að bærinn ætlaði sér að taka lán til að framkvæma holræsagerðina, en eg verð harðlega að mótmæla því, að nein slík ábyrgðarbeiðni til landssjóðs hafi vakað fyrir bæjarstjórninni. Þótt bærinn neyddist til að taka lán í þessu skyni, mundi engin ástæða til fyrir bæinn að biðja landssjóð um neina ábyrgð til þeirra hluta. Það er því með öllu óréttmætt að slá slíku hér fram.

Eg skal svo ekki tala lengur um málið að sinni, og geri það heldur ekki að neinu kappsmáli, hvort frumv. er tekið út af dagskrá eða ekki, en eg sé enga þörf á því.

Jón Magnússon: Eg vil leyfa mér að mótmæla því, að mál þetta sé tekið út af dagskrá. Það er ekki rétt að fara svo illa með þingtímann, því mörg mál eru enn órædd, sem mikla þýðingu hafa. Það er og að öllu óþarft, því mál þetta er betur undirbúið en flest önnur mál. Það var vandlega rætt í bæjarstjórn og síðan í nefnd hér á þinginu. Þingnefndin hefir borið sig saman við bæjarstjórn og lagt málið fyrir löngu fyrir háttv. deild, svo háttv. þingmenn hafa haft nægan tíma til að átta sig á því. Það hefir enginn heimting á, að það sé tekið út af dagskrá, enda get eg ekki ímyndað mér, að menn bættu sig nokkuð á því, þó svo væri gert.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hélt því fram, að það bæri að bera þetta mál undir borgarafund. Það tel eg með öllu óskynsamlegt. Hverjir ættu að mæta á þeim fundi? Ef húseigendur mættu þar í meiri hluta, mætti segja, að réttur hinna væri fyrir borð borinn, þar sem þeim hlýtur þó að vera málið viðkomandi. En ef allir atkvæðisbærir menn greiddu þar atkvæði um, þá mundi verða samþykt að leggja alla byrðina á húseigendur, því hinir eru miklu flestir. Við höfum reynslu fyrir því að leggja mál undir borgarafundi, og það hefir ekki reynst vel. Um slík mál þurfa kjörnir menn að hugsa.

Eg vona að málið verði tekið út af dagskrá. Mega þeir þingmenn sjálfum sér um kenna, sem ekki hafa áttað sig á málinu og hafa orðið of seinir með breytingartillögur sínar, og virðist mér þeir hafa fyrirgert rétti sínum.

Jón Þorkelsson: Eg geri mér ekki þetta mál að kappsmáli, en í 2. gr. frumv. er ákvæði, sem gerir það að verkum, að umtalsmál gæti verið að taka það út af dagskrá. Það er ekki rétt hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), að

ekki megi athuga málið, þó það sé á síðasta stigi. Ákvæðið í 2. gr. er ekki ljóst. Þar stendur óskýrt, hvort lóðareigendur skuli taka þátt í viðhaldinu eða ekki. Ef það er ekki meiningin, þá á það að standa berum orðum. Að leggja þá skyldu á húseigendur sjálfa, að hreinsa gangstéttar fyrir lóðum sínum, getur eftir atvikum orðið mjög ósanngjarnt stundum, því að það geta jafnvel verið heil tún, sem liggja milli gangstéttar og húss. Yfir höfuð að tala er ýmislegt við frv. þetta að athuga. Vil eg einkum, að það sé skýrt tekið fram um viðhald gangstétta og holræsa.

Jón Magnússon: Ef ekki er annað en þetta, sem menn hafa að athuga við frumv., þá er óhætt að ráða því til lykta. Hér er einungis átt við kostnaðinn við að leggja holræsin í fyrstu, og skil eg ekki, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skuli ekki skilja þetta. Þegar lagður er á skattur, þá getur hann ekki farið lengra en lögin segja. Ætti ekki að þurfa að benda neinum þingmanni á slíkt.

Jón Þorkelsson: Holræsagerð er það, þegar ný holræsi eru lögð, en svo geta þau bilað og þurfa viðgerðar og það er líka holræsagerð. Þarf því að taka það skýrt fram, hver eigi að standast kostnaðinn af viðhaldi þeirra.

Benedikt Sveinsson: Eg sá það glögt við byrjun umræðnanna, hver gallagripur frumvarpið er. Nú hefir málið skýrst betur við þessar umræður. Eg er hræddur um, að þegar ráðist er í þetta stórfyrirtæki, þá verði farin gamla leiðin til landssjóðs og hann beðinn að ábyrgjast lánið, sem bærinn þarf að fá sér til þess að koma verkinu í framkvæmd. Það er fyrirsjáanlegt, að bærinn getur þetta ekki á eigin spýtur. Háttv. framsögumaður (M. B.) tók það fram, að bærinn mundi leggja kostnaðinn fram í bráðina, og húseigendur mundu umliðnir um borgunina, svo að ekki leggja þeir peningana til um leið og verkið verður unnið.

Það er ekki tekið skýrt fram í 2. gr. frumv., hvað orðið »lóð« þýðir. Það er þó nauðsynlegt að fá fulla skýringu á því í lögunum, hvort það nær einnig til erfðafestulanda. Þau liggja ekki allfá að götum hér í austurbænum og víðar.

Mér þykir undarlegt, hve háttv. þm. Vestm. (J. M. er æstur á móti borgarafundum. Sagði hann, að húseigendur mundu verða illa úti á þeim fundum, því hinir yrðu fleiri, leigjendurnir, og mundu þeir heimta, að öllum kostnaðinum yrði dembt á húseigendurna. — Þetta er mesti misskilningur. Leigjendur eru ekki svo grunnhygnir, að þeir viti ekki, að sá halli, sem húseigendur yrðu fyrir, mundi koma niður á leigjendunum, af því að húsaleigan yrði þá hækkuð að því skapi. Einhverjar veigameiri ástæður ætti að bera fram fyrir því, að farið hefir verið með mál þetta algerlega á bak við borgara bæjarins, mennina, sem eiga þó á endanum að bera allan kostnaðinn, sem af því flýtur.

Það er ekki mikið úr því gerandi, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði um það, að þetta frumv. hefði fengið betri undirbúning en flest önnur mál hér á þinginu um langan tíma. Frumvarpið ber þess bezt vitni sjálft, hversu til þess hefir verið vandað. Og í þessu sambandi má benda á það, að mál geta verið vanhugsuð, þótt þau hafi fengið mikinn undirbúning. Svo var t. d. um dánarskýrslufrumvarpið. Það var svo úr garði gert eftir margra ára undirbúning, að ef það hefði verið samþykt óbreytt, eins og það kom nú til deildarinnar, þá hefði í vissum tilfellum ekki verið hægt að jarðsetja menn nema með lagabroti. Loks gat þó nefndin lagað

það svo, að við tuttugustu umræðu í því máli hér á þinginu tókst að bæta þann annmarku.

Eg legg nú til, að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verði felt eða tekið út af dagskrá.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eg skal vera stuttorður að þessu sinni. Það er óskiljanlegt, hversu háttv. þingm. hengja sig fasta í viðhaldskostnaðinn. Í fyrsta lagi hefi eg þegar margtekið það fram, að hér er ekki um neinn viðhaldskostnað að ræða, og i öðru lagi gæti hann aldrei orðið tilfinnanlegur. Það er svo með þetta verk, að viðhaldskostnaður getur aldrei orðið mikill, hættan því nær engin á því, að holræsin bili, nema þá í því eina tilfelli, að stórkostlegan jarðskjálfta beri að höndum; en kæmi það fyrir, þá er eg hræddur um, að ekki mundi þurfa að kvíða fyrir, hvorki þessu gjaldi né öðrum.

Í öðru lagi getur það aldrei komið til mála, að borgurum bæjarins verði gert að skyldu að greiða viðhaldskostnaðinn, það er ekkert í þessu frumv., sem veitir neina heimild til þess. Þessi kostnaðargrýla er því hvergi til nema í höfði þessara fáu háttv. þingmanna. Það er því engum vafa bundið, að hér er einungis átt við þann kostnað, er stafar af því að leggja holræsin í fyrsta sinn niður í götur bæjarins.

Eg mótmæli því harðlega, að bæjarstjórnin muni fara fram á ábyrgð landssjóðs fyrir láni til þessa fyrirtækis. Eg get fullyrt, að sú getgáta nær engri átt og hefir ekki við neitt að styðjast. Málið er rækilega undirbúið, fyrst af bæjarstjórn og síðan rætt hér á 3 fundum, enda engin andmæli komið fram gegn því fyr en í dag. Sú staðhæfing háttv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.), að leigjendur muni ekki vera þessu máli fylgjandi, er ekki á rökum bygð. Leigjendur munu fegnir vilja vinna það til, þó að húsaleiga hækkaði sem svarar 1 kr. um mánuðinn, því að auk þeirra þæginda, sem af holræsagerðinni hlýtur að leiða, þá hefðu menn á eftir mun betri tryggingu fyrir heilsu sinni og vellíðan. Þeim háttv. þingm., sem nú á síðustu stundu, hafa fundið sér skylt að snúast móti þessu máli, virðist ekki vera ljóst, hvern kostnað það hefir í för með sér. Vil eg því benda þeim á það, að hann getur aldrei orðið tilfinnanlegur. Flest hús hér í bænum munu vera virt til brunabóta á 5—6000 kr., hin langtum færri, sem fara þar yfir. Það mun einnig vel í lagt, ef gengið er út frá því, að húslóðir meðfram götu séu að meðaltali 30 álnir. Verður þá gjaldið 21—22 kr. Eg get ekki látið mér detta í hug, að nokkur húseigandi mundi ekki með ánægju vilja láta af hendi þetta gjald, þegar jafnmikið kemur á móti, eins og áður er margtekið fram ɔ: aukin þægindi og meiri trygging fyrir góðri heilsu og fl., fyrir utan það, að húseignir þeirra mundu hækka í verði.

Þeirri meinloku — um erfðafestulöndin — sem komið hefir fram hjá háttv. andmælendum þessa frumv. hefi eg áður svarað.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) talaði um skyldu þá til hreinsunar á gangstéttum, er getur um í 5. gr. og gat hann þess, að undir þetta ákvæði mundi mega koma túnum og görðum. Þetta atriði þyrfti hann að athuga nánar, því ef hann læsi betur 5. gr., þá hlyti hann að sjá, að þar er einungis talað um gangstéttir, en tún og garðar geta naumast kallast því nafni. Gata getur ekki kallast stétt, og því síður tún eða kálgarður. Þetta ákvæði í 5. grein getur því ekki valdið misskilningi á nokkurn hátt. En það að hreinsa gangstéttina fyrir framan hús sitt er skylda, sem hvílir á húseigendum í flestum bæjum erlendis, enda virðist það ekki nema

sanngjarnt og sjálfsagt. En það, að fá lagða steinlímda stétt fyrir framan hús sín fyrir jafn lítið endurgjald og hér er farið fram á, eru svo góð og mikil hlunnindi, að 9 af hverjum 10 húseigendum mundu greiða slíkt gjald með mestu ánægju, og taka að sér að halda slíkri gangstétt hreinni.

Með því að leggja holræsi þessi og stéttar, er frumv. fer fram á, er hagur húseigenda bættur að stórum mun og eignir þeirra hljóta að hækka í verði. Hvernig sem á frumv. er litið, þá sé eg alls enga ástæðu til að fresta málinu nú, því það væri sama og að svæfa það að fullu á þessu þingi, þar sem svo er orðið áliðið þingtímans.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en vona að það fái greiðan gang út úr deildinni.

Forseti: Það hefir altaf verið venja, ef óskað hefir verið, að mál væru tekin út af dagskrá, að fara þá eftir beiðni nefndarmanna, hafi málið verið í nefnd. Þar sem nú engir nefndarmanna í þessu máli hafa óskað þess, að málið væri tekið út af dagskrá, heldur meira að segja mótmælt því sumir hverjir, sé eg ekki ástæðu til að sinna óskum þeirra háttv. þm., sem hafa farið fram á það.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 13 : 1 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 6. maí (A. 875).

Framsm. (Magnús Blöndahl): Efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumv. þessu, sem aðallega eru fólgnar í því, að feldar hafa verið í burtu 5. og 8. gr. sem voru í frumv., er það fór héðan úr deildinni.

Það er enginn efi á því, að þetta er misskilning einum að kenna. En þótt nefnd sú, er hafði mál þetta áður til meðferðar hér í deildinni, verði að telja breytingar þær, er háttv. Ed. hefir gert á frumvarpinu í alla staði óréttmætar og óhyggilegar, leyfir nefndin sér að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frv., eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Bankavaxtabréf.

FRUMVARP til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út 3. flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

Fyrsta umr., 4. apríl (A. 303).

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Frumvarpinu um fasteignaveðbanka var vísað til peningamálanefndarinnar snemma á þessu þingi. Nefndin hefir athugað það og telur ekki tiltækilegt að útkljá það á þessu þingi af ýmsum ástæðum. Það mundi þó íþyngja landsbankanum um of, ef hann ætti að halda áfram að tryggja lán úr veðdeildinni með $^1/_6$. Aftur á móti mundi landssjóður líklega geta lagt fram 250 þús. kr. í innlendum 3. flokks verðbréfum, sem landsbankinn mundi skifta um fyrir 2. flokks verðbréf. Af þeirri ástæðu hefir nefndin komið fram með frumv. á þgskj. 303, sem leggur þá byrði landssjóði á herðar, að setja þessa tryggingu í staðinn fyrir að landsbankinn hefir orðið að setja hana sér um megn, og nemur sú trygging nú nærri því einni miljón króna. Með þessu móti ætti það að vera kleyft, ef stjórninni tekst að fá þá $^1/_2$ miljón króna að láni, sem ótekin er samkvæmt lánsheimildinni frá síðasta þingi, að bankinn geti séð sér fært að veita veðdeildarlán áfram, annars getur hann það ekki, og vonandi að þetta fé hrökkvi til næsta þings, ef það fæst. Eg þykist viss um, að háttv. deild skilji

það, að lánsmöguleiki veðdeildarinnar stendur og fellur með því, hvort bankinn fær þetta lán eða ekki, og óviðkunnanlegt væri að þurfa að hefta lán svo snögglega, að eigi væri t. d. hægt að halda áfram með að byggja hús, sem eru í smíðum.

Eg sé að hér stendur á dagskrá frv. um fasteignaveðbanka, en eg mælist til, að það sé tekið út af henni, og ekki tekið inn á dagskrá, fyr en útséð er um það, hvernig þessu frumv. reiðir af. Fyr má ekki sálga því, og skal eg svo ekki segja meira um þetta, en vona að frumv. verði samþ., því þess er full þörf.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 6. apríl (A. 303).

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg skýrði frá því við 1. umr., hversu þetta frumv. væri fram komið, og sé eg enga ástæðu til að taka fleira fram en eg gerði þá. Vænti eg frumv. góðs fylgis í deildinni.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 18 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 8. apríl (A. 303).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 6. maí (A 922).

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Frumv. þetta er komið hingað aftur frá háttv. Ed., sem hefir gert á því eina lítilfjörlega breytingu, bætt aðeins inn einu ártali, sem er til skýringar á frumv. Og vil eg ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv., eins og það nú er.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Lántökuheimild.

FRUMVARP til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð.

Fyrsta umr., 29. apríl (A 765).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 12:2 atkv.

Önnur umr., 1. maí (A. 765).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Þriðja umr., 3. maí (A. 765).

Sigurður Sigurðsson: Eg bað um orðið í þeim tilgangi, að fá að heyra, ef unt væri, hvað fyrir flutningsmönnum þessa frumvarps vakir. Mál þetta hefir hingað til farið umræðulaust í gegnum deildina, og er það sjaldgæft um smámál, hvað þá heldur þegar um annað eins stórmál er að ræða og hér á sér stað.

Hér er landsstjórninni heimilað að taka $^1/_2$ miljón króna lán, og auk þess 200000 króna lán í víxlum, ef nauðsyn krefur. Um leið og eg óska að heyra þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þessari heimild, sem frumvarpið ráðgerir, því annars mun eg ekki greiða því atkvæði, þá vildi eg jafnframt fá upplýsingar um, til hvers eigi að nota þetta lán. Þá langaði mig til að spyrja um það, hvort lagaheimild þurfi til þess,

að því er landssjóðinn snertir, að taka víxillán, sem á að greiðast innan 12 mánaða. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum að sinni um frumv., en vænti fullnægjandi svars.

Hálfdan Guðjónsson: Eg bað um orðið í sömu andránni og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) og eg hefði getað sparað mér ómakið, því hann hefir tekið fram flest af því, sem eg vildi sagt hafa.

Eg tek í sama strenginn og hann, að það er undarlegt, að ekkert skuli um þetta mál hafa heyrst enn og er það þó til 3. umr. nú. En mig rekur þó minni til þess, að þegar landssjóður í fyrsta skifti tók $^1/_2$ miljón kr. lán, þá þótti bæði mér og öðrum það býsna mikil tíðindi. Síðan hafa komið lög um fleiri lántökur, svo að skuld okkar út á við skiftir nú miljónum; og nú á að taka nýtt lán, hátt upp í $^3/_4$ miljón. Enn hefir ekki verið gerð grein fyrir því hér í deildinni, hversvegna þetta er gert, en það er skeytingarleysi bæði af mér og öðrum, að heimta ekki gerða fulla grein fyrir þessu. Eg vona nú, að orð okkar hafi þau áhrif, að full skýring verði gefin, og það má varla minna vera, en svo verði, áður en deildin skilst við þetta mál.

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Það er rétt, sem háttv. tveir síðustu ræðumenn hafa tekið fram, að um þetta mál hefir ekki verið sagt eitt orð fyr en nú. Eg tók það þannig, að háttv. deild líti svo á, að frumvarpið mælti með sér sjálft, og að um það þyrfti því ekki að ræða.

Eg skal út af framkomnum ummælum leyfa mér að taka fram, að frv. þetta hefir verið borið fram eftir ósk hæstv. ráðh. (Kr.J.) að landssjóði væri veitt heimild til að taka þetta lán, ef á lægi.

Meiningin með þessari lántöku er sú, að báðar deildir alþingis hafa samþykt frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavík og þar gert ráð fyrir fjárframlagi úr landssjóði að upphæð 400,000 krónur og til þess að geta greitt það fé þarf landssjóður ef til vill að taka lán.

Hvað hinni síðustu málsgrein frumvarpsins viðvíkur, að landssjóði sé heimilað að taka bráðabirgðarlán, þá skal eg geta þess, að eftir því sem mér er skýrt frá, koma ekki tekjur landsjóðs inn á vissum tímum og fyrir mun það hafa komið ekki allsjaldan, að peningaforðinn hefir verið mjög lítill, þótt ekki hafi bein vandræði af hlotist enn. Hins vegar getur oft staðið svo á, að lögboðnar útborganir verði að fara fram svo margar á skömmum tíma, að peningaforðinn ekki hrökkvi til og til að fyrirbyggja að nein vandræði geti hlotist af slíku, er þess óskað af stjórninni að fá heimild þingsins til slíkra bráðabirgðarlántöku, sem að sjálfsögðu ekki verður notuð, nema brýna nauðsyn beri til. Slíkar heimildir eru algengar meðal annara þjóða (ɔ: hin svo nefndu Skatkammerbevis).

Pétur Jónsson: Það er eðlilegt, að menn séu hikandi og vilji hugsa sig tvisvar um lántökuheimild þessa, sérstaklega þegar horfurnar eru ekki betri en nú á að lánið fáist með góðum kjörum.

Eg skal leyfa mér að geta þess, að horfur nú eru ekki betri en 1903. Þá var stór halli á fjárhagsáætlun fjárlaganna og sá þingið sér þá ekki fært að skella á herðar stjórnarinnar framkvæmd fjárlaganna, án þess að hugsa fyrir nauðsynlegu fé. Var því stjórninni veitt heimild til að taka 500 þús. kr. lán. Nú mun tekjuhallinn verða eins hár og 1903, en á hinn bóginn eru handbærir peningar landssjóðs nú að líkindum engir, alt bundið í lánum, en þá var peningaforðinn með mesta móti. Þess vegna vil eg fyrir mitt leyti mæla með því, að

stjórninni sé veitt heimild til að taka lán, í stað þess að þurfa að skulda ár út og ár inn stórfé í hlaupareikning við ríkissjóð Dana, þótt það fengist sem óvíst er. Eg skil ekki í, að þeir sem kalla sig sérstaklega »Sjálfstæðismenn« uni við það. — En þetta er neyðarúrræði, sem hart er að lenda í, því eiginlega ætti aldrei lán að taka til annara fyrirtækja, en þeirra, sem beinan arð gefa af sér. En það er lítið af væntanlegum tekjuhalla fjárlaganna nú þannig til komið.

Háltdan Guðjónsson: Eg verð að segja það, að mér þykir betra en ekki að hafa heyrt þær umræður, sem fram hafa farið, þótt þær séu ekki eins rækilegar og skyldi. Lántökur geta jafnan verið tvíeggjuð sverð, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða félög stærri eða minni. Svo getur staðið á, að það miði til stórhagnaðar fyrir einstaklinginn að eiga kost á lánsfé og taka það, ef skynsamlega er með farið og kjörin aðgengileg. En hins er að minnast ekki síður eða sjaldnar, að fyrstu lánin hafa fyrir marga einstaklinga orðið fyrstu sporin til ósjálfstæðis og óláns, sem þeir hafa aldrei ratað úr aftur. Og líkt gæti þessu orðið farið með félög eða jafnvel smáríki, ef hlífðarlaust er gengin lántökuleiðin til þess að afla fjár til áfallinna eða áfallandi útgjalda meðan lánstraustið endist. Það verður að vera um áreiðanlega góð fyrirtæki og þarfleg að ræða, ef rétt er að heimila eða jafnvel heimta, að stjórnin taki fé að láni. Sjálfsagt virðist að ákveða þá jafnframt, með hverjum vaxtakjörum og afborgununum, hvenær og hvar lánið skuli taka. Að láta alt slíkt óákveðið og óumtalað, ber vott um óverjandi skeytingarleysi.

Það má segja, ef til vill, að þessar athugasemdir komi helzt til seint fram. En eg vil þó segja, að betra sé seint en aldrei. Og eg vil ekki láta þess ógetið, hvað vakir fyrir mér, þegar um lántöku er að ræða landssjóði til handa.

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Eg fyrir mitt leyti skal ekki lasta það, þótt háttv. þingm. vilji vera varkárir, er um lánsheimildir er að ræða til handa landssjóði. Hins vegar verða menn að gæta þess, að ofmikil varkárni getur oft verið skaðleg og bakað landssjóði — í þessu tilfelli — tjón og óþægindi.

Eins og áður var tekið fram, þá er hér að eins um lánsheimild að ræða, er að sjálfsögðu verður því að eins notuð, að brýna nauðsyn beri til.

Eg get nú ekki séð, að lánsheimild þessi, sem hér er um að ræða, eigi neitt skylt við fjárlagafrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil, því þótt tekjuhallinn á fjárlögunum kunni að verða nokkur — jafnvel svo hundruðum þúsunda skiftir, mun óhætt að fullyrða, að hann verði miklum mun lægri en 1903, og ef vel er aðgætt, hve tekjurnar eru lágt áætlaðar, getur maður eins vel búist við, að tekjuhallinn verði enginn.

Eg hafði áður tekið það fram, að það sem mun hafa vakað fyrir stjórninni, er hún óskaði þessarar lánsheimildar, var fyrst og fremst það, að vera við því búin að geta greitt meira eða minna af þeim 400 þúsundum, sem landssjóði er nú ætlað að leggja til hafnargerðar hér í Reykjavík, og ef til vill styrkur til bryggjugerðar í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum o. fl. og ennfremur — ef á þyrfti að halda — að greiða ríkissjóði Dana að fullu skuld þá, er landssjóður er í við hann út af póstávísunum þeim, er ríkissjóður hefir greitt fyrir landssjóð. Skuld þessi var í ársbyrjun á 5. hundrað þúsund og að sjálfsögðu getur ríkissjóður heimtað hana borgaða hve nær sem er; mun líka hafa farið fram á, að slík skuld væri greidd mánaðarlega, þótt samningar muni hafa tekist í bráð, um það að gerð væru upp við-

skifti ríkissjóðs og landssjóðs á hverjum 3 mánuðum. Lánsheimild þessi er því svo langt frá að vera óforsvaranleg, að eg tel víst, að ef háttv. þingm., er talað hafa á móti henni athuga allar ástæður, muni þeir telja hana réttmæta og sjálfsagða.

Að taka hefði átt fram í lántökuheimildinni með hvaða kjörum lánið megi takast getur verið rétt og ekki rétt, en að sjálfsögðu verður að ganga út frá því, að landsstjórnin taki lánið með eins góðum kjörum og hægt er.

Annars má benda á í þessu sambandi, að þingið er sjálft skuld í, að landssjóður hefir svo lítið handbært fé fyrirliggjandi, með því að heimila landsstjórninni að lána út hverja stórupphæðina á fætur annari og binda þannig meir og meir fé viðlagasjóðs, og verður þingið því að sjá fyrir því, að stjórnin komist ekki í vandræði með að greiða nauðsynleg gjöld landssjóðs.

Vil eg því mæla hið bezta með frv. og vona, að það nái samþykki háttv. deildar.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Verzlunarbækur.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög um verzlunarbækur.

Fyrsta umr., 25. febr. (A. 40).

Flutnm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Þetta litla frumv. er fram komið af því, að á síðasta þingi láðist að setja hegningarákvæði inn í lögin um verzlunarbækur. Það má vera, að fleiri vilji fá breytingar á lögunum, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið.

Pétur Jónsson: Eg heyrði ekki gerla, hvort háttv. flutningsm. (J. Ól.) stakk upp á nefnd, en nú segir háttv. sessunautur minn mér, að svo hafi verið. Eg hafði hugsað mér að koma með brt. við lögin um verzlunarbækur, aðrar en þær, sem frumv. fer fram á, og getur það þá komið til umræðu við væntanlega nefnd. Eg hirði því ekki að ræða málið að þessu sinni. Það eru svo fáir af deildarmönnum, sem við verzlun fást eða verzlunarstörfum eru kunnugir, að umræða um sérstaka smágalla laganna, koma að meira haldi við nefndarmenn væntanlega.

Sigurður Gunnarsson: Eg tók svo eftir, að háttv. flutningsm. (J. Ól.) stingi uppá 3 manna nefnd. Það væri að vísu nægilegt í þetta mál eitt út af fyrir sig. En nú eru á ferðinni viðskiftalagafrumv. og ef til vill fleiri frv. líks eðlis, og því skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd, í því skyni, að til hennar yrði vísað skyldum málum.

Flutnm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg felst á tillögu háttv. þm. Snæf. (S. G.).

ATKV.GR.

Till. um 5 manna nefnd samþ. með 18 shlj. atkv., og kosnir með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson.
Bjarni Jónsson,
Jón Magnússon.

1. umræðu frestað.

Í nefndinni var Ólafur Briem valinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 40, n. 441, 448).

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Breytingar, sem farið er fram

á í nefndarálitinu, eru ekki stórar, einungis að fyrir 10 kr. komi 5 kr., og aftan við bætist: »ekki yfir 100 kr.« Önnur tillaga er það, að á undan orðinu fangelsi komi: »sektir eða«. Það er og lagt til, að 3. gr. falli burt. Þótti nefndinni það viðurhlutamikið ákvæði Loks komi ný gr. svo hljóðandi, að í stað »árs« komi: »þriggja missira«. Búumst vér við, að öllum þyki það sanngjarnt. Svo er orðabreyting, að í stað löggilt komi lögskipuð. Þá hefir komið fram breyt.till. frá þm. S.-Þing. (P. J.) þess efnis, að á undan 1. gr. komi ný gr. Um hana er það að segja, að hún er að öllu leyti ófær. Grein sú, sem hann fer fram á að bætt sé framan við, hljóðar þannig:

»Upphæð verzlunarviðskifta, sem skylt er að bókfæra og gefa frumbókarsamrit af, á þann hátt, sem 2. gr. í lögum um verzlunarbækur mælir fyrir um, skal nema 2 kr. eða þar yfir.«

Spillir þetta lögunum að miklum mun, þessi samrit auka alls enga verktöf. *Samritið* verður til af sjálfu sér jafnframt og innfært er í bókina. Það kostar enga aðra fyrirhöfn, en að kippa samritsblaðinu upp úr bókinni og rétta skiftavini það.

Annars býst eg við, að þar sem um ekki meiri breytingar er að ræða, að málið fái að ganga óhindrað til 2. umr.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki fara að tala langt mál um breytingartill. mína, en vonast til að háttv. nefnd taki hana til greina.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 6. apríl (A. 40, n. 441, 448).

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Viðvíkjandi breyt.till. frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er fer fram á það, að eigi þurfi að láta afhendingarmiða, eða samrit úr frumbókinni, ef upphæð sú, sem verzlað er fyrir í það og skiftið, nemur minna en 2 kr., skal eg láta þess getið, að enda þótt eg áliti till. þessa gersamlega þýðingarlausa, og á engum rökum bygða, þá er mér ekki kappsmál, hvort hún fellur eða verður samþykt, vegna þess, að eg álít, þrátt fyrir það þó hún skaði frumvarpið, þá spilli hún samt ekki svo mikið, að vert sé að gera það að kappsmáli.

Pétur Jónsson: Það gladdi mig að heyra, að háttv. framsm. (J. Ól.) var ekki kappsamlega á móti brtill. minni. Eg veit ekki, hvort menn gera sér það ljóst, hveru mikil óþægindi og fyrirhöfn núverandi fyrirkomulag hefir í för með sér. Eg þekki þetta mál mörgum þingdeildarmönnum betur, vegna þess að eg hefi nú um nokkur ár haft á hendi umsjón verzlunar, sem einnig rekur búð, og eins og menn vita, þá er verzlunarfyrirkomulag hér á landi víðast hvar þannig, að menn hafa smá ársreikninga, þar sem skrifað er bæði úttekt manna og innlegg. Það er því mjög mikil fyrirhöfn, að skrifa í kalkíbók hvert smáræði, sem út er tekið, þó ekki sé nema snærispotti eða fingurbjörg. Það getur nú verið, að menn finni ekki eins mikið til þess alment hér í Reykjavík, þar sem verzlunin er daglega jafnari, heldur en úti um landið, þar sem kauptíðir eru á vissum tímum, og viðskiptamenn koma í stórhópum einstaka daga, svo alt er í uppnámi, en tímum saman aftur lítið að gera, og mannahald því ekki hægt að miða við mikla ös. Við þá verzlun, sem eg þekki bezt, er eg viss um, að þessar kalkibækur auka að minsta kosti í kauptíðinni mannahald að talsverðum mun. Eg vona nú, úr því hinum háttv. framsögum. (J. Ól.) er ekki kappsmál um þetta, að till. mín nái fram að ganga, því hún er til mikilla bóta, og þar sem

hann félst á það, að hún væri ekki lögunum til skaða, þá vona eg að alþingi geti felt sig við hana.

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er ekki rétt hjá hinum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg hafi sagt, að breyt.till. hans væri ekki til til skaða, það sagði eg ekki, heldur þvert á móti, að hún skaðaði lögin, en ekki svo mikið, að eg fyndi ástæðu til þess að gera það að kappsmáli. Hann talaði um það, hversu mikil tímatöf þetta væri, og skírskotaði til reynslu sinnar, en eg ímynda mér, að eg hafi alt eins mikla reynslu í verzlun eins og háttv. þm., því eg hefi verið við verzlun, bæði hér heima og vestan hafs, og notað þessar kalkibækur; og eg er satt að segja hissa á þingm að halda því fram, að þetta sé tímatöf, því það er honum þó kunnugt um, að alt sem út er tekið og ekki borgað þegar í stað, er skrifað í bók, og ef kalkipappír er á milli blaðanna, þá er fyrirhöfnin engin önnur, en að kippa í burtu blaðinu og fá það þeim sem kaupir. Þetta á sér alstaðar stað, nema hér á Íslandi. Eg þykist hafa eins mikla reynslu fyrir mér í þessu efni og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), en af því að hér er um lítilræði að ræða, sé eg eigi ástæðu til þess að fara lengra út í það.

Björn Kristjánsson: Eg skrifaði undir breyt.till. við þetta frumv. með fyrirvara, og verð að gera stutta grein fyrir skoðun minni á málinu. Þetta mál var svo mikið deiluefni á seinasta þingi, að það komst í sameinað þing. Eg skrifaði undir með fyrirvara meðal annars af því, að nefndin vildi ekki fallast á till. hv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem eg vil styðja. Eg álít, að reikningar samstundis séu, þegar um smáupphæðir er að ræða, alveg þýðingarlausir. Reynslan hefir sýnt, að þeir hafa ekkert annað í för með sér en aukin störf. Þeir tvöfalda störfin, því að fyrst verður að skrifa þá og síðan að innfæra þá í frumbók, en gera aftur á móti ekkert gagn, því að slík reikningsafrit eru sjaldnast birt, þeim er vanalega kastað burtu, og veita heldur enga sönnun fyrir, hvort maðurinn hefir fengið vöruna eða ekki. Kostnaðurinn verður líka stórmikill fyrir hverja verzlun og hann kemur niður á þjóðinni. Menn taka sjaldnast út í stórslumpum, því að menn eru oft á ferð, og erfitt mun að hafa þessar frumbækur fyrir kladda, þó til þess sé ætlast. Að minsta kosti veit eg það, að í verzlun þeirri, sem eg rak, voru frumbækur þessar aldrei notaðar sem slíkar, heldur úr þeim fært inn í hreinskrifaða frumbók.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að bækur þessar væru notaðar um allan heim. Það er alveg rétt, en þar stendur nokkuð öðru vísi á. Þar ganga viðskiftin mikið jafnara, svo að hægra er að koma þessu við. Hér í Reykjavík er heldur ekki erfitt að hafa þessa aðferð, en úti um land er það ógerningur. Eg verð því að mæla með, að breyt.till. hv. þm. S.-Þing. (P. J.) verði samþykt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 448 við 1. gr. sþ. með 12 : 7 atkv.

1. brtill. á þgskj. 441, sþ. með 17 shlj. atkv.

2. brtill. við 1. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 441 við 2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

Brtill. um að 3. gr. falli burt sþ. með 15 shlj. atkv.

Ný 3. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Við bætist ný gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 8. apríl (A. 540).

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt umræðulaust með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 8. maí (A. 938).

Pétur Jónsson: Á frv. þessu er að eins lítilfjörlegur formgalli, sem ekki getur orðið því til fyrirstöðu, að það verði samþykt.

ATKV.GR.

Frumv. samþykt með 16 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Fiskiveiðamál.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. des. 1877 nr. 28. um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög.

Fyrsta umr., 10. marz (A. 112).

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eins og kunnugt er, voru á síðasta þingi samþykt lög, er létu lög frá 14. des. 1877 og 10. nóv. 1905 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar, einnig ná til þiljaðra mótorbáta í Vestmannaeyjum. En slíkir bátar eru víðar farnir að tíðkast heldur en í Vestmannaeyjum, t. d. við Ísafjarðardjúp. Fyrir því hafa útgerðarmenn þar óskað þess, að lög þessi yrðu einnig látin ná þangað, og hefir sú ósk komið fram á þingmálafundum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Eg álít óþarft að fara fleirum orðum um frv. Þetta er ekki annað en sanngirniskrafa, sem eg vona að háttv. deild hafi ekkert á móti að verða við.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 13. marz. (A. 112).

ATKV.GR.

1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt með 15 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. marz. (A. 112).

ATKV.GR.

Frumvarpið sþ. í heild sinni með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 30. marz. (A. 322).

Jón Magnússon: Háttv. flutningsmaður (Sk. Th.) er ekki viðstaddur í deildinni, en eg held að eg megi fullyrða, að frumvarpið hafi ekki fengið neina þá breytingu í háttv. Ed., að háttv. deild geti eigi samþykt það.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Fiskiveiðar hlutafélaga.

FRUMVARP til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872., lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

Fyrsta umr., 22. apríl. (A. 629).

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 25. apríl. (A. 629).
ATKV.GR.:
1. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. apríl. (A. 629).
ATKV.GR.:
Frumvarpið sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum.

FRUMVARP til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.
Fyrsta umr., 9. marz. (A. 117).

Flutningsmaður (Jón Magnússon). Það er samkvæmt samþykt sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum og beiðni þingmálafundar, að eg ber upp þetta frumvarp. Sýslunefndin hafði snúið sér til stjórnarinnar með málið, en stjórnin ekki borið það fram, líklega af þeirri ástæðu, að það kom svo seint til stjórnarráðsins, að það varð ekki undirbúið af ráðherra. Sýslunefndin hafði farið þess á leit í erindi sínu til landsstjórnarinnar, að öll Heimaey yrði gerð að verzlunarlóð, eða ef landstjórnin féllist ekki á það, þá yrði ákveðinn hluti gerður að verzlunarlóð. Stjórnarráðinu þótti ekki ástæða til að fara svo langt í einu að gera alla eyna að verzlunarlóð, heldur áleit að þetta nægði, sem nú er farið fram á.

Ástæður fyrir frumv. eru þær sömu, sem fyrir frv. háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um stækkun verzlunarlóðarinnar í Gerðum, og þó nokkrar frekari. Fólki hefir fjölgað svo afar mikið í Vestmannaeyjum á síðustu árum, og húsum þar með, að nauðsynlegt er að fá lögreglusamþykt fyrir kauptúnið. Það næst með því að skifta eyjunni í tvent og það er trygt með þessari stækkun. Það er líka mikil ástæða til að stækka verzlunarlóðina, að mörg tómthús, jafn vel stórhýsi eru utan verzlunarlóðarinnar, og ekki fæst lán út á þau úr veðdeild, vegna þess að þau eru ekki á verzlunarlóðinni.

Eg hygg ekki, að eg þurfi að mæla frekara fram með þessu frumv. Ef stjórnarráðið gæti lögum samkvæmt stækkað lóðina, þá hefði ekki þurft þetta frumv. En stjórnarráðið hefir að eins heimild til að ákveða verzlunarlóðir, sem ekki hafa ákveðin takmörk að lögum, en verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum hefir ákveðin takmörk samkvæmt lögunum frá 1905.

ATKV.GR.
Frumv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. marz. (A 117).

Flutningsmaður (Jón Magnússon). Eg þarf ekki að mæla frekara með þessu frv., en eg gerði við 1. umr. og vonast til að hin háttv. þingdeild láti það sæta sömu meðferð sem þá.

ATKV.GR.:
Frumv. sþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz. (A. 117).
ATKV.GR.:
Frumv. sþ. með 21 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 30. marz. (A. 321).

Flutningsmaður (Jón Magnússon). Efri deild hefir ekki gert neina efnisbreyting við frumv. þetta. Að eins þótti einum þingm.,sem kunnugur er í Eyjunum ástæða til að breyta örnefnum. Eg vona að hin háttv. deild samþykki frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.

Frumv. sþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Bæjarstjórn á Akureyri.

FRUMVARP til laga um breyting á 20. og 29. gr. laga nr. 22 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

Fyrsta umr., 11. apríl. (A. 498).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 19. apríl. (A. 498).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 22. apríl. (A. 498).

ATKV.GR.:

Frumvarpið í heild sinni samþykt með 16 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Löggilding verzlunarstaða.

I.

Hámundarstaðir við Nýpsfjörð.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hámundarstöðum við Nýpsfjörð.

Fyrsta umr., 4. marz (A. 75).

Flutningsm. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Þetta frumv. er fram komið samkvæmt beiðni úr hlutaðeigandi héraði. Höfn sú, sem hér er farið fram á að löggilda, er í Vopnafirði, ekki mjög langt frá verzlunarstaðnum, en þó æðispöl, því að þar er fjörður á milli, Nýpsfjörður, og tangi á milli fjarðanna. Það sem mælir með því, að löggilda þennan stað, er það, að hér er um góða höfn að ræða, gott útræði og síldarpláss hið bezta. Þess vegna eru þar oft útlendingar á sumrum, og líkindi til, að aðsóknin aukist. Ennfremur skal eg benda á, að þetta er rétt í leiðinni, ef sími yrði lagður frá Vopnafirði til Bakkafjarðar og Þórshafnar. Það mætti því búast við, að sími yrði hér töluvert notaður í framtíðinni, ef hér yrði verzlunarstaður og þorp myndaðist.

Eg skal ekki fjölyrða um þetta meira. Eg skil ekki, að nokkur verði á móti frumv., því að vant hefir verið að leyfa slíkar löggildingar orðalaust. En með því að fleiri löggildingafrv. eru á ferðinni, vænti eg, að þeim verði öllum vísað í eina nefnd og býst við uppástungu um það úr annari átt.

Sigurður Gunnarsson: Eg styð tillögu háttv. flutningsm. (J. J.) um að vísa öllum löggildingafrumv. til einnar nefndar, og leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.

5 manna nefnd samþ. með 17 atkv. shlj. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Stefán Stefánsson.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Bjarni Jónsson skrifari og framsögumaður.

Nefndin kom fram með nýtt frumv. á þgskj. 249.

II.

Kvíabryggja í Eyrarsveit.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Kvíabryggju í Eyrarsveit.

Fyrsta umr., 6. marz (A. 83).

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson); Eg hefi flutt frumv. þetta inn á þing, samkvæmt eindreginni ósk kjósenda minna. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv., vil að eins geta þess, að höfn sú, sem hér er um að ræða, er góð; dýpið er 5—7 fet, sandbotn og góð innsigling.

Með því að nefnd hefir verið kosin í öðru löggildingarfrumv., vil eg leyfa mér að stinga upp á, að þessu frumv. sé einnig vísað til hennar.

ATKV.GR.:

Samþ. með 17 shlj. atkv. að vísa málinu til þeirrar nefndar.

Sbr. frumvarp nefndarinnar á þgskj. 249.

III.

Hvalneskrókur.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvalneskrók í Austur-Skaftafellssýslu.

Fyrsta umr., 7. marz (A. 81).

Flutningsm. (Þorleifur Jónsson); Eg hefi komið fram með frumv. þetta samkvæmt ósk kjósenda minna í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Papós, hinn núverandi viðkomustaður strandferðaskipanna þar, hefir þann galla til að bera, að sjávardýptin er ekki nægilega mikil og skipunum því illfært þar inn. Aftur á móti geta skip legið nærri landi við Hvalneskrók, og bátalending er þar allgóð í flestum áttum, svo að líkindi eru til, að þangað mætti leita og skipa þar upp vörum, þótt eigi sé fært að hafa samband við skip úti fyrir Papós. Þetta er það, sem aðallega hefir vakað fyrir Lónmönnum. Eg skal að svo stöddu ekki fara fleiri orðum um frumv. þetta. Það hafa komið samskonar frumv. hér í hinni háttv. deild, og nefnd sett í þau. Óska eg að máli þessu verði vísað til nefndarinnar um löggilding verzlunarstaða.

ATKV.GR.:

Samþ. með 19 shlj. atkv. að vísa málinu til þessarar nefndar. Sbr. hið nýja frumv. nefndarinnar: A. 249.

IV.—V.

Gunnarsstaðaey og Hjálmarsvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða (Gunnarsstaðaey og Hjálmarsvík).

Fyrsta umr., 7. marz (A. 91).

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til nefndarinnar um löggilding verzlunarstaða.

ATKV.GR.:

Samþ. með 18 shlj. atkv. að vísa málinu til þessarar nefndar.

Sbr. frv. nefndarinnar: A. 249.

VI.

Herdísarvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Herdísarvík.

Fyrsta umr., 9. marz (A. 119).

Flutnm. (Sigurður Sigurðsson): Frumv. þetta er fram komið eftir ósk

hreppsnefndarinnar í Selvogshreppi. Bréf hreppstjórans þar í hrepnum er prentað á sama þingskjali og frumv. sjálft, og geta menn lesið þar og kynt sér, hvað hann segir um málið, og hvað mælir með því, að löggilda Herdísarvík. Eg álít óþarft að fara fleiri orðum um frv., en vil mælast til, að því verði vísað til löggildingarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Samþ. með 17 shlj. atkv. að vísa málinu til löggildingarnefndar.

Sbr. frv. nefndarinnar: A. 249.

VII.

Kirkjufellsvogur.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Kirkjufellsvogi.

Fyrsta umr., 17. marz (A. 200).

Flutnm. (Sig. Gunnarsson): Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál. Það er ekki nema einn maður hér í Reykjavík, sem hefir beðið mig að flytja það. Eg vil gera það, þótt málið sé eflaust ekkert áhugamál kjósenda minna. Vonast eg til að deildin sýni því sama sóma og öðrum málum, sem eru flutt hér af sama tagi, og vísi því til löggildingarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til löggildingarnefndarinnar með 17 atkv. shlj.

Mál þetta kom ekki úr nefndinni, því að hún lagði á móti því, að það yrði samþykt (sbr. n. A. 250).

VIII.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða[1].

[1]) Frumv. þetta var samsteypa af öllum hinum fyrtöldu löggildingarfrumvörpum, nema hinu síðasta (Kirkjufellsvogi).

Fyrsta umr., 25. marz (A. 249, n. 250, sbr. 75, 81, 83, 91, 119, 200).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Nefndin hefir orðið ásátt um að löggilda alla þessa verzlunarstaði. Eg vona að frumv. gangi til 2. umr., og verður þá tækifæri til þess að gefa nánari upplýsingar. Eg mun því ekki fara fleiri orðum um frumv. að sinni, en vil að eins geta þess, að einn stað hefir nefndin undanfelt, Kirkjufellsvog í Grundarfirði, því að hún hefir fengið upplýsingar um, að allur fjörðurinn er löggiltur áður. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn að löggilda þennan stað.

Jón Ólafsson: Eg tel það illa farið, að nefndin vill fella þennan verzlunarstað úr, því að það er tæpast rétt, að allur fjörðurinn sé löggiltur. Að minsta kosti vill bankinn ekki veita lán út á verzlunarhús, sem standa á þessum stað, af því að hann telur, að ekki séu lög til þess, af því að húsin séu ekki í löggiltu kauptúni.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Ef upplýsingar þær, sem nefndin hefir fengið, reynast rangar, þá verður auðvitað bætt úr þessu við 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Önnur umr., 6. apríl (A. 249, n. 250).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Eg vil aðeins vekja eftirtekt á því, að það er einn staður, Kirkjufellsvogur í Grundarfirði, sem nefndin hefir ekki viljað taka með upp í frumvarpið, en það er ekki af þeirri ástæðu, að nefndin leggi á móti því, að löggilda þennan stað, heldur vegna þess, að nefndin hélt, að fjörðurinn væri allur löggiltur. Nefndin gerði fyrirspurn til stjórnarráðsins um þetta, og fékk það svar, að svo væri ekki, sem nefndin hefði haldið, og mun

því nefndin koma með breytingartillögu um þetta við 3. umr.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Þriðja umr., 10. apríl (A. 249).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Nefndin hefir ekki séð ástæðu til þess, að koma fram með breytingartillögur. Vil eg leyfa mér að biðja háttv. deild að samþykkja tillögurnar á þgskj. 249, og um leið vil eg mælast til þess, að háttv. forseti leiðrétti tölur þær, er slæðst hafa inn í þær og eru prentvillur.

ATKV.GR.;

Frumv. sþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Brú á Jökulsá á Sólheimasandi.

FRUMVARP til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi.

Fyrsta umr., 6. apríl (A. 423).

Einar Jónsson: Enda þótt þetta sé eitt hið stysta af þeim frumvörpum, sem lögð hafa verið fyrir þingið, er það ekki hið þýðingarminsta. Það gengur út á, að brúa vatnsfall, sem margir þekkja og hafa heyrt getið sem eins hins hættulegasta og versta yfirferðar á öllu landinu. Eg hefi sjálfur oft farið yfir það, og get því borið um, hvílík torfæra það er. Það er alls engin smáspræna, þótt það sé stutt. Eg vil því óska, að deildin taki vel í þetta mál, einkum þar sem ekki er ætlast til, að féð sé veitt strax, heldur svo fljótt sem auðið er á næstu þingum.

Til þess að sýna, hve knýjandi nauðsyn er til þess, að brúa fljót þetta, skal eg með örfáum orðum skýra frá því, hve miklu tjóni áin hefir valdið á síðustu tímum. Grein kom um það í blöðunum nýlega, en ekki er víst, að háttvirtir þingdeildarmenn hafi veitt henni eftirtekt. Samkvæmt þeirri grein hafa á síðastliðnum 200 árum farist í ánni 40 manns og marg oft hafa takmörk milli lífs og dauða eigi verið auðsæ hjá umfarendum, þó sloppið hafi lífs. Og þess er að gæta, að umferðin er mjög mikil og fer ætíð í vöxt, vegna þess að verzlun í Vík er stór og skemst að sækja þangað vörur frá fjölda manna, er yfir ána verða að fara. Beggja vegna við ána eru sléttir og góðir vegir og mætti nota vagna á þeim stöðum, ef brú væri á ánni, en ógerningur ella. Í öðru lagi verða Eyfellingar að vitja læknis yfir ána, en það er oft ókleyft dögum saman. Getur það staðið á æði miklu og ekki unt að segja, hve mörg mannslíf það kostar.

Eg skal láta mér nægja að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ef nokkurstaðar er þörf á brú, þá er það hér. Vona eg að háttv. þingdeild taki málinu vel, eins og Ed. hefir gert.

Sigurður Gunnarsson: Eg er á sama máli, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), að hér sé um mikilsvert nauðsynjamál að ræða. En sökum þess að hér er um mikla fjárupphæð að ræða, en hins vegar varasamt að hrapa að því að leggja brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi sakir jökulhlaupa, leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni umr., til þess að yfirvega málið rækilega.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd með 15 shlj. atkv.

Kosnir voru með hlutfallskosningu:
Þorleifur Jónsson,
Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,
Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson.

Í nefndinni var Þorleifur Jónsson kosinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 25. apríl. (A. 423, n. 683, 703, 708, 709, 740).

Jón Sigurðsson: Viðaukatillaga mín á þgskj. 709 fer fram á það að veita 45,000 kr. til hengibrúar á Hvítá hjá Ferjukoti. Er þetta sett eftir áætlun verkfræðingsins. Kláffossbrú er á þjóðveginum, en þessi fyrirhugaða brú yrði á sýsluvegi. Á þjóðveginum er áin lítil, en þegar komið er niður undir Ferjukot, eru komnar í hana margar ár og hún orðin afarmikið vatnsfall. Það er mikill áhugi meðal manna í Borgarfirði að fá brúna, enda er hennar brýn þörf. — Það hefir verið talað um það, þegar leitað hefir fjárveitinga til brúargerða, hve mannskæðar árnar væru. Þessi á er ekki síður mannskæð en aðrar ár; á síðustu 15 árum hafa farist í henni 8 manns.

Úr því að farið er að bera upp frv. um brúargerðir, þá ætti þessi að verða með, enda ekki hætta á ferðum, þar sem stjórninni er í sjálfsvald sett, hvenær það verður. Vona eg því, að menn samþykki þessa tillögu.

Stefán Stefánsson: Eg vona að mönnum komi ekki á óvart tillaga okkar þingmanna Eyf. um að skjóta Eyjafjarðará inn í frumv. Þetta hefir lengi verið áhugamál héraðsbúa, eins og sjá má á þingmálafundargerðum, sem legið hafa frammi í lestrarsalnum. Við höfðum hugsað okkur að koma fram með sérstakt frumvarp um þetta, en úr því að þetta frumv. er fram komið, þótti okkur rétt að láta alt vera sama frumvarpið.

Eins og mönum er kunnugt er áin á aðalpóstleið. Verkfræðingurinn hefir gert áætlun um brú þó á tvennan hátt, eftir því hver staður valinn er. Annar staðurinn er hjá Hólmavöðum og mundi brúin þar kosta um 75 þús. kr. eftir áætlun verkfræðingsins, hinn staðurinn hjá Gilsferju og mundi brú þar kosta um 50 þús. kr. Nú er það athugandi, að ef brúin væri á Gilsferju yrði það krókur á aðra mílu og því mjög óheppilegt brúarstæði að því leyti. En Hólmavöð eru í leiðinni og yrði því brú þar að meiri notum bæði héraðsbúum og Akureyringum. Þess vegna er mér víst óhætt að fullyrða, að allur almenningur óskar þess, að brúin verði sett á ána, sem allra næst alfaraleið, sem liggur um Eyjafjarðarárhólma, og til samvinnu um það mál hygg eg þá mjög fúsa bæði þingmenn Þingeyinga og Akureyrarkaupstaðar, enda enginn vafi, að brúin kemur þar að mestum almennum notum, og kostnaðarmunurinn als ekki tilfinnanlegur.

Eg skal ekki fara langt út í þetta mál. Eg get skírskotað til ræðu hins háttv. þm. Mýr. (J. S.) um það, að ekki verður lagt út í þessar brúagerðir, fyr en fært sýnist fjárhagsins vegna. En þegar lagt verður út í þær, þá á þessi á að vera framarlega í röðinni og það er að eins það eitt, sem við flutningsmenn málsins vildum tryggja.

Eg hefi ekki við hendina uppdrætti landsverkfræðingsins á brúarstæðunum og vegagerð að þeim, en vona að geta sýnt þá síðar á fundinum og geta menn þá kynt sér þá. Um þetta mál sé eg svo ekki að hafi þýðingu að fjölyrða en vona að menn samþykki tillöguna.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er orðið allkvikt utan um þetta frumv. Ekki færri

en 4 breyt.till. vaxnar við það. Frumv. er um að brúa Jökulsá á Sólheimasandi. Enginn vefengir, að þessarar brúar sé hin mesta nauðsyn. Verkfræðingurinn hefir gert áætlun um kostnaðinn og er ekkert við það að athuga. En nú er farið fram á að hnýta þessum 4 brtill. aftan við, og eru þær þó í rauninni sérstök frumvörp. Þótt eg þekki ekki allar þessar ár, er víst enginn vafi á, að á engri þeirra er eins mikil þörf brúar og á Jökulsá á Sólheimasandi. Sumar þessar ár eru ferjuvötn, sem ætíð má komast yfir. Það er rangt að koma með þessar breyt.till. þannig. Ef háttv. flutningsmönnum er alvara, ættu þeir að fá frumvarpið tekið út af dagskrá og koma með nýtt frumvarp um brúagerðir á Íslandi. 1. gr. yrði svo: »Brúa skal hverja sprænu á landinu«. 2. gr. þessa frumv. héldist óbreytt. Þannig mundi frumv. líta út, ef afleiðingarnar yrðu teknar af þessum breyt.till.

Eg hygg, að ef hinum háttv. þm. hefði verið alvara, mundu þeir hafa komið með sérstakt frumvarp um hverja þessa á, en þessi aðferð þykir mér grunsamleg og virðist svo sem með því eigi að hengja mylnustein um háls frv. Því mun eg greiða atkvæði gegn öllum breyt.till.

Ólafur Briem: Viðaukatillaga frá mér á þgskj. 740 fer fram á að veita fé til brúargerðar á Héraðsvötn í Skagafirði. Eins og kunnugt er, eru þau eitt hið mesta vatnsfall á landinu. Framan til í firðinum eru að vísu vöð á þeim, en þau eru ill og breyta sér iðulega, svo að þar sem vað er í einn tíma, er vaðleysa í hinn, auk þess sem þau eru straumhörð. Utan til eru þau nálega ófær vegna dýpis og sandbleytu. Til skamms tíma hafa þau verið ærið mannskæð og nálega árlega orðið einhverjum að fjörtjóni, en úr mannhættunni hefir þó dregið, síðan dragferjurnar komu, þótt ekki séu þær fullnægjandi. Dragferjur eru 2 og koma þær að góðu haldi þá tíma, sem hægt er að nota þær. En í leysingum á vorin og þegar byrjar að leggja á haustin verða þær ekki notaðar. Það er að eins á sumrum, sem þeim verður við komið.

Þetta mál er ekki nýtt. Samgöngumálanefndin á þinginu 1903 fjallaði um málið og komst að þeirri niðurstöðu, að þessi brú ætti að verða með hinum fyrstu. Á þingi 1905 var 3 manna nefnd í brúarmálum, og taldi hún þessa brú sjálfsagða næst á eftir Fnjóská og Rangá. Á því þingi var brúin samþykt með 21 shlj. atkv. í Nd., en dagaði uppi í Ed.

Það, að eg hefi ekki komið með sérstakt frumv. um brúna, stafar af fjárhagsástandi landsins. Eg veit, að ekki er hægt að leggja fram fé til hennar á þessu þingi. En úr því að brúarmál eru tekin fyrir á þessu þingi, er sjálfsagt að þessi verði með, hvenær sem í þetta verður ráðist. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hneykslaðist á breyt.till. Mér þykja þær eðlilegar, því að þegar ein á er tekin, er rétt að raða niður, hverjar skuli koma næst og í hvaða röð. Það er ekki heldur óhugsanlegt, eins og fram kom í umræðum á þingi 1905, að ódýrara sé að hafa fleiri brýr undir í senn heldur en eina. Það gæti máske sparast fé við það.

Eg vona af framangreindum ástæðum, að málið fái góðar undirtektir.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Mér þykir ástæða til að skýra frá því, að ef þessar viðaukatill. ná fram að ganga, tel eg mér skylt að koma með viðaukatill. við 3. umr. um fjárveiting til brúargerðar á Hamarsá.

Annars álít eg þýðingarlítið að gera svona lög, og brýrnar koma ekk fyr, þrátt fyrir það þótt tillögurnar verði

samþyktar. Það er auðvitað sjálfsagt að halda áfram þeirri stefnu að brúa helztu ár landsins eftir því sem stjórnin sér landssjóði fært. En skaðlaust held eg það sé, þótt allar þessar tillögur féllu nú. Stjórnin og verkfræðingur landsins munu hafa vakandi auga á samgöngumálum landsins svo sem hingað til.

Sigurður Sigurðsson: Þegar eg lít á frv. og breytingar- eða viðaukatill. við það, þá dylst mér ekki, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, þar sem aðalmálið er brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi. Hún er nú áætluð 74,000—75,000 kr., en ef allar brtill. næðu fram að ganga, þá mundi það nema 252 þús. kr. alls, sem þar með væri lagt á herðar landssjóði að verja til brúagerða. En eg geri ráð fyrir, að við höfum naumast tök á að brúa allar þessar ár á næstu árum. Eg vona að þessar ár verði nú brúaðar svona *smátt og smátt*, eftir því sem fjárhagurinn leyfir. En eins og nú er ástatt álít eg þýðingarlítið að samþykkja þessar brtill., eins og þær liggja fyrir, og jafnvel líka frv. sjálft, ekki af því að eg álíti ónauðsynlegt, að þessi vatnsföll séu brúuð, heldur af því að það mun að sjálfsögðu verða tekið til athugunar og gert þegar kringumstæðurnar leyfa, og fyrir því er þýðingarlaust að vera nú að samþykkja lög um þetta. En af því að eg vil hlynna að því, að þetta mál verði sem *fyrst* rækilega athugað af þingi og stjórn, þá hefi eg leyft mér að koma fram með rökstudda dagskrá, er hljóðar svo:

»Í því trausti, að landsstjórnin taki þessi og fleiri brúamál til athugunar og áætli fé til að gera brýr á komandi fjárhagstímabilum, eftir því sem fjárhagsástæður landsins leyfa, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Pétur Jónsson: Það má segja, að nú sé komið dálítið annað hljóð í strokkinn á þessu þingi um brúamál, ef allar þesstill. verða samþyktar, og satt að segja mundi það gleðja mig, ef þingið færi að sýna meiri rögg af sér í brúamálum, en verið hefir nú um skeið, því að eg álít það mjög illa ráðið, hve mjög það hefir slegið slöku við þau undanfarin síðustu ár.

Vatnsföllin eru verstu farartálmar hér á landi, og það er undarlegt, þar sem búið er með vegalögum að setja fast vegakerfi og leggja fram jafnmikið fé og gert hefir verið til vega, að þá skuli ekki hafa verið gerð meiri gangskör að að því en verið hefir, að koma brúm á aðaltorfærurnar, og eg er viss um, að fé hefir verið varið í ýmislegt, sem síður skyldi en brýrnar. Að þessu leyti er eg samdóma þeim háttv. þm., sem heimta brýr á ár, sem eru á landssjóðsvegum. En smærri brýr á öðrum vegum álít eg ekki skylt eða ráðlegt, að landssjóður taki að sér á meðan svo mikið er ógert af hans eigin brúm, og sízt án mikils tillags frá hlutaðeigandi héruðum.

Frumv., sem hér liggur fyrir, er nú ekki nema um brúargerð á einni á, Jökulsá á Sólheimasandi, og er það komið hér inn á þingið af því, að mönnum hefir einmitt nú nýlega hugkvæmst, að áin sé brútæk, með kostnaði, sem kallast má bærilegur, og af því að hún er eitt hið mesta voða vatnsfall, versti og hættulegasti farartálmi af öllum þeim ám, sem enn eru óbrúaðar á alfaravegi. Ekki fyrir það, að Skeiðará og Jökulsá á Breiðamerkursandi séu ekki líka mjög miklar torfærur, en þær munu alls eigi brútækar og alls eigi farartálmi jafn margra. Eins og frumv. liggur fyrir, er meining þess sú, að Jökulsá á Sólheimasandi eigi að sitja fyrir öðrum ám, sem ekki er þegar veitt fé til. En ef farið er að setja inn ýmsar brýr á fleiri ár um leið, þá tapar frumv. gildi sínu

og tilgangi. Þá yrði það undir næsta þingi komið, hver brúin fyndi náð fyrir augliti þess, því að þess er enginn kostur, að þær allar, sem tillögur liggja fyrir um, komist á í einu. Þess vegna er meiningarlaust að vera að samþykkja þetta.

Eg get getið þess innan sviga, að eftir því sem eg hefi bezt getað kynt mér málið, ættu brýrnar á Eyjafjarðará og Héraðsvötnum að sitja fyrir, næst á eftir Jökulsá á Sólheimasandi. En það er óþarfi að vera að samþykkja neitt um slíkt; þingið gæti ákveðið í hvert skifti, hverja brú það vildi taka fyrir næst. Þetta stendur hvort sem er alls ekki á fjárlögunum. Annað mál væri, ef Jökulsárbrúin yrði samþykt ein út af fyrir sig. Það þýddi, að sjálfsagt væri að hún sæti fyrir, og það er eina meiningin með frumv. En svo er einn vegur enn, sem fara mætti, og það er, að semja lög um brúagerðir á landssjóðsvegum, ákveða, að þeim skuli öllum lokið á því eða því árabili, og það eftir þeirri röð, sem stjórnin og landsverkfræðingur álíti réttasta. Það gæti orðið til þess, að ekki væri slegið slöku við þessar framkvæmdir. Eg mundi greiða mitt atkvæði með því, að þannig yrði farið að. Og þess vegna er eg ekki meðmæltur þessari rökstuddu dagskrá, heldur vil eg að málið sé tekið út af dagskrá, og að nefndin taki það til meðferðar að nýju á þessum grundvelli. Sama vakir líklega fyrir háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). En annars álít eg málinu komið í óefni, eins og það horfir nú við, og mun eg þá samþykkja Jökulsárbrúna eina.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Þegar eg sá þetta frumv. um brúargerð á Jökulsá, leyfði eg mér að koma fram með viðaukatill. við það. Eg get ekki viðurkent, að það sé nein óhæfa að sameina þetta í einu frumv., heldur finst mér það einmitt »praktiskt«. Það kemur seinna til þess, að ákveða það, hvernig verkið skuli verða framkvæmt, hvað skuli sitja fyrir og hvað á hakanum. Eg mun því ekki taka till. mína aftur, nema aðrir þm. taki sínar brtill. aftur. Annað mál væri, ef þeir gerðu það, þá mun þessi líka verða tekin aftur. Annars virðist mér þessi till. mín meinlaus, því að hér er að eins um heimild að ræða, sem ekki kemur til framkvæmda, fyr en þinginu þykir tími til.

Eg verð að geta þess, að hér er um þá á að ræða, sem er eitt af verstu bergvötnum þessa lands. Hún er alllöng og kemur úr einum hinum versta fjallgarði, Smjörvatnsheiði, og er oftast nær ófær alt vorið og það því lengur, af því að Smjörvatnsheiði er hár fjallgarður og bráðnar seint snjór úr henni. Hún er jafnvel oft ófær á sumrin og haustin, því að þar er mjög rigningasamt og margar ár, sem í hana renna. Einkum er það ilt á haustin, þegar fé kemur úr réttum, að Vopnfirðingar skuli vera neyddir til að sundleggja það í hana, og oft hefir það jafnvel komið fyrir, að fé hefir farist þar, þegar hún hefir verið í vexti.

Það má nú ef til vill segja, að hér standi sérstaklega á, af því að þetta er á sýsluvegi, en þingið hefir áður veitt þannig lagaðan styrk bæði í Þistilfirði og víðar. Hér er líka aukapóstleið og þeir þurfa að komast áfram, eins og aðrir, og umferðin er mikil, bæði milli héraða og til kaupstaðarins í Vopnafirði. Auðvitað er þetta sérstaklega gert fyrir Vopnfirðinga, en Vopnafjörður er líka eitt af blómlegustu héruðum þessa lands og hefir ekki fengið eins eyris styrk úr landssjóði nú, svo eg viti til. Þetta er því fyrsta bón, og upphæðin ekki svo gífurlega há, 24000,00 (tuttugu og fjögur þús. kr.). Býst eg því við, að deildin taki þessu vel, og finst mér engin

ástæða til að taka neina af þessum fjárbeiðslum sérstaklega út úr, því að sjálfsagt væri að verða við þeim öllum, ef landið hefði kraft til þess. Það getur verið, að það væri rétt að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, því að það gerir hvorki til né frá, hvort hún er samþykt eða frumvarpið; alt veltur á hentugleikunum, sem eru á því að koma þessu í framkvæmd.

Jón Þorkelsson: Af því að eg er einn af þeim, sem áttu sæti í þessari nefnd, vildi eg segja nokkur orð. Það er ekki nýtt, þegar einhver biður um eitthvað þessu líkt, að þá losni hreppapólitíkin og festi ótal hala aftan í mál það, er fyrir liggur. Hér eru nú halarnir orðnir hvorki fleiri né færri en fjórir (4), og kosta mikið á annað hundrað þúsund krónur.

Eg er nú ekki kunnugur öllum þeim ám, sem hér er um að ræða, en þær af þeim, sem eg þekki, eru varla annað en meinlausir lækir í samanburði við Jökulsá á Sólheimasandi. Eyjafjarðará er tiltölulega meinlaust vatnsfall og Hofsá í Vopnafirði er ekki nema á sýslu- eða hreppavegi. Þá er Hvítá. Á henni eru nú brýr og mér er tjáð, að hér sé ekki nema um sýsluveg að ræða. Þar að auki má geta þess, að hún er skipgeng langar leiðir upp eftir, svo að samgöngurnar eru þar ekki svo bágar. Fjórða brtill. fer fram á 50,000 kr. til þess að brúa Héraðsvötn. Eg skal nú geta þess, að þar hefir í mörg ár verið dragferja, sem landssjóður hefir styrkt, en kannast skal eg við það, að næst á eftir Jökulsá á Sólheimasandi ætti fyrst að brúa það vatnsfall. Það rennur í miðju fjölbygðu héraði og hefir það komið til orða áður hér í þinginu að nauðsyn væri á brú þar.

Það er engin nýjung, að heimila með lögum væntanlegar fjárveitingar til þess að brúa vond vötn, svo að menn þurfa ekki að verða neitt hvumsa, þótt slíkt komi hér fram. Þannig var það fyrir löngu síðan með Jökulsá í Öxarfirði, og leið þá ekki á löngu, þar til hún var brúuð, enda lagði hlutaðeigandi þm. alt kapp á það mál þá, og skal það sagt honum til sóma. Munar þó býsna miklu á þeim ám, ef saman er borið, þar sem Jökulsá í Öxarfirði rennur um öræfi og fáment hérað, en Jökulsá á Sólheimasandi um fjölment hérað, sem jafnvel eru líkur til að verði enn fjölmennara síðar. Og svo er það réttilega tekið fram í nefndarálitinu að þetta áarforað er í miðju læknishéraði, og situr læknirinn einmitt þeim meginn, sem fámennara er. Þess utan er það merkjanda, hve margir eiga kaupstaðarleið yfir á þessa og það úr fjölbygðum héruðum.

Út af áfergju þeirri, sem hljóp í ýmsa háttv. þm., þegar þeir sáu, að það átti að ljá máls á þessu, eru nú komnar fram ýmsar tillögur. Einn vill, að málið sé tekið út af dagskrá, en annar vill eyða því með rökstuddri dagskrá. Eg álít, að hvorttveggja hafi sömu þýðingu og hvorugt sé sæmandi, því það að vísa málinu til nefndarinnar aftur, er sama sem að svæfa það. Ef nú á að fara að bollaleggja um það, hvenær og hvernig eigi að brúa öll vötn á þessu landi í framtíðinni, þá verður það ekki til neins annars, en að tefja fyrir framgangi þessa máls, og mæli eg því móti báðum þessum tillögum.

Önnur á, sem er á næstu grösum við þessa, er nú komin á fjárlögin og hefir verið mikið karpað um brúargerð á henni undanfarið. Það er Rangá ytri. Þar er að vísu umferð mikil, en sá er munurinn, að Rangá er alveg meinlaust vatnsfall í samanburði við Fúlalæk. Hefði því átt að brúa þá ána, sem nauðsynlegast var, þá hefði Jökulsá án efa átt að ganga fyrir.

Mér heyrðist einhver taka það fram áðan, eg held háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) að þetta mál væri lítt undirbúið. Eg er nú ekki verkfróður, en hitt veit eg, að fyrir nefndinni lá uppdráttur og álit frá landsverkfræðingnum um það, hvar brúin ætti að vera og hvað hún mundi kosta. Eg verð að leggja hina mestu áherzlu á það, að þetta mál nái fram að ganga, því að mín skoðun er sú, að það sé ranglátt, að nokkur önnur brúargerð á þessu landi sé látin ganga fyrir þessari. Mönnum mætti vera það minnisstætt, að nýlega birtist skýrsla um það frá þeim, sem gagnkunnugir eru, hvern skaða þessi á hefir gert í tíð þeirra manna, sem lengst muna. Hygg eg, að varla geti annað eins manndrápsvatn á þessu landi og vil eg skjóta því til deildarinnar, hve lengi það á að þolast, að hafa á þessa brúarlausa. Eg vildi nærri því óska, að þeir þm., sem eru þessu mótfallnir, ættu leið yfir þessa á, þegar hún er í vandséðara lagi, en þó talin fær, og farin af kunnugum. Það mundi sannfæra þá í þessu máli.

Pétur Jónsson; Mér láðist að geta þess áðan, að nefndin hefir ekki haft þessar brtill., sem hér er um að ræða, til meðferðar, og engin borið sig saman við hana um þær. Þetta mælir því enn með því, að málið sé tekið út af dagskrá í dag. Annað er það, að rökstudd dagskrá, sem hér er framkomin, er svo orðuð, að í henni virðist fólgin skuldbinding frá þinginu um að taka að sér þær brýr, sem ekki eru á landssjóðs vegum, og setja þær jafnhátt hinum, þar sem þrýrnar á Hofsá og Hvítá eru teknar til jafns við aðrar. Þetta eitt ætti að vera nóg til þess, að gera ekki út um þetta í dag, því að það er þó ekki meiningin, að þessar brýr eigi að sitja fyrir öðrum brúm, sem landsjóði er skylt að leggja. Það getur að vísu stundum verið ástæða til þess að brúa slíkar ár, eins og t. d. Jökulsá í Axarfirði, sem skiftir sundur prestakalli, og hvergi er reið milli fjalls og fjöru, en héruðunum á hinn bóginn ofvaxið að brúa það, en óvíða eru slíkar ástæður.

Mér dettur nú í hug, að nefndin geti komið fram með þingsályktunartillögu í staðinn fyrir frumv., því ef frv. verður aukið með öllum þessum breyttill., þá er það alveg handónýtt, en ef þingsál.till. kæmi fram í sömu átt, þá gæti frumv. til brúalaga orðið tilbúið fyrir næsta þing.

Eggert Pálsson: Þetta frumv. er ekki sérlega langt, en efnið í því er talsvert mikið, þar sem veltur á tugum þús. útgjaldaauka fyrir landssjóðinn til einnar brúar. Og þegar það kemur hér til alvarlegrar umræðu, þá er ekki nema von, að eitthvað svipað komi fram og þessar viðaukatillögur, sem hér liggja fyrir. Það er ekkert undarlegt, þótt hver og einn þm. vilji þá sínum tota fram ota, og finni til þarfa kjördæmis síns, því hver er jafnan sjálfum sér næstur. En þegar svo er komið, ríður á því að gera sér það ljóst, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef allar þessar viðaukatillögur, sem hér liggja nú fyrir, yrðu samþ. og svo svo margar, sem koma mundu fram við 3. umr. og ættu sama rétt á sér. Mér virðist að slíkt hlyti að horfa til stærstu vandræða. Eg álít nú, að hver sem vill líta sanngjarnlega og samvizkusamlega á þetta mál, hljóti að játa, að Jökulsá á Sólheimasandi sé sú áin, sem mest nauðsyn er á að brúuð verði, þar sem hún er, eins og tekið hefir verið fram, mesta manndrápsvatn á þessu landi. Og því brýnni hljóta allir að viðurkenna þörfina á þessari brú, sem Jökulsá skiftir læknishéraði sundur, og meiri hluti íbúa héraðs þessa er meira að segja búsettur þar, sem læknirinn býr ekki.

Hefði héraði þessu verið skift í sundur í tvö læknishéruð, eins og farið hefir verið fram á, hefði þörfin fyrir þessa brú minkað til muna og að miklu leyti horfið. En eins og ástatt er, hljóta allir að sjá, hve þessi brú er afar nauðsynleg. En þótt þörfin á þessari brú sé afar brýn, þá vil eg þó ekki kannast við, að meiri þörf sé á henni en brú á Ytri-Rangá, því þótt Jökulsá sé verra vatnsfall í sjálfu sér, og hættumeira að fara yfir hana, þá er umferð miklu meiri yfir Rangá, og enginn samanburður á því sem yfir þær hvora um sig þarf að flytja. Að brú á Jökulsá ekki hefir fyr komið til tals, stafar af því, að menn héldu að ómögulegt væri að brúa hana, og það er fyrst nú á allra síðustu timum, að menn hafa komist að raun um, að það mundi hægt. Og þegar svo er komið, hljóta menn að játa, að þetta mannskæða vatnsfall hefir forgangsrétt, að því er brú snertir, fyrir flestum öðrum vatnsföllum. Og þó að háttv. alþingi sjái sér ekki fært að veita fé til þessara brúa nú, þá hljóta allir að viðurkenna, að það er sjálfsagt að það verði gert í náinni framtíð. Hér er nú framkomin tillaga um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Það er sýnilegt, að það flýtir eigi á neinn hátt fyrir málinu. Og virðist mér þá, að eins vel mætti fella málið alveg, eins og samþykkja hina rökstuddu dagskrá. En eg vona, að hvorugt verði gert. Eg vona að frumv. sjálft verði samþykt, en viðaukatillögur allar verði skornar niður við eitt og sama trogið.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá feld með 12:10 atkv.

1. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 703 feld með 11:11. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 708 feld með 14:5 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 709 feld með 14:4 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 740 feld með 13:8 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. apríl (A. 423).

ATKV.GR.

Frv. sþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Vélagæzla á gufuskipum.

FRUMVARP til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Fyrsta umr. 6. apríl (A. 455).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. apríl (A. 455).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga uppá, að 3 manna nefnd sé kosin í þetta mál.

ATKV.GR.:

Sþ. að kjósa 3 manna nefnd í málið með 15 shlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu

Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl.

2. umræðu frestað.

Í nefndinni var Hannes Hafstein valinn formaður en Bjarni Jónsson skrifari[1].

---

[1]) Hver verið hafi framsögumaður nefndarinnar sést ekki. Undir nefndarálitinu (A. 689) stendur ranglega nafn Björns Kristjánssonar í stað Magnúsar Blöndahls og var sá misgáningur afsakaður á deildarfundi 25. apríl.

Framh. 2. umr., 25. apríl (A. 455, n. 689).

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 689, sem að eins var ritfærslubreyting, sþ. án atkv.gr.

1. gr. frv. sþ. með 17 shlj. atkv.

2.—4. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

6.—11. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. apríl (A. 742).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Breyting á útflutningsgjaldi.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Fyrsta umr., 10. apríl. (A. 457).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að þessu frumv. sé vísað til tolllaganefndar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til tolllaganefndar með 15 shlj. atkv. og 1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr., 21. apríl. (A. 457, n. 634).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þó þetta frumvarp sé stutt, þá álítur nefndin, að í því felist talsverð réttarbót. Það er ekki breyting frá eldri lögum, heldur til að tryggja tilgang eldri laga. Tilgangurinn er óefað sá, með því að verja 10% af síldartollinum til verðlauna, að styðja útgerð innlendra manna, en styrkurinn hefir að nokkru leyti komið niður á rangan stað, því útlendir menn, sem ekki hafa veitt sjálfir hafa keypt síldina og flutt hana út og svo fengið styrkinn. Tilgangurinn með þessum lögum er sá, að fá trygging fyrir því, að styrknum verði eftirleiðis úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, og ennfremur að hlutdeild í styrknum fái ekki önnur skip en þau, sem hvergi stunda veiði annarsstaðar en hér við land. Og með því að þetta á að miða að því að efla síldarútveg innlendra manna, er það eindregin tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 24. apríl. (A. 457, n. 634).

Framsögum. (Ólafur Briem): Eg gerði grein fyrir þessu frumvarpi við fyrstu umræðu og sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það að þessu sinni.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 26. apríl. (A. 457).

ATKV.GR.

Frumvarpið sþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi*.

Friðun hreindýra.

FRUMVARP til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra.

Fyrsta umr., 5. apríl. (A. 262).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil

leyfa mér að mæla hið bezta með þessu máli og legg til að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. apríl. (A. 262).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 18. apríl. (A. 262).

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Sjúkrasamlög.

FRUMVARP til laga um sjúkrasamlög.

Fyrsta umr., 5. apríl. (A. 368).

Sigurður Gunnarsson: Þessu máli vil eg leyfa mér að stinga upp á, að vísað sé til nefndar þeirrar, er ræðir um frumv. til laga um lækningaleyfi. Málið er náskylt og sú nefnd styðst við tillögur landlæknis.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til nefndarinnar í frumv. til laga um lækningaleyfi með 13 shlj. atkv.

1 umr. frestað.

Framh. 1. umr., 24. apríl, A. 368, n. 691).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg ætla að eins að biðja hina háttv. deild að lofa málinu að ganga óhindrað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 26. apríl. (A. 368, n. 691).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Nefndin, sem um þetta mál fjallaði hefir orðið á eitt sátt með að samþykkja það, eins og það kom frá efri deild. Málið hefir fengið góðan undirbúning hjá landlækni og svo hefir það einnig verið athugað í háttv. Ed. Við höfðum að vísu kosið, að gerðar hefðu verið orðabreytingar á stöku stað, en höfum þó ekki af þeirri ástæðu viljað vera að hrekja málið milli deildannna og leggjum því til, að frumv. sé samþykt, eins og það er.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

2. og 3. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

4. og 5. gr. sþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þriðja umr., 28. apríl (A. 368, 760).

Sigurður Sigurðsson: Við höfum leyft okkur, eg og háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), að koma fram með brtill. á þgskj. 760 við þetta frumv. Það, sem aðallega vakti fyrir okkur, var það, að hér gæti orðið um allverulega útgjöld að ræða fyrir landssjóð, þegar sjúkrasamlögunum fjölgaði. Hins vegar litum við svo á, að erfitt mundi verða síðar að fá tillagið frá landssjóð lækkað, þótt reynslan kynni að sýna, að samlögin bæru sig vel og þyrftu ekki svo háan styrk. Vitanlega er erfitt að dæma um það á þessu stigi málsins, hve greiðlega það muni ganga að fá menn inn í samlögin,

en undir því er styrkur þeirra kominn, að sem flestir gerist félagar þeirra. En með jafnháum styrk úr landssjóði og ráðgerður er í frumv. virðist ástæða til að ætla, að menn keppi eptir að ganga í þessi sjúkrasamlög og að þeim fjölgi brátt svo, að hér verði um allverulegan skatt að ræða fyrir landssjóðinn. En flytjendur málsins, bæði innan þings og utan, og þar á meðal háttv. þm. Vestm. (J. M.) fullyrða, að hér þurfi ekki að óttast slíkt. Fyrst um sinn geti ekki orðið hér um tilfinnanleg útgjöld að ræða fyrir landssjóð. Hins vegar álíta þeir, að ef þessar brtill. verði samþyktar, þá hljóti það að hnekkja mjög viðgangi sjúkrasamlaganna, og væri það miður vel farið.

Um brtill. er það að segja að öðru leyti, að um leið og farið er fram á að lækka styrkinn úr landssjóði, þá er aftur á móti gerð tilraun til að rýmka önnur skilyrði í frumvarpinu. Árstekna skilyrðið er fært upp úr 1200 kr. í 1500 kr., og dagpeningagreiðslan færð úr $^2/_3$ ofan í $^1/_2$ af venjulegum dagtekjum sjúklingsins. Hér er því að ræða um eins konar tilfærslu á tekjum og gjöldum samlaganna, og er ætlast til með því, að jafnvægið í því efni haldist nokkurn veginn óbreytt, þegar öllu er á botninn hvolft.

Annars vil eg geta þess, að tilgangur okkar með þessum brtill. er alls ekki sá, að spilla fyrir framgangi þessa máls eða á nokkurn hátt hindra það, að sjúkrasamlög geti komist á fót og þrifist. Síður en svo. Og þar sem aðalflytjendur og styðjendur frv. hafa látið það ótvírætt í ljósi, að þessar brtill. geti orðið þess valdandi, að málinu verði stefnt í ófæru og framgangi þess spilt, þá viljum við ekki halda þeim fram til streitu.

Jón Magnússon: Eg get vel skilið það, að slíkar brtill. komi frá mönnum, sem vilja yfirleitt fara gætilega í fjármálum, því að því verður ekki neitað, að frumv. þetta fer fram á talsverð fjárframlög úr landssjóði. En fyrsta hálfan mannsaldurinn hygg eg ekki, að landssjóðstillagið geti orðið mjög mjög tilfinnlegt. Frumv. er mjög gott, og eg er þess fullviss, að það ber góðan árangur, sérstaklega fyrir efnaminni stéttir landsins. Eg er háttv. flutn.m. brtill. því mjög þakklátur fyrir það, að hann hefir tekið tillöguna aftur, því að eg lít svo á, að verði fjárframlag landssjóðs ákveðið nokkru minna en frv. fer fram á, þá komi það að litlu eða miklu minna gagni en vera ætti og þörf er á. Landssjóðsstyrkurinn er eftir frumv. miklu lægri en tíðkast í öðrum löndum, t. d. í Danmörku og Þýzkalandi er framlagið 3 kr. á hvern mann, sem í sjúkrasamlaginu er. Eg held því, að það verði ekki nein tilfinnanleg byrði fyrir landssjóð, að minsta kosti ekki fyrst um sinn, þó að ákvæði háttv. Ed. um upphæð styrksins sé haldið. Hitt veit eg, að komist lögin á, verða þau að ómetanlegu gagni, og það auðvitað helzt efnalitlu fólki. Það hefir sýnt sig hjá öðrum þjóðum, þar sem þessi samlög eru orðin mjög algeng, að margföld blessun hefir orðið að þeim tiltölulega litla ríkissjóðsstyrk, sem þau hafa notið.

Eg þarf svo ekki að tala meira um frumv. Það hefir fengið góðar undirtektir, og eg vona, að það verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 760 tekin aftur.

Frumv. í heild sinni samþykt með 13 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá alþingi.*

Sala prestsseturs.

FRUMVARP til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Fyrsta umr., 5. apríl (A. 366).

Sigurður Gunnarsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til kirkjujarðasölunefndarinnar.

Pétur Jónsson: Eg er því samþykkur, að máli þessu sé vísað til nefndar, en eg vildi þó óska þess, að í þetta mál og næsta mál á dagskrá yrði skipuð sérstök nefnd. Það er ekki af því, að eg á nokkurn hátt vantreysti þeim mönnum, sem sæti eiga í kirkjujarðasölunefndinni, en eg hefði þó heldur kosið, að kunnugir menn þar norður frá fjölluðu um þetta mál. Það er samt ekki svo að skilja, að eg sé með þessu að benda á sjálfan mig sem heppilegan í nefndinni. Annars hefði eg ástæðu til að tala nokkuð um málið, en með því að eg býst við því, að það gangi hindrunarlaust til 2. umr., get eg geymt mér það þangað til þá.

Eg vil því leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í þetta mál.

Benedikt Sveinsson: Eg er alveg samdóma háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að þörf sé á kunnugum mönnum til þess fjalla um þetta mál, en til þess þyrfti ekki að kjósa nýja nefnd; það virtist nægilegt, að kirkjujarðasölunefndin bætti við sig tveim mönnum.

Sigurður Gunnarsson: Það var að eins hið sama og háttv. þm. N. Þing. (B. Sv.) tók fram, sem eg vildi sagt hafa. Eg vil því mæla með, að nefndin bæti við sig tveim mönnum, og vil leyfa mér að benda henni á þá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), því þeir hæfa vel í þá nefnd.

Pétur Jónsson: Eg fell þá frá uppástungu minni um 5 manna nefnd, í því trausti, að kirkjujarðasölunefndin bæti við sig tveim kunnugum mönnum í þessu máli.

Björn Sigfússon: Sem formaður þessarar nefndar, sem lagt hefir verið til að frv. verði vísað til, vil eg lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún er fús á að bæta tveim mönnum til í nefndina, þm. N.-Þing. og þm. S.-Þing.

ATKV.GR.

Samþykt með 14 atkv. að vísa málinu til kirkjujarðasölunefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 26. apríl (A. 366, n. 715).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg hygg ekki þörf á langri framsögu í þetta sinn. Vona eg að frumv. verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Önnur umr., 28. apríl (A. 366, n. 715).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Þetta mál fékk svo góðar undirtektir við 1. umr., að eg býst ekki við, að eg þurfi að tala mikið fyrir því í þetta sinn, enda hafa legið svo góð skjöl og skilríki um málið fyrir þinginu, að eg vona að flestir þingmenn hafi getað áttað sig á því. Húsavík er nú þorp með 600 íbúa og hefir þannig fyrir löngu náð þeirri fólkstölu, sem þarf til þess að geta myndað sérstakt sveitarfélag. En nú er svo mál með vexti, að lóðin, sem þorpið stendur á, er eign prestakallsins, og er nú með frumv. þessu farið fram á, að heimild verði veitt til þess, að selja hreppnum það af prestssetrinu, sem lóðin stendur á, ásamt landi jarðarinnar, sem nær eingöngu er bithagi. Aðaltilgangur frv.

er sá, að þorpið geti átt sína eigin lóð; en undan sölunni er þó skilið tún og hús prestsetursins, sem presturinn á að hafa framvegis. Enginn þarf að óttast, að prestssetrið verði svift neinum þeim jarðargæðum, svo sem engi, sem eftirsjá er að. Túnið er gott, en því heldur presturinn, en engjarnar eru rýrar og ónýtar. Landið er kjarngott heiðarland, sem lengi vel hefir verið lítið notað af prestinum, og hrjóstrugur gripahagi, sem mest gengur til beitar kaupstaðarhestum sveitamanna. Kúahagi því lélegur. Ennfremur fylgir í sölunni réttur prestsins til lóðarfisks og loks þorpslóðin sjálf. Lóðargjöldin eru allmikil, og því vill þorpið kaupa lóðina svona háu verði. Að minni hyggju ætti svo að vera alstaðar, að hvert þorp ætti sína eigin lóð. Nú mætti segja, að enga nauðsyn bæri til, að selja annað en lóðina, en eg hygg, að það væri óhagfeldara, því prestinum er betra að vera laus við innheimtu á þeim reitingstekjum, sem hann hefði af landinu. En fyrir sínar skepnur á hann að hafa frjálsa beit ókeypis eftir sem áður. Eg hygg einnig, að presturinn sé fús til sölunnar, ef hann að eins fær það sem hann áskilur sér, sem sé 1000 kr. á ári, og býst eg við, að hann hafi haft svo vaðið fyrir neðan sig, að hann skaðist ekki á þessu. Þegar þess er gætt, hvaða upphæð presturinn áskilur sér, þá virðist, að 25 þús. kr. séu fullhátt verð fyrir jörðina.

Nefndin hefir komið fram með eina breyt.till., sem fer í þá átt, að ekki eingöngu túnið og húsið, heldur einnig kúgildin séu undanskilin sölunni. Brtill. þessi er sprottin af því, að presturinn hefir áskilið sér að fá að halda kúgildunum, meðan hann heldur brauðinu. Hann hefir fækkað fé sínu og væri honum því ef til vill óþægilegt að láta þau af hendi nú. Eg vil ekki leggja á móti þessari brtill., en þó get eg ekki talið þetta skilyrði heppilegt, og vildi eg heldur, að stjórnarráðinu væri heimilað að selja kúgildin, því að eg býst við, að þeir prestar, sem framvegis verða á Húsavík, vilji heldur vera lausir við þau. Eg hefi samt engan ágreining vilja að gera út úr þessu, enda er mér þetta ekkert kappsmál, en vil að eins óska, að frumv. verði samþykt.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil að eins tala örfá orð viðvíkjandi kúgildasölunni. Mér virðist varhugavert, ef sú stefna væri tekin upp, að selja jarðir með ákveðinni kúgildatölu, án þess að þau fylgi með. Venjulega er einmitt mikið tillit tekið til kúgildanna, þegar jarðir eru metnar. Hér er að ræða um 36 ær, leigan eftir þær er naumast of hátt sett nál. 80 kr. og má af því sjá, hvað mikið verð jarðarinnar ætti að hækka, ef kúgildin fylgdu með. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók fram, að presturinn hefði komið upp með þetta, en eg verð að álita það óheppilegt frá sjálfs hans sjónarmiði, því honum væri betra að fá nokkru meiri peningaupphæð árlega; og það get eg ekki tekið til greina, að hann eigi nú bágt með að skila af sér kúgildunum, því að einhverntíma hlýtur að því að koma, að hann eða bú hans verði að gera það. Eg vildi að eins benda á, að þetta gæti verið varhugavert.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil eg taka það fram, að eg efast ekki um, að presturinn á Húsavík *getur* skilað af sér kúgildunum, ef hann vill. Hann hefir að eins áskilið sér að mega hafa not af kúgildunum sína tíð, en þar með er ekki sagt, að þau gætu ekki fylgt með í kaupunum. Eg hefi sjálfsagt tekið þetta of ógreinilega fram áðan.

Jón Þorkelsson: Eg skal geta

þess, að eg hefi verið í nefnd þeirri, er skipuð var í mál þetta, og samdi eg nefndarálitið. Hefi eg því sökum sammæla í nefndinni ekki viljað leggjast á móti sölu þessarar jarðar, enda þótt eg sé, eins og eg oft hefi tekið fram áður, mótfallinn kirkju- og þjóðjarðasölu hér á landi.

Hér er nú að ræða um, að kauptúnið í Húsavík fái kauparétt á jörðinni og það talið kauptúninu áríðandi, og þessvegna hefi eg ekki viljað vera á móti þessari sölu með öllu. Þingið hefir reyndar áður neitað að selja jarðir þó líkt stæði á, svo sem Sauðá, sem kauptúnið Sauðárkrókur stendur á og gæti því þótt undarlegt, að vilja víkja frá þeirri stefnu nú. Sá er þó hér munur, að forkaupsréttur ábúandans á Þorvaldsstöðum er hér ekki í vegi, því að ábúandinn kvað vera á sveit. En forkaupsréttur ábúanda Sauðár var því til fyrirstöðu að hægt væri að selja hana kauptúninu, þegar það mál lá fyrir. En presturinn í Húsavík hefir nú sett þau skilyrði, að nokkur hluti túnsins ásamt húsum og 6 kúgildum væru undanskilin sölu þessari og því hefir nefndin komið með viðaukatillögu í þá átt og því að eins að hún verði samþykt, mun eg greiða frumvarpinu atkvæði.

Björn Sigfússon: Mér þykir ástæða til að geta þess, að fyrir mér hefir vakað í nefndinni, að verð jarðarinnar Húsavíkur væri of lágt sett, ef kúgildin væru með í kaupinu. Nú er því svo varið, að verð það, að upphæð 25,000 kr., er farið er fram á að jörðin verði seld fyrir, stendur heima við lóðargjöldin í kauptúninu Húsavík, eins og þau eru nú, eða því sem næst. Það eru nokkrar líkur fyrir því, að jörðin hækki í verði, þar eð lóðargjöldin munu aukast við nýjar lóðaútmælingar. En þó að líkur séu til, að eftirgjaldið kunni að aukast eftirleiðis, er eg samt sem áður ekki á móti því, að kauptúnið fái jörðina keypta, af því það er svo mikilsvert fyrir það, að geta ráðið yfir hinu óræktaða landi, sem nú er og skifta því niður til ræktunar handa þurrabúðarmönnum. Gæði þess og verðmæti mundu vaxa stórkostlega við það, að þorpsbúar leggi fé sitt og vinnu í ræktunina, en þá eiga þeir líka að njóta verka sinna, og er það landssjóði skaðlaust. Haldi landssjóður áfram að vera eigandi, mundu leiguliðarnir miklu síður beita sér til að rækta þetta land.

Frsm. (Pétur Jónsson): Út af ummælum h. 2. þm. Húnv. (B. S.) vil eg leyfa mér að benda á, að verð það, að upphæð 25 þús. kr., er farið er fram á að jörðin sé seld fyrir, er miklu hærra en það er nokkuru sinni áður hefir verið boðið í hana. Presturinn hefir áskilið sér að hafa 1000 kr. tekjur af andvirði jarðarinnar. Þetta áskildi hann sér 1907, þá er Húsavík var í sem mestum uppgangi. Og hefir hann þá ekki einungis haft fyrir augum tekjur þær, er jörðin gaf af sér, heldur einnig vonina um tekjuauka, sem við blasti í nálægri framtíð, því að hann hefði ekki ákveðið þessa upphæð, nema því að eins, að hann hefði haft vaðið að skaðlausu fyrir neðan sig. Nú eru 1000 kr. 4% af 25 þús. kr. og 5% af 20 þús. kr. Þorpið getur ekki keypt jörðina dýrara en 25 þús. kr., því að það fær hvergi lán fyrir minna en 5% vöxtum af þeim hluta, sem borga þarf strax. Kaupin geta því ekki borið sig fyrir þorpið, fyr en það hefir náð þeim vexti og viðgangi, er presturinn hefir gert ráð fyrir. Hann hefir fyrst seinna sett það skilyrði að kúgildin væru ætluð sér til nota sína tíð. Hefir hann líklega ætlað sér að hafa þetta í þokkabót. Það er naumast hægt að gera mikið úr þessu. Vona eg að háttv. þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík verði með frumvarpinu og

minnist þess, að bærinn hér átti ekki þá lóð, er hann stendur á, heldur landið, og galt ekki hátt verð fyrir hana, því hún var gefin.

ATKV.GR.

Breytingartillaga á þgskj. 715 sþ. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Sigurður Sigurðsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Frumv. sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 1. maí (A. 802, 825, 826).

Hálfdan Guðjónsson: Seinast þegar mál þetta lá hér fyrir deildinni, þá tók eg það fram, að óheppilegt væri, þegar um sölu á landssjóðsjörðum eða fasteignum prestlaunasjóðs væri að ræða, að salan færi svo fram, að kúgildi þau, sem jörðunum fylgdu, væru undanskilin kaupunum, það væri mjög óheppilegt, að greina í sundur sjálfa jarðeignina og kúgildin og það gæti leitt til þess, að kúgildin yrðu hin mesta hermdargjöf, eða að minsta kosti völt eign og óarðvænleg fyrir eigandann þ. e. landssjóð, að halda þeim eftir, þegar fasteignin væri seld frá þeim. Það hefir verið venja, þegar fasteign hefir verið metin, að jarðeignin ein væri ekki lögð í höfuðstól, heldur líka sú upphæð, er svaraði sem höfuðstóll til kúgildaleigunnar, þannig að jarðaverðið hefir verið metið bæði eftir landskuld og kúgildaleigum. Í þessu tilfelli yrði þetta nokkuð öðruvísi en vanalega, því að hér er um kaupstaðar- og byggingarlóð að ræða, svo að ef til vill munaði það ekki tiltölulega jafnmiklu og vant er á verðinu, þó að kúgildi væru undanskilin kaupunum. En það er reglan, sem ekki á að takast upp, þó skaðlaust væri í þessu tilfelli. Það gæti orðið vont fordæmi síðar meir, enda fór atkvæðagreiðsla svo við síðustu umr. hér í deildinni, að kúgildin skyldu fylgja með í kaupunum. Það hefir því vakað fyrir mér, að jarðarverðinu yrði breytt við þessa umræðu, því að það getur ekki hafa verið meiningin, að sletta kúgildunum ofan á borgunarlaust. Eg hefi þessvegna leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 825, sem felur það í sér, að kúgildin fylgi með í kaupunum og jarðarverðið hækki sem því svari. Eg hefi þó farið nokkuð lægra en verðlagsskráin, og reiknað kúgildiseftirgjaldið 80 kr. Til þess mundi svara 2000 kr. verðhækkun, því að 80 kr. eru rentur, sem svarar til þess höfuðstóls. En nú hefir framkomið viðaukatill., sem fer fram á það, að verðið hækki að eins um 600 kr. Þó að eg vildi nú gera miðlun og fara dálítið lægra, þá finst mér samt, að þetta geti ekki náð nokkurri átt, að meta 36 ær til vaxta að eins á móti 600 kr. Þessvegna verð eg að mæla á móti þessari till., en ef farið hefði verið nokkru hærra, t. d. 1500 kr., þá hefði eg ef til vill, til þess að hindra ekki framgang málsins, getað gengið að því, en svona mikilli lækkun get eg ekki greitt atkvæði.

Að svo stöddu skal eg ekki fara fleiri orðum um málið, fyr en eg heyri einhverjum mótmælum hreyft.

Framsm. (Pétur Jónsson): Eg er samþykkur efni breyt.till. á þgskj. 825, að rétt sé að láta kúgildin fylgja með í kaupunum, eða þau a. m. k. gengju inn í eign hreppsins, þegar núverandi prestur skilar brauðinu af sér, en hitt að hækka söluverðið um 2000 kr., fyrir það að kúgildin fylgja með, get eg ekki séð að rétt sé og hygg, að stafi af misskilningi. Þess verður líka að gæta, að stjórnin hefir rétt til að setja það verð á jörðina, sem hún álítur hæfilegt, eftir upplýsingum þeim, sem hún aflar sér. Þetta er sjálfsagt að stjórnin geri og eg hygg, að ástæðulaust sé, að vantreysta henni í því efni. En verði jarðarverðið hækkað til muna, eg tala nú ekki um, ef það verður hækkað um 2000 kr., eins og till. fer fram á, þá er það áreiðanlegt, að það verður frágangssök fyrir hreppinn að ganga að kaupunum. Þetta lágmark, 25,000 kr., er í hæsta lagi, þorpið er ekki svo efnað, að það geti lagt mikið fé árlega í sölurnar fram yfir þær tekjur, sem hreppurinn kemur til að hafa af jörðinni.

Það er fyllilega nóg fyrir jörðina 25 þús. kr. bæði eftir virðingu og eftir því, sem hún gaf af sér 1907. Síðan 1907 hefir atvinnurekstri og efnahag manna farið aftur í Húsavík. Þar hefir orðið sá árekstur, eins og annarstaðar, að horfurnar eru þar lakari nú en þá, lóðargjöldin aukast ekki því aðstreymi fólks þangað er stöðvað og nýbyggingar sömuleiðis. Ef deildin vill auka við verðið, má ekki fara hærra en verði kúgildanna nemur, en hæsta verð á kúgildi er í Húsavík 100 kr. Því má ekki fara hærra en eg geri í brtill. minni, það er að bæta við 600 kr. Það er eðlilegt, að þorpið vilji fá þá lóð, sem er byggingarlóð, og óþægindi að því, að salan dragist. Meðan jörðin er í varðveizlu prestsins er örðugt fyrir hreppsbúa að hugsa til um ýmislegar umbætur, sem gera þarf, vegi o. fl., sem hækkar lóðina í verði, án þess þorpið njóti þeirrar verðhækkunar sjálft. Þorpið leiðir því þesskonar umbætur hjá sér sem mest, meðan svona stendur; má og benda á það, að það er víst, að þorpið hefði lagt í bryggjugerð þá á sinn kostnað, sem fjárveitingin á fjárlagafrumvarpinu er ætluð til, en ekki privatstofnun aðallega.

Hálfdan Guðjónsson: Það, sem fyrir mér vakir með tillögu minni, er það, að þegar búið er að selja jörðina, eru eftir 6 kúgildi; með þau verður presturinn að vefjast, og geta vandræði orðið að því. Eg álít það tekjumissi fyrir prestlaunasjóðinn, að selja kúgildin á 600 kr. Þegar prestaskifti verða næst, mun sá prestur, sem við tekur, verða látinn taka kúgildin fyrir 80 kr. afgjald upp í laun sín. Það er enginn vafi á því, að næsti prestur verður að sætta sig við að taka kúgildaleiguna á 80 kr. upp í laun sín. Verði þessi 6 kúg. aftur á móti seld fyrir 600 kr., þá hefir prestlaunasjóður, sem í rauninni er sama sem landssjóður, að eins rentur af þeirri upphæð eða sem svarar 24 kr. upp í laun prestsins. Það nær því engri átt að selja kúgildin fyrir öllu minna en 2000 kr., sem svarar til 80 kr. afgjalds miðað við 4%.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 826 sþ. með 14:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson.
Stefán Stefánsson.	

Atkv. greiddu ekki Bened. Sveinsson, Jón Ólafsson, Þorleifur Jónson, og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

1. brtill. á þgskj. 825 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen.	Þorleifur Jónsson.

Jón Ólafsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. Jón Jónsson N.-Múl. var fjarverandi.

Að því búnu var málið tekið út af dagskrá.

Framh. 3. umr., 3. maí (A. 802, 825, 826).

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 825 teknar aftur.

Frumvarpið sþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sala á Sigurðarstöðum.

FRUMVARP til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahólahreppi.

Fyrsta umr., 5. apríl. (A. 401).

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Eg vil leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar og næsta máli á undan (um sölu Húsavíkur og Presthóla).

ATKV.GR.

Samþykt með 16 shlj. atkv. að vísa málinu til kirkjujarðasölunefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 26. apríl. (A. 401, n. 714).

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Um þetta frumvarp er ítarlegt nefndarálit á þgskj. 714. Þykir mér engin þörf að skýra frumv. að þessu sinni framar en þar er gert. Óska, að frumv. gangi til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv.

Önnur umr., 29. apríl. (A. 401, n. 714).

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg hefi ekki miklu við nefndarálitið að bæta. Eins og það ber með sér, hefir frú Guðrún Björnsdóttir ábúðarréttinn á jörðinni og dóttir hennar hefir óskað kaups á jörðinni. Og þegar það mál lá fyrst fyrir sýslunefnd Þingeyinga (2. júní 1909) var ekkert álitið því til fyrirstöðu, að jörðin yrði henni seld. En þegar íbúar Presthólahrepps fengu að vita þetta, héldu þeir fund og var þess þá óskað í einu hljóði af nærfelt öllum atkvæðisbærum mönnum, að jörðin yrði ekki öðrum seld en hreppnum, með því þeir töldu engan stað jafn hentugan þar í sveit til skólaseturs. Þegar svo málið kom til sýslunefndar aftur 25. apríl 1910, þá lagði hún á móti því, að ábúanda yrði seld jörðin og mælti með því, að hreppurinn fengi hana keypta til skólaseturs, eins og hreppsbúar höfðu óskað. Síðan sótti oddviti hreppsins um þetta til stjórnarráðsins, og gerði hann sér ferð hingað suður í fyrra vor og átti tal við þáverandi ráðherra, sem tók einkar vel í þetta mál og taldi sjálfsagt að jörðin yrði seld hreppnum. Þetta fórst þó fyrir, þegar

til kom, með því að stjórnarráðið taldi ekki næga heimild til sölunnar og tók þá hreppsnefndin það ráð að fara fram á það við stjórnina, að hún legði frumvarp fyrir þingið, sem veitti þessa heimild. Þetta hefir nú stjórnin ekki gert, þrátt fyrir hin fögru ummæli ráðherra í fyrra vor; en kjósendur mínir í Presthólahreppi hafa til vonar og vara skorað á mig að bera þetta fram hér, ef stjórnin legðist það undir höfuð, og það hefi eg gert. Eins og menn vita er það eitt atriði meðal annars, sem veitir undanþágu frá venjulegum ákvæðum laganna um sölu kirkjujarða, að því er snertir forkaupsrétt leiguliða, ef jörð er þannig í sveit komið, að sýslunefnd telur hana vel fallna til skólaseturs og sé eg því ekki, hvað ætti að skorta á fulla heimild til þessarar sölu. En fyrst stjórnarráðið hefir ekki getað litið þannig á málið sem heimildin væri skýlaus, þá hefi eg nú borið þetta frumv. fram hér, og nefndin, sem málinu var vísað til, er öll samdóma um það, að rétt sé að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það liggur fyrir, utan að því, að hún leggur til, að kaupverðið sé hækkað úr 6600 kr. upp í 7500 kr. Það getur nú verið, að hitt væri nær sanni, en þó hefir meiri hluti nefndarinnar verið á því, eftir þeim upplýsingum og skýrslum, sem fengist hafa frá kunnugum mönnum um kosti jarðarinnar, að ekki muni frágangssök að kaupa hana fyrir 7,500 kr. svo að þótt eg álíti raunar hina upphæðina nægilega háa, þá mun eg ekki gera ágreining út af þessu, enda vona eg að frumvarpið verði þá samþykt óbreytt að öðru leyti.

Jón Magnússon: Það hefir komið til tals að selja þrjár jarðir þarna, hvora rétt í grend við aðra, nefnilega Ærlækjarsel, Presthóla og Sigurðarstaði. Fyrst þegar átti að selja Ærlækjarsel, þá mátti það ekki fyrir sveitarstjórninni, því það þurfti að vera skólajörð. Svo þegar ábúandinn vildi kaupa Presthóla, þá þurfti að hafa skóla þar, og loks þegar ábúandinn á Sigurðarstöðum vildi kaupa þá jörð, þá var það einmitt hún, sem var orðin allra nauðsynlegust til þess að hafa fyrir skólajörð. Eg skal nú sem fæst um það segja, hvort líklegt sé, að þar í sveit verði settur upp heimavistarskóli. Eg veit, að þarna býr myndarfólk og vel færi um að halda uppi skóla, en litla trú hefi eg samt á því, að úr því verði fyrst um sinn. Þetta eru fámennar sóknir; í Presthólasókn munu vera eitthvað 10 börn á skólaaldri, í Asmundarstaðasókn — svo að alt prestakallið sé tekið með — munu þau vera nokkuð fleiri.

Það sem ræður samt mestu um atkvæði mitt um tillögur nefndarinnar, sem eg verð algerlega að vera á móti, er réttur ábúanda, og getur hvorki alþingi né stjórnarráð selt jörðina öðrum en ábúanda, nema hann vilji ekki nota forkaupsrétt sinn eða geti ekki. Veit eg ekki til, að þessu sé öðru vísi háttað um jarðir, sem eru almannaeign, heldur en um einstakra manna eignir.

Sveitarfélaginu ætti að vera það nóg, að jörðin verður ekki seld, og getur þá landsstjórnin alt af tekið til greina þörf sveitarinnar, að óskertum rétti ábúanda.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg býst við að þetta, sem h. þm. Vestm. (J. M.) sagði um þessar mörgu skólajarðir í Presthólahreppi, sé sprottið af ókunnugleika, þar sem hann er að setja aðrar sveitir í samband við þetta mál, til þess að gera það sem tortryggilegast. Presthólar koma auðvitað ekki til greina sem skólajörð, ef skóli verður settr á Sigurðarstöðum, enda hefir þingnefndin mælt með sölu þeirra til ábúanda, svo óþarft var að blanda þeim í þetta mál. Eg veit ekki, hvort Skinna-

staðahreppur hefir viljað fá Ærlækjarsel eða Ærlæk fyrir skólajörð, — læt ósagt um það — enda kemur það ekkert því máli við, hvaða jörð Ásmundarstaðahreppur vill fá fyrir skólajörð handa sér og er talað út í hött.

Háttv. þingmaður sagði, að ekki væri nema 10 börn á skólaaldri í Presthólasókn, en þótt það kynni að vera rétt, þá sannar það ekkert um það, að skólasetur sé óþarft, því að skólinn á jafnframt að vera fyrir Ásmundarstaðasókn og játaði þingmaðurinn, að hann vissi ekki um barnafjölda þar. — Mér hefir heyrst sumir bera brigð á, að Sigurðarstaðir væri vel sett skólajörð fyrir báðar sóknirnar, en til þess að taka af öll tvímæli skal eg strax geta þess, að þessi jörð liggur einmitt á miðri Sléttu nærri sóknamótum, svo að jafn hægt er fyrir báðar sóknirnar að sækja þangað og nota skólann. Um heimangönguskóla getur auðvitað ekki verið að ræða í svo víðlendum og strjálbygðum sveitum.

Háttv. þm. vildi gera lítið úr því, að búendur Presthólahrepps mundu vilja setja á stofn skóla að sinni. Um það getur hann ekkert vitað og engu spáð, og úr því að þeir óska þess einum rómi, að fá jörðina keypta til þess að setja þar skóla, þá ætti að vera meira mark á því takandi heldur en bláberum getgátum bráðókunnugra manna hér.

Fullyrðingarnar um það, að þingið sé að skerða rétt leiguliða, ef það samþykki frumvarpið, ná engri átt. Kaupréttur leiguliða er einmitt þannig takmarkaður með lögum, að hann kemur ekki til greina, ef hann ríður í bága við þarfir almennings, eins og hér á sér stað, úr því að þessi jörð álízt hentug fyrir skólajörð. Mér sýnist málið liggja ofurljóst fyrir, en þó hefir stjórnarvöldunum verið ógreitt um úrskurðina, sem kemur víst mest af því, að allfast hefir verið sótt málið af hálfu kaup-aðila. Eins og nú stendur verður því ekki komist hjá því að þingið taki í strenginn og leiði málið til lykta til þess að afstýra frekari þrætum og láta sveitarfélagið ná rétti sínum.

Eg vil benda á það, að hér liggur fyrir deildinni annað mál áþekt þessu, sala Húsavíkur; þar er að vísu dálítið öðru máli að gegna, en eg sé þó ekki neitt frekara á móti því að selja þessa jörð en hana, og eg ímynda mér að háttv. deild játi, að jafnvel þótt ekki beri að hagga ósanngjarnlega rétti einstakra manna, þá verði þó öllu fremur að líta á hag sveitarfélagsins.

Jón Þorkelsson: Það er svo um meðferð þessara mála í héraði, að hún sýnist varla með öllu kapplaus. Að minsta kosti efast eg ekki um það, að því er til Presthóla kemur, að þar er ekki kapplaust af hálfu hreppsnefndar gagnvart prestinum. Hvorki eg né nefndin sáum ástæðu til þess að ábúandi Presthóla fengi ekki kaup á þeirri jörð. Báðar jarðirnar, Presthóla og Sigurðarstaði, sem liggja í einum hreppi, Presthólahreppi, þykist hreppsnefndin þurfa að fá undir skóla. Það sýndist þó varla mjög líklegt, að nauðsyn sé á því, að heimta báðar jarðirnar fyrir skólajarðir, þótt hreppurinn sé stór, enda liggja Presthólar ekki heppilegar fyrir þann hluta Núpasveitar heldur en kauptúnið í Kópaskeri; þar sýnist einmitt vera eðlilegasti staðurinn undir skóla, og því ástæðulaust að neita klerki um kaup á Presthólum. En þótt nokkurt kapp hafi verið í ýmsum mönnum við prestinn lengi, þá er nú málunum þó þar komið, að nefndinni hefir ekki sýnst annað fært, en að fara eftir því, sem sýslunefnd og hreppsnefnd og hvað annað af háum völdum norður þar hafa fram borið viðvíkjandi Sigurðarstöðum.

Því verður ekki hnekt, að samkvæmt lögum frá 1907 virðist jörðin hafa öll

þau einkenni, sem gera það ómögulegt, að selja hana ábúanda að svo stöddu. Nú hefir sýslunefnd og hreppsnefnd og hreppsmenn allir sagt, að Sigurðarstaðir séu heppileg jörð til skólahalds. En í annari grein laganna, sem um þetta fjalla, er ennfremur gerð undantekning, að því er snertir jarðir, sem álítast heppilegar til sundurskiftingar í grasbýli, og hefir sýslunefndin heldur ekki látið það kyrt liggja, að hér væri einmitt um slíka jörð að ræða. Og það ætla eg illmögulegt eftir lýsing jarðarinnar, að neita því, að hún er vel fallin til þessa, þótt hún að vísu sé hrjóstrug. En þótt hreppurinn hafi sótt svo fast að fá þessa jörð keypta, þá er nefndin samt í engum minsta vafa um það, að hún verður að sætta sig við það, að núverandi ábúendur — en það eru mæðgur tvær, sem heima eiga hér í Reykjavík, — njóti lífstíðarábúðar, og verði þeim ekki þaðan hrundið, svo að hreppurinn getur ekki haft nein afnot jarðarinnar fyr en ábúðinni er sagt lausri eða lokið. Eg heyri nú að önnur af konum þeim, sem hér er um að ræða og byggingu hafa á jörðunni, sé í þann veginn að gifta sig og setjast þar að. Hún er ung, svo að ekki eru líkur til, að hreppnum notist að jörðunni næstu þrjátíu til fjörutíu árin. Eigi að síður væri það ósanngjarnt að varna hreppnum kaupsins, ef honum sýndist sér gagn að því, en á hinn bóginn verður ekki riftað byggingarskilmálum ábúenda, sem hafa byggingarbréf sitt frá prófasti upp á lífstíð. Sá böggull fylgir því skammrifi. Þetta var nefndinni ljóst, þegar hún léði þessu frumv. fylgi sitt. En annars er þetta mál svo vaxið, eftir gögnum þeim, sem hér liggja fyrir, að það hefir verið báðum málsaðilum kappsmál, bæði ábúendunum að komast að eign á góðri jörð, en ekki síður sýslunefndinni, sem fyrst hafði ekki lagt á móti ábúendunum, en sá sig svo um hönd, eftir að hreppsmenn höfðu risið upp gegn sölunni, og lögðust svo bæði á eitt til þess að fá jörðina keypta til skólahalds og sundurskiftingar, sem nú og fæst, — það er að segja þegar ábúendurnir eru úr sögunni.

Jón Magnússon: Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sneiddi að mér fyrir ókunnugleik, en leiðrétti þó ekkert einasta atriði af því, sem eg sagði, enda var það alt rétt. Eg sagði, að eg væri ekki viss um barnatöluna í þessum sveitum, en það er ekki heldur hún, sem fyrir mér vakir aðallega, heldur hitt, hvort heimilt sé að selja jörðina, áður en ábúandi fer úr byggingunni. Eg bið menn að líta í lögin og segja síðan, hvort þeir hyggi leyfilegt að selja öðrum en ábúanda. Ef menn eru ekki alveg vissir um, að rétt sé að selja jörðina, án þess að ábúandi eigi kost á að nota forkaupsrétt, þá á ekki að gera það. Það er ekki heimilt að selja ábúanda jörðina, ef sýslunefndin mælir á móti; en það er engu spilt, þótt landssjóður eigi hana áfram, og ekki rétt að þingið búi til lög, sem skerða rétt einstaklingsins. Hér liggur ekkert á. Jörðin verður ekki seld ábúendum, eins og nú stendur, og það má láta hana undir skóla, hvenær sem sýnt er, að þess sé þörf, þótt landssjóður eigi hana.

Annars er eg fyrir mitt leyti mótfallinn allri þjóðjarðasölu, svo það er enn ein ástæða fyrir mig til að vera á móti till. nefndarinnar. Og eg get alls ekki tekið til greina óskir héraðsmanna að þessu leyti, því síður sem mig grunar, að þær séu sprottnar af missætti manna á milli, sem lengi hefir brytt á norður þar.

Pétur Jónsson: Eg veit ekki, hvað þessir menn hafa hugsað sér undir niðri, en hitt er víst, að sótt hafa þeir um kaup á jörðinni fyrir hreppinn og maður hefir ekki leyfi til að ætla, að

þeir meini annað með því, en þeir segja, — að þeir ætli sér að hafa hana fyrir skólajörð — og eg mótmæli því, að sýslunefndin hafi haft nokkur undirmál.

Eg er yfirleitt á móti allri þjóðjarðasölu, nema til sveitarfélaga og er því einnig á móti því, að þessi jörð sé seld öðrum.

Hannes Hafstein: Þegar um það er að ræða, að alþingi veiti með sérstökum lögum heimild til að selja þjóðjarðir, sem stjórnarráðið getur ekki selt, af því að það kemur í bága við ákvæði þjóðjarðasölulaganna, þá virðist mér verða að gera greinarmun á því, hverjir þeir meinbugir eru, sem sölunni eru til fyrirstöðu. Sé salan óheimil vegna þess, að hún er talin koma í bága við hagsmuni þess opinbera, þá er rétt að alþingi dæmi um ástæður — en sé um réttindi privatmanna að ræða, er alt öðru máli að gegna. Þar hefir alþingi ekki rétt að dæma, heldur verður þar að fara eftir þeim lögum, sem gilda um þetta efni. Með lögunum um forkaupsrétt leiguliða, hafa ábúendur þjóðjarða öðlast rétt, sem ekki verður frá þeim tekinn endurgjaldslaust, samkvæmt almennri grundvallarreglu laga, sem jafnan hefir verið fylgt, einnig hér á þingi. Eg sé ekki neina knýjandi ástæðu til þess að gera nú undantekning frá þeim lögum.

Eg verð því eindregið á móti því, að að hreppnum sé seld umrædd jörð, nema ábúandi afsali sér forkaupsrétti.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Mig stórfurðar á lögspeki hinna háttv. lögfræðinga í þessu efni; það virðist sem þeir gleymi alveg lögunum um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907. Í 2. gr. þessara laga er það skýrt tekið fram, að ábúandi hafi ekki forkaupsrétt ef jörðin sé hentug til almenningsnota. Skal eg með leyfi forseta lesa upp nefnda grein. Hún hljóðar svo:

»Heimild þessi (þ: til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýli þeirra) nær *eigi* til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða *að dliti sýslunefndar*, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, *fyrir skóla*, sjúkrahæli eða til annara almenningsnota« (o. s. frv.) — — — »eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiftingar milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skifti«.

Hvað þarf frekari vitna við? Eru ákvæðin ekki nógu ljós?

Þessi lög hafa alveg eins mikinn rétt á sér, eins og lögin um forkaupsrétt leiguliða, enda verð eg að benda hinum háttvirtu lögvitringum á það, að samkvæmt 5. gr. þeirra laga á sveitarfélag forkaupsrétt hverrar jarðar að ábúanda frágengnum.

Nú er lögbannað að selja ábúanda þá kirkjujörð, sem sýslunefnd álítur hentuga til skólaseturs og gengur hann því að sjálfsögðu frá. Það væri þá kynlegur lagaskilningur, að halda því fram, að sveitarfélagið hefði forkaupsrétt hverrar jarðar í hreppnum að frágengnum ábúanda, *nema það væri skólajörð*, þ. e. jörð sem *sérstök* ástæða er einmitt til að hreppurinn eigi. — Það þarf býsna »lærða« lögfræðinga til þess að koma með þvílíkar lokleysur.

Jón Þorkelsson: Eg skil ekki vel í lögspeki hinna háttv. lærðu lögfræðinga, þm. Vestm. (J. M.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) í þessu máli. Frá mínu sjónarmiði horfir málið svo við, að alls ekki megi selja þessa jörð ábúanda, og spursmál um það, hvort eigi að selja hreppnum jörðina. Mér er sem sé grunur á því, að hér sé ekki alt heilt um vælt í héraði. Það hafa verið undanfarið talsverðar væringar þar nyrðra gegn Halldóri prófasti Bjarnarsyni —

sem mér er góðkunnur að gömlu lagi — og grunur minn er sá, að hreppsbúum sé ekki svo ýkjamikið kappsmál að fá jörð þessa sem skólajörð, heldur hitt að þeir vilja ekki, að séra Halldór né skyldfólk hans fái jörðina.

Hér held eg, að hið snjallasta sé, að sá hafi brek sem beiðist, og það er Presthólahreppur, en ábúandi sé þar óáreittur og angurlaus, meðan hann lifir, ef hann svo vill.

Að öðru leyti er máli þessu svo varið, að annaðhvort verður að selja hreppnum jörðina eða neita um sölu á henni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þótt þeir séu miklir lögfræðingar háttv. 1. Rvk. (J. Þ.) og þm. N.-Þing. (B. Sv.), legg eg þá ekki að jöfnu að lagaþekkingu og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og þm. Vestm. (J. M.). Það er augljóst, að stjórnarráðið hefir ekki heimild til að selja öðrum en ábúanda jörðina.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg skal ekki eyða mikið fleiri orðum að þessu frv. Mér finst lítið nýtt hafa komið fram í málinu, þó að svo margir lögfræðingar og stjórnvitringar hafi talað á móti því. Eg sé ekki annað en skýr lagaboð liggi fyrir og eg kýs heldur að fara eftir þeim en hártogunum lögfræðinga, sem ef til vill hefir ekki verið skýrt rétt frá málinu. Ef sýslunefnd álítur eina jörð vel fallna til þess að verða skólajörð, þá er alveg heimildarlaust að selja hana ábúanda.

Þar sem einn háttv. þm. sagði, að hreppurinn hefði engan hag af því að kaupa jörðina, þá vísa eg þeirri fullyrðingu á bug sem markleysu, og verð að álíta, að hreppurinn viti það betur sjálfur, hvað honum er fyrir beztu, heldur en hinn háttv. þingmaður. Eg veit ekki til, að hann sé neinn fjárráðamaður né forráðamaður fyrir gjaldendur í Presthólahreppi. Býst eg því við, að háttv. deild meti meir rökstudda beiðni frá hreppsbúum, heldur en hjal ókunnugra manna, sem aldrei hafa stigið fæti sínum í héraðið.

Að öðru leyti skal eg nú ekki fara fleirum orðum um málið.

Jón Magnússon: Eg ætlaði bara að leiðrétta það, sem virðist standa öfugt í þeim háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Lögin um forkaupsrétt leiguliða eru almenn lög, en lögin um sölu kirkjujarða eru að eins heimild, sem stjórninni er veitt í vissum kringumstæðum. Og lögin um forkaupsrétt leiguliða segja það skýrt, að jörðin, sem á að selja, skuli altaf fyrst boðin leiguliða til kaups. Þetta er svo skýrt ákvæði, að mig furðar á því, að háttv. þingm. skuli ekki geta skilið það. Að öðru leyti hygg eg, að málið sé orðið fullrætt og skal ekki eyða frekari orðum að því.

Pétur Jónsson: Mér er ekkert kappsmál um þetta mál, en mér virðist eins og oftar skilningur lögfræðinganna á lögunum nokkuð undarlegur, ef ekki »absurd«. Eg treysti mér ekki til lögskýringa, en eg ætti að geta lagt orð í belg um meininguna í þessum lögum, því að eg hefi verið með í því að semja bæði þjóðjarðasölulögin og forkaupsréttarlögin.

Eg skal skýra mönnum frá, hvað stendur í þeim lögum, sem háttv. þm Vestm. (J. M.) var að vitna í til þess að sýna hvaða endileysa yrði úr ákvæðunum, ef skilningur hv. lögfræðinga væri réttur. Þar stendur svo, að jarðeign, sem er í byggingu og gangi kaupum og sölum, skuli fyrst boðin leiguliða til kaups o. s. frv. Nú er opinber eign, sem ef til vill er búið að byggja á skólahús, föluð til kaups af sveitinni, sem á skólann. Þessa jörð má ekki selja leiguliða eftir 2. gr. í þjóðjarðasölulögunum. Ef alþingi nú samþykti lög um sölu þessarar jarðar til sveitarfélags, ætti líklega eftir

meiningu hv. lögfræðinga að bjóða hana fyrst ábúanda til kaups. En til hvers? Ekki má selja *honum* jörðina, úr því hún er beint ætluð til opinberra nota. Það liggur í augum uppi, að þessi jörð er undanskilin sölu eftir hugsun laganna, og enginn einstakur maður getur átt né eignast kauprétt á henni Og það er undarlegt, þó bókstafur forkaupsréttarlaganna kunni að hljóða í þá átt, að teygja þau í beinan bága við önnur lög. Lögfræðingar geta gert annað þarfara.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 714 samþ. með 12 : 3 atkv.

Frumv. sjálft á þgskj. 401 samþykt með 14 : 7 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 7 atkv.

Þriðja umr., 1. maí (A. 810).

Jón Magnússon: Það varð talsverð deila um þetta mál við 2. umr. Sérstaklega var þá gert lítið úr áliti og skilningi þeirra lögfræðinga, sem þá töluðu. Maður þarf nú ekki að kippa sér upp við það, það er svipað og umtalið um skottulækna og lærða lækna. Lögfræðingarnir eiga að missa alment mannvit við það, að leggja fyrir sig laganám. Og annars lítur helzt svo út, að sumir menn ætli, að það sé eina ráðið til að halda fullri greind, að læra ekkert, eða að minsta kosti leggja ekki fyrir sig praktisk fræði. Eg skal annars ekki fara að deila um það atriði, en vildi að eins benda hv. deild á líkt mál og þetta, sem lá hér fyrir þinginu í hitt eð fyrra. Það var frumv. til laga um sölu á jörðinni Kjarna. Þá var heimildin á sölu jarðarinnar til Akureyrarbæjar einmitt með tilliti til laganna um forkaupsrétt leiguliða bygð á því, að ábúandinn á Kjarna hafði afsalað sér forkaupsrétti sínum. Það er nú kannske ekkert undarlegt, þó að menn greiði atkvæði nú á móti því, sem þeir bygðu á þá — þingið er svo skipað, að maður kippir sér ekki upp við slíkt. Eg hefi í þessu efni leitað upplýsinga hjá lögfræðingi, sem mjög mikið hefir átt við lík mál og þetta, og hann var mér alveg samdóma um það, að alþingi hefði ekki leyfi til þess að selja Sigurðarstaði öðrum en ábúanda og traðka rétti leiguliða, nema eiga á hættu að verða að borga leiguliða skaðabætur. Eg get ekki sagt það með fullri vissu, en mér þykir sennilegast, að dómstólarnir mundu dæma ábúandanum skaðabætur, ef jörðin væri seld öðrum en honum; þess vegna vildi eg gera mitt til þess að mæla á móti því, að alþingi eigi hér nokkuð á hættu. Það getur í rauninni ekki verið neitt kappsmál fyrir sveitarfélagið; jörðin verður ekki seld öðrum, eins og nú stendur, og ef hreppurinn þarf á henni að halda fyrir skóla, þá er hún til boða þar til auðvitað, ef ábúendaréttur er ekki til hindrunar.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Mig furðar á því ofurkappi, sem hv. þm. Vestm. (J. M.) sýnir í þessu máli, bæði við fyrri umræður og nú. Eg get ekki skilið, hvernig hann fer að tala um skaðabætur til handa ábúanda, þar sem það er sagt berum orðum í lögunum um sölu kirkjujarða, að ábúandi skuli alt af hafa forkaupsrétt, *nema sýslunefndin álíti jörðina nauðsynlega fyrir skóla* o. s. frv. Og það liggur fyrir skriflegt skjal frá sýslunefndinni um það, að hún álíti jörðina heppilega skólajörð, og mælir jafnframt með því, að hreppurinn fái hana keypta. Hvernig getur ábúandi þá haft rétt til skaðabótakröfu? Mig furðar það ekki, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) fer nú út af fundinum og flýr af hólmi, þegar

hann sér hve valtur málstaður hans er. Hann hefir talað nóg af sér í þessu máli. Það hlýtur að liggja fyrir hjá honum einhver önnur hvöt í þessu máli en að framfylgja réttum lögum.

Annars var mál þetta útlistað svo vel við 2. umr., bæði af mér og hv. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg sé ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14 : 7 atkv. og afgreitt til Ed.

Sala á Presthólum.

FRUMVARP til laga um sölu á kirkjujörðinni Presthólum í Presthólahreppi.

Fyrsta umr., 5. apríl (A. 437).

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Eg sting upp á að vísa þessu máli til sömu nefndar og næsta máli á undan (um sölu Húsavíkur) var vísað til.

ATKV.GR.:

Samþ. með 13 shlj. atkv. að vísa málinu til kirkjujarðasölunefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 26. apríl (A. 437, n. 712).

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Fyrir þessu frv. er gerð grein í nefndaráliti á þgskj. 712. Það horfir svo við, að samkvæmt breytingu á skipun prestakalla verður jörðin ekki prestssetur eftir næstu prestaskifti. Núverandi Presthólaprestur, síra Halldór prófastur Bjarnarson, hefir sótt um að fá jörðina keypta. Sýslunefndin í N.-Þingeyjarsýslu hefir lagt á móti sölunni, með því að jörðin mundi að líkindum verða nauðsynleg til opinberra afnota, og stjórnarráðið því ekki viljað selja.

Nefndin hefir ekki séð neina sérlega annmarka á sölunni, en með því að ekki liggja fyrir nein skjöl um málið, nema beiðni prófasts að fá hana keypta, þá telur nefndin rétt, að stjórnarráðið ráði sölunni. Því skal eg leyfa mér að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

»Í því trausti, að landstjórnin taki þetta málefni til íhugunar og gefi ábúanda Presthóla kost á kaupum á jörðunni, ef ekkert sérstakt reynist með rökum því til fyrirstöðu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Hannes Hafstein: Eg ætla að leyfa mér að gera þá fyrirspurn, hvort það sé meiningin með rökstuddu dagskránni, að *stjórnarráðið* skuli selja jörðina þrátt fyrir mótmæli sýslunefndar, bygð á ákvæðum þjóðjarðasölulaganna.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Það er ekki tilgangurinn, að stjórnarráðið selji jörðina gegn mótmælum sýslunefndar. En málinu víkur svo við, að sýslunefndin hafði gert ráð fyrir, að skóli yrði settur á jörðinni. Síðan hefir verið farið fram á að fá aðra jörð til skólaseturs fyrir hreppinn, og mun vart þurfa að ætla tvær skólajarðir handa hreppnum.

Hannes Hafstein: Heimild stjórnarráðsins til þess að selja þjóðjörð án sérstakra laga, nær ekki til þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar eru hentugar til einhverra þeirra almenningsnota, sem 2. gr. þjóðjarðasölulaganna greinir, og það er ekki hægt að veita stjórnarráðinu þá heimild með þingsályktun eða rökstuddri dagskrá. Það er beint skilyrði fyrir sölunni, að sýslunefndin telji ekkert það til fyrirstöðu, er þessi tilvitnaða lagagrein nefnir, nema því að eins, að sérstök *lagaheimild* komi til.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg geri ráð fyrir því, að ábúandinn fari þess aftur á leit, að fá jörðina keypta. Nú horfir málinu öðru vísi við en áður, og eigi annað líklegt, en

sýslunefndin ljái sölunni samþykki sitt. Fyrir því vill nefndin, að stjórnarráðinu sé salan í sjálfsvald sett.

ATKV.GR.:

Rökstudda dagskráin samþykt með 16 : 1 atkv. og frumvarpinu þar með vikið frá.

Færsla þingtímans.

FRUMVARP til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman.

Fyrsta umr., 17. febr. (stj.frv. A. bls. 84).

Ráðherra (B. J.): Það er stungið upp á í frumv. þessu, að flytja upphaf alþingis frá 15. febr. til 15. maí. Stafar það af, að menn hafa alment kvartað um ýmsa agnúa á tíma þeim, er alþingi nú kemur saman á, aðallega vegna óhægs veðuráttufars á þeim tíma. Hingað til hefir að vísu ekkert slys orsakast af þessu, en nú síðast lá þó við, að tveir þingmenn næðu ekki í tæka tíð til alþingis. Með vetrarþingunum mælir aðallega, að á sumrin er annríki bænda mest heima fyrir, en hér er farið fram á, að færa þingtímann fram til vors; enga sérstaka áherzlu leggur þó stjórnin á, að einmitt sá tími sé valinn, sem hún hefir farið fram á, henni er jafnkær hver tími árs, sem er, en lítur á það eitt, hvað sveitamönnum er hentast.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg geri ráð fyrir að nefnd verði kosin í þessu máli, þó að eg ekki sjái ástæðu til þess og muni greiða atkvæði á móti nefndarskipun, og sömuleiðis móti því, að frumv. þetta verði látið ganga lengra. Engin gild rök hafa komið fram fyrir færslu þingtímans frá því sem nú er. Aðalástæðan, sem færð er fram af hálfu stjórnarinnar, er vond veðurátta og samgönguleysi. Nú vill stjórnin færa byrjun þingtímans til 15. maí, og hélt eg, er eg fyrst sá frumv. stjórnarinnar, að hér væri um prentvillu að ræða, því að eg álít satt að segja, að enginn mundi ófróður um, að samgöngur eru verstar í apríl og maí bæði á sjó og landi, en þegar kemur fram yfir fardaga, má hins vegar fara á landi, þó að ísar banni hafleiðina. Önnur ástæðan til færslunnar er sú, að áhugi sé meðal þingmanna á, að breytt sé til, en þessi ástæða kemur mér öldungis óvænt, því að slíks hefir hvergi verið getið, hvorki á þingi, utan þings né í blöðunum. En ef til vill hefir ákvörðun um þettta verið gerð á flokksfundi meiri hlutans í hitt eð fyrra. Aðrar ástæður hafa engar verið færðar fram; það sannar ekkert, að tveir þingmenn hafi nú orðið tæpt fyrir, slíkt getur ekki síður komið fyrir í maí og á hvaða tíma árs, sem er, ef tefit er á fremsta hlunn og um sjóleið er að ræða. Eg hygg, því að ekki þurfi að færa þingtímann frá því sem nú er; en ef breyta skal, þá mundi ákjósanlegast að láta þing koma saman á haustin, t. d. í seinni hluta nóv. eða þá um um miðsumar, líkt og áður var. Eg er mótfallinn frumv., enda eru nú allar hinar sömu ástæður til að halda vetrarþing, eins og þegar sú lagabreyting var ráðin.

Ráðherra (B. J.): Mér virðist ræða virðul. fyrra þm. S.-Múl. (J. J.) hafa verið alveg óþörf, eg hafði tekið það fram, að stjórnin legði enga áherzlu á hvaða tíma sumars þingið kemur saman. Þingið ræður, hvaða tíma það velur, en vitaskuld má þrátta um, hvaða tími sé hentugastur. Rétt er þó að skipa nefnd, það mun ekki valda mikilli tímatöf.

Björn Sigfússon: Eg hygg, að réttara sé að skipa nefnd í málið. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) gerði lítið úr örðug-

leikum þeim og töfum, sem orsakast kynnu af þinghaldi á vetrum. Mér finst að hann líti ekki rétt á það mál. Að mínu áliti er fullkomin hætta á, að þm. af Austur- og Norðurlandi komist alls ekki á þing í janúar- og febrúarmánuði. Eins og allir ættu að vita, hafa á þeim tíma oft verið þar svo mikil illviðri og snjóalög, að ókleyft er öðrum en mestu göngugörpum eða skíðamönnum. Nú er það ekki svo, að allir þeir, sem kjósendur telja hæfasta til þingsetu, séu slíkir skíðamenn eða göngugarpar, að þeir séu vel fallnir til slíkra ferðalaga. Hvað samgöngum á sjó viðvíkur, þá er aldrei hættara við ströndum og öðrum óhöppum, en einmitt um þann tíma árs. Við þetta bætist svo það, að þingið verður miklu dýrara á vetrum en sumrum, bæði fyrir þingmenn sjálfa og landið alt. Hér er því um óþarfan kostnað að ræða, sem sjálfsagt er að spara, þegar ekkert gagn kemur á móti.

Enn verður að taka hér fleira til greina, sem ekki er lítilsvert, t. d. er kennarastétt landsins útilokuð frá þingsetu, meðan vetrarþing eru haldin, og má þó ætla, að sú stétt geti lagt til hæfa þingmenn, einkum þegar fram líða stundir og sú stétt verður betur mentuð. Alþýðukennarar eru allir bundnir við starf sitt fram í maí, kennarar við æðri skóla eru bundnir ennþá lengur. Að vísu sitja skólameistarinn frá Akureyri og lagaskólastjórinn á þessu þingi, en ekki er mér nein gleði að að sjá þá hér. Þeir eur ekki mikils virði fyrir skóla sína, ef það er skaðlaust, að þeir sitji hér á þinginu og feli öðrum starf sitt við skólana.

Sú ástæða hefir verið færð vetrarþingunum til gildis, að hægra væri fyrir bændur að sitja á þeim, því að á sumrum mættu þeir ekki vera að heiman. Þetta er stór misskilningur, það er alveg gagnstætt. Eg veit engan tíma hægari fyrir bóndann að hverfa frá heimili sínu en einmitt sláttutímann. Það er af því, að þá eru heimilisstörfin svo eindregin og óbrotin, ekkert annað en heyskapurinn. Þessvegna er miklu hægra að fá góðan mann til að segja fyrir þeim störfum en vetrarstörfunum; vitanlega verður að borga manninum hátt kaup. Á vetrum og vorum eru verkin margvíslegri, og vandfengnari góður maður til að gegna þeim og hafa umsjón t. d. með skepnuhirðing og öðru, sem þá kemur fyrir. Á vorin eru byggingar, jarðabætur o. fl. o. fl., sem bóndinn vill helzt sjálfur hafa umsjón með. Hann getur ekki gefið öðrum forskrift fyrir því svo vel fari. Þessi ástæða er því ekki mikils virði. Hún er þveröfug við það, sem rétt er. Eg hefi talað við marga bændur um þetta, og þeir hafa yfirleitt verið á þeirri skoðun, að vetrar- og vorþing séu til hindrunar þingsetu bænda. Af því sem eg nú hef sagt, er það auðsætt, að eg get ekki fallist á það í stjórnarfrv., að þingið byrji 15 maí, enda hélt hæstv. ráðherra því ekki fram.

Þótt mál þetta sýnist ekki umfangsmikið, álít eg samt réttara, að nefnd sé kosin í það, eins og eg sagði í upphafi.

Sigurður Sigurðsson: Mér kemur mjög á óvart þetta frumv. stjórnarinnar, sem nú er til umræðu. Satt að segja hefi eg eigi orðið var við óánægju með þingtímann, sem nú er lögákveðinn. Eg minnist þess, að á síðasta þingi heyrði eg að eins einn þingmann kvarta yfir vetrarþingi, en að öðru leyti er mér ókunnugt um, að menn séu óánægðir með fyrirkomulagið sem er. Mér er einnig óskiljanlegt, að bændur skuli telja annan tíma hentugri fyrir sig til þingsetu, og furðaði mig því á ummælum háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) í þessu efni, slíkur búhöldur sem hann er.

Heyskapartíminn er jafnan kallaður aðalbjargræðistími bændanna. Og svo er það einnig í raun og veru. Aðrir

tímar ársins geta einnig heitið svo, ef þeir eru réttilega notaðir, en slátturinn er þó og verður jafnan hvað þýðingarmestur, þegar á alt er litið. — Þeir sem kannast við það, að sjálfs er höndin hollust, verða að viðurkenna með mér, að þá megi bændurnir sízt vera að heiman. Sumartíminn er því, að minni hyggju einkar óhentugur til þingsetu, þegar ræða er um sveitabændur alment.

Háttv. þm. hafa fært það sem ástæðu á móti vetrarþingum, að þá sé erfitt að ferðast. Það getur vitanlega komið fyrir. En hversu oft ber það ekki við, að menn sitja teptir, jafnvel í maí, bæði á landi, vegna veðurs og vatna, og eins í sjóferðum vegna hafíssins.

Minna má á það í þessu sambandi, að póstar fara vanalega allra ferða sinna að vetrinum. Það getur vitanlega komið fyrir, að þingmenn tefjist á leiðinni til þings. En hingað til hafa þeir ekki sett sér svo takmarkaðan ferðatíma, þegar miðað er við ferðareikninga þeirra, að vert sé að gera mikið úr þessu. Áætlun skipanna, sem eiga að taka þingmennina, er oft óhaganleg, og svo ber það einnig við, að þau fara inn á hafnir, sem ekki eru á áætlun og seinkar það ferðinni. En þetta og annað þessu svipað, getur ekki talist ástæða á móti vetrarþingum. Þeir sem ekki treysta sér til þingferða að vetrinum, ættu ekki að vera að hugsa um þingmensku. En annars er eg þess viss, að það mundi fæla marga bændur frá því að gefa kost á sér til þingsetu, ef þingtíminn er færður og því er eg alfarið mótfallinn þessu frumv.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að kennarar landsins væru útilokaðir frá þingsetu með því að hafa þing að vetrinum. Í sjálfu sér hefi eg ekkert á móti því, að kennarar eigi sæti á alþingi, enda eru nokkrir þeirra á þingi, eins og nú stendur. En þótt kennarar séu góðir menn, þá er ekki ástæða til að miða þingtímann við þá. Hér er einnig á það að líta, að ef þingtíminn er færður fram í maí, þá eiga bæði prestar og sýslumenn óhægt með að sitja á þingi. En annars held eg því ekki fram, að þingtíminn eigi að miðast við embættismennina eða hentugleika þeirra. Slíkt nær ekki neinni átt. Það ætti þvert á móti að takmarka, að embættismenn gætu verið þingmenn. Það gæti t. d. komið til greina, að banna öllum dómendum æðri og lægri, þingsetu, þar á meðal sýslumönnum.

Fyrir því vil eg ekki, að þingtíminn sé færður fram á vorið eða sumarið, því það mundi hafa þær afleiðingar, að embættismenn, búsettir í Reykjavík, ættu þá hægra með að gegna þingstörfum. Hins vegar er bændum með því gert erfiðara fyrir að geta sint þingmensku, og á það legg eg mikla áherzlu.

Pétur Jónsson: Hinn lögákveðni þingtími mun hafa verið settur, eins og nú er, einkum vegna bændastéttarinnar, og er þá rétt, ef honum er breytt, að við bændur hér á þingi látum í ljósi, hver tími oss er hagfeldur; því það er óneitanlega rétt, að taka mikið tillit til þeirrar stéttarinnar, sem er fjölmennust. Það er mikið álitamál, hvort bóndanum er heppilegra að vera að heiman um vetrartímann en sumartímann. Ef þingið stendur einungis 2 mánuði er naumast skaðaminni tími fyrir bóndann, en sumartíminn, sá er lengst af hefir verið. En ef tíminn lengist, svo að annaðhvort takist af vori eða hausti, þá getur það verið óbærilegt fyrir bóndann. Eg hefi talsverða reynslu í því, að vera að heiman frá búi mínu, og það er segin saga að vorið og haustið finst mér lang bagalegast að missa frá búi mínu, einkum vorið, þegar fóðurskortur getur vofað yfir, hjúaskifti eru og voryrkjur byrja. Sé þingtíminn t. d. 10 vikur eða lengri

er án efa heppilegast fyrir bændur, að þingið byrji í nóvember eða desember, svo að þeir séu heim komnir af þingi snemma í apríl eða fyr.

Björn Kristjánsson: Af umræðum þeim, sem fram hafa farið um þetta mál, er sýnilegt að mikill ágreiningur er um það, og þegar svo á stendur, virðist fylsta ástæða til að setja það í nefnd. Og þó að frumvarpið sé stutt, þá þarf það grandgæfilegrar íhugunar við.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) álítur heppilegast að alþingi komi saman fyrri part vetrar, í nóvember, en eg er honum ekki samdóma í þessu atriði, því að auk þess sem nefndur tími væri óhentugur fyrir stjórnina, sem alls eigi gæti verið búin að þýða frumvörpin og að fá þau samþykt fyrir árslok, eru, eins og háttv. 2. þm. Hún. (B. S.) tók fram, mörg rök fyrir því, að heppilegast er, að þingið sé haldið á sumrin. Það eru ýmsar stéttir fleiri en kennarar útilokaðar frá þingsetu á veturna, það er einnig t. d. læknastéttin. Læknar eiga næstum ómögulegt með að fá neinn í staðinn fyrir sig á veturna, en aftur á móti geta þeir á sumrin fengið læknaskólastúdenta til þess að gegna störfum sínum fyrir hæfilega borgun. Það er ranglátt að útiloka þannig heilar stéttir frá þingsetu, eins og t. d. læknana. Og eg vil taka fram, að eg álít að ekki væri það óhollara fyrir þingið, þó embættismönnum utan af landi fjölgaði, en að embættismönnum í Reykjavík fækkaði á þingi, að minsta kosti að sama skapi.

Það væri ekki vanþörf á, að veita inn í þingið meira af hinu heilnæma andlega fjallalofti.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að óheppilegt væri að halda þingið á sumrin, vegna þess, að þá væri aðalbjargræðistíminn og að bændur ættu þess vegna ekki heimangengt. En eg álít að, að seinni partur vetrar sé einmitt sá tími, sem sé hættulegastur fyrir bændur að vera frá heimili sínu, því að þá ber stundum heyskort að og þá er sjálfs höndin hollust, þegar útvega skal fóður, ef til vill til láns. Ef fóður þarf við, er það mikill munur, hvort bóndinn sjálfur stjórnar eða vinnumaður hans.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) taldi hægt að ferðast í febrúar. Póstar og aðrir hraustir menn komast vanalega ferða sinna á veturna, en það gera ekki allir. Þingmannshæfileikar og líkamleg hreysti fer oft ekki saman, eins og allir ættu að vita.

Eg á ennfremur eftir að minnast á, hvernig þingmenn standa í sambandi við kjósendur sína á veturna. Ef þing er haldið í febrúar, þurfa þingmenn að halda þingmálafundi í janúar, en slíkt er oft og einatt ómögulegt vegna óveðurs og illrar færðar; þingmenn geta þannig ekki fengið að vita vilja kjósenda sinna; sem dæmi þess vil eg nefna að ýmsir þingmenn gátu alls ekki haldið þingmálafundi í vetur, sumir gátu ekki komist á þingmálafund, sem höfðu boðað hann.

Það ætti því að vera augljóst, að þingtíminn *verður* að vera á þeim tíma árs, að þingmenn geti skömmu fyrir þing sett sig í sem bezt samband við kjósendur sína. Eg er samþykkur því, að þingtíminn sé settur t. d. 17. júní eða 1. júlí, eins og áður var.

Sigurður Gunnarsson. Eg er samþykkur háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um að það þurfi að setja nefnd í máli þessu. Enda þótt eg viðurkenni að ýmsar ástæður hafi verið fyrir því, að þingtíminn var fluttur, þá verð eg að halda því fram, að hinn núverandi þingtími er á mjög óhentugum tíma, þar eð vetrarferðir hér eru mjög erfiðar, hafís, snjór o. fl. getur oft tept ferðir þingmanna og

auk þess verður ferðakostnaður mikill. Að því er sveitabúskapinn snertir, er það enn nauðsynlegra fyrir bóndann að vera heima á veturna og vorin en að sumrinu. Sumarverkin eru að vísu áríðandi fyrir bóndann, en tiltölulega einföld, en aftur á móti er afaráríðandi, að bóndinn sjálfur hugsi vel um bú sitt á veturna, með því að þá er oft hætt við að mikinn vanda beri að höndum, er engum sé hent úr að ráða, sem honum. Hér við bætist einnig, að eg hefi heyrt kennara í Reykjavík segja, að þessi vetrarþing dragi nemendur á skólunum hér frá náminu. Eg hefi ennfremur heyrt, að það þætti vel til fallið að, þá er háskólinn fyrst kemst á, yrði hann haldinn hér í þinghúsinu. Þetta er ekki lítilvæg ástæða fyrir flutningi þingtímans, því það hefir mjög mikinn sparnað í för með sér. Eg fyrir mitt leyti vil helzt hafa þingtímann frá miðjum júní og fram eftir sumrinu og þar næst frá miðjum nóvember og fram eftir vetrinum. Ef ákveðið verður að láta þingið koma saman í júní, legg eg það til, að það verði þ. 17. júní. Stéttir landsins stæðu með þessu móti betur að vígi en áður, enda þótt ekki sé hægt að sigla fyrir öll sker. Að því er bændurna snertir gætu þeir, að eg hygg, fult svo vel unað þessu, enda ekki svo mikið af þeim á þingi, að vel mætti tala þeirra þar fara vaxandi. Að svo mæltu held eg fast við tillögu mína um að nefnd verði sett í málið.

Þorleifur Jónsson: Eg hafði ekki búist við því, að þetta frumvarp myndi mæta eins mikilli mótspyrnu, eins og komið hefir fram frá 2 háttv. deildarmönnum. Þeir segja, að breyting á þingtímanum sé með öllu óþörf, með því, að þessi þingtími, sem nú er, sé hentugur, og allur landslýður mjög ánægður með þann tíma. En eg held mér sé óhætt að fullyrða, að þeir séu mjög ókunnugir skoðunum landsmanna í þessu máli, ef þeir álíta, að landslýður sé mjög ánægður með vetrarþingin.

Eg held að óhætt sé að segja, að strax 1907, þegar þingtíminn var færður til 15. febr., hafi óhug slegið á marga menn. Alþing hafði alla leið framan úr fornöld verið háð að sumarlagi, og aldrei komið verulegar kvartanir yfir því, að sá tími væri óhentugur, og fyrst í stað gátu menn víst ekki alment skilið, hver bót væri að breyta þar eldgamalli venju.

Nú hafa menn fengið reynsluna í þessu máli og hún er sú, að vetrarþingin eru að öllu leyti mjög óheppileg, og eg veit fyrir víst, að menn víða um land eru mjög óánægðir með þau.

Aðalástæðan fyrir því, að færa þing til vetrarins, átti að vera sú, að bændur ættu mikið hægara með að sitja á þingi þá, heldur en um sumartímann, og enn heyrist mér það aðalástæðan hjá þeim háttv. þingmönnum, sem risið hafa á móti þessu frumvarpi. Þeir þykjast enn bera þar hag bændanna fyrir brjósti, þeir þykjast vita betur en bændur sjálfir, hvað þeim er fyrir beztu. En sannleikurinn er sá, eftir minni skoðun, að seinni partur vetrar og fram á vor, er sá tími, sem er langhættulegastur fyrir bændur að yfirgefa bú sín. Þá þarf hina nákvæmustu umsjón á heyjum og búpeningi, því að eftir því, hve nákvæm hirðing er þá á skepnum og hve vel heyjum er hagtært, fer að mestu leyti afkoma bóndans á vorin, og er því í raun og veru erfiðara að fá mann til eftirlits um það leyti, sem getur sett sig inn í alt ásigkomulag, viðvíkjandi beit og fóðrun og allri meðferð fénaðarins, heldur en að fá mann til að stjórna heyverkum, því að þar kemur lítið til greina mismunandi ásigkomulag jarða.

Menn halda því líka fram, að ódýrara sé fyrir bændur að fá vetrarmann,

en mann um sumartímann. En af því að umsjónarmenn á vetrum eru vandfengnari, þá er hætt við að kaup þeirra verði líka nokkuð hátt.

Bændur verða líka að fá manninn nokkuð löngu fyrir þingtímann, til þess að hann geti fengið glögga hugmynd um, hvað gera skal, meðan húsbóndinn er að heiman. En til heyskaparverka þekkja flestir og verða því ekki vandræði úr að fá góðan mann til að segja fyrir þeim verkum.

Þá mælir það móti vetrarþingum meðal annars, að ferðalög eru mjög erfið þá og getur vel farið svo, að þingmenn komist ekki í tæka tíð. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) var að minnast á póstana, að þeir kæmust þó altaf ferða sinna, og ekki væri meiri vandræði fyrir þingmenn að komast áfram en þá. Þetta gæti verið mikið rétt hjá honum, ef þingmenn væru valdir með því einu fyrir augum, að þeir væru röskir og duglegir til landferða, en með því yrði ef til vill mörgum aldurhnignum og heilsulinum mönnum, sem þó geta verið nýtir menn, meinuð þingseta.

Auk þessa má geta þess, að vetrarferðir á landi verða svo miklu dýrari, en ferðir á sumrin, því þá geta allir notað gufuskipaferðir.

Líka má geta þess, að vetrartíminn er víða því nær ómögulegur til þingmálafundarhalda. En allir vita, hve nauðsynleg er samvinna þingmannsins og kjósendanna, og eins hitt, að kjósendum sé gefinn kostur á að láta álit sitt í ljósi á hinum ýmsu þjóðmálum, áður en þing kemur saman. En með vetrarþingum er þeim nær varnað þess.

Óánægja er og manna á meðal út af því, að á vetrum geta sveitamenn miklu síður komist til Reykjavíkur. En á sumrum skreppa menn hingað með strandferðabátunum og myndu þá hafa ánægju af að sjá og heyra þingið í 2—3 daga, þótt ekki sé lengur. En eins og nú er, fá menn engar fregnir af þingi vikum eða mánuðum saman og geta því miklu síður fylgst með gerðum þess. Nú er þingið að eins fyrir Reykjavík, en sveitamenn verða að þessu leyti útundan. A vetrum verða og miklar tafir af helgunum, páskavikan t. d. fellur úr. Ennfremur verður þingmönnunum þingsetan miklu dýrari á vetrum; bæði húsaleiga og margar aðrar lífsnauðsynjar eru þá í hærra verði, og þótt margir býsnist yfir sex króna kaupi þingmanna, þá mun það þó ekki gera meira en hrökkva til á vetrin.

Vel getur verið, að sá tími, sem frv. ákveður, sé ekki heppilegur — hagfeldara mundi, að þing byrjaði í júní, því að þá kæmust bændur heim til búa sinna, áður heyönnum væri lokið.

Áðan var þess getið, að með núverandi fyrirkomulagi væri kennarastétt landsins útilokuð frá þingsetu og væri það til stórskaða, þar sem ein hin mentaðasta stétt landsins á í hlut og á hverju þingi liggja fyrir ýmiskonar mentamál, sem nauðsynlegt er, að hafa skólamenn í ráðum með. Þessi núverandi þingtími er að eins góður fyrir Reykvíkinga, öllum öðrum er hann óhagfeldur.

Eg vil því mæla með, að nefnd verði kosin í málið, til þess að athuga það vel.

Sigurður Sigurðsson: Enda þótt ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir frumv., séu léttar á metunum, get eg þó ekki stilt mig um að fara um þær örfáum orðum, einkum þar sem hinir háttv. ræðumenn aðallega hafa beint máli sínu til mín.

Það hefir verið sagt út af því, sem eg mintist á póstana, að þeir væru ungir menn og hraustir, en sannleikurinn er sá, að þeir eru sumir hnignir að aldri og ekki heilsusterkir.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) talaði um

erfiðleika þá, sem nú eru á að halda þingmálafundi, en ekkert er hægara en að halda þá á haustin, t. d. í nóv. Í öðru lagi var þess getið, að margir fundir hefðu farist fyrir í haust, af því að þingmenn hefðu ekki getað sótt þá. En hvaða þingmenn voru það? Það voru þeir þingmenn, sem búsettir voru í Reykjavík(!) Og er það eitt meðal annars vitni um, að það er neyðarúrræði fyrir sveitahéruð, að sækja þingmenn sína til Reykjavíkur.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) gat þess, að bændum væri ómissandi að vera heima að vetrinum. En ef menn gæta þess, að afla vel heyja á sumrin, og setja skynsamlega á, þarf ekki að hræðast veturinn, heldur má þá taka undir með skáldinu:

„Þá gengur vetur garð þinn í
sem gamall trygðavinur".

Sami þm. hélt því og fram, að hugmyndin um að halda háskólann í þinghúsinu, mælti með frv. En okkur liggur sannarlega á einhverju öðru meir en háskóla. Meðan bændur safna skuldum í gríð og kvartað er um horfelli og margvíslegar aðrar misfellur á hag landsmanna, virðist háskólastofnun ekki vera bráðnauðsynleg. En jafnvel þó svo væri, þá er hægt um húsnæðið, því ekki þarf annað en innrétta loftið í mentaskólanum til að byrja með fyrir háskólann.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hélt því fram, að sveitamenn væru útilokaðir frá því að fylgjast með í því, sem gerðist á vetrarþingunum. Í hitt eð fyrra voru þó fleiri gestir hér um þingtímann en nokkru sinni áður. Og bændur leika sér ekki um sláttinn að því að fara til Reykjavíkur og hlusta á það, sem fram fer í þingsalnum. En fyrir þá, sem vilja láta útlendinga, sem ekkert skilja, hlusta á sig, er sumartíminn hentugastur.

Undarleg er sú ástæða, að menn geti ekki eins vel fylgst með störfum vetrarþings. Nú er þó símasamband komið á við flest héruð landsins, er eigi var áður, og póstgöngur svipaðar sumar og vetur. (*Þorleifur Jónsson:* En strandferðaskipin). Hvað þeim viðvíkur veit eg ekki til annars en blöð og tímarit liggi á viðkomustöðunum þangað til landpóstar hirða þau.

Eg skal nú ekki þreyta hv. þingdm. lengur. Þær ástæður, sem fluttar hafa verið fram fyrir færslu þingtímans eru allar léttvægar.

Að endingu skal eg geta þess, að það var óþarfi fyrir hv. þm. Snæf. (S. G.) að fara að minnast á búfræðinga Búnaðarfélagsins hér í þessu sambandi. Eg hefi þá alls ekki fyrir augum, þegar eg mæli á móti færslu þingtímans, heldur lít eg þar á, hvað hentugast er fyrir bændur.

Sigurður Gunnarsson: Eg mótmæli því kröftuglega, að eg hafi talað um búfræðinginn Sigurð Sigurðsson. Eg hefi að eins talað um stéttir landsins og þá líka minst á búfræðingana. Hinn hv. þm. (S. S.) hefir talað fremur með dugnaði en rökum; sérstaklega tókst honum illa að koma fyrir kattarnef þeirri röksemd, sem eg tel algerða röksemd, að bændum hentar ver að yfirgefa bú sín vetur en sumar. Eg hefi talað við marga bændur um þetta mál, og hafa þeir allir verið á eitt mál sáttir, að fleira væri að gæta á vetrin en sumrin; t. d. er ilt að eiga undir öðrum, ef fóðurskort ber að höndum. Allir, sem við sveitabúskap hafa fengist vita, hve afarnauðsynlegt er, að heyfengnum sé vel varið að vetrinum og beitin skynsamlega notuð, eigi bústofninum, er vel-

sæld heimilisius veltur á, ekki að vera í hættu stofnað. Það er því mun erfiðara að fá sér góðan forstöðumann búss að vetrinum en að sumrinu.

Háttv. þm. misskildi orð mín um háskólann, þau áttu fremur við framtíðina en nútíðina; en út af því sem hv. þm. talaði frekar um háskólann, skal það tekið fram, að háskólalögin eru þó staðreynd, samþykt af alþingi og staðfest af konungi, og komast þau því væntanlega einhverntíma í framkvæmd, þó að það verði ekki ef til vill á næsta ári.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vil enn ráða fastlega til að nefnd verði skipuð.

Jón Þorkelsson: Eg vil mæla með því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, því að það kemur talsvert við annað mál, sem verður borið fram hér á þinginu, en það er stjórnarskrárbreytinguna. Þar er gert ráð fyrir sama þingtíma og áður. Eg vil og ráða til þess, að nefnd sú, er skipuð verður, geri engar ályktanir, fyr en hún hefir borið sig saman við nefndina í stjórnarskrármálinu.

Björn Sigfússon: Mér er nauðugt að lengja 1. umr. meira, enda hefir því flestu verið svarað, sem hv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir haft fram að flytja. Þó vil eg minna hann á, að það er rangt, sem hann sagði, að á síðasta þingi hefði að eins einn þingm. verið *með* færslu þingtímans. Þetta er svo gersamlegt rangmæli eða misminni, að þá var að eins einn þingm., sem hafði á *móti* þingtímafærslunni, þegar um það var talað. Það leyndi sér ekki, að þá strax fundu margir, að misráðið hafði verið að færa tímann frá sumrinu til vetrarins.

Háttv. þm. hefir svo oft talað um vináttu sína til bænda og áhuga sinn á málefnum þeirra, að eg er farinn að trúa, að hann meini eitthvað með því, en ekki finst mér hann gera mikið úr reynslu og áliti mínu eða annara bænda, að því er til þessa máls kemur; má þó undarlegt heita, ef við finnum ekki eins vel hvað okkur hentar eins og hann, sem aldrei hefir í þeirri stöðu verið. Eg hefi nú alllengi fengist við búskapinn, og setið bæði á sumar- og vetrarþingum. Reynslan hefir sannfært mig um það, að hægra er að útvega mann í sinn stað um sumar en vetur.

Hafi eg tekið rétt eftir, mintist hinn háttv. þm. áðan á, að bændum bæri nauðsyn til að vera heima á vorin, ef heyskort bæri að hendi. Með þessu færir hann rök fyrir okkar máli, að síðari hluti vetrar sé óhentugur tími. Það verður litið úr ráðstöfunum fyrir búin á öðru landshorni, meðan setið er hér í Reykjavík eða á heimleið á vorin.

Nú mun flest vera tekið fram þessu máli viðvíkjandi; eg vona að nefnd verði skipuð, en verði málið felt nefndarlaust, þá mun það vekja megna óánægju.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg vil að eins gera stutta athugasemd. Það er nú orðið ljóst af ræðum hv. 2. þm. Árn. (S. S.) og hv. 2. þm. Húnv. (B. S.), að eg hefi haft rétt fyrir mér er eg gat þess til áðan, að þetta mál hefði verið rætt á flokksfundi meiri hlutans, áður en það var lagt fyrir alþingi. Hæstvirtur ráðherra (B. J.) hefir þá hér sem oftar metið meira vilja flokksins en vilja þingdeildarinnar allrar. Fyrir nokkra menn í flokknum hefir hann lagt fram þetta frumv. um færslu þingtímans, en ekki hefir honum dottið í hug að leggja fram frumv. til stjórnarskrárbreytingar, sem þó var skorað á hann að gera af öllum eða nær öllum deildarmönnum. Eg vil taka þetta fram, því þó það sé lítið, lýsir það allvel stjórnarástandinu.

ATKV.GR.:

Samþykt með öllum atkv. gegn 1 að kjósa nefnd í málið.

Kosningu hlutu með hlutfallsfallskosningu:

Sigurður Gunnarsson,
Jón Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 14. marz (stjfrv. A. bls. 84, n. 162.).

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Nefndin hefir ritað ítarlegar ástæður fyrir áliti sínu, og er því óþarft að taka þær upp aftur hér. Eg býst við að umræður verði um málið og verður þá tækifæri til að svara þeim mótbárum, sem fram kunna að koma.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 : 3 atkv.

Önnur umr., 16. marz (stjfrv. A. bls. 84, n. 162, 189, 192).

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Nefndin í þessu máli hefir orðið á eitt mál sátt með tillögur sínar. Það eru 2 brtill., orða- og efnisbreytingar. Nefndin hefir í áliti sínu fært ástæður fyrir þeim, og einnig minst á, hvað móti mælti. Það er því lítil ástæða fyrir mig að fjölyrða um málið, að sinni, eg býst við, að allir háttv. þm. hafi lesið nefndarálitið. Þó skal eg minnast lítið eitt á síðari breytingartillöguna, að í staðinn fyrir »annan samkomudag sama ár«, komi: »annan samkomudag *fyrri* sama ár«. Það munu vera eins dæmi hér, að konungsvaldinu sé heimilað að *fresta* samkomu löggjafarþings fram yfir lögmæltan dag, án samþykkis þingsins. Hitt er annað mál, að leyfa konungi að kveðja þingið saman *fyrri* í viðlögum.

Með því að mér er kunnugt um bollaleggingar stjórnarskrárnefndarinnar um þetta, og það er í ráði að taka upp í stjórnarskrána ákvæði, sem lýtur að þessu, er brtill. fram komin til þess að lögin verði í samræmi við stjórnarskrána. Eg skal ekki fjölyrða meir um málið að sinni, en býst við að talsverðar umræður verði og skiptar skoðanir manna og mun þá svara þeim.

Jón Sigurðsson: Það er rétt hjá háttv. framsögumann (J. Ól.), að skoðanir manna um þetta mál muni vera nokkuð skiftar. Eins og kunnugt er, hefir alþing altaf komið saman 1. júlí, þangað til tvö seinustu þing. 1905 þótti sá tími óhentugur, og var þá samþykt breyting á tímanum í Ed. og gekk það umræðulaust gegnum Nd. Ed. hefir réttilega litið á það, að vetrartíminn er sá tími, sem annir bænda eru minstar og því skaðaminna fyrir þá að fara að heiman en á sumrin, sem er aðalbjargræðis- og framleiðslutíminn. Því var hreyft við 1. umræðu, sem dæmi upp á, hve óheppilegur hinn núverandi þingtími er, að 2 þingm., eg og háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefðu varla komist í tæka tíð á þing. En hér stóð sérstaklega á, það var ólag á ferðum Faxaflóabátsins, sem ekki er hægt að draga neina ályktun af. Og við vorum á réttum tíma á vettvangi, jafnvel þó svona færi. Tveggja ára reynsla hefir og sýnt það, að allir hafa komist til þings, þrátt fyrir vond veður. Verð eg því að álíta, að þessari ástæðu hafi verið beitt af vöntun á öðrum betri. Ef menn vilja fá sem flestar stéttir á þing, er einmitt vetrartíminn sjálfsagðastur. Álitamál gæti auðvitað verið, hvort annar tími vetrar en nú er, gæti verið hentugri, en sumartíminn er óger-

legur, enda hið mesta þroskaleysi að hringla svo með gerðir þingsins á hverju ári.

Því hefir verið hreyft, að óskir hefðu komið fram á seinasta þingi um færslu þingtímans. Eg hefi ekki heyrt þær og býst ei við, að þær hafi mikið fylgi. Þá er enn sú ástæða færð, að alþingishúsið mætti nota fyrir háskólann, ef þingtíminn yrði fluttur. Í fyrsta lagi er nú þess að geta, að háskólinn tekur ekki til starfa fyr en eitthvað fé er veitt til hans, og mér er ei kunnugt, að það hafi verið gert. Virðist því nægilegt að breyta um tímann, þegar féð er veitt. En líka er þess að geta, að þetta hús mundi alls ekki fullnægja þeim kröfum, sem háskólinn mundi gera til húsakynna, og því hætt við, að ekki yrði tjaldað lengur en til einnar nætur, þó háskólinn tæki til starfa hér. Mér finst satt að segja, þegar svo virðuleg og nauðsynleg stofnun og háskóli kemst á, sem vonandi á sér ekki langt í land, hljótum við að reisa honum sæmilegt hús. Þar sem nú sá rekspölur er kominn á iðnað okkar, að hægt er að byggja að miklu leyti úr innlendu efni, verða menn að gæta þess, að því fé, sem til byggingarinnar er kostað, verður ekki kastað í sjóinn, heldur kemur það til íslenzkra iðnaðarmanna sjálfra og hjálpar þeim um atvinnu.

Þá skal eg nú minnast á þá aðalástæðu, sem stjórnin mun hafa haft til þess, að leggja frumv. fyrir. Eins og kunnugt er, var ráðherra mikið áhugamál að fá þingi frestað, til þess að losna við konungkjörnu þingmennina, og var það þá gott vopn og sæmileg ástæða til að bera fram við konung fyrir frestuninni, að stjórnarfrumv. væri á ferðinni um færslu þingtímans. En það varð nú ekkert af þessu, svo það mál er úr sögunni.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) gat þess við 1. umr., að ferðalög væru mikið erfiðari á vetrum og ilt að komast til þings úr kjördæmum. Því er nú svo varið með Austur-Skaftafellssýslu, að ferðalög þaðan eru altaf erfið. Háttv. þm. sagði og, að þótt póstarnir kæmust sinna ferða, væri það engin sönnun fyrir því, að þingmenn gerðu það, því ekki þyrftu þingmannshæfileikar og ferðamannahæfileikar að fara saman. Það er nú mikið rétt, en með póstana er því svo varið, að þeir eru ekki beztu ferðamennirnir. Þeir eru upp og niður, eins og aðrir, því að sú venja er komin á, að starfið er boðið niður og sá fær það, sem lægst býður, hvað sem hæfileikana snertir.

Þessvegna er ekki mikil ástæða að hverfa frá því, sem gert var 1905. Höfuðatriðið er, eins og eg tók fram, að þingtíminn sé valinn svo, að sem flestar stéttir landsins geti setið á þingum og kraftarnir því verið fjölbreyttir. En það er einmitt á vetrin. Reykvíkingum er ef til vill sama á hvaða tíma þing er, vilja kannske helzt sumarþing, en eftir vilja þeirra einna álít eg ekki að eigi að fara í þessu efni. Stjórnarfrv. eins og það er á að fella, enda munu flestir þingmenn vera á móti því, en eg get gjarnan stutt þá breyt.till., að þingbyrjun sé færð til 15. nóv., og mun greiða henni atkvæði mitt.

Sigurður Sigurðsson: Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) gat þess við 1. umr. þessa máls, að það væri ekki nýtt, að það kæmi til orða innan meiri hlutans á þingi, að færa þingtímann. Af því að orðum þessum var beint til mín, en mér gafst ekki tækifæri til að svara því við 1. umræðu málsins, þá verð eg að gera það nú. Það er rétt, að færsla þingtímans kom til orða innan flokksins á síðasta þingi, en það var af alt öðrum ástæðum en þeim, sem nú eru færðar fram með færslunni. Þá var ástæðan sú, að reyna að losna við konungkjörnu þingmennina, því að kjörtími

þeirra var útrunninn seinast í apríl. Þessi ástæða er nú úr sögunni og á því ekkert skylt við málið, eins og það er flutt að þessu sinni. Það er aðallega tvent, sem eg hefi á móti færslu þingtímans. Í fyrsta lagi er óhagur að færa þingið til sumarsins vegna þess, að veturinn er mikið hentugri starfstími fyrir þau störf, sem þingið á að leysa af hendi, sem eru aðallega eða eingöngu skrifstofustörf. Að sumrinu hvarflar hugurinn fremur frá skjalahrúgunni út í sumarnáttúruna og sólarljósið. Og eg hefi svo margoft heyrt menn kvarta yfir, hve leiðinlegt það væri að sitja inni sólbjartan sumardaginn yfir þingstörfum, í staðinn fyrir að vera úti við heyannir og njóta sveitasælunnar í ríkulegum mæli.

Vetrartíminn er því miklu hentugri en sumarið til þeirra starfa, sem hér er um að ræða. Hin ástæðan, sem eg hefi á móti færslu þingtímans, er sú, að bændur eiga miklu erfiðara með að sækja þingið, ef það er haldið að sumrinu. Því hefir að vísu verið mótmælt, en ekki með réttu. Og skal eg til sönnunar því geta þess, að á síðasta kjörtímabili sátu 4—5 bændur á þingi, en nú eru þeir 9. Ef þingtímanum yrði ekki breytt, þykist eg mega fullyrða, að bændunum á þingi mundi fjölga frá því, sem nú er, og það að miklum mun. Þessi breyting, sem hér er farið fram á, mundi því verða til þess, að gera embættismönnum og öðrum lærðum mönnum í Reykjavík hægara að komast á þing en ella. Sumartíminn er sá tími, sem þeir eiga hægast með að sitja á þingi, og mundu þeir því nota sér það, og kappkosta að ná þingsetu og ráða sem mestu á þinginu. Reynslan við síðustu kosningar sýnir bezt, hvernig Reykvíkingar kepptu að því að komast á þing. Og þó eg meti mikils lærðu mennina, þá tel eg illa farið, ef þeim fjölgar mikið fram úr því sem nú er.

En hvað er svo unnið við, að hafa marga slíka menn á löggjafarþingi voru. Að undanförnu hafa þeir verið alt of margir á þingi og ráðið helzt til miklu þar.

Eg þykist mega fullyrða, að ólag það, er nú á sér stað í stjórnmálum, sé mikið því að kenna, hve margir embættismenn og aðrir lærðir menn í Reykjavík hafa tranað sér fram til þings og eiga sæti á því. Það er einmitt valdafíkn, launagræðgi og metorðagirnd þessara manna, sem hefir steypt stjórnmálum vorum í það spillingardjúp, sem þau eru nú í. Það er vafalaust rétt, að allar stéttir landsins eigi sæti á þingi; en það á að vera eftir réttu hlutfalli. Hvaða stétt er fjölmennust? Er það ekki bænda- og verkmannastéttin? Eg veit að engum muni blandast hugur um að svo sé. Ef nú þingbekkirnir væru skipaðir eftir réttu hlutfalli, hygg eg, að þeir embættismenn, kennarar og aðrir lærðir menn, er þar ættu sæti, væru ekki margir. Eg skal einnig geta þess, að mér finst harla undarlegt, að frumv. þetta skuli vera komið fram, þar sem kjósendur víðsvegar út um land hafa ekki látið í ljósi neina ósk um það. Það er að eins eitt kjördæmi, er hefir æskt þess. Frumv. getur því ekki verið komið fram, samkvæmt ósk landsmanna, heldur til þess að réttlæta þetta flan um færslu þingtímans, vegna konungkjörnu þingmannanna.

Í nefndarálitinu er lagt til, að þingið sé haldið á sumrin og er meðal annars sú ástæða færð fyrir því, að 1000 ára reynsla sé þung á metunum. Það er að vísu rétt, að 1000 ára reynsla er þung á metunum, en eg vil þó benda á það, að í fornöld og lengi fram eftir tímum var alls enginn kostur á að halda þingið á öðrum tíma árs en að sumrinu. Ástæðan fyrir því var sú, að bæði vantaði viðunanlegt hús á Þingvöllum, er

rúmaði allan þingheim, og í öðru lagi voru samgöngutækin þá svo ófullkomin, að enginn kostur var að ferðast til Þingvalla öðruvísi en landveg.

Ef þingið yrði flutt á Þingvöll, álít eg rétt að breyta þingtímanum þannig, að þingið yrði haldið á sumrin. En það hefir engin uppástunga komið fram um það.

Ein af ástæðum þeim, er færð hefir verið fyrir flutningi þingtímans, er sú, að nota eigi þinghúsið til háskólahalds. En þó að háskólinn sé falleg hugsjón, hygg eg, að það sé varla tímabært, að setja hann á stofn nú. Hann mundi auka útgjöld landssjóðs árlega um 15—20 þús. kr. Eg hygg, að alþýðan, sem á að borga brúsann, mundi segja, að þetta hefði mátt bíða fyrst um sinn. Það er alkunnugt, að fjárhagur landsins er í ólagi og að menn eru í vandræðum með að kippa honum í lag. En stofnun háskólans er ekki sá vegur, sem leiðir til þess að bæta fjárhaginn, háskóla sem við höfum getað verið án í 1000 ár? Ef háskólinn er aðalástæðan fyrir breytingu á þingtímanum hjá þeim mönnum, sem ætla sér að hefjast upp úr skjalahrúgum og verða prófessorar og docentar, þá met eg hana ekki mikils. Eg álít ekki ráðlegt, að ráðast í að setja háskóla á stofn nú. En ef það yrði gert og þótt hann yrði haldinn í þinghúsinu, hygg eg, að ekki mundi lengi við svo búið standa. Eg þekki svo vel embættismennina, að eg veit, að þeir mundu ekki verða lengi ánægðir með þinghúsið sem háskóla, en mundu heimta nýtt hús. En slíkt hefir mikinn kostnað í för með sér.

Eg skal ekki gera breytingartillögu mína, um að þingið komi saman 15. nóvember, að kappsmáli. En ef þingtíminn verður færður á annað borð, álít eg heppilegast, að hann verði settur 15. nóvember. Sumarið er og verður óhentugur þingtími vegna þess, að það er aðalbjargræðistími landsmanna.

Eg skal svo ekki fara frekara út í þetta mál nú, en vil að eins taka það fram, að eg mun greiða atkvæði með minni tillögu, en á móti öllum hinum tillögunum.

Einar Jónsson: Mér þykir sennilegt, að þótt háttv. þingmenn héldu áfram að ræða þetta mál langt fram á kvöldið, mundi eigi að síður verða ágreiningur um, hvaða tími sé heppilegastur þingtími. Þetta er líka eðlilegt vegna þess, að stéttirnar hér eru svo margar og atvinnuvegir þar af leiðandi mismunandi.

Vér höfum dómarastétt, prestastétt, læknastétt, bændastétt, iðnaðarmannastétt, kennarastétt o. fl. Einni stéttinni er hentugra, að þingið sé haldið á þessum tíma, en hinni á hinum. Ef litið er nú á, hvaða tími er yfirleitt hentugastur fyrir allar stéttir landsins, þykist eg ekki vera í vafa um, að það er einmitt þessi tími. Hann er að vísu mjög óhentugur kennurum og skipstjórum, en er hins vegar hentugastur öllum öðrum, eins og t. d. prestum, dómurum, læknum og bændum. Bændunum er þessi tími hentugastur og ódýrastur. Það er einnig athugandi, að sumartíminn er þreytandi til allra þingstarfa. Sumarsólin og sveitasælan er svo ógleymandi og verða menn þá þreyttir og illa fyrir kallaðir til þess að sitja á þingi eða við önnur þesshättar störf, enda vildu margir einmitt af þeirri ástæðu 1907, færa þingtímann frá 1. júlí til 15. febr. Verði þingtímanum breytt, hygg eg heppilegast, að hann verði settur 15. nóvember. Er eg fyrir mitt leyti mótfallinn öllum öðrum breytingum, eins og t. d. 15. maí og 17. júní. Eg hygg að vísu, að menn munu koma með þá mótbáru á móti 15. nóv., að jólin séu þá í þingtímanum, en því er að svara, að páskarnir eru í hin-

um núverandi þingtíma og tefja að líku skapi sem jólin gerðu annars. Það væri ef til vill hentugt, að láta þingið koma saman 1. nóv., svo að því gæti verið lokið um jólin; mundi þetta því hafa sparnað í för með sér.

Annars eru umræður um þetta mál þýðingarlausar, því að eg hygg, að háttv. þingmenn geti ekki orðið samdóma í því, hvort sem talað er um það lengur eða skemur.

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.: Eg hefi komið fram með breyt.till. við frv. þetta og skal eg leyfa mér að fara fáum orðum um hana. Skal eg geta þess, að skoðun mín á aðalefni þessa máls er, þrátt fyrir breytingartillöguna, óbreytt frá 1. umr. þess. Eg get ekki séð neina ástæðu til þess að breyta þingtímanum og hefir þessi skoðun mín ekkert breytst við að lesa nefndarálitið, því að eg fæ ekki séð, að nefndin færi neinar gildar ástæður fyrir breytingu þeirri, er hún leggur til að gerð verði á þingtímanum. Eg hefi getið þess áður, að þegar á alt er litið, væri heppilegast, að þingið kæmi saman í miðjum nóvember. Skal eg ekki rökstyðja þessa skoðun mína, þar eð 2 háttv. þm. hafa hana einnig og hafa rökstutt hana; skal eg láta mér nægja sú röksemdarleiðsla, þar eð eg felst á hana að mestu leyti. Ef þingtímanum er breytt með tilliti til þess hvað þingmönnum er hentugast, álít eg heppilegast, að þingið komi saman í miðjum nóv. En hins vegar tel eg þessa breytingu ekki svo nauðsynlega að ástæða sé að gera hana, og er eg frumv. mótfallinn. En ef þingtíminn verður færður til sumars, vil eg leyfa mér að mæla með því, að breytingatillaga mín verði tekin til greina.

Nefndin getur þess, að hentugt sé að þingið komi saman 17. júní. En þá séu oft ýmsir farartálmar bæði á sjó og landi. Þetta eru þó ekki svo miklir annmarkar, að þeir séu því til fyrirstöðu, að þingið geti komið saman á þeim tíma, enda þá oftast hægt að fara allra sinna ferða á landi. Eg hygg, að ein ástæðan fyrir flutningi þingtímans sé sú að nota eigi þinghúsið til háskólahalds. Nú er það venja hér við hina æðri skóla, að kenslutíminn endar fyrst síðast í júní, en háskólinn gæti þá tekið til starfa 15. sept. í stað 1. okt. Það væri enginn óhagur né óþægindi fyrir nemendur eða kennara. Þetta eru aðalmótbárurnar á móti því að láta þingið koma saman 17. júní. Hins vegar er 1. júlí alls ekki heppilegur tími, því að hann er mjög óhentugur fyrir bændur. Nú stendur þingið venjulega yfir í 10 vikur og gætu þeir ekki verið komnir heim til sín fyr en seint í sept., en þá verða þeir helzt að vera heima hjá sér vegna ýmsra áríðandi starfa. Þingið má því til að byrja svo snemma, að bændur geti verið komnir heim í miðjum sept.

Þá gæti farið svo, að 17. júní yrði almennur hátíðisdagur um land alt, eins og oft hefir verið hreyft áður, og að því leyti gæti þetta haft almenna þjóðlega þýðing. En sé ekki meiningin að setja háskóla á stofn strax hér í alþingishúsinu, þá álít eg, að betra sé, þegar á alt er litið, að halda þingið að vetrinum og ef það ætti að færa það nokkuð, þá að flytja það til 15. nóv. En ef háskóli yrði settur á stofn, þá játa eg, að það er mikil ástæða og þá eigi að flytja þingtímann, en láta það þó ekki koma seinna saman en 17. júní.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg verð að biðja hina háttv. þingdeild velvirðingar á, þó eg verði dálítið daufur í dálkinn fyrst í stað, eftir að hafa setið eins og vængbrotin æður undir þessum fellibyl, sem skall yfir mig frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.).

Eg skal þá snúa mér að aðalefninu í ræðu hins hv. þm. Árn. (S. S.), sem var, að ef þing yrði haldið að sumrinu, þá mundi alt of mikilll lærdómur og þekking verða hér á þinginu, og að öðru leyti var ræða hans refsiræða á lærdóm og þekkingu og var honum meinilla við, hvað margir lærðu mennirnir væru. Eg býst þó ekki við, að hann vilji halda fáfræðinni í hásæti.

Þegar eg lít yfir deildina, þá sé eg heila tvo embættismenn fyrir utan fjóra presta. Þessir tveir embættismenn eru 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) og þm. Vestm. (J. M.). Þetta er nú embættisvaldið hér í deildinni og ofbýður mér það ekki svo fjarskalega. Prestarnir eru ekki *yfirboðarar* og geta ekki verið það samkvæmt stöðu sinni. Eg held hinn hv. þm. þurfi ekki að bera neinn kvíðboga sakir þess að þingmenn verði of lærðir. En hverja kallar hann lærða? Eru það þeir, sem lært hafa meira, heldur en það, sem stendur í stafrofskverinu og kunna meira í reikningi en fjórar höfuðgreinarnar? Ef til vill kallar hinn háttv. þm. þá lærða, sem tekið hafa próf í einhverri grein? Ef svo er þá eru þeir nokkuð margir hér í deildinni. Og þegar eg lít út yfir salinn, þá verður fyrst fyrir mér h. 2. þm. Árn. (S. S.). Eg skal játa, að eg álít það ekki einkis vert, að búfræðingar hafi sérmentun. Eg vildi þvert á móti óska, að sem mest og fjölbreyttust *þekking* ætti ávalt sæti á alþingi. Fáfræðin, sem sannarlega getur líka átt sér stað meðal svo nefndra »lærðra« manna, svo búfræðinga sem annara, er hvorki sómi né gagn alþingis. Eg get því ekki lagt svo mikið upp úr þessari árás hans á lærdóminn.

Ef við lítum á nefndina, sem fjallaði um þetta mál, þá sátu í henni 3 menn: einn bóndi, einn prestur og einn embættislaus og próflaus maður, sem heima á í Reykjavík. Þessir menn vilja, að þing komi saman á sama tíma og áður. Það er ekki eftir stéttum, sem menn greinir á. Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, greindi bændur mjög á um það, hvenær heppilegast væri, að þing kæmi saman. Sýnir það, að hér greinir menn ekki á eftir stéttum, heldur eftir persónulegri reynslu. Hér þýðir því ekki að fjölyrða um röksemdir. Í þessu máli fara menn eftir því, sem þeim hefir reynst hollast og happadrjúgast. Það eru að eins tvær stéttir manna, sem eiga óhægt með að sitja á þingi að sumrinu. Önnur þeirra, sjómannastéttin, á jafn erfittt með að sitja á þingi nú og þó þing væri haldið að sumrinu. Það skyldi þá vera að hún gæti setið á þingi, ef það væri haldið að haustinu. Hin stéttin, sem á óhægt með að sitja á þingi að sumrinu, er ráðunautastéttin. Ráðunautastéttin þarf að vera á ferðalagi á sumrum og á því óhægt með að sitja á þingi, ef það væri haldið að sumrinu til. En ef einn maður úr þessari fámennu stétt, nyti þess trausts, að að vera kosinn á þing — það hefir skeð — þá ætti hann að geta fengið mann fyrir sig til þess að ferðast um. Eitt, sem mælir með því að halda þing að sumrinu, er sparnaðurinn. Það yrði mun ódýrara að halda það þá, en að vetrinum. Það yrði ekki smáræðis ljós- og hitasparnaður. Annars er mér þetta ekki kappsmál. Þó álít eg ógerning að ákveða samkomudaginn 15. maí. En get felt mig bæði við 15. nóvember og 1. júlí.

Þá vill vinur minn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) láta þing koma saman 17. júní. Við ræddum það í nefndinni, en þótti það litt gerlegt. Mig minnir, að h. þm. S.-Þing. (P.J.) hafi sagt mér að það hafi komið fyrir, að hesta hafi orðið að fella síðast í júní, hvað þá heldur fyrri hluta

júnímánaðar, því þá er gróður minni. Hafís getur líka tálmað ferðum fyrst í júnímánuði.

Þó meir en 7. hver landsbúa eigi heima í Reykjavík, þá höfum við ekkert tillit tekið til þeirra, sem þar búa, en aðeins haft þá fyrir augum, sem þurfa að takast langa ferð á hendur til þess að komast á þing.

Eg get fallist á það, sem flutningsm. breyt.till. á þgskj. 189 tók fram, að skólar gætu byrjað 15. sept. og hætt 15. júní Það væri ekert því til fyrirstöðu, að svo yrði, það væri á valdi umboðsvaldsins að haga svo til.

Eg álít það hafi ekki mikla þýðingu, að *ræða* um kosti og galla samkomudags þingsins. Þar fer hver eftir sinni eigin skoðun og reynslu.

Þá hefir það verið haft á móti því, að þing kæmi saman 15. nóvbr., að jólin muni fresta þinghaldinu um eina viku. Það gerir páskavikan núna. Það er engin brýn *nauðsyn* á að vera heima um jólin; það er að eins óskin um að vera á heimilinu meðal sinna, og svo auðvitað hin þjóðlega löngun í hangiketið og magálana, sem gerir það að verkum, að menn vilja endilega vera heima um jólin. En hangiketið gætu þeir nú alveg eins jetið hér.

Eg get ekki verið á sama máli og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um, að ef þing kæmi ekki saman fyr en 1. júlí, að þá mundi það standa fram á haust. Við skulum athuga, hvernig tíma þingsins er varið nú. Flest þingmannafrumv. og þingsályktunartillögurnar, sem ekki eru annað en tilraun til að láta menn hugsa fyrir sig, munu nálega hverfa úr sögunni, þegar ráðherrarnir eru orðnir þrír; þá verða málin miklu betur undirbúin og við það styttist þingtíminn. Frumkvæði þingmanna til mála er óheppilegt, nema alveg sérstaklega standi á. Þetta held eg sé nú nægilegt svar til athugasemda háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.).

Það hefir verið sagt, að 1000 ára reynsla væri ekki þung á metunum, því að nú séu aðrar samgöngur; en það verður að miða við þau ár, þegar ís kreppir að.

Eg býst ekki við að tala aftur. Þingmenn hafa svo gegnhugsað þetta mál, að það mun ekki vera hægt að hafa nein áhrif á skoðun þeirra.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi litlu við að bæta það, sem háttv. framsm. (J. Ól.) sagði.

Það var háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem kvartaði um, að mál þetta væri lítt undirbúið í héraði. Það væri að eins einn þingmálafundur, sem hefði hreyft því. Þetta hygg eg að sé ekki rétt. Það kann að vera, að það hafi ekki verið mikið rætt á þingmálafundum, en eg hefi heyrt marga kvarta yfir því, að þing er háð á þessum tíma og sem ekki líkaði færslan á þingtímanum 1905 og þá hafði ekki einn einasti þingmálafundur óskað eftir, að þingtíminn, væri fluttur.

Eg drap á það við 1. umr., að bændastéttinni sé, að minni ætlan, gert öllu hægra fyrir með að sitja á þingi, ef það er háð að sumrinu.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að nú sætu fleiri bændur á þingi en áður og væri það af því, að bændur ættu hægra með að yfirgefa heimili sín að vetrinum en að sumrinu. Þessu verð eg enn að mótmæla. Eg er þessu talsvert kunnugur sem gamall bóndi og einkum er burtuvera bænda frá heimilum sínum á vetrum og framan af vori varasöm nú, þar sem sú breyting er komin á, að vinnufólk er varla til í landinu og það mundi einatt vera erfitt, ef ekki ómögulegt, fyrir góðan bónda, að fá svo

góðan mann í sinn stað sem með þyrfti. Einkum gæti þetta orðið hættulegt síðari hluta vetrar og að vorinu, þegar harðindi eru og ef til vill heyþröng. Þá þarf bóndinn sjálfur langhelzt að vera viðstaddur til að leysa úr vandanum.

Enn höfum við ekki haft nema tvö vetrarþing. Það er eftir að sjá, hvernig fer, þegar harðindi koma og fellir, ísinn kreppir að og voði stendur fyrir dyrum, ef sá, sem ábyrgðina ber, forstaða heimilisins, er þá ekki heima.

Þá er kostnaðurinn. Hann er miklu meiri við vetrarþing en ef það væri haldið að sumrinu. Það eru jafnan fleiri eða færri þingmenn, sem fara landveg til þings. Ekki að tala um þegar ís er og ekki er hægt að komast í kringum land, þá get eg hugsað mér, hvernig reikningarnir mundu líta út, þá mundu þeir ef til vill verða tveim þriðjungum hærri en þeir nú eru. Eg fæ því ekki skilið rök háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) að það hamli bændum frá að sitja á þingi, ef þingtíminn sé fluttur, en létti undir með embættismönnunum. — Eg skal játa, að sumir embættismenn eiga hægra með að sitja sumarþing, svo sem kennarar, en að það ýti sérstaklega undir kosningu þeirra á þing fæ eg ekki séð; þeir virðast geta ofur vel sótt þing, þótt að vetrarlagi sé.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) lýsti átakanlega spillingunni í pólitiska lífinu að ofan nú á síðari árum. Eg játa með honum að svo sé, og að of mörgum reykvískum embættismönnum sé hleypt að þinginu, en eg verð að taka það fram, að ætli hann sér að eyða þessari spillingu, sem hann álítur að sé komin hér inn, þá held eg, að það eitt að halda vetrarþing sé ekki nægilegt til þess að útrýma henni. Hann verður að gera eitthvað meira. Annars treystt eg honum til að standa á móti spillingunni hvað hann sjálfan snertir; þó hann sé ekki bóndi, þá er hann þó bóndaígildi og alinn upp við bændakjör.

Þá hélt hann því fram, að aðalástæðan hjá okkur fyrir færslu þingtímans, væri að fá húsnæði handa væntanlegum háskóla hér í þinghúsinu. Þetta er ekki satt og orð hans í þessu sambandi voru mjög óviðeigandi.

Rök hans fyrir því, að vér ekki þyrftum háskóla með, voru þau, að vér hefðum verið án hans í þúsund ár og gætum því komist af án háskóla framvegis. Eftir hans skoðun á þá alt að standa í stað. Eg hefi aldrei heyrt greinilegri vantraustsyfirlýsingu til þjóðar en þessa. Hvað eigum vér þá að gera með þjóðfrelsi og þingræði? Það hefir aldrei verið ætlun okkar, að háskólinn ætti hér húsnæði um aldur og æfi. En af því fjárhagurinn er allþröngur nú, þá höfðum vér hugsað oss, að háskólinn gæti haft húsnæði hér fyrst um sinn, þangað til bygt yrði hús handa honum og með því móti kostaði tiltölulega lítið að setja hann á stofn.

Háttv. þm. Mýr. (J. S) tók það fram, að myndarlegra væri að byggja nýtt hús handa háskólanum. Sem stendur getum vér það ekki. Bæði mundi það, eins og eg hefi sagt, óþarft, og tefja alt of mikið fyrir að fá hann settan á stofn. Eg er alls ekki viss um að kjósendur í Árnessýslu séu svo andvígir þessu máli, sem háttv. þm. vill vera láta. Þeir munu þvert á móti kannast við, að þar liggur við heiður þjóðar vorrar.

Eins og háttv. framsögumaður (J. Ó.) tók fram, þá hallaðist nefndin að 1. júlí, sem samkomudegi þings. Eg fyrir mitt leyti hefði heldur kosið 17. júní, en get þó vel fallist á hitt.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) talaði um 15. nóv. Eg sé ekki, að sá tími sé hentugur, af því hinir mörgu hátíðisdagar um jól og nýár mundu þá lenda í miðjum þingtímanum. Svo mundu fjárlögin

ekki vera búin fyrir nýár, ef þingið kæmi saman 15. nóv. og eg álít það sé ekki heppilegt, að þau séu ekki tilbúin fyr en fjárhagsárið er byrjað.

Sigurður Sigurðsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gerði ýmsar athugasemdir við ræðu mína, en var óvenjulega hógvær og kurteis að þessu sinni. Það getur vel verið, að eg hafi talað eitthvað ógætilega um embættismennina, en eg vil benda á, að eg átti ekki eingöngu við þá menn, er sitja í embættum, heldur alla þá, sem alment eru kallaðir »lærðir menn«, t. d. ritstjóra og marga aðra. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að svara hinum háttv. þingm.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) sagði, að vetrarþingin mundu reynast kostnaðarsamari en sumarþingin. Eg hefi heyrt þess getið, að ef þingtíminn yrði aftur færður fram til sumars, þá mundi verða farið fram á, að hækkaðir yrðu dagpeningar þingmanna, og mun þá lítið sparast við sumarþingin, þó að minna fari þá í ljós og hita. Hinn háttv. þm. hélt því fram, að sjómönnum væri nú því nær ómögulegt að sitja á þingi. En ef þing væri látið hefjast 15. nóv., þá væri sá tími þeim vel hentur, eins og flestum öðrum. Eg skal ekki minnast frekar á háskólann, en þar sem háttv. þm Snæf. (S. G.) dró þá ályktun af orðum mínum viðvíkjandi því, sem eg sagði, að við hefðum verið án hans í þúsund ár, að í þeim fælist »vantraustsyfirlýsing« — mönnum er nú svo tamt að nota það orð — á menningarþroska þjóðarinnar, þá vil eg mótmæla því, að það sé rétt ályktun. Orð mín gáfu ekki tilefni til slíkra ummæla, enda munu þau ekki hafa hneykslað aðra en hann. En ef til vill er honum annara um háskólann en flestum öðrum mönnum, væntanlega samt ekki vegna þess, að tengdasonur hans sé tilvonandi kennari við hann. En alt skraf þingm. um að sumarþing séu bændum hentugri heldur en að þau séu haldin að vetrinum, er endurtekning á því, sem hann hefir áður sagt um það efni, og er því margsvarað og það marghrakið. Skal eg því ekki eyða tímanum með því að endurtaka mótmæli mín gegn slíkri villukenningu.

Skúli Thoroddsen: Eg vil geta þess, að þingmálafundur í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samþykt áskorun um að halda núverandi þingtíma óbreyttum, og mun eg því meðfram vegna þess greiða atkvæði gegn því að hann verði færður til.

Það var annars ræða hins hv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem knúði mig til að standa upp. Hann sagði, að allar stéttir landsins ættu að eiga fulltrúa á þingi að réttu hlutfalli. Þetta getur satt verið, en þá verður líka hver stétt að eiga svo hyggna og sjálfstæða menn, að þeir geti verið sæmilegir fulltrúar hennar. Eg held raunar, að ekki sé mikið undir því komið, hverri stétt þingmaðurinn tilheyrir, hitt varðar mestu, hvernig hann lítur á málin og hvort hann hefir nægilega þekking á lífskjörum almennings. Slíka þekking getur embættismaðurinn haft ekki síður en bóndinn, og væri þá illa fallið að amast við þingsetu hans vegna þess eins, að hann er embættismaður. Þar að auki nægir þingmanninum ekki þekkingin ein, hann verður líka að hafa tilfinning fyrir þörfum almennings og löngun til að bæta úr því sem aflaga fer. Það fanst á orðum hins hv. þm., að honum þótti of margir ritstjórar á þingi, en til þess er að svara, að ritstjórar hafa mörgum fremur tækifæri til þess að afla sér þekkingar á landsmálum, og ættu því að geta verið liðgengir menn á þingi.

Þá mintist þm. á, að ófriður og órói stæði af embættismönnum á þingi, talaði um valdafikn þeirra, launagræðgi o. s. frv. Eg skal ekki fara út í þá sálma, en vil að eins benda á, að fleira getur valdið óróa og óvissu á þingi, t. d. ef þingmenn brestur tilfinnanlega þrek og sjálfstæði til þess að standa við skoðanir sínar, eins og stundum vill verða.

Hinn sami hv. þm. tilfærði það sem ástæðu gegn því að færa þingtímann til sumarsins, að þá mundi verða farið fram á að hækka dagpeninga þingmanna. Út af því vil eg leyfa mér að taka það fram, að eg tel sjálfsagt að dagpeningarnir verði hækkaðir, hvað sem þingtímanum líður. Þeir voru sómasamlegir fyrir hálfri öld, en eru nú allsendis ónógir, svo mjög sem flestar vörur hafa hækkað í verði og lifnaðarhættir að mörgu leyti breytst. Það tjáir ekki að láta smásmygli alþýðunnar hafa áhrif á sig í þessu efni. Almenningi er tamt að sjá mjög ofsjónum yfir peningatekjum annara; í útsvarskæru hefir það t. d. verið tilfært um sýslunefndarmann, að hann hefði 2 kr. í dagpeninga á sýslunefndarfundum! Þingmenn eiga ekkert tillit að taka til slíkrar smásmygli.

Annars hefir mál þetta verið svo rækilega rætt, að menn eru víst búnir að mynda sér fasta skoðun á því, og virðist því óþarfi að lengja umræður um það meir en orðið er.

Hálfdan Guðjónsson: Eg verð að bæta við fáeinum orðum við umræðurnar vegna þess að fáir hafa lagt liðsyrði þeim degi, sem eg hygg beztan, nefnilega 15. nóv. Við vitum allir, að svo er ástatt um tvær fjölmennar stéttir, bændur og sjómenn, að þeim er bagaminst að vera heiman að fyrri part vetrar. Um skipstjóra heyri eg sagt, að þeim sé ókleift að sitja á þingi á öðrum tíma, en um bændur er það að segja, að eg hygg núverandi þingtíma vera þeim einna óhentastan. Einmitt á þeim tíma mega búin hvað sízt vera forystulaus, þá getur margt það borið að höndum, að á skjótum úrræðum þurfi að halda, og er þá illa fallið, að bóndinn sé hvergi nærri. Enda hefi eg heyrt marga bændur segja, að þeim væri ógerningur að sitja á þingi á þessum tíma, jafnvel sumartíminn væri miklu betur til þess fallinn, því öll bústjórn væri vandaminni um sláttinn og þá auðveldara að fá fullgildan mann í sinn stað. En 15. nóv. eru bæði heyannir og haustannir um garð gengnar, þá er gott tóm og næði í sveitunum og eiga bændur aldrei betur heimangengt en þá. Flestar mótbárurnar móti vetrarþingunum hafa verið miðaðar við þing seinni hluta vetrar, en flestar þeirra verða að engu, ef þing væri haldið fyrri hluta vetrar. Á þeim tíma eru samgöngur svo greiðar, að engum gæti orðið torsótt á þing; erfiðara yrði ef til vill að komast heim til sín aftur um miðjan veturinn, en úr því að menn hafa getað komist á þing á þessum tíma, þá yrði mönnum að líkindum ekki skotaskuld úr því að ná heim til sín á sama tíma.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að fast þingfararkaup mundi vinsælla. Þá þyrfti engum að ámæla um það, hvað hann gerir sér í ferðakostnað; en um það hefir oft verið mikið þref, og stundum að óþörfu.

Ein helzta mótbáran móti þinghaldi fyrri hluta vetrar er sú, að jólin séu á þeim tíma, svo að margir helgir dagar gangi frá þingstörfum; en um jólin eru ekki að mun fleiri dagar helgir en um páskaleytið, er 5 helgidaga ber upp á 8 daga tímabil, og ekki

get eg séð neitt á móti því, að þingfundir væri haldnir á rúmhelgum dögum milli jóla og nýjárs.

Í nefndarálitinu er sagt, að mörgum mundi vera sárt um að vera heiman að um jólin. Get eg tekið undir það. Jólin eru hátíð heimilisins og fjölskyldunnar, og mun þá flestum vera kærast að vera á heimili sínu.

Einn háttv. þm. drap á það í ræðu sinni áðan, að mönnum mundi vera sárast um, að vera að heiman um jólin vegna tilhugsunarinnar um hangikjöt og magála, en eg fullyrði, að jólin veki hjá flestum aðrar endurminningar kærari og helgari. Þrátt fyrir það mun eg greiða atkvæði með breytingartillögunni, að þing hefjist 15. nóv.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 192 feld með 16:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Jónsson.
Jón Sigurðsson,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson.
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson S.-M. greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 189 feld með 15:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson.	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Breyt.till á þgskj. 162 nr. 1 feld með 12:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Jón Magnússon greiddi ekki atkv.

Breyt.till. á þgskj. 162 nr. 2 feld með 12:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.

Þorleifur Jónsson var ekki viðstaddur.

Frumvarpsgreinin sjálf þvínæst feld með 15:6 atkv.

Ráðherraeftirlaun.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æztu um boðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Fyrsta umr., 27. febr. (A. 52).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er eigi ósennilegt, að frv. þetta veki meiri áhuga meðal þingm. en horfellislögin. — Á síðasta þingi var komið fram með frv. svipað þessu, en varð ekki útrætt.

Alkunnugt er það, að skoðun almennings er sú, að eftirlaun embættismanna ættu sem allra fyrst að afnemast, en þó sérstaklega ettirlaun ráðherra. Þeir eru sjaldan lengi við völdin og geta því komið margir á eftirlaun. Það er því bráðnauðsynlegt að afnema, eða að minsta kosti að lækka mikið eftirlaun ráðherra. Meðal annars er mælir með því, er það, að þá mælist betur fyrir, þó ráðherraskifti verði. Á síðasta þingi var því haldið fram, að stjórnarskrárbreytingu þyrfti til þess að afnema eftirlaun ráðherra, og mun það rétt álitið. En í frumv. þessu er ekki farið fram á afnám eftirlaunanna, heldur aðeins að lækka þau niður í 1200 kr. og virðist það vera sanngjarnt og mjög hóflega á stað farið. Vona eg að deildin sýni, með því að styðja þetta mál, að sá orðasveimur sé ekki á rökum bygður, að til séu hér á þingi menn, er keppa að því, að ná í ráðherraembættið vegna eftirlaunanna. Hafi sá orðrómur við rök að styðjast, þá er það enn ástæða til þess að styðja frumvarpið, að það nái fram að ganga. Óvíst enn, hvernig fer um hinar fyrirhuguðu breytingar á stjórnarskránni, og má því eigi bíða með þetta mál eftir þeim. Og þó að stjórnarskrármálið verði samþykt, verður að breyta eftirlaunaákvæðinu nú þegar vegna hinna væntanlegu ráðherraskifta. Hér er því að ræða um bráðabirgðalög, sem eru bráðnauðsynleg. Álít ekki nauðsynlegt, að skipuð sé nefnd í málið, en vænti þess, að því verði vísað til 2. umr.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er samdóma háttv. flutnm. (S. S.) um að afnema eigi eftirlaun ráðherra sem fyrst og er það af ástæðum, sem eg vil ekki fjölyrða um nú. Eg vil leyfa mér að leggja það til, að málinu sé vísað til nefndarinnar í stjórnarskrármálinu.

Jón Þorkelsson: Eg er samdóma háttv. 2. þm. S.Múl. (J. Ól.) að þetta sé mjög einfalt mál. Og eg álít það svo einfalt, að ekki sé nein ástæða til þess að skipa nefnd í það. Þær breytingar, sem þarf að gera á frumv., má alveg eins gera með breytingartillögu. Og að vísa því til nefndar, væri ekki annað en svæfa það. Legg því til, að málinu sé vísað til 2. umr.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg býst við, að breytingar þurfi að gera á frumv., og er hætt við, að það verði flaustursbreytingar, nema málið sé sett í nefnd. Annars vil eg ekki fjölyrða frekar um það nú.

ATKV.GR.:

Felt að vísa málinu til nefndarinnar í stjórnarskrármálinu með 12:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Benedikt Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.
Pétur Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,

Já:	*Nei:*
Skúli Thoroddsen.	Sig. Gunnarsson.
Stefán Stefánsson,	Þorleifur Jónsson.

Síðan var málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 2. marz (A. 52, 69).

Bjarni Jónsson: Við höfum gert dálitla breytingartillögu við frumv., og mig langaði til að gera grein fyrir, hvers vegna hún er komin fram, og sömuleiðis segja álit mitt um eftirlaun alment. Eftirlaunin eru styrkur, sem þjóðin veitir hjúum sínum; svo er það alment talið, að skylda þjóðarinnar sé að sjá um, að þeir, sem lengi hafa verið í hennar þjónustu og eytt kröftum sínum í hennar þarfir þurfi ekki að komast á vonarvöl á elliárunum. En þá er hitt ránglátt, að margir eru þeir, sem ekki hafa eftirlaun, t. d. bankastjórar, landsverkfræðingar og ýmsir sýslunarmenn En hvað sem um þetta er, þá á ráðherrann enga kröfu til eftirlauna af því, að hann þjónar landinu svo skamma stund. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og eg bárum fram á síðasta þingi frumv. um ráðherraeftirlaun. Var þar ákveðið, að hann skyldi hafa eftirlaun í jafnmörg ár og hann hefði þjónað embættinu. En þá var það sagt af lögfróðum mönnum, að stjórnarskrárbreytingu þyrfti til þess þau gætu náð fram að ganga.

En nú höfum við gert breytingartillögu til þess að færa frumv. til samræmis við stjórnarskrána. Önnur lækkar eftirlaunin um 200 kr. á ári, svo að þau eru ákveðin 1000 kr. árlega. Hin breytingartillagan nemur burt ákvæðið um, að hann skuli hafa eftirlaun að eins í jafnmörg ár og hann hefir þjónað embættinu. 1. gr. hljóðar þá þannig:

»Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári«.

Raunar eru þau þó of há, en þó vonum við, að við þetta megi una, því ekki mun líða á löngu, þangað til eftirlaunin verða afnumin með öllu.

Að svo mæltu vona eg, að háttv. deild samþykki frumv.

Hannes Hafstein: Eg vil að eins gera fyrirspurn til flutningsmanna, um skilning á ákvæðinu um eftirlaun ráðherra Íslands.

Það er ákveðið í frumv., að ráðherra skuli hafa 1000 kr. í eftirlaun. Er það meiningin, að hann skuli hafa þessi eftirlaun, hvernig sem á stendur, sem viðbót við laun, verði hann embættismaður síðar, eða viðbót við önnur eftirlaun, hafi hann eftirlaunarétt áður? Eða er það meiningin, að þó að hann hafi áður en hann verður ráðherra, rétt til hærri eftirlauna, en ráðherraeftirlaun þau, sem hér eru tiltekin, þá skuli hann missa þann rétt og að eins fá 1000 kr., hvorki meira né minna? Í þessu frv. er sem sé engin skírskotun til ákvæða almennra eftirlaunalaga um þetta efni, heldur blábert skipað, að ráðherrar *skuli* hafa þessa eftirlaunafúlgu, sem frumv. greinir. Það virðist því ekki vanþörf á frekari skýringu á því, hvað flutningsmenn hugsa sér með þessu. *(Björn Jónsson* og *Jón Þorkelsson:* Hann hefir rétt til embættiseftirlaunanna).

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg get ekki skilið, að þetta geti verið tilgangur flutningsmanna, að sá maður, sem verður ráðherra, skuli afsala sér *þeim* eftirlaunarétti, sem hann *annars* kynni að hafa haft, *áður en* hann varð ráðherra.

Eg skil það svo, að hvað sem *ráðherra*-eftirlaunum hans líður, þá haldi hann þeim eftirlaunarétti, sem hann kynni að hafa haft áður.

Menn þurfa ekki að búast við, að hér verði mannsæfisráðherrar. Eg held, að við gætum unað við reglu þá, sem Norðmenn hafa, að þegar embættismaður verður ráðherra, er embætti hans hald-

ið óveittu, þangað til hann segir af sér, þá tekur hann við því aftur, en hann hefir engan *rétt* til eftirlauna sem ráðherra.

Jón Þorkelsson: Það er alveg rétt, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók fram, að það er meining okkar, að hafi ráðherrann verið embættismaður áður, þá heldur hann þeim eftirlaunum, sem hann hafði rétt til fyrir það embætti, ef þau eru hærri en ráðherraeftirlaunin. Aftur á móti er skilningur háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) alveg rangur. Það situr ekki á honum, að vera að gera okkur flutningsmönnunum upp þann tilgang og tilætlun, eftir að við höfum lýst yfir því, hver tilgangur okkar sé.

Við 3. umr. skal eg koma með breytingartillögu, sem mun útiloka allan misskilning hjá háttv. 2. þm. S.-Núl. (J. Ó.) og finn því ekki hvöt hjá mér að svo vöxnu máli, að vera að gegna þrefi hans. Það er ekki hættulaust fyrir fjárhag landsins, að ráðherrar hafi há eftirlaun og þarf það engrar útmálunar.

Eg vona, að mál þetta gangi greiðlega gegnum deildina. Flestir menn í landinu munu vera á okkar máli um þetta efni, og ætlast til, að þingið fari því fram í þessu máli, sem hollast er, og nú höldum við fram, er flytjum málið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg veit ekki, hvort það er nokkur »dragsúgur« í deildinni í dag, eða ráðherrahitasótt, svo að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skilji ekki mælt mál. Það sem hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) ber mér á brýn, að eg hafi sagt, hefi eg aldrei sagt. *(Jón Þorkelsson:* Hefir margsagt það). Hann hefir eitthvað blandað hér saman málum.

Pétur Jónsson: Það hefir verið sagt, að þetta væri ofureinfalt mál, en eg er ekki á þeirri skoðun. Mér finst það ekki vera svo einfalt, hvort heppilegra sé að hafa ráðherra með lögákveðnum eftirlaunum eða ekki. Nú eru flutningsmenn þessa máls í stjórnarskrárnefndinni, og málið snertir mjög stjórnarskipun landsins. Þessvegna sting eg upp á, að því sé skotið til stjórnarskrárnefndarinnar.

Forseti: Deildin hefir áður felt, að setja nefnd í þetta mál, og væri því dálítið hjákátlegt, ef hún vísaði máli til nefndar, sem hún hefir felt að setja nefnd í daginn áður. En vitanlega hefir deildin fulla heimild til að sjá sig um hönd í þessu, með því að vísa málinu til einhverrar nefndar eða samþykkja að setja sérstaka nefnd í það nú, ef henni sýnist svo.

Jón Þorkelsson: Það getur ekki verið umtalsmál, að setja nefnd í þetta mál nú, þar sem deildin hefir áður felt, að það væri sett í nefnd.

Hannes Hafstein: Eftir þingsköpunum er ekkert því til fyrirstöðu, að nefnd sé sett í málið nú. Það má gera það á hvaða stigi sem er.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

3 manna nefnd samþ. með 14 shlj. atkv.

Kosnir voru í nefndina með hlutfallskosningu:

Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,
Bjarni Jónsson.

2. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Sigfússon kosinn formaður, en Bjarni Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 2. umr.; 10. marz (A. 52, 69, n. 116).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Nefndin, sem haft hefir mál þetta til meðferðar, hefir orðið á eitt sátt um, að eftirlaun ráðherra eigi að afnema með

öllu. En hún hefir beygt sig fyrir hinni núgildandi stjórnarskrá og ræður deildinni til þess að samþykkja þessa niðurfærslu.

Úr þessu verður hægt að þreyja þorrann og góuna. Stjórnarskránni verður nú breytt á þessu þingi, svo þetta verða ekki annað en bráðabirgðalög, sem einn eða tveir ráðherrar geta fengið eftirlaun eftir. Nefndin hefir sömuleiðis bætt úr þeim misskilningi, sem ýmsir hér í deildinni gerðu sig seka í, en aldrei var meining frumv., að ef embættismaður yrði ráðherra og hann sem embættismaður hefði rétt til hærri eftirlauna, en ráðherraeftirlaunanna, að hann þá haldi þessum hærri eftirlaunum. Nefndin hefir bætt úr þessu með því, að koma með breytingartillögu aftan við frumv., sem eg nú vil leyfa mér að lesa upp:

»Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna, en hér er mælt, fyrir þjónustu í öðru embætti, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna«.

Eg vissi ekki, að þetta ætti að standa fyrir neðan eða aftan, svo eg skrifaði það inn á milli. Eg er ekkl formfastari en svo, að eg hélt það gerði ekkert til, hvar þetta stæði, og bið eg velvirðingar á því. Nefndin sá það í hendi sér, að embættismenn, sem verða ráðherrar, komast fyr á eftirlaun en þeir ella myndu gera. En eins og eg tók fram, þá eru þetta að eins bráðabirgðalög, sem í hæsta lagi einn eða tveir ráðherrar geta fengið eftirlaun eftir. Nefndin hefir kosið að fara þennan milliveg og vænti eg þess, að deildin samþ. breyt.till. á þgskj. 69 og breytingar nefndarinnar á þgskj. 116 og svo að lokum frumv. í heild sinni.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 69 (fyrri liður) sþ. með 17 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 69 (síðari liður) sþ. með 15 shlj, atkv.

Brtill. (116) sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

2. og 3. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz (A. 163).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 22. apríl. (A. 595, n. 654).

Jón Þorkelsson: Eg sé að enginn, hvorki framsögumaður né aðrir, úr nefndinni er staddur hér inni í deildinni nema eg og vil eg því leyfa mér að gera nokkra grein fyrir breytingum þeim, sem frumv. hefir fengið hjá háttv. efri deild.

Okkar frumv. mælti svo fyrir, að ef ráherra hefði gegnt öðru embætti, áður en hann varð ráðherra og hann hefði haft rétt til hærri eftirlauna fyrir þjónust í því embætti, þá átti hann að hafa rétt til þeirra eftirlauna einna. En efri deild hefir breytt þessu á þann hátt, að ráðherra skuli hafa rétt til hvorttveggja eftirlaunanna fyrir að vera ráðherra og einnig eftirlaunanna fyrir það embætti, sem hann hefir áður þjónað. Er það gagnstætt því, sem sannlegt má sýnast. Við höfum þess vegna leyft okkur að færa frv. til þess efnis, sem það hafði, þegar það fór héðan úr deildinni. Nefndin áleit, að það hefði ekki verið tilgangur deildarinnar, að ráðherra skyldi hafa tvenn eftirlaun. Það er einnig í samræmi við það, sem tíðkast hefir, að embættismenn hafi að eins ein eftirlaun

— og jafnan hin hæstu —, þótt þeir hafi þjónað fleiri en einu embætti.

Eg vona því, að deildin samþykki frv. að efni til, eins og hún samþykti það síðast, áður en það fór til efri deildar.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 654 við 1. gr. sþ. með 13 atkv. shlj.

2. brtill. á þgskj. 654 við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 15 atkv. shlj. og endursent Ed.

Eftirlaunalækkun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun.

Fyrsta umr., 20. marz (A. 191).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg vil leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir því, hvers vegna þetta frumv. er fram komið. Eg þykist vita, að sumum þingmönnum muni virðast það óþarfi, að flytja nú frumv. um niðurfærslu eftirlauna, meðfram af því, að nú er á ferðinni stjórnarskrárbreyting, er gerir ráð fyrir því, að afnema megi eftirlaun með öllu. En nú skal eg gera nánari grein fyrir þessu. Fyrsta ástæðan er sú, að á þingmálafundum meðal kjósenda okkar flutningsmanna var skorað á okkur að flytja málið um lækkun eða afnám eftirlauna á þinginu, til þess að það yrði íhugað þar, og sams konar óskir liggja frammi hér á lestrarsalnum úr fjöldamörgum kjördæmum öðrum. Nú er á það að líta, að ekki mun unt, eins og nú stendur, að afnema eftirlaunin fyrir fult og alt. Hins vegar spurning um það, hvort það er hyggilegt að öllu leyti, að það sé gert. Skoðanir manna um það efni eru all-skiftar; sumir vilja lækka þau mikið, aðrir afnema þau með öllu. Eg verð nú að játa það fyrir mitt leyti, að hér er úr vöndu að ráða. Eg kannast við það, að gagnvart öðrum stéttum í landinu væri það eðlilegast og hugsunarréttast, að afnema öll eftirlaun embættismanna. En ef það er gert, má búast við ýmsum óþægindum, er af því gæti leitt. Eftirlaunin mundu naumast fást afnumin, nema þá með því að hækka um leið laun ýmsra embættismanna. Einnig mundu þá, ef eftirlaunin væru með öllu numin í burtu, rigna inn á þingið sífeldum bænum um eftirlaun handa þeim, sem þykjast hafa lág laun, og sem lítið eiga til.

Þessar fyrirsjáanlegu afleiðingar gefa ástæðu til athugunar, áður en eftirlaun verða afnumin. Það er spurning um það í fjárhagslegu tilliti, hvort nokkurt gagn yrði að því að afnema öll eftirlaun, ef það hefði í för með sér mikla hækkun á launum embættismanna landsins.

Þá vil eg geta þess, að í þessu frv. er að eins farið fram á að miða eftirlaunin við embættisár þau, er viðkomandi embættismaður hefir gegnt embætti. Hér er því um nýjan grundvöll að ræða í þessu efni.

Í núgildandi lögum um eftirlaun eru eftirlaunin miðuð sumpart við embættisár og sumpart við embættistekjur hlutaðeigandi embættismanns. Eftirlaunin eru með öðrum orðum bundin við ákveðið krónutal fyrir hvert embættisár, og svo $^1/_5$ hluta af árslaunum mannsins, meðan hann var í embætti. En í þessu frv. er að eins og eingöngu miðað við árafjöldann, án tillits til launa-upphæðarinnar. Þetta er nýmæli, bygt á fylstu sanngirni og réttlæti.

Það gefur að skilja, að það er ekki aðalatriðið, hve hálaunuð staðan hefir verið, heldur hitt, hvernig henni hefir verið gegnt. Það fer ekki saman nema stundum há laun og samvizkusamur

embættisrekstur. Auk þessa er og á það að líta, að embættin með lágum launum eru oft fult eins erfið og erfiðari en hin, sem betur eru launuð, og þeir, sem í þeim sitja, hafa oft orðið að leggja meira á sig í þarfir lands og þjóðar, heldur en hinir, sem hærra eru settir, og betur eru launaðir. Það er því órétt-látt að miða eftirlaunin við embættis-tekjurnar, eins og gert hefir verið að nokkru leyti til þessa. Þess vegna vill frumv. nema burt þennan ójöfnuð, og eg vona að mönnum skiljist, að það er réttlátt, þegar þeir athuga það. Sams konar ákvæði og þetta gildir nú um eftirlaun presta. Eftirlaun þeirra eru 15 kr. fyrir hvert embættisár, er þeir hafa gegnt embætti. En í frumv. þessu er þó farið hærra; þar er gert ráð fyrir 25 kr. fyrir hvert embættisár. Þó mega eftirlaunin aldrei vera hærri en 1000 kr.

Þá er á það að minnast, að eftirlaun embættismanna hafa meðal annars komið inn hjá almenningi þeirri skoðun, að það sé mjög eftirsóknarvert að gerast embættismaður og eiga von á góðum launum, og síðan að loknu embættis-starfinu ríflegum eftirlaunum. Þetta hefir leitt til þess, að fjöldi manna hefir tekið þá stefnu, að ganga skólaveginn, og það miklu fleiri en æskilegt hefði verið. En afleiðing af því er orðin sú, að hingað hefir safnast stór hópur af »lærðum« mönnum, með próf og próf-lausum. Og það er ekki fyrirsjáanlegt, að þessir menn geti fengið embætti í nálægri framtíð. En þetta er skaði fyrir þjóðina og tjón fyrir mennina sjálfa og aðstandendur þeirra, er lagt hafa fram fram námskostnaðinn.

Nú eru þeir margir, einkum lögfræð-ingar, sem ekkert hafa að gera, og af-leiðingin af því verður sú, að þessir menn fara þá að búa sér til atvinnu, sem oft er misjafnlega séð og misjafnlega holl þessum bæ og þjóðinni í heild sinni.

Það, hve margir ganga lærða veginn, á einmitt rót sína að rekja til þess, að þeir eiga von á hærri launum en menn fá alment í öðrum stöðum, og vissu um lífeyri eða eftirlaunin í ellinni, að loknu starfi.

Eg skal ekki fara út í einstakar grein-ar frumvarpsins að sinni. Eg hefi að eins viljað skýra hér frá aðaltilgangi frumvarpsins, sem er sá, að málið sé tekið til rækilegrar íhugunar, svo séð verði, hvort heppilegra muni að afnema eftirlaunin með öllu eða lækka þau að miklum mun.

Sigurður Gunnarsson: Mér virð-ist háttv. flutningsm. (S. S.) eigi hafa fært nægileg rök að því, að einmitt nú sé rétt að gera breytingu á eftirlauna-lögunum. Eg er ekki viss um, að þjóð-in óski þess. Á þingmálafundum út um land hafa komið fram tillögur í þá átt, að eftirlaun séu alveg afnumin, eða þau megi afnema með einföldum lögum, en mér vitanlega ekki um, að þau verði lækkuð. Nú er stjórnarskrárbreyting einmitt í aðsigi og ein breytingin er þessi, að eftirlaun embættismanna megi afnema með einföldum lögum.

Þegar fyrst þetta er komið í kring virðist ástæða til að ræða málið í sam-bandi við væntanlega breyting á launa-lögunum. Það er því eigi ástæða til nýrra laga um lækkun eftirlauna nú, miklu fremur ástæða til að afnema þau alveg, undir eins og stjórnarskráin leyfir það, en væntanlega yrði þá um leið að endurskoða sjálf launalögin í sambandi þar við, en eg skal þó ekki hafa á móti nefnd, sem væntanlega yrði 5 manna nefnd, til þess að það komi í ljós, hvort aðrir séu ekki sömu skoðunar um þetta og eg.

Flutn.m. (Sig. Sigurðsson): Það

er að eins stutt athugasemd við ræðu h. þm. Snæf. (S. G.). Hann lét þess getið að með stjórnarskrárbreytingunni mundi það verða ákveðið, að eftirlaun mætti afnema með einföldum lögum. Þetta er nú mikið *gott* og eg skal játa það, að öll sanngirnin mælir með því, að eftirlaun séu afnumin með öllu. — En það kom einnig í ljós hjá háttv. ræðumanni að afnám eftirlauna hlyti að standa í sambandi við launahækkun embættismanna. Kemur þar að spá minni, enda býst eg við, að reynslan muni sýna það, að þótt eftirlaun verði afnumin og launin hækkuð, þá muni samt koma eftirlaunabeiðnir til þingsins og ekki ólíklegt, að þeim verði oft sint. Eg hygg því miklu réttara að fara þessa leið, sem frumv. bendir á, að færa eftirlaunin niður að miklum mun og það strax. Þótt stjórnarskrárbreytingin geri ráð fyrir, að afnema megi öll eftirlaun með einföldum lögum, þá er það ekki strax komið á. Fyrst verður reynt að hækka launin, og þegar það er um garð gengið, verður farið að bollaleggja um eftirlaunin, og þá er ekki séð, hvernig fer um þau, og getur þess orðið langt að bíða, að þau verði afnumin. Sú skipun þingsins er einnig hugsanleg, að það hækki að eins launin, en láti eftirlaunin haldast. Eg hygg það sé því ráðlegast að samþykkja þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, og það helzt óbreytt.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Eg er sömu skoðunar og háttv. þm. Snæf. (S. G.), að óþarfi sé að ræða þetta mál nú, þar sem það verður mjög bráðlega tekið fyrir.

Út af ræðu háttv. flutningsm. (S. S.), þá skal eg geta þess, að eg álít það ekki rétta tilgátu, að þingið mundi veita eftirlaun, þó að þau verði afnumin.

Eg hygg, að menn á annan hátt geti trygt sér lífeyri, t. d. með sérstökum sjóð, eins og á sér stað hjá barnakennurum. Það er álit almennings, að eftirlaunin beri að afnema, launin séu embættismönnunum nóg. Og eg skil ekki í öðru en ef h. 2. þm. Árn. (S.S.) býður sig aftur fram til þings, að það verði eindreginn vilji kjósenda hans, að hann verði með afnámi eftirlauna, svo að þetta frumv. hans mun virðast þeim harla þýðingarlítið.

Það þýðir ekki að þrátta um það, þótt einhverjir agnúar séu á afnámi eftirlauna. Þetta er eindreginn vilji þjóðarinnar, sem hefir sýnt sig og mun sýna sig enn gleggra á næstu þingmálafundum. Sá tími er kominn, að það verður að fara að vinda bráðan bug að þessu, og frv. þetta er því alveg óþarft.

Eg vil helzt skora á hv. flutningsm. að taka það aftur.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 13 shlj. atkv. og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,
Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Sigfússon valinn formaður, en Sigurður Sigurðsson skrifari og framsögumaður.

Nefndarálit á þgskj. 797 með eftirfylgjandi *tillögu til þingsályktunar.*

Eftirlaunaafnám.

TILLAGA til þingsályktunar um afnám eftirlauna og um elllistyrk.

Ein umr. sþ. 2. maí.

Ein umr., 3. maí. (A. 797).

Framsögum. (Sigurður Sigurðsson): Það er óþarft að fara mörgum orðum um þessa till. Nefnd sú, sem kosin var til þess að athuga frumv. um lækkun eftirlauna, sá sér eigi fært að

halda því til streitu að þessu sinni. En í stað þess kemur hún með þessa till. til stjórnarinnar um að undirbúa málið um afnám eftirlauna og skyldu embættismanna til þess að safna sér ellistyrk og leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir alþingi. Nefndin eða meiri hluti hennar er þeirrar skoðunar, að ef afnám eftirlauna eigi að geta komist í framkvæmd, þá sé óhjákvæmileg nauðsyn að skylda embættismenn til þess að safna sér ellistyrk.

Eg skal ekki fara út í þá sálma, hvort þetta er viðfeldið eða ekki. Eg veit, að sumir telja þetta ófrelsi; en eg hygg að það sé samt eini vegurinn til þess að girða fyrir það, að ekki rigni inn á þingið umsóknum um eftirlaun og ellistyrk. Eg skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona að till. verði samþykt.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Það gladdi mig, að háttv. framsögum. var því mótfallinn, að frumv. yrði haldið áfram á þessu þingi. Tillaga sú, sem hér er komin fram er allgóð, en margt er þó athugavert við hana. Mér finst að embættismönnum ætti að vera það frjálst, hvernig þeir sjá fyrir sér og sínum. Þó gæti auðvitað komið til mála að skylda þá til þess að leggja í ellistyrkssjóð, ef landssjóður legði einnig í þann sjóð að sínu leyti; en hitt finst mér of nærgöngult að leggja embættismönnum slíka skyldu á herðar, án þess að hið opinbera leggi neitt til á móts við þá. Eg skil ekki, að nauðsynlegt væri að gera gagngerða endurskoðun á launakjörum embættismanna, þótt slík breyting gengi fram. — Eg býst við, að eg greiði atkv. með tillögunni, þótt eg sé ekki allsendis ánægður með hana.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg mun greiða atkv. móti þessari tillögu Það er kynlegt, að þegar sú stefna er alstaðar að ryðja sér til rúms, að tryggja sem flestum eftirlaun, þá er hér verið að gera tilraunir til þess að svifta embættismenn eftirlaunum.

Aðalástæðan, sem menn bera fram gegn eftirlaununum er sú, að almenningur sé mjög óánægður með þau. Þetta mun að vísu vera rétt, en þessi óánægja stafar frá þeim tíma fyrir 20—30 árum síðan, er það var uppi á teningnum í hinni pólitisku barattu, að æsa menn ekki eingöngu upp á móti eftirlaunum, heldur á móti embættisstéttinni yfir höfuð, — þá var mikið talað um »hálaunadyngjur«, »landsómaga« o. s. frv. Af þessum hugsunarhætti eru ennþá til nokkrar leifar; en mér virðist löggjafarvaldið ekki ætti að taka í sama streng; það er þvert á móti skylda þess að leiðbeina almenningsálitinu. Eg vil ennfremur benda á, að það er hinn mesti miskilningur, að þjóðinni yrði nokkur sparnaður að þessu; því að ef eftirlaun yrðu afnumin, þá yrði samstundis að hækka laun embættismanna. Almenningur má meira segja þakka fyrir, meðan svo er sem nú og embættismenn ekki rísa upp og heimta meiri laun. Eg tel því mjög óráðlegt að greiða atkvæði með þessari tillögu.

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) þótti hart að skylda embættismenn til þess að leggja í ellistyrkssjóð handa sjálfum sér. Eg hefi heyrt þessari skoðun haldið fram áður, en hún hefir ekki við neitt að styðjast. Í þessu efni er að verða stefnubreyting í heiminum. Menn eru skyldaðir með lögum til þess að safna sér ellistyrk. Að því er okkur Íslendinga snertir í þessu efni, þá nægir að benda á ellistyrktarsjóðslögin frá síðasta þingi. Eg er samdóma háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um það, að varhugavert sé að afnema eftirlaun embættismanna með öllu, ekki sízt, þegar á það er litið, að sú skoðun er alment að ryðja sér til rúms, að sem flestir eigi að geta

orðið ellistyrks aðnjótandi. Allir munu viðurkenna, að óviðkunnanlegt væri að embættismenn fari á sveitina, þeir eru starfsmenn þjóðarinnar og ætti því landssjóði að vera skylt að sjá fyrir þeim á einhvern hátt, annaðhvort með eftirlaunum eða þá með því að launa þá svo, að enginn gæti talið ósanngjarnt, þótt þeim væri gert að skyldu að safna sér ellistyrk.

Reynslan sýnir nú, að flestir embættismenn gera lítið betur en komast af. Ef til vill gætu sumir þeirra lifað sparlegar en þeir gera, en flestir munu þeir þó ekki vera neinir óhófsmenn. En hvað sem nú segja má um þetta, þá er óskynsamlegt að afnema eftirlaunin, nema eitthvað annað komi í staðinn. Ef menn hafa þetta fyrir augum, vona eg, að þeir geti greitt atkvæði með tillögunni. Hún gengur að vísu í þá átt, að afnema öll eftirlaun, en gerir hinsvegar ráð fyrir að skylda embættismenn til þess að safna sér ellistyrk.

Jón Magnússon: Eg get verið stuttorður, því að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir tekið alt það fram, sem eg vildi sagt hafa. Eg vil aðeins beina þeirri spurning til hins háttv. framsm. (S. S.), hvort hann hefir athugað, að þessi till. fer í bág við alla stefnu þingsins í eftirlaunamálum. Þegar prestaeftirlaunalögin voru samin, þá var landssjóði gert að skyldu, að leggja fé fram að sínu leyti. Lögin um almennan ellistyrk byggjast á hinu sama ákvæði, en hér er farið fram á, að skylda embættismenn til að leggja í sjóð, án þess neitt tillag úr landssjóði komi á móti. Nýlega hafa eftirlaun embættismanna verið lækkuð svo, að það er alveg meiningarlaust, að vera að bera þau saman við hin gömlu eftirlaun. Samkv. hinum gömlu eftirlaunalögum fengu fáeinir mena mjög há eftirlaun, svo tugum þúsunda skifti, en nú gegnir alt öðru máli. Eg sé ekki betur, en að tillagan fari beint fram á að afnema eftirlaun, en vitanlega þarf stjórnin ekki að sinna því, fremur en henni sýnist og til hvers ættu menn þá að vera að samþykkja slíka tillögu? Það er yfir höfuð ósiður, að vera altaf að samþykkja þingsál.till., og það jafnvel án þess, að deildin ætlist til, að tekið verði tillit til þeirra. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vil eindregið mæla á móti því, að till. verði samþykt.

Jón Ólafsson: Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mintist áðan á öldu þá, sem reis hér á landi fyrir 30 árum á móti eftirlaunum. Eg vil játa, að eg er sekur í því máli, eg var mjög hvetjandi þess, að sú hreyfing væri vakin. Eg var einmitt í gær að lesa gamla ritgerð eftir sjálfan mig um þetta mál. Eg spurði þar: Hver sér fyrir bóndanum, hjúinu, lausamanninum á elliárunum? Og þá var full ástæða til að bera slíka spurningu fram. En nú er öldin önnur; nú hefir sú réttláta stefna rutt sér til rúms, að allir eigi að komast á eftirlaun, og virðist þá ósanngjarnt að hafa embættismennina eina að olnbogabörnum að því leyti. Það er hart, ef sú stétt, sem er í þjónustu landsins á að verða harðar úti, en hjú eða iðnaðnrmenn.

Í Bandaríkjunum eru embættismenn eftirlaunalausir. En nú er mikil hreyfing komin í þá átt, að veita embættismönnum eftirlaun. Þar er reynsla fyrir því fengin, að embættismenn láta freistast til að »gera sér vini af hinum ranglátaMammoni«, en svo mundi síður verða, ef þeir fengju eftirlaun. Það er hættuminna, að sjá þeim borgið með eftirlaunum, heldur en að þeir dragi sér fé ranglega.

Ef litið er á seinni hluta tillögunnar, sést að nefndinni hafa þótt laun embættismanna of lág til þess, að þeir geti keypt sér ellistyrk. Eins og háttv.

framsm. (S. S.) tók fram, voru laun embættismanna lækkuð fyrir nokkrum árum. Síðan hafa peningar fallið í verði um $^1/_4$—$^1/_8$ og launin að sama skapi orðið í reyndinni lægri. Mér finst það vera að taka úr einum vasanum og láta í hinn, að afnema eftirlaunin og hækka launin. Mér hefði fallið tillagan betur svo, að skorað væri á stjórnina, að koma með tillögur um nýja skipun eftirlauna og breytingar á launakjörum samkvæmt því. Þótt launin væru hækkuð og embættismönnum gert að skyldu að sjá sér fyrir ellistyrk, mun sú raun á verða, svo sem hefir verið á þessu þingi og endranær, að embættismenn munu koma með styrkbeiðnir til þingsins. Eg tel skaðlaust, að tillagan falli, þótt eg játi, að hún sé í góðu skyni fram borin. Umræðurnar um málið veita stjórninni nægar bendingar, ef hún vill sinna málinu.

En svo er önnur hlið á málinu, formið. Það er ekki löglegt samkvæmt stjórnarskránni að afnema eftirlaun. Nú liggur fyrir þinginu stjórnarskrárbreyting og ef það frv. fellur, sem vel má vera, því miður, þá er það andhælislegt að skora á ráðherra að búa til frumv. móti stjórnarskránni. Eg tel því réttara að taka málið út af dagskrá, þangað til útséð er um stjórnarskrármálið. Raunar ætti slík tillaga sem þessi þó ekki að koma fram fyr en á síðara þinginu, sem hefir stjórnarskrárbreyting til meðferðar.

Pétur Jónsson: Í nefndinni var ágreiningur um eftirlaunafrumv., og þótt orðið hafi upp úr því þessi tillaga, þá er samt ágreiningur um orðalag hennar á milli þeirra, sem eru með afnámi eftirlauna, og þeirra, sem eru á móti því. En ágreiningurinn er ekki svo mikill, sem virðast mætti í fljótu bragði. H. þm. Vestm. (J. M.) vildi láta haga eftirlaununum svo, að þau kæmu úr sérstökum sjóði, og var þetta hugsun ýmsra í nefndinni. Eg vil því mælast til, að till. verði tekin út af dagskrá til lagfæringar, svo hún verði ótvíræðari í þessa átt, sem bent hefir verið á.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Mig furðar á, að nokkur maður skuli verða til þess, að halda uppi vörnum fyrir eftirlaununum, þar sem það er almennur þjóðarvilji að afnema þau og vér getum ekki spornað móti því, þótt vér viljum. Það verður að afnema þau, en tryggja jafnframt, að embættismenn fari ekki á vonarvöl. Mér er kunnugt um það, að embættismenn sækjast ekki svo mjög eftir eftirlaunum, að minsta kosti ganga ekki síður út þau embætti, sem eftirlaunalaus eru. Að vera að »citera« í það, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) að þetta sé á móti stefnu undanfarandi þinga, er þýðingarlaust. Vér eigum ekki að binda oss við það. Vér eigum að athuga sem bezt, hvers þjóðin óskar. Skoðun þjóðarinnar er sú, að embættismenn geti bjargast af án eftirlauna, eins og aðrir. Vér höfum ellistyrktarsjóð og fæ eg ekki annað séð, en að embættismenn geti þegið styrk úr honum eins og aðrir. Nú er orðinn svo mikill jafnaðaráhugi hér í landi, að menn sætta sig ekki við, að embættismenn hafi nokkur sérréttindi fram yfir aðra menn í þessu efni. Annað mál er það, að eg get fallist á það, að þeir hafi sérstakan eftirlaunasjóð, sem þeir legðu í.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að embættismenn yrðu harðara úti en vinnuhjú. Þetta er undarlegt að heyra. Vér vitum, að margir embættismenn, t. d. læknar, hafa mikil laun og miklar tekjur. Umkvartanir hafa komið fram um það, hve taxtinn sé hár, og er það ekki að ófyrirsynju. Auðvitað hafa læknar mikið að starfa, en því fremur er hægt að ætlast til, að menn sjái fyrir sér

sjálfir á elliárunum, sem menn hafa meiri laun og tekjur, og á það ber að líta, þegar verið er að tala um eftir laun. Embættismönnum er alveg jafnskylt sem öðrum, að fara skynsamlega með efni sín og sólunda þeim ekki í óþarfa. Mér finst laun embættismanna ekki svo lág, að þeir megi ekki við hlíta, þótt þeir hafi ekki eftirlaunarétt, og eg er ekki samþykkur niðurlagi tillögunnar að hækka laun þeirra. Til þess að fá því breytt, get eg fallist á tillögu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um að taka málið út af dagskrá, þótt ekki sé af sömu ástæðu sem hann.

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg bjóst ekki við svona miklum umræðum um tillöguna, en tel þær til bóta, því að þær miða að því að skýra málið.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) reyndi að snúa út úr till., en eg hygg raunar, að það muni stafa af því, hve mein-illa honum er við allar þingsályktunartillögur. Hann skildi tillöguna svo, að hún færi fram á afnám allra eftirlauna. Það gerir hún að vísu, en tillagan ætlast jafnframt til, að í stað þeirra komi ellistyrkur. Því miður er nú því máli, ellistyrktarsjóðsmálinu, helzt til skamt á veg komið hjá oss, að því er alþýðuna snertir. En vonandi verða sjóðir þeir, sem þegar eru komnir á fót eða verða stofnaðir, svo öflugir, að engir þurfi að fara á sveitina í framtíðinni.

Óánægja manna með eftirlaunin er aðallega sprottin af þeim mismun, sem gerður er á embættismönnum og öðrum stéttum. Embættismenn fá sín eftirlaun eftir unnið æfistarf, en óbreyttir alþýðumenn, sem unnið hafa alla æfi baki brotnu og komið þungri fjölskyldu fram, verða að fara á sveitina.

Eg kannast við, að mér féll frumvarpið betur en þessi tillaga. Þar var farið fram á það, að lækka eftirlaunin svo mikið, að varla hefði þurft að óttast óánægju út af þeim. En það má vel vera, að afnám eftirlauna reynist samt vinsælla, þótt það hafi í för með sér hækkun á launum sumra embættismanna.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagðist hafa verið með afnámi eftirlauna áður fyr, af því að hann áleit í þeim felast misrétti milli embættismanna og alþýðu. Þetta misrétti á sér enn stað og er ekki horfið, þótt vonandi sé, að það hverfi smátt og smátt.

Viðvíkjandi því, að afnám eftirlauna fari í bága við stjórnarskrána, þá var nefndinni það fullljóst og því kom hún með málið í tillöguformi. En með því, að ekki er útséð um stjórnarskrármálið vil eg leyfa mér að styðja tilmæli hv. þm. S.-Þing. (P. J.) um, að tillagan verði tekin út af dagskrá.

Forseti tók þá tillöguna út af dagskrá.

Ein umr., (framh.) 5. maí (A. 797, 917).

ATKV.GR.

Brtill. á þgskj. 917 sþ. með 16 shlj atkv.

Till. á þgskj. 797 þar með fallin.

Tillagan í heild sinni samþykt með 16 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis*.

Styrktarsjóður barnakennara.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum,

Fyrsta umr., 10. apríl (A. 467).

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla ekki að ræða málið að sinni, en að eins stinga upp á þriggja manna nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriggja manna nefnd sþ. með 14 shlj, atkv. og í hana kosnir:

Hálfdan Guðjónsson,
Einar Jónsson,
Björn Þorláksson.

Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður, en Hálfdan Guðjónsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 24. apríl (A. 467, n. 686).

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Eg ætla enga ræðu að halda að þessu sinni. Frumv. felur að vísu í sér fáar breytingar, en þó vil eg ekki ráða til að fella það, heldur að því sé vísað áfram til 3. umr.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 13 : 8 atkv. að við höfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Jón Þorkelsson,
Björn Jónsson,	Ólafur Briem,
Björn Kristjánsson,	Pétur Jónsson,
Einar Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson.
Hálfd. Guðjónsson,	Stefán Stefánsson.
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson, Björn Sigfússon og Skúli Thoroddsen ekki viðstaddir, Jón Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist því með meiri hlutanum.

2. gr. samþ. með 11 : 8 atkv. að við höfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson S.-Múl.
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Einar Jónsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Sig. Gunnarsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Benedikt Sveinsson, Björn Jónsson, Björn Kristjánsson og Björn Sigfússon, Jón Ólafsson og Jón Sigurðsson ekki viðstaddir.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 8 atkv.

Þriðja umr., 26. apríl (A. 467).

Jón Magnússon: Eg sé á nefndarálitinu, að nefndinni þykir frumv. lítilsvirði, og er það ekki um skör fram. Þetta frv. hefir þá eina þýðingu, að það léttir gjaldi af svo sem 10 manns á landinu um 5—7 kr. eða minna af hverjum árlega og sé eg ekki, að það muni þá nokkru verulegu. Hins vegar hefir það dálitla þýðingu fyrir sjóðinn, að missa þetta gjald.

Eg legg eindregið á móti frumv. og skil ekki, hvers vegna er verið að tefja þingið á svo gersamlega þýðingarlausu máli.

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Það er rétt hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), að frumv. er þýðingarlítið, enda þótti nefndinni það, en hún vildi þó ekki amast við því, úr því Ed. samþykti það og lagði áherzlu á það.

Eg fyrir mitt leyti, læt mér frumv. í léttu rúmi liggja, en nenni þó ekki að greiða atkvæði á móti því.

ATKV.GR.:

Frumv. felt með 8 : 5 atkv.

Farmgjald.

FRUMVARP til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Fyrsta umr., 30. marz (A. 375, 409).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. forseti hefir sýnt þá tilhliðrunarsemi, að taka þetta mál á dagskrá með því skilyrði, að engar umræður fari fram um það við 1. umr. Við flutningsmennirnir höfum gengið að þessu og óskum að því verði vísað til skattalaganefndar og að því búnu til 2. umr.

Forseti: Með því að málið hefir verið flutt of seint inn á þing, verður deildin að ganga til atkvæða um, hvort taka megi það til umræðu.

ATKV.GR.

Samþykt í einu hljóði, að taka megi frv. til umræðu.

Vísað til skattalaganefndar með öllum atkvæðum.

Þá bar forseti upp, hvort taka mætti málið til 2. umr., þegar er það kæmi úr nefnd, og var það samþ. í einu hljóði.

Önnur umr., 18. apríl (A. 375, 409, 618, n. 619, 650, 655).

Framsögum. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Eins og mönnum er kunnugt, var mál þetta fyrir síðasta þingi í nokkuð öðru gerfi, en það hefir nú. Frumvarpið hefir verið tekið upp til þess að jafna tekjuhallann, sem fyrirsjáanlegt er, að nú muni verða á fjárlögunum, með því að stjórnin hafði látið undir höfuð leggjast að gera tilraun til að sjá landssjóði fyrir tekjum í stað áfengistollsins.

Síðan mál þetta kom fram á síðasta þingi, hefir þjóðinni gefist kostur á að athuga það nokkuð á þingmálafundum. Einnig hefir verið ritað um það í blöðunum. Margir þingmálafundir hafa lagt málinu liðsyrði.

Eg skal geta þess, að á þingmálafundi í Árnessýslu, sem hafði mál þetta til meðferðar, var kosin nefnd til þess að íhuga skattamál og tollmál landsins. Nefnd þessi lét upp álit sitt, er hún hafði haft mál þessi til meðferðar í tvo eða þrjá mánuði og kvaðst hún álíta farmgjaldsleiðina hentuga til þess að afla landssjóði tekna. En það fann hún slíkum tollstofni helzt til foráttu, að þar með væri þingi og stjórn opnaður ofgreiður vegur til þess að auka tekjur landsins, — hækka farmgjöldin, þegar svo sýndist og mundi þetta leiða til ofmikillar fjáreyðslu og bruðlunar. —

Af þessu sést, að þessir menn telja farmgjöldin handhægust allra álagna til þess að afla landssjóði tekna.

Farmgjaldsfrumvarpinu var fundið það til foráttu á síðasta þingi, að það legði jafnan toll á allar vörur, sem til landsins flyttust, hvort sem þær væru dýrar eða ódýrar, þarfar eða óþarfar. Einkum var það viðkvæðið, að nú ætti að leggja toll á kornvöru, en því mun almenningur víðast vera mótfallinn.

Nú hefir verið reynt að komast hjá helztu annmörkunum, sem þá þóttu á frumvarpinu. Kornvara er nú öll undanskilin farmgjaldi og sú aðferð tekin upp að flokka niður allar vörur, sem til landsins flytjast. Eftir frumv. er öllum farmgjaldsskyldum vörum skift í 7 flokka.

Eins og kunnugt er, þá hefir nefndin sem hefir haft mál þetta til meðferðar hér í þinginu, ekki orðið sammála. Þótt meiri hlutinn sé ekki fyllilega ánægður með flokkunina, þá leggur hann þó til, að málið verði samþykt á þessu þingi. Misbrestir þeir, sem kunna að vera á frumv., munu bezt koma í ljós við reynsluna og þá fyrst er hægt að bæta úr þeim, þegar hún er fengin.

Skattamálum og tollmálum landsins er ekki ráðið til lykta enn, og þess-

vegna þykir meiri hluta nefndarinnar nauðsynlegt að sjá, hvernig þessi aðferð, sem hér er farið fram á, muni gefast, svo að menn fái þó nokkra reynslu fyrir sér í þessu efni sem fyrst, áður en til fulls verður gengið frá þessum vandamálum.

Minni hlutinn hefir í sínu áliti drepið á þá aðferð, að landið einokaði sölu einstakra vörutegunda. Þetta var ekki all-lítið rætt í nefndinni og leizt flestum nefndarmönnum vænlega á það ráð. En því verður ekki við komið á þessu þingi héðan af, til þess að bæta fjárhaginn í svip, heldur er til ætlast, að skorað verði á stjórnina að búa það mál undir næsta þing. Þarfir landssjóðs eru einnig svo miklar, og fara sívaxandi, að ekki mundi af veita, þótt fundin væri fleiri en ein ný tekjugrein honum til handa. Tillagan um þjóðverzlun (einokun, sem þjóðin leggur á sérstakar vörur), hnekkir því alls ekki farmgjaldsfrumvarpinu á neinn hátt, né dregur úr nauðsyn þess.

Hingað til hefir sú aðferð verið höfð, að tolla fáar vörutegundir, en hafa tollinn háan. En nú er tollurinn orðinn svo hár á flestum þeirra, að tæplega mun gerandi að hækka hann úr þessu. Í jafn víðáttumiklu landi, sem Ísland er, verður tolleftirlit mjög torvelt. Og ef tollurinn yrði hækkaður úr því, sem nú er, á þessum fáu tollskyldu vörum, þá mundi freistingin hjá kaupmönnum og öðrum fara vaxandi að því skapi til þess að svíkja tollinn. Og þetta er gert nú, vafalaust miklu meira en flesta grunar. Eitt dæmi hefir komist upp hér í miðjum Reykjavíkurbæ, þegar »álnavöru«-kassinn hans Brauns kaupmanns brotnaði hérna á bryggjunni og alt »sirsið« og »boldangið« var orðið að dýrindis Hamborgar vindlum.

Og það er síður en svo, að þetta sé einsdæmi um tollsvikin hér. Það mundi því ekki ná tilgangi sínum, þótt þingið legði hærri toll á einstakar vörutegundir. Hér er ekki hægt að koma á nákvæmri tollgæzlu, fyr en landið er orðið ríkt og þéttbýlt,

Farmgjöldin hafa aftur meðal annars þann mikla kost, að gjaldið er svo lágt og svo jafnt á vörutegundunum tiltölulega, að varla getur borgað sig, að fara að brjóta lögin og setja eina vöru í umbúðir annarar. Mismunurinn á gjaldinu er oftlitill til þess, að slíkt verði gert svo að nokkru nemi.

Andstæðingar frumvarpsins hafa það á móti því, að flokkaskiftingin sé af handahófi. Vera má að svo sé, en eg vil minna á það, að öll frumsmíð stendur til bóta. Og þegar þetta fyrirkomulag hefir verið reynt, þá koma brestirnir í ljós og þá má lagfæra það, sem aflaga hefir farið.

Það er ætlast til, að farmgjaldið sé heimtað eftir farmskrá, sem skipið er skyldugt að hafa meðferðis. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það hjá hv. flutnm. frumv., 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að flokkunin eftir farmskránni sé mjög fljótleg og muni ekki taka lengri tíma en eina klukkustund, þótt farmskrá sé í lengsta lagi. Og eins og menn vita, er háttv. flutnm. þessu mjög kunnugur, því að bæði hefir hann fengist við verzlun í mörg ár áður og jafnframt rannsakað þetta efni mjög ítarlega.

Eg veit vel, að frumv. muni mæta megnri mótspyrnu og verða fundið margt til foráttu. En eg hygg, að andmælin verði ekki svo veigamikil, að málið þurfi að falla fyrir þá sök. Það mun og vera svo um flestar nýjungar í tollmálum, að hægra þykir að finna á þeim galla og sýna fram á þá, heldur en að tína kostina. Það er hægra að rífa niður en byggja upp. Flestir munu minnast

þess, að kaffi- og sykurtollurinn hefir ekki komist á hljóðalaust, en þó er hann sú tekjugrein landssjóðs, sem vissust er, og veitt hefir mestar og beztar tekjurnar.

Nefndin hefir ekki haft mikinn tíma til þess að athuga frumvarpið, og brtill. hennar á þgskj. 618 eru einkum leiðréttingar og lagfæringar. Hún hefir strykað út nokkrar tegundir, sem tollskyldar verða samkvæmt öðrum lagafrumvörpum, sem þingið hefir með höndum og því eiga undan að fellast. Svo er t. d. um ávaxtavín og gosdrykki, en þeir voru ekki tollskyldir, þegar þetta frumvarp kom fram. Aftur er bætt við vörutegundum, sem gleymst höfðu þegar frumv. var samið, og má vel vera, að enn séu einhverjar vörutegundir ótaldar, en þær koma þá í 7. flokki.

Þá hefir nefndin lagt það til, að það sem nefnt er í frumv. »8. flokkur« verði 2. gr. frumv., og breytist þá greinatala frumv. eftir því.

Nefndin hefir talið rétt, að þær vörur, sem ætlaðar eru til húsagerðar, séu gjaldfríar. Einnig felst hún á, að ekki skuli greiða farmgjald af steinolíu eða kornvöru. Skattur á steinolíu mundi koma þyngst niður á sjómannastéttinni, og steinolían er fulldýr nú, þótt ekki sé lagður tollur á hana.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni, en vænti, að því reiði vel af.

Eg skal geta þess, að nefndin hefir fengið miklar og góðar upplýsingar hjá 1. þm. G.-K. (B. Kr.), þar sem hana hefir brostið nægilega þekkingu á málinu, en hann er máli þessu gerkunnur frá rótum og mun einnig skýra ýms atriði þess fyrir deildinni.

Framsm. minni hl. (Hannes Hafstein): Eg get að miklu leyti skírskotað til nefndarálits minni hlutans á þgskj. 650 og hefi eg litlu við að bæta það, sem þar stendur. Enda mun ekki vera til mikils að koma með ástæður gegn frumv. þessu, því mun vera trygð braut hér gegn um deildina, hvað sem sagt er.

Í skattanefndinni kom öllum saman um, að finna yrði eitthvert ráð til þess að bæta úr þeim tekjumissi, sem aðflutningsbannið bakar landssjóði. Og öll nefndin var sammála um það, að æskilegast væri að finna einhvern tekjustofn, sem ekki legði aukin gjöld á lífsnauðsynjar manna. Tók nefndin til athugunar, hvort ekki mundi mega fá tekjur, án þess að íþyngja gjaldendum, með því að landið tæki einkasölu á einhverjum vörutegundum, er mikið kveður að, og hefði tekjur af söluarðinum, án þess varan þyrfti að hækka í verði fyrir það. En á þessu þingi var ómögulegt að framkvæma þær rannsóknir og íhuganir, sem nauðsynlegar eru, áður nokkuð verði sagt um þetta mál með vissu. Aftur á móti vill nefndin, að þetta sé rannsakað í milliþinganefnd til næsta þings. Þar sem nú meiri hluti nefndarinnar hefir aðhylst þetta frumv. verð eg að ganga út frá því, að þeir, sem vænta einkasölufrumvarps á næsta þingi, skoði þetta frumv. að eins sem bráðabirgðarfyrirkomulag fremur en til frambúðar. En bráðabirgðafyrirkomulag verður fyrst og fremst — auk almennra réttlætisskilyrða, — að fullnægja því skilyrði, að vera handhægt, gera sem minsta gagngerða breyting á þeim meginreglum, sem annars er fylgt í landinu. En því fer afarfjarri, að frumv. fullnægi þessu meginskilyrði. Þvert á móti umsteypir það alveg öllum þeim grundvelli, sem tolllöggjöf vor hefir verið bygð á til þessa, og innleiðir nýtt. Hingað til höfum við hagað tolllögum okkar þannig, að þau gætu orðið framkvæmd án sérstaks tollgæzluliðs, tolla sem fæstar vörur, og að eins þær, sem eru munað-

arvörur eða að minsta kosti ekki lífsnauðsynjavörur. En þetta frumv. leggur lága en þó mismunandi tolla á flestallar vörutegundir, sem til landsins flytjast, og eru þess eðlis, að lífs ómögulegt er að framfylgja því nema með því að gera víðtækar ráðstafanir til tollgæzlu, sem heföi bæði afarmikla fyrirhöfn og afarmikinn kostnað í för með sér. Þetta gerir í mínum augum frv. alveg ómögulegt til *bráðabirgða*fyrirkomulags. En hvernig væri það þá til frambúðar?

Eg skal að svo stöddu ekki fara út í »kritik« á einstökum greinum og flokkaskifting frumv. Eg veit að höfundinum hefir gengið gott eitt til þess að koma með það og hann hefir gert þetta eins vel og hann gat. En eg skil ekki, hvers vegna hann heldur áfram að kalla þessa tolla »*farmgjald*«. Eins og frumv. er nú, er það nafn alveg meiningarlaust og villandi. Nú er frv. ekki annað en »Toldtarif«, það er gjaldskrá yfir toll af flestum þeim vörum, sem flytjast til landsins. Þetta fyrirkomulag er svo sem ekki nein ný uppfundning. Það er gamla meginlands tollreglan, sem hér gægist fram með öllum kostum og kynjum, að eins í dálítið halakliptu og annkanalegu formi. Það er gamla tollrófan, sem Evrópulöndin flest ennþá frá gamalli tíð mega dragast með og stynja undir, með sínum óheyrilega kostnaði til tolleftirlits og öllum þeim óeðlilegu höftum á frjálsri verzlun og vernd fyrir innlent »fúsk«, sem það alstaðar hefir í för með sér, er til lengdar lætur. Það er hægra að koma slíku á, heldur en losna við það aftur, eins og hefir sýnt sig, þegar frjálslyndari flokkarnir í löndunum, sem hafa þessi tollkerfi, hafa verið að reyna að losa um viðjarnar.

Einn aðalókosturinn við slík tollbákn er það, að vegna kostnaðarins við eftirlit og innheimtu, svo og vegna arðs þess, er kaupmenn taka sér af tollunum verður almenningur að borga svo miklu meira heldur en féhirzlunni, — landssjóði — kemur að notum. Og þessi ónauðsynlegi gjaldþungi legst ætíð tiltölulega þyngst á fátækari stéttirnar, hversu vel sem reynt er að vanda til þess, að haga upphæð tollsins á hverri vörutegund svo, að hæst gjald leggist á þær vörur, sem ekki eru nauðsynjavörur og þeir efnameiri aðallega kaupa. En þegar gjaldinu er skift niður á vörurnar, eins og í þessu frumvarpi, þar sem slept er algerlega öllu tilliti til réttlætis og sanngirni í gjaldálögunni, þá keyrir slíkt úr öllu hófi.

Sé nokkurri meiginreglu fylgt í gjaldflokkun þessa frumvarps, þá er hún í öllu falli ósýnileg mér, og eg held allflestum, sem lesið hafa frumvarpið. Dýrir málmar tollast eins og eða jafnvel helmingi *lægra* en eldspítur, hampur, allskonar matvara og nýlenduvörur, gullúrin eins og skófatnaður og tvinni, gullstáss eins og blikkfötur, dýrasta silki og pell eins og stumpasirs og strigi o. s. frv., og yfirhöfuð er ekki hið minsta tillit tekið til þeirrar meginreglu í allri tolllöggjöf, að reyna að láta gjaldið koma sem réttlátast niður. Menn eru annars vanir hér á þingi að gera afarmikið úr þeirri reglu. Sérstaklega hefir bumban verið barin bæði ótt og títt, þegar um dálitla hækkun á kaffi- og sykurtolli hefir verið að ræða. Þá hefir verið kveinað og kvartað um það, og held eg það hafi verið nefnt hér í deildinni seinast í dag, að kaffi- og sykurtollurinn komi mest niður á fátæku fólki. En um þennan allsherjartoll, sem hér er farið fram á að farsæla okkur með, má sanna það svart á hvítu, að hann kemur langtum ranglátar niður en hækkun á kaffi- og sykurtolli, jafnvel þótt hér séu undanskildar ýmsar nauðsynja-

vörur, svo sem korn, kol og steinolía. Það hefir verið sagt, að þetta væri svo lágt gjald, að engan munaði um það. Það er að vísu ekki mjög hátt, en þó er það upp í 40 krónum af tonninu af sumum nauðsynjavörum, sem síður má án vera en kaffis og jafnvel sykurs, svo sem fatnaði, leðri sútuðu, skinnum sútuðum, skófatnaði, tvinna og allskonar vefnaðarvöru, og það gjald verður í framkvæmd miklu hærra, því að kaupmenn leggja auðvitað miklu meira á vöruna, heldur en nemur tollgjaldinu, sem á að greiða fyrirfram. Og sé það satt, sem eg reyndar stórum efa, að þetta gjald gefi landssjóði af sér 180 þús kr. á ári, þá greiðir almenningur alt að því helmingi hærri upphæð. Af þeirri upphæð fellur auðvitað meginþorrinn á þær vörutegundirnar, sem mest er keypt af, en það eru þær vörur, sem alþýðan og fátæklingar neyðast til að kaupa. Hitt er hverfandi, sem kemur af »luxus«-vörum, sem einkum eða eingöngu eru keyptar af efnafólkinu, þegar tollgjaldið er ekki hærra af þeim vörum heldur en af sömu þyngd af ódýrasta varningi. Og þessi tollur hlýtur að koma, eigi að eins tiltölulega þyngst, heldur með mestri fjárupphæð, niður á fjölskylduheimilunum, sem sízt er rétt að láta blæða fyrir þessum tekjuauka, sem landssjóður nú þarf að fá fyrir vínfangatollinn.

Við minni hluti nefndarinnar getum því með engu móti léð hönd til þess, að kasta þessu óhentuga og óréttláta gjaldi á þjóðina. Það verður að finna einhverja aðra leið til að sjá landssjóði borgið í bráðina. Þetta er alófært sem bráðabirgðafyrirkomulag, hvað sem um það er að segja að öðru leyti. Sumir segja, að hér sé um *tilraun* að ræða, og stuðningsmenn þessa máls játa sjálfir, að þeir viti ekki hve mikið það mundi gefa af sér. En þá er heldur ekki unt að byggja á því, að þetta sé fullnægjandi. Þá verða þeir sömu menn að setja eitthvað annað við hliðina, ef þessi tilraun skyldi misheppnast. Eg skal ekki fara út í hverjar aðrar leiðir eiga við á þessu fjárhagstímabili. Allir vita, að við blasir bein leið til þess að komast hjá öllu tilraunafálmi út í loftið til þess að útvega landssjóði tekjur *í stað vínfangatollsins*, meðan verið er að undirbúa betur nýjan skatttekjugrundvöll, og bæta úr vanrækslu fráfarandi stjórnar í þeim efnum.

Að því er snertir framkvæmd þessara laga, farmgjaldslaganna svonefndu, skal eg að endingu að eins benda á, að það má segja með fullri vissu fyrir fram, að fyrst í stað hlýtur að verða mikill vanbrestur á því, að útlend vöruflutningaskip, sem ekki þekkja þessi nýmæli fullnægi fyrirmælunum um vöruskrár og þvíumlíkt.

Það bætir ekki úr skák fyrir innheimtu tollgjaldanna, þó að sektum sé beitt fyrir vanbrest á vöruskrám og öðrum skýrslum, sem ætlast er til að gefnar séu. Vanti skip vöruskrá, verður hið opinbera að láta rannsaka nákvæmlega allan farminn. Og hverjir eiga að gera það? Að heimta slíkt af sýslumönnum, er tómt pappírsgagn, þeir geta blátt áfram ekki annað því, þeir geta ekki verið nema á einum stað í einu. Landið yrði að launa tolllið þess. En um það eru engin ákvæði í frumvarpinu. Eg vil og leiða athygli háttv. flutningsm. að því, að það hlýtur að vera bygt á ókunnugleika, er í 6. gr. laganna segir, að ein farmskrá skuli vera yfir allan farm skips. Það er ómögulegt að hafa eina farmskrá, þegar skipið kemur með vörur frá fleiri löndum en einu, nema þá því að eins, að ætlast sé til, að skipstjóri sjálfur smyrji upp einhverri málamynda farmskrá, sem þá væntanlega oft væri lítið á að byggja. Ætla eg svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, það hefir

enga þýðingu að eyða orðum um það, sem er fyrirfram ákveðið. Eg vil aðeins eindregið mótmæla því, að þingið hætti landinu út á þessa hálu braut. Þetta er alveg ófær leið, og lögin í þessu formi ekki til sóma fyrir þingið.

Björn Kristjánsson: Eg finn ástæðu til að taka til máls út af ræðu háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) Eg er þakklátur hinum háttv. andmæling minum fyrir það, hve hógværlega hann talaði um frumvarpið. Ætla eg svo að víkja að aðalatriðunum.

Í fyrsta lagi vakti hann máls á því, að heppilegt væri að finna tekjuauka án þess að fara í vasa gjaldendanna. Það væri gott ef það heppnaðist, en það er ný leið, sem mér vitanlega aldrei hefir verið leitað að áður hér á landi. Þegar tekjur vantaði þá hafa menn lagt á nýja tolla, og svo er það víðast haft. Að afla sér tekna með því að reka einokunarverzlun og fá þannig tekjuauka, getur verið góð leið, en það tekur langan tíma, en Íslendingar hafa enga reynslu í því efni, og óvíst hvernig tækist að reka slíka verzlun, án þess að íþyngja kaupendunum. Það tekur afarlangan tíma, að afla sér þeirrar reynslu og þekkingar, og tekjur af slíkri einokun er ekki hægt að bera fyrir sig í bráð. Og þar sem alla þekkingu vantar í þessu efni, getur sú hugmynd eigi verið nema framtíðarspursmál.

Háttv. andmælandi (H. H.) sagði, að hægt væri að fara í vasa almennings, ef menn eru nógu óhlífnir, en þess verður að gæta, að hér er ekki verið að fara í vasa fólks fyrir *sjálfan* sig, heldur fyrir þjóðina sjálfa. Í þessu landi verða tollarnir að koma misjafnt niður. Í öðrum löndum, þar sem fólksfjöldi er nógu mikill, hafa menn tollgæzlu, og þar er reynt að láta tollana koma sem réttlátast niður. Við erum aftur á móti þjóð, sem ekki getum sett á stofn tollgæzlu, höfum ekki ráð á því.

Háttv. ræðumaður sagði að hér væri skift um »princip«, að tolla vörur almennt með lágum tolli í staðinn fyrir að tolla fáar vörur hátt.

Hann sagði og að þeir »liberölu« á Englandi hefðu farið fram á, að sem flestar vörur væru tollaðar, en það hafi strandað á mótstöðu auðmannanna, því það kæmi í bága við þeirra hag. Það er einnig rétt, að svona er það á Englandi, en það sannar ekkert um að það fyrirkomulag henti oss. Þar sem ekkert tolleftirlit er eins og hér, þar er enska fyrirkomulagið einmitt óhafandi, því eftir því sem hvílir hærri tollur á einni vörutegund, eftir því er freistingin meiri til að draga undan toll, og það mun nú líka óspart gert.

Á landi eins og Þýzkalandi eru flestar vörur tollaðar, t. d. er 3 marka tollur á rúgtunnunni. *(Jón Ólafsson:* Þetta er verndartollur). Það getur vel verið, en hér þarf ekki að óttast það. Háttv. ræðumaður sagði, að þetta væri ómögulegt nema með tollþjónum. Hversvegna þarf þá ekki tollþjóna nú? Er hægara fyrir tollheimtumann að ná í toll af t. d. brendu kaffi eða sukkulade og brjóstsykri, sem lukt er niður í kassa, heldur en ef tollurinn lægi á kassanum öllum með umbúðum? Ekki þarf nema heilbrigða skynsemi til að sjá, að örðugra er fyrir kaupmann að komast hjá að greiða toll, ef hann á að greiða hann af öllum stykkjunum, sem hann fær samkvæmt farmskrá, eins og þau koma fyrir. Það þarf meira en litla fífldirfsku til að halda öðru eins fram og leikaraskap að leika heimskingjann og látast ekki skilja.

Eg tók eina hinu lengstu farmskrá frá árinu 1909, hún var 28 síður. Fyrst merkti eg kross við þær vörur, sem

ekki eru tollskyldar, þar næst skipaði eg þeim í 7 flokka. Var eg að því einn klukkutíma. Eftir því mun mega lúka því starfi og að skrifa reikningana á einum degi, þannig 1 dagsverk. Sýnishorn af slíkum reikningi er hér til sýnis, sem er þannig gerður með hlaupandi númerum á farmskránni, að viðkomandi kaupmanni og endurskoðuninni er innan handar á stuttum tíma að sjá, hvort reikningurinn er réttur.

Auðvitað er þetta meira starf en áður, enda hefi eg ekki á móti því að prósentur séu færðar upp. Þetta yrði og mjög auðvelt aðgöngu fyrir endurskoðendurna og hægt að endurskoða þessa reikninga. Yfir höfuð verður þetta gjald ekki eins óréttlátt og kaffi- og sykurtollurinn, sem er afar ranglátur tollur, eins hár og hann er orðinn.

Eg get ekki kannast við, að gjaldið komi sérstaklega hart niður á vörum, sem fátæklingar aðallega kaupa, því að öllum er í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa t. d. járnvöru eða vefnaðarvöru. Hinn hv. þm. sagði, að því fleiri sem börnin væru, því meira þyrftu fátæklingar að borga, en hjá því verður ekki komizt og vitanlega á sú mótbára fult eins vel við kaffi- og sykurtollinn, sem nú er. Gjaldið leggst á sárfáar vörur, sem með réttu má nefna nauðsynjavörur.

Hinn háttv. þm. sagðist ekki vilja benda á einstaka galla á frv. af því að hann væri á móti stefnu þess yfir höfuð; mér þykir það illa farið, því að mér leikur einmitt hugur á að fræðast um, hverja agnúa hinir háttv. mótstöðumenn frumv. sjá á einstökum ákvæðum þess.

Ekki get eg skilið, að frumv. mundi á neinn hátt tefja fyrir skipaferðum, þótt það yrði að lögum. Eg hefi áður bent á, að innheimtan mundi verða auðveld, og vil eg gera ráð fyrir, að hún yrði borguð sæmilega, eins vel með 4% eins og 3%, ef farið væri fram á það.

Hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að vöruskrá gæti vantað, og að þá væri ómögulegt að innheimta gjaldið. En hvernig fer *nú*, ef þetta kemur fyrir? Það er rétt athugað, að farmskrá getur komið frá fleiru en einu landi. En er ekki ástæða til að skoða farmskrá skips sem *eina*, þó fermt sé í fleiri löndum? Farmskráin getur þó ekki talist heil, nema hún nái yfir allan farminn. Meiningin er, að aðalskráin komi frá hverju landi, þar sem skipið kemur við.

Eg held að eg þurfi ekki að svara fleiri mótbárum, og vil eg nú vona, að hin háttv. deild taki málinu vel, því að það er nú eflaust betur undirbúið en það var á síðasta þingi, úr því mótmæli og aðfinslur heimastjórnarmanna hafa verið teknar til greina.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg hefi furðað mig á því, að allir þeir, sem til máls hafa tekið, hafa orðið að tala fyrir tómum bekkjum. Hér liggur þó fyrir deildinni eitt hið vandasamasta stórmál, sem getur haft hinar mestu afleiðingar fyrir land og lýð. Auðsýnilega hefir verið svo um hnútana búið, að úrslitin eru viss. En engu að síður tel eg mér skylt að taka til máls, því að hér er hvorki um meira né minna að ræða, en nýja stefnu í tollmálum vorum. Áður höfum vér tollað fáar vörutegundir, nú á að leggja toll nálega á alt. Sjálfsagt verða skiftar skoðanir um, hvort þessi stefnubreyting sé holl eða óholl, en allir hljóta að viðurkenna, að hún getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir þessa þjóð.

Í öllum löndum eru nú tvær stefnur í tollmálum; önnur er sú, að tolla sem fæst, hin er sú, að tolla sem flest. Þótt hin síðari stefnan hafi víða í byrjun verið upptekin til þess að útvega fé,

þá hefir hún þó allstaðar endað í tollverndun. Og menn munu sanna, að svo fer hér sem annars staðar, þótt það væntanlega sé ekki tilgangur hins hv. flutningsm. þessa frumv. Eg hygg, að þess yrði ekki langt að bíða, ef þetta frumv. yrði að lögum, að toll-löggjöf vor yrði miðuð við hagsmuni einstakra stétta eða jafnvel við hagsmuni einstakra voldugra manna.

Í samanburði við þetta eru einstakir gallar frumv. smávægilegir; en þó eru þeir miklir, svo sem við má búast, þar sem höfund frv. hefir vantað öll nauðsynleg gögn, er hann samdi það. Annars staðar, þar sem menn hafa langa tollreynslu, þykir nauðsyn bera til að undirbúa slík frv. sem þetta svo rækilega, sem föng eru til. Eg veit, að hinn háttv. höfundur frumv. hefir mikinn áhuga á þessu máli, en hann hefir ekki gætt þess, að hann hefir hér ráðist í að framkvæma það verk, sem er hverjum einum manni ofvaxið. Enda sést bezt, að frumv. þetta er ekki annað en handahófsverk, þegar litið er á hinar einstöku greinir þess. Mér hefir verið ómögulegt að átta mig á, eftir hvaða meginreglum flokkaskiftingin er gerð. Vörurnar eru ekki flokkaðar eftir verði, ekki heldur eftir útliti eða efni. Eg skal ekki fara langt út í einstök atriði, en get þó ekki varist að taka nokkur dæmi. Í 1. flokki er »gips, glerlát, gluggagler, hverfisteinar og brýni, kókólit, kartöflur, leirvörur, netakúlur, sápa allskonar, sápuspænir, sápulút, sóda, spegilgler, stálbik og tjara;« á hver 100 kíló af þessum vörum á að leggja 20 aura toll. En af þeim vörum, sem eru í 5. fl. á að greiða 4 kr. fyrir hver 100 kíló, það er baðmullargarn, fatnaður allskonar nema sjóklæði, gólfmottur, glysvarningur allskonar, leður sútað, litunarefni skinn sútuð, stundaklukkur, skófatnaður allskonar, tvinni, ullarband og vefnaðarvörur allskonar. Eg vil nú fyrst spyrja: Hvernig er hægt að sjá á stórum kassa, hvort hann er fullur af sóda eða úrum? Til þess að komast fyrir það, þyrfti að slá hann upp. En setjum svo, að hægt væri að koma slíku eftirliti við, flokkaskiftingin verður jafn óeðlileg og vanhugsuð fyrir það. Eitt pund af sóda kostar 5—7 aura, úrið, sem eg hefi í vasanum kostar 450 kr. 100 pd. af sóda kosta 5 kr., 100 pd. af úrum geta kostað tugi þúsunda. Ennfremur eru til stundaklukkur, sem að eins kosta 3 kr., og aðrar sem kosta mörg hundruð kr., en til þess tekur frumv. alls ekki tillit, gjaldið er aðeins lagt á pundatöluna. Eg tek þetta að eins til dæmis til þess að sýna, hvílíkt vanhugsað handahófsverk frv. er. Í öðrum flokki er allskonar pappir. Hvað kosta nú 100 pd. af pappír? Þau geta kostað 1 kr. 25 aura, en líka 20 kr. En auðvitað tekur frv. ekki tillit til þess. Hins vegar eru prentaðar bækur tollfríar. Það ákvæði er nú alveg gagnstætt verndartolli, því að það er ekkert annað en verðlaun til þeirra, sem láta prenta bækur erlendis. Engan toll þarf að greiða af pappírnum í bókum erlendis prentuðum, en af pappír í bækur hér út gefnar, verður að greiða toll. Eg mintist á að sápa er í 1. flokki, en í 5. fl. eru gólfmottur. Á hverju skyldi það nú byggjast, að leggja 20 sinnum hærri toll á gólfmottur, en á dýrindis-sápu?

Þetta fáa, sem eg hefi nefnt, og margt annað, bendir óneitanlega í þá átt, að slík lagasamning sé ekkert flýtisverk, sem hver og einn getur hlaupið að í frístundum sínum. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að oss væri ekki hægt að leggja *monopol* á vörutegundir, vegna þess, að oss vantaði þekkingu til þess. En hvaða þekkingu þyrfti til þess, að

leggja *monopol* á steinolíu og tóbak? Eg hygg að það þurfi meiri þekkingu til þess að semja almenn tolllög, en til þess. Sami háttv. þm. sagði, að ekki væri hægt að gera mismun á sumum vörutegundum vegna þekkingarskorts, t. d. væri ekki hægt að gera mismun á bómull og silki. Það getur vel verið, að vér höfum ekki tollþekkingu á ýmsum vörum, en þetta sannar að eins, að vér erum ekki nógu þroskaðir til að setja á stofn fyrirkomulag það, er frumv. fer fram á. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það væri alment álitið, að ekki væri synd að svíkja toll. Þetta er víst alveg rétt, það er ekki álitin synd að svíkja toll. Ætli að vér Íslendingar séum ekki með sama merki brendir? Það getur verið, að háttv. þm. hafi rétt að mæla, er hann sagði, að talsverð brögð væru hér að tollsvikum. En ef byrjað er að svíkja toll á þeim vörum, sem eru tollskyldar nú, hvernig ætli það verði þá, er frumv. þetta er orðið að lögum? Það má að vísu setja vindla inn í bómullarstranga. Aftur á móti er erfiðara að svíkja toll á víni og tóbaki. En sé erfitt að gæta þess, að tollsvik eigi sér ekki stað, þar sem fáar vöruiegundir eru tollskyldar, hvernig ætli það verði þá, þegar búið er að tollskylda flestallar vörur? Það verður auðvitað hundrað sinnum örðugra að gæta þess, að tollsvik eigi sér ekki stað. Ef frumv. þetta verður að lögum, sem eg veit að verður ekki, hygg eg að mikið verði flutt inn af vörum, sem verða taldar í 1. fl., þótt þær eigi þar auðvitað alls ekki heima. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) lagði mikla áherzlu á, að það væri ekki lengi verið að því, að reikna út toll þennan eftr farmskrám. Þetta getur vel verið. En hvaða trygging er fyrir því, að þessar farmskrár séu *réttar*? Og hvað er lengi verið að fá vitneskju um það, hvað mikið er af tollskyldum vörum í einu skipi? Það tekur langan tíma. Og svo bætist það einnig við að flokka þessur vörur; slíkt tekur einnig tíma. Menn, sem mundu vilja svíkja toll, mundu setja vörur þær, sem ættu að vera í 1. flokk, í 5. flokk. Eg hygg að vátrygging komi hér ekki til greina, eins og talað var um 1909, því að menn hafa svo mikinn hagnað af því að svíkja toll, að þeir geta vel staðið sig við að vátryggja ekki vörurnar. Það er svo tiltölulega sjaldan, að gufuskipin hingað farast, að menn mundu margvinna það fátíða tjón upp á daglegum tollsvikum. Menn verða um allan heim að viggirða sig gegn tollsvikum. Það er ómögulegt að hugsa sér, að frumv. þetta geti orðið að lögum án almennrar tollgæzlu. Almenn tollgæzla fylgir því, eins og skugginn fylgir manninum. En hvað kostar slík tollgæzla? Hún kostar sumstaðar 40% af tollfénu, og það hefir meira að segja komið fyrir, að tollurinn hefir ekki hrokkið fyrir kostnaðinum við tollgæzluna. Eg þekki ekkert land, sem er jafn illa fallið til tollgæzlu og Ísland. Hún yrði því dýrari hér en í nokkru öðru landi hér í álfu. Því hefir verið haldið fram, að þetta væri að eins tilraun, og hefði þann kost í för með sér, að tollurinn væri svo lágur. Þetta getur vel verið. En tollurinn er ekki réttvíslega settur. Eg skal t. d. nefna peningaskápa, sem samkv. frv. eru í 3. fl. Það er ekki mjög stór skápur, sem vegur 1000 pd., en í toll af honum þyrfti að greiða 50 kr. og 100 kr. af þeim, sem vegur 2000 pd. *(Einhver þingmaður:* Það er rangt). Eg bið forláts — 5 kr. og 10 kr. átti eg að segja. Sérhver sýslumaður, flestir kaupmenn og margir aðrir, þurfa að hafa einn slíkan skáp, og geta þeir því talist fremur nauðsynlegir. Glysvarningur ætti að vera í hærra flokk. Það er svo margt undarlegt í frumv. þessu, og væri ekki van-

þörf á að lagfæra það. Skal eg t. d. geta þess, að 100 kr. sekt er fyrir að skipa ekki upp vörum. Nú kemur skip hér á höfnina, legst við hliðina á öðru skipi, tekur vörur úr því og siglir síðan burtu. En hvað fáum vér fyrir þetta? Vér fáum að eins 100 kr. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, þótt hægt væri að finna ótal dæmi þess, hversu frumv. er óréttlátt. Aðalástæðan á móti því er, að frumstefna þess er ómöguleg, og mundi leiða til almennrar tollgæzlu.

Pétur Jónsson: Eg get ekki stilt mig um að segja fáein orð, enda þótt eg búist ekki við, að mikið mark verði tekið á þeim í þessu máli. Á þessu þingi hefir verið mikið þrefað um það, bæði í nefndum og í háttv. deild sjálfri, hvernig ætti að bæta úr þörfum landssjóðs. Mun þetta frumv. vera komið fram til þess að bæta úr þeim.

Mig furðar stórlega á, hversu mikið hefir verið rætt um frv., án þess að minnast einu orði á tillögur milliþinganefndarinnar í skattamálum, sem enn liggja í salti. Býst eg við, að einhverjir háttv. þm. hafi lesið álitsskjal nefndarinnar. Að vísu hefir þingið tekið til greina nokkrar af tillögum hennar, eins og t. d. um tollinn og sóknargjöld 1909 og nú stjórn og þing um aukatekjur og erfðagjald. En aðalstarfi milliþinganefndarinnar hefir ekkert verið sint fremur en það væri ekki til. Þingið hefir því haft till. nefndarinnar bara til að skeina sig á.

Frumv. þetta er umfangsmikið mál og slíkt nýmæli, að búast mætti við, að ekki væri minni vandi að kasta því inn á þingið en tillögum skattamálanefndarinnar, um fasteignaskatt, eignarskatt og tekjuskatt. Eg efast um, að þetta frumv. gefi meiri tekjur en hin frumv. 3, og að minni hyggju er það í miklu meiri óvissu. Þessir 3 skattar gefa þegar eftir áætlun 125 þús. kr. á ári og mun sú áætlun á góðum rökum bygð. En eg skil ekkert í, hvað menn hafa fyrir sér um upphæð farmgjaldsins, og það hefir ekki verið sýnt. Ef þingið samþykti þetta frumv., væri slíkt hreinasta vantraust til milliþinganefndarinnar, og eg skil ekki, að einn af meðlimum hennar skuli vera því fylgjandi. Eg skil ekki, hvers vegna er verið að setja milliþinganefndir, þegar þingið virðir tillögur þeirra að vettugi.

Milliþinganefndin athugaði alt skattamálið í heild og hún hefir undirbúið þessi áðurnefndu frv. sín eftir beztu föngum og með rækilegri íhugun. Hún hefir líka athugað þetta farmgjald og var öll sammála um, að ekki væri gerlegt að leggja það á. Hins vegar greindi nefndina á um, hvað upp skyldi taka, til þess að auka tekjur landssjóðs vegna aðflutningsbannsins, og virtist meirihlutanum tiltækilegast, þótt ekki væri gott, hækkun enn á kaffi- og sykurtolli, en mér aftur á móti alment verzlunargjald eða verðtollur. Og þótt meiri hluti nefndarinnar væri á móti því, taldi hún það þó nær sanni en farmgjald. Eg hefi nú ekki haldið fram verzlunargjaldinu að þessu sinni af því, að það gat ekki komið til mála, fyr en þeir aðalskattar voru komnir á, sem milliþinganefndin kom með tillögur um. Eftir fjárhagsyfirliti milliþinganefndarinnar átti ekki að þurfa að koma til þess, að verzlunargjalds eða farmgjalds þyrfti með, ef aðrar tillögur hennar yrðu til greina teknar.

Svo kom aðflutningsbannið, og væntanleg tekjuþurð við það. Álít eg mér óskylt að koma með tillögur til tekjuhækkunar í staðinn, af því eg var banninu mótfallinn. Nú skilst mér, að farmgjald þetta eigi að vera til bráðabirgða að eins. En þess er engin þörf. Frest-

un bannlaganna um 2 ár liggur nær, eins og milliþinganefndin benti á. Þessvegna er engin þörf á því, sem einungis er til bráðabirgða. Hitt er vandi að finna það, sem lengi á að standa, eftir að vínbannið er til fulls komið á.

Nú vil eg spyrja hv. deild, hvort henni finnast líkur til, að frumv. þetta hafi réttari grundvöll til aukningar á tekjum landssjóðs, en tillögur skattamálanefndarinnar?

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir bent á svo marga galla á frv., t. d. þá, að hægt væri að villa til um vöruflokka á ýmsan hátt. Eg ætla ekki nánar en hann gerði, að skýra frá þess konar göllum frumv. og þá mætti eitthvað laga, ef grundvöllur frumv. væri þess virði. En farmgjald þetta hefir alla þá galla, sem alment tollkerfi hefir með öðrum þjóðum, þar sem er t. d. þyngdartollur á iðnaðarvörum. Það greinir vörur í tollflokka með mjög mismunandi gjaldi, svo að ekki verður komist hjá dýrri tollgæzlu, sem etur upp mikið af tekjunum, eins og almenn reynsla er. Það hvílir ósanngjarnlega á vörum, af því það er þyngdartollur, en ekki verðtollur. Það er verndartollur fyrir stöku vörur, t. d. iðnaðarvörur, sem það kemur allþungt á, en verkar þveröfugt á innlendan iðnað í öðrum greinum, þar sem það hvílir tilfinnanlega á aðfluttum hrávörum, t. d. járni og þetta er alt af handahófi. Það hefir því engan þann grundvöll, sem alment er þó heimtað, að skattar og tollar hafi.

Þegar leggja á alment tollgjald á vörur, þarf mikillar íhugunar við, til þess það komi heppilega niður og miði í rétta átt; slíkt má ekki gera af handahófi. Frumv. þarf því meiri íhugunar og yfirvegunar við, en skattatillögur milliþinganefndarinnar, sem enn geymast í skúffu stjórnarráðsins. Þau frumvörp eru íhuguð og hafa almennar og viðurkendar grundvallarreglur að hvíla á. Hefði því verið minna vandaverk fyrir skattamálanefndina á þessu þingi að taka þau upp.

Eg býst ekki við, að það hafi neina þýðingu, að fara fleiri orðum um frv. Hefi eg látið í ljósi álit mitt og skal hér því staðar numið.

Björn Kristjánsson: Það hefir nú þegar verið talað allmikið um þetta mál, og frumvarpið hefir fengið harða dóma, sérstaklega hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og hélt hann því fram, að þetta væri að gerbreyta stefnunni í tollmálum. Eg þóttist þó skýra það nokkurn veginn greinilega, hvers vegna þessi leið var farin og hvers vegna það var óumflýjanlegt og ekkert það er komið fram, er sýni að það hafi ekki verið á rökum bygt. Hér er engin tollgæzla, og ef tollarnir eru háir, þá eiga menn það alt af á hættu, að hátolluðu vörurnar verði fluttar inn í umbúðum utan af alt öðrum vörutegundum, þar er ætið hægurinn hjá. Það má flytja inn brennivín í steinolíutunnum, og það hefir verið gert. Þess vegna er nauðsynlegt að tolla margar vörur, en tolla þær smátt. Eða er það ekki bersýnilegt, að ekkert hefir gætt hækkunarinnar síðast á vínfangatollinum, þar sem tekjuhallinn er 100 þús. á þeim lið, og færði Ed. þó niður áætlunina?

Háttv. þm. sagði að leiðirnar væru tvær. Önnur sú, að leggja háan toll á fáar vörur, en hin að tolla margar, og þá lentu menn í verndartollum. Það má nefna vörutegundir, eins og limonade og sodavatn, sem nú er verið að tolla, á því getur jafnvel lítill tollur orðið verndartollur, og svo er um fleiri vörur, þar sem iðnaður er mikill og framleiðsla, og þegar tollurinn er orðinn svo hár, að varan þoli það, að vera tilbúin í landinu sjálfu, þá er verndartollurinn kominn. Það mætti t. d. vel

framleiða hér sykur, flytja hingað sykurreyrinn, chocolade o. fl., tollurinn er nógu hár til þess. Sú eina af okkar hátolluðu vörum, sem við gætum aldrei framleitt, væri kaffið. Hinar mætti flestar búa til hér, svo það er valt, að álíta að þetta frumvarp leiði fremur til verndartolla, en annað. Það er einmitt þvert á móti, þar sem gjaldið er svo lágt. Í sjálfu sér er verndartollur sá tollur, sem lagður er á til þess að vernda atvinnu manna í landinu sjálfu, og sé eg ekki svo mikið á móti því, þótt þetta gæti miðað til þess að einhverju leyti, enda fylgja þeirri stefnu margir, en annars er tæplega um það að ræða, að tollar verði hér til þess, að hlynna að einstökum stéttum, því að ekki erum vér farnir að búa til sykur enn þá þrátt fyrir hinn háa toll. Alt þetta verndartollshjal hins háttv. þm. er eintómur reykur.

Háttv. þm. sagði, að þegar breyta ætti tolllögunum svo mjög, þyrfti mikla vandvirkni, og veitti ekki af milliþinganefnd, þannig sé farið að í öðrum löndum. En sú nefnd hefði ekkert haft annað né meira að byggja á, en þær skýrslur, sem eg hafði fyrir mér. (*Jón Ólafsson:* Á hverju byggir þá þm. flokkunina?) Eg skal koma að því síðar. Hann fann að því, hve litlu muni á tollinum eftir verðhæð vörunnar, og að t. d. allskonar pappír sé jafnhátt tollaður, hvort sem það er umbúðapappír, eða fínn skrifpappír. Eg vil nú spyrja, hvernig hann hugsar sér að búa til frumv. með jafn nákvæmri sundurgreiningu og á sér stað í öðrum löndum, þar sem við höfum enga tollþjóna. Ef þetta frumv. hefði verið borið fram á Þýzkalandi, þá hefðu ekki alls konar ritföng verið höfð í sama flokki og allur pappír, en þetta er nauðsynlegt *í þessu* landi, þótt háttv. þm. sé svo ókunnugur því hvernig hér á stendur, til þess að öll innheimta lendi ekki í vandræðum og verði ekki of kostnaðarsöm og vafasöm. Hér er ómögulegt að greina að pappír og ritföng. Því er það og, að glerlát eru öll í sama flokki, sprottið af hinu sama, er eg nefndi áðan. Það hefir verið reynt að taka tillit til innkaupsverðsins, en hins vegar opt orðið að beygja frá því að leggja á verðmætið, til þess að tollgæzlumenn séu ekki í eilífum vafa, heldur geti fljótt fundið til hvaða flokks varan telst, *samkvæmt heiti* þeirra á farmskránum. *Heiti varanna á farmskránum hlaut að vera* að nokkru leyti grundvöllurinn undir flokkaskiftingunni til þess að geta gert innheimtuna sem óbrotnasta og sem vafaminsta.

Hann mintist á 5. flokk, baðmullargarnið o. fl. Alt í þessum flokki eru dýrar vörur, og baðmullargarn er ekki sent sérstaklega nema stundum, og ullargarn ekki heldur. Það er ómögulegt að aðskilja þetta, því að oft koma fleiri tegundir af slíkum vörum í einni sendingu. Á hinu er minni hætta, að vörur, sem heyra til sínum flokknum hvor, komi í sömu umbúðunum, enda munar þá ekki ýkja miklu, hvort goldið er 10 aurum meira eða minna af hverjum 100 pundum, þar sem gjaldið er svo lágt.

Háttv. þm. þótti það kýmilegt, að kassi með úrum væri tollaður, eins og það væri »sódi«. Það er nú með úrin líkt og silkið, sem áður var talað um hér, að af þeim kemur svo lítið hingað, að þess gætir ekki, enda er ómögulegt að greina þau frá ýmsum glysvarningi. Til þess þyrfti fullkomna tollgæzlu, en en það varð að forðast. Og hvers vegna eru úrin ekki tolluð nú? Máske hinn háttv. þm. vildi fræða mig á því? Þá fanst honum það afar merkilegt, að svo er ákveðið í frumvarpinu, að eigi skuli gjalda af þeim vörum, er ónýtst hafa á leiðinni, og telur hann það koma í bága við ákvæði 4. greinar um það að gjald-

ið skuli greiða strax. En þetta er nákvæmlega, eins og í núgildandi tolllögum, 7. og 9. gr., þar sem ákveðið er að varan skuli vera undanþegin tolli, ef það sannast, að hún sé ónýt, og í annan stað, að tollurinn skuli greiðast þar sem varan er flutt úr skipi. Þetta þekkir hinn háttv. þm. sýnilega ekki.

Mörg orð í þessu frumv. eru nákvæmlega hin sömu og nú eru í lögum. Svo er um heimildina í 8. gr. til þess að selja vörurnar án undangengins lögtaks eða fjárnáms. Það er nákvæmlega sama og nú á sér stað, og ef þetta er óheppilegt, þá eru tolllögin illa til búin, og var þó vandað til þeirra, þau borin undir ýmsa lögfræðinga, þar á meðal þá verandi bæjarfógeta hér, sem er glöggur maður. Ef einhver smáatriði kynnu að vera, sem ekki eru í samræmi við tolllögin, þá má breyta því við 3. umr. En um það, sem sameiginlegt er með þessu frumvarpi og tolllögunum, og gallar þykja, verð eg að segja, að það hefir ekki orðið að miklu tjóni, því að það hefir alt gengið vel hingað til laganna vegna.

Um »monopol«-löggjöfina get eg verið stuttorður. Það má deila um það, hve mörg eða fá ár þurfi til þess að komast inn í tóbakstilbúning, eða steinolíusölu, en mín skoðun er að það taki langan tíma. Aðalhagnaðurinn ætti að verða af tóbaksgerðinni, en til hennar þarf mikla kunnáttu.

Menn segja að hægra sé að hafa eftlit með þeim vörutegundum, sem nú eru tollaðar, en hinum, er frumvarpið telur. Reynslan sýnir einmitt hið gagnstæða. Nú er ekkert eftirlit, sem dugir, eða að minsta kosti er miklu skotið undan, þrátt fyrir það litla eftirlit sem er. Það er venjulega látið nægja, að hafa tölu á stykkjunum, og það, að vörutegundin er venjulega rétt gefin upp, liggur í því, að í Danmörku og Englandi eru hafðar strangar gætur á því, hvaða tollskyld vara er flutt um borð. Á Englandi heimtar tollgæzlan jafnvel reikninga yfir útflutta vöru frá þeim sem senda. Í Þýzkalandi er öðru máli að gegna, þar sem útfluttu vörurnar flytjast burtu í frihöfn, þar sem tollgæzlumenn hafa ekki eftirlit, en hins vegar er byggt á ströngum lögum um skýrslur frá eiðsvörnum skipsmiðlum, sem hafa aðhald og hvöt til þess að skýra rétt frá.

Eg get ekki verið að eltast við alt, sem háttv. þm. sagði. Hann talaði meðal annars um peningaskápa handa embættismönnum, en eg vil benda honum á það, að þeir yrðu gjaldfrjálsir, eins og alt annað, sem flutt er inn í landssjóðs nafni. Það getur vel verið, að 100 kr. sektaákvæðið fyrir að flytja vörur úr skipi ólöglega, sé of lágt, en það er, eins og svo margt annað, tekið upp eftir tolllögunum.

Eg hefi þá svarað aðalatriðunum í ræðu þessa háttv. þm., og skal þá minnast á ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.).

Hann talaði í líka átt og hinn og var aðalmergurinn málsins hjá honum sá, að láta í ljósi óánægju sína yfir því, að nokkur hér í deildinni skyldi hafa aðhylst þetta frumvarp, eða yfirleitt nokkuð annað en tillögur skattamálanefndarinnar. Álítur hann, að það sé nokkurs konar vantraustsyfirlýsing til hennar. Eg verð að mótmæla því, að svo sé. Það er engin vantraustsyfirlýsing, þótt ekki sé alt tekið til greina, sem nefndin hefir sagt, og þótt hún sé milliþinganefnd, verður hún að sætta sig við það, að þingið hafi sitt álit, og beygja sig fyrir því. Annars væri ástæðulaust að leggja hennar álit fyrir þingið. Og þar sem hann leggur til að taka heldur »faktúrugjaldið«, en þetta, þá hlýtur slíkt að vera sprottið af mjög miklu þekkingarleysi. Það játa allir, líka þeir sem eru á móti farmgjaldinu, að fakt-

úrugjaldið sé alveg ómögulegt hér, enda má sjá það með einföldum dæmum. Ef sá, sem sendir vöru, er búsettur í Hamborg en viðtakandi hér, þá getur sendandi gefið hvaða reikning sem hann vill og getur enginn krafið hann um rétta skýrslu, hversu falsaðir sem innkaupareikningar hans kunna að vera. Stundum býr faðirinn erlendis, en sonurinn eða verzlunarstjóri hans tekur við reikningunum hér. Slík verzlun getur leikið sér að því að draga undan svo mikið af verðmæti vörunnar á reikningum sínum, sem hún vill, án þess nokkurri rannsókn verði við komið, einkum ef sendandinn á heima utan Danmerkur.

Annars skal eg nú ekki fara frekar út í það, sem hann sagði, það er þýðingarlaust. En hins skal eg geta, að eg tek aftur breyt.till. á þgskj. 409, nema þá við 2. gr., að orðin »í Reykjavík« falli burt..

Jón Ólafsson: Herra forseti! Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) talaði um orsökina til þess, að þetta frv. kom fram, og var hún þá sú, að þetta væri nauðsynlegt, vegna þess að engin tollgæzla væri til hér í landi Sagði að núgildandi tolllög væru brotin og svikin, og því væri þetta ráð tekið. (*Björn Kristjánsson:* Eg talaði líka um tekjunauðsynina). Nú, það get eg betur skilið. En þá er spurningin sú, hvort ekki væri betra að bæta úr henni á annan hátt, og það hefir verið bent á marga betri og sanngjarnari vegi en þennan.

Hann játaði, að þetta frv. gæti leitt til verndartolla á innlendum iðnaði með tímanum, en þótti ekki svo skaðlegt, þótt svo færi. Þar skilur okkur nú einmitt á, því að þá leið álít eg eitt hið stórháskalegasta í löggjöf nokkurrar þjóðar. Alstaðar þar sem tollverndun hefir komist á, hefir hún orðið til þess að auka innlenda siðspillingu, frekar en iðnaðinn, og kenna þinginu að verzla við kaupmenn með löggjöfina, sem ekki ætti þó að vera verzlunarvara. Háttv. þm. sagði, að við gætum búið til allar tollskyldar vörur hér heima hjá okkur, nema kaffi, og gaf með því í skyn, að eiginlega væri skaðlaus, ef ekki þarflegur, verndartollur á öllu hinu; en þar get eg ekki verið honum samdóma. Það er vel *mögulegt*, að búa hér til sykur, en ætli það mundi *borga sig?* Eg verð að ætla að svo sé ekki, meðal annars af því, að farmgjaldið — sem hjá mér þýðir ekki annað en það sem borgað er fyrir að flytja vöruna (þ. e. sykurefnið) hingað — mundi verða of hátt til þess.

Eg skal játa það, að fyrirkomulagið, sem við eigum nú við að búa, er ekki nema til bráðabirgða, og að við þurfum bráðlega að fá annað í staðinn. En ekki hygg eg það svo bráðnauðsynlegt að breyta toll-lögunum fyrir þetta næsta fjárhagstímabil, þótt einhverjir kunni að fara í kring um þau. Enda undantekur nú þetta frv. allar þær vörutegundir, sem nú eru tollaðar, svo að ekki bætir það úr svikunum, og hverfur því sú ástæðan. Eg spurði þm. áðan, á hverjum grundvelli hann hefði bygt flokkunina, en þegar hann sagðist ætla að fara að tala um þetta, þá fór hann að telja upp eftir hverju hann hefði *ekki* getað farið. Hann gat ekki farið eftir fyrirferð og ekki eftir verðmæti, og yfirleitt var alt neikvætt, sem hann sagði um þetta, en hinu er ósvarað enn, á hverju hann hafi bygt.

Hann talaði um það, að það er sjálfsagt rétt, að erfitt sé að flokka vörur af sömu tegund, eins og t. d. ýmis konar pappír, eftir verði. Það ætti þó síður að þurfa tolleftirlit til þess t. d. að þekkja umbúðapappír frá skrifpappír, en til þess að vita hvort heldur er í stórum kössum úr og silki eða gips og glerilát. Eg hefi áður tekið þetta og

þvílikt fram til þess að sýna, að hér er ekki farið eftir verðmætinu. Við vitum allir, hver munur er á dýrindis postulíni og bollapörum, sem við getum keypt okkur á 18 eða jafnvel 15 aura í búðunum.

Hann mintist á, að auðvelt væri að vita, hvaða tegundir fluttar væru, af því að Englendingar og fleiri þjóðir vissu upp á hár, hvað þeir flyttu út. En eg veit upp á hár, að svo er *ekki*, og eg veit um fleiri en sjálfan mig, sem hafa fengið í sama kassa glingurvörur og brjóstsykur o. s. frv. Það er auðvelt að hafa í sömu umbúðum tollaðar vörur og ótollaðar, og það er einmitt orsökin til tollsvikanna nú. Eg skal leika mér að, hvenær sem er, að fá sendar í einum kassa frá Englandi alls konar vörur, ætt og óætt, tollskylt og tollfrítt, þannig, að ekkert sé nefnt á hleðsluskírteininu *(Connossement)* annað en »*Stationery*«, þ. e. pappírssala-varningur.

Framsögum. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Það er hvorttveggja, að fundur er orðinn nokkuð langur, enda hefir nú flutningsmaður þessa máls 1. þm G.-K. (B. Kr.) gert rækilega grein fyrir frv. og rökstutt sitt mál vel, svo að eg þarf ekki að vera langorður.

Því verður varla neitað, að þær mótbárur, sem komið hafa fram gegn þessu frv, snerta það harla lítið. Fyrst og fremst eftirlitið, það væri ekki hægt í svona strjálbygðu landi að hafa nægilegt tolleftirlit, ef frumv. þetta yrði að lögum, nema að setja á stofn eitthvert tolleftirlitsbákn. Til þessa er því að svara, að engu óhægra getur verið að hafa eftirlit með þessu fyrirkomulagi, heldur en þótt vörutegundirnar væru færri og tollurinn hærri. *Þá* er freistingin einmitt mest að svíkja og hægra að koma við hrekkjunum. Setjum nú svo, að altaf sé svikinn tollur á einhverju, en þá gerir það landssjóði miklu minna til, þegar gjaldið er lágt, skaðinn er þá ekki svo tilfinnanlegur.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) fann frv. þessu það til foráttu, að hér væri skift um »princip« í tollmálunum. Það er að vísu svo, en þrátt fyrir það er enganveginn sjálfsagt, að það eigi að verða frv. þessu að falli. Hv. þingmaður hefir sjálfur viljað taka upp nýtt »princip« til þess að afla landssjóði tekna. Hann mælti með »monopol« á nokkrum vörutegundum fyrir landssjóð, og er eg honum sammála um það mál. Ekki hefir honum þá fundist »nýtt princip« nein dauðasök.

Þá benti hinn háttv. sami þm. á, að í þessu frumv. væri lægra gjald af gimsteinum, heldur en væri af kaffi og sykri. Þetta er að vísu satt, en eg veit ekki betur, en hið sama eigi sér stað nú, að allhár skattur sé lagður á kaffi og sykur, en alls enginn á gimsteina, svo að hér er ekki verið að auka neitt misrétti, enda held eg nú satt að segja, að svo lítið sé flutt inn í landið af þessari vöru, að litlu mundi muna, þótt tollurinn væri all-miklu hærri.

Þá vildi hann gera frv. þetta óvinsælt með því að sýna, hversu þungt gjaldið kæmi niður á fátæklingunum. Þessu skal eg ekki svara miklu, en vona, að háttv. þingm. muni eftir ræðu, er haldin var hér á þingi fyrir fáum árum, þá er hækka átti kaffi- og sykurtoll, — hún var svo sem töluð úr hugskoti þeirra, sem sá tollur kemur þyngst niður á, og þrungin gráti og tannagnístran stórra barnahópa í tómum hreysum fátækra mæðra og snauðra gamalmenna. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) lét þá ræðu ekki mýkja sitt harðúðga hjarta, og kvað þá heldur við annan tón. Nú hefir ræðan rifjast upp fyrir honum og sakir breyttrar aðstöðu hans hefir hann nú tekið hana sér að vopni. — Það er oft skemtilegt að hlusta á slíkar ræður, en

betra er þó að þær séu á dálitlum rökum bygðar, ef þær eiga að hafa verulega áhrif.

Hinn háttv. þm. vildi gera mikið úr, hversu tollur þessi væri gífurlega hár, og fann þá upp á því snjallræði, að telja vörurnar í ekki smærri einingum en heilum smálestum. Kvað hann farmgjaldið nema alt að 40 kr. af hverri smálest. En þá skulum við nú athuga hversu hár tollurinn er af smálestinni nú af tollskyldum vörum, sem fátæklingar kaupa. Af smálest af kaffi er nú 300 kr. tollur, af smálest af sykri 150 kr. tollur, og þannig mætti halda áfram, og kemur þetta þó þyngst niður þar sem barnahóparnir eru stærstir. Eg bendi á þetta til að sýna fram á, að ekki er mikill vandi að mikla fyrir áheyrendum tolla-álögurnar, þegar beitt er þessari og þvílíkri rökleiðslu-aðferð.

Hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess ennfremur, að þetta væri tilraun — því að óvíst væri, hve tekjurnar yrðu miklar — þetta er að nokkru leyti satt. Tekjuáætlun þessari getur skeikað frá því sem áætlað er; hún getur orðið meiri eða minni, þótt eg búist við, að hún muni sanni nær. En svo er um allar tekju-áætlanir landssjóðs, að þeim skeikar oft allmjög, enda þótt um gamla og reynda tollstofna sé að ræða. Hygg eg, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) megi vel minnast þess, að honum kom það oft í góðar þarfir, meðan hann var ráðherra, að tekjurnar af tollum reyndust jafnvel hundruðum þúsunda hærri, en hann hafði ráð fyrir gert í fjárlögunum.

Háttv. þingm. talaði og um það, að »þetta bákn« væri sett að eins til bráðabirgða. Þetta er rangt. Það verður ekki til bráðabirgða, heldur til langframa, ef það reynist vel. Ef það reynist ekki vel og þjóðin finnur annað betra ráð til þess að auka tekjur landssjóðs, þá er öðru máli að gegna. Þá er reynslan fengin og hún er mikils verð.

En eg heyri á umræðunum, að þingmenn búast við því gagnstæða, þeir hyggja farmgjöldin langgæð, ef þau komast á, ella væru þeir ekki að tala um verndartolla, sem þessi stefna mundi innleiða og »leiða *langvarandi* böl yfir þjóðina«.

Hvaða samræmi er í þessu: Í öðru orðinu að segja: »Þjóðin er þessu andvíg«, — í hinu: »Þjóðin vill ekki missa farmgjöldin, svo að þau verða sjálfsagt ævarandi verndartollur!

Þá gat háttv. sami þm. þess, að lítill vandi væri að fara ofan í vasa manna, en vandinn væri, að fá fletta ekki gjaldendur; en því er nú svo farið um allar álögur, að fara verður ofan í vasa manna til þess að ná þeim. Það hefir háttv. þm. gert sjálfur frýjulaust í tollmálum, meðan hann var við stjórn. Og jafnvel þótt þjóðsala væri upp tekin, þá yrði landssjóður að sjálfsögðu að leggja á þær vörur, og þá peninga yrðu svo landsmenn að greiða. Eg er hræddur um, að háttv. þingmanni yrði það ekki jafnauðvelt fyrir sem hann lætur, að afla landssjóði nægra tekna, án þess að einhverjum þætti seilst í pyngju sína.

Eg get annars ekki séð, hvernig svona lágt gjald gæti nefnst verndartollur, — gjaldið yrði þá að hækka stórum. Einn þingmaður nefndi til iðnaðarvarning. Gott. Vér skulum þá taka til dæmis skófatnað. Meðalskór munu vera um tvö pund. Farmgjald: fjórir aurar. Vatnsstígvél 5 pund; farmgjald 10 aurar. Barnaskór hálft pund; farmgjald einn eyrir! — Það yrði háskalegur verndartollur »a' tarna«!

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) benti ennfremur á, að skip gætu haft margar

farmskrár, svo að ófullnægjandi væri að tala um »farmskrá« (í eintölu) í frv. en eg get ekki séð, að orðið geti ekki átt við, þótt það sé notað í eintölu.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) taldi það stórgalla á þessu frv., að vörur mætti taka upp í toll, án undangengins fjárnáms, en þetta sama ákvæði er eins í núgildandi tolllögum. (*Jón Ólafsson:* Galli eins fyrir því). »Galli eins fyrir því«, segir háttv. þm., en ekki sérstaklega á *þessu* frv. og eg er hræddur um að þessa ákvæðis þurfi, til þess að menn hafi ekki undanbrögð með greiðslu gjaldsins.

Frsm. minni hl. (H. Hafstein): Það sem framsm. meiri hl. (B. Sv.) var að tala um, skal eg láta liggja á milli hluta. En hinu verð eg að svara, sem háttv. meðmælendur frv. halda fram, að ein helzta ástæðan til að samþykkja frumv. þetta sé sú, að við höfum *ekki* sérstakt tolleftirlit, og að þess gerist ekki þörf, þótt *þetta* frumv. sé samþykt! En það er einmitt einmitt ein af sterkari ástæðunum *móti* frv., að alómögulegt er að framfylgja því, nema með sérstaklega fjölmennu tollgæzluliði, sem við ekki höfum. Ef háttv. flutningsm. (B. Kr.) hefði haldið sér við hina upphaflegu tillögu sína frá síðasta þingi, að leggja reglulegt *farmgjald* á — sama gjald á tiltekinn þunga allrar innfluttrar vöru, hverrar tegundar sem er — þá hefði ef til vill mátt segja, að til slíks þyrfti ekki sérstakt tollgæzlulið. En þessi flokkaskipun, sem nú er komin, með mismunandi gjaldi á mismunandi vörum hlýtur að þurfa eftirlits. Það er alls ekkert hægt á því að byggja, þótt slampast hafi af tollgæzlulaust við þær fáu vörutegundir, sem nú tollum vér, því að þar höfum vér notið og njótum aðstoðar danska tollliðsins, sem hefir búið til fyrir okkur sérstakar tollskrár fyrir hvert skip og hverja höfn, yfir þessar vörur. Og að því er England snertir, hittist svo á, að einmitt sömu vörurnar eru tollvörur þar í landi og eru því færðar í tollpappíra skipa. En sérstakar skrár frá tollstjórnum annara landa yfir *allar* vörur, sem hér er um að ræða, er alls ekki unt að fá.

Hinn háttv. aðalhöfundur frv. (B. Kr.) sagði, að hann væri búinn að rannsaka, hversu mikið erfiði það væri fyrir innheimtumanninn að innheimta tollinn eftir þessu frv., sagði að það hefði tekið sig eina klst. að flokka einhverja lengstu farmskrá, sem hingað hefði komið. Þetta er nú svo. En hversu lengi myndi hann hafa verið að flokka, ef skipstjóri hefði svikist um að koma með nokkra farmskrá? Þá hefði sjálfsagt þurft að flytja vörurnar í land og »sortera« þær allar. Hversu langan tíma hefði það tekið, eða hvað hefði það kostað? Ef farmskrá er ekki með skipi, sem vel getur komið fyrir af ýmsum ástæðum, — hún getur hafa glatast eða gleymst, orðið eftir á öðrum höfnum, sem skipið hefir komið á o. s. frv., eða ef farmskráin er bersýnilega röng eða ónákvæm — þá verður að »sortera« vörurnar upp á landssjóðs kostnað og því er ekki hægt að framkvæma þessi lög, nema með tollgæzluliði. Lögin mundu verða til háðungar og athlægis ella.

Háttv. framsm. meiri hl. (B. Sv.) gat þess, að eg hefði í hug, að innleiða nýtt »princip« til að afla landssjóði tekna, með því að lögleiða hér »monopol« (einokun) á vissum vörutegundum.

En eg bið háttv. framsögumann vel að gæta þess, að í fyrsta lagi hefi eg alls ekki hugsað mér að koma fram með slíkt frumvarp. Tollaganefndin í heild sinni hefir að eins sett þann mögulegleika, og finst hugmyndin þess verð, að rannsaka hana nánar í milliþinganefnd. En nefndin hugsar sér ekki að innleiða slíkt nýmæli sem bráðabirgða-

fyrirkomulag — til reynslu — heldur að láta vera með að samþykkja það, þangað til menn þykjast visssir um, að það geti dugað til frambúðar. En þetta frv., sem hér liggur fyrir umsteypir með öllu fyrri »principum« í tolllöggjöf þessa lands, og á þó að eins að vera til bráðabirgða. Það er eins og kjaftshögg á öll »princip« í gildandi lögum um þetta efni, og þennan gagngerða umsteyping, alt þetta nýja, erfiða og umsvifamikla bákn á að setja á stofn, að eins til bráðabirgða!

Eg skal ekki fara frekari orðum um þetta, en vil þó endurtaka það, að slá megi því föstu, að ekki sé enn þá búið að gera grein fyrir því á hverju flokkaskipunin sé bygð, og heldur ekki, hvort nokkurt vit sé í áætluninni um tekjurnar, af því að ekki eru til hér á landi þær skýrslur, sem hægt er að byggja á í þessu efni. Það getur alt eins verið, að tekjurnar nemi ekki meiru en $^1/_8$ eða minna af því, sem styðjendur þess telja, og er þá til lítils barist. Eg verð að segja það, að mér er ómögulegt að mér er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, að ástæðan fyrir því, að þetta mál er gert að flokksmáli hér í deildinni, sé ekki beint sú, að útvega landssjóði tekjur, heldur muni annað undir búa jafnframt, ef frv. skyldi nú falla í Ed. eða daga þar uppi.

Pétur Jónsson: Hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) talaði um þekkingarleysi mitt á verzlunarmálum; mér dettur ekki í hug, að jafna minni þekking í þeim efnum við hans. En ef mín þekking og reynsla í þeim efnum er *einkis* virði, þá býst eg við, að hans sé ekki mikils virði, og frumv. þetta eykur ekki álit hans þar.

Hann spurði, hvernig ætti að byggja gjald á faktúru, en hvað er betra að byggja á farmskrá? Hvorttveggja má falsa. Ef sonurinn, eins og hann tók til dæmis, sem kaupir vörur erlendis fyrir föður sinn, kaupmann hér, getur sent honum falsaðar faktúrur, mun hann þá ekki geta sent falsaðar farmskrár, einkum ef hann hleður sérstakt skip?

Eg hefi ekki komið fram með neinar breyt.till. við frumv. og skal því ekki fara út í einstök atriði þess. En eg mun greiða atkvæði á móti því í heild sinni því að það er að minni hyggju lítt hugsað handahófsverk og alls ekki fallið til þess að verða að lögum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 409 tekin aftur nema við 2. gr.

Breyt.till. á þgskj. 618, 1. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 618, 2. við 1. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 3. við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 4. við 1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 5. við 1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Rreyt.till. á þgskj. 618, 6. við 1. gr. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 618, 7. við 1. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 8. við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 9. við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618. 10. við 1. gr. sþ. með 14. shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618. 11. við 1. gr. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 618, 12. við 1. gr. sþ. með 14. shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, 13. við 1. gr. (að 8. fl. verði ný 2. gr.) sþ. með 14 : 2 atkv.

1. gr. svo orðin sþ. með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 655, við 2. gr. frv. sþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 409, við 2. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. svo orðin sþ. með 14 : 3 atkv.

3.—4.—5. gr. sþ. með 14 : 3 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 655, við 6. gr. sþ. án atkv.gr.

6. gr. svo orðin sþ. án atkv.gr.

7.—8. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618, við 9. gr. sþ. án atkv.gr.

9. gr. svo orðin sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 618 (síðasta) sþ. með 13 : 5 atkv.

10.—14. gr. frumv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þingmenn voru fjarverandi.

Þriðja umr., 21. apríl. (A. 663, 677, 687).

Framsögum. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Mál þetta var svo þrautrætt síðast, er það var á dagskrá hér í deildinni, að engin ástæða er til að halda langar ræður um það nú. Það er að eins breyt.till. á þgskj. 687 frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem nokkur ástæða er til að tala um. Hún miðar að því að gera frumv. einfaldara, en þó verður gjaldið með þrennu móti samkvæmt henni. Eg hefi fyrst nú á fundinum fengið þessa breyt.till. í hendur, svo að eg hefi ekki haft nægan tíma til þess að átta mig á henni, en svo mikið get eg sagt, að hún fer í bág við frv., eins og það liggur fyrir og vill gera það líkara því, sem það var í hitt eð fyrra, en þá var það einmitt fundið frumv. til foráttu, að gjaldið væri jafnt á öllum varningi og því ranglátt. Hygg eg nú, að sama yrði upp á teningnum, ef brt.till. yrði samþykt. Breytingar þær, sem síðan hafa verið gerðar á frumvarpinu, miða að því að fullnægja óskum þeirra, sem vilja að gjaldið sé mismunandi eftir verði og þunga. Eg vil því leggja á móti því, að breyt.till. verði samþykt.

Sigurður Sigurðsson: Mig langar til að gera stutta grein fyrir brtill. þeirri, sem eg hefi leyft mér að koma með á þgskj. 687, viðvíkjandi 1. og 2. gr. þessa frumvarps, sem hér er til umræðu.

Við 2. umr. málsins hér í deildinni var því haldið fram, að samkvæmt frv. væri hér í raun og veru ekki um farmgjald að ræða, heldur toll. Því verður nú tæpast mótmælt, að eins og frumv. er úr garði gert, þá líkist þetta gjald, sem þar er ráðgert fremur tolli en farmgjaldi. Hingað til hefir þeirri reglu verið fylgt í okkar toll-löggjöf, að leggja tolla á fáar vörutegundir, en þeim mun hærri. Og þetta er í sjálfu sér, eins og hér hagar til, góð regla. En með frv. þessu er lagt gjald eða tollur á flestar vörutegundir, er hingað flytjast, og að því leyti er vikið frá þeirri reglu, er fylgt hefir verið að undanförnu. Þó er hér þess að gæta, að vanalega munu tollar alstaðar lagðir á nettovigt eða mál varanna; en hér er gjaldið lagt á

vörurnar með umbúðum. Þetta gerir nokkurn mun, að því er eftirlitið snertir. Hins vegar verð eg að álíta, að þessi flokkaskifting á vörunum, sem frv. ráðgerir, sé afar óeðlileg og geri innheimtu og greiðslu gjaldsins flókna og tafsama. Hún blátt áfram freistar til undanfærslu og bragða, að því er greiðslu þess snertir. Og það er mjög hætt við því, að það verði tilfinnanlegar vanheimtur á þessu gjaldi fyrir landsjóðinn. Auk þess virðist flokkaskiftingin gerð mjög af handahófi, og að minsta kosti er mér ekki vel ljóst, á hverju hún eiginlega byggist.

Flokkaskiftingin og í sambandi við hana mismunurinn á gjaldinu er greiða skal, er í mínum augum aðalgalli frv. og hann verulegur. Fyrir því hefi eg gert tilraun til þess að bæta úr þessu með breyt.till. minni. Flokkaskiftingunni er þar alveg slept, en í þess stað komi ákveðið gjald, er greiðist af öllum vörum, er hingað flytjast, miðað við þunga þeirra, að undanteknum trjávið og kolum og þeim fáu vörutegundum, sem undanþegnar eru þessu gjaldi. Þetta fyrirkomulag hefir þann mikla kost, að það er einfalt og óbrotið og gerir innheimtu og greiðslu gjaldsins miklu auðveldari, en hún hlýtur að verða eftir frumv. Með þessu móti verður tollgæzla algerlega óþörf. En eins og frv. er nú á sig komið, þá þyrfti hennar við, ef vel væri. Eg geri þó ráð fyrir, að það detti engum í hug, að setja tollgæzlu á stofn fyrir þetta frumvarp, þótt það verði að lögum, enda mundi það ekki svara kostnaði. — En þegar á þetta er litið og fleira, þá vænti eg þess, að það verði mönnum ljóst, að breyt.till. mín er til bóta.

Í brt. er gert ráð fyrir því, að leggja 50 aura gjald á hverja smálest af kolum. Það mundi ekki hafa í för með sér neina verulega verðhækkun á þessari vöru. En það sem fyrir mér vakti með því að leggja gjald á aðflutt kol, var meðal annars það, að útlendingar kaupa og nota mikið af kolum, er hingað flytjast, bæði trollarar, herskip o. fl. skip. Sanngjarnast hefði þó verið, að leggja að eins toll á þau kol, er útlendingar kaupa hér og fara með; en það mundi reynast erfitt að koma því við. Það yrði þá að vera eins konar útflutningstollur; en hann hlyti að líta illa út í augum útlendinga, þar sem kolin eru aðflutt vara. En þetta gjald, sem hér er um að ræða, kemur jafnt niður á alla, bæði réttláta og rangláta og það er að vísu galli; en bót í máli er það, að gjaldið er lágt og ótilfinnanlegt fyrir þá, sem kaupa kolin, en landssjóð munar um það.

Gera má ráð fyrir því, að menn hafi það á móti minni tillögu, að gjaldið komi misjafnt niður eftir verðmæti hinna ýmsu vörutegunda, þar sem það er eitt og hið sama, hvort sem varan er dýr eða ódýr. En til þess er því að svara, að í framkvæmdinni hefir það ekki svo mikið að segja, einkum þar sem gjaldið er svona lágt. Og jafnvel þó eitthvert misrétti ætti sér stað í þessu efni, þá er á hitt að líta, að þessi leið, sem tillaga mín fer fram á, er miklu einfaldari og kostnaðarminni fyrir þá, sem gjaldið eiga að inna af hendi, og um leið tryggari gagnvart landssjóði.

Um tekjuaukann fyrir landssjóð, er frumv. hefir í för með sér, eru skiftar skoðanir. Meðmælendur frumvarpsins telja hann alt að 180 þús. kr. Aðrir efast um, að hann nemi svo miklu. En hvað sem því líður, þá hygg eg óhætt að fullyrða, að samkvæmt brtill. minni verði tollaukinn að minsta kosti ekki minni, en vænta má, að hann geti orðið eftir frumv.

Háttv. framsögumaður gat þess, að brtill. mín kæmi í bága við frumvarp-

ið. Það gerir hún nú í sjálfu sér ekki, að öðru leyti en því, að hún kollvarpar 1. og 2. gr. þess. En þar bætir hún frumv. að stórum mun, eins og eg hefi þegar sýnt fram á. Eg vænti þess því, að tillagan verði samþykt, þótt hún fyndi ekki náð fyrir augum framsm. Verði till. mót von minni feld, þá býst eg þó við að greiða atkvæði með málinu út úr deildinni, af þeirri einu ástæðu, að eg álít lífsnauðsynlegt að útvega landssjóði einhverjar tekjur. En eg geri það nauðugur, því að eg álít frumvarpið harla óaðgengilegt, eins og það er, margra hluta vegna, og lítt framkvæmanlegt, ef það yrði að lögum.

Björn Kristjánsson: Eg vil að eins fara örfáum orðum um brtill. 2. þm. Árn. (S. S.). Það er óheppilegt, hve seint hún hefir komið fram, svo að hvorki eg né nefndin hefir haft tækifæri til þess að athuga hana. Eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók fram, reis aðalóánægjan og mótspyrnan móti frv. á síðasta þingi út af því, að menn voru ekki ánægðir með flokkaskiftinguna. — Það var upphaflega tilætlunin að leggja ekki gjöld á vörur, sem að eins vissar stéttir nota, og þessvegna voru t. d. kol undanþegin farmgjaldinu; þau hafa hina mestu þýðingu fyrir hina innlendu botnvörpungaútgerð. Annars væri það tvíeggjað sverð að leggja toll á þau kol, sem útlendingar kaupa hér á landi, þótt hægt væri að koma því við; það væri að minsta kosti á móti þeirri meginreglu, sem önnur lönd fylgja, sem sé að *létta* tollum af vörum, sem flytjast út, svo hægt sé að ná sem mestum verzlunarhagnaði og verzlunarveltu í landinu við útlendinga. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona að brtill. verði feld.

Sigurður Sigurðsson: Það er út af athugasemdum hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) að eg vil segja nokkur orð. Það sem hann var að tala um metramálið í sambandi við brtill. mína, hlýtur að vera bygt á misskilningi. Metramálið er lögákveðið og eftir næstu áramót eru allir skyldir að nota það. Það er því sjálfsagt að taka tillit til þess, þegar samin eru ný lög. Benda má líka á það, að í Noregi er metramálið notað og í Danmörk er frumv. á leiðinni, er fyrirskipar þar metramálið. Að öðru leyti má geta þess, að þó að hingað kunni að flytjast viður, reiknaður í teningsfetum, eða eftir öðru máli, þá er ávalt fljótlegt að breyta því í metramál. Þessar athugasemdir þingm. geta því ekki átt við till. mína eða hnekt henni.

Að því er kolin snertir eða gjaldið á þeim, sem till. gerir ráð fyrir, þá er þess að gæta, að þetta gjald er svo lágt, aðeins 50 aurar af hverri smálest, að það hlýtur að muna mjög litlu á útsöluverði þeirra, það getur naumast munað meiru en 10—12 aurum á hvert skippund. En landssjóðinn munar um þetta gjald, þó að það sé ekki hærra. Fyrir hann er það 30 þús. kr. tekjuauki. Þetta lága gjald á kolunum mælir því með till. minni en ekki á móti.

Að öðru leyti skal eg taka það fram, að í till. minni eru undanþegnir gjaldinu flestar sömu vörutegundirnar og í frv. Bækur eru þó ekki undanteknar, og sé eg heldur ekki neina ástæðu til þess að undanþiggja þær gjaldinu.

Þar sem sami háttv. þm. gat þess, að flokkaskifting varanna í frv. ætti rót sína að rekja til þeirra aðfinninga og athugasemda, sem komið hefðu fram gegn farmgjaldsfrv. á síðasta þingi, þá er til þess því að svara, að þessi flokkaskifting hefir mætt meiri mótmælum og abfinningum nú, heldur en það frumv. gerði þá. Flokkaskiftingin í frumv. er svo handahófsleg og ruglingsleg, að hún gerir það mjög óaðgengilegt. Og það sannast, að það verður miklum örðugleik-

um undirorpið, að framkvæma þessi lög réttlátlega og samkvæmt tilgangi sínum. Till. mín bætir mjög úr þessum verstu göllum frumv. og fyrir því ættu háttv. deildarmenn að samþykkja hana.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 687 feld með 13:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Bjarni Jónsson, greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hlutanum. Björn Sigfússon var ekki viðstaddur.

1. brtill. á þgskj. 677 við 7. gr. sþ. með 13 atkv.

2. brtill. á þgskj. 677 við 7. gr. sþ. með 13 atkv.

Frumv. í heild sinni þannig breytt sþ. með 15:10 atkv. og afgreitt til Ed.

Sóknargjöld.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30 júlí 1909.

Fyrsta umr., 25. febr. (A. 46).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er alkunnugt, að lögin frá 30. júlí 1909 hafa mætt mikilli mótstöðu og valdið megnri óánægju meðal manna. Hefir það meðal annars komið fram í blöðunum. Óánægjan er tvennskonar. Í fyrsta lagi þykja lögin koma óréttlátlega niður á safnaðarmeðlimum, þar sem allir borga sama gjald, hvernig sem efnahagur þeirra er, og koma þau því mikið þyngra niður á fátækum fjölskyldumanni en efnaðri mönnunum. Meðhaldsmenn laganna segja raunar, að þar sem allir öðlist sama rétt, hljóti þeir einnig að bindast sömu skyldum. En það er samt óeðlilegt mjög að taka ekkert tillit til þess, hverjir helzt geta innt gjöldin af hendi. Einnig er þess að gæta, að sama skyldan er lögð þeim mönnum á herðar, sem alls ekki geta notað prest, svo sem heyrnarlausir og veikir menn.

Þetta er óréttlátt.

Ennfremur er það stór flokkur manna, sem telur lögin óréttlát að öðru leyti, einkum það, að þau skylda þá til að gjalda, sem sannfæringar sinnar vegna alls ekki geta eða vilja nota þjóðkirkjuprest. Og lögin ganga jafn vel svo langt, að þau taka fram fyrir hendurnar á utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem ættu þó að geta ráðið sínum gjöldum og jafnað þeim niður eftir vild. Allir þeir, sem ekki tilheyra neinum söfnuði, eru líka skyldaðir til að borga sóknargjöld og það er hið hæsta stig ójafnaðarins. Þetta á að réttlæta með því, að ef slíkt ákvæði stæði ekki, myndu svo margir segja sig úr þjóðkirkjunni. En eg vil þá svara því þann veg, að þjóðkirkjan er þá illa farin, ef ástandið er þannig, og er þá kominn tími til að aðskilja ríki og kirkju. Með þessu frumv. er reynt að ráða bót á höfuðannmarkanum á sóknargjaldalögunum, og vona eg að það fái góðan byr, enda hafa flestir þingmálafundir óskað eftir breytingu á núgildandi lögum um þetta efni.

Út í einstök atriði frv. ætla eg ekki að fara að sinni, en vil leyfa mér, að umræðum loknum, að stinga upp á 8 manna nefnd.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Mörgum kemur það ef til vill undarlega fyrir sjónir, að frumv. þetta er fram komið,

og mun finnast það koma í bága við annað frv., sem hér kemur fram, nfl. frv. um utanþjóðkirkjumenn. En það frv. vona eg að ekki nái fram að ganga, eins og það er. Komum við því fram með þetta frv., sem er svo sjálfsagt, að eg geng að því vísu, að það verði samþykt. Eg vona, að það verði sett í nefnd, vegna þess að tíminn til að semja það var naumur og það kann að vera dálítið fljótfærnislegt.

Sigurður Gunnarsson: Þriggja manna nefnd gæti líklega verið nóg til þess að athuga þetta frv., en með því að fleiri frv. eru á ferðinni, sem sennilegt er að verði vísað til sömu nefndar, vil eg leyfa mér að stinga upp á sérstakri 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Sigurður Sigurðsson valinn formaður, en Eggert Pálsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 6. apríl (A. 46, n. 460).

Framsögum. (Eggert Pálsson): Það er talsverðum vandkvæðum bundið, að tala um þetta mál, þegar ekki má fara út í einstakar greinar. Og í því trausti, að málið fái að ganga áfram sína leið ætla eg mér því að geyma mér frekari ræðuhöld til 2. umr., og eru það viðsamleg tilmæli mín, að hv. þingdeildarmenn vildu einnig gera hið sama.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi eigi getað orðið alfarið samferða meðnefndarmönnum mínum í þessu máli, og vil eg stuttlega greina hvað á milli ber.

Í frumv. okkar flutningsmanna er farið fram á það, að prestsgjaldinu sé jafnað niður að hálfu leyti eftir efnum og ástæðum. Jafnvel þó eg hljóti að halda því fram, að þetta ákvæði sé mjög til bóta, og bygt á fylstu sanngirni, þá verð eg þó hins vegar að kannast við, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum þykir ávalt óvinsæl. Fyrir því hefi eg ekki haldið fast við þetta atriði og geri það eigi að kappsmáli. En þegar kemur að því atriði málsins, hverjir eigi að vera undanþegnir gjaldi til prests og kirkju, þá skilja leiðir. Þar verð eg að halda fast við ákvæði frumvarpsins. Að vísu hefir meiri hluti nefndarinnar tekið upp í sínar breytingartill. ákvæði um undanþágu frá þessum gjöldum. En sú undanþága nær skamt. Þar eru undanþegnir að eins heyrnar- og málleysingjar og fábjánar. Að öðru leyti ætlast meiri hluti nefndarinnar til, að allir gjaldi þessi lögboðnu gjöld til prests og kirkju, hverrar trúar sem þeir eru, eða hvort þeir hafa nokkra trú eða enga, og hvernig sem annars högum þeirra er háttað, nema þeir séu í einhverju viðurkendu kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, er hafi prest eða forstöðumann, er fengið hafi konunglega staðfestingu. Frá sjónarmiði þjóðkirkjunnar þykir þetta viðeigandi og í alla staði eðlilegt. En óneitanlega er hér að ræða um einhver hin mestu ófrelsishöft, er eiga sér stað. Það er í mesta máta ófrjálslegt, að skylda þá menn til að greiða gjöld til þjóðkirkjunnar, er standa utan hennar og vilja engin mök við hana eiga. Það fyrirkomulag getur ekki þrifist til lengdar.

Þá virðist mér það í alla staði óviðeigandi, að vera að gera það að skilyrði í lögum um gjöld til þjóðkirkjunnar, hvað utanþjóðkirkjusöfnuðir mega

greiða minst til sinnar eigin kirkju til þess að vera lausir við gjöld til þjóðkirkjunnar. Utanþjóðkirkjusöfnuðir eiga vitanlega að vera sjálfráðir um það, hvað þeir gjalda til sinnar eigin kirkju, og það kemur naumast þjóðkirkjunni við, hvort þau gjöld eru krónunni hærri eða lægri fyrir hvern mann innan safnaðarins. Það hefir nú í sjálfu sér enga þýðingu að vera að ræða um það hér, að utanþjóðkirkjumenn, sem ekki eru í neinum söfnuði utan þjóðkirkjunnar, skuli vera lausir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, með því að það er margbúið hér í deildinni að greiða atkvæði um það og jafnan verið felt. Það er því sýnt, að meiri hluti deildarmanna eru þessu atriði mótfallnir. Eg býst því við, að tillaga okkar flutningsmanna um, að allir utanþjóðkirkjumenn skulu undanþegnir gjöldum til prests og kirkju fái ekki byr og verði feld. En þá hefir frumv. mist aðalþýðingu sína í mínum augum, og læt eg mér þá úr því í léttu rúmi liggja, hver verða afdrif þess.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Mér fanst að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefði mátt taka tilmæli mín til greina, að tala ekki um málið á þessu stigi þess. En viðvíkjandi því ágreiningsatriði, er þm. hefir gert í nefndinni, þá er það með öllu óhugsandi, að deildin fallist á það, þar sem hún nýverið er búin að samþykkja ákvæði, er ganga í öfuga átt við það í stjórnarskrárfrumv. því, sem nú hefir legið fyrir. Annars held eg við það, sem eg hefi áður sagt, að eg mun geyma mér frekari umræður um málið til 2. umr., nema eg verði knúður af einhverjum öðrum hv. þingdeildarm. til þess að standa upp að nýju.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv.

Önnur umr., 10. apríl (A. 46. n. 460, 532, 533, 616).

Framsögum. (Eggert Pálsson): Það er nú, að eg hygg, nokkurn veginn skýrt og skilmerkilega tekið fram í nefndarálitinu (þgskj. 460), hverri niðurstöðu nefndin hefir komist að frv. þessu viðvíkjandi, og hver rök hún færir fyrir skoðun sinni, svo að eg býst við, að eg hafi þar litlu við að bæta.

Að vísu eru brtill. komnar fram við brtill. nefndarinnar á þgskj, 532 og 533. Nefndin hefir ekki haft neina sérstaka fundi til að ræða þær, enda virðist þess engin þörf, þar eð þær hafa ekki að innihalda neitt nýtt, heldur algerlega hið sama að efninu til og í frumv. sjálfu stendur, svo að um leið og nefndin athugaði frumv. sjálft, hefir hún óbeinlínis athugað brtill. þessar. Það liggur því þannig nokkurn veginn í augum uppi, að meiri hluti nefndarinnar hlýtur að tjá sig á móti breyt.till. þessum, eins og hann hefir verið mótfallinn efni þeirra í frv. sjálfu. Breyt.till. á þgskj. 533 er algerlega hið sama, sem stendur í frv. sjálfu 1. gr., fyrri liðar, annarar málsgreinar, sem sé að undanþegnir öllu gjaldi til prestlaunasjóðs skuli þeir vera, sem ekki eru í, eða réttara sagt, segja sig ekki vera í þjóðkirkjunni. Nefndin eða meiri hluti hennar þykist hafa fært skýr rök fyrir því í nefndarálitinu, hvers vegna hún geti ekki aðhylst þannig lagaða breytingu frá því sem nú er. Og sú röksemdafærsla hefir sama gildi gagnvart brtill. á þgskj. 533. Það getur ekki talist rétt eða tilhlýðilegt, að löggjafarvaldið leysi sérhvern spjátrung eða oflátung frá gjaldi til þeirrar stofnunar, sem því lögum samkvæmt, já, samkvæmt sjálfri stjórnarskránni, ber að hlynna að, ef hann að eins sjálfur fyrir »smánarlegs ávinnings sakir« neitar að inna gjaldið af hendi. Að vísu má nú ef til vill halda

því fram, að réttur þjóðkirkjunnar sé ekki eða þurfi ekki að vera á neinn hátt skertur, eftir því sem högum er nú háttað, þótt slíkt ákvæði, sem hér er um að ræða, væri lögleitt, þareð sú upphæð, sem prestlaunasjóður misti í við þessa breytingu, yrði að bætast honum aftur úr landssjóði. Sé þannig litið á, er það hið sama sem að segja við hvern sem vera skal: »Heyrðu, kunningi, gerðu sem þér sýnist, að borga sjálfur eða landssjóður borgar fyrir þig«. Ef slíkir kostir væru boðnir af löggjafarvaldsins hálfu, getur þá nokkur maður efast um, að þeir yrðu í mörgum tilfellum með þökkum þegnir? — Til þess að þiggja slíka kosti, þarf maðurinn ekki að vera neitt andvígur kirkjulegum málum í í hjarta sér, heldur aðeins hugsa sem svo: Það er nógu breitt bakið á landssjóði, það er bezt að hann borgi fyrir mig, fyrst hann býðst til þess. En að beita slíkri aðferð, væri vitanlega einmitt hið herfilegasta ranglæti. Því að hverjir eiga að fylla skarðið, sem við þetta myndast í landssjóði? Það yrðu vitanlega landsmenn allir í heildinni að gera. Það yrði að hvíla jafnt á þeim, sem hefðu borgað sitt skyldugjald, sem hinum, er ekkert hefðu int af hendi, svo að þeir kæmu þannig til að borga tvöfalt, en hinir ekki. — Slíkt getur því ekki með nokkuru móti gengið svo, að rétt og sanngjarnt geti talist. Ef leysa ætti nokkra innan þeirra aldurstakmarka, sem löggjafarvaldið kann að setja, og ósjálfráðar ástæður hamla ekki frá að nota prest og kirkju, þá verður að leysa alla undantekningarlaust; en það er sama sem öll gjöld til kirkjunnar skuli greiðast úr landssjóði. En til þess getur nefndin ekki ráðið, þar eð það mundi riða í bága við þá hugsun, sem fyrir mörgum vakir, að leysa sundur ríki og kirkju, og á hinn bóginn veitast erfitt að bæta landssjóði þau útgjöld. Gengur illa að afla honum tekna, eins og er, þótt þau útgjöld öll bættust ekki við.

Af sömu ástæðu, að tekjur prestlaunasjóðs mundu skerðast til mikilla muna og landssjóður bíða afarmikinn hnekki, ef brtill. á þgskj. 532 eða sams konar ákvæði frumv. sjálfs yrðu samþykt, hlýtur meiri hluti nefndarinnar að vera á móti því hvorutveggju.

Hvað vitfirta menn áhrærir, þá virðist svo, sé vitfirring þeirra viðloðandi, að þá megi fullkomlega reikna þá sem fábjána. En sé hún að eins um stundarsakir, þá er hana að eins að skoða, sem hvert annað sjúkdómstilfelli. En að leysa þá alla undan umræddu gjaldi, sem vegna sjúkdóms eða annara atvika geta ekki unnið fyrir sér meiri hluta ársins, er með öllu óútreiknanlegt, hverju munaði, auk þess sem söknarnefndir yrðu í vanda settar að dæma um slíkt. Og þessvegna hlýtur meiri hluti nefndarinnar að ráða frá því, að slíkt ákvæði verði samþykt.

Ef manntalið 1908 er lagt til grundvallar, sést það, að þeir, sem voru yfir 70 ára, voru þá 3270 manns. Af þessum 3270 má gera ráð fyrir, að fullur $^1/_3$ falli á árin 70—75, svo að nær sanni sé, að það yrði nálega 2 þús. manna, sem losnuðu við gjöld til prestlaunasjóðsins, eftir uppástungu meiri hluta nefndarinnnar að sleppa þeim við gjöld, sem orðnir væru 75 ára að aldri, og gera mundi þannig nálægt 3 þús. kr. Og er það eigi meira en svo, að prestlaunasjóðinn munar ekki mikið um það, ef það reyndist vinsælla. Aftur á móti hlyti að muna mikið um það fyrir prestlaunasjóðinn, ef aldurstakmörkum þeim, sem stungið er upp á í frumv. og í brtill. á þgskj. 532 væri fylgt. — Eftir sama manntali eru þeir, sem eru 15—20 ára 8562 menn. Og taki maður $^1/_5$ af því, sem lætur nærri, þar sem stungið er upp á, að færa aldurstakmarkið að neðan úr

15 árum upp í 16, þá gerir það 1712 menn. Og sé aldurstakmarkinu að ofan þokað svo mikið niður, sem breyt.till. fer fram á, ofan í 60 ár, mundi mega gera ráð fyrir, að af þeim 14448 manns, sem eru yfir 50 ára aldur, væru full 5 þúsund manns, sem losnuðu við gjaldskylduna, ef miðað væri við 60 ára aldurinn, svo að þetta hvorttveggja til samans, færsla aldurtakmarksins að neðan um 1 ár og að ofan niður í 60 ár, mundi ófað rýra tekjur prestlaunasjóðs um gjöld ca. 7000 manna eða 10—11 þús. kr. En það er stærri upphæð en svo, að nefndin geti ráðlagt háttv. deild að hallast að því.

Auk þess ber á það að líta, að það að leysa svo marga undan gjöldum til kirknanna mundi leiða til hinna mestu vandræða fyrir eða með hinar ýmsu kirkjur landsins, sem margar eru í höndum einstakra manna. Af því hlyti að leiða annaðhvort, að þær töpuðu miklum tekjum, eða það yrði að íþyngja þeim með svo miklum gjöldum, sem eftir yrðu, að þeir fengju vart undir risið og neyddust máske til að segja sig úr þjóðkirkjunni, þótt ekki vildu.

Nefndin getur ekki verið með því að jafna þessu gjaldi niður. Niðurjöfnun er alt af allmjög af handahófi, og það þekkja þeir menn, sem við niðurjöfnun hafa fengist, að það er eitthvert hið versta verk, og óvinsælt að sama skapi. Innheimta á því yrði og mjög ógeðfeld. Nefndin vill því ekki breyta þeirri innheimtu, sem nú er í lögum.

Frá meira hluta nefndarinnar er nokkur breyting á 11. gr. laganna, þannig að skýrara sé tiltekið, við hvern dag gjaldskyldan skuli miðast. Í lögunum er ekkert um það sagt, en stjórnarráðið hefir úrskurðað, að miðað skuli við fardaga. Eins og gefur að skilja deyja menn á tímanum frá því í fardögum þangað til manntal fer fram, ɔ: í desember, eins og öðrum tímum ársins, en eftir úrskurði stjórnarráðsins á einnig að heimta gjöld af þeim, sem dáið hafa á þessum tíma. Þetta þótti nefndinni óeðlilegt og leggur því til, að gjaldskyldan skuli vera í desember. Þetta er svo sjálfsögð breyting, að eg þarf ekki að ræða um það frekara. Það virðist vera alveg sjálfsagt. Það er óaðgengilegt ef gjalddagi er ekki fastákveðinn í lögunum, eins og nú á sér stað.

Nú hefir verið útbýtt nýjum breyt.till. á þgskj. 616. Nefndin hefir ekki haft þessar breyt.till. til meðferðar, eins og þær liggja fyrir, en nefndinni hafa borist skjöl þau, sem þessar tillögur eru bygðar á og hún hefir athugað þau skjöl. Því hefir verið þannig varið með marga presta, að þeir hafa tapað við þá breytingu, sem gerð var á gjaldinu með lögunum frá 30. júlí 1909. Á næstu árum á undan lét ávalt betur og betur í ári og tekjur presta stigu því þau árin mikið. Og þegar lögin frá 1909 ákváðu, að tekjurnar skyldu miðast við meðaltekjurnar á 5 síðustu árunum, þá urðu tekjur prestanna lægri en þær höfðu verið næstu árin á undan, áður en lögin gengu í gildi. Sérstaklega höfðu dagsverk og lambsfóður verið hærri allra síðustu árin, en þau urðu eftir meðaltali 5 áranna.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki ráðið til, að breyt.till. á þgskj. 616 verði samþyktar, þótt hún játi, að þær séu bygðar á sanngirni að ýmsu leyti og hafi við talsverð rök að styðjast. En það mundi auka svo mikið útgjöld prestlaunasjóðsins, ef þær væru samþyktar og breyta svo mikið frá því ástandi, sem nú er, að nefndin getur ekki gefið þeim meðmæli sín.

Eg finn svo ekki ástæðu til þess að

fara frekar út í þetta að svo komnu, en óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að breyt.till. hennar á þgskj. 460 verði samþyktar.

Hannes Hafstein: Eins og háttv. framsm. (E. P.) gat um, á eg breyt.till. á þgskj. 616. Eg hefi komið með þessar tillögur eftir tilmælum prestsins í Siglufirði, hr. Bjarna Þorsteinssonar. Með söknargjaldslögunum voru úr lögum numin offur, lambsfóður og dagsverk. En 12. gr. laganna ákveður, að prestar, sem taki laun eftir þessum lögum, fái uppbót eftir meðaltali 5 síðustu áranna. En nú hefir það komið fram, þar sem fólksfjölgun hefir verið mikil síðustu árin, að þá hafa þeir prestar tapað við breytinguna. Mest hefir kveðið að þessu í Hvanneyrarprestakalli. Það hefir verið álitð fast »princip«, sem ekki megi víkja frá, að þegar breyting hefir verið gerð á embættum eða tekjum embættismanna, þá megi þeir, sem í embættunum sitja, ekki missa neins í af þeim launum, sem þeir höfðu áður. Það hefir heldur ekki verið meining laganna. Mönnum hefir ekki dottið í hug, að þetta misrétti gæti hlotist af ákvæðinu. Í Siglufirði hefir fólkinu fjölgað mikið síðustu árin, og þess vegna hafa tekjurnar aukist að miklum mun. Tekjurnar, sem presturinn fékk í fardögum 1909, voru 200 kr. hærri en hann nú fær eftir meðaltali 5 síðustu áranna. Presturinn í Siglufirði sneri sér því til stjórnarráðsins með ósk um, að sér yrði greiddur þessi mismunur úr prestlaunasjóði. Biskup áleit, að prestur hefði lagaheimild til þessa, en stjórnarráðið vildi ekki gera þetta upp á sitt eindæmi. Og eg hefi það eftir núverandi ráðherra, að stjórnin líti svo á, sem þetta væri sanngjarnt, en vilji þó ekki greiða féð, nema eftir dómi eða nýju lagaákvæði. Það er til þess að forðast málssókn, að málaleituninni nú er snúið til þingsins, og þessar breytingar fram komnar á frumv., sem hér um ræðir.

Það hefir verið haft á móti því, að greiða mismun þennan, að það mundi verða mjög mikil útgjöld fyrir prestlaunasjóð, því að mjög víða á landinu mun standa svo á, að tekjurnar 1909 hafi verið hærri en meðaltal 5 undanfarandi ára, ekki svo mjög vegna fólksfjölgunar, sem þess, að verðlagsskrá hafi verið óvanalega há síðasta árið á undan breytingunni. Í breytingartillögu minni hefi eg því valið þá millileið, að leggja það til, að miðað sé við tekjurnar 1909, eins og þær yrðu reiknaðar til peningaverðs eftir 5 ára meðaltali meðalálna í verðlagsskránum. Eftir því mundi hækkuð uppbót að eins koma fram þar, sem eiginleg breyting hefir orðið á prestakallinu sjálfu á 5 ára tímabilinu.

Eg hefi hér bréf frá biskupi til stjórnarráðsins út af bréfi frá prestinum á Útskálum og vil eg leyfa mér að lesa úr því lítinn kafla.

. . . . »En athugavert er það dæmi, sem hér kemur fram, að þar sem söknartekjur hafa verið ört stigandi hin síðustu ár, getur svo farið, að meðaltalið nái því ekki, að upp beri að bæta prestinum, samkvæmt söknargjaldalögunum, og hann þó beðið töluverðan halla við gjaldabreytinguna, en við því vildi þó einmitt löggjöfin sjá. Þekki eg annað dæmi miklu stórfeldara frá Hvanneyrarprestakalli í Siglufirði, þar sem mannfjölgun og atvinnu-uppgangur hefir verið svo mikill síðustu árin.

Dæmin eru auðvitað fá, en því auðsóttara mál ætti að vera að bæta þeim fáu, sem hallann líða.«

. . . »Eg benti prestinum á Siglufirði á það í prívatbréfi, að líklega

væri ekki annað fyrir en dómstólaleiðin, til að fá hinn tilfinnanlega tekjumissi þar bættan . . . .«

Eftir þessu bréfi að dæma eru það ekki mörg tilfelli, sem hér er um að ræða. Og biskup, sem er þessu allra manna kunnastur og miklu kunnugri því en við, hann segist í þessu bréfi, sem hann hefir skrifað stjórnarráðinu, hafa ráðið prestinum í Siglufirði til þess að fara í mál. Eg vona, að deildin velji þá leið, að samþykkja þessa tillögu mína og firri þannig prestinn þeirri fyrirhöfn og landssjóð þeim kostnaði, sem málsókn gegn landssjóði mundi hafa í för með sér.

Fyrri breytingartillaga mín er orðabreyting að eins en ekki efnisbreyting.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi komið fram með tvær breytingartillögur, en þær hafa ekki fundið náð fyrir augum hins háttv. framsögumanns meiri hlutans.

Önnur till. lýtur að því að verndaellina og æskuna, en hin lýtur að því að vernda persónufrelsi og trúfrelsi einstaklingsins. Fyrri tillagan fer fram á að breyta aldurstakmarkinu úr 15—75 ára og í þess stað komi 16—60 ára. Það er ekki rétt að láta unglinga gjalda fult gjald í þessum efnum og það er óeðlilegt, því unglingar hafa oft litinn eða alls engan áhuga á kirkjumálefnum og það er óeðlilegt að láta þá inna þessi gjöld af höndum, fyr en þeir hafa öðlast persónulegan myndugleika, en honum ná þeir ekki, fyr en þeir eru 16 ára. Það á líka að taka vægara á unglingum en fullorðnu fólki. Hitt er ósanngjarnt, að taka jafn há gjöld uf nýfermdum unglingum og fullorðnu fólki. Sama er að segja um þá, sem orðnir eru 60 ára gamlir. Flestir eru þá farnir að bila til vinnu og hafa einnig goldið mikið, svo það er sanngjörn krafa að ætla þeim lægri gjöld. Það er næsta hlægilegt, að það skuli standa í lögunum, að þeir, sem eru 75 ára gamlir skuli vera gjaldi undanþegnir. Hvað margir ná svo háum aldri? Jú, það kemur fyrir stöku sinnum.

Hin tillaga mín lýtur að því, að vernda persónufrelsi og trúfrelsi og hefir það oft borið á góma hér í deildinni, en ekki fengið góðan byr. Eg get ekki horfið frá því, að mér finst það hart, að gjaldskylda þá, sem ekki geta felt sig við kenningu þjóðkirkjunnar.

Háttv. framsögumaður hélt það mundi verða til þess, að menn hópum saman mundu fara úr þjóðkirkjunni. Þá vil eg heldur, að þessi upphæð sé greidd úr landssjóði, en að þessum mönnum sé gert rangt til. Það er heldur ekki nema í svip, að landssjóður mundi tapa á þessu, því þegar ekki væri þörf fyrir svona marga presta, eins og nú eru, af því menn væru komnir úr þjóðkirkjunni, þá mætti fækka prestunum.

Eg hefi svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þetta, en vona menn taki þessum tillögum mínum vel.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Eg sé, að nefndin hefir breytt frv. nokkuð og felli mig ekki við nema sumar þeirra. Eg bjóst við, að ýmsir mundu ekki sætta sig við gjaldmátann, eins og hann er, einkum í kauptúnum, því að þar hefir einkum verið óánægja með lögin og er það eðlilegt, því það er óeðlilegt, að ríkir kaupmenn gjaldi ekki meira en fátækir daglaunamenn og embættismennirnir sama gjald og tómthúsmenn.

Þótt við fellum okkur illa við persónugjöldin, þá höfum við viljað fara milliveg í þessu máli. 2. brtill. hjá okkur undanskilur þá gjaldi, sem ekki eru í þjóðkirkjunni. Okkur finst það ekki viðeigandi að skylda alla til að greiða til þjóðkirkjunnar, hvort þeim er það ljúft eða leitt. Því hvað varðar þjóðfélagið um það, hvaða trú maðurinn hefir. Hann á að mega frjáls sigla sinn

eiginn sjó í því efni. Því sú ástæða, að margir muni gera sér leik til þess að segja sig úr þjóðkirkjunni, hún er barnaleg.

Breytingartillögur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fara í frjálslega átt og felli eg mig mjög vel við þær.

Fyrir skömmu lá hér á þinginu fyrir frumvarp um, að þessi gjöld rynnu til skólanna, en það varð ekki að lögum. Mér finst engin ósamkvæmni í því, að gengið yrði að þessu frumvarpi. Þykir mér lítt hugsanlegt, að þingmenn verði á móti því.

Pétur Jónsson: Ef eg skil rétt tillögu háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) á þskj. 616, þá er hún ekki sem réttlátust. Eg skil hana svo, að miða eigi upphæð launanna við tekjumagn síðasta árs á undan, en við verðlag síðustu 5 ára. Þetta mun helzt gert með hag prestsins á Hvanneyri fyrir augum, enda mun tillagan flutt sérstaklega með tilliti til hans og honum í hag. En eg álít ekki rétt að breyta þeirri frumreglu, að miða tekjurnar að öllu leyti við meðaltal síðustu 5 eða 10 ára. Setjum svo, að það sé hagstætt fyrir prestinn á Hvanneyri, en annarsstaðar getur það gagnstæða átt sér stað, og því orðið prestunum til skaða. Á preststekjum eftir hinum gömlu lögum urðu allmikil áraskifti, ekki einungis á verði tekna, heldur og á tekjumagni. Einum getur verið hagur að því, að miðað sé við síðasta árið, öðrum aftur á móti skaði, því það hefir staðið illa á á þeim stað það árið. Að miða við fleiri ára meðaltal er því til þess að draga úr slíkum skakkaföllum og má því telja það orðna frumreglu í þessum sökum.

Ef það er réttlát krafa hjá prestinum á Hvanneyri, að miða einmitt við síðasta árið, þá nær hún of skamt. Þá ætti að miða við það, sem tekjurnar á hverju ári hans prestsskapar, frá því tekjubreytingin komst á og framvegis, næmu eftir gömlu lögunum. Í því er hugsun, þótt hún sé ekki vel framkvæmanleg. Nú vill svo til með þennan prest, að þótt hann telji sér skaða að tekjubreytingunni, þá hafa tekjur brauðsins aukist mikið, síðan hann fékk brauðið og eru langt fram úr því mati, sem hann tók brauðið eftir. Mætti hann því allvel við una.

Um matið að öðru leyti vil eg taka það fram sem mína skoðun, að eg vil hafa sem minstar undanþágur frá gjaldi til prests og kirkju. Geta þær oft orðið til að koma sóknarnefndunum í vafa og draga úr tekjum prestlaunasjóðsins, sem er einn af vösum landssjóðs nú. Skattanefndin (milliþinga) hafði til meðferðar og samdi frumvarpið til sóknargjaldalaganna. Var hún á því máli, að sem fæstar undanþágur ættu að eiga sér stað. Eg get felt mig við að undanþiggja örvasa gamalmenni, einungis þó svo, að aldurstakmarkið sé hátt.

Að undanþága frá gjöldum sé fyrir sjúkdómssakir, getur vakið vafa og óánægju. Eg veit, að það þykir í frelsisáttina, að veita margar undanþágur, en eg álít það misskilning. Hið sanna kirkjulega frelsi, sem menn eru að þrá er ekki undir þessum lögum komið, hvorki til né frá.

Hannes Hafstein: Háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að breytingartillagan sú, sem eg hér ber fram, kæmi í bága við frumreglu prestlaunalaganna. Hér er ekki farið fram á að breyta frumreglu þeirra laga. Hér er einungis farið fram á að breyta 12. gr. þeirra. Það getur ekki verið frumregla þeirra laga, að svifta menn lögákveðnum tekjum þeirra, heldur hlýtur hitt að vera sem næst frumreglu þeirra, að enginn skuli á ranglegan hátt sviftur tekjum sínum. Eg skal kannast við, að frá algerlega formlegu sjónarmiði mætti

segja, að í samræmi við þetta ætti að lækka uppbótina hjá þeim, það sem síðustu árstekjur voru lægri en 5 ára meðaltal. En í fyrsta lagi er ekki brotinn réttur á neinum, þótt hann fái dálitið *meira*, en honum bæri eftir einhverjum nýjum lagareglum, og í öðru lagi mun fólksfækkun hvergi eða því nær hvergi hafa átt sér stað á þessu tímabili. En eftir tillögu minni koma breytingar, stafandi af verðlagsskránni, ekki til greina.

Háttv. þingmaður sagði, að ef gengið væri inn á breyt.till. mína, þá ættu prestarnir stöðugt heimtingu á að fá hækkun á hækkun ofan, eftir því sem fjölgaði í sóknum þeirra. En þetta er beint ofan í orð tillögunnar, sem er miðlunartillaga, er að eins gengur út á það, að gera prestana ekki lakar setta en þeir voru, þegar lagabreytingin komst á, og hygg eg það sé sanngjarnt. Þessi miðlun mundi firra báða málsaðila málaþrasi, sem mundi baka prestlaunasjóðnum meiri útgjöld, en þessa litlu hækkun á uppbót einstaka brauðs.

Vona eg því, að háttv. deild samþykki þessa breyt.till.

Frsm. (Eggert Pálsson): Eg skal taka það fram, að eg get fyrir mitt leyti felt mig við brtill. á þgskj. 616, að því leyti, er breyting á fyrirsögn og inngangi frv. snertir og sé ekkert því til fyrirstöðu, að það sé samþykt. En að því leyti, er snertir merginn í þeim tillögum, hlýt eg að leggja á móti þeim fyrir nefndarinnar hönd. Það er víst og satt, að tekjumissir sá, er hér um ræðir, er í sumum tilfellum alltilfinnanlegur fyrir presta, en langtilfinnanlegastur mun hann vera fyrir prestinn á Hvanneyri.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að hann mundi nema 200 kr. árlega og er það allmikil upphæð. En þau tilfelli eru næsta fá, að svo miklu muni. Aftur á móti munu þau prestaköll vera mörg, þar sem tekjumissirinn er ekki mikill, en þó nokkur. Aðalgallann á því að breyta til í þessu efni tel eg vera það, að ómögulegt er að sjá fyrir, hversu mikið prestlaunasjóð mundi muna það, en geng út frá því sem sjálfsögðu, að það mundi reynast talsvert. Það er þetta atriði, sem gerir það sérstaklega óaðgengilegt að ganga að þessari breyt.till.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mælti með breytingartillögum sínum sem vænta mátti. Þykir honum ósanngjarnt, að 15 ára unglingar skuli eiga að greiða þessi gjöld, en finst það vera álitamál um 16 ára unglinga. Það er nú í raun og veru um unglingana að segja, bæði 15 og 16 ára, að þeir fá í hvorugu tilfellinu mikið kaup. Er þetta gjald jafnaðarlegast greitt af forráðamönnum þeirra. Þegar unglingar eru orðnir 15 ára, þá eru þeir komnir af sjálfum ómagaaldrinum og geta notast til ýmsra snúninga, þótt ekki vinni þeir eiginlega fyrir kaupi. Munu foreldrar eða aðstandendur vera fegnari en svo að losna við þann kostnað, sem af uppeldinu leiðir, að þeir telji það ekki eftir, að greiða þetta gjald fyrir þá, enda hefi eg enga óánægju heyrt um það atriði.

Hvað aldurstakmarkið að ofan áhrærir, hefir nefndin stutt að því, að hámark aldursins sé 75 ár. Hinn sami þm. leggur til, að það sé 60 eða 65 ár. Nú er það stefna nefndarinnar, að rýra tekjur prestlaunasjóðsins sem minst að hægt er, og þess vegna getur hún ekki fallist á þetta atriði. Þess ber og að gæta, að menn undir 75 ára aldri eru naumast karlægir menn orðnir. Menn milli 60 og 70 ára eru þvert á móti oft eins starfsfærir og ungir væru, svo að nefndinni fanst ekki ástæða til að leysa þá frá þessu gjaldi. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess um brtill. 533, sem

hljóðar um að veita undanþágu frá þessu gjaldi þeim, sem teldu sig utan þjóðkirkjunnar, að hann vildi með því vernda persónufrelsi og trúfrelsi manna.

Það er náttúrlega lofsverður tilgangur slíkt. En þó því að eins getur það talist rétt, að annar réttur sé ekki með því skertur. En svo virðist mér hljóti að vera, eins og eg benti á áðan.

Hann sagði, að rangt væri að skylda menn til að styðja það, sem þeir teldu sér ekki til neinna þrifa. En væri sú regla rétt, þá þyrfti að breyta mörgu í lögum vorum. Nú er mönnum t. d. gert að skyldu að styðja barnauppfræðslu með fjárframlagi, þótt engin börn eigi þeir sjálfir. Og hvers vegna er það gert? Það er af því, að löggjafarvaldið álítur það til þrifa fyrir þjóðfélagið í heildinni. Sama er um það mál að segja, sem hér er um að ræða. Ef löggjafarvaldið álítur trú og kirkju til þrifa fyrir þjóðina, þá er það skylda þess að styðja það hvorttveggja. Hefi eg svo ekki meira að segja um þetta frumv. að svo vöxnu máli.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 532, 1. feld með 16 : 6 atkv.

Varatill. feld með 14 : 4 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 532, 2. feld með 14 : 2 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 532, 3. feld með 13 : 5 atkv.

Liðurinn: »Aftan við bætist«, feldur með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Skúli Thoroddsen.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Bjarni Jónsson, og Sig. Gunnarsson, greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hl.

2. breyt.till. á þgskj. 460, sþ. með 18 : 5 atkv. — Með því að atkvæðagreiðsla var óljós, var viðhaft nafnakall og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Magnús Blöndahl,
Björn Sigfússon,	Skúli Thoroddsen.
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson, Jón Jónsson S.-M., Jón Ólafsson, og Hálfd. Guðjónsson, greiddu ekki atkv. og töldust því til meiri hlutans.

3. breyt.till. á þgskj. 460 (fyrri liður) sþ. með 16 : 7 atkv. — Með því að atkvæðagreiðsla var óljós var viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Jónsson.	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,

Já:	*Nei:*
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson, Hálfd. Guðjónsson, og Jón Ólafsson greiddu ekki atkvæði og töldust því til meiri hlutans.

Síðari liður till. sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 460, 4. sþ. án atkv.gr.

3. gr. sþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 616 feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, með því að atkv.gr. var óljós, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Einar Jónsson, Jón Ólafsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust því með meiri hlutanum.

Viðaukatill. á þgskj. 460, 5. sþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 460 (inngangur) sþ. með 12 shlj. atkv.

Þá var borið undir atkv., hvort vísa skyldi málinu til 3. umr., og var það felt með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Skúli Thoroddsen.

Búpeningsskoðun og heyásetning.

FRUMVARP til laga um búpeningsskoðun og heyásetning.

Fyrsta umr., 27. febr. (A. 50).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eins og eg tók fram fyrir skömmu í sambandi við frumvarpið um heyforðabúr og heyásetningseftirlit á þgskj. 39, þá er þar að eins að ræða um heimildarlög. En þetta frumvarp er annars eðlis. Það er í raun og veru endurskoðun á núgildandi horfellislögum. Eg skal að svo stöddu ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en óska að því verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Eggert Pálsson: Eg efa ekki að frumv. þetta sé af góðum rótum runnið, en þó er það mislukkað, eins og horfellislögin, sem nú eru til, eru mislukkuð frá upphafi til enda. Það er tilsetlunin, að frumvarpið ráði bætur á löggjöfinni, sem er til í þessum efnum. En bætar hefðu þær bætur verið, ef frumv. hefði ekki verið nema að eins síðasta greinin, sem sé að fella úr gildi horfellislögin og ekkert annað komið í staðinn. Horfellislögin eru gersamlega gagnslaus lög, þau kosta að eins fyrirhöfn og

og peninga. Lög eins og horfellislögin og frumv, þetta geta alls ekki komið að tilætluðum notum, það er svo margt, sem hamlar því, að sama regla eigi alstaðar við: Staðhættir mismunandi, ólíkar kringumstæður. Og svo ekki hvað sízt að menn greinir á í þeim sökum, sem hér að lúta, eins og öðru. Einum virðist of sett á hey, sem öðrum sýnist ekki. Ef einhver drepur úr hor af ásettu ráði, er peningasekt ekki nægileg refsing; en sé það gert, annaðhvort af fávizku eða vegna óhappa á engin sekt að eiga sér stað. Það er bæði óeðlilegt og ranglátt að sekta þann mann, er vegna fávizku sinnar eða af óhappi missir búpening sinn úr hor, það er að bæta gráu ofan á svart að sekta þann mann, er þannig hefir beðið efnatjón og á máske þar af leiðandi ekkert til að greiða sektina með. En það eru einnig fleiri annmarkar á frumv. þessu, en sektarákvæðið, sem þarf að lagfæra, ef frumvarpið á að ganga fram og vil eg t. d. benda á ákvæðið um skoðunarmennina. Þeim er gert að skyldu að annast um, á kostnað fénaðareigenda, að horfellir eigi sér ekki stað. En þó að þeim sé gefið slíkt vald að ráðstafa eignum manna, sem þeim sýnist, skal samkv. frumv., þeim manni, sem fellir úr hor, refsað, en skoðunarmönnunum alls ekki. Slíkt er algerlega rangt, því að það ætti einmitt að refsa skoðunarmönnunum fyrir brot á skyldu þeirra, ef nokkrum ætti að refsa.

Ef frumvarp þetta á fram að ganga, þarf að breyta því á margan hátt og þar á meðal sektarákvæðunum.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal ekki, að þessu sinni fara út í hinar einstöku greinar frumv. þessa.

Enda þótt frumvarpinu kunni að vera að ýmsu leyti ábótavant, þá miðar það þó til bóta og bætir úr göllum þeim, sem þykja vera á horfellislögunum og breytir þessu óviðfeldna heiti þeirra. Og það eitt út af fyrir sig er mikill kostur við frumvarpið, eins og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) benti á. — Að öðru leyti inniheldur frumvarpið breytingar á sektarákvæðum laganna. Nemur í burtu að skoðunarmenn skuli sektast og dregur yfir höfuð úr hinum ströngu sektarákvæðum horfellislaganna.

Eg vona, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og mun hún reyna að taka til greina, eftir því sem verður, bendingar háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Skal svo eigi fara fleiri orðum um málið að þessu sinni.

ATKV.GR.:

Samþykt með 21 shlj. atkv. að vísa frumvarpinu til landbúnaðarnefndarinnar.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 7. marz. (A. 50, n. 97).

Framsögumaður meiri hl. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Eins og sést á nefndarálitinu hefir nefndin klofnað, meiri hlutinn heldur frumvarpinu fram og telur það munu vera til gagns, en minni hlutinn er því andvígur. Frumv. þessu er ætlað að koma í staðinn fyrir horfellislögin, sem nú gilda. Reynslan hefir sýnt, að þau lög hafa ekki komið að notum. Sérstaklega skal eg geta þess, að frumvarpið felur í sér þá breytingu, að nema burtu hegningarákvæði, en setur í þess stað leiðbeiningarmenn til þess að kenna mönnum að stofna ekki búpeningi sínum í voða. Með þessu virðist fult eins eins vel sett undir lekann, eins og með því að að hafa hegningarákvæði.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið að þessu sinni.

Jón Sigurðsson: Eg skal þegar taka það fram, að eg er eindregið fylgj-

andi minni hluta nefndarinnar í þessu máli. Hvað snertir breytingar frumv. á núgildandi lögum, skal eg fyrst snúa mér að haustskoðuninni. Þá breytingu tel eg óheppilega. Haustskoðanir eru svo mikið vandaverk, að hætt er við, að þær komi að litlum notum. Það er erfitt að setja á á haustum, jarðir eru svo misjafnar, beitin misjöfn og fóðurgildi mismunandi, eftir því hvort heyið er smátt eða stórt. Ásetningin verður að grundvallast á meðvitund sjálfra eigendanna. Skoðanir eru ekki ábyggilegar, þær forða ekki frá horfelli, því að menn fella ekki skepnur sínar viljandi, heldur ber þar til náttúra landsins. Margar sveitir eru svo, að ekki verður komið við skoðun. Á dalajörðum verður ekki heimtuð sama ásetning, sem á gjafajörðum. Á dalajörðum er það beitin, sem er aðal atriðið, t. d. víða í Borgarfirði, Dalasýslu og víðar. Á slíkum jörðum er það reynslan, sem kennir mönnum. Enda verður ekki séð, að afkoma manna sé lakari á þeim stöðum en annarsstaðar. Af þessum ástæðum er alveg þýðingarlaust að setja opinbera starfsmenn til að sjá um heyásetning á haustum. Enda hefir sú orðið raunin á, að þó þeir hafi komið á bæi til eftirlits, hafa þeir ekki bætt.

Hvað viðvíkur öðrum breytingum, skal eg sérstaklega taka það fram, að ef sektarákvæðin eru tekin burtu, verða lögin enn þýðingarminni, því að þá geta þau ekki komið að notum; sektum er ekki beitt, nema um eitthvað beint vítavert er að ræða. Það verður auðvitað að beita sektum skynsamlega, en rétt er að sekta, þegar um miskunnarlausa meðferð er að ræða.

Eg skal svo ekki orðlengja um frv. að þessu sinni, en mæli fastlega með því, að það verði felt.

Framsm. minni hl. (Stefán Stefánsson): Eins og menn sjá af nefndarálitinu, hefir nefndin í þessu máli klofnað, og auk þess einn nefndarmaðurinn ritað undir með fyrirvara. Afstaða hans mun vera sú, að hann sé mótfallinn tveimur fjár- og fóðurbirgðaskoðunum, og sömuleiðis sektarákvæðum horfellislaganna, og myndar þannig meiri og minni hluta í nefndarklofningunum í hvoru þessu ágreiningsatriði fyrir sig, en að sjálfsögðu gerir hann grein fyrir afstöðu sinni nú við umræðuna.

Aðallega eru það að eins þessi tvö ákvæði í frumv., sem nefndina hefir greint á um, en með atkvæðagreiðslunni um þau stendur eða fellur frumvarpið.

Eg og háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) höldum því fram, að haustskoðanir séu til sára lítils, og jafnvel einkis gagns, og að þessu leyti erum við í meiri hl. í nefndinni. Skoðunarmennirnir geta ekki með neinni vissu sagt um það, hve mikil heyin eru, og því síður geta þeir dæmt um gæði þeirra, enda er allvíða fengin reynsla fyrir því, að almenningur fer ekki eftir því, sem haustskoðunarmennirnir segja, eða geta sér til um ásetninginn. Fjáreigendurnir þekkja bezt sjálfir allar ástæður, bæði landgæði og heymagn og heygæði, og þeir mega bezt vita, hvað vel má treysta fjármanninum, bæði um meðferð fjárins, og eins hve notadrjúg heyin muni verða í hans höndum; um þetta tvent geta ásetningsmenn að haustinu lítið sagt ábyggilegt.

Á hina hliðina þá hafa tvær skoðanir töluverðan kostnað í för með sér fyrir sveitarfélögin. Eins og nú stendur, þá er það á nokkrum stöðum, að þessi eina skoðun er gerð borgunarlaust, og það af mjög vel hæfum og völdum mönnum, en ætti nú að fjölga skoðunum, er með því girt fyrir að hæfir menn fáist, nema fyrir fulla borgun, í tvær skoðunarferðir á sama vetrinum. Ennfremur eru það

margir bændur, sem enga heyásetningseða búpeningsskoðun vilja hafa, og þeim myndi fremur fjölga en fækka, væru þær tvær lögboðnar. Um sektarákvæðið er það að segja, að eg þekki eitt dæmi þess, að sektum hafi verið beitt, og þá var það álit kunnugra manna, að fylsta ástæða hefði verið til að beita þeim, enda er eg nokkurnveginn viss um, að sú áminning hafði mikil og góð áhrif.

Þá er það eitt ákvæði í frumv., sem menn í fljótu bragði máske álíta, að sé til stórbóta; það er ákvæðið í 3. gr., um að skoðunarmenn skuli með ráði beztu manna í hreppnum gera ráðstafanir til þess, að bætt verði úr fóðurskortinum á kostnað fjáreiganda. En eg þekki ekkert dæmi þess, að sá sem annars er í heyþroti fyrir skepnur sínar, hafi neitað aðstoð góðra manna til þess að komast fram úr vandræðunum, og er því þetta ákvæði að þessu leyti þýðingarlaust, en kæmi slíkt fyrir, að fjáreigandi vildi enga hjálp af öðrum þiggja, þótt fóðurskortur væri sjáanlegur, get eg hugsað, að skoðunarmenn hikuðu sér við, að taka ráðin af fullveðja manni, þegar um hans eign er að ræða. Þetta væri líka all nærgöngult við rétt hans, og mundi því tæplega nokkru sinni verða beitt eða koma til framkvæmda. En þegar á það er litið, að skoðunarmönnum er gert að skyldu að annast um að fjáreigandinn fái fóður handa fénaði sínum, þá er það svo, þar sem eg þekki til, að þeir eru hjálplegir í útvegum um fóður fyrir þá sveitunga sína, sem verst eru staddir, enda þekkja þeir auðvitað bezt, hverjir eiga hey aflögu.

Eg er því á sama máli um það og h. þm. Mýr., (J. S.) að frumv. sé fremur til skaða en bóta, og þessvegna eigi að fella það, enda höfum við minni hluti nefndarinnar lagt það til í nefndaráliti okkar, sem hér liggur fyrir þingdeildinni.

Þorleifur Jónsson: Eg er alveg samdóma þeim háttv. þm., sem talað hafa á móti þessu máli. Eg get ekki séð, að frumvarpið sé til neinna verulegra bóta. Aðalbreytingin frá því, sem nú er, er sú, að nú á að lögbjóða haustskoðun, ásamt vorskoðun þeirri, sem nú er í lögum. 2—4 menn eiga á haustin að fara um sveitirnar og skoða búpening manna og heyforða. En það er meiningarlaust að halda, að þessir skoðunarmenn, sem eru ókunnir öllum staðháttum á hverri jörð fyrir sig, geti úrskurðað að svona og svona skuli nú bóndinn setja á.

Bóndinn sjálfur hlýtur bezt að þekkja kosti og lesti á sinni jörð. Hann hlýtur að vita bezt, hve mikið má ætla á beitina, og honum hlýtur að vera kunnugra en öðrum afbæjarmönnum um það, hvað hann er vanur að þurfa af heyjum, svona að meðaltali. En þetta geta skoðunarmennirnir lítið sagt um. Það skiftir líka miklu, hver á heldur, einum er sýnna um að fara með hey en öðrum, og kemst þessvegna af með töluvert minni heyforða. Yfir höfuð eru menn misjafnlega lagnir á að fóðra skepnur, fara með hey, og nota beit, svo að oft á það ekki saman nema nafnið, hvernig það er af hendi leyst. Heygæði eru ólík, þó heymagn sé líkt o. s. frv.

Eg get ekki annað séð, en að þessir ásetningsmenn eða haustskoðunarmenn hljóti að verða í vandræðum, og starf þeirra eða umferð ónýt. Skepnur eru þá úti um alla haga, og hlöður og heystæði full. Þeir geta því ekki einu sinni mælt heyin, eða gert nokkra sennilega áætlun yfir, hve mikill heyforðinn er, og því síður hafa þeir hugmynd um gæði þeirra, eða hollustu.

Þeir verða að taka það trúanlegt, sem bóndinn segir þeim um heymegnið. Og

eg þykist þess fullviss, að slíkar haustskoðanir hafi ekkert að þýða, ef eitthvað verulega á bjátar.

Eg skal nefna eitt dæmi. Haustið 1909 voru heybirgðir manna í langmesta lagi. Skoðunarmenn myndu líka hafa talið alla ágætlega birga, sem von var, og ekki dottið í hug að segja mönnum að lóga af heyjum. En hvernig fór? Veturinn var harðari en dæmi eru til áður um langan tíma og vorið var mjög hart, svo að hey þrutu og alt var komið á heljarþrömina, þegar harðindin sljákkuðu í maímán. 1910.

Þessu myndu engir skoðunarmenn hafa gert ráð fyrir, og hvaða gagn er þá að skoðunarmönnum, þegar allir eru jafnir í því að sjá fyrir harða vetra og voðavor hér á landi? Og hvaða gagn myndu þeir gera, þegar óhöpp vilja til? Eg skal koma með dæmi úr minu héraði. Hey brann hjá bónda einum í haust. Hvaða ráð myndu nú skoðunarmenn hafa gefið bónda þessum? Þeir myndu hafa sagt honum, að lóga miklu af kúnum, flestum lömbum og líklega einhverju töluverðu af fullorðnu fé. Helzt gæti hann kannske haldið hrossunum á brunaleifunum. — En þótt engir skoðunarmenn væru, var þessum bónda hjálpað samt og á annan hátt en skoðunarmenn myndu hafa getað. Sveitungar hans skutu saman handa honum, svo hann gat keypt sér fóðurbæti og þannig haldið kúm sínum og mestu af öðrum búpeningi. Þetta var gert án þess skoðunarmenn kæmu nokkursstaðar nærri. Eg sé ekki annað, en að þessar haustskoðanir verði gagnslaust kák og verði að eins til að auka kostnað á hreppunum, þar sem þeir þurfa að launa 2—4 skoðunarmönnum. Það er nóg að hafa lögin frá 9. febr. 1900, sem eg hefi nú aldrei getað álitið, að væru til mikils gagns, þau eru miklu fremur stórt «humbug«. Skoðunin er að eins til málamynda, hún er aflaus og hefir engin áhrif á búskapinn. Hefi því litla trú á, að hann batni mikið, þótt öðrum skoðunum sé bætt ofan á. Felli menn úr hor, þá mun það oftast af neyð og óvanalega hörðu árferði, en ekki illmensku, enda hefir ekki verið gengið ríkt eftir, að þessum horfellislögum væri framfylgt. Það er líka dálítið undarlegt að búa til sérstök hegningarlög á bændagarmana, sem eru að vinna brauð úr jörðunni og leggja oftast fram alla sína krafta og alt sitt vit til að bjargast, þó því miður gangi það misjafnlega. Miklu nær væri að afnema öll þessi horfellislög. Eg treysti meira á forðabúrslögin, bæði þau frá 1909 og þau sem nú eru í smíðum hér í þinginu, ásamt vaxandi búviti, hagsýni og mannúð við skepnur og hagnaðarvoninni af vel með förnum bústofni.

Eg orðlengi þetta svo ekki frekar, en mun greiða atkvæði á móti frv.

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Stéttarbræður mínir líta mjög einstrengingslega á þetta mál. Sumir eru ósamþykkir hegningarákvæðunum, aðrir álíta, að þau séu til bóta. En þetta er ekki aðalatriðið, heldur það, að hafa skoðanirnar tvær. Haustskoðunin er nauðsynleg til leiðbeiningar seinni skoðuninni, sem er lítt framkvæmanleg, nema skoðunarmennirnir hafi séð féð að haustinu. Þar sem fært er frá, eru ær og lömb rýrari en þar, sem ekki er fært frá og það er stórt atriði fyrir bændur að eiga gott og fallegt fé og fara vel með það. Við eigum ekki að horfa í þessa aura, sem skoðunin kostar, því það vinst upp. Það gæti ef til vill verið ástæða til að breyta öðrum ákvæðum frumv., t. d. hverjir veldu skoðunarmennina. Þegar þeir eru valdir af öllum hreppsbúum, getur það viljað til, að kosning þeirra mishepnist. Það væri máske hyggilegra

að búnaðarfélögin veldu þá. Eg er sannfærður um, að komist þessar skoðanir á, þá mun þetta verða gróðavegur fyrir bændur.

Þeir háttv. þm., sem talað hafa á móti haustskoðunum, hafa haldið því fram, að ekki sé hægt að dæma um heybirgðir manna á haustin. Það fari svo mikið eftir því, hvað menn séu nazkir að fara með hey og nota beit. En það eru ávalt til menn, sem ekkert vit hafa á því að setja á og það er skylda að taka í taumana hjá þeim og það er ekki gert að óþörfu. Og þeir mundu hlíta úrskurði skoðunarmannanna, heldur en eiga það á hættu, ef illa tekst, að vera sektaðir eða settir í fangelsi.

Einar Jónsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara og finn skyldu mína að skýra háttv. deild frá ágreiningsatriðunum. Að eg gat hvorugum nefndarhlutanum fylgt kemur til af tveim atriðum að eins, og hélt meiri hluti nefndarinnar sér fast við annað atriðið, en minni hlutinn við hitt. Gat því eigi náðst samkomulag. Eg set mig á móti haustskoðun, af því eg álít að hún sé gagnslaus, og er það af sömu ástæðum og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) tók fram, svo eg þarf ekki að vera að taka það upp aftur. Sömuleiðis er eg á móti því, að menn séu sektaðir; tel óréttlátt og öfugt, að beita þá menn peningasektum, sem verða fyrir óhöppum og eignatjóni. Hordauði á sér naumast stað nema í langvarandi harðindatíð og þar af leiðandi fóðurskorti. Skoða eg sekt í slíkum tilfellum mjög harðýðgislega og illa viðeigandi.

Skoðunarmennirnir, sem fara skoðunarferðina seinni part vetrar, hafa heimild til þess að útvega fóður á eigandans kostnað, ef peningi hans er hætta búin vegna fóðurskorts. Og þegar skoðunarmennirnir hafa þetta vald, verður sektarákvæðið óþarft. Eg álít, að ein skoðunarferð seinni part vetrar sé alveg nóg.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni.

Bjarni Jónsson: Það eru orðnar æði miklar umræður um þetta mál, og skal eg því reyna að vera stuttorður. Mín skoðun er, að þetta frv. geti orðið gott með nokkrum breytingum, sem væntanlega koma við 2. umræðu, og það er víst, að frv. er miklum mun betra en horfellislögin svonefndu, sem við eigum nú undir að búa. Einkum er það mikil bót, að hin ranglátu sektarákvæði eru úr lögum numin. Eg álít 2 skoðunarferðir alveg nauðsynlegar. Haustskoðunin á að vera til þess að gefa mönnum góð ráð og bendingar, hvað óhætt muni að setja á o. s. frv. Móti þessu hafa menn fært það, að skoðunin yrði algerlega gagnslaus, þar sem hver bóndi þekkti bezt kosti sinnar jarðar og geti sjálfur miklu betur dæmt um, hvað mikið sé setjandi á vetur en ókunnugir skoðanamenn. En eg hygg nú þá eina skoðanamenn verða valda, sem gagnkunnugir eru öllum jörðum í hreppnum og þess utan ábyggilegir og skynsamir menn. Og það hljóta að vera ótrúlega stórir hreppar, þar sem hver bóndi yfirleitt þekkir ekki allar jarðirnar. Eg get hér af reynslu talað, því að eg er sjálfur alinn upp í sveit, og það meira að segja stórri sveit, hefi bæði fengist við fjármensku og önnur störf, og það get eg fullyrt, að enn þann dag í dag þykist eg þekkja kosti hverrar jarðar þar, eins og bóndi sá, er á jörðinni býr. Svo er og þess að gæta, að jafnvel þó margir bændur séu góðir og ötulir, þá myndi áreiðanlega helmingur bænda í sveitinni hafa gott af því, að hinir vitrari menn kæmu og gæfu þeim holl ráð, og er þeim enginn hneisa með því gerð. Menn vita það, að það er hin veika hlið bænda, að

setja of djarft á vetur, og er því sízt vanþörf á slíkri haustskoðun, og sá helmingur bænda, sem eg gat um, má vera þakklátur góðum ráðgjöfum, sem leiðbeina þeim í tíma, svo að hægt sé að fækka skepnum meðan markaðurinn er opinn. Það mætti því helzt ekki vera seinna en í októbermánuði.

Eg er á sama máli og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að seinni skoðunin er aðalskoðunin og meir um hana vert en hina fyrri. Séu skoðunarmenn eins og ráð er gert fyrir aðgætnir menn, geta þeir við seinni skoðunina séð, hvernig bændur hafa hlýtt ráðum þeirra, og ef misfellur eru á, reynt að bæta úr þeim. Skoðunin ætti helzt ekki að fara fram seinna en á góunni. Því á miðgóu fara menn að sjá, hvort fóður muni duga fram úr, og ef svo er ekki, fara menn að draga við skepnurnar, og getur svo farið, að menn felli úr hor. En einn af aðalkostum frv. er sá, að það gerir ráð fyrir því, að skoðunarmenn geti gert ráðstafanir á kostnað viðkomandi bónda til þess að bæta úr fóðurskorti og verður sú ákvörðun einkum happasæl, þegar búið er að setja á stofn heyforðabúr. Til þess tíma er hætt við, að hún komi ekki að eins miklum notum.

Ef menn á góunni óhlýðnast ráðum skoðunarmanna, þá fyrst er ástæða til að sekta menn fyrir þrákelknina, en hitt er ranglátt, að hegna mönnum, þó þeim vilji slys til, því að það er ekki af fúlmensku, að menn fella úr hor, heldur af vandræðum. Menn setja djarft á með þeirri von, að alt fari vel — en þegar illa fer, þá fer saman vilji mannsins og skepnunnar. Maðurinn vill halda sem lengst lífinu í henni og hún vill lifa sem lengst. En eins og eg tók fram, er sjálfsagt að sekta menn, ef þeir fara ekki eftir þeim ráðstöfunum, sem skoðunarmenn gera á góunni, af því að þá hafa menn vissuna um, hvernig fara mun, en aftur á móti á haustin er ekki hægt að að segja, hvernig fé hirðist eða úr rætist um veturinn.

Eg vona, að frv. verði látið ganga til 2. umr., og að þá komi fram góðar brtill., svo að það verði vel úr garði gert og komi í stað hinna núgildandi horfellislaga.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil leyfa mér að þakka þeim háttv. ræðumönnum, sem hafa lagt frv. þessu liðsyrði. Um leið skal eg taka það fram, að frv. óbreytt er mér ekki neitt kappsmál, og eg tek fúslega á móti þeim bendingum, sem miða að því að bæta það.

Tilgangurinn með þessu frv. minu, sem er á þgskj. 50, var aðallega sá, að bæta úr göllum þeim, sem menn almennt hafa fundið að horfellislögunum. Meðal annars hefir sektarákvæðið í þessum lögum, sem mér vitanlega hefir þó sjaldan verið beitt, hneykslað marga. Spurning getur verið um það, hvort þörf er á lögum um þetta efni. Sumir virðast vera á þeirri skoðun, að hér gerist engra laga þörf. En þá vil eg spyrja þá hina sömu menn, hvers vegna hafa þeir ekki borið fram hér á þingi frv. þess efnis, að afnema horfellislögin? Það gæti eg skilið. Þá væru þeir sjálfum sér samkvæmir. En þeir hafa ekki gert það enn þá.

Þegar það er nú athugað, hvort hér hér sé þörf á lögum, þá minnist eg þess, að háttv. þm. Mýramanna (J. S.) sagði, að nú væri svo komið, að menn forðuðust heyleysið, og það kæmi örsjaldan fyrir, að menn feldu úr hor. Það má vel vera, að enginn geri það viljandi, að verða heylaus. En við þekkjum svo mörg dæmi til þess, að sumir menn eru alt af heylausir, hvað góður vetur sem er. Allir vita, hvernig ástatt var síðastliðið vor, þá voru ekki einungis margar sveitir heylitlar, heldur feldu menn víða

blátt áfram úr hor, þó lágt færi. Opinberlega vildu menn ekki kannast við þetta, en sín á milli töluðu menn um það og viðurkendu það. Þegar svo er ástatt, vona eg að menn sjái, að það er sízt vanþörf á lögum til þess að koma í veg fyrir heyleysi og horfelli. En hér þarf að fara varlega í sakirnar; lögin þurfa að vera mannúðleg og í samræmi við hugsunarhátt betri hluta þjóðarinnar. Þeir eru margir, sem er meinilla við, að nokkrar sektir séu viðlagðar misjafnri meðferð á skepnum. En gagnvart þeim vil eg geta þess, að við höfum í hinum gildandi hegningarlögum sektaákvæði, enda virðist það og sjálfsagt, að mönnum haldist eigi uppi að kvelja og jafnvel hordrepa skepnur sínar.

En í þessu sambandi vil eg benda á það, að þó vér, meiri hluti nefndarinnar, leggjum það til, að sektarákvæðin falli niður, þá inniheldur 3. gr. frumv. ákvæði um það, að bætt skuli úr fóðurskorti hjá þeim, er lenda í því að verða heylausir, á kostnað þeirra, sem hlut eiga að máli. Þetta álítum við, að jafnist fullkomlega á við sektarákvæði horfellislaganna og þar að auki sé miklu mannúðlegra og meir í samræmi við tilgang þeirra.

Hvað því viðvíkur, sem margir hafa talað um, að skoðunarmennirnir væru svo skyni skroppnir, að þeir þektu ekki ástæður bænda í sveitinni, þá virðist mér nægilegt í því efni að vísa til orða háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og háttv. þm. Dal. (B. J.). Flestir munu þekkja til kosta og ástæðna jarða í sinni sveit, og það er sannarlega gert of lítið úr þekkingu skoðunarmanna, sem gera má ráð fyrir, að séu með skynsömustu og hagsýnustu bændum hverrar sveitar, að þeir séu eins og álfar komnir út úr hólum og viti ekki, hvað á við hverja jörð, t. d. hvaða jörð er gjafajörð, útigangsjörð o. s. frv.

Vitanlega verður það aldrei fyrirfram sagt með fullri vissu, hve drýgindalega verði farið með fóðrið. En þar sem víðast hvar tíðkast, að bændur hirði sjálfir um hey sín og fénað, má ganga út frá því, að þeim sé það kappsmál, að halda þar sem bezt á.

Fyrri skoðunin er að mínu áliti alveg nauðsynleg sem undirstaða undir hina seinni. Seinni skoðunin nær annars ekki tilgangi sínum. Þegar skoðunarmenn á haustin hafa athugað, ámint og gefið góð ráð, standa þeir mikið betur að vígi til þess að dæma um það, hvernig hefir verið haldið á öllu, og hversu vel ráðum þeirra hefir verið hlýtt og hvernig hægast sé að bæta úr því, sem aflaga kann að fara. Vitanlega verður eigi hjá því komist, að þetta hafi kostnað í för með sér, enda gerir frv. ráð fyrir, að skoðunarmönnum verði borgað starfið. En ef menn vilja ekki leggja neitt á sig í þessu efni, þá horfir málið auðvitað til vandræða. En satt að segja hafði eg hugsað, að öllum væri það áhugamál, að löggjöf vor kæmist í þessu efni inn á braut, sem væri landbúnaðinum holl og hagfeld.

Horfellislögin eru, eins og eg tók fram, óvinsæl, vegna ýmissra ákvæða og ekki sízt vegna sjálfs nafnsins, sem hefir hneykslað marga. En það er áreiðanlegt, að samt sem áður hafa þau ekki verið þýðingarlaus og gert nokkuð gagn. En verði nú þetta frv. samþykt með breytingum góðra manna, þá er þar með ráðin góð bót á annmörkum horfellislaganna og löggjöfin í því efni komin í gott horf.

Eg vænti, að málinu verði vísað til 2. umr. Að fella það nú, væri bæði fjiótfærni og skammsýni og sízt af öllu ætla eg bændum að styðja að því.

Eggert Pálsson: Mér virðist það nú komið á daginn, að mál þetta sé orðið hálfgert vandræðamál. Nefndin, sem við það hefir fengist hefir klofnað í þrent og kom mér það satt að segja ekki á óvænt, að svona færi.

Eg benti á það þegar við 1. umræðu., að það væri eigi gott, að skipa fyrir með lögum um það, hvernig menn skyldu fóðra skepnur sínar, þar sem sín tilhögunin á við í hverri sveit, eftir landsháttum og landsgæðum, og jafnvel í sveitunum innbyrðis, svo að ilt er fyrir skoðunarmenn að meta, hvað séu nægar heybirgðir á hverri einstakri jörð og enginn getur farið nær um það, en ábúandinn sjálfur. Ef gallar eru á í þessu efni er hér er um að ræða, verður, að mínu áliti, einungis úr þeim bætt með aukinni þekkingu og engu öðru.

Í þessu máli er um tvær stefnur að ræða. Önnur er sú, sem eg hallast að, að löggjöfin eigi ekki að grípa hér inn í, eða sem allra minst, og *geti* það heldur ekki, svo holt sé. Hversu glöggir sem skoðunarmenn eru, geta þeir ekki í byrjun sagt, hve mikið fóður muni nægja á hverri einstakri jörð, nema þeir séu því kröfuharðari og baki þá þar með einstöku búendum tilfinnanlegan og óþarfan kostnað með kröfum sínum. Það er heldur ekki gefið, að hinir vitrustu menn verði jafnan valdir í þessa stöðu, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) virtist halda. Frumv, sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir, að skoðunarmenn séu valdir af hreppsbúum sjálfum, og sömuleiðis að þeim *megi*, en ekki *eigi*, að borga 2 kr. á dag. Líkur eru því til þess, að menn kunni að bjóða þetta niður, og þá sennilegt, að farið verði eftir því við valið, hverjir fást fyrir minst kaup, en ekki eftir því, hverjir eru vitrastir og bezt hæfir til verksins, enda mun það víða hafa átt sér stað, og eiga sér stað eftir horfellislögunum, sem nú eru í gildi. Menn eiga sem sé bágt með að fella sig við þá hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir horfellislögunum, og leitast því við að gera þann útgjaldaauka, sem þau baka, sem minstan að hægt er. Menn skilja ekki hina einstrengingslegu áherzlu, sem í horfellislögunum er lögð á það, að skoðun sé gerð á því, hve birgir menn eru að skepnufóðri, en ekki á matarforða handa mönnum, rétt eins og skepnan væri manninum rétthærri.

Í hinum núgildandi hegningarlögum, höfum við að mínu áliti nægileg sektarákvæði við því, ef menn fara vísvitandi illa með skepnur sínar, en að sekta fyrir þær yfirsjónir, sem stafa af óhöppum eða fávizku, á ekki við, því það er hið stakasta ranglæti. Meiri hluti nefndarinnar hefir líka gengið inn á þessa bendingu mína um þetta atriði, sem eg gaf við 1. umræðu og numið burtu sektarákvæðið, en heldur ekki tekið tillit til annara bendinga.

Hvað seinni skoðunina snertir, þá er henni aðallega fundið það til gildis, að skoðunarmenn eigi að áminna menn um að fara betur að ráði sínu og hjálpa mönnum til að ráða fram úr vandræðunum. Skoðun þessi er gert ráð fyrir, að fari fram á tímabilinu frá 1. apríl til 15. maí. Ef skoðun þess fer nú t. d. eigi fram fyr en 14. maí, þá er fénaði eigi við hjálpandi og áminning skoðunarmanna því algerlega þýðingarlaus. Yfirleitt er það sjaldnast að illa fer vegna fóðurskorts, heldur af því, að fóðrið er vont og óholt, sem nota verður. Það er oftast nær auðvelt að bæta úr, ef fóður vantar og varast það, en ef fóðrið er vont, þá er þvínær ómögulegt úr að bæta. Þegar fram á útmánuði líður, kemur einhver limpa í fé, sem á óhollu fóðri hefir lifað, enda þótt það hafi verið nægilegt að vöxtunum, það fer

smásaman að týna tölunni, og gerir það minstan muninn, hvort menn kalla það horfelli eða öðrum nöfnum.

Eg álít því réttast eftir atvikum, að frumvarp þetta sé felt, en get þó gjarnan gengið inn á, að það fari til annarar umræðu, til að sjá, hverjar breytingar kunna á því að verða. En úr því er óvíst, að eg greiði málinu atkvæði, nema þær breytingar verði bæði margar og góðar, því eins og eg tók fram, vakir það fyrir mér sem það heppilegasta, að engin sérstök horfellislög væru til, og menn létu sér nægja með sektarákvæði hinna almennu hegningarlaga í þessum efnum.

Einar Jónsson: Það eru að eins örfá orð um fyrri skoðunina, því að satt að segja býst eg við, að hinum lærðu embættismönnum, sem hér eiga sæti, fari að leiðast að hlusta á okkur bændurna.

Eg skal fúslega taka undir það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að þeir einir muni valdir skoðunarmenn, sem líklegt er, að þekki vel til allra jarða í sveitinni, en þetta er ekkert aðalatriði. Menn verða að taka tillit til þess, að bændur álíta með þessum skoðunarferðum sjálfstæði sitt skert við slík umráð, og það ekki af lítilsvirðingu, heldur af því, að þeir hafa einu sinni fengið það í sig, að vera sjálfráðir með búskap sinn. Þeir eru komnir á þær tröppur, að þeir setja ekki svo á, að þeir komist í vandræði, nema sérstök harðindi eða óáran beri að höndum. Og komi það fyrir, getur seinni skoðunin komið að góðum notum, til að komast fram úr vandræðunum. Eg er ekki sammála háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) í því, að fyrri skoðunin sé nauðsynlegur grundvöllur undir seinni skoðunina. Það er langur tími frá október til gjafa og algengt að bændur fara hvað heyásetning snertir, eftir því, hvernig tíðin hagar sér í október og nóvember og því lítil líkindi til, að fyrri skoðunin komi að nokkrum notum. Líka ber þess að gæta, að hreppsjóðir myndu horfa í þann kostnað, sem af fyrri skoðuninni leiddi og mundi nema alt að 70—80 kr. Litlir hreppssjóðir myndu finna til þessarar aukabyrðar, einkum ef það er álitið óþarfi. Hvað orð háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) snertir, að seinni skoðunin kæmi að engum notum í maímánuði, þá er það ekki allskostar rétt. Ef vetur er mjög harður, og menn heylausir um það leyti, geta framkvæmdir, í því að afla fóðurs, einatt komið að miklu gagni, einkum fyrir kýr og hesta, en venjulega er þó fénaður kominn á jörð þá.

Björn Sigfússon: Mér kom það ekki á óvart, að mál þetta yrði að eins til þess að eyða tíma deildarinnar: Eins og háttv. meðnefndarmanni mínum, sem ágreiningsatriði gerði, virðist mér frv. þetta allsendis óþarft og get eg ekki betur séð, en að það sé fram komið af einhverri ástríðu, sem virðist hafa gripið suma þingmenn, að vera altaf að hripa upp breytingar á gildandi lögum.

Eg get ekki séð hina minstu ástæðu til þess að fara nú að lögskipa almenna haustskoðun á fénaði og fóðurbirgðum um land alt, enda er ómögulegt að gera það af nokkru viti, vegna mismunandi staðhátta o. fl., eins og búið er að taka svo ítarlega fram. Þessi fyrri skoðun á að vera bráðnauðsynleg til þess að gefa mönnum góð ráð. En það þarf ekki neina nýja lagaheimild til þess. Það er einmitt þetta, sem gert er nú í þeim tilfellum, þegar kunnugt er um að hætta er á, að einhver hafi of litlar fóðurbirgðir fyrir óhöpp eða annað. Dæmi háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) þegar heyið brann, sannar þetta ljóslega.

Meðhaldsmenn frumv. þessa virðast alveg gleyma því, að í núgildandi lögum er full heimild fyrir skoðunarmenn til að líta eftir fóðurbirgðum á haustin,

ef ástæða þykir til þess. Það þarf því enga nýja heimild fyrir því. Upp úr þessu mundi að eins hafast nýr kostnaður fyrir sveitarsjóðina.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. J. N.-M.) hneykslaðist á hegningarákvæðum horfellislaganna, sagði að það væri skrítið að vera að hegna fyrir slíkt. En hinn háttv. framsögum. meiri hlutans verður þá að ganga lengra, ef hann vill vera laus við öll hegningarákvæði. Hann verður líka að breyta hegningarlögunum, svo að aldrei verði hægt að refsa neinum, hversu ómannúðlega, sem hann fer með skepnur sínar. En annars vildi eg biðja menn að hugsa um, hvort ei sé ástæða til að hegna, ef slíkt kemur fyrir, sem hv. 2. þm. Eyf. (St. St.) nefndi, að einhver yrði heylaus og hann samt sem áður væri svo harðsvíraður, að neita að þiggja hjálp góðra manna og dræpi svo úr hor. Er *þá* óeðlilegt að hegna? Eg held ekki — þvert á móti er hin fyllsta ástæða til þess. Þetta, sem eg nú hefi tekið fram, áleit eg eigi nógu skýrt tekið fram áður og tók því til máls, en annars hefir háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), sem ágreiningsatkvæði gerði með mér, fært svo góð rök fyrir okkar málstað, að eg álít óþarft fyrir mig að fara meira út í það.

Sigurður Sigurðsson: Eg skal ekki vera langorður. Það er að eins viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. Rang. (E. J.). Mér virtist hann, að því þetta mál snertir, miða alt of mikið við sitt eigið hérað, þar sem minni þörf er á þessum lögum en víða annarstaðar. Ef maður hefði Suðurland að eins fyrir augum í þessu efni, gæti eg verið honum samdóma um, að lögin væru ekki bráðnauðsynleg. En það vill nú svo til, að fleiri sýslur eru á landinu en þessar, og í mörgum þeirra er þörf á lagaákvæðum um þetta efni.

Út af ummælum háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) vil eg leyfa mér að víkja þeirri spurningu til hans, hvort ekki muni þörf á slíkum lögum í hans sýslu, og í öðru lagi vil eg beina þeirri spurningu til hans, hvort sektarákvæðum horfellislaganna hafi verið beitt þar síðastlið. ár.

Eg álít, að 3. gr. frumv. ákveði, þó óbeinlínis sé, nægilega sekt fyrir þá menn, er verða heylausir. Frumv. miðar yfirleitt að því, að bæta galla horfellislaganna, og gera þau svo úr garði, að þau komi að sem mestum notum. Eg tek það ekki nærri mér, þótt háttv. 2. þm. Húnv. (B. Sv.) sé að tala um, að eg hugsi ekki mikið um að spara tímann. Eg sé ekki eftir tímanum, þá er um slíkt nauðsynjamál og þetta er að ræða. Eg sé miklu meira eftir honum, þegar verið er að skrafa um allsendis óþörf mál, er engum koma að gagni. Það er hálf kyndugt að heyra bændur telja eftir þann tíma, sem varið er til þess að ræða um velferðarmál landbúnaðarins. Þeir hinir sömu ættu því að spara sér sínar óþörfu ræður, er miða að því að spilla góðu máli.

Björn Sigfússon: Eg vil leyfa mér að svara með fáum orðum háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), af því hann gaf í skyn, að mikill horfellir hefði síðastliðinn vetur átt sér stað í Húnavatnssýslu. Ekki veit eg, hvaðan honum kemur sú vizka; eg held að hann sé því lítt kunnugur, sem hann er þar að tala um. Þó honum gremjist, að eg skuli leyfa mér að hafa aðra skoðun á þessu máli en hann, ætti hann ekki að grípa til þess að reyna að ófrægja bændur alment þar nyrðra; það er ekki drengilegt. Eg skal viðurkenna, að nokkuð heyleysi átti sér stað í nyrzta hreppi sýslunnar, án þess um væri að kenna forsjáleysi eða harðýðgi. Ástæðan fyrir því var sú, að veturinn var óvanalega harður

og vetrarveðurátta byrjaði löngu fyrir vetur með mikilli fannkyngi, sem hélst óslitið fram á vor. Þó þetta sé fremur harðindasveit, er það alveg óvanalegt, að ekki taki þar upp aftur snjó, sem rekur niður á haustin, fyr en á næsta vori. Þó að þar hefði verið framkvæmd haustskoðun, mundi engum skoðunarmönnum hafa dottið í hug að ráða til niðurskurðar. En þegar það kom í ljós, að fóðurskortur mundi verða, var gerð gangskör að því að bæta úr þessu; bæði hreppsnefnd og sýslunefnd gerðu ráðstafanir til að útvega fóðurbirgðir frá útlöndum, ekki af því, að ekki væri nóg fóður til í sýslunni, heldur af því, að aðflutningur á heyi hefði orðið dýrari framan úr sveitum en frá útlöndum. Þar hefði ekkert annað eða frekara verið gert í þessu tilfelli, þó að menn hefðu staðið þar með frumv. hv. 2. þm. Árn. (S. S.) í höndum, og það verið búið að ná lagagildi.

Eg finn enga ástæðu til að taka það aftur, þó eg segði, að bæði þessi háttv. þm. og fleiri virtust hafa nokkra ástríðu til þess að koma fram með ný lagafrv. og að hann væri sérstaklega með því marki brendur. Alt þingið veit að þetta er satt.

Framsögum. meiri hlutans (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Sem svar upp á ummæli háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) vil eg geta þess, að eg hefi heyrt hyggna bændur segja, að alt af sé vissast að setja vel á heyin, farga heldur meiru, en að stofna öllu í voða. Þetta gera líka allir þeir, er fyrirhyggjusamir eru. Skoðun á alls ekki að fara seinna fram en í októbermánuði. Það er oft erfitt að segja með vissu um, hvað séu nægilegar fóðurbirgðir, vegna þess að svo misjafnlega hagar til í sveitunum. Eg álít, að ekki megi byggja á neinni óvissu, hvað heyásetning snertir. Menn mega ekki stofna skepnum sínum í voða, þegar vetur kemur í garð. Álít eg mjög varhugavert að fella frv. þetta frá 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. felt frá 2. umr. með 11 : 11 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Jónsson,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson,
Sig. Sigurðsson.	Þorleifur Jónsson.

Horfellir á skepnum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um horfelli á skepnum o. fl. 9. febr. 1900.

Fyrsta umr., 14. marz (A. 142).

Flutningsm. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Frumv. þetta er nokkuð líkt frumv., sem áður hefir verið felt hér í deildinni, en eg vona, að með þessu séu bættir þeir gallar, sem á hinu þóttu vera. Án þess að eg fari út í einstök atriði frv., skal eg geta þess, að það er einkum 5. gr. horfellislaganna, sem oss þykir ekki samboðin stefnu tímans.

Í hinu fyrra frv. þótti það að, að skoðanir skyldu vera 2; hér stendur að eins, að hreppsnefndin geti látið fram fara skoðun og ámint þá, sem illa fóðra skepnur sínar.

Eg vona því, að hin hv. deild taki frv. vel í þessari mynd.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg vil geta þess, að mér geðjast ekki að þessu frv. Mér finst lýsa sér í því hin

sama tilhneiging þingmanna, sem nú er æði mikið farin að færast í vöxt: að beina löggjöfinni inn á það svið, sem hún á ekki að komast, en það er að hefta athafnafrelsi einstaklinganna. Sú leið er mjög varhugaverð fyrir löggjafarvaldið.

Annars vildi eg benda á, að ef svo fer, að frv. verður samþykt, þá verður samþykt, þá verður að breyta niðurlagi efnisgreinarinnar. Það er ekki rétt að veita skoðunarmönnunum svo mikið vald, sem þar er gert. Það er engin trygging fyrir því, að þeir séu starfi sínu vaxnir, né heldur að þeir misbeiti ekki valdi sínu til að ná sér niðri. — Þetta vil eg benda á til þess að úr verði bætt.

Flutningsm. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Mér finst hinn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) taka nokkuð einhliða í þetta mál, þar sem hann segir, að varhugavert sé, að löggjöfin fari mikið inn á það svið að hefta athafnafrelsi einstaklinganna. Eg vil benda honum á, að það er einmitt meðal annars gert í horfellislögunum, sem nú eru í gildi.

Sömuleiðis mintist hinn háttv. þm. á, að engin trygging væri fyrir því, að skoðunarmenn væru góðir og starfi sínu vaxnir. Það er þó nokkur trygging, að hreppsnefndir eiga að ráða skoðunarmennina og munu ekki taka aðra en þá sem færir eru og ekki nema þörf sé til.

Einar Jónsson: Eg tek undir með hinum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að ef frumv. eru óþörf, er illa varið tíma þingsins, að skifta sér af þeim. En þótt eg sé honum samdóma um þetta, þá er eg að hinu leytinu ekki samþykkur því, að þetta frumv. eigi þann dóm skilið. En mér er spurn, hvort þeim tíma sé vel varið, sem þingmenn eru úti á götum og gatnamótum og láta ekki sjá sig á þinginu, eins og átt hefir sér stað með einstaka þingmenn síðustu daga æði marga.

Eg sem sveitamaður álít frumvarpið til bóta og tel næga tryggingu fyrir eftirliti með skoðunarmönnum, þar sem hreppsnefndin á að útnefna þá. Þótt eg sé ekki flutningsmaður frumvarpsins, mun eg greiða atkvæði með því.

ATKV.GR.:

Frumvarpið felt frá 2. umr. með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen.	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson var ekki viðstaddur.

Fjárkláðaútrýming.

FRUMVARP til laga um útrýming fjárkláðans.

Fyrsta umr., 17. febr. (stj.frv. A. bls. 187).

Ráðherrann (B. J.): Við þetta stutta frumvarp eru alllangar athugasemdir, sem fela í sér nægilegar skýringar á því, hversu frumv. er til orðið. Eg skal að eins geta lauslega ástæðnanna fyrir því. Eins og menn muna tókst fyrir nokkrum árum að útrýma fjárkláðanum hér á landi mikið til að haldið var. En síðan hefir reynst svo,

að fyllilega hefir það ekki tekist, og kom það einkum í ljós í fyrra. Baðanir eru eins nauðsynlegar skepnunum og fóður, og bændum að sama skapi hagnaður að þeim.

Þetta veit nú meginþorri manna, en trassar, sem vanrækja baðanir, gera bæði sjálfum sér og nágrönnum sínum stórtjón. Að kippa þessu í lag er það, sem frumvarpið fer fram á.

Sigurður Gunnarsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd sé kosin til að athuga málið.

ATKV.GR.:

Samþykt með öllum greiddum atkv. að kjósa 5 manna nefnd. Fór fram hlutfallskosning og voru kosnir:

Jón Jónsson N.-M.,
Einar Jónsson,
Þorleifur Jónsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Pétur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl. valinn formaður, en Hálfdan Guðjónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 19. apríl. (stj.frv. A. bls. 187, n. 615).

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Þar sem þetta er framhald 1. umr. finn eg eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv. Eg vil að eins benda á, að hér er um nauðsynjamál að ræða og er það bæði viðurkent af bændum og stjórn landsins, sem sýnir sig á því, að hún hefir lagt stjórnarfrumvarp um þetta efni fyrir þingið, sem fer í þá átt að leggja enn á ný út í lækningaleiðangur á móti þessum vágesti, fjárkláðanum. Eg ætla ekki að þessu sinni að fara að telja upp ástæður fyrir því, að nú á enn þá að hefjast handa í þessu nauðsynjamáli, en vil leyfa mér að benda háttv. þm. á athugasemdirnar aftan við stjórnarfrumv., bækling Magnúsar Einarssonar dýralæknis, sem hefir verið útbýtt hér í deildinni, og í þriðja lagi á nefndarálit okkar, þar sem við höfum reynt að gera ljósa grein fyrir því, hve mikil ástæða er til þess, að málið verði tekið til meðferðar enn á ný. Það mætti ætla, að skoðanirnar hafi verið nokkuð skiftar í nefndinni, þar sem 3 af 5 nefndarmönnum hafa skrifað undir álitið með fyrirvara, en svo var þó í raun og veru ekki, því að það var að eins í óverulegum smáatriðum, sem á milli bar. Allir vorum við sammála um, að þetta væri nauðsynjamál, sem ætti að fá framgang.

Háttv. meðnefndarmenn mínir munu líklega nú eða við næstu umræðu gera grein fyrir því, sem á milli bar.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að sinni. Eg veit að háttv. deild tekur því svo vel, að hún samþykkir að láta það fara til 2. umr. Hvort hún er nefndinni sammála um aðferðina til þess að útrýma fjárkláðanum, veit eg ekki, enda er það ekki aðalatriðið fyrir okkur, hvort frumvarpinu verði breytt dálitið eða ekki, heldur hitt, að frumvarp með líkri stefnu komist í gegnum þingið og verði til þess að útrýma kláðanum.

Eg skal geta þess, áður en eg sezt niður, að 2 prentvillur hafa slæðst inn í álitið, önnur dálitið meinleg, þar sem hún raskar meiningu. Hún er í 2. gr. álitsins. Þar hefir fallið niður orðið »samtímis« á undan »því sem næst.« Hin prentvillan er á bls. 2, þar stendur »ráða til alvarlegra breytinga á frv.», en á að vera »til allverulegra o. s. frv.» Þessar prentvillur hafa ekki verið leiðréttar á skrifstofunni, og því neyddist eg til að benda á þær nú.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. apríl (stj.frv. A. bls. 187, n. 615, 682).

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Um þetta frumv. urðu engar verulegar umr., þá er það var hér síðast til umræðu í háttv. deild. Var þá að eins skýrt frá tilgangi þess og þörfinni á því og vitnað í nefndarálitið. Nú þykir því víst rétt, að grein sé gerð fyrir breytingartillögum þeim, er fram hafa komið frá nefndinni. Stjórnin ætlaðist til, að fjárkláðanum væri útrýmt með böðum, er færu fram á kostnað landssjóðs og að hann svo ynni upp kostnaðinn með því, að lagður yrði tollur á ull. Nefndin er mótfallin ullartolli. En hins vegar lítur hún svo á, að eftir hag landssjóðs sé ekki fært að láta hann bera þennan kostnað endurgjaldslaust. Vill hún að fjáreigendur sjálfir beri kostnaðinn beinlínis. Hins vegar verður því þó ekki neitað, að vel ætti við, að landssjóður bæri þennan kostnað, því að það gæti orðið honum óbeinlínis til tekjuauka, með því að gjaldþol landsmanna mundi aukast við það, að sauðfjárræktin væri efld. Sumir nefndarmanna hafa skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Stafar það fremur af því, að þeir hefðu heldur kosið önnur ákvæði í smærri atriðum en hinu, að á milli beri um aðalstefnu frumvarpsins.

Breytingartillögunni á þgskj. 682, er eg í rauninni ekki andstæður, nema af því einu, að eg er hræddur um, að hún kunni að verða frv. að falli. Og það teldi eg skaða.

Vona eg, að háttv. deild sjái að hér er um nauðsynjamál að ræða, og skal eg ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um það.

Þorleifur Jónsson: Eins og sést af nefndarálitinu skrifaði eg undir það með fyrirvara og var aðalágreiningurinn sá, milli mín og ýmissa annara nefndarmanna, að eg vildi að *eftirlitið* með útrýmingu kláðans yrði að meiru leyti greitt úr landssjóði, þar sem ætlast er til, að fjáreigendur taki á sitt bak allan kostnað við baðlyfin, auk annarar íþyngdar, sem tvíböðun hlýtur að leiða af sér fyrir fjáreigendur.

Nefndin, eða meiri hluti hennar, vildi skifta eftirlitskostnaðinum niður á hreppafélög, sýslufélög og landssjóð, þannig að landssjóður bæri helming af kostnaði við kláðalækna, en sýslurnar helminginn, og að hreppafélögin beri helming af kostnaði við baðara og landssjóður helming. Þessu var eg ekki samþykkur. Eg vildi ekki leggja neinn kostnað af þessu máli á hreppssjóðinn, og því hefi eg leyft mér að koma með brtill. á þgskj. 682, þar sem því er farið fram, að kaup baðara sé að öllu greitt úr landssjóði.

Þetta held eg að sé hyggilegra, þegar á alt er litið. Eg held, að það sé ekki hyggilegt að leggja neitt af þessum kostnaði á hreppasjóðina, þeir hafa nóga gjaldabyrði samt og ekki miklar tekjuvonir. Eins og eg tók fram áðan, er allmikil byrði lögð á fjáreigendur, þar sem ætlast er til, að þeir kosti 2 böð, og ekki nóg með það. Tvíböðun veldur fóðureyðslu miklu meiri en baðverðinu nemur. Því fyrst og fremst er ófært annað en að hýsa fé og gefa meðan á böðunum stendur og svo þykist eg þess fullviss, að þessi hrakningur og handkröm hvað ofan í annað, með stuttu millibili, hái fénu svo, að það verði töluvert þyngra á fóðrum, þurfi meira að gæða við það en ella. Auk þess er æðimikil vinna og tímatöf, sem í þetta gengur á hverju heimili. Þess vegna leggja lögin mönnum nægilega þunga

byrði á herðar, þótt ekki væri bætt við eftirlitinu að mestu leyti, eins og nefndin vill gera. Mér virðist því, að þar sem hér er að ræða um algerða útrýmingarböðun um land alt, sem kemur jafnt niður á réttlátum og ranglátum, ef svo má að orði kveða, kemur niður eins á þeim héruðum, þar sem um engan kláða er að ræða, eins og hinum, þá virðist nægilegt að leggja baðlyfjakostnaðinn og alt umstangið, sem af böðunum leiðir á hvern einstakan fjáreiganda.

En aftur á móti er eðlilegast, að sem mestur hluti eftirlitskostnaðarins, sé greiddur úr hinum sameiginlega sjóði þjóðarinnar, landssjóðnum. Og það er líka annað, sem hér kemur til greina. Ef hrepparnir ættu að bera þetta að miklu leyti, þá er hugsanlegt, að böðunum yrði flaustrað meira af en ella, hraðað fram úr hófi, til þess að spara kostnaðinn.

Nú mætti að vísu hugsa sér hitt, að ef landssjóður ætti að kosta þetta, þá mundu menn aftur á móti draga alt sem mest á langinn til þess að ná sem mestum peningum. En á því er ekki svo mikil hætta, fjáreigendur munu kosta kapps um, að þetta taki sem fyrst af og ekki líða neitt hangs eða óþarfa seinlæti í verkinu því að það er þeim kostnaðarauki. Aðalatriðið er auðvitað það, að eugin svik eða undanbrögð eigi sér stað. Vænti eg því, að þegar menn íhuga þetta alt, þá hallist háttv. deild að tillögu minni.

Eg get ekki látið vera að geta þess um leið, að þótt eg gerði eigi verulegt ágreiningsatkvæði í nefndinni um aðalmálið, að fara nú að leggja út í algerða útrýmingarböðun á ný, þá dansaði eg þar hálf nauðugur. Svo býst eg við að kunni að fara fyrir fleirum.

Þegar síðasta hríðin var gerð að fjárkláðanum — þessi, sem Myklestad stóð fyrir — þóttust landsmenn hafa himinhöndum tekið, og þóttust vitrir menn vissir um, að nú væri yfirstíginn þessi skuggavaldur sauðfjárræktarinnar og hrósuðu mjög happi og fáruðust ekki um, þótt útrýmingin, sem átti að vera, kostaði stórfé. Það er nú stutt síðan þetta var, ekki nema örfá missiri, og þó er nú svo komið, þrátt fyrir allar þrifabaðanir og lækningakák, sem reynt hefir verið síðan, að nú segir dýralæknirinn hér í Reykjavík, að eigi séu nema örfáar sýslur kláðalausar og dreg eg ekki í neinn efa, að hann fari þar með rétt mál, því frekar sem all-ægilegar kláðafréttir hafa borist hingað til þingsins síðustu dagana, bæði af Austurlandi og sérstaklega úr Norðurlandi.

Út af þessu öllu er nú von til, þótt menn verði að spyrja, hvort takast muni að útrýma kláðanum algerlega, hvort nokkurntíma sé hægt að treysta því, að sú atlaga verði gerð að honum, að víst sé, að síðasti maurinn verði drepinn.

Dýralæknirinn heldur því nú fram, að engin von hafi verið til þess með aðferð Myklestads, hér dugi ekki minna en tvenn böð með stuttu millibili, en með því fyrirkomulagi telur hann góða von um algerða útrýmingu, ef öllum fyrirskipunum sé samviskusamlega hlýtt. Og mér fór nú eins og fleirum í nefndinni, að mér þótti of mikill ábyrgðarhluti að setja mig upp á móti ráðum dýralæknis í þeirri von, að þau kunni að hrífa og þessum vágesti þar með útrýmt og varð þá að ráði að leggja út í fullkomin útrýmingarböð. En nokkuð er það hart aðgöngu fyrir héruð, þar sem aldrei hefir verið kláði, eins og er t. d. mitt hérað og ýms önnur, því þótt margir séu teknir að baða fé sitt sjálfir einu sinni á ári þrifabaði, þá er slíkt ekki saman berandi við þessi útrýmingarböð, sem eru stór skattur á hvern fjáreiganda bæði beinn og óbeinn.

En þótt eg og aðrir geri nú þessar athugasemdir um kostnaðinn, þá virðist nú ekki um annað að gera, en leggja út í þetta og fylgja fast fram ráðum þess manns, sem við treystum bezt til þess að hafa vit á þessu, og hugga sig við það, að það var ekki hann, sem bakaði oss vonbrigðin síðast, heldur var þá einmitt gengið fram hjá honum og annar tekinn. Það er fyrst, ef kláðinn lifir eftir sem áður, eftir þessa böðun, að taka verður til annara ráða, þegar búið er að reyna báða mennina, en við skulum vona, að ekki komi til þess.

Að endingu vil eg enn fastlega mælast til þess, að háttv. deild samþykki breyt.till. mína, því að eg álít það miklu máli skifta.

Einar Jónsson: Eins og öllum er kunnugt, hefir fjárkláðinn lengi verið hinn mesti vogestur í landi voru, og þegar vér íhugum, hve geysimikið tjón og kostnað hann hefir bakað oss, þá er sízt furða, þótt vér viljum fiest til vinna, ef vér gætum losnað við hann. Því er það og, að þetta ráð er nú tekið. Eg þori nú ekki að setja mig beint upp á móti meðnefndarmönnum mínum, enda þótt eg verði að játa það, að eg hefi litla trú á því, að tilraunin muni hepnast, jafn vel þótt fylgt væri ráðum dýralæknis í öllu, og veldur það mér eigi lítillar áhyggju. Ef það sem sé á að vera víst, að þessi tvenn böð eigi að vera ugglaus, þá má engin kind komast undan nokkursstaðar á landinu, og nú sanna dæmin einmitt, að altaf getur eitthvað sloppið undan, og þá er aldrei víst, nema það fé kunni einmitt að hafa kláða. Það eru dæmi til þess á einstöku jörðum, að þar næst aldrei allt fé saman í í einu, og í mínum hreppi er það svo á ýmsum jörðum, að fé mundi ekki nást saman, þótt 20 menn væru sendir af stað í smalamensku. Það er líka dýr aðferð, þetta, þar sem fé gengur annars altaf úti og enginn kláði er. Eg er þess vegna als eigi óhræddur við að leggja út í þetta, þótt við gerum það nú, vegna þess að sá maður, sem fróðastur ætti að vera í þessum sökum, dýralæknirinn, fullyrðir að svona verði það að vera. En nú segir hann jafnframt, að kláðinn sé orðinn svo hægfara og máttlítill, að mér skilst, svo sem hann muni nú ekki vera líkt því eins hættulegur og áður, og ánægðastur hefði eg verið með það, að almennt þrifabað hefði verið fyrirskipað, og svo tvenn böð á þeim svæðum, þar sem kláðinn er. Þetta þótti líka þeim háttv. þm. hyggilegast, sem líklega er kláðafróðari en við allir hinir, en það er háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), og í sama streng tók háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.). Tvenn böð eru kostnaðarsöm og koma afarhart niður á útigangsjörðunum. Það eykur fóðureyðslu og rýrir hold fjárins, að baða það þannig tvisvar á köldum vetri og reka það svo aftur út á gaddinn. Eins og eg sagði áðan, vil eg ekki setja mig beint á móti þessu, en eg vil, að þess sé vandlega gætt, hvort ekki muni vera nógu trygt að viðhafa rækileg og góð þrifaböð.

En til þess að eg fari ekki alveg fram hjá kostnaðinum, þá vil eg þar taka undir með háttvirtum þm. A.-Sk. (Þ. J.), vil að landssjóður borgi sem mest af baðkostnaðinum, og að ekki sé gengið inn á þá braut, sem frumvarpið fór fyrst fram á.

Framsögum (Hálfdan Guðjónsson): Eg hefi litlu við það að bæta, sem eg sagði áðan, en skal þó geta þess, að eg gleymdi að minnast á það áðan til áherzlu við það hve nauðsynlegt það er, að ráðast nú þegar í nýjan leiðangur gegn kláðanum, að eftir það er nefndarálitið var samið, barst nefnd-

inni skýrsla um það, að kominn væri upp kláði á ekki færri en 12 bæjum í Skagafirði austan Vatna. Það hafði þó verið litið svo á, að lítið sem ekkert bæri á kláða á öllu hinu stóra svæði frá Þjórsá til Héraðsvatna. En meðan nefndin sat að vinnu sinni bárust einmitt kláðafregnir úr Múlasýslum og síðan þessar úr Skagafirði. Þetta gefur því ástæðu til að ætla, að engin trygging sé fyrir því, að nokkurt einasta hérað á landinu sé áreiðanlega laust við kláðann.

Eg er samdóma háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að því er snertir kostnaðinn, og eins hitt, að ekki sé full vissa fyrir því, að síðasti kláðamaurinn verði dauður eftir þessi tvö böð, en líkurnar eru þó svo miklu meiri fyrir því en áður, að eg fyrir mitt leyti hika ekki við að ganga inn á þá braut. Og eg skal bæta því við, að fari nú svo slysalega, að tvenn böð verði ekki nóg, þá hjálpar ekki að leggja árar í bát fyrir því. Þá koma dagar og þá koma ráð. Þá má reyna fleiri ár í röð, og það er jafnvel álitamál, hvort ekki ætti á næsta þingi, þegar menn hafa séð hvernig þetta fer, að skipa fyrir um árlega böðun í 5 ár t. d. á kostnað fjáreigenda. Þetta gæti komið í staðinn fyrir þrifabað, sem ætti að vera almenn og sjálfsögð búregla hjá öllum hvort sem er, og mundi þar að auk vera trygging fyrir algerri útrýmingu kláðans eftir nokkur ár.

Pétur Jónsson: Af því að engar umræður urðu um þetta frumvarp við 1. umr., kemst eg ekki hjá því, að taka hér fram nokkrar almennar athugasemdir, sem skýra það, hvers vegna eg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, þótt eg að vísu geti að miklu leyti skirskotað til almennra aths. h. þm. A.-Sk. (Þ.J.).

Þegar eg sá fyrst þetta frumv., skal eg játa það, að mér þóttí ekki ráðlegt að fara nú að hleypa sér út í þann kostnað, sem leiðir af reglulegri útrýmingarböðun. Bygði eg það á því, að í mínu héraði hafði tekist svo vel böðunin síðast, að eg hugði að nú væri alveg búið að sigra þessi fáu kláðatilfelli, sem gert höfðu vart við sig, síðan aðalútrýmingartilraunin fór fram í nokkrum héruðum. Mér hafði skilist svo í samtali við Myklestad, þegar hann var að byrja afskifti sín af þessu máli, að hann vildi reyna að útrýma kláðanum með sem minstum kostnaði, en þó með tóbaki; það eitt áleit hann örugt, og komast mundi mega af með *eina rækilega* böðun, með 8 daga innistöðu.

Eg sá nú, eins og aðrir, að eitt bað mundi ekki vera fyllilega öruggt, því að ef menn vilja vera vissir um að drepa eggin á hverri kind, þá þarf að baða tvisvar. Þetta kannaðist líka Myklestad við, en sagði, að eftir eina duglega böðun myndi kláðinn ekki koma upp nema á fáum stöðum og mjög takmörkuðum svæðum, og þá væri hægt að taka fyrir kverkar honum jafnótt og upp kæmi. Eg skal nú ekki segja, hvort þetta hefir verið vitlaust, en hitt veit eg, að það er unt að útrýma honum, því að það hefir verið gert alveg í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum, og var hann þó slæmur þar áður. Það getur skeð, að þar komi upp kláði síðar, en hann er þá kominn annarstaðar að, því að á þeim tveim stöðum á þessu svæði, þar sem vart varð við hann eftir aðalböðunina, var þegar tekið af skarið, og þessi litli vottur drepinn. Þess vegna er eg á því, að ef aðferð Myklestads hefði alstaðar verið beitt svikalaust, þá hefði það heppnast, að útrýma kláðanum. Eg tek þetta fram af því, að menn álita alment, að sú aðferð hafi verið alvitlaus. Henni var ekki rækilega framfylgt og þess

vegna kom hún ekki að gagni, en það sýnir, að okkur er ekki trúandi til slíkra framkvæmda, og að við getum því ekki verið öruggir um útrýmingu, hvort sem beitt er þessari aðferð eða hinni. Úr því að tilraun Myklestads heppnaðist ekki, álít eg því varlega leggjandi út í þann kostnað, sem þessi nýja tilraun hefir í för með sér. En á hinn bóginn álít eg samt, að nú sé hægra en áður að halda kláðanum í skefjum. Að minsta kosti held eg, að aldrei verði hætta á því, að hann komi að verulegu meini héðan af, þar sem eg þekki til í mínu nágrenni. Þar eru menn búnir að taka upp þær aðferðir til þess að bæla hann niður, áður en hann gerir skaða, að hann er þar ekkert voðalegri en t. d. lús á fénu.

En þótt þetta sé nú mín skoðun, þá hafa þó nánari upplýsingar um það, hvar kláði hefir komið upp, og svo þessar síðustu kláðafréttir gert það að verkum, að eg mun ekki setja mig upp á móti því, að gerð sé ný tilraun, og álít eg þá rétt, að fylgja sem fastast fyrirmælum dýralæknis, því að það hefir ekkert að þýða, þótt við hinir viljum hafa það svo eða svo, það verður að gilda, sem stjórnarvöld og fræðimenn í þessari grein segja. Það verður að hafa eining í ráðum og framkvæmd. Eg vil því ekki fara fram á það að breyta þessu frv. í neinum verulegum atriðum, eða taka upp aðra aðferð, enda þótt mér hefði fundist að hægt væri að fara öðru vísi að þessu, og kosið, að ákvæðin væru nokkuð mildari, þar sem nú er þó víða alveg kláðalaust. Eg vil enga veilu í þessu hafa, úr því að út í þetta er komið, og minn fyrirvari átti því alls ekki að þýða það, að eg mundi snúast á móti frv., heldur mun eg yfirleitt fylgja nefndinni, þótt eg geri þessar athugasemdir.

Eg býst nú við að það sé svo, að mörgum manni þyki leitt að taka mikinn kostnað upp á landssjóð, eins og sakirnar standa. Eg hefði líka helzt kosið, að bændur borguðu sjálfir kostnaðinn. En undir því er mest komið, að umsjónarmenn með böðunum og baðarar í sveitunum séu duglegir og trúverðugir menn, og er mest trygging fyrir því, ef þeir eru skipaðir af stjórnarvöldunum og taka laun sín að miklu úr landssjóði. Þá eru þeir óháðir og vel valdir. Aðalhindrunin fyrir því að almenn böðun komi að haldi er sú, að hún sé ekki nógu trúlega framkvæmd að öllu leyti og fullkomin sótthreinsan jafnframt. En sótthreinsunin er til þess að drepa síðasta kláðamaurinn, og á það er eg vantrúaður. Tvíböðunin mun reynast »rationel«, ef ekki er svikist um, en þessi sótthreinsun er vafasöm, eins og dýralæknirinn hugsar sér hana. Þar virðist mér veila engu minni en hjá Myklestad.

Viðvíkjandi tillögu háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um það, að allur kostnaður skuli greiðast úr landssjóði, hefi eg það að segja, að eg mun þar fylgja nefndartillögunum.

Framsm. (Hálfdan Guðjónsson): Það hefir fátt fram komið við þessa umræðu, sem gefur mér tilefni til að tala. Að eins vil eg benda á það, að það er skylda þingsins, ef það vill gæta sóma síns, að taka vísindalega reynslu í þessu efni til greina. Án þess að eg vilji kasta nokkurri rýrð á norska dýralækninn, sem hér var nokkur ár, þá er það ómótmælanlegt, að honum hefir skeikað hvað lífsskilyrði maursins snertir. En á reynslu dýralæknisins hér er oss skylt að byggja. Er það tvíböðun, sem hann heldur fram. Skal baða með stuttu millibili, og heldur hann, að síðara baðið muni þá drepa

maurinn. Þetta er aðalstefnan í þessu máli, en kostnaðurinn er aukatriði. Ætla eg svo ekki að víkja að fleiru nú.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Við héldum fund í gær um þetta mál og veltum því fyrir okkur. Varð sú niðurstaða, að ekki væri undanfæri á að halla sér að tillögum dýralæknisins. Eins og menn sjá, þá hefir orðið allmikill ágreiningur um kostnaðinn. Við höfum farið fram á, að honum væri skift til helminga milli landssjóðs og sveitasjóðanna. Að vísu er það ekki gott að íþyngja sveitasjóðunum, en hálfur kostnaður mun óvíða fara fram úr 100 kr. í einu hreppsfélagi. Frá þessu virðist mér ómögulegt að víkja. Eg víla ekki fyrir mér að segja, að það sé ábyrgðarhluti að setja sig upp á móti þessu frumvarpi.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. við 2. gr. á þgskj. 615 sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 682 feld með 15 : 6 atkv.

Brtill. á þgskj. 615 (ný 3. gr.) sþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

4., 5. og 6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 24. apríl (A. 711, 726).

Framsögum. (Hálfdan Guðjónsson): Það var svo mikið talað um þetta mál við 2. umr., að eg hefi ekki neinu við að bæta. *(Einhver þingmaður:* Breyt.till. er komin fram í málinu). Eg hefi ekki veitt þessari breyt.till. eftirtekt, en geri ráð fyrir, að flutningsmaður tillögunnar tali fyrir henni.

Sigurður Sigurðsson: Mál þetta um útrýming fjárkláðans er óneitanlega mikið vandamálefni. Það urðu um það allmiklar umræður við 2. umr. þess hér í deildinni. En þrátt fyrir þær umræður, og langt nefndarstarf nefndarinnar í málinu og allítarlegt nefndarálit, virðist mér þó að málið sé enn helzt til lítið athugað. Einkennilegt er það, að þrír af nefndarmönnunum hafa skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og sýnir það bezt, að þessir háttv. þm. hafa ekki verið og eru ekki ánægðir með frumv. eins og það er.

Í frumv. því er stjórnin lagði fyrir þingið í öndverðu, er svo ráð fyrir gert, að allan baðkostnað skuli greiða úr landssjóði, annan en kaup kláðalæknanna og baðara, er sýslu- og sveitasjóðum er gert að skyldu að greiða. En breyting hefir orðið á þessu hjá nefndinni. Hún leggur til, að allur baðlyfskostnaður greiðist af fjáreigendum, en kaup kláðalækna og baðara greiðist að eins að hálfu leyti úr landssjóði. Eg geri nú ráð fyrir, að baðlyfskostnaðurinn geti ekki orðið minni en 70 þús. kr. auk flutningsjalds, vátryggingar og ýmis annars kostnaðar. Kaup kláðalækna og baðara hefir nefndin áætlað 40—50 þús. kr. og helming þess kostnaðar eiga fjáreigendur að greiða. Hér er því að ræða um að minsta kosti 100 þús. kr. skatt, sem lagður er á sauðfjáreigendur landsins með þessu frumv., ef það verður samþykt. Auk þessa kostnaðar hefir þessi ráðgerða tvíböðun í för með sér ýms útgjöld önnur fyrir fjáreigendur, svo sem vinnu þeirra við baðanir, heyeyðslu o. fl. Nú er á það að líta, hvað vinst við þessa ráðstöfun. Eftir kenn-

ingum fróðra manna á hér að vera um algerða útrýming á fjárkláðanum að ræða. Mér er spurn: Hvaða trygging er fyrir því, eg kannast við það, að tvær baðanir eru áhrifameiri en ein böðun, og að því leyti er meiri trygging fyrir útrýming kláðans, en ef baðað er að eins einu sinni. En fullkomin *óyggjandi trygging* er það engan veginn. Ein böðun, þegar um kláðaveikt fé eða fé, sem grunað er um kláða, er að ræða, er alls ónóg; það er fyrir löngu viðurkent, og reynslan hér á landi hefir sýnt það og sannað. En tvær baðanir eru heldur ekki áreiðanlegar eða óyggjandi til þess að útrýma eða drepa síðustu maurana.

Mér skildist nú á sumum nefndarmönnum í þessu máli og fleiri þingm. í byrjun þingsins, að þeir aðhyltust þá stefnu, að lögleiða þrifabaðanir um nokkur ár, t. d. 5—10 ár, og eg hefi orðið þess var, að bændur í sumum héruðum landsins aðhyltust þá skoðun. Og það er og verða jafnan skiftar skoðanir um það, hvort sé réttara, eins og nú stendur, að fyrirskipa tvær baðanir. og gera með því tilraun á ný til algerðrar útrýmingar á fjárkláðanum, eða lögleiða þrifaböðun um nokkurra ára skeið. En nú er málinu svo komið, að eigi er um annað að ræða en tvær skyldubaðanir og leggja að mestu leyti kostnaðinn, sem af því leiðir, á fjáreigendur landsins. En hér þykir mér gengið lengra en góðu hófi gegnir í því að íþyngja landsmönnum með kvöðum og þungum álögum.

Fyrir því hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. við frumv. á þingskjali 726.

Tillagan fer fram á það, að $^2/_5$ hlutar af öllum baðlyfskostnaði greiðist úr landssjóði, en að eins $^3/_5$ hlutar af fjáreigendum. Þetta er, hvernig sem á málið er litið, mjög hógvær og sanngjörn krafa. Þessi ívilnun í baðlyfskostnaðinum er einnig að því leyti sanngjörn, að landssjóður kemur til að njóta góðs, beinlínis og óbeinlínis, af þessari ráðstöfun.

Eg vænti þess, að brtill. minni verði vel tekið, og að menn athugi vel, hvað þeir eru að gera, áður en þeir fella hana. En eg vona, að ekki komi til þess og að tillagan verði samþykt.

Framsm. (Hálfdan Guðjónsson): Eins og eg sagði áðan, kom brtill. þessi mér á óvart, enda hefi eg alls ekki séð hana, en hinsvegar var mér kunnugt um, að slík tillaga kynni að koma frá þessum háttv. þm. Vil eg af þessum ástæðum, til þess að till. verði athuguð, leyfa mér að fara þess á leyt við háttv. forseta að hann taki málið út af dagskrá.

Forseti tók málið þvínæst út af dagskrá.

Þriðja umr. (framh.), 26. apríl (A. 711, 726).

Jón Jónsson (1. þm. N.-M.): Málið var á dögunum tekið út af dagskrá til athugunar. Nú er málið komið aftur og heldur nefndin fast við sína fyrri skoðun, um að gjaldið lendi ekki á landssjóði, heldur aðallega á fjáreigendum. Nefndin hefir reyndar ekki haldið fund til að athuga breytingartillögu hv. 2. þm. Árn. (S. S.) um að landssjóður greiði helming baðlyfjakostnaðar, en nefndarmenn hafa þó minst á þetta hver við annan og er mér óhætt að segja, að meiri hlutinn er á móti breytingartillögunni. Þó að nokkuð kunni að mæla með því, að skella þessum kostnaði á landssjóð, er það ekki álitlegt, eins og fjárhagurinn er nú. Þess ber líka að gæta, að ullartollsfrumvarpið gengur ekki fram á þinginu. Þó að kostnaðurinn verði allmikill í heild sinni, er hann alls ekki neitt ægilegur,

einkum þegar þess er gætt, að ein böðun er alveg nauðsynleg til þrifa árlega. Eg veit meira að segja til þess, að framsýnir bændur eru til, sem álíta tvær þrifabaðanir á ári nauðsynlegar. Magnús bóndi Sigurðsson á Grund í Eyjafirði hefir sagt mér, að hann baðaði fé sitt tvisvar, bæði að vetrinum og aftur við rúning. Sagðist hann eiga manna vænst fé þar um slóðir. Hann þakkaði þetta aðallega því, að hann hefði baðað féð tvisvar á hverjum vetri. Það gefur líka að skilja, að það hefir mikla þýðingu, að féð sé lúsalaust, þegar það á að fara að safna holdum að sumrinu. Virðist ástæðulítið og vonlaust, að bera fram svona tillögu um aukin útgjöld úr landssjóði, þar sem tillaga frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um að landssjóður borgaði helming baðarakostnaðar, var feld. Eg álít, að *ekki* sé rétt að samþykkja þessa breyt.till., sem hér liggur fyrir.

Sigurður Sigurðsson: Mér þykir leitt, hvað nefndin í kláðamálinu hefir tekið illa í breytingartillögur mínar við frumvarpið. Þær miða þó að því að bæta frumvarpið og gera það aðgengilegra.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) vildi gera lítið úr kostnaðinum, er þessi ráðgerða útrýmingarböðun hefði í för með sér og taldi sanngjarnt, að hann kæmi sem mest niður á fjáreigendum.

Það hefir nú enga þýðingu að gera lítið úr þessum kostnaði. Við 2. umr. þessa máls tók eg það fram, að kostnaðurinn við tvæð baðanir — baðlyfjakostnaðurinn og böðunarkostnaðurinn, eða sá hluti hans, sem fjáreigendur eiga að greiða — nemi að minsta kosti 100 þúsund kr. Og þessi kostnaður er lagður á alla fjáreigendur sem kvöð eða skattur. Auk þess hefir böðunin í för með sér mikinn annan kostnað, er kemur niður á fjáreigendum, svo sem öll vinna við böðunina og heyeyðsla um fram það, er ella ætti sér stað.

Í sambandi við þetta vil eg minna á það, að æskilegt væri, að böðunin yrði framkvæmd á þeim tíma, sem fé er alment á gjöf. Mætti því böðunin helzt ekki fara fram, fyr en um eða eftir miðjan vetur. Það gerir einmitt töluverðan mun, að baðað sé, þegar fé er við hús á annað borð og gefið, í stað þess að baða meðan hagar eru nógir og fénu er beitt. Þetta ætti landstjórnin og þeir, er ráða miklu um þetta mál, að athuga.

En jafnvel þó tekið sé tillit til þessa, sem nú var sagt, og reynt að draga úr kostnaðinum, þá verður þó aldrei komist hjá því að íþyngja fjáreigendum mjög mikið með þessari böðunarráðstöfun.

Því er haldið fram, að það borgi sig að baða, ullin verði þá meiri og betri. Mér dettur ekki í hug að neita því, þvert á móti. En það er ekki nauðsynlegt að viðhafa tvær baðanir, til þess eins að gera ullina betri. Og tilgangurinn með tveimur böðunum er heldur ekki aðallega sá, að bæta og auka ullina, heldur er meiningin sú, að gera á ný tilraun til þess að útrýma kláðanum. Þeir sem mest hafa beitt sér fyrir þessari útrýmingartilraun, halda því fram, að kláðanum megi útrýma á þennan hátt. Eg efa það. Jafnvel þótt eg viðurkenni fyllilega, að tvær baðanir séu að þessu leyti tryggari en ein böðun, þá held eg því samt fram, að þær séu ekki óyggjandi til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum eða kláðamaurnum. Þegar á þetta er litið, virðist mér það hart aðgöngu að lögskipa tvær baðanir og skylda fjáreigendur til þess að borga *allan* eða því nær allan kostnaðinn, er þær hafa í för með sér.

Af þessum ástæðum, *að* hér er um þvingunarlög að ræða, og *að* engin óyggjandi vissa er fyrir því, að það tak-

ist að útrýma kláðanum, þá verð eg að halda því fast fram, að öll sanngirni og réttsýni mæli með því, að samþykkja breytingartillögur mínar. Það væri misráðið að fella þær og eg trúi því ekki fyr en eg tek á, að svo verði.

Stjórnarfrumvarpið gerði ekki beint ráð fyrir því, að baðlyfskostnaðurinn greiddist af fjáreigendum. Þar var einmitt gert ráð fyrir, að landssjóður borgaði baðlyfið.

Breytingartillögur mínar fara ekki fram á það, að baðlyfskostnaðurinn greiðist að öllu leyti úr landssjóði, heldur að eins að $^2/_5$ hlutum. Sjá því allir, að hér er ekki farið fram á neina ósanngirni.

ATKV.GR.

Brtill. á þgskj. 726, 1. við 3. gr. feld með 13 : 4 atkv.

2. brtill. tekin aftur.

Frumv. sþ. með 16 atkv. og afgreitt til Ed.

Ullarútflutningsgjald.

FRUMVARP til laga um útflutningsgjald á ull um stundar sakir.

Fyrsta umr., 18. febr. (stj.frv. A. bls. 96).

Ráðherrann (B. J.): Eg býst við, að mönnum þyki það nýmæli, að tolla útflutta ull. En eg vil biðja virðul. þingdeildarmenn að taka eftir því, að ætlast er til, að sá tollur standi að eins um stundarsakir, auk þess sem tollurinn er mjög lágur og hann lagður á í sérstökum, ákveðnum tilgangi. Frumv. miðar að því, að ná fé í landssjóð til þess að vinna að algerðri útrýmingu fjárkláðans hér í landi. Markmiðið er, að það verði föst landsvenja, að hreinsa (baða) sauðfé á hverju ári; bændur græða meira á því, hvað ullin batnar, ef baðað er, heldur en þeir kosta til baðananna sjálfra.

Landssjóður hefir þegar lagt út geysimikla fjárhæð, meira en 300 þús. kr. í þeirri miklu skorpu, er gerð var fyrir nokkrum árum til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum. Nú þótti ekki á það bætandi öðru vísi en ætla til þess einhverjar aðrar tekjur en alvanaleg landssjóðsgjöld, og því var tekið þetta ráð, að reyna að leggja sérstakan, mjög lágan toll einmitt á fjáreigendur. Það er að vísu hart aðgöngu fyrir þau héruð, þar sem enginn fjárkláði er, að þurfa að greiða jafnan toll af ullinni, eins og fjármiklu héruðin landsins. En þar til liggur það svar, að baðanirnar hafa svo mikinn hagnað í för með sér, hvort sem við er að eiga hinn alkunna, sóttnæma fjárkláða eða ekki, að það væri blindni að vilja ekki greiða þetta litla gjald. Eg býst við, að nefnd hafi verið skipuð í fjárkláðamálið, tel eðlilegast, að þetta frv. fari til þeirrar nefndar, ef virðul. þm. sýnist ekki annað.

Sigurður Gunnarsson: Eg sting upp á að frv. verði vísað til nefndarinnar í frv. til laga um útrýming fjárkláðans.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til fjárkláðanefndarinnar með 17 : 1 atkv. og 1. umr. frestað.

Í máli þessu kom aldrei neitt sérstakt nefndarálit, var svæft í nefndinni, sbr. nefndarálit í fjárkláðamálinu A. 615.

Siglingalög.

FRUMVARP til siglingalaga.

Fyrsta umr., 18. febr. (stj.frv. A. bls. 99).

Ráðherrann (B. J.): Þetta frumv. er, eins og virðulegir þm. sjá, allmikill lagabálkur, kringum 300 greinar og frek-

lega það, og mætti því búast við, að hér væri um mikið vandamál að tefla, en svo er þó ekki. Þetta frv. er íslenzkað eftir siglingalögum, sem gengið hafa nú um 10—20 ár um öll Norðurlönd, þangað komin frá Þjóðverjum. Frá þessum lögum hefir því verið vandlega gengið, svo þau verða varla bætt. Vitanlega hafa í þessu frumv. verið gerð þau afbrigði, sem við þóttu eiga eftir staðháttum. Mörgum fésýslumönnum og skipaútgerðarmönnum hér á landi mun hafa þótt ilt undir að búa að hafa ekki lög um þetta efni. Dómarar hér hafa neyðst til að fara eftir þessum lögum meira eða minna eða réttara sagt dæmt eftir »analogi« við þau. Skal eg leyfa mér að skjóta því til virðul. þm. Vestm. (J. M.), hvort svo sé ekki.

Jón Magnússon: Hæstv. ráðherra skaut því til mín, hvort hér væri ekki þörf á siglingalögum. Eg get ekki borið á móti því, að það hefir komið fyrir mig, þótt ekki hafi það verið oft, að mér hefir fundist, að gott hefði verið að hafa samskonar siglingalög.

Eg býst við, að nefnd verði sett í málið, og skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. með 17 shlj. atkv. að setja 5 manna nefnd í málið, og kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,
Bjarni Jónsson,
Jón Magnússon.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Magnús Blöndahl kosinn formaður, en Hannes Hafstein skrifari og framsögum. Undir þinglokin kom ítarlegt nefndarálit frá nefndinni á þgskj. 865 með tillögu um rökstudda dagskrá í málinu, en hún kom ekki til umræðu eða samþyktar í þinginu.

Íslenzki fáninn.

FRUMVARP til laga um íslenzkan fána.

Fyrsta umr., 21. marz (A. 208).

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki tala mörg orð um þetta mál að sinni. Eg býst við því, að það fái framgang, og vil óska, að í það verði skipuð 5 manna nefnd.

En þó vil eg geta þess þegar við 1. umr., að þar sem Íslendingar voru áður mestir sjómenn allra þjóða, og komust fyrstir alla leið milli Noregs og Vínlands, og þar sem þeir hafa nú aftur lagt hönd á hjálmunvölinn, þá er það leitt um svo duglega drengi, sem þegar er sýnt, að þeir eru, ef þeir skulu sigla undir öðrum fána en sínum eigin.

Jafnvel í þeim lögum, sem Danir hafa neytt inn á oss — stöðulögunum — eru verzlun og siglingar talin til sérmála vorra. Og til siglinganna hlýtur það að teljast, undir hverjum fána menn sigla. Þetta frumv. er því til þess gert, að fylgja fram viðurkendum og sjálfsögðum rétti vorum og bæta úr því, sem hingað til hefir vantað.

Eins og eg tók fram áðan, legg eg það til, að 5 manna nefnd verði skipuð, til þess að þetta mál geti orðið sem bezt undirbúið, áður en það verður samþykt, sem eg efast ekki um að verði.

ATKV.GR.

Samþ. 5 manna nefnd með 14:1 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Bjarni Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
Benedikt Sveinsson,

Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson N.-M.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður og framsögumaður, en Bjarni Jónsson skrifari.

Framh. 1. umr., 18. marz (A. 208, n. 500).

Framsm. (Skúli Thoroddsen): Nefndin, sem skipuð var í þetta mál, hefir nú lokið störfum sínum og lagt fram nefndarálit og lagt það til, að frv. þetta verði samþykt.

Veruleg hreyfing komst ekki á þetta mál fyr en árið 1906, að málið var rætt á stúdentafundi hér í Reykjavík — ætla eg að því hafi verið hreyft í blaði mínu nokkru fyr. — Síðan hafa verið samþyktar víða um land óskir um fána, og eru þær samþyktir prentaðar aftan við nefndarálitið sem fylgiskjöl. Máli þessu hefir einnig verið hreyft í Ungmennafélögunum, en þeim hefir orðið það á, að vilja lögleiða staðarfána í stað þess að taka skrefið fult út og fá siglingafána.

Eftir að þessi hreyfing komst á málið, var farið að nota fánann — bláan með hvítum krossi — og er hann nú orðinn talsvert almennt notaður á landi og margir hafa mætur á honum, því óviðfeldnara er það, að skip sem sigla með fram ströndum landsins og til útlanda, noti ekki þennan fána, því það væri oss til sæmdar, að láta sjá að við séum sérstök þjóð, með fullum réttindum. Þess ber einnig að gæta, að ef hér í Reykjavík kemur góð höfn, þá er líklegt, að skipastóll vor aukist að mun og þá er full nauðsyn á því, að vera búinn að kippa þessu máli í lag.

Mál þetta hefir tvær hliðar, aðra, er veit að þjóðinni og hina út á við. Með-al þjóðarinnar vekur það sjálfstæði og þjóðarmetnað, sem hvetur til framfara og sjálfstæðis, uppörfar til vakningar og drengilegrar framkomu, einkum meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar, og það er því heppilegt, að ungmennafélögin hafa tekið það upp á sína stefnuskrá. Út á við hefir það líka einkarmikla þýðingu, því ekkert er það, sem betur getur sýnt, að við séum sjálfstæð þjóð. Að vísu er mér það kunnugt úr millilandanefndinni, að Dönum er meinilla við þetta mál, og vilja að við höldum áfram að hafa danska fánann, en móti þessum lögum geta danskir stjórnmálamenn ekkert sagt, því það er greinilega tekið fram í stöðulögunum, að verzlun og siglingar séu okkar sérmál. Þá getum við ráðið því, hvaða fána við höfum á okkar skipum, alveg eins og við getum ráðið hvers konar stjórn við höfum á skipum vorum. Það þýðir því ekki fyrir þá að þrefa neitt um það. Einnig þarf Dönum að skiljast það, að hér er fyrst og fremst ekki farið fram á annað en það, sem þeim er óviðkomandi — en okkar þjóð vill fá framgengt — og hitt, að það er að auka en ekki minka álit Danakonungs, að hann ríkir yfir tveimur þjóðlöndum, sem hvort um sig hafi sérstakan fána.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en óska, að málið fái sem beztan byr; að eins skal eg geta þess, að eg lít svo á, að hér sé um mál að ræða, sem ekki snertir aðrar þjóðir, heldur tilkynni utanríkisráðherrann að eins, að íslenzk skip sigli undir þessum fána hér eftir.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg vildi leyfa mér að segja nokkur orð um þetta mál. Vér verðum fyrst og fremst að gera oss það ljóst, hvort vér, ef frumv. þetta skyldi verða að lögum, þá munum fá framgengt þeim óskum og vonum, sem vér nú ætlumst til, það er að segja,

hvort vér þá munum fá þennan fána viðurkendan. En á því hugsa eg að geti verið töluverð vandkvæði, og að þau vandkvæði muni stafa frá þeirri þjóð einni, er oss stendur næst, nfl. frá Dönum. Eg held því, að það væri réttara að leita fyrst fyrir sér um það, hvort nokkur tök séu á því fyrir oss að fá fánann viðurkendan, áður en vér semjum lögin; held annars að þetta mál geti komið bæði þingi og þjóð í athugaverðar ógöngur.

Framsögum. (Sk. Th.) talaði að vísu um, að þetta væri að eins verzlunarfáni, og að verzlun og siglingar væru okkar sérmál; en það hlýtur þó háttv. framsm. (Sk. Th.) að vera kunnugt, að Danir hafa aldrei viljað viðurkenna fánann sem sérmál okkar og þá finst mér ærið viðurhlutamikið að samþykkja þessi lög, vitandi það fyrir fram, að erfitt eða jafnvel ómögulegt verður að fá lögin staðfest. Fyrst verðum vér að fá það viðurkent, að hér sé um sérmál vort að ræða. En svo segir í frv., að fáni sá, sem notaður sé á stjórnvaldabyggingum hér, skuli vera klofinn að framan. Hér er vissulega eigi um verzlunarfána að ræða, heldur er hér gefin fyrirskipun um stjórnvaldafána og þó verzlun og siglingar séu viðurkent sérmál vort, þá leiðir vissulega ekki af því, að við getum haldið því örugglega fram, að stjórnvaldafáni sé sérmál. Óhultara væri, að leita fyrst fyrir sér um viðurkenningu þess.

Í sambandi við þetta skal eg benda á það, að með lögum um mælingar og skrásetning skipa, er það ákveðið, að á hverju skipi skuli standa stafirnir D. E. þ. e. dansk Ejendom. Eg vil ráðleggja hinni háttv. deild til að fá þessu breytt fyrst, áður en vér lögleiðum sérstakan fána. Skip sem auðkent er D. E. (ɔ: dönsk eign) á að lögum að hafa danskan fána. Verði þessu breytt, auðkennið D. E. úr lögum numið, þá verða skipin, sem eru eign vor, fyrst íslenzk eign í lagalegum skilningi.

Eg skal fyllilega viðurkenna, að við verðum að gera Dönum ljósan vilja vorn í þessu, sem öðru, en eg held að þetta sé ekki heppilegasta leiðin til þess.

Eg hefi sagt þessi fáu orð til þess, að benda þingmönnum á, að hætt er við, að við stofnum okkur í ógöngur, ef við hröpum að því að samþykkja frumv. þetta, áður en vér höfum leitað hófanna um viðurkenningu á sérstökum fána fyrir oss hjá öðrum þjóðum, sér í lagi hjá Dönum.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. (Kr. J.) tekur í þetta mál. Hann talaði um, að við þyrftum að fá viðurkenning annara ríkja fyrir fánanum; en eg veit ekki til, að þess þurfi við, eg held ekki, að það sé siður, að ein þjóðin þurfi að sækja um leyfi til annarar til þess að hafa sérstakan fána. Hver þjóð fyrir sig er einráð um það mál og það eitt ætti að nægja, að tilkynna öðrum þjóðum, að skip okkar sigli framvegis undir þessu merki.

Þá vil eg mótmæla því, að við eigum að hafa þá aðferð, að leita fyrst fyrir oss hjá Dönum; þetta er sérmál að skýlausum lögum og því óþarft og enda óhæfilegt, að fara bónarveginn að Dönum um þetta mál. Vér höfum orð stöðulaganna fyrir því, að siglingar eru íslenzkt sérmál, en fáni er eins óaðskiljanlegur hluti skips, eins og t. d. stýri eða segl. Það tjáir ekki að einblína altaf á það, að Danir vilja ekki viðurkenna rétt vorn, þegar lögin eru ómótmælanlega vor megin. Í þeirra augum verður öll venja að lögum; svo er t. d. um fiskiveiðarnar í landhelgi, vér höfum ekki bannað þeim þær og þessvegna þykjast þeir nú hafa lagaheimild til

þeirra. Eins er með fánann; vér höfum þolað Dannebrog hér á landi og nú telja þeir hana hinn eina löglega fána vorn. Hér er tækifæri fyrir ráðherrann til þess að koma einarðlega fram; ef dansk-ir ráðherrar fara að skifta sér af þessu máli, getur hann látið konunginn vita, að hann fari frá völdum, ef hann fái því ekki framgengt. Dönsk áhrif eru altaf hættuleg, en sérstaklega í slíkum mál-um og verður ráðherra að gjalda var-huga við, að þau vaxi honum ekki yfir höfuð. Eg get ekki skilið, að við lendum í neinum ógöngum út af þessu máli. Þá mætti líka segja, að í ó-göngur væri stefnt, ef við vildum úti-loka Dani frá fiskiveiðum í landhelgi. Dönum er auðvitað meinilla við bæði þessi mál, en vér stöndum vel að vígi hvað þau snertir, því að lögin eru ótví-rætt vor megin.

Jón Magnússon: Það er eitt höf-uðatriði þessa máls, sem eg hygg að frsm. (Sk. Th.) hafi misskilið, en það er, að það komi ekki öðrum þjóðum við, hvern fána við höfum. Hann virðist vera ókunnur þeim ákvæðum þjóðaréttarins, sem að þessu lúta, en hann ætti þó að vita, að að eins fullvalda ríki hafa fána-rétt. Það er og hin mesta fjarstæða, sem háttv. framsögum. hélt fram, að fáninn væri einn hluti skipsins; fán-inn er verndarmerki skipsins, hann gef-ur til kynna undir vernd hvers ríkis það standi. Ef háttv. framsm. treystir sér til að sanna öðrum þjóðum, að Ís-land sé fullvalda ríki, þá fáum vér fán-ann viðurkendan, annars ekki. Ef Ís-land er viðurkent fullvalda ríki, þá þurfum vér ekki annað en »notificera« öðrum ríkjum, að vér höfum tekið fán-ann upp. Það er alveg rétt hjá framsm. En nú vill svo illa til, að til þess að gera það, þurfum við að notast við danska sendiherra!

Eg held satt að segja, að hinir háttv. flutnm. hafi ekki hugsað þetta mál nógu rækilega.

Frsm. (Skúli Thoroddsen): Mér fyndist viðkunnanlegra, að hv. þm. Vestm. (J. M.) legði hér fram á borðið þennan þjóðarétt, sem hann er að vitna í. Ræða hans minti mig annars á það tal, sem hér varð á árunum um Krítarfánann. Heilbrigð skynsemi getur sagt oss, að vér þurfum ekki að sækja um viður-kenning annara ríkja á fánanum, það er alveg nóg að tilkynna þeim, að vér ætlum að taka hann upp. Annars vil eg skora á háttv. þm. Vestm. (J. M.), að leggja á borðið þau sönnunargögn, sem hann þykist hafa fyrir skoðun sinni.

Hannes Hafstein: Eg er að öllu leyti sömu skoðunar, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.). Ef Ísland væri full-valda ríki, þá væri enginn vandi að fá fánann viðurkendan, þá þyrftum vér ekki annars við en tilkynna öðrum ríkjum, að vér hefðum tekið hann upp. En því miður er ekki því að heilsa.

Háttv. frsm. (Sk. Th.) veit mjög vel, að Danir viðurkenna ekki fánamálið sem sérmál Íslands. Það er sérkredda hans, sem enginn lögfræðingur annar en hann hefir haldið fram, að byggja rétt vorn til sérstaks siglingaflaggs á stöðulögunum. Flaggið er ekki þáttur eða grein af siglingum og verzlun, held-ur aðallega tákn ríkisvaldsins. Með því nú að málið er svona vaxið, að vér hvorki erum fullvalda ríki né heldur að Danir viðurkenna fánamálið sem sér-mál, þá er bersýnilegt, að vér hér rek-um oss á til allra hliða, og er nóg að benda á það eitt, að vér þyrftum ef til kæmi, að nota danska sendiherra til þess að gefa öðrum þjóðum tilkynning um fánann.

Annars finn eg knýjandi ástæða til þess að segja það hér upphátt, sem

margur hugsar, að hér er um ekkert annað en pólitiska forsending að ræða, sem ætlast er til að verði núverandi ráðherra að fótakefli. Eg er sannfærður um, að þessu máli hefði aldrei verið hreyft, ef háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði orðið meira en »tilvonandi«. Í sambandslaganefndinni kom öllum, að honum einum undanskildum, saman um, að fánamálið væri samningamál ásamt mörgum öðrum málum, og er því rangt að rífa það nú úr réttu samhengi og gera það að þrætumáli eitt út af fyrir sig.

Framsm. (Skúli Thoroddsen): Það er ekki rétt, að eg sé eini lögfræðingurinn, sem hafi þá skoðun, að fánamálið sé sérmál; Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson hefir látið sömu skoðun í ljós. Mér er óskiljanlegt, hvernig menn geta aðhylzt skoðun Dana á þessu máli, svo ótvíræð sem orð stöðulaganna eru í þessu atriði.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að eg mundi ekki hafa hreyft þessu máli, ef eg hefði orðið ráðherra, en eg skil ekki, hvernig hann fer að fullyrða neitt um það. Eg get fullvissað bæði hann og aðra um, að eg hafði hugsað mér að sýna Dönum fulla einurð bæði í þessu máli og öðrum.

Eg vil og fastlega mótmæla því, að þetta mál hafi verið borið fram til þess að stofna núv. ráðherra í vanda, enda vita allir, hvernig efri deild er skipuð, svo að ekki þarf að óttast, að þetta mál verði afgreitt af þinginu. En hins vegar getur málið haft mikla þýðingu inn á við og út á við vekur það eftirtekt á oss. Vér komumst aldrei langt, hvorki í sambandsmálinu né öðrum málum, með því að þegja yfir réttarkröfum vorum. Það væri furðulegt, ef vér værum ekki einráðir um það, hvaða flagg vér notum á opinberum stofnunum hér. Yfir höfuð væri óskandi, að þessi flokkur, sem batt sig í sambandslaganefndinni, hyrfi sem fyrst úr sögunni eða tæki sem fyrst sinnaskifti. Það er von mín, að augu þjóðarinnar opnist bráðlega svo, að hún sjái að slíkur flokkur má ekki haldast við.

Hannes Hafstein: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mun sanna það, að meira þarf við en orð hans og óskir til þess að flokkur vor hverfi úr sögunni, og býst eg við, að hann verði langlífari en sérkredda hans. Annars er réttast fyrir alla að »hælast sem minst í máli, metast heldr of val felldan«.

Það ætti að vera öllum augljóst, að það er ekki nóg fyrir okkur að taka upp eitthvert flagg — jafnvel þótt Stúdentafélagið og »ungmennafélögin« hafi samþykt það, og segja: »Nú skulum við sigla, bæði utanlands og innan, undir þessu flaggi, og engu öðru«.

Skip hafa fána til þess að sýna undir vernd hvers ríkis það standi, og því er hver sá fáni einskis virði í siglingum, sem ekki er viðurkendur af öðrum ríkjum, sem merki sjálfstæðs ríkisvalds. Vér, sem ekki eigum eitt einasta skip, sem ekki er »registreruð« »dönsk eign«, gerum oss að eins hlægilega með slíku uppþoti sem þessu. En það tjáir víst ekki að reyna að koma vitinu fyrir hinn háttv. meiri hluta hér í deildinni í þessu máli. Eg hefi álitið það skyldu mína að segja mína skoðun, þótt eg þykist vita, að frumv. þetta eigi alls ekki að fara út úr þinginu, og að hér er ekki um annað að ræða en einn af þessum venjulegu selbitum í vasann og »tituprjónastingjum« til Dana og núverandi ráðherra, sem eiga að vera eins konar hefnd fyrir það, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hætti að vera »tilvonandi«, líkast til fyrir fult og alt.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að mál þetta mundi vera borið fram nú til þess að fella

núverandi ráðherra, en eg get fullyrt, að þetta er ekki annað en skáldskapur, og það slæmur skáldskapur, stirður og illa ortur. Heldur þóttu mér og óviðkunnanleg orð hans um, að frv. þetta væri ekki annað en tituprjónsstingur gagnvart Dönum. Mál þetta kemur í rauninni Dönum alls ekki við; hitt mætti sannarlega nefna tituprjónssting, þessar sífeldu kvartanir sumra þingmanna fyrir Dana hönd.

Það getur vel verið, að við fáum ekki fánann viðurkendan, ef Danir snúast öndverðir gegn honum. En það vinst þó, að allir, bæði Danir og aðrir, hljóta að sjá, hvað við viljum.

Eg hygg það vafalaust, að vér höfum rétt til þess að taka upp siglingafána samkvæmt stöðulögunum; hitt getur verið efamál, hvort við höfum rétt til þess að taka upp stjórnvaldafána, en því mætti þá sleppa, þangað til fáninn er orðinn íslenzkur.

Mér hefir aldrei getað skilist, hvers vegna alþingishúsið og stjórnarráðshúsið eiga endilega að hafa fána; mér sýnist að þau hús gætu vel verið fánalaus.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en útaf því sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að fáni stúdentafélagsins væri ekki enn þá orðinn að þjóðfána, vil eg geta þess, að einmitt þessvegna er þetta frumv. borið fram. Í millilandanefndinni gátu Danir vel hugsað sér, að Ísland hefði sérstakan fána, en hvers vegna þurftum vér að afsala oss hermálum, til þess að fá hann? Eg tel holt og sjálfsagt, að vér höldum öllum réttarkröfum vorum á lofti, það vitnar fyrir seinni tíma mönnum um vilja vorn, þótt oss ef til vill bresti mátt til þess, að fá þeim framgengt.

Jón Þorkelsson: Eg stend upp til að mótmæla orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), sem voru ófyrirleitin að vanda. Hann sagði, að frumv. væri framborið í því skyni að gera núverandi ráðherra óleik, en taldi, að það mundi ekki hafa fram komið, ef háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði orðið ráðherra. Eg get fullvissað háttv. þm. um það, að frumv. hefði fram komið, hver sem í ráðherrasessi hefði setið. Get eg þessa til þess, að það sjáist jafnframt staðhæfingum hans og ófyrirleitni.

Það hefði mátt vera ástæða til að fara út í ýmislegt, sem sagt hefir verið, en ekki mun eg þó gera það. Að eins út af orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), er hnigu á þá lund að gera gys að oss fyrir það, að vilja fá flagg, en eiga ekki skip sjálfir, skal eg taka það fram, að vér viljum fá fánann til þess, að skipin sigli ekki undir fölsku flaggi. Þennan rétt vorn viljum vér fá viðurkendan, en fáum ekki nema vér leitum hans með fullri dirfsku. Er svo með alt, sem sem vér höfum sækja þurft úr höndum Dana. Seint mundum vér hafa fengið fjárforræði, ef vér hefðum ekki leitað eftir því sjálfir.

Eg skal ekki fara út í það, hversu skilja eigi stöðulögin, þótt gaman sé að heyra lögfræðinga greina á, eins og vant er, og vera að reyna teygja úr þeim sinn skilninginn hvor. Eg felli mig betur við skýringu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) en 1. þm. Eyf. (H. H.).

En um leið og eg enda mál mitt nú, get eg ekki látið vera að minnast orða háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) í vetur á fundi hér, þeirra, er hann mælti, að flagg vort ætti að vera rautt með hvítum krossi.

Björn Jónsson: Eg vildi gjarnan fá að heyra, hvern veg menn hugsuðu sér lyktir þessa máls, ef svo færi, að fáninn fengist ekki viðurkendur, svo að hann yrði ekki metinn framar en vasaklútur eða hver önnur dula. Fyrir getur það komið, að skip annara þjóða þættust ekki kannast við fánann eða taka

mark á honum. Ef svo færi, sé eg ekki annað en að hér sé verið að tildra upp pappírslögum. Fyrir þessu vildi eg heyra gerða grein við aðra umræðu. Eg er hlyntur málinu og mun greiða atkvæði með frumv. að sinni, en endirinn skyldi í upphafinu skoða, og því er nauðsyn að finna ráð til að leysa knútinn.

Jón Magnússon: Eg vil geta þess, að eg er ekki á móti íslenzkum fána. Það er eðlilegt, að hver sérstök þjóð hafi sinn sérstaka fána. En það er aðferðin, sem mér aðallega þykir óheppileg, ofmikið flan, þótt mér þyki málið gott. Vér nefndarmenn í millilandanefndinni höfðum fengið loforð fyrir íslenzkum fána eftir nokkur ár. Það er ekki málið, sem hér er að deila um, heldur aðferðin.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Pétur Jónsson.
Björn Sigfússon,	
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Fjarverandi voru Eggert Pálsson, og Jón Jónsson N.-M.

Önnur umr., 25. apríl (A. 208, n. 500).

Jón Magnússon: Við 1. umræðu þessa máls gat eg þess, að eftir því sem álitið væri í þjóðarétti, þá væri að eins þeim ríkjum, sem viðurkend væru fullvalda ríki heimilt að hafa sérstakan fána. Háttv. frsm. (Sk. Th.) dró það í efa, að þetta væri annað en fyrirsláttur hjá mér og skoraði á mig að sýna sér þetta í einhverri viðurkendri bók í þjóðréttarfræði. Eg hefi nú sýnt háttv. framsögumanni þennan stað í handbók, sem viðurkend er um allan heim, sem mjög ábyggileg og áreiðanleg bók. Þar stendur svo um rétt flaggsins: »Tryggging fyrir réttmæti siglinga geta ekki veitt einstaklingar eða félög. Fullvalda ríki ein geta veitt slíka trygging. Af þessu leiðir, að hver sá, er gefur sig við siglingum, verður að njóta verndar fullvalda ríkis«. Má vera að vér getum litið svo á, að Ísland sé fullvalda ríki, en það er ekki nóg. Það verður að vera viðurkent fullvalda ríki, til þess að það fái fullgilt flagg, en það er því miður ekki hægt að segja, að fullveldið sé viðurkent. En eins og áður er sagt, er þjóðernisflaggið ytra tákn þess, að skipið tilheyri sérstöku fullvalda ríki. Það má nú segja, að þetta séu ekki lög fyrir okkur, og það er að vísu svo, að þetta eru ekki lög, sem dómstólar geta dæmt eftir, en það eru reglur, sem eru fastákveðnar í hinum »praktiska« þjóðarrétti. Eg skal fyllilega játa, að eg hefi alla samhygð með þessu máli, en þessari aðferð, er hér er viðhöfð, er eg alveg á móti, verð að álíta að hún sé alveg óforsvaranleg, og þess vegna get eg ekki greilt atkvæði með málinu lengur, eins og það nú horfir við. En það verður að fara með málin með einhverjum snefil af skynsemi, og á meðan okkar eigin skip eru skrásett sem eign

annarar þjóðar, og meðan við ekki höfum sérstakan borgararétt, þá hlýtur hverjum manni að skiljast, að það er hreint og beint óhugsandi, að við getum haft sérstakt flagg.

Það verður að byrja á því, að fá viðurkendan íslenzkan borgararétt, og þar næst að fá skip okkar skrásett sem íslenzka eign. Fyr en málið er þannig undirbúið, get eg ekki greitt atkv. með því. — Það verður helzt að byrja á undirstöðunni, en ekki eins og sagt er neðlunni, áður en farið er að byggja skipið.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það er rétt, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) sýndi mér þessa bók, sem hann var að minnast á. En eg sé ekki að mikið geti verið á henni byggandi, því að það er vitanlegt, að það sem þar stendur eru ekki annað en hugleiðingar höfundarins um, hvernig þetta og þetta ætti að vera og hvað hefir verið venjulegt. Neinn algildur réttur er það ekki og sést það meðal annars á því, að tilvitnanir í slíkar bækur finnast ekki í samningum milli þjóðanna. Það þarf því engan veginn að vera hið eina rétta og sanna. Hver þjóð á að hafa þann rétt, sem henni þóknast og það kemur engum við. Það er því hlægilegt að vera að gera ráð fyrir að senda legáta út um allan heim til að spyrja um, hvort við megum hafa þennan fána.

Sé það rétt, að fullvalda ríki megi ekki hafa sérstakan fána, og við séum ekki fullvalda, þá er þó Danmörk fullvalda ríki, og það er hvergi neitt fyrirskipað um það, að fullvalda ríki megi ekki hafa tvo fána.

Auk þess ber oss að halda því fast fram, að Danir hafi viðurkent það með stöðulögunum, að við höfum rétt til að hafa sérstakan fána með því að setja það ákvæði í lögin, að verzlun og siglingar séu íslenzk sérmál.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) benti á að kippa þyrfti í lag lagákvæðum viðvíkjandi skrásetning skipa. Það er mikið rétt, en það eru ákvæði, sem við getum breytt, hvenær sem oss gott þykir og eg get ekki séð, að það að sú breyting er ekki orðin enn sé að nokkru leyti því til fyrirstöðu, að þetta frumvarp verði samþykt.

Eg skal svo ekki að sinni fara fleirum orðum um málið. Eg get ekki séð, að mótbárur þær, er fram hafa komið séu á rökum bygðar, og ef Dönum finst sér rangt gert með þessu, þá stafar það af helberum misskilningi frá þeirra hálfu. Öllum ber að eins að líta á þann rétt, sem við *höfum* og getum ekki, að því er það snertir tekið tillit til þess, hvort Dönum líkar betur eða ver.

Jón Magnússon: Eg er samdóma hinum háttv. framsm. (Sk. Th.) um, að vér þurfum ekki að vera að hugsa um, hvað Dönum líkar betur eða ver í þessu máli. Vér eigum að hugsa um það eitt, hvað framkvæmanlegt er. Það er ekki altaf hægt að koma réttu máli fram, en öll lagasetning verður að miðast við það, hvað hægt er að framkvæma. Og þessu máli verður eigi komið í framkvæmd að svo stöddu.

Hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) sagði, að þjóðréttarfræðin væri ekki nema staðlausar kenningar; það er ekki rétt. Hér er að ræða um »praktiskan« evrópeiskan þjóðarétt, sem er fylgt í framkvæmd af öllum siðuðum þjóðum. Vera má að hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) áliti okkur Íslendinga svo mikla, að við þurfum ekki að binda okkur við gildandi þjóðarrétt. En flestir skynbærir menn munu vera á öðru máli um það. Það er hin mesta fjarstæða, að það geri ekkert til út á við, þótt sama ríkið hafi

tvo fána; það er þvert á móti föst regla samkvæmt alþjóðaréttinum, að eitt ríki getur að eins haft einn þjóðarfána. Mig hefir annars ekki langað til að vekja deilu um þetta mál, eg hefði þvert á móti gjarnan viljað greiða atkvæði með því, ef eg á nokkurn hátt sæi mér það fært.

Hannes Hafstein: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagðist eigi geta skilið, að það gerði öðrum þjóðum neitt til, hvaða fána við notuðum.

Það er rétt, að það gerir öðrum þjóðum ekkert til; en ess skiftir það miklu, að við siglum undir þektu og viðurkendu flaggi. Menn hafa ekki siglingafána sér til gamans að eins, heldur fyrst og fremst til þess að tákna, undir vernd hvers ríkis skipið stendur. Siglingafáninn flytur rétt ríkisins út um höfin. En skip með óþektu og óviðurkendu flaggi getur átt á hættu, að það verði kyrsett í útlendum höfnum eða jafnvel stöðvað úti á hafi af herskipi, sem getur tekið það sem grunsamt og jafnvel dregið það til hafnar til rannsóknar, hvort alt sé með feldu og skipið hvorki stolið skip né ræningjaskip. Það er því afar þýðingarmikið, að skip hafi þann fána, sem veitir vernd.

Hinn háttv. þm. sagði, að það væri að eins venja, að vér hefðum Dannebrog fyrir fána. Það er ekki rétt; í íslenzkri löggjöf finnast bæði fyr og síðar ákvæði um það, að Dannebrog skuli vera löglegur fáni vor. Staðhæfing hins háttv. þm. um, að stöðulögin heimili oss rétt til þess að hafa sérstakan siglingafána, er hin mesta fjarstæða. Það er að eins furðuleg sérkredda hins háttv. þm., sem nálega enginn annar lögfræðingur hefir fallist á, enda er það alkunnugt, að siglingalög og fánalög eru tvent ólíkt.

Að lokum skal eg geta þess, að eg man ekki til, að framsögumaður hafi svarað hinni skynsamlegu spurningu, sem háttv. þm. Barð. (B. J.) bar upp við 1. umr. þessa máls. Hann spurði, hvað flutningsmenn frumvarpsins ætluðist til að gert væri, ef Danir neituðu að viðurkenna fánann og tilkynna hann öðrum ríkjum, sem viðurkendan af sér.

Á hvern hátt ætla fylgismenn fánans þá að koma máli sínu fram? Eg býst við fullnægjandi upplýsingum um þetta þýðingarmikla atriði.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að fáninn flytti með sér rétt ríkisins út um höfin. Einmitt þess vegna mega skip vor ekki nota Dannebrog, því að ef þau gera það sigla þau með lygina landa á milli. Það er satt, að inn í íslenzka löggjöf hafa smeygst tilvitnanir til Dannebrog sem íslenzks flaggs, en þetta hefir eins og margt annað skapast af venju og er engum örðugleikum bundið að breyta því. Þá spurði hinn háttv. þm., hvað vér ættum að gera, ef Danir ekki vildu viðurkenna fána vorn. En eigum við að gera ráð fyrir slíku ranglæti af Dönum? Það er eins og að gera ráð fyrir, að bæjarfógetinn hér í Reykjavík eða ráðherrann neiti að gera skylduverk sín. Oss er bezt að fara rólega að öllu og og óttast ekki að óþörfu, — koma dagar og koma ráð. Að vísu erum vér lítilmagnar, en vér komumst aldrei langt áleiðis, ef vér altaf einblínum á það. Þar með tel eg þessari spurningu fullsvarað. Eg vil ekki gera ráð fyrir, að ríkisráðið fari að skifta sér af þessu máli, því að það verður aldrei hrakið, að það heyrir undir íslenzkt löggjafarvald, enda vona eg að Danir viðurkenni það.

Hannes Hafstein: Eg vil leyfa mér að benda á, að þau ákvæði í íslenzkri löggjöf, sem viðurkenna hið danska flagg sem vort flagg, finnast

ekki eingöngu í lögum, sem alþingi hefir samþykt, heldur einnig í tilskipunum frá einveldistímanum.

Eg get ekki viðurkent, að hinn háttv. framsögumaður hafi enn þá svarað þeirri spurningu, sem háttv. þm. Barð. (B. J.) bar upp við 1. umr.

Eg get ekki betur séð, en að líkindi séu til, að mikið vandhæfi verði á að fá þessi lög staðfest af konungi.

Hinn háttv. framsögumaður veit vel, að einmitt þetta mál var eitt hið viðkvæmasta ágreiningsefni í sambandslaganefndinni, en þó fór svo, að samkvæmt frumvarpi nefndarinnar gat Ísland á sínum tíma tekið upp sérstakt flagg. En nú var því frumvarpi hafnað, og verð eg því að telja með öllu vonlaust um, að Danir fáist nú til að viðurkenna sérstakan fánarétt oss til handa, er það mál þannig hefir verið rifið út úr réttu samhengi. Mér finst því nauðsynlegt að alþingi geri sér grein fyrir, hvað gera skal, ef þessu frumvarpi verður synjað staðfestingar, því að leiðinlegt verður að standa þá uppi eins og þvara.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Já, hvað eiga Íslendingar að gera, ef konungur neitar að verða við vilja þeirra? Það liggur beint við! Auðvitað segir ráðherra konungi, að hann verði að fara frá völdum, ef hann ekki fái málinu framgengt. Síðan kemur til þingsins kasta, hvað það vill gera. Það er auðvitað, að vér getum altaf átt á hættu, að vér komum ekki slíkum málum fram nema með baráttu. En öll slík barátta er oss einmitt til góðs, því að hún vekur eftirtekt á oss út á við og eykur virðingu annara þjóða fyrir oss. Vér höfum aldrei skoðað fánamálið sameiginlegt mál, enda mótmælti eg því í millilandanefndinni og alþingi aðhyltist mína skoðun. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki skuldbundið Ísland, hvorki að því né öðru leyti.

Björn Jónsson: Eg vil minnast á, hvað eg átti við með spurning þeirri, sem eg bar upp við 1. umr. og virðul. fyrri þm. Eyf. (H. H.) áðan gat um. Eg lít svo á, að þetta mál varði ekki eingöngu alþingi, heldur einnig einstaka menn, sem skip eiga. Hugsum oss, að alþingi samþykki þetta frumv., en konungur neiti því um staðfesting, — hvað eigum við þá að gera? Eiga skip vor þá að vera fánalaus eftirleiðis eða eiga þau að halda áfram að sigla undir Dannebrog? Eg hygg, að menn hafi gott af því að glöggva sig á þeirri spurningu.

Bjarni Jónsson: Skáldið lætur Sverri konung segja þessi orð í banalegunni:

> Breidd sé Sigurflugu sængin,
> svo til hinsta flugs ei vænginn
> skorti gamlan Birkibein.

En hvað mun létta þeim flugið, sem engan eiga fánann?

Þessi fáni má vel verða oss að Sigurflugu, þótt svo illa takist til, að langt verði að bíða viðurkenningar. Og hann mun verða það með sanni, ef vér látum hann minna oss á, hvað gera þarf.

Sú er hin fyrsta grein þess, er gera þarf, að vér verðum allir sammála og hverfum allir að því ráði, að *vilja* hafa óskertan rétt vorn til fullveldis. En þann rétt eigum vér að vitnisburði sögunnar, vér eigum hann að lögum, og og — hann er eðlisréttur vor, sem aldrei verður af oss tekinn, hvað sem líður sögu, lögum og ofbeldi. Að innræta þetta hverju barni, svo að vilji þessi renni þjóðinni í merg og bein og verði eigi skilinn frá eðli voru fremur en skilja má »blóð við blóð, sem blæðir tveimur æðum saman«.

Sú er önnur grein þess, sem gera þarf,

að vér vinnum allir að framkvæmd þessa vilja og látum enga flokkadrætti komast þar að. Þá mun skamt að bíða sigurs, því að Danir munu þá undan láta, er þeir sjá, að einn er hugur allra Íslendinga. Hirði eg eigi, þótt stjórnmálamenn þeirra og blöð hafi nú risið öndverð við kröfum vorum, því að til þess liggja auðsæ rök. Þeim hefir aldrei fyr verið hermt rétt um vilja Íslendinga og urðu þeir því ókvæða við í fyrstu og vildu eigi trúa, því er satt var sagt. Hafa þeir og misskilið minnihlutann hér, svo sem þeir ætti þar fylgismenn og hefði því von um, að geta neytt grundvallarstefnu þeirrar, sem felst í málshættinum divide et impera (þ. e. deildu og drotnaðu). En ef vér verðum samhuga og samtaka, þá mun sú von hverfa. Treysti eg því öruggur, að þá muni mannúð dönsku þjóðarinnar verða yfirsterkari þar í landi, og Danir hverfa frá því ráði að halda fyrir oss rétti vorum.

Sú er hin þriðja grein þess, er gera þarf, að velja eitthvert mál, sem vel er til þess fallið, að lýsa þessum hug inn á við og út á við. Vér flutningsmenn höfum valið til þess fánann, því það mál er bezt til fallið. Því að viðurkenning fullveldis er fengin, ef málið gengur fram og fáninn viðurkendur. En ef dráttur verður á því, þá er hann á meðan sýnilegt tákn vilja vors til fullveldis, sýnilegt tákn kröfu vorrar til fullveldis, og sýnilegt tákn vona vorra þeirra, er dýpst standa og ná lengra en flokkarígur og Sturlungaaldarbragur sá, er nú tvístrar kröftum vorum. Undir fánann söfnumst vér allir, því að enginn vill láta merki Íslands niður falla.

Mönnum hefir hér orðið tíðrætt um ýmsar mótbárur gegn þessu máli, og eru þær veigamestar, sem fram hafa komið frá háttv. þm. Vestm. (J. M.). Auðvitað er það rétt, að samtímis verðum vér að breyta lögum, hvernig skip vor skal löggskrá, en bæði má setja í þessi lög ákvæði um, að þau komi eigi fyr til framkvæmdar, en breytt sé öðrum lögum í samræmi við þau, og má einnig gera þessar lagabreytingar annaðhvort nú eða á aukaþinginu næsta ár. Háttv. þm. Barð. (B. J.) spurði, hversu með skyldi fara, ef konungur staðfesti lögin, en utanríkisráðgjafi Dana neitaði að gera fánann kunnan stjórnum annara þjóða. Þar til er fyrst og fremst því að svara, að slíkt kemur trauðla til mála, því að ólíklegt er, að konungur staðfesti lögin þvert ofan í mótmæli ráðgjafa sinna þar, og gengi vor vegna í berhögg við Dani. En kæmi slíkt fyrir, þá mundi svo komið málum, að ekki yrði hjá því komist að velja milli skilnaðar og kúgunar. Mundi þá og finnast ráð til að auglýsa fánann með öðrum hætti (*Hannes Hafstein:* Á viðskiftaráðunauturinn þá að gera það?) Fyrri þm. Eyf. (H. H.) tekur fram í fyrir mér, og spyr, hvort viðskiftaráðunauturinn eigi að gera það. En ekki er víst að svo skjótt þurfi til að taka, að hann geti ekki verið kominn í meiri hluta áður og orðinn ráðherra aftur. Og þá er hann hefði fengið viðskiftaráðunaut skipaðan eftir sínu hjarta mundi honum ekki þykja neitt ógurlegt, þótt viðskiftaráðunauturinn ætti að gera þetta.

Þetta frumv. eigum vér að samþykkja þing eftir þing, þar til er úr sker. En eigi þarf það þó að valda stjórnarskiftum, þótt eigi gangi fram málið fyrst um sinn, og má þó ráðherra vor einkis láta ófreistað annars, til þess að koma því fram. En er tími og þrautseigja hafa rutt kröfum vorum til rúms í hugum annara þjóða, þá mun þess verða kostur að herða á hurðir Flosa. Mega menn af þessum orðum marka, að mál þetta er eigi ætlað til þess, að vera gildra fyrir stjórn þá, er nú situr að völdum.

Ekki er það heldur til þess ætlað, að

vera »tituprjónsstingur til Dana« svo sem sagt hefir verið um það og skyld mál. En sú meðferð málsins, sem eg hefi áður talað um, er nauðsynlegur vegur til þess að kenna þeim, að kröfurnar um að fullnægt sé fullveldisrétti vorum, séu runnar oss í merg og bein, og að þeim muni aldrei linna fyr en þeim er fullnægt. Hún er nauðsynlegur vegur til að kenna þeim að telja það eigi móðgun við sig, þótt vér höfum djörfung til að heimta rétt vorn, heldur sé hitt móðgun við oss, ef þeir firtast af því. *Því að sú reiði Dana, eða vina þeirra hér,* hlýtur að vera sprottin af því, að *þeir telja oss réttlausa.*

En ef þjóð vor legst svo lágt, að verða þeim sammála um að telja sig réttlausa, þá mun þess skamt að bíða, að hún hverfi úr tölu þjóðanna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það var eitt atriði í ræðu hins háttv. þm. Dal. (B. J.), sem eg sérstaklega tók eftir, nefnilega að fáninn ætti að tákna kröfur vorar og vonir, vera *vonar*-fáni. Þetta er hin fáránlegasta kenning, fáninn á ekki að tákna neitt nema það sem *er*. Þegar vér fáum fullveldi, fáum vér flagg, en þangað til er oss það til háðungar að vera að veifa fána, sem ekki getur táknað annað en máttleysi vort og réttleysi.

Björn Jónsson: Þótt eg sé hlyntur þessu máli, fánamálinu, get eg ekki borið á móti því, að mér þykir málið sótt heldur með kappi. Fánalögin eiga ekki að koma fram, fyr en breytt er þeim *lögum*, sem eru í sambandi við þau. Því ætti að geyma málið til næsta þings. Með því að svo stendur á, mun eg ekki greiða atkvæði um málið.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Mér þykir kynlegt, hversu hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tekur í þetta mál. Þegar hann var ungur, var hann hugsjóna- og frelsismaður. Þótt menn eldist, mega menn ekki missa sjónar á hugsjónunum, ekki verða steingervingar. Hinn hv. þm. áleit, að frumv. fengi ekki framgang í lagaformi. Mér þykir það kynlegt; það veltur allt á dugnaði ráðherra. Það vitum vér allir, að Dönum eru ekki lögin ljúf. En svo er um mörg lög, lög sem snerta fiskiveiðar o. fl. Það er skylda ráðherra vors að gæta vorra hagsmuna gagnvart hagsmunum Dana, sem oft kunna að »kollidera«.

Eg fæ ekki heldur séð annað, en að stafirnir DE á skipunum séu nóg fullveldistrygging. Meðan Danir fara með utanríkismál vor, getum vér veitt þeim þá trygging. — Þessar mótbárur hafa við engin rök að styðjast.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Hinn háttv. framsögum. (Sk. Th.) var að tala um, að eg væri orðinn gamall í skoðunum. Það er ekki mitt að dæma um það. En eg hygg, að eg sé alveg eins frjálslyndur og víðskygn og hinn háttv. framsögum. En að ætla að vinna sér frelsi með þessu tel eg vera sama sem að hv. framsm., sem langaði til að verða ráðherra, hefði byrjað að bera einkennisbúning ráðherra, þótt ekki gæti hann orðið ráðherra, eða ef maður, sem langar til að verða kongur, byrjar á því að kaupa kórónuna.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) getur ekkert um það sagt, hvort mér hefir verið kapp á að verða ráðherra eða ekki. En eg get ekki gert svo lítið úr mér, hvort sem eg sjálfur eða aðrir eiga hlut að máli, að eg þori ekki að standa upp, þegar beitt er vopnum lyganna og blekkinganna. Það hefi eg hingað til gert og mun gera enn, hvernig sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) leggur það út.

Hinn háttv. þm. vildi gera mikið úr

því, hve frjálslyndur hann væri. Það er ekki nýtt, að hann beri lof á sjálfan sig, eins og blaðið »Reykjavík« ber vott um. Að öðru leyti hygg eg að óþarft sé að þrefa lengur um þetta mál. Það mun vera fullrætt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Stutt athugasemd. Eg mintist ekkert á, hvort eg væri frjálslyndur eða ekki. Sagði að eins, að eg væri *eins* frjálslyndur og viðskygn og hinn háttv. framsm., og ef hann kallar *það* sjálfhælni, þá liggur í þeim orðum hans, að *hann* er sjálfhælinn í meira lagi.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Atkv. greiddu ekki og voru taldir með meiri hl.: Björn Jónsson, Jón Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson. Fjarverandi: Björn Sigfússon.

Brt. á þgskj. 500 við 2. gr. talin sþ. án atkvgr.

2. gr. frv. þannig breytt sþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Ólafsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Atkv. greiddu ekki og voru taldir með meiri hl.: Björn Jónsson, Einar Jónsson, Jón Sigurðsson.

3. gr. frv. sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Atkv. greiddu ekki og voru taldir með meiri hl.: Björn Jónsson, Jón Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson.

Fyrirsögn frv. talin sþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 4 atkv.

Þriðja umr., 27. apríl (A. 747).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 12 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Aðflutningsbannsfrestun.

FRUMVARP til laga um frestun á framkvæmd á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Fyrsta umr., 24. apríl (A. 693).

Björn Jónsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, virðist ef til vill ofan á vera fremur meinlaust, að eins frestun

á framkvæmd aðflutningsbannslaganna um fá ár, en þegar það er krufið til mergjar, merkir það raunar sama og afnám þessara laga, vegna þess að þegar einu sinni er fundinn bilbugur á okkur í þessu máli, er ekkert sennilegra, en að frestun fylgi á frestun ofan. Það má telja það stórhapp, að lögin náðu konungsstaðfestingu í hitt eð fyrra. Mótstöðumenn vorir voru ekki viðbúnir þá. Þetta mál er »princip«-mál, sem kallað er. Hvað lítið sem hopað er þar á hæli, er því háski búinn. Það er hætt við, að þá rísi svo mikil alda upp á móti lögunum, að ekki verði hætt fyr en þau séu ónýtt með öllu. Oss er þá varnað þess sem til var stofnað: að ganga undan öðrum þjóðum í þessu mikla mannkynsvelferðarmáli. Það hefir eitt land hér í álfu samþykt hjá sér bannlög. Það var Finnland. En því var afstýrt með nokkurs konar ofbeldi, að lögin hlytu staðfesting. Frakkar hagnýttu sér lánardrottinsstöðu sína gagnvart Rússum, sem skulda þeim ógrynni fjár í peningalánum, til að heimta vægðarlaust af keisaranum í Pétursborg, að hann synjaði lögunum staðfestingar, og það gerði hann. Þessi lög vor hlutu staðfestingu konungs, þrátt fyrir megna mótspyrnu úr ýmsum áttum. En nú á að fara að taka okkur þrælatökum til þess að hætta við alt. Mér finst, að þeir, sem samþyktu lögin á síðasta þingi, ættu að hafa svo mikla manndómstilfinningu, að láta ekki bjóða sér það að hætta við alt saman nú, því að ástæðurnar um tekjuþurð eru ekki annað en hégómi og fyrirsláttur. Það eru nóg góð ráð til þess að vafna því, að það beri að höndum.

Eg vil því heita á alla góða fylgismenn laganna frá seinasta þingi að gera ekki þann óvinafagnað, að fara að fresta lögunum nú. Sóma þjóðarinnar vegna getum við það ekki og við megum heldur ekki stofna lögunum sjálfum í hættu með því að fresta þeim. Nefndarskipun og margar umræður um málið virðist óþarfa eyðsla á tíma þingsins og álít eg því réttast að fella frumvarpið nú þegar frá 2. umr.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Enda þótt eg geti ekki verið með frv. að öllu leyti, eins og það er úr garði gert frá háttv. Ed., þá álít eg málið of merkilegt til þess, að fella það nú þegar frá 2. umr. án þess að setja nefnd í það. Það var nýlega til umræðu hér í deildinni annað mál, sem var talsvert viðsjárvert fyrir framkvæmd bannlaganna, það var frv. sem eg leyfði mér að kalla frv. til laga um eflingu brennivínsdrykkju í landinu í 3 ár. Þótt eg væri algerlega mótfallinn því máli, þá var eg því þó hlyntur, að það væri sett í nefnd. Eg vildi að þessu máli yrði vísað til sömu nefndar. Bæði frv. hafa sama tilgang, að vinna að því að meira vín verði flutt til landsins, en þetta frv. nær tilganginum betur og er óskaðlegra fyrir bannlögin.

Eg skal ekki lengja umræður mikið um málið að sinni, en vil að eins leyfa mér að mótmæla því, að þetta frv. sé nokkuð banatilræði við bannlögin. Eg vil því eins og eg tók fram, leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu sé vísað til nefndarinnar, sem kosin var í frv. um tollgreiðslufrestinn.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Enda þótt eg sé ákveðinn mótstöðumaður bannlaganna, þá getur þetta frumv. þó ekki frá því sjónarmiði verið mér kærkomið. Eg sé ekki, að við bannandstæðingar stöndum nokkru nær okkar marki, þótt þetta frv. verði samþykt. Eg styð það að eins vegna þess, að eg álít það nauðsynlegt til þess að fjárhagur landssjóðs geti verið viðunanlegur.

Eg get ekki skilið það, hvernig háttv. þm. Barð. (B. J.) komst að þeirri nið-

urstöðu, að frestun á framkvæmd þessara laga, væri sama og afnám þeirra. Mér er það ekki skiljanlegt, að þeim lögum sé stofnað í nokkra hættu með þessu frv., nema það vaki fyrir háttv. þm., að samþykt frv. geti leitt til þess, að málið verði borið undir atkvæði þjóðarinnar að nýju, eins og kom fram tillaga um á seinasta þingi og var bannmönnum mjög á móti skapi. Frá því að þeir náðu yfirtökunum, vegna þess, að meiri hluti þjóðarinnar glæptist til að greiða bannstefnunni atkvæði, þá nota þeir sér það svo, að þeir mega ekki heyra það nefnt á nafn, að þjóðin fái að segja eitt orð um málið framar. Það er undarlegt, hvað þeir eru hræddir við það, ef þeir trúa svo mjög á sinn góða málsstað, eins og þeir látast gera. Þetta frv. er komið frá stuðningsmanni bannlaganna, vegna þess að fjárhagur landsins heimtar það og fjárhagurinn heimtar það af því að fráfarandi ráðherra vanrækti það, sem hann var skyldugur til að gera, að koma með einhverjar tillögur um það, að auka tekjur landssjóðs svo, að eitthvað kæmi upp í hið stóra skarð, sem bannlögin gera í tekjurnar. Háttv. þm. Barð. (B. J.) ætti því að vera þetta frv. kærkomið, það breiðir þó dálítið yfir yfirsjónir hans. Að eins vil eg benda á það, að mér og öðrum bannandstæðingum er frv. þetta alls ekki kært, vegna þess að við erum á móti bannlögunum. Við lítum svo á, að þau lög séu svo vaxin, að eina ráðið til þess að losna við þau, sé að láta þau sem fyrst ganga í gildi. Þetta bannfargan er nokkurs konar sjúkdómur, sem heppilegast mundi vera að framkalla sem fyrst »krisis« í. En eg tel mér samt, fjárhagsins vegna, skylt að styðja þetta mál.

Að öðru leyti skal eg ekki fara fleirum orðum um það, en eg verð, til þess að útiloka allan misskilning, að taka þetta fram, að það er að eins fjárhagsins vegna, en ekki af því eg er bannandstæðingur, að eg greiði þessu frumv. atkvæði mitt.

Jón Magnússon: Eg get lýst því þegar, að eg mun verða á móti þessu frv. um frestun á framkvæmd bannlaganna, eins og eg er á móti frv. hv. 1. þm. GK. (B. Kr.), sem hefir líkan tilgang. En mér finst það eðlilegt, þar sem mál þetta hefir gengið í gegn um háttv. Ed., að það verði sett hér í nefnd og hefi eg ekkert á móti, að það verði sama nefndin og hefir hér til meðferðar hitt frv., er eg nefndi. Tilgangur beggja þessara frv. er sá sami, nefnilega sá að styðja að því, að meira áfengi verði flutt inn en ella mundi. En það sem bannmenn hafa fyrir augum er einmitt hið gagnstæða, nefnilega að stuðla að því, að sem minst áfengi flytjist inn í landið, og oss hefir frá upphafi ekki dulist það, að ef ekki yrði áfengi flutt inn í landið, þá kæmi enginn áfengistollur í landssjóð, sú tekjugrein félli burtu og til þess hefir oss þótt vinnandi. En eg sé samt ekki, að deildin, sóma síns og þingsins vegna, geti felt jafn þýðingarmikið mál frá nefnd, einkum þar sem það hefir verið samþykt með nokkrum atkvæðamun í hv. Ed.

Eg skil það ekki hjá háttv. þm. Barð. (B. J.), að svo mjög ríði á að fella frv. strax. Það ætti ekki að vera meiri hætta á því fyrir því, að það yrði samþykt.

Eg mun því greiða atkvæði með því, að málið verði sett í nefnd, en lengur get eg ekki fylgt því.

Björn Jónsson: Það er að eins örlítil athugasemd út af þeim orðum virðul. fyrra þm. S.-Múl. (J. J.), að fjárhagur landsins, eins og nú er orðið, sé mér að kenna. Þegar fjárlögin voru lögð af mér fyrir þingið, voru þau ekki með neinum tekjuhalla. En nú að kenna bruðlunarsemi virðulegra þm., að hann

er nú orðinn talsvert hár. Eg leit svo á, að það gæti verið skaðlaust, þótt eitt þing léti sér hægt um mjög stórvaxin útgjöld. En nú hefir ekki orðið sú raunin á, en margar leiðir eru til þess að forðast mikla tekjuþurð, eins og fram hefir komið hér á þinginu. Þetta með fjárhaginn verð eg því að eins að álíta að sé einber hégómi og fyrirsláttur til þess að koma bannlögunum fyrir kattarnef og eg lít svo á, að það sé bein móðgun við þingið að ætlast til þess, að það fari nú að eta það ofan í sig, sem það gerði seinast. Eg vil því vona, að frumvarp þetta verði felt nú þegar, til þess að það tefji ekki fyrir þinginu, sem nóg hefir að gera við þann litla tíma, sem eftir er.

Jón Þorkelsson: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er sprottið af því hugsunarlausasta ákafamáli, sem nokkru sinni hefir verið borið fram hér á þinginu. Bannlagafrumvarpið, sem samþykt var á síðasta þingi, var eitt hið versta frumvarp að öllum frágangi, sem fyrir þingið hefir komið. Það var borið fram af því, að svo vildi til við alþjóðaratkvæðagreiðslu 1908, að nokkrir fleiri menn vildu, að bannlög yrðu samþykt, án þess þó að þau lægu í nokkru formi fyrir þjóðinni, sem hún gæti dæmt um, hversu heppilegt væri eða ekki. Það var svo með mig, eins og líka fleiri, að mér þótti undirbúningur málsins nokkuð hvatvíslegur og vildi eg því að þetta mál, sem meira var komið fram af tilfinningum en vitsmunum, yrði borið undir þjóðina aftur í því formi, sem það fékk hér á þinginu. Lögunum var talsvert ábótavant, eins og þau fóru héðan, en höfðu þó verið löguð svo í meðferðinni, bæði af mér og fleirum, að þau urðu þó að lyktum nokkurn veginn skapleg um sumt. Þó stendur þar eftir margt talsvert eftirminnilegt, sem nálgast vist nokkuð stjórnarskrárbrot. Nú eru þessi lög komin á, og á Björn Jónsson fyrv. ráðherra allan heiðurinn fyrir það skilinn. Hann fékk því til leiðar komið, að þau náðu staðfestingu, þó að auðvitað væri talsvert vandhæfi á að koma því fram. Jafnframt skal það Goodtemplurum til lítils heiðurs sagt, hversu þeir hafa þakkað honum dugnað hans í því. Þeir hafa í því eins og mörgu öðru, komið fram jafn blindir og hugsunarlausir og svo merkilega ræktarlausir, að það mun verða ógleymanlegur minnisvarði yfir þeim. Engin blöð hafa ráðist jafn lúalega á þann mann, sem vann þetta stórvirki fyrir þá, og einmitt blöð Goodtemplara. Þetta vil eg að sjáist í þingtíðindunum þeim til maklegs sannmælis, því að verður er verkamaðurinn launanna.

Það hefir verið tekið fram, að þetta frumvarp sé komið frá bannmanni, ekki í þeim tilgangi að hindra að nokkru leyti framgang bannmálsins, heldur vegna fjárhags landssjóðs. Menn greinir nú mjög á um, hvernig hann sé, en það verð eg að kannast við að kraftur bannlaganna, þegar þau koma til framkvæmda, er að engu leyti skertur með þessu frumvarpi. Annað mál er það, nð Goodtemplarar hafa hér komið jafn ófyrirleitnislega fram og þeim er lagið. Þeir segja, að það sé óheyrileg óhæfa af bannmönnum, að samþykkja þetta frumvarp, með því greiði þeir nú atkvæði ofan í sjálfa sig. Þó að eg nú greiddi atkvæði með frumvarpinu, þá tek eg það skýrt fram, að eg kannast alls ekki við, að eg greiði þarmeð atkvæði ofan í sjálfan mig. Eg segi ekki að eg greiði atkvæði með frumv., eða hvernig eg greiði atkvæði. Það sést á sínum tíma og engan varðar um það þangað til. Eg hefi fengið nógar áskoranir, bæði til þess að vera með frumv. og móti og þær hafa af hendi sumra Goodtemplara verið svo ósvífnar, að þótt

eg hafi verið með banninu seinast og sé því frá vissu sjónarmiði hlyntur, þá væri mér næst skapi að greiða nú atkvæði á mót bannlögunum, vegna ósvifni og hótana Goodtemplara. Ef eg nú greiði atkvæði á móti þessu frumvarpi, þá lýsi eg því yfir, að eg geri það mér mjög um geð, sökum framkomu Goodtemplara. Ef þeirra orð hefðu haft nokkur áhrif á mig, þá hefði það verið til þess að fylgja þessu frumvarpi. Verði það samþykt, þá kysi eg helzt, að aftan við frumvarpið yrði bætt því ákvæði, að málið skyldi lagt undir alla kjósendur landsins við kosningarnar í haust, hvort lögunum skuli fresta eða ekki.

Björn Þorláksson: Eg vildi fyrst leyfa mér að minnast á, hvers vegna frumvarp þetta er komið fram. Það er látið svo að það vanti fé í landssjóðinn því er slegið fyrir og því sé hér ráð fundið til að bæta úr þeim vandræðum. Setjum þá svo, að landssjóð vantaði fé og því yrði að grípa til þeirra ráða, að fresta aðflutningsbanni á áfengi, þá vil eg spyrja, hvað þetta frumvarp mundi gefa mikið fram yfir áætlaðan toll 1913 og 1914. Eg hygg að þessi frestun, er frumvarpið fer fram á, muni ekki gefa mikið yfir 100 þús. kr. tekjur. En ef svo er, er það þá gild ástæða til þess að grípa til þeirra örþrifráða að fresta bannlögunum? 100 þús. kr. er ekki mikið fé fyrir landssjóð og því hægt að útvega honum þessa upphæð með mörgu öðru móti. Þingið hefir til meðferðar frumvarp um litla hækkun á sykur- og kaffitollinum. Ef frumvarpið næði fram að ganga, sem eg vona, mundi það auka tekjur landssjóðs um 50 þús. kr. Sömuleiðis hefir nú legið fyrir þinginu frumvarp um farmgjald, sem mundi, ef það yrði að lögum auka tekjurnar um 360 þús. kr. og þá eru enn 3 tollaukafrumvörp, upphaflega frá stjórninni, sem munn gefa 70 þús. kr. tekjuauka um fjárhagstímabilið. Þetta yrði til samans hátt á 500. þús. kr. og hver sem tekjuhallinn yrði, þá mundi fé það, sem frestunin hefði í för með sér, ekki bæta hann. Hver er þá þörf á þessari frestun, þegar hún gefur ekki nema tiltölulega lítinn tekjuauka, og auk þess mætti fá svona lítinn tekjuauka á margan annan hátt? Hvaða ástæða er þá til þess, að reyna að fresta bannlögunum?

Þessu er fljótsvarað. Ástæðan er engin. Eg get ekki hugsað mér nein skynsamleg og um leið sönn og rétt svör frá þeim hv. þm., sem berjast fyrir frestuninni. En ef þessir háttv. þm. vildu svara rétt og satt, ættu þeir að svara einhvern veginn á þessa leið: »Við viljum ekki hafa neinar tekjur í landssjóð, það sýndum við á þinginu 1909, þegar við greiddum atkvæði gegn farmgjaldsfrumvarpinu af þeirri ástæðu, að jafnt farmgjald væri sett á hver 100 pund, 25 a., án tillits til verðmætis. Og þetta sýnum við enn; nú höfum við greitt atkvæði gegn öðru farmgjaldsfrumvarpi, og fundið því það mest til foráttu, að það legði mishátt gjald á hver 100 pund. Tekjuhallinn má verða svo mikill sem vera vill, við erum menn til að laga það á sínum tíma. En við hreyfum ekki legg né lið, réttum jafnvel ekki út litla fingurinn til að bæta fjárhag landsins, fyr en þjóðin hefir fengið okkur stjórntaumana og völdin eru komin alveg í okkar hendur«.

Eg hygg, að þetta gefi rétta mynd af þeim mönnum, sem hafa svo fögur orð um heill þjóðarinnar, en sýna alt annað í verkinu.

Á síðasta þingi mátti heyra raddir um, að ef bannlögin yrðu samþykt og kæmust í framkvæmd, mundi það setja skrælingjastimpil á þjóðina í augum útlendinga. Þessu var spáð. En hvernig

rættist þessi spádómur? Þegar bannlögin komu út og náðu staðfestingu konungs, vakti það mikla eftirtekt í umheiminum meðal bindindisvina og bannlagasinnaðra manna, bæði víðsvegar á Norðurlöndum, í Englandi og í Vesturheimi, eða meðal þeirra þjóða, er fremstar standa í siðmenningu. Það spor, sem Íslendingar stigu með bannlögunum, var talið þeim til mikils sóma. Jafnvel konungur vor fékk hamingju- og heillaóskir langt að, fyrir það að hafa fyrstur allra þjóðhöfðingja skrifað undir aðflutningsbannslög. Og því fór svo fjærri, að nokkurt orð heyrðist út af bannlögunum erlendis um það, að hér hlyti að búa skrælingjaþjóð, að tilorðning bannlaganna var talinn ótvíræður vottur um, að við værum siðuð og mentuð þjóð.

Spádómarnir áðurnefndu reyndust þá markleysa. En nú er gerð tilraun til þess að setja á okkur skrælingjastimpil, mark hringlandaskapar, eins og við vitum ekki, hvað sé okkur til gagns og ógagns, sæmdar eða vansæmdar. Það er nú verið að gera tilraun til þess að við þingmennirnir, sem samþyktum þessi lög í hitt eð fyrra, ónýtum þau nú, að við etum ofan í okkur það sem við gerðum þá, að við berum út á hjarnið okkar andlega fóstur, okkar 2 ára gamla barn. Það er núna verið að gera sömu háðungartilraunina, sem gerð var hér í deildinni fyrir fáum dögum, þegar þingdeildin átti eftir tillögu 2 háttv. þingmanna að neita aftur um styrk til Good-Templara reglunnar, sem búið var að veita fyrir fáum dögum. En í ólíkt stærri stíl nú en þá.

Það er hvorttveggja, að alþingi nýtur nú að minni hyggju ekki neinnar framúrskarandi virðingar hjá landsmönnum, enda er ekki mikið gert af sumum þingmönnum til að halda uppi heiðri þess og sóma. En eg vona, að um þessa tilraun til að hnekkja virðingu okkar fari sem hina fyrnefndu, að hún verði feld, feld með miklum atkvæðafjölda. Eg get ekki skilið, hvernig nokkrir menn með viti geti hugsað sér, að menn með heilbrigðri skynsemi og sæmilega næmri sómatilfinningu greiði nú atkvæði þveröfugt við það sem þeir gerðu fyrir 2 árum, að sömu þingmennirnir, sem þá sömdu og samþyktu bannlögin, felli þau nú.

Eg segi af ásettu ráði *felli* þau nú. Hér er að vísu að eins talað um frest. Og til að réttlæta hann er hrófað upp ýmsum rökum, er hrynja jafnskjótt sem við þeim er snert. Því er slegið fyrir, að tekjur vanti í landssjóð, og að eina ráðið til að bæta úr vandræðunum sé það, að fresta bannlögunum. Hinn upphaflegi flutningsmaður þessa frestunarfrumv. í efri deild hélt langa og snjalla ræðu út af því, að hér væri alt á hvínandi hausnum, menn væru að sökkva í botnlausar skuldir, alt gjaldþol að hverfa. Í öllum þessum vanda það eina úrræðið, að fresta bannlögunum, og leyfa innflutning áfengis 3 næstu árin, svo allir gætu selt og veitt og drukkið nægju sína. Já, þarna var fundið ráðið til að koma okkur úr kútnum og efla velmegun og gjaldþol í landinu.

Eg segi aftur að hér sé verið að gera tilraun til að fella bannlögin. Frestur er á illu beztur, segir máltækið. Andbanningar hér á þingi og landi þekkja þetta. Eg þykist vita til hvers refirnir eru skornir. Tilgangurinn með frestuninni er að fá lögin úr sögunni. Eg geri ekki mun á 1, 2 eða 3 ára frestun. Menn vita vel, að ekki er til neins að koma nú með frumv. um að nema lögin úr gildi. En þeim er auðvitað nóg að fá þeim frestað til þess að nema þau úr gildi á næsta þingi, ef þeir hafa bol-

magn til þess þá. Eg hygg, að ekki sé hægt fyrir andbanninga að bera á móti þessu. Það er gagnslaust að halda því fram, að fjárhagslegar ástæður séu fyrir þessu frumv. Slíkt er algerð fjarstæða. Það liggur í augum uppi til hvers allur þessi gauragangur er. Spakur maður hefir sagt, að orðin væru til þess að dylja hugsanirnar. Óvinum bannlaganna hefir þó ekki tekist að dylja hugsanir sínar nú, því bæði eg og aðrir sjá mjög vel, hvað vakir fyrir þeim í þessu máli. Við sjáum í spilin hjá þeim. Þjóðin sér það, og mun á sínum tíma sýna, að hún hefir séð og skilið tilgang þeirra, þann tilgang, að koma lögunum fyrir kattarnef.

Margar orsakir geta verið til þess, að menn keppi að þessu marki. Eg ætla ekki að telja þær orsakir upp. En ekki get eg stilt mig um að minnast á 2 þeirra, sem sjaldan er að vísu minst á, en eg hygg að talsvert séu þungar á metunum hjá sumum andbanningum.

Eg drep þá stuttlega á þær.

Íslendingar mega ekki verða of sjálfstæðir. Þá er svo hætt við, að þeir láti sér ekki nægja fyr en þeir verða fullvalda þjóð, fær til að ráða sínum eigin málum að öllu leyti. Þá er svo hætt við, að þeir kunni að slíta af sér tjóðurbandið. En nú er vitanlega ekkert, sem getur stutt jafnvel að því að gera Íslendinga andlega og efnalega sjálfstæða menn sem það, að bygt verði út úr landinu allri áfengisnautn, og um leið þeirri margvíslegu bölvun, sem henni er samfara.

Íslendingar mega ekki vekja of mikla athygli hjá erlendum þjóðum. Aðrar þjóðir mega ekki vita of mikið um Íslendinga. Héðan má ekki berast of mikið frægðarorð. Það má ekki koma fyrir, að veslings Ísland, fámenna og fátæka landið, vinni sér til ágætis, afli sér heiðurs fyrir augum stórþjóðanna. Það gæti þá farið svo, að einhver þeirra vaknaði til þess að leggja lítilmagnanum liðsyrði í sjálfstæðisbaráttunni.

Eg vil minnast á fleira.

Af því Ísland hefir til þessa komist lengst af öllum þjóðum með það mál, sem einnig er efst á dagskrá hjá fjöldamörgum mentaþjóðum, og af því íslenzka þjóðin er sú eina þjóð, sem eignast hefir aðflutningsbannslög, sem með næsta ári eiga að komast til framkvæmdar, þá horfa bannlagamenn um allan heim með mikilli eftirvæntingu til okkar. Við höfum hér orðið á undan öllum öðrum þjóðum með það mál, sem teljast verður eitt af allra stærstu málum heimsins. Hingað er horft með athygli úr víðri veröld. Hvað verður úr þessu máli, sem hefir alheims þýðingu, hvað verður úr því hjá þessari fámennu, einkennilegu þjóð yzt í úthafinu? Svona er spurt víðsvegar með óþreyju. Miljónirnar úti í heiminum finna, skilja og vita, að barátta sú, sem við fátæklingarnir og fámenningarnir hér erum að berjast, hefir afarmikla þýðingu fyrir allan heiminn. Það er bersýnilegt og ótalmörgum vitanlegt, að geti bannlögin ekki þrifist á Íslandi, sem er svo afskekt land og hefir í þessu efni betri afstöðu en flest önnur lönd, þá geta þau ekki þrifist og blessast annarstaðar. Við Íslendingar erum að gera tilraun, sem ef hún tekst okkur vel, mun hafa mikla blessun í för með sér fyrir allar þjóðir heimsins. Ef bannlögin gefast hér vel, munu stórþjóðirnar hver á fætur annari koma á eftir. Dæmi okkar fáu þúsunda verður þá fögur fyrirmynd til eftirbreytni fyrir miljónirnar mörgu víðsvegar meðal menta- og menningarþjóðanna.

Hér er því um þjóðarmetnað að ræða; okkar þjóð hefir aldrei fengið æðra og veglegra starf að vinna, og eg efast um, að henni bjóðist nokkru sinni jafn-

göfugt og háleitt starf að vinna og hún hefir fengið nú, með því að varðveita bannlögin. Sæmd hennar og virðing er undir því komin, að varðveita þessi lög, með því að sjá um, að þau komi þegar til framkvæmda, eins og í fyrstu var ákveðið. Frá því má alls ekki víkja. Allur frestur væri óþolandi, hversu lítill sem hann væri. Þessa bið eg góða menn að minnast, og minnast þess einnig, að hver tilraun til þess að fá lögunum eða framkvæmd þeirra frestað, er um leið tilraun til þess að fella lögin algerlega; en yrði það, mundi þjóðin okkar bíða óbætanlega skömm og óbætanlegan skaða. Og gerum því ráð fyrir því versta; setjum nú svo, að bannlögin gæfust hér illa, og að sú raun yrði á með tímanum, að þau ættu hér ekki við, þá ættum við auðvitað að afnema þau, þegar nóg reynsla væri fengin, en fyr ekki. En þó svo færi, þá hefðum vér Íslendingar sæmd af því að hafa gert þessa tilraun í máli, sem varðar alheiminn svo miklu, svo það er jafnvel líka þá um þjóðarmetnað að ræða, að halda fast við þessa fyrirhuguðu tilraun. Þóttt tilraunin gæfist illa, hlyti þjóðin að hljóta sæmd og hrós hjá erlendum þjóðum fyrir það, að hafa árætt þetta, og fyrir það, að hafa haft þrek og þol til þess að halda því nægilega lengi áfram, þangað til full sönnun væri fengin fyrir því, hvort það ætti við eða ekki.

Hvernig sem á þetta mál er litið, fæ eg ekki betur séð, en að allir þeir, sem í raun og veru er ant um sæmd og heiður Íslands og íslenzku þjóðarinnar, verði að telja sér skylt að fella þetta frumv. nú þegar, kveða nú niður þennan draug, hvort sem hann hefir verið vakinn upp af fávizku og fullu skilningsleysi á málinu, eða af öðrum hvötum. Eg vona að við allir, sem hér í deildinni fyrir tveim árum samþyktum bannlögin, greiðum nú einum rómi atkvæði móti frestun þeirri, sem hér er farið fram á, fellum málið bæði frá nefnd og annari umræðu, kveðum drauginn niður fyrir fult og alt. Málið er svo augljóst, að það er engin ástæða til að setja það í nefnd. Það er einungis til þess að tefja tíma, að vera að setja nefnd í það. Þetta mál er leiðindamál, það liggur sem þung martröð á mörgum góðum dreng. Það á að falla strax nú í kvöld eða á næstu stundu.

Enginn vafi er á því, að meiri hluti þjóðarinnar telur oss skylt, að standa hér sem einn veggur, að standa eins og klettur, gegn þeirri ósvífnu, háðungarfullu tilraun, sem verið er að gera, til þess að hnekkja sæmd og virðingu þjóðarinnar og til þess að baka okkur sjálfum skömm og skaða. *(Forseti* (hringir): Þetta eru ofhörð orð). Satt er það, að orðin eru hörð. En þau eru sönn. Og sönnustu orðin eru hörðustu orðin, en nú eru þau sögð, og komin til skrifaranna, og munu standa í þingtíðindunum á sínum tíma, auðvitað á minni ábyrgð.

En jafnvel fleiri, miklu fleiri en meginþorri íslenzkra kjósenda, ætlast til þess og væntir þessa sama. Jafnvel miljónir meðal siðmenningarþjóða heimsins, beztu mennirnir margir, og þeir sem framarlega standa í sannri mentun og sönnu siðgæði, þeir mundu óska þessa, ef þeir vissu, hvað til stæði hér í dag. Eg fyrir mitt leyti skal gera skyldu mína, og það munum við allir gera, sem skiljum þýðingu bannlagamálsins, og þekkjum skyldu vora sem þingmenn alþingis Íslendinga.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki blanda mér í bannlagaþrætuna. Eg álít það sé óþarfi nú. Þetta frumvarp, sem hér er á ferðinni, er fjárhagsmál, og á því ekki að snerta spurninguna um bann

eða ekki bann á víni, nema í svip og af fjárhagslegum ástæðum. Það er alkunnugt, að háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) er ekki sjálfrátt, þegar um bannmálið er að ræða, og er þessi frekjuræða, sem hann hélt nú, ljós vottur þess.

Annað, sem ber vott um það, að honum er ekki sjálfrátt í þessu máli, er, að hann, skynsamur, gætinn og samvizkusamur í öðrum efnum, heldur fram bersýnilega rangri ásetlun á víntollinum á fjárlagafrumv. til þess að síður þurfi til bannfrestunar að koma af fjárhagsástæðum. Það, sem hér liggur fyrir nú, er að svo komnu ekki það, hvort endilega skuli fresta bannlögunum, heldur um það, hvort taka skuli frumv. til ihugunar og skjóta því til nefndar, sem áður hefir verið kosin í samskonar mál, eða fella það. Háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) vildi ekki einu sinni láta setja málið í nefnd, heldur fella það strax. En máske tíminn leiði í ljós einhverjar nýjar fjárhagsleiðir, svo það verði alveg óþarfi að samþykkja þetta frumv. Frumv. sjálft er að vísu ekki svo margbrotið, að það sé ástæða til þess að setja það í nefnd, af þeirri ástæðu. En það er af því, að þeir menn, sem frestinn vilja, eru ekki á eitt sáttir um, hvað fresturinn eigi að vera langur. Sumum finst það óþarfi, að hafa hann nema eitt ár. Aftur eru aðrir, sem vilja fresta bannlögunum 2 ár og enn nokkrir samþ. frumv. óbreytt. Þarna eru þrjár leiðir til þess að bæta fjárhaginn með bannfrestun í einhverri mynd. Eg vona því, að málið verði sett í nefnd. Það er ókurteisi gagnvart Ed., að fella mál, sem kemur þaðan, án þess að setja það í nefnd, eða íhuga það lengur en við eina umræðu. Og hér er of alvarlegt fjárhagsatriði til þess að kasta því viðstöðulaust.

Eggert Pálsson: Eg átti ekki von á því, að miklar umræður mundu verða um þetta mál nú. Eg taldi víst, að það mundi umræðulítið verða sett í nefnd, svo sem venja er til með flest mál, jafnvel þótt smámál séu, hvað þá heldur, þegar um stórmál er að ræða, svo sem þetta mun að flestra áliti talið. Eg bjóst við, að háttv. meiri hluta mundi þykja flutningsmaðnr þessa frumv. þess verður og það sjálft svo mikils vert, að það ætti það skilið, að nefnd væri sett í það. En eftir því sem vindurinn blæs hér í deildinni í dag, þá virðist mér sem svo geti farið, að málið verði felt, bæði frá nefnd og 2. umr. Þessvegna vildi eg leyfa mér að gera á þessu stigi málsins, grein fyrir atkvæði mínu, og hversvegna eg mun greiða atkvæði með því að frv. gangi til 2. umr.

Eg mun greiða atkv. með því, að frv. gangi til 2. umr. í von um, að þá verði hægt að koma með brtill. við það, sem geri það aðgengilegt frá mínu sjónarmiði. Eg vildi taka það fram nú þegar, því annars hefði mátt misskilja atkvæðagreiðslu mína, ef hún hefði umræðulaust af minni hálfu gengið fyrir sig.

Annars stórfurðar mig á því, að mál þetta skuli hafa fengið svo æstar og ofsafengnar viðtökur hér í deildinni, sem raun er á orðin. Það geta þó allir, sem nokkurnveginn heilskygnir eru, séð, að það hljóta að hafa verið miklar og knýjandi ástæður, sem flutnm. þessa máls, sem sjálfur er bannmaður, hefir haft til að koma fram með það, enda þótt hann sjálfur hefði ekki nefnt þær á nafn. Þær ástæður eru vitanlega fyrirsjáanleg fjárþröng landssjóðs og ekkert annað. Eg var, eins og kunnugt er, ekki að eins með bannlögunum á síðasta þingi, heldur líka einn af flutningsmönnum þeirra. En eg var það í þeirri óruggu von og vissu, að stjórnin mundi eitthvað gera, til þess að sjá um, að landssjóði bættist sá mikli tekjumissir, sem hann hlaut að verða fyrir, þegar bannlögin kæmu til framkvæmda. En sú von hefir

algerlega brugðist svo gersamlega, að í þeim sökum mundi stjórn andvíg bannlögunum eigi hafa reynst aðgerðarminni en hin fráfarna stjórn. Hún á því sök á því, hvernig hag landssjóðs er komið, eða réttara sagt verður komið, í lok næsta fjárhagstímabils, ef alt er látið reka á reiðanum. Og sé nú þeirri sömu stefnu fylgt af þinginu, ef vér skiljum við fjárhag landsins í fullkominni óreiðu á þessu þingi, þá gerumst vér samsekir hinni fráförnu stjórn, og þá leiðir það að minni hyggju til þess, að skuldinni verður skelt á bannlögin sjálf, og skapar þeim þannig fyrir fram óvinsældir hjá þjóðinni. En frá því vildi eg fyrir mitt leyti forða, ef hægt væri, einmitt af því að eg er einlægur bannlagavinur.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) hélt því fram, að það væri móðgun gegn þinginu, að koma nú fram með þannig lagað frv., sem færi þvert ofan í það, sem síðasta þing samþykti. En þess ber að gæta, að ástæður eru nú allar aðrar fyrir hendi, en þá voru, svo það lýsti engum hringlandaskap, þótt þetta frumv. yrði samþykt nú. En hvað sem því líður, þá fara slík ummæli sérstaklega illa í munni háttv. þm. Barð. (B. J.), ekki aðeins með tilliti til þess, að hann sem fráfarandi ráðherra á sökina á því, að ekki hefir verið hugsað um að bæta landssjóði tekjumissinn við brottfall vínfangatollsins, heldur einnig með tilliti til framkomu hans sjálfs á þessu þingi, í öðru máli, samanborið við framkomu hans í sama máli á síðasta þingi, því eins og kunnugt er, barðist hann þá með hnúum og hnefum á móti því, að Danir fengju nokkuð af botnvörpusektunum. En nú aftur á móti hefir hann stutt það með atkvæði sínu, svo að segja gegn um þykt og þunt, og sennilega á allan hátt, sem hann hefir orkað. Óefað hefði hann kallað þetta hringlandaskap hjá öðrum. En því nafni vil eg alls ekki nefna það, heldur lít eg svo á, að hanu hafi í þessum efnum tekið sönsum, og skal eg sízt telja hann minni mann fyrir það.

Yfir höfuð eru ekki nema tvær leiðir til þess að komast út úr þeim fjárhagsógöngum, sem fyrir hendi eru, ef bannlögunum er ekki eitthvað frestað.

Önnur leiðin er sú, að stoppa allar fjárveitingar til fyrirtækja, sem miða til framfara og nytja landi og lýð. Og þá leið hefir hin fráfarna stjórn sýnilega valið í fjárlagafrumv., sem hún lagði fyrir þingið. Hin leiðin er sú, að vér nú á þessu þingi samþykkjum einhver toll- eða skattalög, hversu óundirbúin og vanhugsuð, sem þau kunna að vera. En hvorug sú leið virðist mér geta talist tiltækileg. Hvor leiðin af þessum tveimur, sem valin væri, mundi skapa óþökk og óvild hjá þjóðinni. Og sú óvild mundi, því miður, að minni ætlun bitna á bannlögunum, en ekki á þeim, sem í raun og veru eiga hana skilið.

En þótt eg af þessum ástæðum geti gengið inn á einhverja frestun á bannlögunum og sjái eftir atvikum nauðsyn á því, þá álít eg, að 1 árs frestur væri nógur tími til þess að lagfæra það, sem lagfæra þarf. Með 1 árs frestun væri hægt að skila sæmilegum fjárlögum í þetta sinn og undirbúa svo skattamálin og tollmálin í millibinganefnd, svo hægt yrði fyrirstöðulítið að fá þau samþykt á næsta þingi. Þá væri alt fengið, sem þarf að fá. Róleg og skynsamleg yfirvegun og réttsýni hlýtur hér sem annarsstaðar að verða affarasælust. Með ofstopa og æsingi ávinst ekkert til lengdar. Ef þjóðin sér, að við bannvinirnir viljum gera alt vort til að hinn fjárhagslegi undirbúningur sé sem beztur, þá munu bannlögin halda áfram að njóta vinsælda hjá þjóðinni og verða henni til þroska og þrifa í stað þess að hið gagnstæða getur orðið til þess að skapa

þeim aldurtila og það máske þegar á næsta þingi, að nýafstöðnum kosningum.

Af þessum ástæðum hallast eg að 1 árs frestun. Og þó svo ólíklega takist til, að málið verði felt frá nefnd, þá mun eg þó greiða atkvæði með því, að frumvarpið gangi til 2. umr., þar eð þá gæfist kostur á að færa það í það horf, sem eg hefi bent á, og álít, að koma mundi að fullum notum, að hafa frestinn að eins eitt ár í stað þriggja.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætlaði ekki að tala í þessu máli í dag. En ræður hinna tveggja bannmanna, sem hafa tekið til máls hér í dag og talað um þetta mál, hafa komið því til leiðar, að eg verð að segja nokkur orð, því eg skammast mín fyrir að standa í hóp með þessum mönnum.

Eg er eldri bannmaður en hvor þessara manna fyrir sig, því eg hefi verið bannmaður í 24 ár og aldrei hvikað frá þeirri stefnu. Eg hafði lengi verið bannmaður, þegar háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) vissi ekki hvað bann var, og það var eg, sem kendi Goodtemplarreglunni og honum það. En mér þykir vansi að standa í hóp þeirra manna, sem ekki kunna að haga orðum sínum öðru vísi en móðursjúkar konur.

En eg er bannmaður af alt öðrum ástæðum en þeir, sem mest hafa um þetta gasprað. Eg heyrði ástæður þeirra í þinginu 1909, en var þeim nær öllum ósamþykkur, en þó var eg með bannlögunum. Þeir, sem segja, að eg sé ekki með bannlögunum nú, þeir fara með ósatt mál. En eg er ekki með bannlögunum af því að eg álíti, að vínið sé eitur eða ólyfjan, sem ekki megi hafa um hönd, því þá hefði Jesús frá Nazaret ekki breytt vatni í vín í Kana. Ég álít vínið saklaust og góða guðsgjöf, mönnum bæði til gleði og hollustu — *sé rétt með það farið*. Eg á hér einkanlega við *vín*, en ekki spíritus. En eg er bannmaður, af því það eina ráð, sem bezt hefði verið sæmandi móti víninu, hefir ekki getað lærst mönnum. Menn hafa ekki enn lært að nota vínið rétt. Hvaða landi hefir tekist að firra þjóðina því böli, sem af víninu leiðir? Eg játa það, að æskilegast væri að geta upp alið mannkynið svo, að það gæti neytt víns án þess að misbrúka það. En mannkynið hefir haft þúsundir ára, frá Nóa dögum til þessa dags, til að læra þetta. En það hefir ekki tekist enn. Tjónið af misbrúkun víns, í manndauða, heilsuspilli, jafnvel í ættir fram, siðspilling, þrekveiklun og glæpir (ekki að tala um vinnutjón — beint peningatjón), þetta er svo gífurlegt, að það hlýtur að vaxa samvizkusömum mönnum í augum. Og þegar bölið, sem af víninu leiðir, er meira en gagnið, þá verður hér sem í öllu öðru, að leggja á metin tjón og ávinning. Eg veit, að bannið hefir líka tjón í för með sér á fleiri en einn veg; en þar til er eg sé af reynslunni, að það tjón jafnist á við tjónið af áfenginu — *þangað til* verð eg bannmaður. En þegar okkur er borið það á brýn, sem erum með þessu frumvarpi, sem hér liggur fyrir, að ef við samþykkjum það, þá séum við að svíkja ættjörðina, þá dettur mér í hug orð, sem ekki má segja hér, af því það er ekki þinglegt orð. En sá þm., sem eins og háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) dróttar þessu að þingmönnum, hann hefði aldrei átt á þing að koma og kemur vonandi þangað aldrei aftur.

Háttv. ræðumaður sagðist halda, að þetta þing mundi ekki njóta virðingar hjá þjóðinni. Það er meiri hluta maður, sem þetta segir, og er það harður sjálfsdómur. Hann sagði, að refarnir væru til þess skornir að fá bannlögin úr sögunni. Þetta segir hann að eins til að sverta okkur, sem erum miklu betri og heiðarlegri bannmenn en hann.

Hann sagði, að við vildum ófrægja landið okkar og vildum ekki að Íslendingar geti sér frægðarorð. Eg skil ekki að eg eftir þessi orð skuli sjá hann hér rétt hjá mér. Eg hefði búist við, að hann mundi hverfa niður i jörðina af blygðun — ef hann kynni að blygðast sín.

Hann sagðist gera ráð fyrir, að lögin gætu reynst illa, en taldi þau þó sæmð fyrir þjóðina. Ef eg hefði haft þá trú, eins og hann, að þau reyndust illa, þá mundi eg ekki hafa greitt þeim atkv.

Hann kallaði viðleitni okkar ósvifna tilraun til að fyrirkoma sæmd hinnar íslenzku þjóðar, og kvað okkur ganga ilt eitt til. Sá maður, sem svo talar, er háðung hverju þingi, alls óverður að sitja á þingi. Eg ímynda mér, að þetta mál fái að fara í nefnd, enda er það tíu sinnum betra mál en lögin um frest á tollgreiðslu, þau geta ekki bætt fjárhaginn. Við, sem viljum greiða úr vandræðunum, erum vissulega betri bannmenn heldur en þeir, sem ekki vilja gera neitt til að bæta þann missi, sem af bannlögunum leiðir. Því að það skal sannast, að aðferð manna eins og þm. Sfjk. (B. Þ.) mun reynast bannlagastefnunni til tjóns, en ekki gagns, til lengdar.

Skúli Thoroddsen: Það eru orð hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sem knýja mig til að taka til máls. Hann sagði, að það væri meiri hluti þingsins, sjálfstæðisflokkurinn, sem réði hér á þinginu og bæri ábyrgð á virðingu þingsins meðal þjóðarinnar. Þeim ummælum vil eg leyfa mér að mótmæla. Það er satt, að sjálfstæðisflokkurinn hefir ráðið og ræður enn i þessari deild, en alls ekki í efri deild, því að þegar í þingbyrjun gerði einn þjóðkjörinna þingmanna í þeirri deild samband við minnihlutann, nefnilega núverandi ráðherra. Konungkjörna liðið og þessi eini maður, sem því hefir altaf fylgt, hefir þess vegna ráðið lögum og lofum í hv. Ed. og því bæði getað eyðilagt og hefir eyðilagt fjöldann af þeim nytsemdarlögum, sem hér hafa verið samþykt og sjálfstæðisflokkurinn hefir haft á »prógrammi« sínu, bæði til þess að ráða fram úr fjárhagnum og öðrum málum. Eg vil að þetta komi fram, svo að það sjáist, að það er ekki fremur sjálfstæðisflokkurinn, sem ber ábyrgðina en minni hlutinn. Hvað þetta mál snertir, sem nú liggur fyrir, þá verð eg að vera á móti því, að það nái fram að ganga.

Hér er á ferðinni í þinginu frumv. til laga um tollfrestun, sem mundi gefa af sér um 70 þús. kr. tekjuauka, og auk þess frumv. um farmgjald, sem gefa mundi af sér 180 þús kr. árlegar tekjur eða 360 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið. Enn er þess að gæta, að aukaþing er í nánd, og mætti þá bæta úr því sem bresta kynni. Sjálfstæðisflokkurinn hefir gert sitt til þess að bæta úr fjárhagnum og honum yrði fullkomlega borgið, ef tillögur þess flokks næðu fram að ganga. En verði ekki bætt úr fjárhaginum, þá hvílir ábyrgðin á minni hlutanum, ef hann fellir farmgjaldið í efri deild.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir einkasölu á steinolíu, tóbaki og fleiri vörutegundum og mun það afla landssjóði talsverðra tekna, ef það nær fram að ganga. Það virðist því ónauðsynlegt að vera að grípa til þeirra örþrifráða, að vera að fresta framkvæmd bannlaganna, sem samþykt voru samkvæmt ósk mikils meiri hluta þjóðarinnar á seinasta þingi. Það er líka hætt við, ef byrjað er á slíku, að það skapi vont fordæmi, menn hugsi sem svo, að fyrst lögunum hafi einu sinni verið frestað, þá megi — alt fjárhagsins vegna — gera það ennþá. Þannig gæti þessi byrjun orðið málinu að fjörtjóni.

Líka er þess að gæta, að hjá því verður ekki komist, að næsta þing taki fjármálin til rækilegrar íhugunar, því að við vitum, að árlega kemur til þingsins urmull af bænarskrám, sem fjárlaganefnd verður að kasta frá sér. Við þurfum að gera ráð fyrir auknum útgjöldum, bæði til að geta mætt vaxandi kröfum og til að geta lagt fyrir í viðlagasjóð. Við þurfum því að auka tekjurnar að mun, að minsta kosti um 4—500 þús. kr., svo að við sem góðir búmenn getum lagt fyrir í fastan viðlagasjóð. Það mundi afla oss lánstrausts út á við. Líka vakir fyrir mér, að við öflum sveita- og bæjafélögum sem mestra óbeinna tekna, því hin sívaxandi beinu útgjöld koma eins og kunnugt er mjög tilfinnanlega niður. Þetta verður alt að athugast og vonandi verður því, eins og eg tók fram, ráðið til lykta á næstu þingum. En hvað þetta fjárhagstímabil snertir, þá álít eg að okkur verði fullborgið, ef tillögur okkar sjálfstæðismanna ná fram að ganga, þó ekki verði gripið til þessa ráðs, sem frv. fer fram á.

Eg vil enn gera þá athugasemd, að eg mun greiða atkvæði á móti nefnd í málinu og einnig því, að það gangi til 2. umr. Mér dylst ekki, að frestun getur leitt í þá átt, að ekkert verði úr lögunum og að því vil eg fyrir mitt leyti ekki stuðla.

Hálfdan Guðjónsson: Það tala ýmsir um það, að þessu frv. sé ekki ætlaður langur aldur og eg óska að það sé sem skemst að veltast fyrir hér í deildinni. Eg skal ekki neita því, að mér kom á óvart, þegar þetta frv. kom fram. Mér hefði naumast dottið í hug, að nokkur hefði áræði til að koma fram með slíkt frumv. á þessu þingi, en hitt þó enn ólíklegra, að það skuli koma frá bannmanni, manni, sem á síðasta þingi var stuðningsmaður bannlaganna. Hitt hefði verið eðlilegra, að það hefði komið frá andbanningi. Sum lög eru þess eðlis, að þau þurfa breytinga við. Við reynsluna koma fram annmarkar eða breyttar kringumstæður. En það getur ekki átt við þessi lög. Þau hafa ekki getað sýnt það ennþá, hvort þau munu reynast vel eða illa; auk þess eru þau þess eðlis, að það þarf langan tíma til að hið rétta gildi þeirra komi í ljós. Að bera fram frumv. nú þegar um það að fresta þessum lögum er ekki annað en samþykki á því, að það hafi verið unnið hið mesta glappaskot með því að samþykkja lögin. Ástæður fyrir þessu lagafrumvarpi munu fleiri en þær, sem hafðar eru í hámæli. Af þeim er sú hin eina, sem fram er borin nokkurs virði, að fjárhagur landssjóðs sé svo bágur, að hann þoli ekki tekjumissinn. Eg skal ekki bera á móti því, að landssjóður þurfi tekjuauka, en eg finn enga aðferð óheppilegri til fjárauka en þá, að káka við bannlögin. Alt má of dýru verði kaupa, eins tekjur landssjóðs sem annað. Eg lít svo á, að það séu einkennileg bjargráð, að láta þjóðina eyða, til þess að landssjóður fái þar skerf af, eyða krónum saman til þess að aurar safnist í landssjóðinn. Hygg eg það til engrar blessunar, enda er fleira en féð, sem í veði er, þegar áfengið er annars vegar, bæði heilsa, siðgæði og mannslíf. Nú á að drekka til þess að bæta fjárhag landsins, það er þetta, sem þeir vilja styðja fylgismeun frumv. þessa. Það er ekki óheyrt, að einstaklingarnir grípa til þeirra örþrifráða, að drekkja áhyggjum sínum í víni. Happaráð hefir slíkt aldrei þótt né hamingjudrjúgt. Og það mun ekki heldur reynast þjóðinni svo fremur en einstaklingunum. Hér er sómi þings og þjóðar við bundinn. Það er mikil eftirtekt, sem þessi lög hafa vakið á Íslendingum meðal annara þjóða. Eg las í blaði í vetur og

hefi ekki séð neinar mótbárur á móti því, að útlend félög hafi álitið þau svo mikils verð, að þau hafi viljað sýna virðingu sína á þessu máli með því, að styðja að því með fjárstyrk, að bannlögunum væri haldið við og þessari viðleitni. Mundi því þykja einkennilegt út um heiminn, ef við kvittuðum fyrir þann styrk með þessu frv. og hættum við alt saman þegar í byrjun. Það væri heiðarleg kvittun, sem við gæfum fyrir þeim erlenda styrk, sem okkur er veittur í viðurkenningarskyni, að við værum nú að hætta við alt saman.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) var að tala um einhvern sjúkdóm, sem gripi menn, þegar eitthvað væri minst á bannlögin. Eg get líka talað um sjúkdóm í sambandi við þetta frv. Það er verið að sýkja bannlögin, það er spýtt inn í þau ólyfjan, sem leiðir til uppdráttarsýki og það er harla kynlegt, að þeir menn, sem málinu voru fylgjandi á seinasta þingi, skuli ekki geta skilið það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skal eg leyfa mér að benda á það, að sjálfstæðisflokkurinn var í meiri hluta í þingbyrjun og hafi meðlimum hans fækkað, þá á flokkurinn sjálfur sök á því. Einnig er flokkurinn ennþá í meiri hluta í Nd. og sameinuðu þingi og verður því að bera alla ábyrgðina á virðingu þingsins vegna aðgerða þess meðal þjóðarinnar.

Eg get ekki skilið, hvernig háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) gat séð árás á bannlögin felast í þessu frumv. Hann sagði, að ef við vildum ná í aura, þá væru nógir vegir til þess. En hvar eigum við að taka peningana, meðan hvorki eru til lög um það, eða lagafrv., því að ekki er hægt að neyða okkur til þess að taka við hverri óhæfu, sem fram er flutt.

Háttv. þm. þótti lögunum haggað með þessu frv. *Eg vil nú spyrja bæði hann* og aðra háttv. þm., sem ant er um lögin, hvað mundu þeir segja til þess, ef framkvæmd laganna væri að eins frestað um 2 ár, en lögin gengju öll fullkomlega í gildi 1914? Vegur væri það og bannið kæmist fyr á. Hafa háttv. þm. athugað þetta. Þar sem háttv. þm. mintist á erlendan fjárstyrk, þá gat eg ekki að mér gert að brosa. Háttv. þm. mun þar eiga við fé það, sem fengist hefir hjá Alþjóðastúkunni. En er það erlent fé? Nei, það er að eins lítill hluti af öllum þeim skatti, sem við höfum goldið til Hástúkunnar.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki fallist á röksemdir andmælenda þessa frv., að það sé banatilræði við bannlögin. Það er alger misskilningur og fara því gífuryrði þeirra fyrir ofan garð og neðan. Háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) sagði, að frumvarp þetta væri borið fram til þess, »að allir gætu selt og veitt og drukkið nægju sína« af áfengum drykkjum. En eg vil benda háttv. þm. á það, að þetta geta menn eins vel gert næstu þrjú ár eftir 1911, þó að frv. verði felt. Vínsala er heimiluð jafn lengi fyrir því, svo að »allir geta selt og veitt og drukkið« hvað sem þessu frumvarpi líður. Í því efni verður engin breyting. En frv. fer fram á það, að bætt verði úr verstu meinlokunni, sem seinasta þing setti í bannlögin. Það var tvískinnungurinn, að banna að flytja inn vín eftir 1911, en leyfa mönnum að selja það í landinu til 1915. Eg get ekki skilið í bannmönnum að hafa svo mikið á móti þessu frv., sem einmitt afstýrir hættulegasta galla bannlaganna. Eg hélt, að þeim ætti að vera það mest-

ur áhuginn að nema tviskinnunginn burt, með því að fresta framkvæmd á innflutningsbanninu til 1915, svo að sölubann og aðflutningsbann kæmi í lög samtímis; það mætti eins vera um næstu áramót, eða 1914. — Þessi ákvæði frá seinasta þingi eru ekki til annars, en að gefa mönnum þriggja ára skólatima til þess að æfa sig í því að fara í kring um lögin, svíkja toll og læða víninu í landið og löggjafarvaldið ætti sannarlega ekki að hjálpa til slíks.

Eg hygg því, að rétt sé að samþykkja þetta frv., en á hinn bóginn virðist mér málið svo einfalt, að óþarft sé að setja það í nefnd. Það er nauðsynlegt að vita sem fyrst um afdrif þess, því að frv. stendur í svo nánu sambandi við ýms önnur mál, sem fyrir þinginu liggja og snerta fjárhaginn. Að frv. sé nokkurt svikræði við bannlögin er hin mesta fásinna og fjarstæða. Mér er fullkunnugt um það, að flestir bannfendur óska þess, að bannið komist sem fyrst á og sýni sig, hvernig það reynist.

ATKV.GR.:

Till. að setja nefnd í málið feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen.
	Þorleifur Jónsson.

Því næst var frumv. sjálft felt frá 2. umr. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.	Einar Jónsson,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Ölgerð og ölverzlun.

FRUMVARP til laga um ölgerð og ölverzlun.

Fyrsta umr., 21. apríl (A. 647).

Framsögum. (Ólafur Briem): Frv. þetta mun þykja nokkuð nýstárlegt, og væri ekki furða, þótt hljóð heyrðist úr horni til þess að andmæla því. Með frv. er lagt út á nýja braut, þar sem það fer fram á einokun. Að vísu er einokun ekki óþekt hér, en þetta nafn mun ekki láta vel í eyrum, því það minnir svo mikið á gömlu einokunarverzlunina. Þar með er þó ekki sagt, að stefnan sé ekki réttmæt í sjálfu sér, því að það er svo mikið komið undir fyrirkomulaginu og framkvæmdunum, að það sem reynist vel í einu, reynist ekki vel í öðru. Nú sem stendur er hér á landi einokun á lyfjaverzlun. Sömuleiðis er að nokkru leyti einokun á póstmálum og símamálum. Að því er sérstaklega snertir símamál, virðist sú stefna vera ríkjandi, að landið eitt eigi að hafa þau með höndum. Þessu til sönnunar skal eg benda á það, að

ýms símakerfi, sem áður hafa verið eign einstakra manna eða bæjarfélaga, eru nú orðin eign landsins. Og liggur nú fyrir þinginu tillaga um, að landssjóður kaupi talsímakerfi Reykjavíkur.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á að leggja einokun á ölgerð og ölverzlun í Reykjavík og snertir því bæði framleiðslu og verzlun. Máli þessu hefir yfirleitt lítið verið hreyft að undanförnu. Blaðið Norðurland mintist þó 1908 á það, að landið tæki að sér einokun á tóbaki. Milliþinganefndin í skattamál um tók vel í þetta og beindi því að stjórninni til athugunar og undirbúnings. Síðan hefir blaðið Reykjavík minst á þetta í vetur. Einokun getur verið hagað mismunandi, t.d. getur verið álitamál, hvort landið eigi að hafa einkarétt bæði á tilbúningi og sölu vörunnar eða einungis á sölunni og getur þá aftur komið til álita, hvort varan skuli seld fyrir reikning landsins eða að það selji einstaklingum eða félögum, t. d. bæjarfélögum einkaréttinn í hendur fyrir ákveðið gjald. Einokun hefir þá kosti til að bera fram yfir tollana, að hægt er að setja skattinn eða gjaldið mismunandi eftir verðmæti og gæðum vörunnar, en tollarnir eru að því leyti meira settir af handahófi, án tillits til vörugæða. Ennfremur er hægra að hafa eftirlit með henni en tollunum, og auk þess er fremur hægt að fá tryggingu fyrir góðri og ósvikinni vöru. Það má einnig benda á það, að við það að setja á stofn einokun þá, er frumv. fer fram á, verður atvinnan innlend. Og loks er á það að líta, að arðurinn af henni, sem rennur til landssjóðs, er ekki viðbót við það, sem hlýtur að falla á vöruna og auka hana í verði, heldur hlutdeild af ágóðanum, sem aðrir hafa nú. En afleiðingin af því er aftur sú, að þessi tekjuauki, sem landssjóður hefir, er ekki útgjaldaauki fyrir einstaka menn. Eg efa ekki, að svo framarlega sem þetta spor væri stigið nú og gæfist vel, mundi það ekki verða það síðasta spor í þessa átt. Mál þetta er allvel undirbúið. Það er aðallega skrifstofustjóri Jón Krabbe, sem fengist hefir við undirbúning þess. Er hann kunnur að því, að vera gætinn maður og glöggur í fjármálum, og er nákunnugur allri útlendri skattalöggjöf. Hefir hann borið sig saman við forstjóra hinna sameinuðu ölgerðarhúsa í Kaupmannahöfn og leizt forstjóranum vel á málið og hefir heitið því að greiða fyrir því með upplýsingar o. fl., ef þess gerist þörf. Það er heldur ekki ætlast til, að landsstjórnin hafi með höndum undirbúning málsins, heldur bæjarstjórnin hér og á hún samkvæmt frumvarpinu að hafa næstu 2 ár til þess.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta að svo stöddu.

Bjarni Jónsson: Eg er því ekki mjög mótfallinn, að landið taki að sér ýmsar atvinnugreinar og verzlunartegundir. Og þess vegna gæti eg vel fallist á þann hluta frumv., en það þarf ekki að vera ölgerð fremur en aðrar atvinnugreinar, og það ætti ekki að eins að vera fyrir Reykjavík eina, heldur einnig fyrir aðra landshluta eða einstaka menn. Hitt finst mér undarlegt, að binda þetta að eins við ölgerð. Í þetta skifti hefir frumv. aðeins bundið sig við ölgerð, en eg álít, að aðrar atvinnutegundir séu betur til fallnar, að þær séu bundnar við einkaleyfi. Þegar aðflutningsbannið kemst á, og menn hætta að drekka sér til gleði, þá munu menn ekki fara að þamba áfengislausar öltegundir, heldur munu menn drekka íslenzkt vatn við þorsta, því að vatnið hér er ágætt við þorsta. Ef það er ráðlegt að setja hér á stofn einokun, þá á ekki að binda það við einstakt bæjar-

félag, heldur á að veita það einstökum mönnum, sem uppfylla viss skilyrði, sem stjórnin setur fyrir því, að einkaleyfið fáist.

Hér stendur í frumv., að landsmönnum skuli gefinn kostur á að skrifa sig fyrir $^2/_3$ pörtum af hlutabréfum fyrirtækisins. Þetta finst mér mjög athugavert. Þetta er beinlínis bygt á því, að það muni verða útlendingar, sem leyfið fái og svo á Íslendingum að vera leyfilegt að fá svo og svo mikinn part. Það er þannig ætlast til, að hér séu útibú frá útlendum ölgerðarhúsum og ef þau halda, að þau muni geta grætt meira á því að setja hér upp ölgerð, þá munu þau gera það og gróðinn mun lenda hjá þeim. Þetta hefi eg fundið athugavert í frumv. við fljótan yfirlestur. En það má vera, að það sé margt fleira og hefi eg ekki sagt þetta, til þess að leggja stein í götu frumv., heldur til þess að menn athuguðu það nákvæmar.

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin tekur að sjálfsögðu vel öllum góðum bendingum og er fús til þess að bera sig saman við háttv. þm. Dal. (B. J.). Honum þótti óeðlilegt, að einokun væri lögð á ölgerð, en reynslan hefir sýnt það hingað til, að þótt það væri frjálst að setja hér á stofn ölgerðarhús, þá hefir það þó ekki verið gert, og er það sýnilega af því, að það hefir ekki þótt álitlegt, meðfram ef til vill vegna þess, að hægt hefði verið að setja upp annað ölgerðarhús við hlið þess, sem hefði kept við það. Þess vegna er farið fram á, að ef stofnað yrði félag í þessu skyni, þá yrði því veitt einkaleyfi til þess það þurfi ekki að óttast samkepni, meðan það er nýtt.

Reykjavík er veitt þetta leyfi, af því þetta er fyrsta sporið og ölneyzlan mundi verða mest hér, af því hér er flest fólkið.

Og þar, sem h. þm. Dal. (B. J.) gat um, að menn mundu ekki drekka svo mikið af öli, þegar menn hættu að drekka sér til gleði, eftir að áfengisbannið væri komið á, þá hygg eg, að menn munu nota óáfenga ölið í staðinn, þó það sé ef til vill ekki að sumra dómi eins ljúffengt og áfenga ölið. Auðvitað eru ekki allar öltegundir jafn ljúffengar en þeir sem hafa drukkið hvítt öl t. d. í Kupmannahöfn, þegar það er nýbruggað, segja það sé mjög ljúffengur drykkur. Þótt blávatnið úr Gvendarbrunnum sé máske hollast, þá er ekki víst, að fólkið geri sig ánægt með það eitt, en kjósi heldur að hafa ölið með til smekkbætis eða tilbreytingar.

Eins og eg hefi þegar tekið fram, mun nefndin bera sig saman við háttv. þm. Dal. (B. J.) og reyna til í samráði við hann, að gera frumv. sem bezt úr garði.

Bjarni Jónsson: Þetta, sem eg sagði um frumv. gerði eg til þess að vekja athygli manna betur á því, og það, sem háttv. framsögumaður sagði, hefir ekki minkað tortryggni mína á frumv. Það gæti borgað sig betur, ef samkepni er ekki. Það er þægilegra fyrir menn, sem hafa einkaleyfi að reka atvinnu, eins og á sér stað með lyfjabúðina hér og taka á þann hátt gróða sinn úr vasa landsmanna. Menn eiga að líta hornauga til landsmanna, þegar rætt er um það að veita einkaleyfi.

Það er meiri hagur af því að vinna að eins á einum stað en fleirum stöðum. Það má vel vera, að menn drekki óáfengt öl hér, þótt eg segði hitt í spaugi áðan, að menn mundu drekka vatnið, þegar aðflutningsbannið kæmi og menn hættu að drekka sér til gleði.

Hér stendur í frumvarpinu, að veita eigi einkarétt til sölu á öllum öltegundum, sem flytjast til landsins. Þetta væri ekki úr vegi að athuga nákvæmar lítið eitt.

Þetta, sem eg hefi hér sagt, hefi eg ekki sagt til þess að drepa frumvarpið, heldur til þess að vekja menn til umhugsunar um, að hér er verið að leggja inn á nýja braut, með því að einoka sölu á einstökum tegundum, og það er nýtt að veita einkaleyfi til þess að setja á stofn hér iðnaðarfyrirtæki. Þar með er þó ekki sagt, að það sé rangt og sérstaklega má benda á, að tóbaksverksmiðjur verður landið að setja á stofn, ef tóbakseinokun kemst á.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 24. apríl. (A. 647, 705, 724, 725).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir leyft sér að koma með nokkrar breytingar við frumv. Fyrsta breytingin er sú, að stafliður a. í 3. gr. frumv. falli burtu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að fella burtu þennan lið, með því, að óþarft væri að hafa í lögunum sérstakt ákvæði til að tryggja landsmenn gegn því að útlendingar yrðu fyrri til að ná í hluti í ölgerðarfélaginu.

Þá hefir nefndin gert breytingu við staflið c í 3. gr., sem miðar að því, að lækka hlutdeild landssjóð í ágóða félagsins og gera þannig aðgengilegra fyrir menn að stofna slíkt félag.

Í frumv. er ágóði landssjóðs ákveðinn $^3/_4$ hlutar af gróða félagsins eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu, en í breytingartillögunum á þgskj. 705 er lagt til, að hann sé að eins helmingur af gróðanum eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu og $^3/_4$ eftir að greiddir eru 6% vextir af því.

Breytingartillagan á þgskj. 705 við 4. gr. frumv. fer fram á, að maltdrykkir skuli heyra undir öltegundir og þótti réttara að taka þetta fram berum orðum. Þar á móti hefir nefndin ekki viljað aðhyllast þá breytingartillögu, er fer fram á, að í staðinn fyrir maltdrykki komi »önnur vín«. Ef þessi breyting væri samþykt, næði hún einnig til ávaxtavína. Nefndin vildi ekki fara svona langt og er því mótfallin, að láta einokun ná til allra drykkja. Sömuleiðis er nefndin á móti breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 724 um að landstjórnin geti veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum um land alt einkaleyfi til þess að selja þær tegundir drykkja, sem getur um í 4. gr., með sömu skilyrðum, sem þar eru sett, hverri í sínu umdæmi. Ástæðan fyrir því, að nefndin vildi ekki aðhyllast þessa breyt.till. er sú, að hér er lagt út á ókunna braut með frv. þessu. En hins vegar má síðar veita fleirum sams konar einkaleyfi, ef þetta fyrirtæki gefst vel og landsmenn sætta sig við það. Það er varhugavert að hafa leyfið víðtækt á meðan að óvíst er, hvernig það gefst.

Þá er breyt till. á þgskj. 705 um að eftir 5. gr. frv. komi ný grein, er hljóði svo: »Bann gegn tilbúningi áfengra drykkja samkv. lögum 12. jan. 1900 nær að eins til þeirra drykkja, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóholi) að rúmmáli, þótt um staðjastað öl sé að ræða«. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að slá því föstu, að alt sé komið undir stigatali styrkleika ölsins, enda er þetta í samræmi við bannlögin.

Bjarni Jónsson: Eg er nefndinni þakklátur fyrir, hvað hún hefir tekið mikið tillit til orða minna við 1. umr. máls þessa og hvað hún hefir nálgast skoðanir mínar á máli þessu, enda þótt hún hafi ekki viljað taka þær allar til til greina. Að minsta kosti hefi eg ástæðu til að vera nefndinni þakklátari fyrir hvaða tillit hún hefir tekið til orða minna í þessu máli en nefndinni í skóg-

ræktarmálinu. Sérstaklega er eg nefndinni þakklátur fyrir að fella staflið a. við 3. gr. frv. burtu. En hún hefir ekki gengið nógu langt í því að lagfæra frv., því að hún hefir lagt til, að landssjóður fái helming af gróða félagsins eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu, $^3/_4$ hluta af gróðanum eftir að greiddir eru 6% vextir og $^9/_{10}$ þá er hluthafar hafa fengið 10% ágóða. Eg álít, að betra hefði verið að láta landssjóð hafa minna en helming af gróðanum til þess að byrja með, og ennfremur er það of lítið að láta hluthafa ekki hafa meira að lokum en $^1/_{10}$ af honum. Menn leggja ekki út í vafasöm fyrirtæki, þar sem svo lítil von er um ágóða sem 6%. Það er hægt að þéna meira á því að lána út peninga. Þetta mundi því skaða landið, þar eð menn þyrðu ekki að ráðast í slíkt fyrirtæki. Það mundu verða útlend ölgerðarhús, sem fúskuðu með þetta. Mundum vér því ekki fá betri vöru fyrir sitt leyti en hið svo nefnda ormkorn, er óvönduð félög flytja hér til landsins. Eg hygg því, að mínar till. mundu ráða bót á þessu. Eg álít það mjög mikið vafamál, hvort rétt sé að setja einokun á atvinnuvegi. Þó er sölueinokunin viðsjárverðari, ef í einum landshluta er. Það er ekki rétt, að hafa hér sérstaka verzlunaraðferð. Það er hægt að fá öl hjá kaupmönnum annarstaðar, t. d. í Hafnarfirði, ef menn vilja ekki fá öl frá ölgerðarhúsinu hér. Það sæmir ekki þinginu að veita einu bæjarfélagi einkaleyfi. Slíkt er algerlega út í loftið, og mun eg ekki ljá því atkvæði mitt. Það er einnig rangt, að einskorða frv. við öl og maltdrykki. Ef landssjóður hefir slíkt með höndum, á hann að hafa sem mest með höndum. Það er ekki hægt að fá nægа reynslu í þessu, ef leyfið er að eins veitt einum kaupstað eða bæjarfélagi. Það verður að veita það öllum bæjar- og sveitarfélögum, ef þau æskja þess.

Ef þessi regla er tekin upp, þá leiðir það til þess, að öðrum hvorum verður gerður óréttur. En viðbót nefndarinnar á þgskj. 705 er góð. Það er rétt að binda þetta við styrkleikann.

Það sneri sér til mín maður hér á dögunum, Gísli Guðmundsson forstöðumaður gosdrykkjaverksmiðjunnar »Sanitas« á Seltjarnarnesi, og ein af mínum brtill. stendur einmitt í sambandi við þessa verksmiðju. Ef mönnum er gert svo örðugt fyrir, að alls enginn hagnaður geti orðið af þessari atvinnu utan kaupstaðarlóðarinnar, þá er ekkert líklegra, en að t. d. þetta hlutafélag, sem á »Sanitas«, yrði þvingað til þess að flytja hús sín inn á kaupstaðarlóðina. Tillaga mín er því til þess gerð, að mönnum verði unt að reka þessa atvinnu utan kaupstaðarlóðarinnar, og sé eg því ekki annað en að það sé til bóta, að samþykkja hana, eins og reyndar allar hinar aðrar brtill. mínar.

Framsm. (Ólafur Briem): Um hlutdeild þá, sem landssjóður áskilur sér í gróða ölgerðarfélagsins, er auðvitað álitamál, og þýðir ekki að deila um það. En það, hvort frv. er aðgengilegt eða ekki, er ekki eingöngu komið undir því, hve mikið landssjóður á að fá af gróðanum, heldur einnig undir tímalengdinni, sem einkaleyfið á að gilda. Í frv. er ekkert ákveðið um það, nema að það skuli vera um tiltekinn tíma, en áratal er ekki nefnt, og landstjórnin hefir því ótakmarkað umboð til þess að ákveða það eftir samningi eða í samráði við bæjarstjórnina. En það skiftir miklu, hver ákvæði verða gerð um þetta.

Aðalágreiningurinn milli háttv. þm. Dal. (B. J.) og nefndarinnar er sá, að hann segir, að nefndin vilji láta alt

annað gilda fyrir bæjarfélag Reykjavíkur en aðra hluta landsins, en þetta er ekki meiningin. Hér er ekki um aðra drykki að ræða en öl og maltdrykki. Gosdrykkir eru alstaðar undanskildir einkaleyfinu, og sá réttur, sem leyfishafi í Reykjavík hefði fram yfir aðra staði, væri þá bygður á því, að hér yrði eina ölgerðarhúsið. Ef t. d. ætti að stofna annað ölgerðarhús á Akureyri, þá væri auðvitað sjálfsagt að að þau hefðu bæði jafnan rétt. Þessi einkasöluréttur Reykjavíkur stendur því eingöngu í sambandi við það, að ölgerðarhúsið verður hér en ekki annarstaðar, svo að frá því sjónarmiði er ekkert að fást um. Hitt getur verið álitamál, hvort einkaleyfið, ef það er veitt á annað borð, að því er verzlun snertir, ætti að vera víðtækara en nefndin gerir ráð fyrir.

Þá skal eg enn minnast lítillega á brtill. á þskj. 724 frá h. þm. Dal. (B. J.) við 2. gr. frumv., um að bæjarstjórnin megi ekki áskilja bæjarfélaginu neinn hagnað af fyrirtækinu, sé það utan kaupstaðarlóðarinnar. Nú er það þannig, að bæjarstjórnin í Reykjavík hlýtur að hafa ótakmarkaðan rétt til þess að leggja útsvar á hvern sem er innan bæjarfélagsins, þótt utan kaupstaðarlóðarinnar sé, því að bæjarfélagið er stærra en kaupstaðarlóðin; þess vegna getur það ekki staðist að ákveða, að bærinn skuli engan hagnað hafa af verksmiðju, sem stendur fyrir utan kaupstaðarlóðina, það væri sama sem að banna að leggja útsvar á hana, enda mun það ekki hafa vakað fyrir þm., heldur hitt, ef verksmiðjan væri í öðru sveitarfélagi. Nú er sódavatnsverksmiðjan »Sanitas« í Seltjarnarneshreppi, og því að sjálfsögðu undanþegin útsvarsgreiðslu til bæjarfélags Reykjavíkur. Breyt.till. hins hv. þm. á því ekki við þetta dæmi, sem þó mun aðallega hafa vakað fyrir honum. Ef hv. þm. vill fara frekar út í þetta, þá verður hann að orða till. öðru vísi. Eg get því ei séð annað, en að það verði að fella þessa brtill. nú, en hvort ástæða kynni að vera til þess að koma með eitthvað í sömu átt við 3. umr., það skal eg láta ósagt.

Bjarni Jónsson: Í ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) kom fram aðalágreiningsefnið, söluleyfið. Hann segir, að einkaleyfið til þess að selja öl og maltdrykki sé veitt til þess að styðja hið væntanlega ölgerðarhús, en þá eru þar með allir þvingaðir til þess að kaupa alt þaðun, eða að minsta kosti að kaupa ekkert frá öðrum, þótt mönnum líki ekki það, sem frá ölgerðarhúsinu kemur, en þyki annað betra.

Þetta er misrétti, sem hér er beitt við Reykvíkinga. Og með þessu eru teknar allmiklar tekjur frá kaupmönnum bæjarins, þegar þeir missa réttinn til þess að selja þessa vörutegund, sem allmikið selst af, einkum eftir að aðflutningsbannið kemur nú til sögunnar, og jafnvel án þess. Þegar allir kaupmenn alstaðar annarstaðar á landinu hafa þennan rétt, þá er það ljóst, að hér er ekki fylgt réttum grundvelli, og þótt þetta nái ekki nema til öls og maltdrykkja, þá er það misrétti eins fyrir því. Hér er eingöngu um mergðarmun að ræða, en ekki um stefnumun eða réttarmun. Eg verð að halda fast við það, að annaðhvort sé ekkert einkaleyfi veitt, eða það sé þá veitt öllum sýslunefndum og bæjarstjórnum, svo að kaupmenn og aðrir hafi ekki fullan rétt til að kvarta yfir þessu. Mér væri sama, ef þetta gengi jafnt yfir alla, en eg vil ekki, að einungis nokkur hluti verði fyrir því.

Viðvíkjandi því, sem þm. sagði um breyt.till. á þgskj. 724, þá skal eg játa það, að mér hafði orðið það í ógáti að orða hana óljósari, en eg vildi. Meining-

in var, að ákvæðið skyldi gilda utan hreppsfélagsins. Eg vildi setja þetta til þess að það sæist, að ekki væri stranglega miðað við bæinn sjálfan, heldur gæti verksmiðja verið t. d. á Seltjarnarnesi. Eg skal nú taka tillit til þess, sem hann hefir sagt, og taka aftur þessa tillögu að sinni, en býst við að koma með aðra við 3. umr.

Framsögum. (Ólafur Briem): Háttv. þm. Dal. (B. J.) hélt því fram, að Reykvíkingar yrðu fyrir réttindamissi, ef ölgerðarhúsið fengi þennan einkasölurétt á útlendum öltegundum. En fyrir þessu er séð í athugasemdum við frumv., sem væntanlega verða teknar til greina, þegar leyfisbréf væri gefið út. Hann sagði, að þeir gætu ekki aflað sér þeirra öltegunda, sem þeir helzt vildu; en bæði verður ölgerðarhúsinu gert að skyldu, að panta og hafa til sölu allar þær tegundir, sem æskt er eftir, og svo hefir ölgerðarhúsið ekki heimild til þess að selja vörur sínar hærra verði en við gengist hefir að undanförnu. Þar sem hann tók það fram og þótti misrétti, að kaupmenn hér í bænum mistu rétt sinn til þess að selja þessar öltegundir, þá skal það játað, að þeir missa hann, en það leiðir af sjálfu sér, alstaðar og ætíð, þegar einkaleyfi er veitt, þá takmarkar það að sjálfsögðu rétt annara að því því leyti, sem það nær til. Á því byggjast einmitt öll einkaleyfi. En ástæðan til þess að láta bæjarstjórnina hafa umráð yfir leyfinu og gæta þess, að öllum skilmálum sé fullnægt er sú, að þar með virðist fengin bezt trygging fyrir því, að fyrirtækið verði hyggilega stofnað og því haldið í góðu lagi, og þar sem sami þm. mintist á, að þetta gæti orðið gróðafyrirtæki, þá er það ekki nema rétt, að veita bæjarstjórninni leyfið og láta hana ráða, hver skilyrði hún vill setja því hlutafélagi, er vill taka þetta að sér, og er þá auðvitað meiningin, að félagið verði innlent.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

Brtill. 724 við 2. gr. tekin aftur.

2. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

Brtill. 705, 1. við 3. gr. sþ. með 13 atkv. shlj.

Brtill. 725, við 705, 2. feld með 15:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson S.-M.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl.
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Brtill. 705, 2. sþ. með 16 atkv. shlj.

3. gr. þannig orðin sþ. með 17 atkv. shlj.

Brtill. 725 við 705, 3. feld með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson N.-M.,	Eggert Pálsson,
Jón Þorkelsson,	Björn Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Björn Kristjánsson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
Þorleifur Jónsson.	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,

Já:	*Nei:*
	Magnús Blöndahl.
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hl.

Brtill. 725, 3. við 705, 4. tekin aftur.

Brtill. 705, 3. við 4. gr. sþ. með 15 atkv. shlj.

Brtill. 705, 4. við 4. gr. sþ. með 15 atkv. shlj.

4. gr. þannig breytt sþ. með 15 : 2 atkv.

5. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. 724, 2. feld með 14 : 3 atkv.

Brtill. 705, 5. (ný gr.) sþ. með 17 atkv. shlj.

6. gr. (sem verður 7. gr.) sþ. með 14 atkv. shlj.

7. gr. (sem verður 8. gr.) sþ. með 14 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv. shlj.

Þriðja umr., 28. apríl (A. 734, 764, 796).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir leyft sér að koma fram með nokkrar brtill. við þetta frumv. 1. brtill. er á þgskj. 764, að í stað orðanna í 1. gr. frumv. »er flytja má til landsins samkv. 1. gr. laga 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi«, komi: sem í er $2^1/_4$% eða minna af vínanda (alkóhóli) eftir þyngd. Nefndin hefir leitað upplýsinga hjá efnafræðingi Ásgeir Torfasyni og getur hann þess, að í staðinn fyrir að reikna styrkleika áfengis, sem bannað er að búa til í landinu, eftir rúmmáli, eins og gert er í 1. gr. bannlaganna, sé í alla staði betur viðeigandi að miða styrkleikann við þyngd.

Nefndin hefir fengið nákvæma skýrslu um þetta hjá efnafræðingnum, og hefir hann skýrt svo frá, að nálega alstaðar í heiminum sé vínandi nú talinn í þyngdarprósentum. Og ennfremur hefir hann gefið þá skýringu, að $1^4/_5$ eftir þyngd, svari til $2^1/_4$ eftir rúmmáli. Er þá mismunurinn $^9/_{20}$. Áleit nefndin því, að þessi breyting gæti ekki verið neitt isjárverð, heldur miklu fremur til bóta, þar sem að öðrum kosti útilokast öltegundir, sem bindindismenn alment drekka hér á landi og annarstaðar t. d. Carlsbergs skattfrjálsa öl.

Þá er breytingartillaga við 3. gr. staflið a, sem er að eins orðabreyting til skýringar. En breyt.till. við 3. gr. stafl. b, er veruleg efnisbreyting, þar sem svo er ætlast til, að landssjóður taki engan þátt í gróða félagsins, fyr en að greiddir eru 6% vextir af hlutafénu, í stað þess að í frumv. er gert ráð fyrir, að landssjóður fái helming af gróða félagsins, þegar hinir útborguðu vextir hafa náð 5%, og er þessi breyting gerð til þess að bæta kjör hluthafa, án þess þó að landssjóður missi mikils í. Nefndin hefir í máli þessu meðfram farið eftir bendingum efnafræðings Ásgeirs Torfasonar, sem hefir sérstaklega haft tilefni og tækifæri til þess að athuga það, því að hann var formaður nefndar, sem nokkrir bæjarbúar hér í Reykjavík, er hug höfðu á málinu, kusu á síðastliðnum vetri til að rannsaka málið og undirbúa það til framkvæmda.

Þá er breyt.till. á þgskj. 796, frá hv. þm. Dal. (B. J), sem fer fram á, að 4. gr. frv., sem kveður á um einkarétt til ölverzlunar, falli burtu. Er hún í samræmi við tillögu, sem áður er framkomin frá sama háttv. þm., að annaðhvort skuli enginn hafa einkarétt til ölverzlunar, eða þá að hann nái til allra bæja- og sveitafélaga. Nefndin heldur fast við

frumv. og skírskota eg til þess, er hún hefir látið í ljósi um þetta atriði. Frv. kveður að eins á um heimild fyrir stjórnina að veita þetta einkaleyfi. Hér er því að eins að ræða um heimild, en enga skyldu, fyrir landsstjórnina, svo að ef hún kemst að raun um, að einkarétturinn verði ærið óvinsæll eða öðrum vandkvæðum bundinn, þarf hún ekki að veita þetta leyfi. Nefndin álítur því ekki varhugavert að hafa þessa heimild í lögunum, og getur það þá farið eftir atvikum, hvort sú heimild verður notuð. Þetta virðist því síður neitt ísjárvert, þar sem einkaleyfið, ef til kemur, á að veitast bæjarstjórninni, sem eftir stöðu sinni hefir sérstaka hvöt til þess að líta í þessu sem öðru hlutlaust á hag bæjarbúa.

Bjarni Jónsson: Þetta frumv. hefir vakið eftirtekt hér í bænum, því að maður nokkur hér hefir verið að hugsa um að setja upp ölgerðarhús. Hefi eg fengið bréf frá efnafræðingnum um þetta, er eg bað hann að skrifa mér, svo að eg gæti látið það koma nefndinni í hendur. Hefir hún nú gert eftir till. hans breytingar á itölu landssjóðs í gróðanum, sem eg get vel sætt mig við og fara í þá átt, sem eg hélt fram í ræðu minni um málið.

Eg skal nú þegar geta þess, að eg felli mig alls ekki við 4. gr. frumv. Eg skil ekki í því, að þingið skuli vilja einoka sölu á öli hér í bænum eingöngu. Því að það er jafnrangt, hvort sem litið er til kaupmanna eða kaupanda. Af kaupmönnum bæjarins væri þá tekin mikilsverð réttindi, sem allir aðrir kaupmenn landsins héldi óskertum, og kaupendur hér væri bundnir í ölkaupum sínum, en engir aðrir landshlutar. — Þó telur efnafræðingurinn þessa vernd óþarfa ölgerðinni.

Betra væri og réttara, að leyfið væri veitt öllum bæjar- og sveitafélögum, en ekki einskorðað við bæjarfélagið hér, svo sem eg fór fram á við 2. umr. En úr því sú till. féll, er enginn annar kostur fyrir hendi en að fella alla einkasölu og fella niður 4. gr. frv. Eg sé ekki, að háttv. deild komist hjá því að ráða bót á þessu, enda vona eg að svo verði.

Björn Þorláksson: Eg vildi að eins leyfa mér að segja örfá orð um frumv. þetta, áður en það verður afgreitt frá háttv. deild. Eg skal játa, að frumv. mundi hafa í för með sér mikinn tekjuauka fyrir landssjóð, ef það nær fram að ganga. Þó hefði eg heldur kosið, að landssjóði hefði verið veitt heimild til þess að setja upp ölgerð fyrir eigin reikning, og að öðrum hefði eigi verið veitt slík leyfi. Ber til þessa tvent. Fyrst hygg eg, að landssjóður mundi hafa enn meiri hag af ölgerðinni, ef hún væri rekin á kostnað landsins. Í öðru lagi ætla eg, og á það legg eg meiri áherzlu, að með því móti fengist meiri trygging fyrir því, að ölið yrði bruggað, eins og vera bæri, hvorki of sterkt né þannig, að það þyldi ekki geymslu og yrði áfengt. Því reynsla er fyrir því, að ólga getur hlaupið í öl, svo að áfengt verður, þó í upphafi hafi ekki verið. Ef landið hefði sjálft með höndum ölgerðina, mundu starfsmennirnir við hana hafa enga hvöt til þess að haga ölgerðinni þannig, að ölið yrði ofsterkt eða ólga hlypi í það við geymsluna. Þetta er það, sem aðallega vakir fyrir mér, svo að eg treysti mér ekki til að greiða atkv. með frumv. í því horfi, sem það er nú í. En þar sem eg kem nú fram með þessa athugasemd, svo seint, veit eg að hún verður ekki tekin til greina. Máli þessu hefir verið flaustrað talsvert, og miður hugsað en skyldi, eins og um mörg önnur mál, sem nú hafa verið rekin áfram í þinginu þessa síðustu daga.

Eg hefi sagt þessi orð til þess að sýna,

að eg er ekki með frumv., eins og nú standa sakir. Hefði eg óskað, að því hefði verið frestað á þessu þingi.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta. Að eins vil eg geta þess, að eg hefi óskað nafnakalls um frumv. til þess að atkvæði mitt um málið sæist.

Framsögum. (Ólafur Briem): Háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) virtist leggja áherzlu á, að minni trygging væri fyrir því, að ölið væri rétt og forsvaranlega bruggað, ef einkafélag hefði ölgerðina á hendi, heldur en að það væri landið sjálft. En þetta er í raun og veru engin ástæða á móti frumv., því að hægt væri að láta efnafræðing landsins rannsaka ölið, svo að það, sem háttv. þm. gerir ráð fyrir, mundi brátt verða uppvíst. Að öðru leyti skildi eg háttv. þm. svo, að hann hefði ekki mikið við frv. að athuga. En hins vegar getur það verið álitamál, hvort rétt sé að afgreiða það frá þinginu nú.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Dal. (B. J.) um frjálsa verzlun öltegundanna, skal eg geta þess, að samkvæmt bannlögunum frá 30. júlí 1909, má ekki flytja neina þá drykki inn í landið, er innihalda meira en $2^1/_4{}^0/_0$ af vínanda (alkóhóli) eftir rúmmáli, er jafngildir $1^4/_5{}^0/_0$ styrkleika eftir þyngd. En flest allir slíkir drykkir þola illa geymslu og flutning, og af þeirri ástæðu er lítt kleyft að flytja þá hingað til landsins frá útlöndum óskemda, svo að þótt ekki sé lagt bann við innflutningi þeirra, er mjög örðugt og lítt ábatavænlegt, að hafa þá hér til verzlunar (t. d. hvítöl).

ATKV.GR.

1. brtill. á þgskj. 764 sþ. með 15 shlj. atkv.

2. brtill. við 3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

3. brtill. við 3. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 796 feld með 13:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson S.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson.
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Sig. Sigurðsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hl.

4. brtill. á þgskj. 764 sþ. með 15 shlj. atkv.

5. brtill. við 6. gr. sþ. með 14. shlj. atkv.

Frv. sþ. með 18:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Skúli Thoroddsen.
Hannes Hafstein,	
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Bjarni Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hl.

Frv. afgreitt til Ed.

Skógrækt.

FRUMVARP til laga um skógrækt.

Fyrsta umr., 1. marz (A. 57).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal taka það strax fram, að frv. þetta er í öllum atriðum samhljóða aðalatriðum samhljóða núgildandi lögum, að því er snertir friðun skógs og kjarrs. Breytingar þær, er frv. ráðgerir, eru aðallega tvenns konar. Önnur breytingin eða fyrra atriðið er það, að hér er gerð tilraun til þess, að draga úr kostnaði við umsjón og eftirlit skóggræðslunnar, sem er geysimikill. Hitt atriðið er það, að hér er gefin heimild til þess, að afgirða stærra skóglendi en nú er til friðunar.

Um hið fyrra atriðið, eftirlitið með skógunum, er það að segja, að á núgildandi fjárl. eru veittar 10,500 kr. hvort árið til skóggræðslunnar. Eftirlitið hafa á hendi 5 menn, skógræktarstjóri og 4 skógarverðir. Til launa handa þeim fjórum fara árlega 4,500 kr. og í ferðakostnað 2,500 kr., eða samtals 7000 kr. í laun og ferðakostnað. Þá verða ekki eftir til sjálfrar skógræktarinnar nema 3,500 kr., eða þriðjungur alls fjárins. Það sjá allir, að þetta er athugavert, að miklum meirihluta fjárins skuli vera varið í ferðakostnað og laun til starfsmannanna.

Hitt er þó ef til vill öllu þýðingarmeira, að heimilt sé að taka skóglendi til friðunar, ef það er að ganga úr sér, og ætti landstjórnin þá að hafa heimild til að taka það gegn hæfilegri þóknun fyrir afnotamissi. Nú er eigi heimilt að friða á þennan hátt nema 10 dagsláttur, en frv. fer fram á, að taka megi alt að 25 hektara, eða 77 dagsláttur, og tel eg það mikla bót frá því, sem nú er.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti að málið komist í nefnd, og skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 21 atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarsson,
Stefán Stefánsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Pétur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 20. marz (A. 57, n. 174).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg skal ekki halda langa ræðu, enda þótt búast megi við því, að háttv. þm. séu farnir að gleyma þessu máli, því að langt er síðan að nefndarál. kom.

Eg var nú ekki flutningsmaður þessa máls upphaflega, og hefði það ef til vill verið heppilegra, að flutningsmaður hefði talað nú, en eg ekki, til þess að skýra tilgang frv.

Það kann að þykja undarlegt, að vilja nú svo fljótt fara að breyta þessum lögum, en ástæðurnar fyrir því eru teknar fram í nefndarál. Það sýndi sig á síðasta þingi, að menn vildu tæplega kosta því til skóggræðslunnar, sem lögin krefjast, eins og þau eru framkvæmd, og því er nú komið fram með breytingar í þá átt, að kostnaðurinn verði minni, án þess þó að raska með því tilgangi laganna.

Aðalefnið er það, að takmarka kostnaðinn, sem gengur til skógarvarðanna, er stjórnin hefir skipað samkvæmt fjárveitingu þingsins. Það hefir þegar verið tekið fram, að laun þeirra og ferðakostnaður, ásamt ferðakostnaði skógræktarstjóra sjálfs, gleypir mestan hluta

af fé því, sem ætlað er til skóggræðslunnar. Nú eru ekki horfur á því, að það fé verði aukið, heldur hefir stjórnin þvert á móti lagt það til, að það verði minkað, svo að nú hrykki það tæplega fyrir launum þessara manna og ferðakostnaði. Eg býst nú reyndar við því, að eitthvað verði bætt úr þessu, þótt háttv. fjárl.nefnd hafi enn ekki gert það, fyr en hún sér, hvað þessu frumv. líður, en eg býst samt við sparnaði í þessa átt, eins og víðar.

Að mæla fyrir einstökum breytingum, hverri út af fyrir sig, er óþarfi, um þær er tekið fram í nefndarál. En eitt af því, sem sjálfsagt hefir þótt, er það, að skógræktarstjóri sjálfur hafi á hendi skógarvarðarstöðu á einhverjum kafla landsins. En til þess hann geti það, er hann losaður við það sem skyldu, að hafa yfirumsjón sandgræðslu.

Viðvíkjandi launum skógræktarstjóra er það að segja, að þar þykir nefndinni frv. ganga of langt. Þó hefir hún getað felt sig við að hafa þessi 2400 kr. að byrjunarlaunum, en lagt svo til að þau hækki um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 3000 kr.

Aðrar breytingar eru orðabreytingar, eða standa í sambandi við þessar tvær aðalbreytingar.

Stefán Stefánsson: Eg hefi getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samferða í öllu, nema að því er snertir launahækkun skógræktarstjórans. Eg lít svo á, að 2,400 kr. laun séu fullsómasamleg handa embættismönnum hér á landi, nema þá þeim, sem sitja í hinum allra hæstu valda- og virðingarsætum. Aftur hafa háttv. meðnefndarmenn mínir allir orðið á einu máli um það, að þau skuli hækka smám saman, eða á fyrstu 6 árunum úr 2,400 kr., sem ákveðnar eru í frv., og upp í 3,000 kr. Þessari launahækkun telja þeir það til meðmæla, að því lengur sem maðurinn sitji í embætti, því meiri fjölskyldu geti menn búist við hjá honum. Eg neita því nú fyrst og fremst, að þetta sé algild regla, og þess ber líka að gæta, að embættismenn þurfa einatt að eyða allmiklu fé einmitt fyrstu árin til þess að borga skuldir þær, er þeir hafa safnað á skólaárunum. Þá þurfa þeir líka að kaupa sér húsbúnað og annað, sem til þarf þegar þeir setja sig niður. Það er því mjög mikið efamál, hvort fremur ber að taka tillit til fyrtaldrar hækkunarástæðu en þeirrar, sem eg nú gat um, og fyrir mér vakir sem næg ástæða til þess að vera á móti launahækkun skógræktarstjóra.

Eg hefi svo ekki mikið um þetta að segja annað en það, að mér þykja laun þau, sem frv. ákveður, sómasamleg, þar sem þau eru 200 kr. á mánuði, og það álít eg fullkomlega samsvarandi okkar efnahag. Eins og þjóðin er efnum búin, álít eg að ekki eigi að fara að verðlauna embættismenn fyrirfram, áður en menn vita, hvernig þeir muni reynast í stöðu sinni. Það er líka búist við því, að þessi maður hafi á hendi allmikil ferðalög, sem borguð verða sérstaklega, svo að það er ekki ástæða til launahækkunar þeirra vegna. Og eftir þeirri reynslu, sem fengin er, þá munu ferðalögin ekki draga frá kaupi þessara skóggræðslumanna.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. marz (A. 57, n. 174, 260).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Þar eð á þgskj. 260 hafa komið fram nýjar brt. við þetta frumvarp, sem menn hafa enn ekki getað kynt sér, þá óska eg, að mál þetta sé tekið út af dagskrá.

Forseti tók því næst málið út af dagskrá.

Önnur umr. (frh.), 24. marz (A. 57, n. 174, 260, 300).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Við 1. umr. þessa máls, skýrði eg frá skoðun nefndarinnar á því og gerði grein fyrir hinum helztu breytingum, sem hún vildi gera á frumvarpinu og skal eg ekki taka mikið af því upp aftur hér.

Viðvíkjandi breytingartillögum háttv. þm. Dal. (B. J.), sem eru töluvert víðtækar og breyta frumvarpinu töluvert, þá mun flutnm. frumvarps þessa 2. þm. Árn. (S. S.) taka til máls og mótmæla þeim, því hann er málinu miklu kunnugri en eg og getur skýrt tilgang þess miklu betur, með því hann hefir sjálfur samið það.

Eg skal einungis taka það fram, að nefndin getur ekki fallist á breytingartillögur háttv. þm. Dal. (B. J.), því ef þær verða samþyktar, þá væri þetta frumvarp ekki annað en einungis sameining laganna um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóv. 1907 og laganna um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909, en aðaltilgangur frumv. tekinn burt. En það er einmitt þessum lögum, sem nefndin hefir fallist á að breyta og sameina þau um leið.

Í sambandi við þá breyt.till. nefndarinnar, að nema burt úr 2. gr. frv. og svo fyrirsögninni orðin: »og sandgræðslu« skal eg taka þetta fram: Eg benti á það við frh. 1. umr., að nefndin hefði komið sér saman um að auka störf skógræktarstjóra við sjálfa skógræktina, og þá þótti nefndinni sjálfsagt að losa hann við *skyldu* til að hafa sandgræðsluefirlitið öðru vísi en eftir samkomulagi við stjórnina og að hún borgi honum þá þóknun fyrir það sérstaklega.

Í breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) við 5. gr. frv. er farið fram á þá efnisbreyting frá gildandi lögum, að banna hrísrif. Í frumvarpi því, sem upphaflega lá fyrir þinginu 1909 var rif á hrísi og lyngi bannað. En því var breytt á þinginu á þá leið, að rif á hrísi og lyngi *mætti* banna, þar sem það gæti valdið skemdum. Eg skal leyfa mér að lesa upp greinina í lögunum frá 1909, hún hljóðar þannig:

»Banna má að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum«.

Þetta vil eg að haldist óbreytt. *(Bjarni Jónsson:* Hrís er ekki sama og fjalldrapi). Eg hefi aldrei heyrt talað um mun á fjalldrapa og hrísi og þekki þá ekki hvað hrís er. Eg skil það sama við hrís og almenningur gerir, að hrís sé fjalldrapi og smávíðir. *(Bjarni Jónsson:* Hrís er sama og birki).

Hér er breytingartillaga á þskj. 300. Eg hefi ekki haft tíma til þess að átta mig á henni, en eg hygg orðalag gr. verði skýrara með því móti, ef hún verður samþykt, en ella, en get þó ekki mælt með henni fyrir nefndarinnar hönd.

Í stuttu máli eru hinar framkomnu brtill. til þess, að nema burtu þann tilgang frv., að spara mannahald og kostnað í því skyni, að fé það, sem þingið veitir til skógræktar, geti náð talsvert lengra, en til þessa kostnaðar eins. Þess vegna verður að fella þær, nema deildin vilji veita nægilega mikið fé til skógræktarinnar.

Bjarni Jónsson: Eins og síðasti ræðumaður tók fram, þá hefi eg komið með nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vildi

láta fella þessar breytingartillögur mínar. Eg lít þannig á frumv., að eins og það er, þá sé það hvergi til bóta, en sumstaðar til hins verra og þess vegna hefi eg komið fram með breytingartillögur mínar, til þess að laga þessar misfellur, sem á frumv. eru nú.

Eitt meðal annars, sem gagnlegt var í lögunum frá 1907 og 1909 var, að skógræktarstjóri átti að líta eftir sandgræðslu. Nú á að létta þessari eftirlitsskyldu af honum. Þetta er mjög vanhugsað, því að þótt skógræktarstjóri hefði lítinn tíma til þess að líta eftir sandgræðslu, þá hefði hann þó oft á ferðum sínum tækifæri til þess að leiðbeina mönnum í því efni og er það miklu betra, heldur en að enginn hafi þetta eftirlit, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að verði framvegis. Allir munu vera mér sammála í því, að sandgræðslan þurfi að vera í lagi, svo landið blási ekki upp, og það er sjálfsagt, að skógræktarstjóri hafi kunnáttu bæði á sandgræðslu og skógrækt.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að laun skógræktarstjóra séu lækkuð. Eg hefi farið fram á í minni breytingartillögu, að þau séu látin standa óhögguð, eins og þau nú eru. Það er kunnugt, að skógræktarstjóri er mikið á ferðum og þó hann fái ferðakostnað sinn borgaðan samkvæmt reikningi, þá hefir hann ávalt töluverðan skaða af því, því menn fá ferðirnar aldrei borgaðar, eins og þær hafa kostað. Eg álít því mjög misráðið að lækka laun skógræktarstjóra.

Þá hefi eg lagt til, að »kjörr« sé bætt inn í 2. línu í 1. gr.: á eftir »skógarleifar« komi: og kjörr. Okkar skógar eru víðast hvar ekki annað en kjörr og ef þessu væri ekki bætt inn í, þá væri það ekki friðað. Þess vegna er þetta ákvæði nauðsynlegt.

Þá er 4. breytingartillaga mín við 3. gr., að skógverðir skuli vera 4. Eg get ekki skilið, hvers vegna flutnm. vilja ekki hafa þá fleiri en tvo. Það má þó ekki minna vera, en að einn skógvörður sé í hverjum fjórðungi, landið er ekki svo lítið. Þeir mundu sannarlega hafa annað að gera en að sigla í kring um hólmann á kvöldin, þótt þeir væru fjórir.

Skógrækt og sandgræðsla verður aldrei nema á pappírnum hjá okkur, meðan ekki er lagt meira í sölurnar en gert er, til þess að kenna landsmönnum, hversu nauðsynlegur skógurinn sé fyrir landið, og landsmenn *verða* að læra að þekkja gildi hans, annars munu þeir ekki leggja rækt við hann.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talar um hrís og fjalldrapa, sem það sé eitt og hið sama, en það er ekki rétt. *(Pétur Jónsson*: Eg er eins kunnugur því og háttv. þm.). Það getur vel verið, að það sé málvenja í hans héraði, en það er ekki rétt mál. Þegar talað er um hrís, þá er einungis átt við birki, en alls ekki fjalldrapa. Að rífa hrís er annað en að rífa fjalldrapa eða við. Það hefir lengri tágar, og því aðferðin önnur.

Í 7. grein hefir orðið prentvilla. Fyrir ferhyrningsmetra á því að koma þar ferstikur. Sömuleiðis komi í 9. gr. teigur í stað »hektara«. Orðið »vera« í sömu grein má falla niður, því ekki getur það verið meining flutnm., að svæðið skuli vera girt, þegar það er tekið til skógræktunar, heldur skuli verða girt. Ákvæðið um hreppstjórana virðist mér mjög þarflegt og nauðsynlegt, þar eð ekki virðist vanþörf á, að menn séu á staðnum, sem hafa eftirlit, því skógarvörður, sem hefir heilan landsfjórðung um að sjá, getur ekki haft nægt eftirlit. Þessi nýja 12. gr. er nauðsynleg og gagnleg. Skylda sú er ekki þung á mönnum, þótt þeir segi til um land-

spjöll þau, sem stafa af náttúrunnar völdum. Landspjöll af manna völdum er hér ekki átt við.

Svo vil eg leggja til, að fallist verði á breyt.till. minar. Eg hygg, að reynslan muni sýna, að heldur þurfi við að bæta starfsmönnum, en af að taka.

Stefán Stefánsson: Eg tók það fram við 1. umræðu, að mér þættu laun skógræktarstjóra vera ákveðin nægilega há 2400 kr., og til hækkandi launa virtist mér engin ástæða, því þegar hann hefir notið sinna embættislauna um nokkur ár, hygg eg, að hann sé ekki í meiri þörf fyrir há laun en fyrstu embættisárin, þegar mestar líkur eru til, að hann þurfi að borga meira eða minna af hinum mikla kostnaði námsáranna.

Það sem háttv. þm. Dal. (B. J.) leggur til að skógarverðir séu fjórir, eins og nú er, þá verð eg að líta svo á, að það sé með öllu óþarft, því skógræktarstjóri ætti að geta haft fult eftirlit með skóggræðslu á Suður- og Vesturlandi, þó hann einnig hafi yfirumsjón skógræktarmála í Norður- og Austlendingafjórðungi.

Að skógræktarstjóri hafi einnig sandgræðslustarfið á hendi, finst mér aftur á móti ekki heppilegt, því að í fyrsta lagi lagi er lítil trygging fyrir því, að sá skógræktarstjóri, sem nú er, hafi mikla þekkingu í sandgræðslu og í annan stað, þá mundi hann engan tíma hafa til þeirra hluta, enda eru þegar skipaðir tveir sandgræðslumenn, sem hafa aflað sér sérstakrar þekkingar á sandgræðslu og vinna að henni árlega, svo eg sé ekki ástæðu til að veita skógræktarstjóra vald til þess, að blanda sér um skör fram inn í það mál eða það starf, sem þeim mönnum er falið að vinna að, því það mundi fremur draga úr ábyrgðartilfinning og áhuga þeirra á framkvæmdunum.

Hvað viðvíkur skóggræðslunni í landinu, þá er það vafalaust hagkvæmara, að launaupphæð þeirra, sem nú gengur til að launa tveim skógarvörðum á Suður- og Vesturlandi, sé varið til þess að rækta og græða skóg, heldur en til þess að halda við embættum, sem sýnast óþörf.

Á síðasta ári hefir verið varið 7000 kr. til þess að launa skógarvörðum og til kostnaðar við ferðir þeirra og skógræktarstjóra, en litlu fé verið varið til sjálfrar skógræktunarinnar, eða að eins rúmum 3000 kr. Þetta hljóta menn að sjá, hvað fjarri er öllum sanni og því fremur vera með breytingu á þessu fyrirkomulagi, sem menn unna skógræktinni yfir höfuð alls viðgangs í framtíðinni.

Einnig er það fremur ólíklegt, að allir skógarverðirnir séu jafn færir og jafn nýtir skóggræðslumenn og væri því meiri trygging fyrir, að að eins þeir mennirnir, sem bezt hafa reynst, héldu starfanum áfram, en hinir yrðu þá frá honum leystir.

Í 6. gr. laga um meðferð skóga og kjarrs frá síðasta þingi er ákveðið, að hreppstjórar skuli skyldir að fylgjast með skógræktarstjóra og skógarvörðum um hreppinn, ef þeir krefjast þess, til þess að kynnast fyrirskipunum þeirra. Á þessum ferðum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn úr landssjóði.

Þetta ákvæði fellur í burtu verði frv. samþykt, enda sé eg ekki, að með þessu hafi verið unnið neitt verulegt gagn fyrir skógræktina, og getur að hinu leytinu valdið talsverðum kostnaði og verið mjög óþægilegt fyrir hreppstjóra í ýmsum tilfellum. En það get eg vel skilið, að þessir skógfræðingar vilji, að hreppstjórarnir séu þeim til skemtunar um sveitina, en notum af því félagslífi geri eg ekki mikið úr.

Annars hefir nefndin litið svo á, að of miklu fé væri varið til launa og ferðalaga, en tiltölulega litlu fé til sjálfrar skógræktunarinnar.

Viðvíkjandi því, sem sagt var um laun skógræktarstjórans, þá hefi eg litið svo á, að það mætti segja honum upp starfinu, ef hann stæði ekki í stöðu sinni svo sem skylt er.

Annars vonast eg eftir að heyra framsögumann tala aftur í þessu máli, og vænti eg þess þá, að hann taki nánar fram hin ýmsu ákvæði frumvarpsins.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg skal víkja dálítið nánara að breyt.till. á þgskj. 260, fyrst flutningsmaður er búinn að mæla með þeim.

Eg hygg, að hvergi á landinu sé skilið annað við orðið hrís en fjalldrapi og víðir. Eg hefi haldið spurnum fyrir, hvað stjórnin hafi meint með orðinu í frumv., sem lagt var fyrir þingið 1909 og hefi fengið það svar, að merkingin væri fjalldrapi og smávíðir. Þótt ekki væri annað en þetta, þá er það nægilegt til þess að eg greiði atkvæði á móti breyt.till. En aftur á móti vil eg fyrir mitt leyti mæla með breyt.till. á þgskj. 300 við sömu grein.

Viðvíkjandi því, að ný grein komi, sem skyldi hreppstjóra til þess að fara um héraðið með skógarverði, þá býst eg við, að nefndin hafi ekkert á móti henni. Það segir sig sjálft, að skógarverðir hafi einhvern mann sér til leiðbeiningar, en þar sem eg þekki til eru bændur alstaðar fúsir á að veita þeim fylgd, svo að greinin virðist ekki bráðnauðsynleg.

Þá er enn ein breyt.till. viðvíkjandi því, að ný grein komi, sem skyldar skógræktarstjóra til að líta eftir landbrotum og þess konar og gefa skýrslu um þau. Eg hygg, að óþarft sé að samþykkja þessa grein. Eg veit, að skógræktarstjóri vinnur í þessa átt, þótt ekkert lagaákvæði sé um það.

Annars get eg tekið það fram, að nefndinni er ekkert kappsmál, að frv. nái fram að ganga. Ef háttv. deild þóknast að fella það, liggur í augum uppi, að hún hlýtur að veita meira fé til skógræktarinnar en nú er veitt. Og það verður að vera svo mikið, að fyrir það sé bygt, að verkalaun og ferðakostnaður gleypi helming fjárins, eða jafn vel meira.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) álítur, að það sé það eina rétta, að auka bara féð eftir þörfum. Það sé reglan, þegar maður leggi plan, að auka heldur féð, en klippa af planinu. En hitt er fult svo algengt hér hjá oss, að nægilegt fé er ekki fyrir höndum, heldur mjög takmarkað, og er þá sá einn kostur, að minka planið, og það er einmitt tilgangur þessa frumvarps. Mér er nú að vísu frv. þetta ekki sérlegt kappsmál. En eg hefi altaf álitið, að menn hafi að nokkru leyti flanað út í þetta skógræktarmál. Það hefir verið tekið nokkuð fram fyrir hendur þingsins, þótt það hafi hingað til staðið mótmælalaust. Það hafa verið skipaðir starfsmenn, án þess að þingið veitti nægilegt fé til þess.

Eg fyrir mitt leyti hygg, og hefi alt af álitið, að skógræktarmálinu væri bezt borgið, ef sú leiðin væri farin, að hafa sem mest áhrif á hugsunarhátt manna, svo að þeir taki það upp hjá sjálfum sér, að hlífa og hlynna að skógum og skógarleifum. Það væri kostnaðarminna og hefði betri árangur að blása eld að þeim kolum og laða menn til þess. Það hefir minna verið hugsað um það og málið falið þeim mönnum óskorað, sem örðugt eiga með þá aðferðina. Þetta varðar meiru en hitt, hvort hafðir eru 4 skógarverðir eða einungis 2.

Hvað þau rök snertir, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) var að færa á móti fækkun skógarvarða, að þeir hefðu bæði eytt fé og tíma í að

afla sér þekkingar í þeirri grein, þá er því að svara, að raunar getur það verið óþægilegt, en staðan hefir hingað til ekki þótt vel launuð og mér skilst svo, að hæpið sé, hvort þeir þykist draga uppi með þau. En þá er heldur ekki tap fyrir hrausta og fullvinnandi unga menn, þótt þeir þurfi að snúa sér að annari atvinnu, því þeim verður ekki vorkent að vinna fyrir sér frekar en öðrum fullvinnandi mönnum.

Hannes Hafstein: Háttv. samþingismaður minn, 2. þm. Eyf. (St. St.), sagðist ekki trúa því, fyr en hann sæi það svart á hvítu, að ekki mætti segja skógræktarstjóra upp stöðunni, hvenær sem vera skal. Eg get í því efni bent honum á lögin frá 22. nóv. 1907. Þar getur hann séð það »svart á hvítu«, að laun skógræktarstjóra eru fast ákveðin, eins og laun annara embættismanna eða sýslanarmanna, en alls ekki gert ráð fyrir neinni uppsögn. Hann er skipaður í stöðuna eftir umsókn, en ekki ráðinn með samningi, eins og verkamaður. Það er því eigi hægt að víkja honum frá, nema hann geri sig sekan í einhverjum afbrotum, vanrækslu eða því líku, að öðrum kosti kosti heldur hann sýslan sinni með þeim launum, sem honum eru veitt með lögunum. Það var og annað atriði, sem hann hafði á móti, að skylda hreppstjóra til að ferðast um héruð með skógarvörðum. Hann hélt, að það væri einungis gert skógarvörðum til skemtunar og til að auka félagsskap. En lagaákvæðið hefir alt annan tilgang. Það er augljóst, að skógarverðir hafa ekki tíma til að fara til hvers einasta manns í sveitinni. Þeir verða því aðallega að snúa sér að einum manni, gefa honum upplýsingar og bendingar, til þess að hann geti kent öðrum frá sér aftur. Og hreppstjórarnir virðast bezt fallnir til þess. Þeir eru vanalega skýrir og skynsamir menn og til þeirra geta aðrir snúið sér, sem skógarverðir hafa ekki tök á að tala við. Eg álít, að þetta ákvæði megi alls ekki falla burt, það er einmitt skilyrði fyrir, að lögin komi að góðum notum.

Það er ekki að undra, þótt mikið fé fari fyrstu árin í ferðalög, því að aðaltilgangurinn hlýtur í byrjuninni að vera sá, að rannsaka, hvernig til hagar víðsvegar um landið. Það væri undarlegt, að fara að breyta lögunum um stjórn og fyrirkomulag skógræktar hér á landi af þeirri ástæðu, að ekki hefir verið veitt nægilegt fé á fjárlögum. Hitt liggur nær að hlýða lögunum, með því að veita það fé, sem þarf til að framkvæma þau. En það er ekki í trássi við lögin þótt aðaláherzlan sé fyrst í stað lögð á ferðalögin.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gerði lítið úr því að stuðla að þessu máli með lögum, fór mörgum orðum um það, að affarasælla mundi að glæða áhuga manna á þessu framtíðarmáli, svo að þeir af sjálfsdáðum færu að hlynna að skógunum án lagaákvæða. En eg vil leiða athygli hans að því, að hvergi í öðrum löndum þykjast menn geta komið til leiðar neinu svipuðu og því, sem hér er um að ræða hjá oss, nema með því að skipa fyrir um það með lögum og taka framkvæmdina undir hið opinbera. Þannig hefir verið í þeim löndum, þar sem eyðilagðir skógar hafa verið endurgræddir öldina sem leið, og jafnvel í löndum, þar sem skógarnir eru og hafa verið í bezta blóma, sér stjórnin um, að skógarnir séu ekki eyðilagðir. T. d. í Danmörku, er fjöldi manna, er ríkið launar, sem fæst við skógarækt og skóggæzlu. Skógarnir hafa að mestu verið gerðir að ríkiseign og öll stjórn og gæzla þeirra lögð á hið opinbera. En að því er snertir skóga, sem eru í einstakra manna eign, er með lögum skipað fyrir um fastar reglur um skógarhögg, grisj-

an og gróðursetning nýrra trjáa, að viðlagðri hegning, ef út af er brugðið. Þannig er farið í mentalöndum, enda er það nú alment viðurkent, að skógarnir hafa hin mestu áhrif á veðuráttu landanna, regnfall og frjósemi. Ættum við einir að vera undantekning og ætlast til þess að menn bæti margra alda syndir og skemdir af sjálfsdáðum? Áhugi manna vaknar, þegar menn sjá, að eitthvað verður ágengt, sjá gagnið og fegurðina, hvernig landið grær upp og skógurinn vex. En lögin og landsstjórnin verður að ganga í broddi fylkingar, og án riflegra fjárframlaga kemst þetta ekki áleiðis. Enda virðist ekkert athugavert við það, að menn séu skyldaðir með lögum til þess að fara vel með landið og spilla því ekki fyrir þjóðinni og framtíðinni.

Verði þessar breyt.till., sem eg hefi drepið á, ekki samþyktar, legg eg til, að frumvarpið í heild sinni verði felt.

Sigurður Sigurðsson: Mér er það full ljóst, að skógræktarmálið er háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hjartans mál. En hann má ekki líta svo á, að það hafi verið tilgangur flutningsmanna eða nefndarinnar að hefta góðan framgang þess.

Frumvarpið ber það ljóslega með sér, að grundvellinum undir skógræktinni eða skóggræðslunni er ekki haggað. Breytingarnar eru að eins í því fólgnar að gera eftirlitskostnaðinn minni.

Eg tók það fram við 1. umr. málsins, að til skógræktarinnar væri árlega veitt 10,500 kr. Meginhluti þessa fjár gengur til þess að launa með skógvörðum — ekki skógræktarstjóra, því laun hans eru lögákveðin 3000 kr. — og til ferðalaga, bæði skógræktarstjóra og skógvarða. Hefir það nú komið í ljós, að árið 1910 hefir þessi kostnaður numið nálægt 7000 kr. Eru þá að eins eftir 3500 kr. til eiginlegrar skógræktar í landinu. Þetta er hvorki hagkvæm eða rétt brúkun á landssjóðsfé. Og satt að segja held eg, að ekki sé skaði skeður, þó að tala skógarvarða sé takmörkuð fyrst um sinn, Eg held því ekki fram, að minna fé sé veitt til skóggræðslu en áður, heldur að það, sem veitt er, gangi til skógræktar, en ekki í ferðalög og laun til manna, sem ekki gera meira gagn en skógarverðirnir.

Eg segi þetta ekki af því, að eg hafi persónulega nokkuð á móti mönnunum, en tilgangurinn er að draga úr eftirlitskostnaðinum. Laun skógræktarstjóra koma þessu máli ekkert við. Hann hefir 3000 kr. laun, ákveðin með lögum og þeim heldur hann, þótt frumvarpið verði samþykt, nema hann brjóti svo mikið af sér, að honum verði sagt upp stöðunni.

Þá er að minnast á sandgræðsluna. Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) gat þess, að nú sem stendur hefðum við 2 sandgræðslumenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, sem starfa að sandgræðslu og gefa mönnum leiðbeiningar. Og talsverðu fé er varið til að girða og græða svæði, sem eru að spillast og blása upp, og sem hægt er að hindra frá eyðileggingu. Það er ekki sagt skógræktarstjóra til lasts, að hann er ekki neinn »specialisti« í sandgræðslu. Aðalsandgræðslustarfið hlýtur því að hvíla á þessum 2 sandgræðslumönnum. En í framtíðinni getur það hugsast, að sá maður verði skógræktarstjóri, sem líka bæri gott skyn á sandgræðslu og þá einkum, ef það væri innlendur maður. Sandgræðsluna verður að byggja á innlendum, íslenzkum grundvelli og reynslu.

Viðvíkjandi skógræktinni ætla eg að öðru leyti að taka það fram, að þar hafa Ungmennafélögin komið meiru áleiðis heldur en lagaákvæðin og starfs-

menn skógræktarinnar. Þau hafa haft mikil og góð áhrif á hugsunarhátt manna í þessu máli, og örfað viðleitni einstaklinganna til að planta tré og runna hver hjá sér, enda hefir þessi plöntun aukist mjög síðustu árin, fyrir tilverknað þeirra. Annars skal eg ekki þreyta menn með langri tölu, en vil að eins geta þess enn þá einu sinni, að tilgangur okkar nefndarmanna er sá einn, að hlynna sem mest að skógræktinni og láta það fé, sem til hennar er veitt, koma að sem beztum notum.

Bjarni Jónsson: Eg trúi því vel, að tilgangur nefndarinnar hafi ekki verið að hnekkja skógræktinni, og mér hefir heldur aldrei dottið í hug að drótta því að þeim, en hinu hefi eg haldið fram, að tillögurnar yrðu til þess, á móti vilja flutnm. Eg sé ekki betur en full rök séu komin fyrir mínu máli, og hefir hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) veitt mér drengilega hjálp, svo að eg vona, að deildin sé orðin okkur samþykk. Eg skil ekki í því, að vegurinn til þess að koma málinu í sem bezt horf, sé að draga úr fjárveitingunni. 10 þús. kr. er ekki mikil upphæð, og undarlegt þætti mér, ef það hefði góðar afleiðingar, að taka mikið af þeim í girðingar. Það er sannarlega ekki of mikið í ferðakostnað og laun handa þeim mönnum, sem líta eftir skógum og skógarleifum, gefa mönnum góð ráð og kenna þeim að varðveita og hlúa að skógunum, því að það er meira en tveggja manna verk að prédika, svo það beri nokkurn árangur, fyrir mönnum, sem aldir eru upp við það, að rífa hverja viðartág upp frá rótum og stinga henni undir ketilinn. Það er rétt hjá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) að áhugi manna á að hlynna að skógunum og rækta upp landið hefir aukist mjög fyrir starf Ungmennafélaganna. En afleiðingin af áhuganum er sú, að fjöldi manna vill fara að rækta, og þá verða þeir hinir sömu að ná til manna, sem geta sagt þeim til og gefið þeim leiðbeiningar. Og þegar svo er komið, er sannarlega ekki of mikið, þótt einn slíkur maður sé í fjórðungi hverjum. Ungmennafélögin hafa glætt áhugann, en þau geta ekki lagt til skógarverðina, enda væri það nokkuð lítilþægt af landinu að ætlast til þess, en gera það ekki sjálft. Gróður landsins er mikils virði, og löggjöfin ætti ekki að láta það viðgangast, að einstökum mönnum væri lagt það á herðar að halda honum við. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagðist hafa viljað færa töluna niður í 2, til þess að það yrði takmörkuð tala. Eg hélt nú satt að segja, að 4 væru nokkuð takmörkuð tala, því að langt er frá 4 upp í óendanlega stórt. 4 skógarverðir eru að mínu áliti það minsta, sem við getum komist af með, því að þess ber að gæta, að skógræktarstjóri getur ekki verið á einum stað, heldur verður hann að vera á sífeldum ferðalögum til að hafa eftirlit með öllu, bæði skógarvörðum og öðru.

Svo vildi eg minnast á sandgræðsluna. Eg skil ekki, hvers vegna ætti að aðskilja hana frá skógræktuninni. Hver ætti að þekkja betur, hvað er tryggilegt meðal gegn sandi, en skógræktarstjórinn? Hann á að vita, hversu hefta má sandfok með skógrækt, þótt ekki væri nema um hrís, víði eða fjalldrapa að ræða. Það er rétt, er háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) tók fram, að sandgræðsla og skóggræðsla þurfa að vera bygðar á íslenzkum grundvelli. Það þarf að hefta þann íslenzka sand, og þessvegna þurfa menn þeir, er starfa að þessu, að vera íslenzkir, en ekki útlendir. Enda þótt eg verði að játa, að það hafi verið mjög misráðið, að ráða nokkurn tíma þann skógræktarstjóra, er við höfum nú, þá vil eg hins vegar ekki, að okkur farist neitt illa við hann, t. d. að við drögum

úr launum hans. En eg geri þær kröfur til hans, að hann setji sig vel inn í störf sín; hann verður að kunna að hefta sand, og verður yfirleitt að vinna sem Íslendingur. Það breytir ekki og á ekki að breyta lögunum, hver það er, sem hreppir skógræktarstjórastöðuna. Eg hygg, að skógræktarlögin frá 1907 hafi ekki verið sett til 4 ára, né lögin 1909 til tveggja. Og hvers vegna vilja menn nú fara að breyta þeim, áður en reynsla er fengin, hversu þau gefast?

Að því er snertir breytingartillögu mína við 5. gr. frv., skal eg ekki þrátta neitt við háttv. framsm. um hana, enda er hér víst að eins um málvenju að ræða, þar sem eg við orðið hrís, skil »betula nana«.

Þá skal eg víkja að hreppstjórunum. Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) talaði um, að tilgangur frumv. með ákvæðinu um hreppstjórana væri víst sá, að þeir ættu einungis að vera skógarvörðunum og skógræktarstjóranum til skemtunar og gera sér glaðan dag með þeim. En vildi háttv. þm. sekta skógræktarstjórann eða skógarverðina, þótt þeir gerðu sér glaðan dag með hreppstjórum? Það er skýrt tekið fram í frumv., hversvegna hreppstjórar eiga að fara með skógræktarstjóranum. Þeir verða að hafa lögskyldu til að gæta að, hvort fyrirskipunum og ákvæðum um meðferð skóga og kjarrs sé hlýtt. En það er auðvitað ekki meiningin með frumv., að þeir eigi einungis að ferðast um til þess að fá sér í staupinu og gera sér glaðan dag.

Eg vona að háttv. deild skiljist, að rétt sé að samþykkja breytingartillögur mínar. Eg hefi talað við bróður minn um þær, mann, sem hefir sérþekkingu á þessu máli. Hefir hann ráðið mér til þess að koma fram með þær. Eg segi þetta til þess, að háttv. þm. haldi ekki, að þetta sé firrur úr mér. Annars skal eg, án þess að hrósa mér, geta þess, að eg er enginn glópur í máli þessu, því að svo mikið er kent um þá hluti í skóla, að nægir til þess að vita þetta rétt.

Einar Jónsson: Eg er auðvitað hlyntur sparnaðarhugmyndinni, en þó því að eins, að hún stefni í rétta átt. En það gerir hún ekki í þessu máli. Í fyrsta lagi álít eg lækkun á launum skógræktarstjórans ekki lögum samkvæma. Og í öðru lagi álít eg fækkun á skógarvörðunum nokkuð varhugaverða að jafn óreyndu máli og starf þeirra virðist ennþá vera. Verksvið þeirra er þannig vaxið, að árangur getur eigi á fyrsta ári orðið sýnilegur almenningi, enda mun þessi hugmynd vera sprottin af vanþekkingu á starfssviði þeirra, og gæti eg hugsað mér, að hún ætti upptök sín hjá Reykvíkingum, en ekki hjá sveitamönnum. Eg get ekki skilið, hvernig menn geta ætlast til þess, að að eins 2 skógverðir geti afkastað öllum þeim störfum, er þeim er ætlað að leysa af hendi. Og enda þótt Ungmennafélögin gerðu mikið í því að plantsetja og rækta skóg, eru skógarverðirnir eigi að síður nauðsynlegir til þess að kenna þeim og leiðbeina.

Eg skal svo ekki fara frekara út í þetta mál, enda hefir háttv. þm. Dal. (B. J.), sem er mér samdóma, rakið það ítarlega. Bið eg háttv. þm., sérstaklega bændurna, að athuga það vel, áður en þeir greiða atkvæði, að við eigum að hlynna að skógræktinni af fremsta megni.

Þorleifur Jónsson: Þótt eg sé mjög hlyntur skógræktinni, þá lýsi eg því eigi að síður yfir, að eg aðhyllist tillögur nefndarinnar. Eg skil ekki annað, en að nægilegt sé fyrst um sinn að hafa 2 skógarverði, annan á Hallormsstað, en hinn á Vöglum.

Því hefir verið haldið fram, að ef þeir væru að eins tveir, hefðu þeir ekki

tíma til þess að ferðast um land alt. En skógarvörðurinn á Hallormsstað, sem er mjög áhugamikill í sínu starfi, ferðaðist síðastliðið ár frá Langanesi að Skeiðará og ef sá, sem er á Norðurlandi, hefir farið yfir jafn mikið svæði, skil eg ekki annað en að hann hafi getað komist yfir þau svæði norðanlands, þar sem er skógur eða kjarr. Og þó að þessir 2 verðir gætu ekki ferðast um alt landið nema annaðhvort ár, þá mundi það verða nægilegt til þess, að vekja áhuga á máli þessu hjá öðrum, en það á að vera aðalhlutverk þeirra. Því hefir að vísu verið haldið fram, að skógarverðirnir ættu að ferðast um aðallega til þess að kenna öðrum. En eg hygg, að slík kensla á hröðum ferðalögum sé ekki mikils virði, því að þeir gætu ekki meðal annars sýnt nægilega hvernig á að gróðursetja o. fl. Aftur á móti hygg eg, að miklu betra sé að menn væru sendir úr sýslunum, þar sem skógarleifar eru til skógræktarstöðvanna, til þess að nema þar skóggræðslu. Þetta gæti fyllilega vegið upp á móti því, að hafa fleiri skógarverði. Skal eg í sambandi við þetta geta þess, að síðast liðið ár fengu 2 menn úr Austur-Skaftafellssýslu lítilfjörlegan styrk úr sýslusjóði, (50 kr. hvor) til þess að ferðast til Hallormsstaðar og kynna sér þar hið helzta, er lýtur að verndun skógarleifa o. fl.

Eg veit ekki betur, en að þessir ungu menn, er sendir voru, hafi fengið mikinn áhuga á verndun og ræktun skóga og hygg eg þess vegna, að ferð þeirra hafi komið að tilætluðum notum og að þeir veki áhuga á málinu heima fyrir. Var annar þeirra úr Öræfunum, en þar er Bæjarstaðaskógur, sem er einhver hinn gróðurríkasti skógur hér á landi. Eg vildi einmitt skjóta því fram til athugunar, að það mundi verða þýðingarmeira, að menn úr sýslunum væru sendir til skógræktarstöðvanna, til þess að nema þar skógrækt, heldur en að skógarvörðunum væri fjölgað. Þessir menn gætu svo leiðbeint bæði Ungmennafélögunum og öðrum. Ef þetta væri framkvæmt, hygg eg, að skógræktarmál vort sé ekki í neinni hættu, þótt ekki sé bætt við 2 skógarvörðum.

Sigurður Gunnarsson: Það er mikill ágreiningur um mál þetta, enda aðgætandi, að það er seinunnið og er að því leyti framtíðarmál. Eg hygg, að þingið geti ekki að svo stöddu lagt fram meira fé til skógræktunar, en gert hefir verið á þessu fjárhagstímabili. Og á meðan að að eins er hægt að veita 10—12 þúsund kr., geta skógarverðirnir ekki verið fleiri en tveir.

Háttvirtur framsögum. (P. J.) tók það réttilega fram, að aðalhlutverk skógræktarstjórans og skógarvarðanna ætti að vera, að vekja áhuga á málinu hjá almenningi og koma réttum hugsunarhætti inn hjá honum. Stórar fjárveitingar úr landssjóði til einhvers fyrirtækis mælast ekki vel fyrir, fyr en áhugi þjóðarinnar er vaknaður á því. Eg álít, að hreyfingin eigi að koma að neðan, en ekki að ofan, og þess vegna er eg hv. framsögum. (P. J.) samdóma í þessu máli, en ekki háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), er sagði að hreyfingin ætti að koma að ofan.

Breytingartillögur nefndarinnar eru bygðar á þeim grundvelli, að oss þykir ekki fært, að leggja fram meira fé en gert hefir verið á þessu fjárhagstímabili og því hneykslanlegt, að svo miklu fé sé varið til launa og ferðakostnaðar starfsmanna. Eg þekki ekki skógræktarstjórann, en mér þætti vænt um að heyra, að hann væri laginn á að koma inn réttum hugsunarhætti hjá þjóðinni og gæti vakið áhuga hjá henni á málinu. Eg efa þó að svo sé. Aftur á móti hefi eg heyrt hinum skógarvörðunum hrósað.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar um þetta mál, en leyfi mér að mæla með tillögum nefndarinnar.

Stefán Stefánsson: Eg vildi leyfa mér að segja að eins örfá orð. Nefndin hefir meðal annars komið fram með þá breytingartillögu við frv., að segja megi skógræktarstjóranum upp starfi hans með hálfs árs fyrirvara. Þetta er bráðnauðsynlegt ákvæði, því að svo getur farið, að sá sem fengi skógræktarstjórastöðuna, reyndist lítt fær um að gegna henni og yrði því að skifta um mann, en þá verður að vera heimild fyrir því að segja honum upp starfinu.

Að því er snertir breytingartillögu háttv. þm. Dal. (B. J.), að hreppstjórar séu skyldir að fylgja skógræktarstjóranum og skógarvörðunum, ef þeir krefjast þess, um hreppinn, svo sem skylt er eftir núgildandi lögum, þá get eg ekki verið honum samdóma, eins og eg hefi áður tekið fram með fullum rökum og þykist eg ekki þurfa að endurtaka það.

ATKV.GR.:

Brtill. 260 2. liður við 1. gr. feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Brtill. 260 (síðari liður) sþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. svo orðin sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 174, 1. við 2. gr. sþ. með 14 : 9 atkv.

Brtill. 260, 3. við 2. gr. (fyrri liður) þar með fallin.

Brtill. 174, 2. við 2. gr. feld með 14 : 11 atkv.

Brtill. 260, 3. við 2. gr. (síðari liður) feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hl.

2. gr. svo orðin sþ. með 17 : 3 atkv.

Brtill. 260, 4. við 3. gr. feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.	Jón Ólafsson,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson.

Já:	*Nei:*
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hl.

Brtill. 174, 3. við 3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt sþ með 13 atkv.

4. gr. sþ. með 15 : 2 atkv.

Brtill. 260, 5. við 5. gr. feld með 14 : 9 atkv.

Brtill. 300 við 5. gr. sþ með 16 shlj. atkv.

Brtill. 174, 4. og 5. við 5. gr. sþ. án atkvgr.

5. gr. þannig orðin sþ. með 14 : 1 atkv.

6. gr. sþ. með 13 atkv.

Brtill. 174, 6. við 7. gr. sþ. með 14 atkv.

Brtill. 260, 6. við 7. gr. sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sigurður Sigurðsson.
Þorleifur Jónsson.	

7. gr. svo orðin sþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. 260, 7. við 8. gr. feld með 13 : 8 atkv.

Brtill. 174, 7. við 8. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr. svo orðuð sþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. 260, 9. við 9. gr. sþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	

Jón Magnússon og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv. og voru því taldir með meiri hl.

9. gr. svo orðin sþ. með 14 shlj. atkv.

10. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 260, 11. (ný 12. gr.) sþ. með 13 : 4 atkv.

12. gr. (frv.) sþ. með 15 shlj. atkv.

13. gr. (frv.) sþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. (frv.) sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 260, 1. þar með fallin.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkv.

Þriðja umr., 29. marz (A. 308, 315).

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér hér með að skora á háttv. deild að fella frv. þetta, þar eð það hefir engar aðrar breytingar á skógræktarlögunum í för með sér en þær, að skógræktarstjóranum megi segja upp stöðu hans með $^1/_2$ árs fyrirvara og að laun hans skuli færð niður um 600 kr., þegar nýr maður tekur við, en alt annað til skemda.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 315, 1. við 12. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 315, 2. við 12. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. sþ. með 14 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Ritsími og talsími.

FRUMVARP til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Fyrsta umr., 10. apríl (A. 477).

Flutningsm. (Pétur Jónsson): Það hefir verið skýrt frá því við umr. fjárlaganna, hvernig á því stæði, að frv. þetta er komið fram. Fyrir þinginu 1909 lágu fyrir í fjárlagafrv. tillögur frá stjórninni um miklar símalagningar. Mikill meiri hluti þeirra var feldur burtu á þinginu, því að hv. þm. mun hafa þótt efnahagurinn eigi leyfa að leggja síma nema smátt og smátt. Nú í haust lagði landsímastjórinn fyrir stjórnina tillögur um heilsteypt símakerfi, og lagði til, að meiri hluti þess væri nú tekinn upp í fjárlög. En stjórnin treysti sér ekki til, að taka upp meira en svo sem $^1/_4$ af því. Það eru nú ýms kauptún og aflapláss, sem enn ekki hafa fengið talsíma, og verða þau því að fara á mis við ýmsan hagnað, sem aðrir hafa af símanum. Þetta er afturför hjá þessum aflaplássum og kauptúnum, því að þau geta ekki kept við þau aflapláss og kauptún, sem þegar hafa fengið talsímakerfi. En þegar ekki er veitt fé á fjárlögunum til símalagninga nema í svo smáum stil, að margir hljóta með því móti að bíða óratíma og í óvissu, þá virðist það ráðlegt að fá sér lán til þess að koma sem mestu af þessu á í einu, eða öllu því, sem miklu varðar fyrir atvinnuvegi og verzlun. Og það einkum, þegar talsíminn gefur svo miklar tekjur, að þær hrökkva fyrir rekstrarkostnaðinum og borga jafnvel vexti. Landsímastjórinn hefir gert áætlanir um flestar þessar símalagningar, og hefir það komið í ljós, að áætlanir hans hafa reynst mjög réttar. Það er því undirbúningsins vegna óhætt að leggja út í þetta. Eg vil geta þess, að frv. er bygt á tillögum þeim, sem eg nefndi, frá landsímastjóranum, sem hann hefir lagt fyrir stjórnina. Ætlumst við flutningsmenn til, að lán verði tekið til allra þeirra lína, sem nefndar eru í 3. og 4. gr. frv., og sem ekki er búið að leggja.

Að þessu leyti fer þetta frv. fram á hið sama og landsímastjórinn fór fram á við stjórnina, en sem hún sá sér ekki fært að verða við, sem ekki var von, eins og útlitið var með fjárhaginn. Eg býst við því að sjálfsögðu, þótt þetta mál sé nú allvel undirbúið, að það þurfi þó að ganga til nefndar, og verða athugað þar sem bezt að kostur er á. En eg vil óska þess jafnframt, að sú væntanlega nefnd vildi vinna að þessu máli með sem mestum hraða, sem unt er, þannig að það þó verði vel athugað, einnig í Ed., því að það er alhægt enn að koma því í gegn um þingið, ef menn flýta sér að því. Nú eru stærstu málin komin héðan úpp í Ed., og verður þá því betri kostur á því að undirbúa þetta mál rækilega. Þess vegna væri réttast að setja það í nefnd án þess að tala meira um það nú.

Forseti bar undir deildina samkvæmt 18. gr. þingskapanna, hvort málið skyldi tekið fyrir, og var það samþykt með 15 atkv. shlj.

Þorleifur Jónsson: Frumv. það, sem hér liggur fyrir, hefir sjálfsagt fengið allgóðan undirbúning, og flutnm. vitanlega reynt að vanda til þess, en þó býst eg við að á því séu ýmsir gallar, og að sínum augum líti þar hver á silfrið. En þar sem þetta er stórmál, þá verður þingið að athuga það rækilega.

Samkvæmt þessu frumv. er símum

landsins skift í þrjá flokka. Það getur nú verið, að þetta sé gott og nauðsynlegt, en þó hygg eg, að ýmislegt sé að athuga við þessa flokkaskiftingu. Í fyrsta flokki eru símar, sem landssjóður kostar að öllu leyti, í öðrum flokki þeir, sem hann kostar að nokkru leyti, en með einhverju tillagi frá héruðunum, en í þriðja flokki eru símar, sem eiga að bíða og mæta afgangi, bíða eftir tekjuafgangi frá landsímanum, og koma síðan smátt og smátt móti tillagi annarstaðar frá, en ekki er getið um, hve mikið það á að vera. Þriðji flokkurinn er því bæði halabarnið og olnbogabarnið, því ekki er fyrirsjáanlegur í náinni framtíð sá tekjuaustur upp úr landsímanum, fram yfir allan tilkostnað, að það nægi til þess að leggja alla þessa síma. Þegar tekið er tillit til þess, að af tekjunum á líka að leggja aukaþræði á eldri símalínur, og við vitum, að nú er heimtað stórfé á hverjum fjárlögum og fjáraukalögum til að bæta við þráðum á gömlu símalínunni. Að þessu athuguðu, þá er hægt að sjá, að mörg ár hljóta að líða, áður en tekjuafgangurinn hrekkur til að leggja nýja síma, svo nokkru nemi. Og býst eg því við, að héruðin í 3. flokki megi bíða sæmilegan tíma enn eftir þessum ráðgerðu símum. Mér finst flokkunin vera allmikið öðru vísi í frumvarpinu, en eg hafði búist við. Þegar Forberg hafði verið austan lands í sumar til þess að kynna sér símaleiðir, hafði Austri eftir honum, að hann ætlaðist til að landið tæki að sér aðalsímana, sem eftir eru þar, og að hann teldi sjálfsagt, að síminn frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar yrði þar með. Blaðið áleit nú að vísu, að hann ætti að víkja í bráð, en síminn milli Vopnafjarðar og Húsavíkur að koma í staðinn. En ef lán á að taka á annað borð, þá ættu báðar þessar símalínur að koma undir eins, og þá ætti að kosta kapps um að koma símanum sem lengst áfram kringum landið. En það virðist ekki vera tilætlunin í þessu frumv. Eg hélt nú, að þessar tvær símalínur, sem eg nefndi áðan, ættu að vera nokkurnveginn jafn réttháar, en það er ekki að sjá, að flutningsm. vilji það. Síminn frá Vopnafirði til Húsavíkur er settur í hásætið, hann á að koma strax og landið að kosta hann að öllu, hann kostar þó ekki neitt smáræði, 85 þús. kr. En síminn frá Fáskrúðsfirði til Hornafj. er bútaður í sundur á miðri leið, á Djúpavogi. Kaflann frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs setja þeir í 2. flokk, auðvitað skör lægra en Húsavíkursímann, því pressa á út úr héraðinu framlag til þessa Djúpavogssíma. En svo setja þeir kaflann frá Djúpavogi til Hornafjarðar í 3. flokk. Þeir setja hann út í horn með öðrum olnbogabörnum, á þann stað stað, sem fyrirsjáanlegt er, að hann fái engan framgang um svo og svo mörg ár að minsta kosti.

Eg skal ekki fara lengra út í þetta, en ekkert skil eg, hvað frumvarpssmiðunum getur gengið til þessa, því ekki er hægt að segja annað, en að kaflarnir ættu að vera báðir jafn réttháir, og nær þessi ráðstöfun því ekki neinni átt.

Auk þessa skal eg taka það fram, að mér finst það hið mesta ranglæti, að sumum héruðum sé gert að skyldu að leggja til símans *kringum landið*, en sumum ekki. Eg álít, að í þessu símamáli ætti að fylgja sama »principi« og fylgt er í vegalögunum. Landssjóður kostar alla þjóðvegi og aðalpóstleiðir, en héruðin sýsluvegi. Sömu eða líkri reglu ætti að fylgja í símamálunum.

Af því að það hæfir ekki að fara mikið út í einstök atriði, en mér finst hinsvegar málið þannig vaxið, að rækilega þurfi að athuga það, þá vil eg stinga upp á því, að til þess verði skipuð sérstök 5 manna nefnd, ef það á að fá framgang. Mér heyrðist einnig, að hv.

flutnm. (P. J.) búast við því, enda finst mér það sjálfsagt.

Flutnm. (Pétur Jónsson): Það lýsir stórum misskilningi á þessu frv., að það er eins og ætlast sé til þess og búist sé við því, að þar sé beitt ósanngirni. Aðaltilgangur frumv. er einmitt sá, að stuðla að fullri sanngirni. Setjum svo, að það sé rétt, að allir eigi sanngirniskröfu til síma, úr því sumir fá hann, og til hans gengur almannafé. En símakerfi, hvort sem það nær til allra eða að eins flestra, kostar mikla peninga, og þeir eru ekki til allir í einu, og verkið kemst heldur ekki í framkvæmd alt í einu. Hvernig sem að er farið, verða sumir í fyrirrúmi og aðrir að bíða að sinni. Frumv. þetta miðar nú að því, að biðin verði sem skemst, og réttlætið sem mest í því, hverjir sitja í fyrirrúmi eftir kringumstæðum.

Hinn háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) efaðist um það, að flokkaskiftingin væri nauðsynleg. Það getur nú verið, að hún hafi ekki mikið að þýða, en hún er gerð til hægðarauka, þar sem þó er allmikill munur á þörf á símunum eftir ásigkomulaginu. Þar sem t. d. svo stendur á, að landssjóður tekur að sér allan kostnaðinn, þá getur enginn haft á móti því, að þeim símum sé raðað í flokk sér. Í öðrum flokki eru þá þeir símar, sem á að taka fyrir með styrk frá hlutaðeigandi héruðum með lánsfé og koma á upp á fastákveðnum tíma. Annað mál er það, hvernig eigi að skipa niður í flokkana, og þar þarf að taka tillit til margs. Væntanleg nefnd getur nú gert sínar tillögur um það, eftir því sem henni finst sanngjarnast, og það er aðalatriðið í frumvarpinu, að þetta takist vel. Auðvitað kunna að vera misfellur á þessu í frumv. enn þá, en þá er að laga þær, og það ætti að vera unt, ef málið kemst til 2. umr. Annars virðist mér sem hér sá fylgt hinni fylstu sanngirni.

Eg skal minnast á það, að háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) rak augun í símalínuna frá Húsavík til Vopnafjarðar, sem sett er í 1. flokk, og vissi ekki, hvers hún ætti að njóta í samanburði við línuna frá Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar. Það hefði nú engum dottið í hug að leggja svo mikið upp úr þessari línu (Húsav. —Vopn.), ef hún væri ekki hugsuð sem partur af aðallínunni, sem tengir Reykjavík við útlönd. Það hefir verið mikið rætt um, hvar sú aðallína ætti að liggja, til þess að samband höfuðstaðarins við útlönd væri sem öruggast, og menn hafa verið efablandnir og hræddir um það, að höfuðstaðurinn kynni að tapa sambandinu vegna bilana á landsímanum. Og það hefir nú líka komið í ljós, að miklar bilanir hafa orðið á honum einmitt á milli Vopnafjarðar og Grímsstaða á Fjöllum. Það eru náttúruöflin, sem þessu ráða, og verður ekki við því gert. En til tryggingar gegn þessu, hefir mönnum nú hugkvæmst það ráð, að hafa línuna tvöfalda á þessu hættulega bili, eða jafnvel lengra, austur á Hérað. Það er þessa vegna, að landsímastjórinn hefir lagt þetta til, og það var ólag, að aðallínan var eigi ákveðin þessa leið 1905. En þá var flokkastríð mikið hér á þingi og þetta var dálítið dýrara — að vísu ekki nema 25,000 kr. — svo að nefndin þorði ekki að leggja þetta til þá. Þetta er því ekki gert sérstaklega með tilliti til Norður-Þingeyinga, heldur njóta þeir að eins góðs af og er það ekki nema gott. Ef þinginu virðist þessi trygging óþörf, þá er ekki annað líklegra, en að þessum síma verði kipt aftur í 3. flokk, því að ef hann ætti eingöngu að vera vegna Norður-Þingeyinga, þá er hætt við að hann verði neðarlega. En þótt þetta sé nú svona,

þá eru hliðarlengjurnar, sem eiga að tengja kauptúnin við aðallínuna og sem ætlast er til að Norður-Þingeyingar leggi 5000 kr. til, og er það meira að tiltölu en nokkursstaðar annarsstaðar. Það þarf því ekki að öfunda þá. Hin línan er ekki nema fyrir Austur-Skaftfellinga eina, en styttir ekkert aðallínuna.

Eg gat ekki komist hjá því að fara út í þetta, til þess að varpa ljósi yfir málið í heild sinni, en um hitt skal eg ekki dæma, hvort línan frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar ætti að vera í 2. flokki.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. sþ. með 16 shlj. atkv.

5 manna nefnd sþ. með 17 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Gunnarsson,
Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson,
Björn Sigfússon,
Jóhannes Jóhannesson,

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Pétur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 3. maí (A. 477, n. 817, 818, 844, 845).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Nefndin hefir í nefndaráliti sínu gert svo grein fyrir þessu máli, að óþarfi er að vera að halda langa ræðu, og litlu við að bæta.

Nefndin hefir athugað og rannsakað þetta mál og orðið sammála um helztu aðalatriðin. Fyrst það, að rétt hefði verið, þótt fyr hefði verið, að leggja »plan« fyrir öllu hraðskeytasambandi innanlands. Ennfremur hefir nefndin orðið sammála um flokkun eða niðurröðun símalagninganna í aðalatriðum öllum, og að hraða sem mest lagningu þeirra síma, sem í 2. flokki teljast, og eigi eru þegar komnir.

Sömuleiðis hefir nefndin orðið sammála um, að kostnaði við þennan hluta símanna sé dreift á t. d. 20—30 ár, svo að ókomni tíminn fái hlut í kostnaðinum, og það er með lántöku þeirri, er frumv. ráðgerir. Um þetta hefir nefndin orðið sammála og vonar, að þingdeildin verði það einnig.

Það eru einungis örlitlar breytingar viðvíkjandi færslu á milli flokka, sem nefndin gerir, og hefir hún orðið sammála um það.

Þar á móti hefir orðið nokkur ágreiningur um:

Hvort rétt sé að gera að skilyrði, að héruð leggi fé fram til lagninga 2. eða 3. flokks síma.

Sérstaklega áleit einn nefndarmaðurinn, þm. Snæf. (S. G.), að þetta væri ekki rétt og álítur, að það sem héruðin hingað til hafa lagt fram, ætti að endurborgast. Þetta fé nemur 82 þúsundum króna og í frumv. er gert ráð fyrir 39 þús. kr. til 2. flokks síma, sem verður þá samtals c. 120 þúsund krónur, og þegar kemur til að leggja 3. flokks síma, þá verður sú fúlga ekki innan við 150 þúsund kr. Þeita mundi það kosta landssjóð að nema burtu umrædd skilyrði.

Hér liggur nú engin breyt.till. fyrir um þetta efni, en eg vil þó stuttlega benda á það, gagnvart þessari skoðun, að fyrst og fremst koma ekki allar símalagningar út um héruðin samtímis, og sum bygðarlög geta seint búist við að fá símasamband. En öll bera þau kostnaðinn, ef hann er af almannafé allur. Þess vegna er sanngjarnt, að þau héruð og bygðarlög, sem fá síma, og einkum þegar þau fá hann bráðlega, leggi sérstaklega fram og létti þannig á hinum, sem borga símann, en fá hann ekki.

Einstaka stofnanir og menn hafa og sérstakt gagn af símalagningum, t. d. kaupmenn. Thor E. Tulinius t. d. lét strax leggja síma til Eskifjarðar frá Egilsstöðum. Að vísu er nú búið að kaupa þann síma og auðvitað hafði Thor E. T. allmiklar tekjur af honum. En að töluvert fé hafi hann lagt frá sjálfum sér til hans, það tel eg vafalaust.

Loks er það aðalatriðið í þessu máli, að tillög héraðanna eru eins og prófsteinn til þess að sýna, hve brýn þörf er á símalínu á þessum stað eða hinum. Ef héruðin eru fús á að leggja sjálf fram svo og svo mikið fé til símalagningar, þá er það sönnun fyrir því, að símalínan sé nauðsynleg, ella mundu héruðin ekki taka svo miklar byrðar sér á herðar. Líka er þess að gæta, að þetta ákvæði er nokkurs konar hamla á því, að símar verði heimtaðir af þeim héruðum, þar sem lítil þörf er á þeim, eða útlit fyrir, að þeir muni ekki borga sig. Það er hamla á móti þeim straum, sem sífelt skellur á þinginu af fjárbeiðnum og kröfum, sem valda því, að það er áður en varir komið svo, að tekjurnar ekki nægja fyrir útgjöldum. Eg vona því, að menn hafi séð, að það verður að reisa skorður við þessu, og það verður ekki betur gert á annan hátt en þann, að heimta svo og svo mikið tillag úr hlutaðeigandi héruðum sjálfum. Það er þessi hamla, sem eg fylgi fram í vegamálum, skólamálum o. fl. til þess að verjast ágengd.

Það varð talsverður ágreiningur um það í nefndinni, hvort hafa skyldi eingöngu síma eða að nokkru leyti loftskeyti, og stendur það í sambandi við hraðskeytasamband milli Vestmannaeyja og meginlands. Um þetta þarf ekki mikið að tala nú, þar sem engin brtill. liggur fyrir í því efni, en eg skal að eins geta þess, að þessi þræta kemur nokkuð öðru vísi fyrir nú en árið 1905. Raunar var eg ekki í efa um það þá, að miklu heppilegra mundi vera að hafa símasamband milli landa en loftskeytasamband, en þó gat verið um meira efamál að ræða þá en nú.

Nú er um það að ræða, að setja loftskeyti í samband við fullkomið símakerfi, sem þegar er komið, og ólíklegt að það geti blessast vel. Eg er hræddur um, að þau héruð, sem eingöngu ættu við loftskeyti að búa, yrðu óánægð vegna þess, að þau yrðu svift hinum miklu kostum og þægindum, sem talsíminn hefir í för með sér, og öllu beinu sambandi við talsímakerfið, sem er hvarvetna annarstaðar á landinu. Frumv. hefir þó nokkuð um loftskeytasamband, þar sem ráðgert er, að loftskeytastöð verði reist hér í Reykjavík. Auðvitað er það einkum vegna skipa í hafi. En hún er þá líka til taks, ef menn síðar vildu koma þeim bygðarlögum, t. d. Skaftafellssýslu, sem ekki geta fengið síma, í loftskeytasamband við Reykjavík. Það virðist líka miklu heppilegra að hafa loftskeytastöðvarnar í Skaftafellssýslu — ef til kemur — svo sterkar, að þær geti náð sambandi beint til Reykjavíkur. Það getur orðið nokkuð mikil töf að þurfa að hafa millistöð í Vestmannaeyjum, og ef sími væri lagður til eyjanna, væri eins hægt fyrir Skaftafellssýslu að komast í samband við þær gegnum Reykjavík.

Þá skal eg minnast á brtill. á þgskj. 844 um það, að Norður Þingeyjarsýslulínan liggi bæði um Axarfjörð og Kelduhverfi. Eg hefi ekki átt tal við símastjórann um það og hygg því, að það sé nokkuð viðurhlutamikið að samþykkja brtill. að svo stöddu. Eg er hræddur um, að það yrði kannske nokkuð mikill kostnaðarauki. En það er ekki svo, að eg telji það ekki sjálfsagt, að Kelduhverfið verði einhvernveginn sett í sambandið, og lofa eg fyrir mitt leyti að

vinna að því, hvort sem þessi tillaga verður samþykt eða ekki. En nú sem stendur er ekkert hægt að segja um kostnaðinn, og vildi eg því mælast til, að hv. flutningsm. tæki tillöguna aftur við þessa umræðu.

Þá hefir komið fram önnur brtill. þess efnis, að í stað loftskeytastöðvar í Reyjavík, sem nær til Grænlands, komi svo sterk stöð, að hún nái til Vesturheims. Eg er hræddur um, að þetta verði okkur ofvaxið. Líka er þess að gæta, að við höfum enga áætlun um kostnaðinn við svo sterka stöð, og væri því nokkuð viðurhlutamikið að færast þetta í fang að alveg óhugsuðu ráði. Nái stöðin til Grænlands, þá getur verið, að það flýti fyrir máli, sem talsvert hefir verið talað um, að ná loftskeytasambandi frá Norðurálfu við Vesturheim með Grænland sem millilið. Yrði þá óþarft fyrir oss Íslendinga að brjótast í að koma sambandinu á. Við vitum líka hvað stöð, sem nær til Grænlands kostar. Það verður kannske helmingi dýrara en hin ráðgerða stöð til sambands við Vestmannaeyjar, en 50—60 þús. kr. er ekki það stórfé, að það sé okkur ofvaxið. Það er gerð grein fyrir því í nefndarálitinu, hvað mæli með því að hafa stöðina svona sterka. Með því nær hún líka til annara næstu landa, Írlands, Noregs og Skotlands, og getur það orðið oss til stórhagnaðar, þegar samningstíminn við Stóra norræna félagið er útrunninn.

Eg hefi svo ekki meira um málið að segja. Okkur nefndarmönnum er það kappsmál, að því verði lokið svo tímanlega hér í deildinni, þó að það hafi komið seint fram, að hv. Ed. geti að einhverju leyti lýst áliti sínu á því.

Sigurður Gunnarsson: Eg virði mjög hinn mikla áhuga flutningsmanna, og þá sérstaklega hv. þm. S.-Þing. (P. J.) á þessu. Eg verð að segja það, að eg hefi aðallega unnið að þessu frumv. til þess að mér gæfist tækifæri til þess að láta þá skoðun mína í ljós, að slíkt frv. hefði átt að leggjast fyrir þingið þegar í upphafi, áður en símamálin hefðu yfirleitt verið tekin til meðferðar. Aðalstefnu frv. tel eg því rétta, en eins og nú er komið, tel eg það afarmikinn galla, að það hefir komið svona seint fram. Í sjálfu sér er ekki mikið við flokkun frv. að athuga, en þegar farið er út í einstök atriði, getur margt verið nokkuð athugavert. Eg skal þá fyrst benda á 17. lið 2. gr. þar sem lagt er til, að lagður verði hliðarsími til Vestmannaeyja. Eg tók skýra afstöðu til þessarar tillögu í nefndinni, vegna afstöðu minnar í loftskeytamálinu, og enn er ei séð fyrir endann á því máli. Einnig skal eg taka það fram, að mig greindi á við hv. flutningsm. um 5. gr., sem ræðir um tillögin frá héruðunum. Eg álít það sanngjarnast, að héruðin þyrftu sjálf ekkert að leggja til þeirra símalagninga, sem lagðar væru eftir skynsamlegu »plani« um alt land, eftir því sem þingi og stjórn sýndist sanngjarnast og mundi mega við hlíta í næstu framtíð. Eg skal að vísu játa, að einhver takmörk þarf að setja, en þau ætti ekki að vera mjög vandasamt að finna.

Hv. flutningsm. (P. J.) líkti þessum símalagningum við vegalagningar, en eg tel þar nokkru öðru máli gegna. Símalagningarnar fara beint í þá átt, að auka atvinnuvegi viðkomandi héraða og gefa því beinar tekjur, en vegirnir gefa að eins óbeinar tekjur. Þess vegna virðist mér landssjóður einn eigi að kosta símana, en af því leiðir aftur, að framlög héraða, sem þegar eru borguð, ættu að endurgreiðast. Hv. frsm. (P. J.) áleit þessi héraðatillög snjallræði, því að þau væru prófsteinninn eða sönnunin fyrir símaþörfinni. Eg hefði ekkert haft á móti þessu, ef því hefði verið beitt

þegar frá upphafi, en nú er það ekki gert fyr en langt er komið með símalagningarnar um landið. Þau héruð, sem eftir eru, eiga eins mikla heimtingu á að fá síma og hin, sem áður hafa fengið þá endurgjaldslaust. Að ýms héruð hafa lagt fram talsvert mikið fé, og sum meira en þau í raun og veru þola, til þess að fá símasamband, sýnir að eins, að þessi héruð hafa heldur kosið, af tvennu illu, að taka á sig þungar byrðar, en þurfa að bíða svo og svo lengi. Það er og öllum ljóst, að þau héruð, sem út undan hafa orðið, eru nú ver sett en áður, þegar enginn sími var, vegna þess að þau hljóta að standast ver samkeppnina við héruðin í kring, sem hafa fengið síma.

Eg skal ekki að öðru leyti vera langorður, en að eins benda á þessa afstöðu mína til frumv. og taka það fram, að eg hefi aldrei hugsað mér, að það gæti orðið samþykt til fullnaðar á þessu þingi, en eg hefi ekki viljað tálma því, að það væri athugað og rætt. Breyt.till. hefi hvorki eg né hinir meðnefndarmenn mínir, sem ritað höfum undir með fyrirvara, viljað koma fram með af þessari ástæðu. Eg vildi að frumv. yrði rætt í ró og athugað sem bezt, án þess að það væri tætt í sundur af brt.till. Auðvitað vil eg, og líklega hinir meðnefndarmenn mínir, áskilja sér rétt til þess að koma fram með breyt.till. við 3. umr. og mun eg greiða atkvæði með að frumvarpið fái að ganga áfram í deildinni.

Þorleifur Jónsson: Þar sem eg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, álít eg rétt að gera nokkra grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Eg þarf ekki að vera langorður, því að h. þm. Snæf. (S. G.) hefir tekið fram mikið af því sem eg vildi sagt hafa. Eg skal játa það, að nauðsynlegt var, að slíkt frv. kæmi fram, og það er skaði, að það er ekki fram komið fyrir löngu. Við vorum samdóma um það í nefndinni, að nauðsynlegt væri að undirbúa lagafrv. um símakerfi landsins, ekki síður en um vegalagningar og að þessu leyti vildum við vinna saman við aðra nefndarmenn.

En þó að þetta séu nauðsynleg lög, þá álít eg að talsvert sé athugavert við ýmsar greinar frumvarpsins. Eg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að landið sjálft ætti að kosta allar símalínur með fram þjóðvegum og að því leyti get eg skírskotað til orða h. þm. Snæf. (S. G.). En eftir undanfarinni venju fær þetta víst ekki mikinn byr, þó að eg verði að álíta, að mikið misrétti hafi skapast við þá reglu.

Héruðin milli Seyðisfjarðar, Reykjavíkur og Ísafjarðar hafa fengið síma alveg endurgjaldslaust, en önnur héruð verða að leggja fram meiri og minni skerf til þess að komast í samband. Þetta fer alveg í gagnstæða átt við vegalögin, sem háttv. framsögum. (P.J.) hefir verið að vitna í. En annars var þetta ekki aðalatriðið hjá mér, heldur hitt, að frumvarpið kemur í bága við þá stefnu, sem eg og fleiri höfum í loftskeytamálinu. Eg er þeirrar skoðunar, að heppilegast muni vera, að koma loftskeytasambandi á milli Vestmanneyja og meginlands, bæði vegna þess, að það verður stórum mun ódýrara en sími, bilunarhætta engin og einnig af því að hér í Reykjavík er ætlast til, að loftskeytastöð verði reist, hvort sem er, eins og líka frumvarpið fer fram á. Frumvarpið kemur því í bága við þessa stefnu mína og fleiri hv. þm. og get eg því ekki fylgt ákvæðinu um hliðarsíma til Vestmanneyja, einkum þar sem ekki er loku fyrir skotið, að loftskeytamálið nái fram að ganga á þessu þingi. Verði loftskeytamálið felt, þá er auðvitað ekki annað fyrir höndum en að koma sem

fyrst á símakerfi um alt land, því að dráttur á því máli er mjög skaðlegur fyrir hin símalausu héruð. En eg býst ekki við, að málinu geti orðið flýtt svo, að það nái framgangi á þessu þingi. Eg mun samt greiða atkvæði með því, að það fái að ganga til 3. umr., til þess að deildinni gefist kostur á að athuga það svo og undirbúa, að stjórnin geti lagt það fyrir næsta þing. Að þessu leyti vil eg að málið verði stutt, án þess að eg bindi atkvæði mitt í einstaka greinum.

Bjarni Jónsson: Eg stóð upp til að minnast á hina litlu og laglegu brtill. nefndarinnar, sem efst stendur, að breyta alstaðar »leggja« í »byggja«. *(Pétur Jónsson:* Hún var tekin aftur). Það lá að, að svo kostulegur dýrgripur fengi ekki að standa, ella mundi nefndin hafa fengið að heyra margt, meðal annars þessa vísu:

Símanefndin framafús
fundvís er á snilli,
byggir línur, leggur hús
landshornanna milli.

Eggert Pálsson: Eg ætla ekki að fara langt út í frumvarpið í heild sinni enda er oss, sem fjarlægir erum Reykjavík, óhægt um tímans vegna, að lagfæra það sem eftir oss kann að verða ritað, ekki greiðara en það gengur með framlagning fundanna. Þótt frumvarpið komi seint fram, er eg þakklátur háttv. flutn.m. (P. J.) fyrir að hafa komið fram með það nú. Því þótt það geti ekki tímans vegna náð nú samþykki þingsins, þá er það góður grundvöllur fyrir næsta þing að byggja á og því ekki ónýtt verk að bera það fram nú.

Eg stend upp til þess að minnast örfáum orðum á breyt.till. okkar þingmanna Rang. á þgskj. 845, sem fer fram á það, að koma Landi og Þykkvabæ inn í símasambandið. Í frumv. er ætlast til þess, að efri hluti Árnessýslu komist í sambandið í framtíðinni. Nú vikur því svo við, að þegar sími er kominn upp í Hreppa, þá er hverfandi kostnaður að halda áfram línunni austur á Land, ekki annað en að strengja yfir Þjórsá. Af þessu getur enginn verulegur kostnaður stafað. — Nokkuð öðru máli er að gegna um línuna niður í Þykkvabæ. Það má að vísu segja, að 2 stöðvar séu þar innan hrepps í þeim hreppi, sem Þykkvabærinn tilheyrir, þar sem eru stöðvarnar við Þjórsárbrú og Ægissíðu, en þær eru báðar á yztu jöðrum Ásahrepps og langur vegur til þeirra úr Þykkvabæ, auk þess sem ófær vötn eru í milli, Djúpós og Þykkvabæjarvötn. Þykkvabærinn er á við hvert meðalkauptún að mannfjölda; þar eru 40 búendur í hvirfingu og mannfjöldinn sennilega um 200 manns eða vel það. Það má því gera ráð fyrir því, að síminn yrði allmikið notaður þar og mundi veita landsjóði töluverðar tekjur, ekki síst ef Safamýri yrði gerð nothæfari en nú er og bygðin yxi þar með.

Úr því að eg stóð upp, skal eg til athugunar skjóta því til nefndarinnar, hvort 16. og 17. liður 3. gr. sé svo úr garði gerður, sem nefndin vill vera láta og hvort nefndin vill ekki taka til íhugunar það sem eg sagði við 2. umr. fjáraukalaganna, sem sé, að ef lína yrði lögð austur í Vík, má gera ráð fyrir, að hún liggi um Landeyjar og yrði því kippkorn samferða símanum til Vestmannaeyja, svo að sá spotti mundi kosta að áliti símastjórans 12 þús. kr. Það er því of mikið álagt, eins og stendur í fylgiskjalinu, að ætla viðkomandi sýslum að borga 7 þús. kr. til Vestmannaeyjasímans og 6 þús. kr. til Víkursímans. Tillagsupphæðin verður að lækka í öðru hvoru tilfellinu, annað hvort það sem ætlað er til 16. eða 17.

liðsins, ella er að minni hyggju tvílagt á sýslurnar. Þessu beini eg til nefndarinnar til íhugunar.

Benedikt Sveinsson: Eg á hér breyt.till. á þgskj. 844 og skal eg skýra frá þeim með nokkrum orðum.

Eftir því, sem símaleið er mörkuð á korti símastjórans, er ætlast til þess að símalína liggi frá Ferjubakka í Öxarfirði sjónhending til Húsavíkur, þ. e. a. s. um Reykjaheiði eftir Bláskógavegi. Liggur síminn þá um óbygðir einar allan þennan veg, frá Jökulsá til Húsavíkur. En undir jaðri Reykjaheiðar er Kelduhverfi, ein hin blómlegasta og fjölmennasta bygð í allri sýslunni. Samkvæmt áætlun símastjórans er ætlast til að sneitt sé fram hjá þessari sveit og sýnist það, eftir »korti« hans liggja heldur beinna við, að því er stefnuna snertir, en eg verð að biðja háttv. deild að taka vel eftir því, að leiðin er ekki rétt mörkuð á kortinu. Sakir staðhátta verður hún að liggja í allmikinn bug suður á við, eins og Bláskógavegur, til þess að sneiða hjá Skinnstakkahrauni, sem fult er af gjám og nálega ófært yfirferðar, og einnig verður hún að sneiða suður fyrir Grísatungufjöllin. Það nær engri átt, að síminn verði lagður eftir sjónhending beint yfir þessar torfærur, heldur hlýtur þetta að hafa verið markað á »kortið« athugalaust. — Þessi bugur frá beinni línu verður mjög áþekkur þeim bug, sem á símaleiðinni verður, ef hún liggur eftir endilöngu Kelduhverfi með bygð og síðan yfir Tunguheiði til Húsavíkur. Á þennan hátt lægi síminn allur í bygðum, nema yfir Tunguheiði, sem er stuttur fjallvegur.

Þess ber og að gæta, að ódýrara er að flytja staurana á þessa leið en hina, því að hún er skemmra frá sjó. Ennfremur er hægara að gera við símann í bygðum heldur en á heiðum uppi. Það er varla hættulaust mönnum á vetrardegi að klungrast yfir hraun þau og gjár, sem síminn mundi liggja um, ef syðri leiðin væri farin fjarri mannabygðum. Ef sú leið er valin, verður þessi sveit, Kelduhverfið, símalaust. Skilst mér þó, að nær liggi, að bygðamenn fái síma, heldur en sauðfénaður og hreindýr á heiðum uppi, að minsta kosti þegar hvorttveggja er jafndýrt.

Háttv. framsögum. (P. J.) benti á það, að leggja mætti síma um Kelduhverfi síðar. Það tel eg tvíverknað og alveg óþarfan aukakostnað, sem þegar mætti spara. Væri kringilegt, að þurfa aftur að leggja síma samsíða hinum langan veg. —

Menn mega vel hafa það í minnum, er síminn var lagður 1905, að þá var sneitt hjá bygðum norður þar, en síminn lagður um fjöll og firnindi á öræfum uppi. Mun það hafa stafað bæði af undirbúningsleysi og svo hafa menn horft í þann lítilfjörlega kostnaðarauka, þær 20—30 þús. kr., sem munaði á verði, ef bygðaleiðin hefði verið valin. Nú kannast allir við, að þetta hafi verið mesta yfirsjón og glapræði.

Syðri leiðin, um Reykjaheiði, hefir ekkert sér til ágætis um fram þá nyrðri, nema síður sé. Styttri er hún ekki, eða ekki svo að neinu nemi. Viðgerðir verða miklu óhægri, ef vír slitnar. Reykjaheiði er fullkomin dagleið á vetrardag bygða á milli. Aftur er Tunguheiði eigi lengri en svo, að tveggja klukkustunda tíma tekur hún fótganganda mann á vetrardegi milli bæja, og loks er á það að líta, að fjölbygðasta og þéttbýlasta sveitin færi á mis við síma, ef valin væri hin syðri leið.

Það er því eigi að undra, þótt Keldhverfingar og Öxfirðingar fylgi því fram, að fá símann með bygð á þessu svæði,

og öllu héraðinu er það áhugamál, eins og þingmálafundagerðirnar bera vitni um.

Mér hefir verið skrifað það norðan úr Kelduhverfi, að Forberg hafi ekki haft tal af sveitabúum í yfirför sinni, síðastliðið sumar, enda mun hann hafa farið yfir í flaustri, og lítt notið við eiginna athugana, heldur stuðst við mælingar Hansons nokkurs verkfræðings, þess er þar fór um fyrir nokkrum árum, eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat um.

Eftir því sem allir málavextir eru, þá efa eg ekki, að deildin taki þessari tillögu vel, en þó vil eg verða við tilmælum háttv. framsm. um að taka tillöguna út af dagskrá í þetta sinn, og geyma til 3. umr. Treysti eg því, að svo muni fara um till., að henni vaxi fylgi því meir, sem hún er betur íhuguð.

Síðari brtill. mín er við 6. gr. frumv. um að væntanlegt loftskeytasamband sé ætlað milli Íslands og Vesturheims, en ekki skorðað við vesturströnd Grænlands. Gengur mér það til, að ef þessa væri kostur, mundi að því verða meiri tekjur að hafa sambandið beint við brezk lönd í Vesturheimi, heldur en að þurfa að hafa þennan viðkomustað á leiðinni. Svo er og því meiri trygging fyrir því, að halda mætti öruggu sambandi við England eða önnur lönd í Norðurálfu, þótt sæsíminn slitnaði, eftir því sem stöðin hér væri öflugri. Eg hefi engin skjöl né skilríki fyrir þessu máli, en eg hefi talað við mann, sem vit hefir á því, og hyggur hann, að beint samband við Vesturheim mundi verða dýrara, en þó ekki meira en svo, að nema mundi 20—30 þús. kr., og er það ekki gífurlegt, þegar miklir hagsmunir og þægindi eru í aðra hönd.

Björn Sigfússon: Þótt eg hafi nú skrifað undir nefndarálit þetta með fyrirvara, þarf eg ekki að halda langa ræðu, heldur get eg látið mér nægja að skírskota til orða samnefndarmanna minna, háttv. þm. Snæf. (S. G.) og sérstaklega háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sem hafa skýrt frá í hverju ágreiningur okkar er fólginn, og vil eg ekki vera að endurtaka það. Eg er samþykkur aðalstefnu frumv. og var það á síðasta þingi, nfl. þeirri stefnu, að setja lög um alla aðalsíma, sem mynda kerfi um land alt, líkt eins og gert er í vegalögunum.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg gleymdi að minnast á brtill. á þgskj. 845. En flutnm., háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), hefir nú gert grein fyrir þeim, og gert það á þann hátt, að eg hygg, að ekkert sé þar við að athuga. Nefndin hefir raunar ekki haft þær til meðferðar, en eg hygg, að hún sé þeim ekki andvíg. Það er svo óákveðið um 3. fl. símana, að ekki verður eiginlega haft á móti tillögum um þann flokk; þar mun mestu um ráða, hvað símastjóri og stjórnin leggur til. Nánari ákvæði gerir þingið í hvert sinn, um leið og fé er veitt til framkvæmdanna. Eg tel það víst, að ef sími verður lagður upp í Eystrahrepp muni honum verða haldið áfram austur á Land, ef simi verður ekki kominn þangað áður frá aðallínunni.

Þar sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) mintist á símann til Vestmannaeyja, þá skal eg játa það, að það er ónákvæmni í greininni um tillag héraðanna. Það er ætlast til, að síminn austur í Vík liggi um Landeyjar frá Garðsauka og verði þá nokkra leið samferða Vestmanneyjasímanum. Nú hefir Vestmanneyjasímanum verið tileinkaður spottinn frá Garðsauka, þangað til símarnir greinast og tillagið til þess síma því miðað við símann alla leið frá Garðsauka til Vestmannaeyja. Þar á móti er Víkursíminn í rauninni að eins talinn frá því, er þeir greinast og héraðstillagið miðað við þann

kafla. Þess ber að gæta, að stjórnarráðið á samkvæmt 5. gr. frv., að jafna niður tillaginu á þær sýslur, sem hlut eiga að málum, og mun það sjá um, að tillag héraðanna til þessara tveggja síma komi sanngjarnlega niður. Hins vegar er auðvelt að haga þessu á annan veg og nákvæmar, með því að breyta því til 3. umr.

Þá skal eg minnast stuttlega á Öxarárfjarðarsímann. Eg hygg, að þótt svo standi á kortinu, að hann eigi að liggja frá ferjustaðnum á Jökulsá, beint til Húsavíkur, þá sé ekki neitt í frv., sem hindri það, að hann verði látinn liggja um Kelduhverfi, ef það virðist heppilegt. Símastjórinn hefir að vísu farið alla þessa leið, en mun þó að mestu hafa bygt á mælingum Hansons ingeniörs 1906, en líklega lítið rannsakað leiðina sjálfur. Um þetta atriði mun nefndin bera sig saman við símastjórann og gera tillögur samkvæmt því.

Þeir nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nefndarálitið með fyrirvara, hafa nú gert grein fyrir afstöðu sinni. Eg hefi enga ástæðu til að fara að þrátta við þá, því síður sem engar breyt.till. liggja fyrir frá þeim og þeir virðast samþykkir stefnu frumv. í öllu verulegu.

Mér skildist það á háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að hann liti svo á, að það væri ósanngjarnt að krefjast tillags af héruðunum, þar sem þau héruð, er fyrst fengu símann, þurftu ekkert tillag að greiða. Þessari skoðun er eg ósamþykkur, í fyrsta lagi af því, að þau héruð, er fyrst fengu síma tillagslaust, verða samkvæmt frumv. og hafa orðið fyrir harðari kostum um framlag til hliðarlína heldur en hin. Þau leggja því flest sinn fullkomna skerf til símakerfisins á endanum, og skal eg benda þar á Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt frumvarpinu. Ennfremur Suður-Þingeyjarsýslu, Eyjafjarðar- og Múlasýslur. Þar næst er það, að upphaflega þegar símasambandið komst á og lendingarstaður var ákveðinn á Seyðisfirði og 300 þús. kr. fengust hjá »Stóra Norræna« til landsímalagningarinnar, þá var ákveðið að koma öllum kaupstöðum landsins í samband við lendingarstað sæsímans, sem sé: Akureyri, Reykjavík og Ísafirði.

Nú gátu ekki heldur öll héruð landsins notið góðs af þessu ókeypis sambandi. Hins vegar var heldur ekki hægt, að komast hjá því, að einhver héruð hefðu gagn af því, sem hefði þá eiginlega verið hið eina sanngjarna eftir þessum hugsunargangi; einhversstaðar varð símann að leggja í bygð. Að vísu kom til orða að koma sæsímanum á land sem næst Reykjavík og henda þessum 300 þús. kr,, sem hin lendingin sparaði, í sjóinn. En hittt varð þó ofan á. Nei, það varð að leggja símann um héruð, og hefðu menn nú farið að heimta af þessum héruðum hluta af kostnaðinum, þá gat það orðið til tálmunar öllum framkvæmdum, enda hygg eg, að enginn muni telja það neitt óhapp, að þessi leiðin var tekin, og það þótt Múlasýslur, Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur hafi allar grætt töluvert á því. Öll þessi héruð, nema Húnavatnssýsla, hafa líka lagt eitthvað til símanna, og Múlasýslur mjög mikið, svo að ef hér er um nokkurn ójöfnuð að ræða, þá er það af því, að ekki hefir orðið hjá honum komist. Afleiðingin af því, að síminn verður að liggja *einhvers staðar*, er ekki sú, að allir landsmenn geti gert kröfu til að fá hann heim í hlaðið hjá sér.

Skal eg svo ekki tefja deildina með lengri ræðu í þetta sinn.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 818, 1. tekin aftur.

1. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 844, 1. tekin aftur.

2. gr. sþ. með 16 atkv. shlj.

3. gr. 1.—15. liður sþ. með 16 atkv. shlj.

3. gr. 16. liður feldur með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Björn Sigfússon,
Jón Sigurðsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans. Jón Ólafsson var fjarstaddur.

3. gr. 17. liður feldur með 12 : 9 atkv.

3. gr. 18.—21. liður sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 2. sþ. með 17 atkv. shlj.

3. gr. 22. liður sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 3. sþ. með 18 atkv. shlj.

3. gr. þannig orðin sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. 818, 4 (fyrra atriði) sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þgskj. 818, 4. (síðara atriði) sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 845 sþ. með 13 atkv. shlj.

4. gr. svo orðin sþ. með 17 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 5. sþ. með 13 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 6. sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 7. sþ. með 13 atkv. shlj.

5. gr. þannig orðin sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 844, 2. sþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl.	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Kristjánsson og Björn Sigfússon greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hlutans. Jón Ólafsson var fjarverandi.

6. gr. svo orðin sþ. með 16 atkv. shlj.

7. gr. sþ. með 15 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 818, 8. við 8. gr. sþ. án atkv.gr.

8. gr. sþ. með 14. atkv. shlj.

9. og 10. gr. sþ. með 14. atkv. shlj.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 atkv. shlj.

Þriðja umr., 6. maí. (A. 873, 909, 925, 936).

Framsögum. (Pétur Jónsson):

Frumv. þetta tók nokkrum breytingum við 2. umr.

Þrátt fyrir þær breytingar, sem á frv. hafa orðið við 2. umr. vil eg mæla með, að það verði samþykt. Ein breytingin er þó þannig, að eg verð að fara um hana nokkrum orðum.

Það er við 6. gr. Þar er sett, að í stað loftskeytasambands við stöð á Grænlandi vestanverðu, skuli vera samband við stöð í Vesturheimi. Mér er ekki ljóst, þar sem það kom ekki fram við umr., hver kostnaðurinn við slíka stöð yrði. Ekki var heldur skýrt frá því, hvert á land í Vesturheimi hún ætti að ná. Væri viðkunnanlegra að semja eitthvað um slíkt við Vesturheimsmenn, áður en í það væri ráðist og vita, hver kjör þar væri á. Enginn efi er á því, að kostnaðurinn á sambandsstöð til Vesturheims yrði að minsta kosti helmingi meiri og hver veit hvað. Kostnaðinn við samband til Grænlands veit maður nokkurn veginn um, og það munar ekki svo miklu, hve sú stöð er dýrari, en stöð, sem ætluð er einungis fyrir skip í höfin hér í kringum land, að í það sé horfandi. Þykir mér undarlegt, að einmitt nú, þegar fjárhagurinn ekki er betri en sem stendur, að þá skuli vera otað fram þessari stóru stöð. Raunar þykist eg vita, að þm. N.-Þing. (B. Sv.) muni ekki vilja eyðileggja þetta frumvarp með svona fleyg. En hina mikla sparsemdarmenn, sem við 2. umr. greiddu þessari till atkv. sitt, get eg ekki skilið öðruvísi, en að þeir hafi viljað með henni spilla málinu. Stöð, er næði til Skotlands, mundi kosta c. 60 þús. kr. Eftir vegalengdinni að dæma, mundi stöð til Ameríku kosta að minsta kosti 120—130 þús. kr. og sumir segja 150 þús. kr.

Eg hefi nú vegna þessa komið með 2 breyt.till. Önnur er sú, að frumv. verði í sama lagi og áður, en hin til vara, að fella 6. gr. burtu úr frumv. og þar með ákvæðið um loftskeytastöð. Ef greinin fæst ekki færð í samt lag, finst mér það réttara, að þetta sé látið liggja á milli hluta eða utan við þessi lög. Næsta þing gæti tekið málið upp á fjárlög og stjórnin gert nauðsynlegan undirbúning þangað til. Þá gæti legið fyrir kostnaðaráætlanir, mismunandi eftir því, hve sterk stöðin væri, og jafnframt vitneskja um það, hvort aðrar þjóðir vildu taka þátt í loftskeytasambandi til Vesturheims.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talar um það, að ekki hafi verið mæld út vegalengd eða gerð kostnaðaráætlun um stöð, er næði til Vesturheims. Eg verð að játa það, að eg hefi ekki gert þesskonar áætlun, þar sem eg bjóst ekki við þess konar athugasemd, en eg vil taka það fram, að það er átt við stöð á austurströnd Kanada, Hellulandi.

Sú athugasemdin, að ekki muni vera samið við Kanadastjórn um stöð þar, er heldur veigalítil; eg fyrir mitt leyti veit ekki til, að samið hafi verið við stjórn Grænlands, en eg álít, að betra sé að hafa samband við stöð í Ameríku, heldur en Grænlandi, þar sem önnur þjóð ræður þar ríkjum og þar sem ekki er ósennilegt, að þjóðir þessar geti orðið ósáttar og væri þá ólíkt betra að hafa stöð í Ameríku, þar sem Englendingar yrði annar samningsaðilinn, en vér hinn og því engin hætta á, að samningar strandi.

Og það hlýtur að vera öllum ljóst, að betra er að hafa stóra og megna stöð, en litla, einkanlega þegar mismunurinn á kostnaðinum er eins lítill og hér og eg fullyrði, að það verður í rauninni, þegar á alt er litið, sparnaður en ekki kostnaður, að hafa slíka stöð. Þar að auki get eg hugsað mér, þó að eg raunar hafi ekki mælt vegalengdirnar frá Reykjavík til Noregs og Reykjavík til

Hellulands, að þar sé ekki svo ýkjamikill munur á. Eg hygg, að hv. þm. S.-Þing. (P. J.) hafi heldur ekki mælt svo nákvæmlega, en það er auðvitað satt, að stöð, sem er svo öflug, að hún geti sent skeyti til Hellulands, er dýrari en stöð, sem ekki nær lengra en til Grænlands. Eg vissi því miður ekki fyr en svo seint, að þessi tillaga var fram komin, annars hefði eg getað fengið vissu mína í þessu efni, en þangað til fullgildar ástæður koma fyrir því mótsetta, verð eg að halda fast við, að það, sem eg sagði um vegalengdirnar, sé nærri sanni.

Eg verð algerlega að leggja á móti því, að ákvæði það, sem samþykt var við síðustu umr. um loftskeytastöð, sé felt burtu vegna þess, að það getur orðið okkur til stórhagnaðar að hafa svo sterka stöð, þegar Englendingar, sem líklega verður ekki langt að bíða, fara að reyna loftskeytasamband við Ameríku yfir Ísland. Við gætum þá hvort sem við vildum, selt þeim þessa millistöð, eða leyft þeim að nota hana með samningi, sem að fullu leyti borgaði kostnaðinn. Ef það er áreiðanlegt, að þessi stöð, sem háttv. framsögum. (P. J.) vill hafa, nái til Noregs, þá þarf ekki miklu við að bæta til þess að hún nái líka til Hellulands. *(Jón Ólafsson:* Það er engin loftskeytastöð til í Hellulandi). Mér er heldur ekki kunnugt um, að nein þvílík stöð sé til í Grænlandi.

Annars skal eg ekki fara frekari orð um um málið að sinni.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir nú tekið fram margt af því, sem eg vildi sagt hafa. Það var alls ekki til þess að spilla að nokkru leyti fyrir málinu, að eg bar fram þessa brtill., sem samþykt var við 2. umr.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) heldur, að það ákvæði sé málinu til hnekkis, en eg fæ ekki skilið, hvernig það má verða. Að vísu skal eg kannast við það, að mér er ekki fullkunnugt um þann kostnaðarauka, sem af því verður, að stöðin sé svo sterk, að hún geti sent skeyti til Vesturheims, en þótt það verði svo sem 30 þús., þá álít eg, að ekki beri að setja það fyrir sig, því að komist á samband milli Englands og Ameríku með Ísland að millistöð, verður mikill hagur að þessari stöð. Að hafa fleiri millistöðvar en brýn þörf er á, er að eins til hindrunar. Fjarlægðin milli Grænlands og Hellulands er heldur ekki svo mikil, að um mjög mikinn kostnaðarauka geti verið að ræða. Þess ber líka að gæta, að hér er að eins um heimild en ekki skyldu að ræða. *(Pétur Jónsson:* Ákvæðið nemur burtu heimildina til þess að byggja hina stöðina). Nei! Grænland er í Vesturheimi og því er hér að eins um rýmri heimild að ræða. Ef það þykir borga sig að reisa stöð, sem hafi afl til að senda skeyti til Hellulands, þá er það heimilt, að öðrum kosti gerir stjórnin það auðvitað ekki. Þetta vildi eg taka fram, til þess að sýna það, að eg er ekki að reyna að stofna málinu í neinar ófærur.

Eg er þakklátur háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir hversu vel hann hefir tekið í brtill. þá, sem eg tók aftur seinast, en hefi nú komið fram með. Eg þykist ekki þurfa að mæla frekara með henni nú, þar sem eg heyri, að henni hefir aukist fylgi, eins og eg gerði ráð fyrir um daginn að hlyti að verða, þegar háttv. þingmönnum hefði gefist kostur á að kynnast þessu atriði betur.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Það er alls ekki ætlun mín að vera nú að gera þetta mál að verulegu kappsmáli. Það er hætt við, að frv. verði hvort sem er ekki afgreitt frá þinginu í ár. Það væri raunar hægt með því móti, að háttv. Ed. samþykti frumv. óbreytt frá Nd., en það er eg hræddur

um að aldrei verði meðan þetta ákvæði stendur í 6. gr. Mönnum mun virðist það nokkuð viðurhlutamikið, að samþykkja þetta út í bláinn, ár þess að vita nokkuð um, út í hvaða kostnað lagt er, því að háttv. flutningsm. þeirrar brtill., sem var samþykt hér við 2. umr. hafa ekki lagt fram neina kostnaðaráætlun, hvorki þá eða nú, þó að nokkur tími hafi liðið í milli. Eg hefði ekkert á móti því, að þetta ákvæði fengi að standa, ef eg væri viss um, að kostnaðaraukinn væri ekki mjög mikill, en að hugga sig við, að við vitum ekkert um það og alt geti reynst vel, er ekki nóg. Það hlýtur að hvíla á þeim, sem ákvæðið báru fram, að sýna sennilega áætlun um kostnaðinn. Fyr en það er gert, er ekki hægt að ganga að því. Eg hefði heldur ekkert á móti ákvæðinu, ef stjórnin mætti skilja það svo, að hér væri að eins um heimild að ræða, sem útilokaði ekki heimildina til þess að leggja minni stöð, eins og þá sem áður stóð í frv. En eg er hræddur um, að svo sé ekki. Þá mætti eins miða við hvaða punkt á hnettinum til þess, sem vera vildi og stjórninni væri heimilt að fara eins skamt og henni sýndist ráðlegt.

Eg verð að skilja ákvæðið svo, að annaðhvert verði að reisa stöð, sem geti sent skeyti alla leið til Vesturheims, eða alls enga. Að öðrum kosti mundi eg, eins og eg hefi sagt, ekkert hafa á móti ákvæðinu.

Eg heyrði ekki alt, sem hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, en af því sem eg heyrði, skildist mér það, að hann áliti heppilegra að fara fram hjá Grænlandi, því að Danir gætu sett sig upp á móti því að hafa millistöð þar. Þetta held eg að sé ekki annað en gryla. Tilgangur okkar flutnm. var ekki eiginlega sá, að koma upp loftskeytastöð til þess að komast í samband við önnur lönd, heldur við skip í hafinu við Ísland, er hefðu loftskeytatæki. Það var aðaltilgangurinn. En úr því þessu væri til kostað, þá væri heppilegt, að stöðin næði til vesturstrandar Grænlands, ef ske kynni, að aðrar þjóðir vildu koma upp sambandi við Vesturheim og nota hana sem millistöð. Þetta var ekki út í bláinn hugsað hjá okkur. Það var á döfinni 1906 að koma þessu sambandi á og talsverðar málaleitanir um það, og virtist þá ekkert vera til fyrirstöðu af Dana hálfu. Annars skal eg ekki fara að rifja þetta mál meir upp, en er hræddur um, að við Íslendingar séum ekki menn til þess að standa einir fyrir loftskeytasambandi við Vesturheim. Að minsta kosti þyrfti til þess rækilegan undirbúning. En það getur ekki skaðað að hafa stöð, sem getur sent skeyti til Grænlands, því að eg hefi alt af heyrt um það talað sem þægilega millistöð til þess að sambandið yrði sem öruggast milli Norðurálfu og Vesturheims. Ef um beint samband milli Íslands og Vesturheims væri að ræða, þá held eg, að ekki sé eftir miklu að slægjast fyrir erlendar þjóðir, því að munurinn á vegalengdum yrði þar ekki svo mikill móts við vegalengd á milli Írlands og Vesturheims. Eg vildi að greinin öll yrði feld, ef brtill. mín fær ekki framgang, til þess að von sé um, að frv. geti gengið óbreytt í gegnum Ed. Eg hefi getið þess áður, að jafnvel þótt frv. fái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá yrði mikið við það unnið, að Ed. gæfist kostur á að segja álit sitt á því. Það yrði góður undirbúningur fyrir stjórnina til þess að leggja málið fyrir næsta þing.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Mér skildist það við 2. umræðu, að það væri almenn skoðun, að málefni þetta væri gott. Menn höfðu það helzt við frv. að athuga, að það hefði átt að vera fram komið fyrir löngu

síðan, og það get eg skrifað undir. En betra er seint en aldrei, og betra er nú en síðar, og jafnframt því og eg þakka hv. flutnm. (P.J.) fyrir að hafa komið fram með frv., þá þykir mér það leitt, að það er svo seint fram komið, að lítil von er um, að það geti orðið að lögum á þessu þingi. En þessi undirbúningur málsins ætti þó að vera til þess, að það dragist ekki nema um eitt ár að koma lögunum á. En þegar vonlaust er um, að frumv. geti orðið að lögum nú, þá skiftir minna máli um einstaka brtill., sem fram koma. Þær standa til bóta næst. En því get eg ekki neitað, að þegar eg vissi að það var ákveðið, að loftskeytastöð yrði reist hér í Reykjavík, sem hefði nægt afl til að senda skeyti alla leið til Vesturheims, þá hnykti mér við. Raunar er eg því ekki óvanur, að fáránlegar till. komi fram í þessari hv. deild, og séu jafnvel samþyktar, en þetta er þó með því »grófara«. Málið hefir verið lítið umrætt og meðmæli með ákvæðinu hafa ekki verið studd með neinni áætlun eða ágizkun og enginn veit enn um kostnaðinn. Um loftskeytastöð, sem nær til Grænlands, vita menn aftur á móti, að hún muni kosta c. 60,000 kr. Eg hefi reynt að afla mér upplýsinga um, hvað það muni kosta að setja hér upp stöð, sem geti sent skeyti til meginlands Ameríku. Mér hefir skilist, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að minna fari til þess en c. 150,000 kr., og þessi ágizkun er eins áreiðanleg og aðrar. Hér er þá um það að ræða, að auka kostnaðinn við loftskeytin um 90 þús. kr. að minsta kosti. Mér þótti það því undarlegt, að hv. meiri hl., að óhugsuðu máli, hikaði ekki við að greiða þessu atkvæði. Eftir minni skoðun er þess konar meðferð á löggjafar- og fjármálum tæplega forsvaranleg. En eins og eg sagði áðan, þá hefir þetta litla þýðingu nú, því að það er alt útlit fyrir, að málið verði eigi afgreitt fyr en á næsta þingi og þá verða vonandi gætnari menn, sem sitja við stýrið.

Eg verð líka að geta þess, að mér þótti það ekki hyggilegt af fylgismönnum loftskeytasambandsins við Vestmannaeyjar, að fella burtu úr þessu frv. ákvæði um símalagningu á einstöku stöðum, þar sem þeir vilja hafa loftskeyti. Það gat ekki skert þeirra málstað neitt og hefði að eins orðið dauður bókstafur á sínum tíma, ef loftskeytamálið næði fram að ganga á þessu þingi. Mér þykir það kenna nokkuð mikils ofurkapps, að þola ekki símalínu nefnda á nafn í frumv., sem ekki er orðið að lögum og ekki kemur til framkvæmda í bráðina. Þetta er nokkuð undarlegt, en þó furðar mig ekki eins mikið á því og hinu, að samþykkja út í loftið mjög mikil útgjöld til loftskeyta, án þess að nokkur kostnaðaráætlun liggi fyrir. Eg skal geta þess, þó að oss þyki það ekki sæmandi, að tylla niður tá á Grænlandi, af því að það er dönsk eign, að Englendingar hafa hugsað sér að nota það sem millistöð. En eg get skilið það frá sjónarmiði margra, að þeir geti ekki þjóðarmetnaðarins vegna notað eina þúfu á Grænlandi.

Að lokum skal eg geta þess, viðvíkjandi kostnaðinum við stöð, sem á að geta sent loftskeyti til Vesturheims, að ekki dugar að hafa veikar stengur, heldur verður að hafa turna eða járngrindur og verður það ekki gert fyrir lítið fé.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla mér ekki að lengja umræðurnar mikið. Það er óþarft, þar sem séð er fyrir endann á því, að þetta frv. verður ekki að lögum á þessu þingi.

Annars vildi eg stinga upp á, að friður verði saminn milli Grænlands og Vesturheims með því að taka málið út

af dagskrá og ákvæðið síðar orðað: Grænlands eða Vesturheims. Þá er allur vafi farinn.

Eg get þó ekki látið það vera, að víta vin minn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) fyrir að vera að koma hér með tilvitnanir til Englendinga, að þeir hafi hugsað sér að nota Grænland sem millistöð. Hvaða vit hafa *þeir* á slíku máli í samanburði við hina alvitru neðri deild alþingis Íslendinga? Hvaða tillit getum við tekið til þessa kotríkis? Höfum við ekki efni á að eyða fé — ólíku meira en Bretar? Við þurfum ekki að miða við neitt, nema sjálfa okkur. Alt annað er fávíslegt. Þetta vona eg, að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sjái og forðist að koma fram með slíkar tilvitnanir hér í deildinni, sem hljóta að særa og hneyksla hugumstórar og fjölvísar sjálfstæðis-sálir.

Sigurður Sigurðsson: Um brt. mína á þgskj. 936 hefi eg það að segja, að hún miðar að því, að koma frumv. þessu í samræmi við álit og tillögur sýslunefndarinnar í Árnessýslu, viðvíkjandi símalagningum þar. Sýslunefndin hefir gert ráð fyrir því, að símalína verði lögð frá Hraungerði eða Ölfusárbrú upp í Grímsnes og þaðan með tímanum upp í Biskupstungur og austur í Hreppa. Einnig hefir komið til orða að leggja símalínu frá Þjórsárbrú um Skeið og upp í Hreppa. Og þó svo yrði gert, þá kemur það í raun og veru ekkert í bága við orðalag 4. gr., ef tillaga mín verður samþykt. Eg hygg, að fyrir flutnm. frumv. hafi það vakað, að símalínan frá Reykjavík til Þingvalla, er frumv. ráðgerir, yrði lengd alla leið að Geysi. En eg hygg, að betur mundi fara á því, að hin fyrirhugaða símalína frá Hraungerði eða Ölfusárbrú upp í Grímsnes og Biskupstungur, lægi til Geysis. En hvernig sem þessu verður nú fyrirkomið, þá hlýtur bráðlega að reka að því, að símalína verði lögð frá aðallínunni austur, upp í Grímsnes. Það er mjög nauðsynlegt og má ekki dragast lengi úr þessu Eins og nú er ástatt, þá er öllum uppsveitum í Árnessýslu því nær fyrirmunað að ná til síma, nema með löngu ferðalagi og ærnum kostnaði og fyrir það nota þeir símann mikið minna, en þeir myndu annars gera. Það er því mikilsvert, að fá símann sem fyrst upp í Grímsnes og svo áfram upp í Tungur og Hreppa. Sú lína mundi áreiðanlega borga sig. Eg skal svo ekki eyða fleirum orðum um þessa till. mína, en vænti að hún verði samþykt. Hún hefir í rauninni ekki í för með sér neina efnisbreytingu, heldur að eins orðabreytingu, sem gerir ákvæði greinarinnar ljósari, hvað Árnessýslu snertir.

Bjarni Jónsson: Mér þykir það undarlegt, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er jafnan farinn úr salnum, er eg tek til máls, kemur svo og segist hafa heyrt hitt og þetta eftir mér.

Hann taldi, að það væri grýla í mínum hug, að vafasamt væri um samþykki Dana. Eftir meðferð Dana á Grænlendingum, má vera vafi á því.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) spyr að því, hvort vér höfum samið við Kanada. Þar til er því að svara, að ef Bretar og Íslendingar koma sér saman um loftskeytasamband sín í milli, er enginn, sem aftrað getur því. Öðru máli er að gegna um það, ef millistöð er í milli, t. d. á Grænlandi, þá kemur til samþykkis þriðja ríkisins. Til þessa er máttuleiki, svo sem sýnt hefi eg, og er varlegra að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Það er nýtt, sem sjaldan skeður, að eg skuli einu sinni vera á sama máli sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Eg tek undir með honum um það, að mál-

ið er óundirbúið. Eg sé hvergi, hvað stöð á Grænlandi eigi að kosta, né heldur hvar standa eigi, norður á Hvítserki eða í mannabygðum, og gerir það mikinn mun, því að ekki er hólminn lítill. Sjónhending til Hellulands eftir kortinu munar $^1/_4$ til $^1/_8$ vegalengdin að lengri sé héðan þangað en til Noregs á sama breiddarstigi sem Reykjavík er á. Þar á milli eru $4^1/_2$ lengdarstig, 4 vestur á móts við Helluland jafn norðarlega, en það liggur sunnar og lengist við það vegurinn. Helluland er á 50. stigi norðurvíddar, en Reykjavík á $63^1/_2$ til 64. stigi. Eg er ekki viðbúinn að reikna þetta nákvæmlega, en svo er þetta eftir auganu. Ef þessi leið er valin getur kostnaðurinn ekki orðið helmingi meiri. Eg játa það, að eg er jafn óviðbúinn að setja upp nákvæma áætlun sem nefndin. Eg hygg skaðlaust að láta málið bíða næsta þings.

Háttv. 1. þm. S-Múl. (J. J.) hélt eina af sínum refsiræðum. Hann sagði, að loftskeytamenn spiltu fyrir sér með því, að þola ekki að heyra nefnda síma. Má á hann heimfæra vísu þá, er kveðin var um Kjartan, er hann flutti Hólmverja til lands:

Mikið færist fang í þú
að færa oss alla héðan.

Mér þykir hann færast mikið í fang, að kalla öll loftskeyti »humbug«. Ekki geta loftskeyti verið meira »humbug« hér en annarstaðar. Hann kvað oss spilla málstað vorum með þeim ákafa, sem vér sýndum gegn símanum til Vestmannaeyja. Vér höldum fast við þann málstað, sem vér erum sannfærðir um að sé góður. Vil eg ekki heyra mér brugðið um flokksofstæki. Óvanur er eg að ráðast á þingæru annara og mega þeir vel láta mína óáreitta. Eg held fast við skoðun mína og og tel betur farið að bíða næsta þings.

Jón Þorkelsson: Menn hafa kvartað yfir því, að vita ekki hvað stöð á Grænlandi kostar. Eftir manni, sem skyn ber á þetta mál, hefi eg það, að hún muni kosta 60—70 þús. kr., en stöð í Kanada 20—30 þús kr. meira.

Eg skal geta þess alment, út af því sem oft heyrist hér, að ýmsar skrítnar tillögur séu hér fram bornar, að þetta frumvarp er eitt hið undarlegasta, sem fram hefir komið á þessu þingi. Nú þegar sem mestur ágreiningur er um loftskeyti og síma, kemur frumvarp þetta eins og hagl úr heiðríkju. Það mun ekki vera tilviljun ein, hvorki að því er tekur til flutningsmanns né símastjórans. Enginn má þó taka orð mín sem aðdróttun; eg efast ekki um, að þeir telji þetta rétt eftir þeirra sjónarmiði, þó að það sýnist eiga miður vel við, að koma með þetta nú, þegar ýmsum er farið að þykja sem ritsíminn sé orðinn eins og nátttröll menningarinnar, sem sé að daga uppi. Eg tel lang réttast að fella þetta mál nú, því að gagnslaust er að tildra upp dauðum bókstafslögum, enda nær frumvarpið varla fram að ganga á þessu þingi. Það er eftirtektavert, hversu hreppapólitíkin vaknar í almætti sínu við þetta frumvarp, jafnt hjá loftskeytamönnum sem hinum; þarf ekki annað en að benda á tillögu vinar míns háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), sem eg ætla einlægan loftskeytamann.

Eg tel frumvarpið með öllu óþarft og óhæfilegt og mun hallast að þeirri góðu tillögu sessunautar míns, háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að taka málið út af dagskrá til næsta þings.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Það má lengi bíða þess, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) átti sig á þessu máli, og yfir höfuð verður ekki ætlast til þess, að þingmenn geti allir sett sig inn í

hvert mál. Og ef það veltur svo mikið á því um þetta mál, hvort að til þess liggja drengilegar hvatir af hálfu okkar flutnm., þá veit eg, að það er sérstaklega örðugt fyrir 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að átta sig á slíku. Hann verður því engu nær, þótt lengri tími líði til undirbúnings. Eg veit það með vissu, þrátt fyrir ummæli hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), að fáir þingmenn munu væna mig lélegra hvata eða bregða mér um hlutdrægni í þessu máli. Mér þykir bara leitt, hvernig málinu er komið. Í nefndinni var alt friðsamlegt. Það er loftskeytamisklíðin, sem leitt hefir asnann í herbúðirnar og sett ilt blóð í málið hér.

Mér þykir leitt, ef háttv. þm. N.-Þing (B. Sv.) teymist til þess að spilla þessu máli, því að þótt *eg* hafi eigi flutt þetta mál vegna Norður-Þingeyinga heldur landsins í heild, þá varðar enga jafn mikils og þá, að það gangi fram óbrjálað.

Jón Þorkelsson: Eg hefi held eg áttað mig svo míkið á máli þessu, — það vildi eg láta hinn háttv. framsögumann vita — að óhætt mundi nú að lýsa yfir því afdráttarlaust, að málið sé flutt inn á þingið beint í því skyni, að flækjast fyrir loftskeytunum.

ATKV.GR.

Brtill. 909, 1. sþ. án atkv.gr.

Brtill. (925) við 2. gr. 6. sþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. (936) við 4. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. (909) við 2 gr. feld með 15 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.	Jón Þorkelsson,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Varatill. (909) 2. við 6. gr. feld með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Pétur Jónsson.	Hálfd. Guðjónsson,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson N.-M.
	Jón Ólafsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Jóh. Jóhannesson var fjarverandi.

Frumv. þannig breytt samþykt með 16 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Prentsmiðjur.

I.

FRUMVARP til laga um prentsmiðjur.

Fyrsta umr., 22. febr. (A. 33).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Frumv. þetta hefir að eins eitt verulegt nýmæli og er því að mestu leyti samsafn af gildandi lögum um þetta efni,

sem nú eru öll komin á víð og dreif, en hafa nú verið sett hér í eina heild. Nýmæli þetta er það, að þjóðbókasafnið í Reykjavík skuli fá 5 eintök af hverri bók, er prentuð er hér á landi. Hingað til hefir háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn fengið 1 eintak, konunglega bókasafnið sama staðar 2 eintök og þjóðbókasafn vort 2 eintök. Þetta þykir kenna misréttis, er komst á um 1820. Prentsmiðjur vorar hafa verið skattgildar um 90 ár undir útlend bókasöfn, þjóðbókasafn vort ekki fengið neitt í staðinn.

Mér finst, að mál sé að afnema þetta misrétti, og sé eg ekkert á móti því að skylda prentsmiðjur til að láta þjóðbókasafninu í tje þau 5 eintök af hverri bók, er hingað til hafa farið 3 af til útlendu safnanna. Slíkt mætti verða til þess að þjóðbókasafnið gæti skiftst á bókum við útlend bókasöfn og fengið á þann hátt ýmsar nauðsynlegar merkisbækur. Nýmæli þetta er aðalmergur frv. þessa og álít eg mál þetta svo þýðingarmikið, að vert sé að athuga það vel, Frv. þetta nemur að því er til Íslands tekur úr gildi tilskipun frá 19. jan. 1821, og jafnframt eru, samkv. 6. gr. frv., öll yngri og eldri lagaákvæði úr gildi numin, er koma í bága við þetta frv.

Vil eg leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd sé kosin til að athuga málið.

ATKV.GR.

Samþykt með 18 shlj. atkv. að kjósa 3 manna nefnd og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jón Ólafsson,
Bjarni Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Bjarni Jónsson kosinn formaður og framsögumaður, en Jón Þorkelsson skrifari.

Framh. 1. umr., 20. marz (A. 33, n. 221).

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Háttv. þingm. munu hafa séð á nefndarálitinu, að nefndin hefir lagt til með því, að frv. það, er hér er um að ræða, fái framgang með þeim breytingum, sem þar er farið fram á, og hefir hún orðið sammála um aðalatriði málsins.

Eg vil mælast til þess, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og mun eg þá gera grein fyrir brtill. og ágreiningi þeim, er orðið hefir í nefndinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. marz (A. 33, n. 221, 266).

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Eins og menn sjá af nefndarálitinu, þá hefir nefndin ekki getað fyllilega orðin sammála í þessu máli. Það, sem minni og meiri hlutann hefir aðallega greint á um, það er um nöfn hinna opinberu safna og um það, hvort atvinnugjald og sektir samkvæmt þessum lögum skuli renna í landssjóð eða til landsbókasafnsins. Að skylda bókaútgefendur til að gefa öllum opinberum söfnum á landinu eitt eintak af hverri bók, er mjög ósanngjörn álaga. Nú eru 4 opinber bókasöfn á landi hér, auk landsbókasafnsins og landsskjalasafnsins. Ef eg nú gef út tvær bækur á ári, og hvora 30 arkir að stærð og sel þær fyrir 10 aura örkina, þá er eg skyldugur til að gefa hverju af þessum söfnum 6 krónur, eða öllum fjórum til samans 24—25 kr. Þá er með því lagður á mig 24—25 kr. árlegur skattur fram yfir aðra menn. Ekki getur því verið þannig varið, að það þyki svo fjarska arðvænleg atvinna að vera rithöfundur á landi hér, að mönnum

virðist rétt að leggja á þá sérstaka skatta umfram aðra menn. Menn munu segja, að upplagið hafi upphaflega verið nógu stórt. Þá muni ekkert um þessi eintök, en þeir fái jafnmarga kaupendur fyrir það. En þar fara menn með rangt mál. Rithöfundurinn er sviftur þeim kaupendum, sem voru vissir, nefnilega söfnunum. Það gerði honum ekkert, þótt hann gæfi einhverjum fátækling eitt eintak af bókinni. Hann mundi ekki kaupa hana hvort eð er, og rithöfundurinn því ekki tapa neinu. Álaga þessi er mjög ranglát og kemur mjög ómaklega niður. Hitt virtist sanngjarnara, að landssjóður legði söfnum þessum fé, sem svaraði því, að þau gætu keypt þessi rit.

En hvað því máli viðvíkur, að skylda menn til að gefa útlendum söfnum rit sín, um það munu víst allir í þessari deild vera mér samdóma. Allir hljóta að sjá, hve réttlát slík fyrirskipun er.

Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um, að viðhafa þau nöfn á mentastofnunum landsins, sem þær að réttu lagi eiga, en þó þótti rétt að setja hin gömlu nöfn aftan við í svigum, svo að ekki valdi misskilningi. Þessi nýju nöfn ætti að setja inn í fjárlögin og önnur lög, til þess að þau fái sem mesta festu í málinu. Þetta benti og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) á um daginn og þá leið höfum við valið.

Tillögu minni hl. um það, að sektir og atvinnugjald renni til landsbókasafnsins, getum við ekki aðhylst. Ef þau eru ekki látin renna beina leið í landssjóð, sem væri eðlilegast, þá virðist okkur, að háskólasjóðurinn ætti að ganga fyrir því. Það fé ætti að vera notað til gagns bókmentum vorum, og kæmi mest að gagni með því móti.

Eg held það sé óþarfi að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, enda finst alt í nefndarálitinu og tillögunum.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg hefi ekki séð þessa nýju brtill. hins háttv. meiri hl. fyr en á þessu augnabliki, og sé þar, að hinn háttv. meiri hluti er farinn að gera brtill. við sínar eigin brtill. Er brtill. á þgskj. 266 aðgengilegri, en tillögurnar í sjálfu nefndarálitinu? Fé það, sem rynni inn fyrir brot á þessum lögum, væri eðlilegast að kæmi mentastofnunum landsins að góðu. Eg hefi landsbókasafnið í huga af því, að það er sífelt í fjárþröng, en það á að varðveita þessi rit og biði því mest tjón af, ef vanræksla væri frá hendi bókaútgefenda. Virðist því sanngjarnast, að það nyti góðs af þessu fé.

Hvað viðvíkur nöfnunum, þá sé eg enga ástæðu til að fara að viðhafa nöfn, sem ekki eru enn þá til, t. d. þjóðbókasafn fyrir landsbókasafn. Land þýðir í íslenzku máli bæði að fornu og nýju alveg sama og ríki, og mun háttv. þm. Dal. (B. J.) geta fallist á að halda þessu nafni. Við höfum hugsað okkur að semja þingsályktun, þar sem skorað væri á landstjórnina, að þar sem landstjórnin þarf að nefna landsbókasafnið og landsskjalasafnið á útlendum málum (t. d. í danskri þýðing fjárlaganna), þar væri viðhöfð nöfnin *Nationalbibliotek* og *Nationalarkiv* í stað *Landsbibliotek* og *Landsarkiv*. Á útlendu máli getur það haft nokkra þýðingu, þar eð t. d. á dönsku og sænsku þýðir land sama og hérað, en á íslenzku þýðir land sama og ríki, bæði í fornu og nýju máli. (*Jón Þorkelsson:* Ofmælt hjá þingmanninum). Eg vil leggja það til við hina háttv. deild, að þau sömu heiti og nú eru lögmæt, komi í stað þeirra, sem stungið er upp á á þgskj. 266.

Sigurður Gunnarsson: Eg er hinni háttv. nefnd samdóma um flest atriði þessa máls, en þó er eitt atriði, sem eg get ekki fallist á, og það er

það, að 3. liður 2. gr. frv. falli niður, nefnilega að bókaútgefendur hafi þá skyldu á hendi, að veita hinum fjórum bókasöfnum út um landið ókeypis eintök. Mér sýnist ekki enn tími til þess kominn. Það er rétt að hlynna að þessum söfnum, því þau gera mikið til þess að auka fræðslu, þar sem að öðru leyti er skortur bóka. Háttv. framsm. (B. J.) þótti hart að leggja þessa kvöð á bókaútgefendur. Honum fanst, að með því móti væri hann sviftur vissum kaupendum, en hinu kvaðst hann betur una, að láta fátæklingum í té nokkur eintök ókeypis. Enginn kaupandi hyrfi fyrir það. En nú er þess að gæta, að söfnin út um landið koma einmitt fjölda mörgum fátækum mönnum ekki sízt að góðu. Til þessara bókasafna nær fjöldi fátækra alþýðumanna, námfúsra manna, sem að öðrum kosti mundi ekki verða þess auðið að ná til bóka að neinu ráði, og einmitt með því að láta af hendi þessi eintök bóka, er núverandi löggjöf gerir ráð fyrir, við söfnin, mundi háttv. framsm. ná bezt þeim góða tilgangi sínum, að hlynna að félitlum, námfúsum mönnum úti um land. Eg vonast til, að fleiri verði mér samdóma um þetta mál, og legg til, að breyt.till. sú, er hér um ræðir, verði feld.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Háttv. þm. Snæf. (S. G.) er auðsjáanlega mjög sárt um bókasöfnin út um landið. Mér virðist réttmætara, að landssjóðsstyrkur til safna þessara sé aukinn sem svarar virði slíkra bóka, heldur en að halda við þessari kvöð á bókaútgefendum. Hér á landi er því þannig farið, að helmingur allra bókaútgáfna ber sig ekki. Útgefendur verða oft að leggja fé í sölurnar og rithöfundar fá aldrei sæmileg ritlaun, oft alls engin. Og svo eru þessir skattar lagðir á þá fram yfir aðra menn. Upphaflega voru hér á landi 4 söfn, sem höfðu þessi forréttindi. Í hitt eð fyrra var svo einu bætt við, og með því er skapað það fordæmi, að seinast fái hvert hreppsbókasafn þau réttindi. Eg sé ekki ástæðu til að leggja skatt á bókaútgáfur fram yfir aðrar atvinnugreinar í landinu, og ekki geta bókmentir vorar þótt svo óþarfar, að réttmætt þyki að leggja sérstaka refsingu á útgefendur bóka.

Eins og nú er, koma þessi söfn einungis fáum öðrum mönnum í kaupstúnum að góðu, en embættismönnum og kaupmönnum, en ekki fátækum, námfúsum æskulýð. En þó þau gætu komið fleirum að góðu, þá á landssjóður eða aðrir að standast kostnaðinn af því, en ekki útgefendurnir og rithöfundarnir. Rithöfundar vorir eru flestir, því miður, sjálfir fátækir menn, og koma því þessar álögur illa niður á þeim.

Annars eru þessi bókasöfn, eins og lestrarfélög, til þess að draga úr bókakaupum, og eru því niðurdrep bókmenta í landinu.

Sigurður Gunnarsson: Þessi orð mín áðan hafa líklega ei fundið náð fyrir augum háttv. framsm. minni hl. (J. Ó.) og líklega heldur ekki fyrir augum háttv. framsm. meiri hlutans (B. J.) Háttv. 2. þm. S.Múl. (J. Ól.) vildi bæta það upp, að fjórðungsbókasöfnin væru svift bókum þeim, sem þau hingað til hafa fengið ókeypis, með því, að landssjóður legði þeim meira fé til bókakaupa. Eg hefði ekkert á móti því, ef hann gæti sannfært mig um, að það yrði meir en orðin tóm. En þegar hann sagði, að bókasöfnin út um landið væru að eins fyrir embættismenn og verzlunarmenn í kaupstöðunum, þá vil eg mótmæla því sem algerlega röngu, þar sem eg er kunnugur, nfl. í Stykkishólmi. Eg hefi því miður ekki við hendina útlánabók Stykkishólmsbókasafnsins, en eg hefi oft blaðað í henni og hún bendir á alt ann-

að en háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) segir. Þessi orð hans hljóta því að vera sprottin af ókunnugleika, því að safnið er mjög mikið notað í sveitunum, þó að gefi að skilja, að kaupstaðarbúar og nærsveitamenn hafi mest not af því. En því er enn frekar svo varið hér í Reykjavik með hin stóru söfn, þau eru mest fyrir Reykvíkinga og nærsveitir, þótt þau séu eign landsins og eigi að vera fyrir alla landsmenn.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jonsson): Það eru að eins örfá orð um þennan skatt, sem á að leggja á bókahöfunda, því að ekki verður á móti mælt, að þessi skattur kemur aðallega niður á höfundunum. Það kann vel að vera, og er víst alveg rétt, að nauðsyn sé fyrir bókasöfnin að fá sem flestar bækur, en eg get ekki gengið inn á það, að þær eigi að taka úr mínum vasa, eða annara höfunda. Þeir, sem mikið gera að því að semja eða þýða bækur, fá að meðaltali sæmileg ritlaun fyrir aðra hvora bók, og ef bókin er nokkurs virði, fá þeir engin ritlaun, en mega þakka sínum sæla, ef nokkur vill gefa hana út. Og enn þá meira fælir það forleggjarana frá því að gefa út fræðibækur, þegar löggjöfin segir: »Láttu þá fá bókina ókeypis, sem liklegastir eru til að kaupa hana«. Því skylda menn ekki skraddarann til að gefa 60. hver föt af þeim, sem hann býr til. Því að það mun svara því, að höfundurinn fær ekkert fyrir 60. hverja örk, eða ef til vill 30. hverja örk. Ef söfnin fengju þessar bækur ekki gefins, mundu þau áreiðanlega kaupa þær. Og það er líka sjálfsagt að veita þeim fé til þess að afla sér bóka. Til þess er eg jafnfús og eg er fús á að afnema hinn ósanngjarna skatt, sem lagður er á bókahöfunda. Menn mega alls ekki líta svo á, að við, sem þetta viljum afnema, séum að vinna nokkuð á móti söfnunum, heldur er það til þess gert, að framlögin lendi þar, sem þau eiga að lenda, á landssjóði, en ekki einstökum mönnum. Eg gæti, af því að eg er vanur þýðari, líklega afkastað 60 örkum á ári, og fengið um 20 kr. fyrir örkina. Menn geta reiknað út, hve miklar árstekjur það yrðu, þegar auk annara skatta, sem eg sem borgari verð að greiða, yrði lagður á mig sá aukaskattur, að gefa 30. hverja örk. Það er þannig lögð sekt á mig fyrir að gera góða þýðingu á góðri bók, og eg yrði ennþá ver úti, ef bókin væri fræðibók. Þá fengi eg líklega engin ritlaun, ef bókin væri ekki sögulegs efnis, en t. d. um heimspeki. Svona er þetta nú ranglátt. En gagnvart þeim mönnum úr fjórðungum landsins, sem hér sitja, vil eg aftur taka það fram, að eg er ekki að reyna að berjast á móti söfnunum, en tel sjálfsagt, að landssjóður veiti þeim fé til bókakaupa.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en að eins svara háttv. framsm. minni hl. (J. Ól.) nokkrum orðum. Það er rétt hermt hjá honum, að eg lít svo á, að land í þessu sambandi þýði sama og ríki. Eg gæti líka vel gengið inn á, að það stæði óbreytt, ef það á opinberum skjölum væri þýtt þannig á útlend mál, að skýrt kæmi í ljós, hvað eg meina með því, og tilsvarandi útlend nöfn jafnframt þýdd eftir sömu reglu á íslenzku, t. d. landsjóður en ekki ríkissjóður Danmerkur. Ef því væri svo hagað skyldi eg gjarnan ganga frá nafnbreytingunum, en það vil eg skýrt fá fram, að við skoðum okkur ekki sem hluta, heldur sem heild, eina þjóð og eitt ríki.

Jón Þorkelsson: Eg vil geta þess, að þótt eg hafi skrifað undir nefndarálit þetta, er eg samt ekki fyllilega sammykkur því, að tekinn verði sá réttur af fjórðungsbókasöfnunum og Ísafjarðarsafninu, sem þau hafa áður haft til þess

að fá ókeypis bækur og tímarit, sem gefin eru út hér á Íslandi. Eg lít svo á, að skattur þessi sé ekkj mjög tilfinnanlegur fyrir bókaútgefendur, en kemur hinsvegar bókasöfnunum að miklum notum. En ef líkur eru til þess, að fjárveitingarvaldið sýni sig liðugt um fjárstyrk til safnanna fyrir þessi réttindi, þá get eg við þessa umræðu verið með því, að feld sé burtu 3. málsgrein 2. gr.

Eg get ekki hrósað háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir það, að hann standi vel við orð sín. Hann var í nefndinni samþykkur því, að nafn landsbókasafnsins skyldi eftirleiðis vera þjóðbókasafn, en nú er hann að tala um það eins og einhverja stofnun, sem hætt sé við að enginn viti, hvort sé til. Það er eins og þegar skift er um bæjarnafn, að jörðin væri þá ekki til, þegar hún er nefnd með nýja nafninn. En það þýðir ekki mikið að vera að þrátta um þetta, ef þingmaðurinn hvorki skilur né vill skilja. Háttv. þm. segist meina það sama og við. Og ef honum er það alvara, að í orðinu felist það sama og í orðinu National library, eða Nationalbiblotek, hvers vegna vill hann þá ekki nota hið skýlausara orðið, sem tekur af allan vafa? Þjóðbókasafn er einmitt hið skýlausa nafn. Það má þrátta um orðið »land«, hvort í því felist sama merking og »national«. Það getur bæði þýtt þjóð, eða ríki, landshluta, hérað og sveit, en orðið þjóð getur ekki falið í sér nema það af þessu, sem þingmaðurinn *þykist* vilja og við hinir nefndarmennirnir viljum. »Þjóð« hefir að eins eina ákveðna merkingu. Eg þarf hér ekki að fara fleirum orðum um þessa nafnbreytingu. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir gert það svo rækilega, og fært svo skýr og góð rök fyrir okkar málstað, að óþarft er að fara meira út í það. Brtill. okkar um, að sektirnar renni í háskólasjóð — ef þær eiga ekki að renna í landssjóð — virðist svo sanngjörn, að eg býst við að flestir fallist á hana. Sjóður sá ætti að vaxa til sóma og styrks jafnvirðulegri stofnun, sem við ætlum að fara að koma upp, og ætti að verða fátækum, ungum efnismönnum til gagns og menta. Það liggur fjær, að fé þetta renni til landsbókasafnsins. Það er stofnun, sem af landssjóði hefir sitt ákveðna fé, en háskólasjóðurinn er nauðsynlegur velgerðasjóður. Ef féð rennur ekki í landssjóð, þá vil eg leggja mikla áherzlu á, að það renni einmitt í þennan sjóð, sem þegar hefir safnað verið til nokkurt fé, sem nú er á vöxtum.

Benedikt Sveinsson: Það hafa tveir hv. þingm. bent á kvaðir þær, sem bókaútgefendum væru lagðar á herðar með því að skylda þá til þess, að láta fjórðungsbókasöfnin hafa eintak af hverri bók, sem út væri gefin. En eg vil benda á, að með brtill. á þgskj. 221 er verið að létta kvöðum af þeim, þar sem þeir eru undanþegnir því, að gefa þrjú eintök af hverri bók til útlendra bókasafna. En hv. nefnd hefir ekki látið sér nægja með það. Hún vill létta kvöðinni enn þá meir, með því að láta engar bækur ganga ókeypis til fjórðungsbókasafnanna. En til þess sé eg ekki fulla ástæðu. Menn verða að gæta þess, að þessum fáu söfnum er skylt að eiga allar þær bækur, sem út koma á íslenzku. Það er heimtað af þeim, til þess að þau komi að nokkrum notum. En þegar þess er gætt, hve margt og mikið er gefið hér út, þótt misjafnt sé að gæðum, þá yrði það mikill kostnaður og erfiði fyrir söfnin að ná í það alt, og eini vegurinn til þess yrði sá, að taka af því fé, sem þau hafa áður notað til þess að ná sér í nytsamar, útlendar bækur. En það væri mjög óheppilegt. Eg vil því vona, að 4. brtill. við 3. málsgr. 2. gr. á þgskj. 221 verði feld, enda hefir einn nefndarmaður, hv. 1.

þm. Rvk. (J. Þ.), tekið vel í það. Ef menn eru hræddir við, að það spilli bókasölu, að þessi eintök eru látin í söfnin, þá mætti girða fyrir það með því að skylda söfnin til þess að lána ekki sögubækur, sem almenningur sækist helzt eftir, eins og mun eiga sér stað hér á landsbókasafninu. Þannig yrði bæði náð þeim tilgangi, að bókasala spiltist ekki, og líka hinum að styðja söfnin. Það er á stjórnarinnar valdi, að semja skynsamlegar skipulagsskrár fyrir söfnin, ef þær eru ekki til áður.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Út af því, sem sumir háttv. þm. hafa haldið því fram, að nauðsynlegt væri, að fjórðungsbókasöfnin fengju allar íslenzkar bækur ókeypis, vildi eg leyfa mér að spyrja: Því er meiri ástæða að gefa þessum 4 söfnum í 4 kaupstaðarholum meira heldur en öllum þeim fjölda manna, sem ekki ná til þeirra?

Við veitum nú sem stendur 3 fjórðungsbókasöfnum og bókasafninu á Ísafirði mjög rífan fjárstyrk, og þegar sú upphæð er borin saman við bókaútgáfuna á Íslandi, kemur það í ljós, að styrkurinn er 3 ef ekki 4 sinnum meiri en verð íslenzkra bóka, sem árlega eru gefnar út. Það er því auðsætt, að mestum hluta styrksins er eytt til kaupa erlendra bóka og nokkuð til bókbands. Það tjáir ekki að mótmæla því, að styrkur þessi kemur að eins litlum hluta landsmanna að notum, kaupstöðunum og örfáum mönnum í nærsveitum þeirra. Og því eiga t. d. Stykkishólmsbúar meiri heimtingu á að fá ókeypis bækur til aflestrar en aðrir landsmenn, sem ekki ná til safnanna? Nei! Styrkurinn er að eins fyrir embættismenn og verzlunarmenn í kaupstöðunum, því að alþýða manna gerir ekki mikið að lestri útlendra bóka. Er þetta jafnrétti eða réttlæti?

Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) gat þess, að semja mætti skipulagsskrá fyrir söfnin og ákveða, að þau mættu ekki lána út skemtibækur, en það sem fyrir okkur nefndarm. vakti og hv. þm. 1. Rvk. (J. Þ.) hélt fram, þótt hann sé nú genginn frá því, var það, að söfn þessi eru ekki nein bókavarðveizla. Það er að eins eitt safn, sem er bókasjóður og varðveizla landsins, og það er landsbókasafnið. Hin eru það ekki, hjá þeim geta allar bækur farið upp í bál og brand, áður en menn varir. Það væri heldur þörf á að koma fram með þingsályktunartillögu og skora á stjórnina að hlutast til um það, að skemtibækur væru ekki einusinni lagðar fram á lestrarsal landsbókasafnsins, fyr en þær væru t. d. 5 ára gamlar. Því að það er vitanlegt, að Reykvíkingar, sem eru meir en $^1/_7$ hluti allra landsmanna, kaupa færri bækur en vesalasta sýslan á landinu, og það er alt saman sakir þess, að söfnin eru misbrúkuð. Það eru til styrklaus lestrarfélög, t. d. eitt í Mývatnssveit, sem á miklu betri bækur en öll fjórðungsbókasöfnin. Þeir fara ekki fram á neinn styrk, á kostnað höfundanna. Þeir kaupa bækurnar sjálfir. Enda eiga menn líka að gera það, ef menn vilja lesa bækur, að borga fyrir það, alveg eins og eg verð að borga fyrir neftóbakið mitt, en get ei heimtað af tóbaksfabrikum, að þær sendi mér svo og svo marga bita ókeypis.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg vil leyfa mér að benda háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) á það, að öllum landsmönnum er jafnheimill aðgangur að fjórðungsbókasöfnunum. Jafnvel þó það sé erfiðara fyrir þá, sem fjær búa, hafa þeir samt rétt til þess. Eg vil leggja til, að breyttill. nefndarinnar sé feld, því að það er aðgætandi, að það er tiltölulega lítið gefið út á íslenzku af nytsömum bókum, en söfnunum mundi samt

vera lögð sú kvöð á herðar að útvega allar íslenzkar bækur. Afleiðingin yrði sú, að söfnin gætu ekki keypt neitt verulegt af gagnlegum, útlendum bókum, sem menn verða þó að kannast við, að mikil ekla er á, því að fáar eru þær þýddar á íslenzku. Við verðum því að hafa tryggingu fyrir, að söfnin geti náð í þessar bækur, því að annars koma þau ekki að tilætluðum notum, og megum því ekki skerða um of rétt þeirra með því að samþykkja breytingartill.

Björn Jónsson: Eg get ekki fallist á þessa tillögu um að breyta nafninu landsbókasafn í þjóðbókasafn og landsskjalasafn í þjóðskjalasafn. Hér á landi er enginn sá, er misskilji heitin. En það er hinn mesti hégómi að eltast við, hvernig eigi að þýða heitin á útlendar tungur og leggja lögbann við, hversu þýða beri; mér finst menn geti látið sér í litlu rúmi liggja, hverjum nöfnum klínt er á þessi orð í útlendum tungum.

Um bókagjafirnar til safnanna vil eg geta þess, af því eg á að heita bókaútgefandi, þótt ekki kunni því að verða tekið mikið mark á orðum mínum, að það er rangur og ranglátur skattur, sem þar með er lagður á bókaútgefendur. Eftir sömu reglu ætti að lögbjóða leikhúsum að gefa aðgöngumiða svo og svo mörgum, sem eiga ekki hægt með að kaupa þá, eða þá tíma því ekki, eða þá að tiltölu við það sem selst. Eg geri ekki mikið úr því, að þessi söfn séu til að mennta þjóðina. Eg mundi, að eg ætla, hafa lagt á móti þessum skatti, jafnt fyrir því; þótt eg hefði ekki verið bókaútgefandi.

Jón Þorkelsson: Mér fanst háttv. þm. Barð. (B. J.) misskilja, hvern tilgang vér hefðum með því að leggja til breyting á nöfnum safnanna. Það efast enginn um, að hérlendis muni engir misskilja þau nöfn, sem að upphafi byrja á land. Það er einmitt sú hliðin, sem veit út á við, sem hér varðar mestu, og því varð það sammæli í nefndinni, að koma fram með þessar breytingar, og þar með skora á stjórnina að þýða lögin svo, að skýrt kæmi fram, að kent væri við þjóð en ekki hérað. Það á að fyrirbyggja það, að vér séum skoðaðir sem hérað úr Danmörku, og stofnanir vorar sem héraðastofnanir þar. Þetta veit eg, að hv. þm. skilur manna bezt, ef hann athugar það.

Það er verið að benda mér á, að landfógeti hafi verið hér á landi. Eg skal fræða sessunaut minn um það, að það embætti var einmitt stofnað um það bil, er innlimuninni var dembt yfir þetta land, og það skoðað sem hérað eða »Provinds« úr Danmörku.

Björn Jónsson: Ef samkvæmni ætti að vera í þessum nafnasmíðum, ætti að leggja niður fleiri heiti, t. d. landlæknir og landsféhirðir *(Jón Þorkelsson:* Það hefir verið gerð tillaga um það). Það er svo. *(Hannes Hafstein:* En landsynningur?) Nú, hann mundi þá eiga að heita þjóðsynningur! Eg er hræddur um, að það eitt græðist með þessu, að gera sig hlægilega með jafn barnalegri þjóðernis viðkvæmni og það einmitt í augum Dana, og ef til ætti að tína alt sem breyta mætti þannig, þá má lengi vera að. Stæði ekki þjóðernið á fastari fótum en það, að úti sé um það, ef ekki er klínt þessu »þjóð« framan við annaðhvort heiti í málinu, þá fyndist mér það naumast á vetur setjandi.

ATKV.GR.

Breyt.till. á þgskj. 266, 1. sþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
Jón Sigurðsson,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson.	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Breyt.till. minni hl. á þgskj. 221, 2. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorlákssson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Breyt.till. á þgskj. 221, 3. þar með fallin.

Breyt.till. minni hl. á þgskj. 221, 4. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorlákssson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Breyt.till. á þgskj. 266, 5.—7. þar með fallnar.

Breyt.till. meiri hl. á þgskj. 221, við 1. gr. sþ. með 18 atkv. shlj.

1. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. á þgskj. 221, 2. við 2. gr. sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 221, 3. við 2. gr. fellur burt.

Breyt.till. á þgskj. 221, 4. við 2. gr. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorlákssson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

2. gr. þannig breytt sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 266, 5, (ný 3. og 4. gr.) sþ. með 14. atkv. shlj.

5. gr. (áður 4. gr.) sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 266, 7. við 7. gr. (áður 5. gr.) sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 266, 9. við 6. gr. sþ. með 12 atkv. shlj.

8. gr. (áður 6. gr.) þannig breytt sþ. með 14 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 266, 10. við 8. gr. sþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 atkv. shlj.

Þriðja umr., 4. apríl. (A. 275).

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Þetta mál var þrautrætt, þegar það var til umr. síðast, svo að nú þarf ekki mikið um það að segja, enda þótt sumt hafi færst til verri vegar en eg hafði búist við. Eg get verið háttv. nefnd samdóma um það að bæta inn atriði um heimild fyrir stjórnina, til þess að semja um bókaskifti við erlend söfn. Eg legg til að hvorttveggja verði samþykt, breyt.till. og frumv.

Jón Magnússon: Eg hefi ekki orðið þess var, að þetta frumvarp hafi verið svo þrautrætt, sem hv. framsm. sagði.

Eg vil fyrst drepa á það, að það getur verið athugavert, að vera með þessa sífeldu títuprjónastingi í Dani, og öðruvísi en svo, get eg ekki skoðað þetta frumvarp.

Það er kunnugt, að bókasöfnin í Danmörku hafa hingað til fengið 3 eintök af íslenzkum bókum, annað safnið 2, en hitt 1. Það má nú vera, að þetta sé of mikið, en að taka þetta burtu svona alveg fyrirvaralaust, finst mér dálítið óviðkunnanlegt. Eg skal nú samt ekki tala frekar um það; það mun einmitt vera það, sem meiri hl. háttv. deildar þykir kostur á frumvarpinu. En eg vil benda á það, að það er undarlegt, að fara nú að þrengja að prentsmiðjuiðnaðinum, svo að hann verði ekki frjáls atvinnugrein, og ósanngjarnt að leggja nú nýja skatta á hann, þar sem menn hafa altaf verið að íþyngja honum meira og meira undanfarið. Eg skil t. d. ekki, hvers vegna prentsmiðjurnar eiga að fara að gefa skjalasafninu 1 eintak af hverri bók á skrifpappír, þegar landsbókasafnið, sem er í sama húsinu, á að fá 2. Þetta er á engum rökum bygt.

Svo er annað atriði. Hvers vegna á að fara að hegna erlendum mönnum fyrir það, að gefa út bækur á íslenzku? Hví má ekki selja þær hér í landi nema áður sé búið að gefa landsbókasafninu eitt eintak af þeim? Hvernig ímynda menn sér, að lögin geti talist heiðarleg eða sæmileg, þegar svona afskapleg ákvæði eru í þeim. Nú er t. d. gefin úr dýr útgáfa af einhverjum fornritum vorum í Svíþjóð, og send hingað, eða auglýst hér. Hvað þá? Þá kemur auglýsing í Lögbirtingablaðinu um það, að útgáfuréttinum sé glatað, og ritið gert upptækt. Er nú nokkurt vit í öðru eins og þessu? Þetta er ekkert annað en söluskattur. Eg skil ekkert í því, hvernig þetta hefir komið upp í heila nefndarmanna, og eg verð að segja það, að það væri sæmra að fella þetta, því að annað væri til hreinustu minnkunar.

Framsögum. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mig hálfkynjaði á ræðu háttv. þm. Vestm. (J. M.). Hann hafði ekkert út á þetta að setja síðast og flest af því sem hann sagði var misskilningur. Hann talaði um, að hér væri verið að íþyngja prentiðnaðinum, en það er þvert á móti. Hér er verið að létta á honum. Og að þetta ætti ekki að verða frjáls atvinnuvegur. Hann er einmitt ekki frjáls, eins og nú stendur, nema í kauptúnunum, en samkvæmt þessu frv. á hann að verða það alstaðar. Þetta er því alveg öfugt. Hann fáraðist um að landsskjalasafnið ætti að fá eitt eintak. Það fær það nú af öllum blöðum, svo að þetta er ekki nýmæli. Hitt er annað mál, hvort beint er ástæða til þessa eða ekki, en þetta er í öllu falli til þess, að vinur okkar landsskjalarinn fái ókeypis eitt eintak af blöðunum til lesturs. En svo kemur þetta heldur ekki niður á prentsmiðjunum,

heldur á útgefendunum, því að salan spillist af því að gefa þessi eintök, en prentsmiðjurnar fá alt hið sama frá útgefendunum. Þá þótti honum hér kenna tituprjónastingja, en því verð eg að afneita skýrt og skorinort. Eg hefi ekki verið mikið kendur við þá í þessa átt, en milli 1880 og 1890 kom eg fram með till. í þessa átt í prentsmiðjulagafrumvarpinu. En féll þá frá henni eftir bendingu landshöfðingja, til að spilla eigi staðfestingu laganna; en þá áttum vér danskan ráðgjafa.

Það hefir lengi vakað fyrir mér og öðrum, að þessar bókagjafir væru óþarfi. Danir eru efnuð þjóð og geta vel keypt bækur okkar, ef þeir vilja. Við kaupum þeirra bækur og það er engin ástæða til þess, að fátækari þjóðin sé þannig að gefa hinni ríkari endurgjaldslaust. Þeir hljóta að sjá, að það er ósanngjarnt að skattskylda okkur til þeirra bókasafna, án þess að okkar bókasöfn hafi nokkurn rétt til nokkurs, sem út kemur í Danmörku. Ef vér fengjum hlynnindi í staðinn handa voru safni, væri alt öðru máli að gegna.

Þá þótti háttv. þm. ótækt, að hér er áskilið að ekki megi selja hér á landi bækur, sem eru gefnar út annarsstaðar, nema gefið sé eitt eintak af þeim til landsbókasafnsins. Við höfum veitt íslenzkum höfundum erlendis eignarrétt á sömdu máli, og það er vernd á honum, og þá látum við varða missi þessa réttar, ef landsbókasafnið fær ekki sitt eintak. Þetta viðgengst í Bandaríkjunum og Kanada. Það er t. d. skilyrði fyrir þessum rétti, að hafa kvittun frá Kongressbókasafninu (í Kanada frá innanríkisskrifstofunni) fyrir einu eintaki af hverri bók. Þegar kvittun er fengin þá er um leið fenginn prentrétturinn og eignarrétturinn. Það er engin ósanngirni, þótt landið áskilji sér 1 eintak. Það er ekki annað en endurgjald fyrir veizlu og varðveizlu á ríthöfundaréttinum.

Háttv. þm. hefir ekki íhugað málið nógu rækilega og eg skil ekki annað en að hann sjái við nánari athugun, að þetta er réttmætt.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki fallist á ummæli háttv. þm. Vestm. (J. M.) um tituprjónastingina, eða að það sé nokkur ókurteisi, að létta af mönnum þessu gamla tjóðurhafti. Fyrirvaralaust sagði hann. Ættum við þá kannske að fara að spyrja Dani að því, hvort við mættum þetta eða ekki? Eg hélt, að við værum einráðir í því að koma af okkur þessum gömlu höftum frá einveldistímanum og ekki spurði víst konungsvaldið íslenzka útgefendur, þegar þetta var valdboðið fyrirvaralaust 1820. Það er leiðinlegt, að nokkur skuli vera viðkvæmur fyrir öðru eins og þessu. Menn ættu fremur að gleðjast, þegar þinginu dettur í hug að kveða niður slíka drauga, eins og þetta, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir einu sinni svo heppilega líkt við botnlanga, sem nú eigi að sníða burt. Hann hefir nú gert ítarlega grein fyrir málinu, svo eg þarf þar litlu við að bæta. Hér er ekki verið að íþyngja bókaútgefendum, heldur hið gagnstæða, þar sem létt er á þeim þessari kvöð, að senda 3 eintök af hverri bók til útlanda. Ekki er heldur verið að íþyngja þeim, sem selja hér bækur frá útlöndum, þótt þeim sé gert að skyldu að gefa þjóðbókasafninu eitt eintak. Þetta er ekki nema lítil þóknun fyrir réttinn til þess að mega selja bækurnar. Þeir sem verzla með annað verða að gera svo vel og fá sér borgarabréf, og öllum réttindum eiga að fylgja skyldur.

Eg skil ekki, hvernig háttv. þingm. Vestm. (J. M.) hefir getað miklað þetta svona fyrir sér, þar sem hann talaði um »afskapleg ákvæði«. Hitt skil eg,

að Dönum leiðist að missa þetta. Þeim hefir fundist það einn þátturinn í drottinvaldinu yfir landinu, að fá með sjálfskyldu bækurnar frá þessari ey, eins og hinum eyjunum sínum, — en þetta breytist nú vonandi eins og fleira.

Jón Jónsson (1. þm. S.-M.): Eg get ekki verið með þessu og ætla því að gera dálitla grein fyrir atkvæði mínu. Fyrir mér vakir engin pólitík, þótt hér hafi verið ætlast til þess, að þetta væri pólitískur títuprjónn. En eg tel það skaða, að nema burtu þessa skyldu, sem nú hvílir á, að senda eintök af öllu, sem hér er prentað, til útlendra bókasafna. Eg veit ekki nokkurn þann stað hér á landi annan en landsbókasafnið, þar sem öllu, sem út er gefið, er safnað og geymt, og þótt það sé allvel varðveitt þar, þá getur þó komið fyrir, að bókunum verði þar ekki óhætt, nægir í því efni að minna á bruna, jarðskjálfta o. s. frv. og sé eg ekki betur, en að vér megum þakka fyrir, að íslenzkar bækur séu geymdar á öðrum öruggum stað, hvað sem upp á kann að koma, sem er í Danmörku og annarsstaðar. Það er aldrei úr vegi að eiga slíkt geymt á fleiri en einum stað; þótt menn þykist búa vel um, geta þó altaf komið slys fyrir á ýmsan hátt, og mun eg því greiða atkv. á móti þessu.

Jón Magnússon: Eg hygg, að það sé háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem misskilur mig. Frv. var alt öðru vísi, þegar það kom hér fyrst. Þá var leitast við að létta af mönnum skatti, en það var felt. Á síðustu þingum hefir bókagerðinni alt af verið íþyngt. Eg hygg nú, að það væri nær að laga þetta á alt annan hátt en hér er farið fram á. Mér dettur ekki í hug að efast um það, að það sé á voru valdi einna, að kveða á um lagaskyldu eða ekki til að senda dönskum bókasöfnum bækur prentaðar hér, en eg hygg, að það væri allskynsamleg leið í stað þeirra fyrirskipana, er nú á að leiða í lög, að senda landsbókasafninu fleiri eintök af prentuðum ritum en nú, og væri þar af einhver ætluð til skifta. Það væri hyggilegri og aðgengilegri vegur, en að hætta alveg fyrirvaralaust að senda þeim bókasöfnum prentuð rit, sem lengi hafa notið þessara hlunninda, alveg fyrirvaralaust. Að við höfum lagarétt til þessa, getur auðvitað enginn maður með fullu ráði deilt um. Það hefir haft þýðingu fyrir Íslendinga, að hafa þessar bækur í Kaupmannahöfn, einkum við háskólabókhlöðuna. Þeir hafa oft verið þar margir og haft mikil þægindi af því, og aðrir hafa notað bækurnar lítið. En mér þykir það leitt, að kippa þessu burt alt í einu, án þess að hafa svo mikið sem minst á það áður við þessi bókasöfn, sem ætíð hafa reynst oss svo vel. Það er ekki kurteisi við aðra þjóð, hvort sem hún er í sambandi við okkur eða ekki, og það er þó til það sem kurteisi heitir, líka meðal þjóðanna. Eg veit nú, að sumir finna enga ástæðu til þess að sýna Dönum hana. Þeir líta svo á, sem þeir hafi þá sérstöðu, að vera fyrir utan þjóðaréttinn, og svo mikið veit eg, að ef þessar bækur hefðu verið sendar til bókasafna á Englandi eða Noregi, þá hefði engum dottið í hug að kippa þessu burt umtals- og fyrirvaralaust. Brtill. álít eg ótæka. Eg sný ekki aftur með það, að eg álít það mjög misráðið, að banna að selja hér íslenzkar bækur, sem prentaðar eru utanlands, nema með því að skattskylda menn á þennan hátt.

Háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ól.) talaði um Ameríku, og skal eg láta það liggja á milli hluta, mér er ekki svo kunnugt um það, en athugavert er það, að þar er þrengra um ýmislegt en annarstaðar. Hér nærlendis þekki eg hvergi slíkar hindranir. Eg veit ekki betur, en að oss væri leyfilegt að senda bækur hvert

sem við vildum, án þess að verða sektaðir. Eg get ekki skilið það, að þótt þetta væri haft eins og áður, þá þyrfti að skoða það sem skattgjald til annars ríkis, en eftir því sem mér skildist á háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), þá er það meiningin með þessu eins og mörgu öðru, að það á að vera dálítil tituprjónsstunga, og það er óheppilegt, að geta ekki haldið virðingu sinni án þess að vera með þess háttar útbrot.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Mér kemur það mjög kynlega fyrir, að heyra um þessa prjóna. Eru það tituprjónastungur á Dani hvenær sem leiðrétt er eitthvert gamalt ranglæti? Kenna þeir til af því? Hér á að hætta því, að íslenzkir bókaútgefendur séu skyldir til að gefa dönskum bókasöfnum bækur, og það á að stinga Dani. Hvernig ætti það að geta stungið þá? — því þeir eru engum rétti sviftir með þessu — hafa aldrei átt neinn rétt til að fá þessar gjafabækur, og ef mönnum sýnist að Danir séu hrjáðir, þó að þessum ósið sé hætt, þá geta þeir hinir sömu komið með tillögu um, að alþingi veiti fé til þess að kaupa þessar bækur handa Danmörku.

Við 2. umr. þessa máls lét eg það í ljós, að rithöfundar okkar væru ranglega skattaðir með því að skylda þá til að gefa fjórðungsbókasöfnunum bækur sínar. Þar eiga þó samlandar vorir hlut að máli; hvað mætti þá segja um að skylda þá líka til að gefa Dönum mörg eintök af hverri bók? Það er svo langt frá því, að þetta sé tituprjónastingir í Dani, sem eg er þess fullviss, að Dönum er enginn akkur í því, að fátækir bókaútgefendur hér séu að gefa þeim bækur. Þetta er ekki annað en gamalt ranglæti, og þótt menn segi, að núlifandi Danir eigi ekki sök á því, þá eru það þó þeir, sem heimta ávextina af því, sem forfeður þeirra hafa unnið og taka þar með á sig ábyrgðina á ranglætisverkum forfeðra sinna. En hvað sem menn segja um pólitíska tituprjónastingi, þá er ekki ástæða til að líta svo á þetta mál.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) vildi láta senda bækurnar til Kaupmannahafnar til þess að tryggja tilveru þeirra. Eg get ekki séð, að það sé betra að senda þær þangað heldur en eitthvað annað, eða þá að byggja nýja bókhlöðu á öðrum stað hér á landi; en hvað sem um það er, þá breytir það ekki þessum lögum; landið getur þá keypt eins mikið af bókum og það vill og sent þær til London, Paris, Berlin, Kristjaníu, Stokkhólms o. s. frv., að eins á ekki að skylda höfundana til þess að gefa þær. Það er ranglátt og þess vegna á það ekki að viðgangast.

Jón Þorkelsson: Þegar eg kom fram með frv. þetta á öndverðu þingi, var það ekki meiningin að reka tituprjón í Dani þar með, heldur að reyna að koma prentlöggjöf vorri í heild. Hitt er einnig rétt, að oss ber engin skylda til að gefa Dönum bækur, og því var einnig hin upprunalega meining frumv., að þau eintök, sem áður hafa gengið til bókasafna Dana, gengu nú til landsbókasafnsins, og það skifti svo á þessum bókum við útlend söfn.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) hneykslaðist að mér virtist á því, að skjalasafnið fengi eitt eintak af blöðum og tímaritum, sem kæmu út oftar en einu sinni á mánuði. Það er nú víðast hvar orðið svo, að slík söfn fá öll blöð og tímarit, sem út koma, og er það gert sökum þess, að þessar bækur eru oft mikið notaðar á bókasöfnum, og ganga því fljótt úr sér, og hér er svo háttað, að unglingar sitja hér á lestrarsalnum í bókhlöðunni og lesa neðanmálssögur í blöðunum, sem því ganga mjög fljótt úr sér, en í skjalasafninu eiga blöðin að

geymast óskemd fyrir eftirkomendurna. Ef að tala á um jafnrétti í þessum sökum, þá ætti Dönum að vera ljúft að láta eitthvað af hendi rakna á móti því, sem þeir fá héðan ókeypis af bókum, og það því fremur sem þeir hafa nú um níu tugi ára fengið ókeypis allar bækur, sem hér hafa út komið, að því sleptu, að til þeirra hefir runnið fyrir rás viðburðanna mikið af íslenzkum bókum og handritum, og er vandalítið að rekja þann slóða. Á 17. öld reistu Danir allsherjar bókasafn. Það hafði borist út þangað, að hér væri gnægð dýrmætra bóka og handrita, sendu þeir þá hingað legáta til bókakaupa — Þormóð Torfason — er náði þá ýmsum merkisbókum og handritum, bæði hjá einstökum mönnum og úr safni Brynjólfs Skálholtsbiskups. Auk þess gaf konungur út fyrirskipanir um að láta af höndum handrit héðan. Síðan safnaði og sem kunnugt er Árni Magnússon öllu, er hann gat hönd á fest af því tagi — og fór um það eins og menn vita, að Danir náðu eignarhaldi á því með testamenti, sem gert var kvöldið áður en hann andaðist — en af því testamenti hefir aldrei fundist frumrit né heldur staðfest eftirrit. Þegar safn Árna brann, bjargaðist þaðan tæpur þriðjungur af því sem skrifað var — en hið prentaða brann svo sem alt. Hefði nú þetta fengið að vera hér kyrt, þá er ekki líklegt, að öllu meira væri nú glatað af því, en það, sem bruninn fór með.

Það var sagt, að öruggara væri að hafa bækurnar geymdar á tveim stöðum; þetta er rétt, en þá mætti stofna bókasafn á Akureyri. Í annan stað eru allar íslenzkar bækur keyptar og geymdar við Cornellháskólann í Íþöku. Annars er það víst ekki víða í þjóðlöndunum, þar sem fleiru en einu bókasafni er gert að skyldu að fá alt sem út kemur af bókum og geyma það.

Framsögum. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) taldi mein að því, að pólitík hefði blandast í frumv. þetta. En eg neita því, að frá nefndarinnar hálfu hafi nokkur pólitík blandast í frumvarp þetta, og það sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, er nefndinni óviðkomandi, enda er hann alls ekki í nefndinni. Í nefndinni hefir enginn látið neitt slíkt í ljós, og þess vegna er það ranglátt, að merja lífið úr góðu frumv., af því það er ef til vill hægt að ímynda sér í því pólitíska þýðingu. Eg bar á þinginu 1886 fram frumv. svipað þessu, og þá var það felt, af því menn sögðu, að það væri pólitiskt.

En það er svo langt frá því, að í þessu frumvarpi felist nokkur óvildarhugur til Dana, að enginn danskur maður mun taka það sem óvildarmerki, þótt íslenzkir höfundar séu ekki skyldaðir með lögum til að gefa þeim bækur. Þeir hljóta að sjá, að hér er ekki verið að gera annað en það sem er réttlátt og rétt.

Sami háttv. þm. talaði um, að nauðsynlegt væri, að hafa íslenzkar bækur geymdar á 2 stöðum til tryggingar, ef annar brynni. Þetta er að vísu mikil forsjálni, en forsjálni sem hvergi annarsstaðar í heiminum á sér stað. Hvergi þar sem eg hefi tilspurt, er nema einu safni gert að skyldu að kaupa, eða réttur gefinn til að fá bækur, sem út koma og geyma þær. Þannig er það t. d. í Noregi, Danmörku, Englandi og Bandaríkjunum. Menn vita sem er, að mörg söfn um víða veröld kaupa alt, sem út kemur af nýtilegum bókum. En hér eiga höfundarnir að blæða.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.), hélt að það væri mun nær, að afnema eintökin til

fjórðungsbókasafnanna. Nefndin lagði það til við 2. umr., að þau yrði afnumin, en deildin feldi það. Það væri því nokkuð einkennilegt, ef háttv. deild færi nú að fella frumvarpið fyrir þá sök, að fjórðungsbókasöfnin fengju bækur. Þá hefir það verið fært sem ástæða fyrir því, að senda Dönum gjafabækur þessar, að það væru svo margir Íslendingar í Kaupmannahöfn. En eru ekki líka margir danskir menn hér og aðrir útlendingar, sem nota okkar söfn? Eftir sama mælikvarða ætti þá að skattskylda þau lönd, sem þeir eru frá, til að senda hingað allar þær bækur, sem þar koma út, endurgjaldslaust.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) mintist réttilega á það, að Cornell háskóli í Íþöku í Bandaríkjunum, kaupir árlega hvert pút og plagg, sem út kemur af bókum á þessu landi. Þar eru því allar íslenzkar bækur til, en þær eru keyptar en ekki sniktar hjá íslenzkum höfundum. Það, að nefndin hefir lagt til, að bönnuð væri hér á landi sala á íslenzkum bókum, sem gefnar eru út í útlöndum, er á engan hátt af því sprottið, að nefndin vilji meina mönnum að fá þær bækur — hver sem vill getur pantað þær —, en það finst oss ástæðulaust, að verðlauna menn fyrir að láta prenta bækur sínar í útlöndum, t. d. ef eg gæfi út, annaðhvort í Danmörku eða Englandi, rit, sem kostaði 20 kr., þá næmi andvirði þeirra eintaka, sem til bókasafnanna hér ættu að fara, ef bókin hefði verið prentuð hér, 146 kr., eða meira en mismunur á prentkostnaði og fragt undir alt upplagið mundi verða við að flytja það hingað heim. Hins vegar mun sá útgefandi, sem vill fá markað hér fyrir bækur sínar, ekki telja það eftir, ef hann lætur prenta bókina annarsstaðar, að gefa landsbókasafninu einu *eitt* eintak.

Þá eru blöðin. Það er enganveginn ofþung kvöð á þau, þótt þau láti landsbókasafninu í té eitt eintak á skrifpappir. Sá pappír, sem blöðin nú eru prentuð á, er orðinn að dusti eftir nokkra áratugi. Viðvíkjandi því, að ákvæðin um það, að skila því sem prentað er, séu skerpt, skal eg geta þess, að Dagskrárprentsmiðja hefir enn eigi skilað nærri öllu, sem þar var prentað, og hefir það þó verið kært aftur og aftur, en því eigi verið sint. Það er því full nauðsyn á þessu. Mér finst það mjög svo lítilmannlegt að hræðast óvild Dana, þótt við hættum að senda þeim þessar gjafabækur. Danir mundu kunna því illa, ef þeir væru skyldaðir til að gefa hingað þótt ekki væri nema eitt eintak af hverju riti, sem þar kemur út. Eg vonast til að frumvarp þetta verði ekki drepið nú við 3. umræðu, því þær breytingar, sem á því hafa verið gerðar síðan við 2. umr., eru þarfar.

Viðvíkjandi því, að söfnin geti skift á bókum, sem gefnar eru út af almannafé, þá er það ekki nema sjálfsagt og skylt. Margar aðrar þjóðir senda oss slíkar bækur, og það er því að eins að gjalda líku líkt að senda þeim aftur það, sem hér er gefið út af slíkum bókum.

Þetta fellur alls eigi á einstaka menn, en snertir að eins það, sem gefið er út af félögum með landssjóðsstyrk eða landssjóði eða á almannakostnað. Það er alls ekki annað en gjald fyrir gjöf, og sýnir að eins kurteisi, sem hver þjóð á að sýna annari.

Jóhannes Jóhannesson: Eg get ekki séð, að frumvarp þetta sé svo vandað sem æskilegt væri, og vil gera nokkrar athugasemdir við það. Eg álít talsverðan galla við frumvarpið ákvæði 2. gr. þar sem ákveðið er, að fjórðungsbókasöfnin skuli ekki fá eintak af því prentaða máli, sem ekki er ætlað til

sölu. Ennfremur finst mér það ákvæði í 3. gr. nokkuð hart, að prentsmiðjur skuli hafa skilað hverju riti á næstu póststöð, áður en 3 sólir hafa verið á lofti, frá því er ritið var fullprentað. Eg sé ekki, að það sé svo áríðandi, að fá ritin svo fljótt, að ekki mætti nægja að senda öll í einu, sem komið hefði út á sama ársfjórðungi. Sömuleiðis er sektarákvæðið, 30 kr. fyrir hvert rit, altof hátt. Ef gleymt yrði t. a. m, að senda sýslufundargerð Norður-Múlas., mundu sektir fyrir það nema yfir 100 kr., og brot og refsing stæðu því ekki í réttu hlutfalli hvað við annað. Þá er í sömu gr. ákvæði um svartan stimpil, til þess að stimpla með upptækar bækur. Verði sá stimpill stældur, skulu sömu ákvæði gilda um það og skjalafölsun. Nú er þess að gæta, að til er margskonar skjalafölsun. Í frumv. er ekkert um það getið, undir hverskonar skjalafölsun á að færa þetta brot. Dómari, sem fengi slíkt mál til meðferðar, fengi því enga leiðbeiningu í því, hvernig hann ætti að dæma. Þá er harla einkennilegt ákvæði 4. gr. um 5 skrár, sem prentsmiðjur eiga að senda lögreglustjóra og fá eina til baka með kvittun. Lögreglustjóri á að senda út 10 þesskonar skrár, en hefir að eins 4 og verður því að láta afskrifa 6. Því má hann ekki eins fá 9 skrár? Það virðist nokkuð einkennilegt. Þá er í sömu grein hættulegt ákvæði, þar sem stendur:

»Nú verða vanskil á greiðslum fégjalda eftir lögum þessum, og er þá prentsmiðjan með öllum eigum og áhöldum að forgangsveði fyrir þeim.«

Þetta er stórhættulegt ákvæði, ef það yrði að lögum, og myndi valda því, að prentsmiðjueigendur mistu alt lánstraust, með öðrum orðum, enginn banki þorir að lána prentsmiðju fé, vegna þess, að sektirnar og fébætur geta orðið svo háar, að prentsmiðjurnar geti ekki staðið straum af þeim, og þeir sem eiga inni hjá prentsmiðjum, munu óðar segja þeim upp lánunum.

Í 6. gr. er ákvæði um það, að engar bækur sé leyfilegt að selja út, nema landsbókasafnið hafi fengið 1 eintak af þeim. Hegning fyrir brot á þessu ákvæði á í samræmi við ákvæði 3. gr. að vera 30 kr. fyrir hverja örk og prentsmiðjueigendur eiga að sæta ábyrgð fyrir þesskonar brot. — En sá galli er á 6. gr. að hún á líka að gilda um íslenzkar bækur, sem gefnar eru út erlendis. En hver á þá að bera ábyrgðina? Það getur enginn hérlendur maður verið. Prentsmiðjueigandinn er ytra, og útlendir prentsmiðjueigendur eru ekki vanir að hafa hér umboðsmann, þótt bóksalar geti haft hann. Íslenzk lög geta ekki náð til þessa manns, svo að ákvæðið virðist vera tóm endileysa.

Yfirleitt virðist frágangurinn á frumvarpinu vera svo slæmur, að deildin getur ekki látið sér sæma að senda það svona frá sér. Eg vil því skjóta því til háttv. flutningsmanna að taka það enn þá einu sinni út af dagskrá. Bezt væri líklega að skipa nýja nefnd í málið.

Jón Magnússon: Auðvitað er hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) ofurmenni, þar sem hann lítur svo smáum augum á okkur, sem eitthvað möldum í móinn á móti þessu frv. hans og talar um lítilmenskuna, sem það sýni.

En eg stóð nú að eins upp til þess, að benda á það í sambandi við orð háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um 6. gr., að hún á alls ekki og getur alls ekki átt heima í prentsmiðjulögum, miklu heldur ætti hún heima í lögum um rithöfundarétt, ef hún þá á nokkursstaðar heima. Annars virðist mér ákvæði þessarar greinar kórvillan í öllu frumvarpinu, því að hvernig á að hegna prentsmiðjueiganda í útlöndum fyrir það, að bók, sem hann lætur prenta þar, sé seld hér

á Íslandi? Hver á að sæta ábyrgð fyrir það brot? Ákvæði greinarinnar er stök endileysa, sem við megum ekki láta frá okkur fara. Eg býst við, að frumv. verði samþykt hér og því vildi eg helzt óska, að það yrði tekið út af dagskrá nú, til þess aðallega að þessari 6. gr. sé kipt í lag og helzt mörgum fleiri.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það var að eins ein af athugasemdum háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sem var á nokkrum rökum bygð. Til þess að lagfæra frv. samkvæmt henni, vildi eg mælast til að málið yrði nú tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið þvínæst út af dagskrá.

Þriðja umr., (frh.) 18. apríl (A. 275, 480, 649).

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Eins og menn sjá, er frv. þetta orðið töluvert breytt frá því sem var.

Meiri hl. hinnar háttv. nefndar hefir sniðið töluvert burtu með brtill. sínum frá því seinast. Nefndin hefir ekki náð því, að bera sig saman öll nú síðast, en í samráði við þá þrjá, sem til náðist er nú ákveðið að taka aftur fyrstu tillögurnar, og setja aftur í þeirra stað brtill. á þgskj. 480, sem þýðir það, að landsbókasafnið fái ekki 4 eint. af hverri bók, heldur 2, en af bókum, sem fræðifélög gefa út, tiltekinn fjölda til bókaskifta við útlönd. Það er ekki nema sanngjarnt, að landsbókasafnið fái þessi eintök, þegar útgáfa bókanna er styrkt af opinberu fé, en verði annars að kaupa bækurnar, ef einstakir menn gefa þær út. Önnur breyting liggur ekki í þessu. Svo er stungið upp á því, að í staðinn fyrir 3. og 4. gr. komi till. á þgskj. 649. Það var sem sé komið ýmislegt inn í frumvarpið, sem ekki gat staðist, þegar amtsbókasöfnin voru komin inn. Ef þau hefðu öll verið tekin með, þá hefði orðið mikil verkatöf af því, að rita allar þær skrár sem þurfti. Svo var eitt atriði, sem komist hafði inn í frumvarpið, fyrir vangá okkar nefndarmanna, sem sé, að leggja kvöð á þær íslenzkar bækur, sem prentaðar eru erlendis, og er nú lagt til, að þetta falli burt. Nú vona eg að alt sé farið, sem hefir hneykslað menn, og að menn játi að frv. sé til bóta, eins og það nú er orðið.

Jón Magnússon: Frumv. þetta hafði mætt öflugum mótbárum, eins og það kom frá nefndinni, og hefir hún nú tekið tillit til þeirra, en eg sakna þess, að meiri hluti hl. nefndarinnar skuli ekki halda fast við það, sem hann einu sinni hefir gert, og leyfi eg mér, að taka upp 1. og 2. brtill. hans.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skil ekki hvað hv. þm. Vestm. (J. M.) gengur til þess, að vilja nú fara að leggja þungan skatt á bókaútgefendur hér á landi fram yfir það sem nú á sér stað, sem sé þessi 4 eintök til landsbókasafnsins. Það er rán, að fléttta svo útgefendur að raunalausu, og eg er hlessa á honum, jafnsanngjörnum manni, að koma fram með þetta, þar sem hann veit, hve örðugt er að koma á prent bókum hér á landi. Þetta er að þrengja að bókmentum landsins, og það er ástæðulaust, því að landssjóður er fullfær um að kaupa bækurnar, ef hann vill. Það er nóg gert til þess að spilla bókamarkaðinum með söfnunum, þótt menn séu ekki neyddir til að gefa þeim bækurnar líka.

Jóhannes Jóhannesson: Eg benti síðast á nokkra galla, sem þá voru á frv. Nú eru þeir sniðnir burtu, svo að það er orðið mikið aðgengilegra en ef það

hefði verið samþykt, eins og það var þá. Þó er þar einn galli enn slíkur, að eg verð að vera á móti frv., ef hann fær að standa. Það er klausan í 8. gr. um það, að með þessu séu öll lög eldri og yngri, er komi í bága við þessi, úr gildi numin. Eg get ekki skilið þessi »yngri« lög öðru vísi en svo, að það séu öll þau lög, sem sett kunna að verða um þetta efni; það er með öðrum orðum bannað hér eftir, að setja nokkur lög um slíkt. Eg verð því, sóma þingsins vegna, að vera á móti þannig orðuðu frv. og ráða öðrum háttv. deildarmönnum til hins sama.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Nú held eg að hinum hv. sessunaut mínum veiti ekki af að setjast niður í busabekk til þess að lesa upp aftur málfræðina sína, og vona eg að hann geti komið aftur með rólegri samvizku, og hafi lært nóg, þegar hann hefir setið þar í 1 ár.

Jón Magnússon: Það er ekki meining mín, að íþyngja rithöfundum eða útgefendum frá því sem orðið er. En eg verð að telja það mikils um vert, að landsbókasafnið eigi nokkur eintök til þess að geta skift við útlend söfn. Eins og eg áður hefi sagt, er eg hlyntur því að létta kvöðinni um að gefa fjórðungsbókasöfnunum og landsskjalasafninu af prentsmiðjunum. En eg verð að leggja mikla áherzlu á það, að landsbókasafnið hafi 2 eða 3 eintök til bókaskifta við erlend söfn, hvort sem þau eru nú dönsk, ensk, frönsk eða hvað sem er. Hitt tel eg ná skamt, að láta þetta gilda einungis um þau rit, er styrkt eru af almannafé.

Framsm. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg get ekki verið samdóma háttv. þm. Vestm. (J. M.). Hann á við það, að eintök, sem heimtuð eru ókeypis verði ekki fleiri en áður. En þetta er tilfinnanleg íþynging alt um það. Þau eintök, sem fara til útlanda, spilla ekki sölumarkaði á íslenzkum bókum, heldur hin, sem fara á söfnin. Eg get ekki betur séð, en að tilganginum sé náð með því að veita styrk á fjárlögunum til landsbókasafnsins til skiftibóka, en 4 eintök hrykkju ekki til þess, það þyrfti fleiri, einmitt af þeim bókum, sem nokkur slægur er í, og það er rétt, að landssjóður beri þann kostnað, eg gæti hugsað að það yrðu svona 10—20 eintök, en hávaði bókanna verður aldrei neins metinn til skifta, svo að það er að fara á mis við tilganginn, ef þetta á að ganga jafnt yfir allar bækur, — alveg óþarft um fjölda bóka.

Eg vil því mæla sterklega með því, að 1. og 2. brtill. á þgskj. 649 verði feldar, og eg þykist vita, að þingið sé svo sanngjarnt, að veita styrk til bókakaupanna.

Svo er annað. Eg hefi orðið þess var, að á síðustu dögum hefir fregnin um frv. þetta borist til Danmerkur, og útgefendur þar eru að hafa samtök um að senda landsbókasafninu bókaskrár sínar, til þess það geti valið úr bækur, sem þeir þá senda því ókeypis gegn skiftibókum til dönsku safnanna tveggja, að mér skilst. Þetta er rétt, og þannig ætti bóksalafélagið hér að hegða sér, og það ætti að vera hægt að komast að svona skiftum í fleiri löndum, t. d. Noregi og Svíþjóð.

Það er alt annað en að láta ókeypis fjölda eintaka af hendi til safnanna hér á landi. En þessi tvö eintök, sem landsbókasafnið hefir, hrökkva ekkert, þau verða eins og krækiber í tunnu. Bezt væri að fela stjórninni þetta alt saman. Annars skal eg geta þess, að bækur, sem styrktar eru af opinberu fé, eru ekki svo fáar. Það eru t. d. þingtíðindi, landsreikningar, stjórnartíðindi, Þjóðvinafélags-, Bókmentafél.- og Sögu-

félagsbækur o. s. frv. Auk þess er fjöldi annara bóka styrktur af landsfé, sem opt og tíðum eru einmitt beztu bækurnar og líklegastar til bókaskifta.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Þessi 2 eintök, sem meiningin er að láta landsbókasafnið hafa, eru auðvitað í sjálfu sér alveg ófullnægjandi til bókaskifta við erlend söfn, en þau eru þó betri en ekki neitt, og því vona eg að menn fallist á till. nefndarinnar á þgskj. 480; þótt það ákvæði nái ekki til allra bóka, þá nær það þó til þeirra, sem styrktar eru af landsfé, og sem þingið hefir rétt til að heimta. Annars verður beinlínis að kaupa bækur til skiftanna, og má búast við að þeim fjölgi árlega, og það er einmitt rétta leiðin.

Eg þykist þess nú fullviss, að þingið samþykki till. nefndarinnar, og komi svo bókakaupunum í það horf, sem vera ber, með ríflegum fjárveitingum.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 649, 1. sþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Hálfd. Guðjónsson,	Benedikt Sveinsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen.
Stefán Stefánsson.	

Bjarni Jónsson, Einar Jónsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hl.

Brtill. á þgskj. 649, 2. við 1. gr. sþ. án atkv.

Brtill. á þgskj. 480 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Eggert Pálsson, Björn Sigfússon, Jón Jónsson N.-M. voru ekki viðstaddir.

Brtill. á þgskj. 649 við 3. og 4. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 649 við 6. gr. (að greinin falli burt) sþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson.	Jón Jónsson S.-M.
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson.	Stefán Stefánsson.
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Sigfússon, Pétur Jónsson og Sig. Gunnarsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hl.

Eggert Pálsson og Jón Jónsson N.-M. voru ekki viðstaddir.

Málið afgreitt til Ed.

———

II.

TILLAGA til þingsályktunar um prentsmiðjur (A. 704).

Ein umr. sþ. 25. apríl.

Ein umr., 29. apríl (A. 704).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Tillaga þessi er hér framkomin vegna þess, að frv. til laga um prentsmiðjur, sem samþykt var hér í deildinni var felt í efri deild, eins og fleiri nytsöm mál. Það mun flestum óskiljanlegt, hvers vegna hin virðulega Ed. feldi þetta frv. án þess að athuga það nokkurn skapaðan hlut, og það er dálítið undarlegt, að menn skuli óska þess, að prentsmiðjueigendur hér skuli vera skattskyldir til bókasafnanna í Khöfn, án þess að nokkuð komi í móti. Eins og nú er, verða prentsmiðjur vorar að láta konunglega bókasafninu og háskólabókasafninu í té 3 eintök samtals af hverri bók, sem út kemur, endurgjaldslaust. Eins og frv. var samþykt hér, þá átti ekkert eintak að senda áðurnefndum söfnum, nema eitthvað kæmi í staðinn, og sú varð niðurstaðan hér, að ætla þjóðbókasafninu 4 eintök alls af öllu, sem út væri gefið hér, til þess að það gæti haft 2 til skifta. Eg skal geta þess, að sumir vildu fara miklu lengra. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) áleit enga ástæðu til þess héðan af, að neitt af bókum væri látið ókeypis til Khafnar, nema það, sem félög, sem væru styrkt af opinberu fé, gæfu út. Þótt einkennilegt sé, eru ýmsir menn hér á landi svo gerðir, að þeir mega aldrei heyra neitt nefnt á nafn í þá átt, að draga nokkuð af Dönum, sem þeir hafa af oss haft og eiga þó ekki, án þess að vera að tala um tituprjónastingi og að það sé gert af óvild og köldum hug til Dana. En hvers vegna skilst mönnum ekki, að hér er einungis verið að fara fram á jafnrétti? Frá minni hendi merkir þetta mál ekkert annað. Eg hefi sjálfur lifað margar mínar indælustu stundir á bókasöfnunum í Khöfn og þær endurminningar eru mér altaf kærar. Eg vil og enganveginn útiloka það, að þessi söfn geti á sanngjarnan máta eignast bókmentir vorar, en það tekur engu tali, að ekkert eigi að koma í staðinn. Mér finst að hér eigi að sjálfsögðu að vera fult jafnrétti á. Úr því að Danir hafa ekki lögskyldu til þess að láta okkur fá allar bækur, sem þar eru út gefnar, þá eigum við heldur ekki að hafa það.

Hæstv. ráðherra (Kr. J.) hefir sýnt mér bréf, þar sem svo er á að sjá, að forleggjarafélagið í Danmörku muni gefa okkur kost á að fá ókeypis þær danskar bækur, sem útgefnar eru árlega og við kunnum að óska. Mér skildist, að þetta væri fyrir milligöngu kenslumálastjórnarinnar og tilmæli þjóðbókasafnsins hér. Þetta er nú allrar virðingar vert af forleggjurunum, en eg álít, að ekki hafi verið litið nóg í kringum sig, þegar farið var fram á þetta. Slík málaleitun átti ekki að koma fyr en alþingi væri búið að nema burtu lagaskylduna. Hæstv. ráðherra (Kr. J.) spurði mig, hvort eg vildi nú ekki, fyrst svona væri komið, falla frá þingsályktunartillögunni. Það vil eg ekki gera. Eg vil að fult jafnrétti komist á, þannig að móti því, sem við fáum góðmótlega, látum við annað koma góðmótlega, en ekki með lagaskyldu. Hæstv. ráðherra hlýtur líka að sjá, að þá verða býtin bezt, þegar annar lætur ekki tilneyddur og hinn gefur ekki af náð. Þessi skylda hefir nú hvílt svo lengi á okkur, að það er mál til komið að nema hana burtu.

Þetta er eitt af þeim leiðinlegu smáákvæðum í löggjöf vorri, sem horfa svo við, að við að þessu leyti verðum að virðast undirlægjur Dana. Þessu á að kippa í lag, og eg skil ekki, að nokkur

maður sé sá — eg hafði nærri sagt það óhræsi — að vilja það ekki.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg lít nokkuð öðrum augum á þetta mál en h. flutningsm. (J. Þ.). Hann verður að kannast við, að það er afargömul skylda, eða að minsta kosti venja, að láta háskólabókasafninu og konunglega bókasafninu í té eintök af þeim bókum, sem hér eru út gefnar. Þegar nú á að fara að breyta þessari afargömlu venju og þegar annar aðili stendur fyrir utan og getur engan þátt tekið í því, þá álít eg að varlega verði að fara að og eg get ekki búist við öðru en að ómildum augum verði á þetta litið og það skoðað sem móðgun.

Eg álít það ekki rétt, í svo lítilfjörlegum málum, að vera að fara með það, sem háttv. þm. kallaði títuprjónastingi, þeir eru ætíð athugaverðir, og oft viðkvæmur sá, sem fyrir verður. Eg held, að ekki sé rétt að vera að gera sér leik til þess, að móðga Dani, meira en nauðsynlegt kann að vera, vegna hinna mikilvægari deilumála, sem okkur fara á milli. Þetta mál hefir svo nauðalitla þýðingu og venjan, sem ætlast er til að afmáð verði, hefir nú verið í fullri hefð í 80—100 ár að eg held. Hver þingmaður ætti að stinga hendinni í sinn eigin barm og vita, hvernig honum þætti, ef einhverju ákvæði, sem staðið hefði afarlengi, honum til hagsmuna, yrði alt í einu kipt í burtu, án nokkurra undangenginna samninga.

Eg vil því ráða háttv. deild til þess að athuga þessa till. vel, áður en hún samþykkir hana, þó að eg annars búist ekki við, að hún beri neinn árangur. En líka er þess að gæta, að þetta sama mál hefir verið til meðferðar nú að undanförnu, en á nokkuð annan hátt. Það hafa verið á ferðinni samningar um það, að bókasöfnin hér á landi (landsbókasafnið) fengju eitthvað á móti því, sem dönsk bókasöfn fá héðan og mér hefir nýlega borist bréf frá kenslumálaráðherra Dana, Appel, dags. 21. marz þ. á. þess efnis, að eftir ósk Íslendinga um það, að af prentuðum ritum, sem væru gefin út í Danmörku, gætu fengist gefins eintak til handa landsbókasafninu, hafi danska stjórnin snúið sér til bóksalafélagsins danska og fengið þá yfirlýsingu hjá því, að það hefði snúið sér til forleggjara þeirra, sem í félaginu væru, og að þeir hefðu látið það í ljósi, »at de vilde imødekomme Bibliotekets Anmodning« og bætt því við, að æskilegt væri að þeir fengju við hver árslok skrá yfir þær nýútkomnar bækur, sem safnið óskaði að fá. Þannig stendur þá málið, að vér höfum fengið fyrirheit frá bóksalafélaginu um að fá sendar í hver árslok handa landsbókasafninu þær bækur, er gefnar hafa verið út í Danmörku liðna árið, og vér kunnum að óska að fá. Verði nú þessi tillaga samþykt, svo óvingjarnleg sem hún er, í garð dönsku bókasafnanna, þá má búast við því, að bóksalafélagið kippi að sér hendinni og er það illa farið, einkum vegna þess, að málaleitunin héðan frá oss hefir komið öllu þessu á rekspöl.

Eg vona því, að háttv. deild athugi málið vel, áður en hún samþykkir tillöguna.

Jón Magnússon: Eg skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Að eins vildi eg gefa upplýsingar, sem eru víst ekki vel kunnar, um, hvernig mál þetta horfir við, að því er snertir þetta tilboð frá Appel ráðherra.

Árið 1907 samþykti alþingi svo hljóðandi þingsályktunartillögu, sem eg vil leyfa mér að lesa upp. Hún hljóðar svo:

> »Alþingi skorar á stjórnina að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að landsbókasafninu

verði látið ókeypis í té 1 eintak af helztu bókum og tímaritum, sem prentaðar eru árlega í Danmörku, til uppbótar fyrir þau 3 eintök af öllum íslenzkum bókum og blöðum, sem íslenzkar prentsmiðjur eru skyldar til að láta af hendi handa hinni konunglegu bókhlöðu og háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn«.

Þannig hefir alþingi 1907 falið stjórninni að leita samninga við dönsku stjórnina um skifti á bókum og hefir stjórnin gert þetta. En á nú alþingi að ganga frá þessu? Ef einhver kynni að segja, að ósk alþingis hafi ekki verið uppfylt, skal eg geta þess, að merkur maður í Kaupmannahöfn hefir skýrt frá því, að safnið eigi að fá allar danskar bækur. Við erum bundnir við samþyktina frá 1907. Það væru því hrein og bein samningsrof, að hlaupa frá henni. Slíkt væri kallað svik manna á milli, og hygg eg ekki, að háttv. deild vilji gera sig seka í slíku.

Bjarni Jónsson: Þótt það sé gömul venja, að Íslendingar séu skyldir til að gefa dönskum bókasöfnum íslenzkar bækur, þá skoða eg órétt altaf órétt, hvað gamall sem hann er. Eg skil ekki, að það sé móðgun við Dani að hætta þessu, og eg hygg, að þeir líti ekki svo á það. Enda þótt gömul tilskipun sé til um þetta, þarf slíkt ekki að binda menn nú. Háttv. flutnm. (J.Þ.) hefir sagt, að það væri alls ekki meiningin að móðga Dani, heldur það eitt, að rangt væri, að gefa Dönum íslenzkar bækur. Það þarf ekki að leita samkomulags um slíkt. Eigum við að spyrja um, hvort Danir vilji semja lög um að gefa Íslendingum danskar bækur? Tillagan frá 1907 var að eins ósk til stjórnarinnar. Það þurfa ekki að vera prentsmiðjur, sem gefa bækur. Landið getur gert það sjálft. Prentsmiðjur hér eru alls ekki skyldar til þess, né bókaútgefendur. Eg hefi ekki fundið neina skyldu hjá mér til þess, að gefa dönskum bókasöfnum eintök af bókum þeim, sem eg hefi gefið út. Það hefir verið lesið upp bréf um, að Danir ætli að gefa okkur bækur. Þetta er víst höfðinglega gert.

Danir hefðu átt að gefa út lög um þetta. En danska stjórnin hefir ekki treyst sér til að fara annan veg en snikjuleiðina, til þess að fá Íslendingum danskar bækur. Enda þótt bóksalafélagið danska kippi að sér hendinni með að láta oss í té danskar bækur, væri enginn skaði í því. Það er meira áríðandi fyrir oss, að fá aðrar bækur en danskar. Sumar þeirra eru góðar, en sumar aftur á móti eru hreinasta rusl. Vér þurfum fremur að eignast aðrar bækur en danskar. Eg skelf ekki í hjarta mínu, þótt vér fáum ekki danskt rómanarusl. Vér viljum ekki, og eigum ekki, að hafa nein skifti nema að Danir gefi út lög, sem skuldbinda þá til þess, að láta oss í té bækur. En vér gætum eins vel keypt bækur af þeim. Það er algerlega rangt, að skylda prentsmiðjur og einstaka menn til þess að gefa Dönum bækur. Það er engin skylda fyrir oss, að gefa Dönum bækur, þótt vér fáum loforð bóksalafélagsins danska um að fá eitthvað af bókum ókeypis.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil leyfa mér að taka það fram, að hér er ekki eingöngu að ræða um skyldu fyrir oss, heldur það, hvað er hentugt fyrir oss að gera. Eg hefi athugað það, hversu mikils virði bækur þær eru, sem gefnar eru hér út árlega. Hafði eg ekki verð á öllum bókunum og varð eg því að gizka á verð sumra, en býst við, að það fari þó furðu nærri sanni. Mér telst svo til, að 1 eintak af öllum þeim bókum og blöðum, sem prentuð eru hér árlega, kosti um 180 kr.; hér er þó ekki talið með ýmislegt, sem er

nálega algerlega verðlaust. Þrjú eintök af öllu því sem vér látum Dönum í té, er því, 540 kr. virði. Og mest alt af þessu er svo lagað, að það spillir ekki kaupum, þótt það sé látið dönskum bókasöfnum í té, því það er keypt hér en ekki í Kaupmannahöfn. En hvað fáum vér í staðinn fyrir það, sem vér látum af hendi. Vér fáum miklu meira en það sem vér látum burtu. Vér fáum ekki rómanarusl, heldur ágætar bækur. Hér við bætist einnig, að alþingi 1907 samþykti svohljóðandi þingsályktunartillögu, sem eg, með leyfi háttv. forseta, vil leyfa mér að lesa upp. Hún hljóðar svo:

> Alþingi skorar á stjórnina að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að landsbókasafninu verði látið ókeypis í té 1 eintak af helztu bókum og tímaritum, sem prentuð eru árlega í Danmörku, til uppbótar fyrir þau 3 eintök af öllum íslenzkum bókum og blöðum, sem íslenzkar prentsmiðjur eru skyldar til að láta af hendi handa hinni konunglegu bókhlöðu og háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn.«

Alþingi hefir þannig skorað á stjórnina, að hlutast til um, að bókasöfnin hér fái bækur, en ekki skorað á hana að gefa lög. Stjórnin hefir hlutast til um þetta og fengið góðar undirtektir. Landsbókasafnið fær skrá yfir bækur þær, er prentaðar eru í Danmörku og velur það merkilegasta af þeim. Vér fáum margfalt meira en vér látum af hendi. Vér fáum það marg-tífalt endurgoldið. Þetta er mörg þús. kr. sparnaður. Vér fáum ekki rómanarusl, heldur fyrirtaks bækur. Eg er sjálfur bókaútgefandi og tel slíkt ekki eftir. Eigum vér að hlaupa frá þessu samnings-tilboði frá 1907? Slíkt væri ódrengilegt.

Auk þess höfum vér kynt oss nægilega að þeirri brigðmælgi, sem engri þjóð sæmir, og þolum vér ekki á að bæta vanvirðu vora í því efni. Og í þessu tilfelli höfum vér bert og stórt tjón af brigðmælginni.

Eg finn ástæðu til að geta þess, að mér var ókunnugt um þessa þingsályktun þangað til rétt nú. Annars hefði eg aldrei borið fram frumvarp um að afnema eintökin til konunglegu bókhlöðunnar og háskólasafnsins.

Jón Þorkelsson: Mér þykir kveða við tvenns konar hljóð hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), nú frá því, sem fyrri hér í vetur, þegar hann vildi sníða burtu þennan botnlanga, svo sem hann þá nefndi lögskyldu bókaútlátin til danskra bókasafna. Hér er ekki verið að tala um skaða eða ábata, heldur um það, hvort vér skulum skyldir að lögum til að gefa Dönum bækur. Eg hafði ekki, framar en háttv. þm., tekið eftir þingsályktuninni frá 1907. Þar er farið fram á, að stjórnin hlutist til um, að vér fáum bækur gefins, að Danir láti oss fá bækur af náð og miskunn, en vér jafnframt skyldum halda áfram að vera skattskyldir þeim um bækur að lögum. Þessi þingsályktun frá 1907 er því bygð á gömlu skilningsleysi og vöntun á sómatilfinningu, enda var hún borin hér fram af dönskum embættismanni, sem þá var á þingi. Vér eigum að láta Dönum bækur í té á sama hátt og þeir okkur.

Hv. ráðh. (Kr. J.) sagði að þetta væri gamall skattur, og að Dönum mundi finnast það býsna hart, ef því væri kipt burtu. En má spyrja: Höfum vér ekki nógu lengi látið af hendi þennan skylduskatt? Er þörf á honum lengur? Hvað eigum vér að vera lengi bónbjargamenn fyrir Dönum? Ef vér hefðum farið öðru vísi að, hefðu Danir boðið oss skifti á bókum eftir samkomulagi. Þessi þingsályktunin frá 1907 væri því betur ógerð en gerð. Í henni höfum vér farið illa

og óviturlega að ráði voru. Hv. ráðh. (Kr. J.) sagði, að þótt tillaga mín yrði samþykt, þá yrði hún ekki til neins gagns, því að Danir ætluðu nú að láta oss fá bækur að gjöf gegn lögskyldu vorri. Jú, þetta fer alt að líkindum. Þegar þeir sjá, að vér ætlum að taka af þeim þessi lögskyldu bókaútlát af vorri hendi, hlaupa þeir upp til handa og fóta, svo að það skuli ekki verða. Vér höfum komið fram sem betlarar gagnvart Dönum, með því, að vér höfum beðið þá að gefa, um leið og vér lögskyldum oss til að láta.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að vér ættum ekki að útiloka bókasöfnin frá því að fá danskar bækur. Er það þá að útiloka osss frá því, þó að vér viljum, að skift sé á bókum að samkomulagi? Vilja Danir þá alls ekki hafa skifti við oss, nema á þann hátt, að mega beita oss ójöfnuði. Það gæti annars legið nærri, ef út i það færi, að álíta að Danir séu eins færir um að kaupa íslenzkar bækur, eins og Íslendingar að kaupa danskar.

Þá vil eg snúa mér að hræðslunni við það, að Danir muni ganga frá þessu tilboði, sem ráðherra gat um, ef vér afnemum lagaskylduna af vorri hendi. Það er þá að minni hyggju einmitt hvöt fyrir dönsku bókasöfnin að láta oss í té bækur í skiftum, ef þau vita, að þau geti ekki lengur fengið bækur vorar á lögskyldan hátt, og ekki á annan veg en með kaupi eða í skiftum. Þetta verður mönnum að skiljast.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) tók réttilega fram, að árangurinn af tillögunni frá 1907 hefði átt, ef jafnrétti skyldi vera, að vera sá, að Danir hefðu gefið út lög, sem skuldbundu þá til þess, að láta oss fá sínar bækur. Þetta er þó engan veginn tilætlunin með tillögu minni, heldur einungis, að alt sé laust og bundið. Eg veit satt að segja ekki, hvar þessi margumtalaði »bræðrahugur« og »jafnrétti þegnanna« á að koma fram, ef hann á ekki að koma fram í slíkum efnum sem þessu. Eg vil brýna það fyrir háttv. deild, að kjarni máls þessa er sá, að vér viljum hafa jöfn skifti, en engan lögskylduskatt af vorri hendi. Tillagan frá 1907 fer í öfuga átt og lýsir skammsýni, skilningsleysi og lítilþægni, sem er til vanza.

Ráðherrann (Kr. J.): Mál það, sem hér hefir verið til umræðu, hefir nú verið nægilega útlistað frá ýmsum hliðum, og ítarlega tekið fram, hvernig því víkur við. Það er því augljóst, eða á að minsta kosti að vera það, hvernig málið horfir við frá Dana hálfu. Ef tillagan yrði samþykt, eins og hún liggur nú fyrir, þá mættu Danir með réttu telja sig hafa verið gabbaða af þinginu. En telur þingið það sæma, að koma fram á svofeldan hátt? Telur þingið sér sæma, að hlaupa frá þeirri skuldbindingu, sem segja má, að það hafi undirgengist 1907? Framkoma þingsins 1907 var svo vaxin, að það tók á sig ákveðnar skuldbindingar í notum hlunninda frá annari hálfu, sem nú standa til boða. Ætlar þá þingið að hlaupast frá sínum skuldbindingum?

Ef hér væri um almenn viðskifti að ræða, þá væri málið alveg ljóst og þá vissu þingmenn, um hvað væri verið að véla, og eg vona, að það séu svo margir hér í deildinni, er sjái glögglega, hvað leyfilegt sé og sæmilegt í þessum viðskiftum, að eigi þurfi að óttast það, að tillagan verði samþykt, einkum eftir að deildin hefir fengið að heyra bréf Appels ráðherra. Og þó 13 eða 14 þingmenn í neðri deild leggi fyrir mig að gera eitthvað, þá er það eigi skipun frá alþingi eða meiri hluta þess, og mun mér því eigi verða talið skylt að hlaupa eftir því, einkum ef skipunin er svo óríflег, að framkvæmd hennar eigi getur

samrýmst sæmd þingsins. En eg vona, að deildin geri engar þær fyrirskipanir, sem fara í bág við það, sem er sæmilegt.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg lýsti yfir áliti mínu á þessu máli þegar prentsmiðjulögin voru hér á ferðinni. Þá gat eg þess, að mér virtist það hagfelt fyrirkomulag, að eitt eintak af öllu því, sem væri prentað á Íslandi, væri geymt á öruggum stað, hvað sem upp á kynni að koma og því áleit eg að það væri hentugt, að prentsmiðjur hér væru skyldar til þess að senda bókasöfnum í Kaupmannahöfn eintök af því, sem prentað er hér. Og nú er svo komið, að við eigum kost á að velja úr dönskum bókum, sem út koma handa landsbókasafninu og það væri fjarstæða að kasta þeim hlunnindum frá sér. En hér er ekki verið að hugsa um það, hvað sé hagfeldast eða að þingið standi við orð sín; nei. Hér er um stórpólitík að ræða. Það sást á ræðu háttv. flutningsm. (J. Þ.), að hann dró ekki dulur á það, að hann væri hér með að losa okkur úr innlimuninni. En eg lít ekki þeim augum á þetta mál, heldur hvað sé hagfelt fyrir okkur. Þingið og stjórnin á þakkir skildar fyrir gerðir sínar 1907. Og það hefir ekki áhrif á okkur, þótt háttv. flutningsm. kalli okkur óhræsi fyrir það, sem gert var þá. Þetta orð: óhræsi, rifjar upp fyrir mér sögu, sem mér dettur stundum í hug, þegar háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) er að koma með þessar stórpólitisku títuprjóna-tillögur sínar. Eg hefi þekt mann, sem nú er dáinn fyrir nokkrum árum. Hann hét Jón, eins og svo margir fleiri, og var kallaður Jón óhræsi. Ekki hafði hann fengið nafnið af því hann væri illmenni, því það var hann ekki; en hann var mesta ómenni, alls ólíkur okkur nöfnunum, háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og mér. Hann var afar gefinn fyrir að lifa í fornri tíð, en hann vildi lítið starfa og varð jafnan lítið úr framkvæmdum hjá honum. Hann hafði hugsað sér Arngrím í Bólmi, sem fyrirmynd sína og hann hélt sig eiga eftir, að eiga 12 sonu eins og Arngrímur, þá Angantý og bræður hans. Þegar karlinn var orðinn 70 ára, þá sá eg hann einu sinni ölvaðan, því honum þótti gott í staupinu, og þá sagðist hann vera viss um, að hann ætti eftir að eiga 12 sonu, eins og Arngrímur; og þegar karlinn hafði sagt þetta, þá stóð hann vanalega upp, teygði úr sér eins og hann gat, krefti hnefana, gretti sig og sagði: »Nú drep eg einhvern«. En það var aldrei neinn maður hræddur við hann, þótt hann segði þetta, því allir vissu, að hann gat engum mein gert.

Þessi atburður hefir aldrei staðið eins greinilega fyrir hugskotsaugum mínum og í dag meðan háttv. flutningsmaður (J. Þ.) talaði.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg skal þá fyrst minnast á ræðu hæstv. ráðh. (Kr. J.). Út af því sem hann sagði, að hann mundi ekki fara eftir því, þótt neðri deild skoraði á hann að gera eitthvað í þessu máli eða öðrum, þá datt mér í hug það, sem Hannes gamli Árnason prestaskólakennari sagði við Gunnlaug kisa: »Þú byrjar fallega þína »inspection« hér í bekknum góður«. Hann gat þess, að þingið 1907 hefði samþykt þingsályktunartillögu um þetta efni. Eg hefi lýst þeirri tillögu. Hún er bygð á skilningsleysi og lítilþægni, og er þinginu ósamboðin.

Hæstvirtur ráðherra talaði um það, að þingið ættl að standa við orð sín. — Ja, svo leiðinleg sem þingsályktanin 1907 er, þá er þar þó engu lofað að

lögskyldu bókaútlátin héðan skuli aldrei afmáð. Hér getur því ekki verið að tala um neina óorðheldni.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) var gamansamur að vanda, en skoðanir hans eru að öðru leyti einkennilegar í þessu máli. Hann vill flytja bækur vorar úr landi til geymslu. Háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ó,) svaraði honum ekki illa, þegar prentsmiðjufrv. var hér til umræðu, með þeirri spurningu, hvort nokkur þjóð mundi vilja láta flytja allar sínar bókmentir til annara landa til þess að geyma þær þar, af því það gæti verið að bókasöfn hennar brynni. Háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. J.) ætti að kenna öðrum þjóðum þessa veraldarvizku sína og þetta þjóðráð eða þá »landráð«. Hann mundi fá þakkirnar fyrir

Það, sem hér liggur fyrir að gera í sambandi við báðar þessar tillögur og sem ráðherra er skyldugur til að gera, verði tillaga mín samþykt — þótt hann ekki ætli að framkvæma það — að sjá um, að tillagan frá 1907 verði ekki framkvæmd lengur okkur til minkunar, því hún var og er betl og annað ekki.

Hannes Hafstein: Eg skal ekki vera langorður um þetta mál. En af því eg hefi verið viðriðinn framkvæmd þingsályktunartillögunnar frá 1907, þá vildi eg leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við ræðu háttv. flutningsm. (J. Þ.).

Mér skilst það sé mergurinn málsins hjá sumum, að óánægja sé með það, hvernig tillagan frá 1907 hefir verið framkvæmd, en eg hygg, að þeir menn hafi ekki gert sér það ómak, að kynna sér þingsályktunartillöguna nægilega. Það var beint tekið fram í umræðunum á þingi 1907, að við vildum ekki hafa allar bækur, sem út kæmu, heldur að eins úrval af þeim. Ef háttv. forseti leyfir, vil eg leyfa mér að lesa tillöguna upp. Hún hljóðar þannig:

»Alþingi skorar á stjórnina, að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að landsbókasafninu verði látið ókeypis í té 1 eintak af *helztu* bókum og tímaritum, sem prentuð eru árlega í Danmörku, til uppbótar fyrir þau 3 eintök af öllum íslenzkum bókum og blöðum o. s. frv.«.

Flutningsmaður tillögunnar í Ed., þar sem tillagan kom fyrst fram, lagði mikla áherzlu á það, að við hefðum alls ekki tök á og ekkert gagn af að fá alt, sem út kæmi, heldur væri æskilegt, að landsbókasafnið fengi að velja, það sem það óskaði. Ef menn vilja lesa þingtíðindin, munu menn sjá, að þessu voru allir samþykkir. Hér í deildinni mælti biskup Þórhallur Bjarnarson fastlega með þessu og var það samþykt í einu hljóði. Eg skrifaði því næst kenslumálaráðherranum, Enevold Sörensen og talaði einnig um þetta við hann og hann gerði sér mikið far um að koma þessu í framkvæmd. Ef við hefðum viljað fá alt ruslið, þá mundi hann hafa getað komið með lagaákvæði um þetta, en af því við vildum ekki hafa nema úrval, þá var þetta miklu erfiðara viðfangs og lítt mögulegt að framkvæma það, nema með samkomulagi við hlutaðeigendur. Kenslumálaráðherrann lofaði mér að reyna þá leið, að snúa sér til bóksalafélagsins. Þetta félag er alt öðru vísi samband en bóksalafélagið hér hjá okkur. Málaleitanirnar hafa tekið tíma, en nú eru þær komnar í kring fyrir áhuga og aðstoð núverandi kenslumálaráðherra, herra Appel. Það væri harla óviðurkvæmilegt að svara þessari tilhliðrun, sem gerð er samkvæmt óskum alþingis sjálfs, með því að kippa burt þeim bókum, sem þetta á að koma í staðinn fyrir. (*Jón Þorkelsson:* »Ósatt«). Það eru fleiri læsir en háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og þegar hann nú segir, að eg fari með

ósatt mál, þá eru það vísvitandi ósannindi hjá þingmanninum.

Sami háttv. þm. hélt því fram, að bókasendingarnar héðan til bókasafnanna í Khöfn væri gömul þvingunarlög frá einveldistímanum; það er sömuleiðis ósatt. Þetta er fyrirskipað í prentsmiðjulögunum frá 1886 og okkar eigin löggjafarvald hefir samið þau lög. En það er ekkert nýtt, þótt þessi háttv. þm. sé að burðast hér með vanhugsaðar tillögur, sér og þinginu til lítils sóma. Hann hefir ávalt verið ófeiminn og óprúttinn í því að tala með kreddurig og sérvizku þótta um mál, sem hann annað hvort vill ekki vita eða veit ekki rétt deili á, eftir því sem honum býður við að horfa. Og hann virðist ekki á bakið dottinn enn í því að koma fram með fáránlegar tillögur.

Eg skal ekki fara út í fleiri atriði málsins; eg er samþykkur því, sem hv. þm. Vestm. (J. M.) og hv. 1. þm. S.-M. (J. J.) hafa sagt um þetta mál, svo eg þarf ekki að endurtaka það.

Jón Magnússon: Það var óheppilegt hjá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að tala um kjötstimpilinn danska, því ef nokkur maður hér ber á sér danskan kjötstimpil, þá er það hann. Hann er sá eini maður í þessari deild, sem þiggur árlegan styrk af ríkissjóði Dana.

Annars skal eg ekki fara mikið út í málið. Það sem hér er um að ræða, er ekki annað en, hvort þingið vill halda þá samninga, sem það hefir gert, eða ganga frá loforðum sínum. Eg hygg, að það hafi verið tekið fullgreinilega fram, sem þörf hefir verið á.

Menn hafa sótt þetta mál með svo miklu kappi. Annars lýtur helzt út fyrir, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) vilji helzt, að enginn eigi nein viðskifti við Dani, nema hann sjálfur fyrir sína eigin persónu.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Það stafar af misskilningi, að þingið vilji svíkja samning sinn, ef tillagan verði samþykt. Og þeir, sem segja það, vita að það er ósatt. Það er ætlast til, að landsbókasafnið fái 2 eintök framyfir til skifta. Alt annað eru vísvitandi ósannindi.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði um, að eg væri ófeiminn að koma með svona tillögu. Eg tel mér heiður að því, að það skuli vera farinn af mér heimóttarskapurinn og búinn að hleypa nokkurn veginn heimdraganum. En eg vil skjóta því til þeirra, sem þekkja framkomu okkar beggja, hvor okkar sé ófeimnari í því að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins með því að þvogla og þvæla á móti beztu málunum, sem hér koma fram. Móti nærri hverri einustu tillögu, sem frá mér hefir komið á þessu þingi, sem nær allar hafa lotið að því, að losa um einhver innlimunaratriði, hefir hann verið þindarlaus að þrefa og þybbast, til einskis gagns, en óþurftar einnar. Og þar með situr það illa á öðrum eins hundavaðsmanni, að brigsla öðrum um það, að þeir kynni sér ekki mál til hlítar, — af jafnauðvirðilegu tilefni og hinni lúalegu þingsályktun frá 1907, sem eg hafði ekki tekið eftir fyrri en við umræðurnar, og aldrei hefði átt að vera til. *(Forseti:* Eg skal geta þess, að það hafa fallið í þessu máli of hörð orð frá báðum hliðum, og vil eg biðja þingmenn að gæta betur hófs í umr.). Eg skal lofa háttv. forseta því, að fara líknsamlegum orðum um þá menn, sem nú eru andaðir; einungis vil eg láta háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) vita það, að eg þarf ekki að spyrja hann um lög í þessu efni, og upptök þessarar löggjafar eru frá einveldistímunum, frá 1821.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði,

að máli þessu hefði verið hreyft á þingi 1886, en þá hefði ekki þótt fært að breyta lögskyldunni til dönsku safnanna, því að ráðherrann, sem þá var, var danskur maður, og mundi hafa sett sig upp á móti því. Nú er ekkert því líkt til fyrirstöðu, enda viljum vér bjóða að láta bækurnar af hendi frjálslega í skiftum, en viljum hins vegar enga lögkúgun hafa í þessu efni. Svo virðist mér að mál þetta megi nú liggja ljóst fyrir, og vonast eftir, að háttv. deildarmenn greiði því sem flestir atkvæði sitt.

Björn Jónsson: Eg hefi ekki enn lagt neitt til þessa máls, enda býst eg við, að mín orð séu ekki að miklu höfð hér á þinginu nú orðið. Þó vil eg láta þá skoðun mína í ljósi, að mér finst ekki ráðlegt að samþykkja það mál, sem hér er fram flutt. Það mundi áreiðanlega ekki vera skoðað öðru vísi en eins og spark til Dana.

Eg hefi ekki verið við þetta mál riðinn. Það var fyrirrennari minn, sem hafði framkvæmdirnar á hendi í því. Þó átti eg tal við kenslumálaráðherrann, og kvaðst hann þá vera að berjast við að koma þessu í framkvæmd. Mér finst því, að réttast væri að láta þetta mál bíða næsta þings og sjá hverjar framkvæmdir yrðu á þessu fyrirheiti, þó það væri ekki af öðru en af því, að vér vildum taka það tillit til þessa manns, sem svo mikið hefir haft fyrir þessu máli. Væri þá tími til að hugsa um, hvað gera skyldi.

Bjarni Jónsson: Það er misskilningur, að þingið brigði loforð, þótt þetta væri samþykt. Það er engin sanngirni í því, að skylda prentsmiðjur hér á landi til að senda útlendum bókasöfnum bækur ókeypis. Annað mál væri það, að veita fé á fjárlögunum til að kaupa hér bækur og senda þær útlendum söfnum að gjöf. Nú erum við búnir að gefa Dönum bókmentir vorar í 80—90 ár; sé gert ráð fyrir, að það hafi verið 400 kr. virði á ári í 80 ár og 5% mun það fé nú nema 388,545 kr. Nú er þessi kvöð 540 kr. á ári, eða eftir 80 ár með 5% 524,525 kr. Auk þess eru 540 kr. meira fé en andvirði þeirra bóka, sem árlega koma út í Danmörku og að nokkru eru nýtar. Væri því ekki betra að spara sér nokkuð af því fé og kaupa heldur fyrir það enskar og þýzkar bækur. Þetta er ekki af neinni óvináttu mælt, heldur af því, að þetta virðist sjálfsagður og eðlilegur hlutur, sem virðist mega liggja öllum í augum uppi.

ATKV.GR.:

Tillagan á þgskj. 704 feld með 13 : 7 atkv.

Rottueyðing.

FRUMVARP til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri.

Fyrsta umr., 2. marz (A. 64).

Flutningsm. (Björn Þorláksson): Eg vil geta þess strax, að inn í frumv. þetta hefir slæðst ein prentvilla, sem þó ekki getur valdið misskilningi, nfl.: búðum, fyrir: báðum.

Eg ætla þá að leyfa mér að skýra frá þeim ástæðum, sem eg hafði til að bera þetta frumvarp fram.

Það er öllum kunnugt, hvílíkum skemdum rottur geta valdið, svo að jafnvel stórfé getur tapast við. Rottan ræðst bæði á matvæli og íverufatnað, veldur skemdum á ýmsum búshlutum og gerir mikið tjón bæði í timbur- og torfhúsum. Einkanlega er það þó í torfhúsunum. Rottan rífur þökin smátt og smátt í sundur og veldur gusti og súg. Ef veggirnir eru úr torfi og grjóti eða mold og grjóti, grefur hún göng um þá þvera og endilanga, svo að þeir hrynja smátt og smátt.

Þá er ekki sú ástæðan sízt, að rottan kann að flytja með sér skæðar drepsóttir, og hafa mikil brögð verið að því í öðrum löndum. Hvort það hafi komið fyrir á Íslandi, að rottur hafi flutt með sér sóttnæmi, vita menn ekki, en vel getur það komið fyrir. Líka er þess að gæta, að hún breiðist ávalt meir og meir út. Hún er nú komin víða um sveitir, og í kaupstöðunum eykst hún sífelt. Hún mun vera mikið útbreidd bæði í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og frá kaupstöðunum breiðist hún út til sveitanna í kring. Viðkoman er líka meiri en á flestum öðrum skepnum. Mér er sagt, að út af einum rottuhjónum geti, ef alt lifir, komið 800 á ári. Hér er því augsýnilegur voði á ferðum, ef engar ráðstafanir verða gerðar.

Eg býst við, að mörgum muni þykja lög þessi lítilfjörleg, en hér er þó um sanna fjárhagshlið að ræða. Þetta er raunar nýmæli hér á Íslandi, en í öðrum löndum er það ekkert óvanalegt, að samtök séu gerð til að útrýma rottum. Og eg vil einnig geta þess, að ríkisþingið danska hefir fyrir skömmu, eða 16. apr. f. á., samþykt lög, sem eru svipuð þessum lögum, sem hér eru borin fram. Sumir kunna nú ef til vill að vera hræddir við að meðalið, sem aðallega er ætlað til að útrýma rottunum, nfl. eitur, geti verið hættulegt mönnum, en svo er ekki. Rottueitrið, sem er nýfundið upp og kallað er »Ratin«, er algerlega skaðlaust mönnum og dýrum.

Það er aðallega tvent, er frv. kveður á um. Annað ákvæðið er það, að rottum skuli útrýmt með eitri. Hitt ákvæðið er almenn samtök hjá mönnum til þess að fult gagn verði að eiturútburðinum.

Með því að þetta er mál, er vel þarf að athuga, leyfi eg mér að stinga upp á, að kosin verði 3 manna nefnd í það.

ATKV.GR.:

3 manna nefnd samþykt með 19 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosning:

Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem.

1. nmr. frestað.

Í nefndinni var Ólafur Briem valinn formaður, en Björn Þorláksson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 7. marz (A. 64, n. 85).

Framsögum. (Björn Þorláksson): Eg hefi áður tekið fram ástæðurnar fyrir frv. þessu, og því óþarft að endurtaka þær nú. Eg vil að eins geta þess, að nefndin vill ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. með breytingum. Breytingar þessar eru smáar og miða flestar að því að skýra frumv. Óska eg að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 9. marz (A. 64, n. 85).

Framsögum. (Björn Þorláksson): Eg skal með fáeinum orðum skýra fyrir hinni háttv. þingdeild hinar einstöku greinar frumvarpsins.

1. gr. frv. hnígur að því í fyrsta lagi að veita bæjar- og sveitarstjórnum heimild til að verja nægu fé til að eyða rottum, og í 2. lagi, að eitrið sé valið eftir því, sem landsstjórnin með ráði dýralæknis telur heppilegast. Það eitur, sem nú er brúkað, nefnist »Ratin«, en það eitur er ekki tiltekið í greininni, til þess að hægt sé að nota annað eitur, ef eitthvað finst betra, enda óþarft að tiltaka það, þar sem það á að verða gert

eftir því sem landsstjórnin ákveður í samráði við dýralækni.

Í annari grein ræðir um útburð á eitri. Er fyrst ákveðið, að eitrið skuli útborið tvisvar til þrisvar á ári, því að reynslan hefir sýnt, að þar sem »Ratin« hefir verið brúkað, hefir ekki veitt af að gera það svo oft. Í öðru lagi er ráð fyrir gert, að eitrið verði borið út, þegar harðnar, það þykir bezt henta; meðan vel viðrar, er rottan úti um haga, en þegar frost og snjóar koma, leitar hún mest til bæja og húsa. Í 3. lagi er gert ráð fyrir, að borið sé út í öll hús í senn, hvaða hús sem eru, í sömu sveit eða sama kaupstað. Ella gætu rotturnar falist í þeim húsum, sem ekki væri borið út í, og kæmi þá eitrið að litlum notum, vegna þess hve þeim fjölgar fljótt.

Í 3. gr. frumv. er ákveðið, að þar sem tvö eða fleiri sveitafélög liggja saman, svo að ekki skilja fjöll eða vötn, skuli útburður fram fara samtímis. Það er augljóst, að ella kæmi útburðurinn að engu haldi.

Í 4. gr. er tekið fram, að stjórnarvöld skuli hafa eftirlit með, hversu lögunum er sint, og bæjar- og sveitarstjórnir því skyldaðar til að senda skýrslur árlega um árangurinn af útburðinum.

Þá kemur 5. gr., sem nefndin leggur til, að tekin verði upp í frumv., og er hún um það, að landsstjórnin setji reglum það, hversu fara skuli með eitrið, hvaða eitur, sem notað verður.

Breyt.till. nefndarinnar standa í nefndarál. á þgskj. 85. Það eru mest skýringar og orðabreytingar.

Í síðustu gr. frv. er tekið fram, að lögin skuli endurskoða eftir 5 ár, og er það tekið upp eftir dönskum lögum um sama efni.

Í sambandi við þetta frumv. hafa einstöku þingmenn talað um það við mig utan þings, hvort ekki væri heppilegt að setja inn í frumv. ákvæði um verðlaun fyrir eyðingu rotta. En eg álít, að það geti ekki samrýmst þessu frumv., þar sem það er einskorðað við eyðingu rotta með eitri. Ef »Ratin« er notað, bráðdrepast rotturnar ekki af því, heldur verða þær veikar, fara út úr húsunum og drepast úti á víðavangi. Með þessum hætti er því ekki að óttast pest í híbýlum manna af eyðingu rottanna. Þess vegna samrýmist það ekki að veita verðlaun fyrir dráp rotta úti við stefnu frumv.

Eg þarf ekki að fara fleiri orðum um frumv. Eg vona, að það verði samþykt með brtill. nefndarinnar.

ATKV.GR.:

1. brtill. við 1. gr. (85) samþ. með 13 shlj. atkv.

2. brtill. við 1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

1, gr. þannig breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

3.—6. brtill. við 2. gr. (85) samþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt sþ. með 15 atkv. shlj.

7. brtill. við 3. gr. (85) sþ. með 15 shlj. atkv.

8. brtill. við 3. gr. (85) samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

9. brtill. við 4. gr. (85) samþ. án atkv.gr.

4. gr. þannig breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

10. brtill. á þgskj. 85 samþ. með 15 shlj. atkv.

11. brtill. á þgskj. 85 samþ. án atkv.gr.

5. gr. frv. (sem verður 6. gr.) sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr., 11. marz (A. 149).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 15 atkv. shlj. og afgr. til Ed.

Verzlunarlóðin í Gerðum.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðar í Gerðum í Gullbringusýslu.

Fyrsta umr., 4. marz (A. 68).

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Á þingmálafundi í Keflavík kom fram krafa um, að stækkuð yrði verzlunarlóðin í Gerðum. Gerðar eru landlaust, lítið kot, og hin ákveðna verzlunarlóð mjög þröng. Þeir sem byggja á henni verða því að sæta hörðum kostum, lóðargjöld þau, sem þeir gjalda, eru mjög há, margfalt hærri en í Reykjavík. Í veðdeildarlögunum er sem sé svo ákveðið, að eigi megi lána út á húseign, nema hún standi á verzlunarlóð; þetta er raunar óheppilegt ákvæði, því að í sjálfu sér getur veð í húseign í góðu sjóþorpi verið fult svo gott, eða jafnvel betra, en á kaupstaðarlóð. En því miður er örðugt viðfangs að breyta einstökum ákvæðum veðdeildarlaganna, og er því nauðsynlegt að stækka verzlunarlóðirnar, einkum þar sem lóðargjöldin eru há á kaupstaðarlóðunum.

Svæðið, sem frumv. þetta fer fram á, að bætt verði við verzlunarlóðina, er að vísu nokkuð stórt, en vonandi verður það ekki framgangi málsins til fyrirstöðu, enda er einmitt á þessu svæði þrautalendingin í Vörum. — Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frumv., það er ekki nema tillátssemi við þá menn, sem hlut eiga að máli, að það nái fram að ganga. Mér virðist óþarft, að nefnd sé skipuð í svo einfalt mál, en vona að því verði vísað til 2. umr.

Benedikt Sveinsson: Eg er ókunnugur í Gerðum, en býst þó við, að ástæða sé til að stækka verzlunarlóðina þar, því að staðurinn er í uppgangi. En eg stóð að eins upp til að benda á, að stækkun verzlunarlóða er yfirhöfuð varhugaverð. Bæir hér á landi eru alment bygðir altof dreift til stórskaða fyrir bæjarfélögin, og verður það því tilfinnanlegra, sem menningin vex, því að öll gjöld þyngjast mjög við það. T. d. vil eg benda á, hve kostnaðarsöm víðátta Reykjavíkur hefir orðið, öll mannvirki hafa orðið stórum dýrari vegna þess, hve bærinn hefir verið bygður um stórt landflæmi, bæði vegagerð, vatnsveita og gasleiðsla. Eg hygg þess ekki vanþörf, að þetta verði tekið til greina í löggjöfinni og hún leitist fremur við að reisa skorður við altof-mikilli dreifing bygðarinnar í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Í sjóþorpum stendur öðru vísi á en í kaupstöðum. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir rétt að mæla, að því er til kaupstaðanna kemur, en í sjóþorpum er engin veruleg bygð, húsin eru reist á smájörðum og því ná ekki athugasemdir hins háttv. þm. til þeirra.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg verð að játa það, að eg er dálítið hikandi í þessu máli, þykir það viðsjárvert sökum þess, að eg er ókunnugur á þessum stað. Mér virðist, ef frv. yrði að lögum, þá gæti það haft töluverð áhrif á eignahag manna, og þeir, sem keypt hafa dýrar lóðir, yrðu hart úti, ef lóðirnar lækkuðu aftur mjög í verði. Eg vildi gjarnan vita, hver væri eigandi jarðarinnar, hvort hún væri opinber eign eða einstakra manna eign. Löggjafarvaldið verður að líta á það með lagasetning sinni, að gera ekki annan

ríkara en áður, jafnframt því, að það gerir hinn fátækara en áður.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson: Eg get svarað hinum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) því, að þessi jörð, er hér um ræðir, og er löggiltur verzlunarstaður, er eign einstakra manna, en ekki hins opinbera. Það er útlent hlutafélag, sem rekur þar verzlun, sem stendur, og leigir það lóðirnar fyrir miklu hærri leigu en annars er venja.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 21 atkv. samhlj.

Önnur umr., 7. marz. (A. 68).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg hefi litlu að bæta við það, er eg hefi tekið fram við 1. umr. máls þessa. Eg skal þó, til upplýsingar máli þessu geta þess, að hið umrædda svæði er um 500 faðmar með sjó fram.

Ástæðan fyrir því, að nauðsynlegt er að stækka hina umræddu verzlunarlóð, er, eins og eg áður hefi tekið fram, í fyrsta lagi sú, að gera mönnum mögulegt að fá veðdeildarlán út á eignir sínar og veita þeim þannig jafnrétti við aðra. Í öðru lagi er ástæðan sú, að létta á hinum þungu lóðargjöldum, sem lögð eru á hús á núverandi kaupstaðarlóð. Eins og nú standa sakir, er lóðin leigð af útlendu félagi, er tekur hátt lóðargjald. Garðurinn er gott aflaplass og því hættulaust að veita veðdeildarlán út á eignir þar, en það er að eins heimilað að veita slík lán út á eignir í verzlunarstöðum. Af sömu ástæðu er einnig rétt að samþykkja frumv. það um verzlunarlóð í Vestmannaeyjum, er nú liggur fyrir háttv. deild. Vona eg svo að frumv. þetta verði samþykt af háttv. deild.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ. með 16 atkv. shlj.

2. gr. frumv. sþ. með 16 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. með 15 atkv. shlj.

Vísað til 3. umr. með 17 atkv. shlj.

Þriðja umr., 9. marz. (A. 68).

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Borgarstjórakosning.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Fyrsta umr., 6. marz. (A. 70).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt eftir einróma óskum, sem komu fram á þingmálafundunum hér í vetur, að borgarstjóri skuli eftirleiðis vera kosinn af öllum þeim, sem atkvæðisrétt hafa til bæjarstjórnarkosninga. Eg hefi af ásettu ráði ekki farið út í það í frumvarpi þessu, að setja að öðru leyti nánari reglur um kosninguna eða embættisafstöðu borgarstjórans að öðru leyti. Ákvæði um það efni eru ónóg og ófullkomin í löggjöfinni, svo sem um það, hvort hann hafi atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum og hvort hann ætti ekki eiginlega að vera í fyrirsvari bæjarstjórnarinnar. Það er þannig nú, að ef maður þarf að leita réttar síns gegn bæjarstjórninni, þá verður hann að stefna öllum, sem í henni eru. Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að fjölyrða nú að sinni um þetta frekar. Eg vona að nefnd verði kosin í málið, sem svo getur borið sig saman við bæjarstjórnina og borgarstjórann. En þess má geta, að þegar farið er að aðgæta löggjöf bæjarins, þá reynist hún nú orðin öll í sneplum og skóbótum. Það þyrfti að

koma henni í eina heild. En til þess þarf afarmikinn undirbúning og tíma, sem borgarstjóri og bæjarstjórn verða til að leggja. Þau lög, sem bænum er stjórnað eftir nú, eru frá 20. apríl 1872, úrelt og margaukin og vönuð.

Að lokum vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 14 : 1 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl,
Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Björn Þorláksson,
Pétur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Þorláksson valinn formaður, en Magnús Blöndahl skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 10. apríl. (A. 70, n. 499, 521, 523).

Framsm. (Magnús Blöndahl): Nefnd sú, er haft hefir mál þetta til meðferðar, hefir komið fram með breytingartillögu á þgskj. 499 og 2 aðrar breytingartill. eru á þgskj. 521 og 523. En þar sem þetta er 1. umr., skal eg ekki fjölyrða um málið í þetta sinn. Vil að eins mælast til að háttv. deild lofi málinu að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 18. apríl. (A. 70, n. 499, 521, 523).

Framsm. (Magnús Blöndahl): Eins og háttv. deild mun hafa tekið eftir, hefir nefnd sú, er skipuð var í þetta mál, komið fram með breytingartillögu á þgskj. 499, sem fer fram á, að kjósendur hér í bæ skuli kjósa borgarstjóra, ef umsækjendurnir um borgarstjórastöðuna eru ekki fleiri en 3, en séu þeir fleiri en 3, skal bæjarstjórn Reykjavíkur velja úr 3 af umsækjendunum og skulu svo kjósendur kjósa á milli þeirra. Þetta er, eins og breytingartillagan ber með sér, miðlunartillaga, því að hún fer meðalveginn, og er þannig leitast við að gera bæði þeim til hæfis, sem vilja hafa núverandi fyrirkomulag óbreytt, og þeim sem vilja að kjósendur kjósi borgarstjóra meðal allra umsækjendanna. En nefndin hefir, eftir að hún kom fram með tillögu þessa, komist að þeirri niðurstöðu, að hún gæti orðið misbrúkuð og áleit því rétt að fyrirbyggja það. Það geta verið tveir eða fleiri flokkar í bæjarstjórninni og gæti þá sá flokkur, sem er öflugastur algerlega ráðið borgarstjórakosningunni. Þess vegna hefir nefndin komið fram með breytingartillöguna á þgskj. 523, sem fer fram á, að þessir 3 menn skuli valdir af bæjarstjórninni með hlutfallskosningu. Er hér því mjög sanngjarnlega í sakirnar farið og reynt að gera öllum til hæfis.

Eg skal ekki fjölyrða neitt um breytingartillöguna á þgskj. 521, sem fer nálega fram á sama og frumvarpið sjálft. Enda þótt eg álíti að tillagan fari í rétta átt og sé af góðum rótum runnin, hygg eg þó að heppilegast væri eftir atvikum, ef háttv. flutnm. (Sk. Th.) vildi taka hana aftur, því að hún gæti fremur orðið til þess að skaða málið á þessu stigi þess.

Að endingu skal eg geta þess, að mál þetta er fram komið samkvæmt ósk kjósenda hér í bæ og vona eg, að það nái fram að ganga.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi leyft mér að koma fram með breytingartillögu á þgskj. 521 við frv. þess efnis, að bæjarbúum hér sé látið frjálst, hvern þeir vilji kjósa fyrir borgarstjóra. Eftir

tillögum nefndarinnar er þeim það því að eins frjálst, að ekki séu fleiri en 3 umsækjendur, en séu þeir fleiri, skal bæjarstjórnin velja úr 3 af þeim, er svo kjósendur skulu kjósa á milli. Eg sé ekki annað, en að bæjarstjórnin gæti með þessu fyrirkomulagi ætíð bolað frá einstökum mönnum. Ef t. d. umsækjendur væru 2 eða 3, væri ætíð hægt að fá fleiri til þess að gefa kost á sér. Væri þannig hægt að bola hæfum manni frá því að ná kosningu. Það á að gera þetta fyrirkomulag þannig úr garði, að bæjarbúar fái að kjósa, án nokkurs tillits til, hvað bæjarstjórnin vill í þessu efni. Að öðrum kosti hygg eg, að megn óánægja muni verða yfir þessu.

Framsm. (Magnús Blöndahl): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að ef ekki væru nema 2 eða 3 umsækjendur um borgarstjórastöðuna, gæti bæjarstjórnin fengið fleiri til þess að bjóða sig fram, til þess að eins, að bæjarstjórnin gæti ráðið, hverjir af umsækjendunum kæmu til greina við kosninguna. Mér dettur ekki í hug, að þetta geti komið fyrir, því að ef mönnum dettur ekki sjálfum í hug að bjóða sig fram, þá láta þeir heldur ekki bæjarstjórnina nota sig þannig fyrir leiksopp, en annað væri það ekki, þar sem að þeir þó hefðu enga vissu fyrir að ná kosningu. Eg get því ekki séð neina ástæðu til þess að leggja með breytingartillögu háttv. þm. Skal eg geta þess, að eg hefði sjálfur helzt kosið að hafa fyrirkomulagið eins og breytingartillaga háttv. þm. fer fram á, en með því að það mætti svo mikilli mótspyrnu í bæjarstjórninni, áleit eg rétt að miðla málum, og þess vegna hefir nefndin komið fram með breytingartillögur sínar við frv. Það má auðvitað breyta þessu seinna, en eg álít að rétt sé að stiga þetta spor nú. Málið hefir nýskeð verið ítarlega rætt á bæjarstjórnarfundi, og vil eg leyfa mér að mæla með því, að breytingartillögurnar á þgskj. 499 og 523 verði samþyktar, en óska hins vegar að háttv. flutningsm. (Sk. Th.) taki aftur till. sína á þskj. 521.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend upp til þess að leyfa mér að leggja með því að breytingartillaga háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) verði samþykt, því að hún er svo sanngjörn, þar sem hún fer fram á að tryggja sem mest rétt bæjarbúa. Eg þarf í raun og veru ekki að mæla með henni, því að háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) gerði það sjálfur, þar sem hann sagðist sjálfur vera henni hlyntur, en hins vegar aðhyllast hinar breytingartillögurnar til þess að gera jafnt upp á milli bæjarstjórnarinnar og kjósenda. En borgarstjórakosningin er fyrir bæjarbúa, en ekki fyrir bæjarstjórnina. Þess vegna ber að taka meira tillit til þeirra en hennar.

Mæli eg þess vegna með tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Pétur Jónsson: Eg er einn af þeim, sem kosinn var í nefnd þá, er haft hefir mál þetta til meðferðar og hefi eg undirskrifað nefndarálitið með fyrirvara. Eg skal geta þess, að eg álít frv. þetta alls ekki nauðsynlegt. Það getur verið, að það þyki eðlilegt og frjálslegt, að bæjarbúar sjálfir kjósi borgarstjóra. En háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) var þó ekki sérlega meðmæltur því, að þessi breyting væri áríðandi, þá er rætt var um hana í nefndinni. Eg lít svo á, að ekki sé hér um pólitíska stöðu að ræða, borgarstjórastöðuna. Borgarstjórinn er framkvæmdarstjóri bæjarstjórnarinnar og þarf sérstaka hæfileika til þess, sem bæjarstjórninni er kunnugast um, en kjósendum alment ekki. En ef bæjarbúar kysu borgarstjórann, væri hætt við, að kosningin færi meira eftir pólitískum ástæðum, en sérstökum hæfileikum. Borgarstjórinn

hlyti því að verða óvinsæll, því að hann hefði marga sjálfsagða andstæðinga.

Eg álít því rétt, að hið núverandi fyrirkomulag haldist óbreytt, enda er bæjarstjórninni vel trúandi fyrir því að kjósa borgarstjórann. Og kosning á svona manni er raunar engin veruleg kosning, heldur miklu fremur ráðning á starfsmanni, og verður þar að meta ýmsar ástæður, sem kjósendur alment ekki þekkja.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Út af því sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, sé eg það, að hann vill helzt að bæjarstjórnin kjósi manninn, og er þá á móti frv., en það er sá hængur á því, að með þessu getur borgarstjórinn orðið bæjarstjórninni ónotalega háður, en á hinn bóginn er hann því óháðari, sem fleiri kjósa hann. Það gæti komið sér illa, ef hann yrði að taka við nokkurskonar handfestingu hjá bæjarstjórninni, og tilgangur frv. er einmitt sá, að fá tryggingu fyrir því, að þess háttar geti ekki átt sér stað.

Á þingmálafundum í vetur var þetta líka vilji allra kjósenda hér án nokkurs flokksgreinarálits, enda kemur þetta ekki því við, því að það er allra hagur að fá hæfan mann í þessa stöðu, hverrar skoðunar sem hann er í pólitík og hver sem hann er.

ATKV.GR.:

Brtill. 523 við brtill. 499 sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. 521 við brtill. 499 feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Bjarni Jónsson greiddi ekki atkvæði og taldist með meiri hl.

Brtill. 499 svo orðin sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málið felt frá 3. umr. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson N.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Briem,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson.
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

Fátækralagabreyting.

FRUMVARP til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Fyrsta umr., 4. marz (A. 76).

Flutnm. (Ólafur Briem): Í 63. gr. í fátækralögunum frá 1905 er svo ákveðið, að framfærslusveit sé eigi skylt að greiða nema $^2/_3$ af almennum sveitarstyrk, sem þurfalingi er veittur í dvalarsveit hans. Þetta ákvæði mun hafa verið miðað við framfærslustyrk í eiginlegum skilningi, en ekki við sjúkrahússtyrk, eða kostnað þann, er dvalarsveit

þarf að leggja fram til að leita þurfamanni læknishjálpar á sjúkrahúsi, enda er það ekki alls kostar sanngjarnt, að dvalarsveit sé gert að skyldu að bera $^1/_3$ þess kostnaðar. Þetta ákvæði kemur einkum hart niður á kauptúnum og sjávarplássum, sem hafa sjúkrahús, og þar sem margt er um aðkomumenn. Eg hefi því, eftir áskorun kjósenda minna, leyft mér að fara fram á að því verði breytt, þannig, að allur sjúkrahússtyrkur lendi á framfærslusveitinni.

Jón Jónsson (1. þm. N. Múl.): Eg hugsaði, að þá grein fátækralaganna frá 1905, sem nefnd er í þessu frv., væri ekki hægt að skilja svo, að dvalarsveit beri nein skylda til að kosta að þriðjungi dvöl þurfalings annarar sveitar á sjúkrahúsinu. Skal eg, með leyfi háttv. forseta lesa upp nokkur orð úr 77. gr. fátækralaganna. Þar stendur:

»Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús annað en holdsveikraspítala, þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp,« o. s. frv.

Hér finst mér skýrt sagt, að framfærslusveitin skuli borga allan sjúkrahússkostnaðinn. En sé nú svo, að lögin hafi verið skýrð á annan veg, þá er sjálfsagt að samþykkja þetta frv. hins háttv. 1. þm. Skagf. (O. Br.), því að mér virðist það alveg rangt, að á dvalarsveitina falli nokkur sjúkrahússkostnaður. En eg fæ ekki séð, að gert sé ráð fyrir því í lögunum.

Eg vildi vekja athygli á þessu, en skal ekki fjölyrða um það frekar.

Flutnm. (Ólafur Briem): Útaf orðum hins háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) skal eg taka það fram, að stjórnin hefir úrskurðað, að 77. gr. fátækralaganna eigi engin áhrif að hafa á ákvæði 63. gr. Hvort sem nú þessi skilningur stjórnarinnar er réttur eða rangur, þá hefir úrskurðurinn gildi, og verður honum ekki hnekt, nema með því að breyta lögunum.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþykt með 21 shlj. atkv. Kosningu hlutu:

Ólafur Briem,
Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Einar Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Ólafur Briem valinn formaður, en Jón Magnússon skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 24. marz (A. 76, n. 255, 298).

Framsm. (Jón Magnússon): Eg tel þess enga þörf að ræða málið neitt að þessu sinni. Væntanlegar brtill. verða ræddar við 2. umr., svo að nú vil eg einungis óska, að málið fái að ganga áfram gegnum þingið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Önnur umr., 6. apríl (A. 70, n. 255, 298).

Framsm. (Jón Magnússon): Eg hefi ekki miklu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu. Nefndin hefir fallist á frumv, með þeirri breytingu, sem tekin er fram í nefndarálitinu, að dvalarsveit sjúklings borgi spítalavist hans í 2 mánuði. Þetta ákvæði er sett til þess að varna því, að dvalarsveitin verði of ör á að leggja menn inn á spítala. 2. gr. frv., sem nefndin vill samþykkja, getur verið að sé óþörf. Eg held, að ákvæði þeirrar greinar séu gildandi eftir fátækralögunum, en ýmsar sveitarstjórnir munu hafa neitað að framfylgja því, eins og hér er fyrirskipað, og mér er kunnugt um það, að Reykja-

vík hefir neitað að leggja sjúklinga annarsstaðar frá á berklahælið. En þótt þetta ákvæði finnist kannske í fátækralögunum, þá er ekkert á móti að samþykkja það nú, til þess að taka af allan efa, og má þá skoða samþykt þess sem lögskýring sjálfs löggjafans. Eg vona að háttv. deild sýnist nefndin hafa farið varlega í sakirnar og ekki sé ástæða til að breyta meiru að sinni.

Eg skal minnast á brtill. á þgskj. 298. Nefndin hefir sérstaklega rætt fyrri part till. og vorum við tilhneigðir að fallast á hana alla, en eg held það sé talsvert varhugavert, að ráðast í miklar breytingar að lítt hugsuðu máli, sérstaklega við lög eins og fátækralögin, sem bygð eru á föstum grundvelli og fylgja sérstökum reglum. Einkum kom það til athugunar, hvort lækningastyrk skyldi í vissum tilfellum álíta fátækrastyrk, þannig að hann orsakaði réttarmissi. Nefndinni fanst, að annaðhvort yrði slík hjálp aldrei að orsaka réttarmissi, eða menn yrðu að fylgja föstum reglum fátækralaganna. Og ef framfærslusveitin álítur, að einstaka menn séu þess verðir, að fá læknishjálp án þess að það yrði álitinn fátækrastyrkur, þá ættu ýms önnur meðul að vera til þess að koma því í framkvæmd. Þess ber líka að gæta, að verði brtill. samþykt, þá verður nokkuð misrétti milli sveita og kaupstaða, því að ákvæði hennar verður víst sjaldnast hægt að framkvæma í kaupstöðum, vegna þess að ómögulegt verður að fá saman lögmætan fund.

En viðvíkjandi seinni parti tillögunnar, skal eg geta þess, að ef hann yrði tekinn upp sérstaklega og fyrri hlutinn tekinn aftur, mun nefndin leggja til, að hann verði samþyktur. En annars vill nefndin leggja á móti, að tillagan í heild sinni verði samþykt.

Pétur Jónsson: Eg er framsm. samdóma um, að það þurfi allrar varúðar við, þegar breyta á lögum eins og fátækralögunum. Brtill. mín á þgskj. 298 gengur út á það, að hægt sé að veita mönnum styrk af sveit, án þess að hann verði talinn fátækrastyrkur, ef honum samkvæmt sveitarfundarsamþykt er varið til þess að leita manni heilsubótar að læknisráði, eða til fæðiskostnaðar barns í skóla. Ef háttv. deild finst mikið athugavert við þetta, þá er auðvitað ekki vert að halda því til streitu. Háttv. framsm. (J. M.) hefir lýst því yfir, að nefndin taki vel í seinni hluta till., um fæðiskostnað barns í skóla. Nú til þess, að eiga ekki þann hluta tillögunnar á hættu við atkvæðagreiðslu nú, vegna hins hlutans, og ekki er hægt að greiða atkv. um hvað fyrir sig í þetta sinn, tek eg allar tillögurnar aftur, og bý málið undir til 3. umr.

ATKV.GR.:

1. brtill. á þgskj. 255 við 1. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

2. brtill. á þgskj. 255 við 1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. (ný gr.) á þgskj. 255 sþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., sem verður 3. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 10. apríl (A. 543, 594, 601).

Framsm. (Jón Magnússon): Eg hefi litlu að bæta við það, sem eg sagði við 2. umr. málsins. Nefndin hefir getað fallist á 2. brtill. á þgskj. 601; hún er sanngjörn og í rauninni sjálfsögð vegna fræðslulaganna. Nefndin viðurkennir og, að mikið mæli með hinni fyrstu brtill. á sama þgskjali, því að ástæða getur verið til þess að veita fá-

tækum mönnum hjálp af almannafé, án þess að það verði reiknaður fátækrastyrkur, til þess að leita sér læknishjálpar, þegar þeir geta það ekki upp á eigin spítur, en þó er nefndin að svo stöddu ekki viðbúin að leggja til um svo verulega breytingu á fátækralögunum og þýðingarmikla. Sama er um 3. brtill. að segja. Það getur verið ástæða til að hjálpa mönnum í þeim kringumstæðum, að þrot þeirra stafa af barnafjölda, en nefndin hefir af sömu ástæðu, sem eg taldi ekki getað fallist á hana. Hér er að vísu um smábreyting að ræða, en sífeldar breytingar á lögum, sérstaklega sveitarlögum, eru mjög óheppilegar. Það kemur óvissu inn í réttarmeðvitund þjóðarinnar, réttarmeðvitundin verður meira á reiki, ef engin lög mega standa óbreytt ári lengur. Lögum á ekki að breyta nema eftir nægilega umhugsun, þegar reynsla er fengin fyrir því, að þau sé óheppileg eða megi betur fara. Lögin eiga að vera þannig yfirleitt, að þau geti verið gild um langan tíma undir líkri skipun þjóðfélagsins. Eg segi þetta ekki beinlínis af því, að eg leggi í sjálfu sér mikla áherzlu á, að þessar brtill. verði ekki samþyktar, en kysi þó helzt, að að eins 2. brtill. nái fram að ganga.

Björn Þorláksson: Hv. frsm. (J. M.) hefir tekið ekki óliðlega í brtill., og þakka eg honum fyrir það. Eg þarf því ekki að mæla neitt fram með þeirri tillögu. Eg vil því sérstaklega minnast á 1. lið, sem er þess efnis, að sveitastjórn geti veitt fátækum mönnum styrk til þess að leita sér heilsubótar. Þetta álít eg mikla réttarbót, því að mönnum veitir oft erfitt að komast þangað, sem bezt yrði ráðin bót á veikleika þeirra, og ekkert er dýrmætara en heilsan. Mér datt fyrst í hug, þegar rætt var um berklahælið, að það mundi vera heppilegt, ef sveitastjórn gæti veitt mönnum styrk til þess að komast þangað, án þess það hefði í för með sér nokkurn réttindamissi. Hér er ekki um neina skyldu að tala, heldur að eins um heimild, sem sveitarstjórninni er veitt, og eg hygg, að ekki verði vanbrúkuð. Eg heyrði hv. framsm. (J. M.) ekki mæla neitt á móti tillögunni að öðru leyti en því, að honum væri sárt um, að fátækralögunum yrði mikið breytt að sinni, þar sem þau væru svo ung ennþá og lítil reynsla fengin fyrir því, hvernig þau gæfust. En að mínu áliti verður það sama að gilda um fátækralögin og fjöldamörg önnur lög, sem hefir verið breytt eftir miklu skemmri tíma. Þessi lög eru nú 6 ára gömul, og þetta er fyrsta breytingin, sem á þeim er gerð. Mér finst því ekki vera farið svo hart á stað hér.

Viðvíkjandi 3. lið finst mér sanngjarnt, að það verði ekki reiknaður sveitarstyrkur, þótt fátækum ómagamanni yrði lagt eitthvað, þegar þrot hans stafa af því, að hann á 6 eða fleiri börn, því að sjaldnast þá mun fátækt hans vera sjálfskaparvíti. Annars býst eg við, að hv. meðflutningsm. minn tali um þetta efni, svo að eg hefi ekki fleira að segja, en vil að eins mæla með því, að þessar brtill. verði samþyktar.

Framsm. (Jón Magnússon): Þegar eg gat þess, að mér væri það ekkert kappsmál, að þessar brtill. yrði feldar, þá hafði eg ekki heyrt ræðu hv. þm. Sfjk. (B. Þ.). Hann gat þess, að brtill. beri að eins að skilja svo, að um heimild sé að ræða, en enga skyldu. Ef sjúkur maður þarf styrks við, er sveitarstjórnin skyld til að veita hann. Eg vil biðja hv. flutningsm. að lesa upphaf greinarinnar aftur og sýna, hvernig hægt sé að fá hans skilning út úr henni. Það er svo einfalt mál, að orðin verða ekki misskilin. Ennfremur vil eg spyrja hv. flutningsm., hvort hann hafi gert sér hugmynd um, hvaða afleiðingar sam-

þykt þessa ákvæðis getur haft í sambandi við önnur lagaákvæði. T. d. má geta þess, að dvöl á Kleppi og berklahælinu er hálfu ódýrara fyrir þurfamenn. Þegar nú þeir menn, sem styrk fengju samkvæmt þessu ákvæði, kæmu á sjúkrahælin, þá yrði að borga fult verð með þeim, því að þeir álitust ekki þurfamenn. Menn sjá á þessu, hve varhugavert það getur verið, að fara að breyta lögum, án þess að líta á, hvaða þýðingu það getur haft fyrir önnur ákvæði. Eg held, að hv. flutningsm. hafi ekki hugsað þessar brtill. sínar nægilega, og vona því, að þær verði ekki samþyktar.

Björn Þorláksson: Eg skal viðvíkjandi orðum hv. framsm. (J. M.) um meininguna í brtill. minni geta þess, að eg orðaði hana sjálfur, og ætti því bezt að vita, hvað í henni felst. Mín meining var sú, að hér væri að eins um heimild að ræða. Af orðum hv. framsm. (J. M.), að um skyldu væri að ræða, hefi eg ekki getað sannfærst. Hitt kannast eg auðvitað við, að hann er mér fremri í því alment, að skilja hvað liggur í lagagreinum, en hinu mótmæli eg algerlega, að hann skilji betur en eg, hvað meint er með þeim orðum, er eg hefi skrifað eða talað. Þá hefði eg og kunnað betur við, að hann hefði í upphafi bent mér á þetta, svo að mér hefði gefist kostur á að breyta því, ef þörf hefði verið. Nú við 3. umr. er það orðið of seint. Eg er þess fullviss, að ef þessi heimild væri veitt sveitastjórnum, þá mundu margir hreppar, sem talsvert fé hafa til umráða, leggja eitthvað fram til þess að styrkja menn í svona kringumstæðum. Að það nú kemur sjaldan fyrir, stafar einungis af því óbrúklega ákvæði fátækralaganna, að þess konar styrkur skuli reiknast sveitarstyrkur. Mín skoðun er sú, að sveitarstyrk beri að skoða þann styrk, sem mönnum er veittur vegna sjálfráðra athafna þeirra, en menn eigi ekki að gjalda þess, að þeir verði heilsulausir, svo að þeir missi borgaraleg réttindi fyrir það. Það er óeðlilegt, og slíkum lögum á að breyta.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Það eru að eins örfá orð um 3. lið. Hann er fram kominn fyrir tilmæli mín og hv. þm. Snæf. (S. G.). Eg er samdóma hv. þm. Vestm. (J. M.) í því, að of mikið sé gert að því, að breyta nýjum lögum, og eg tel þá aðferð eigi góða, og vil fúslega styðja hann í því, að hindra það eftir megni. En hér er ekki því máli að gegna. Við hefðum ekki komið með þessa till., ef aðrar hefðu ekki verið á undan gengnar, sem fóru fram á breytingu. Þegar þessi lög voru samin, áleit eg það ekki sanngjarnt, að menn mistu borgaraleg réttindi sín fyrir það, að þeir gætu ekki framfært mjög mörg börn. Eg var ekki mikið við málið riðinn á þinginu og sat ekki í nefndinni, sem um það fjallaði. Eg hreyfði við sumu í umræðunum, en varð ekki úr, að eg kæmi með beina tillögu, eins og oft vill verða, þegar maður hefir í mörgum öðrum málum að snúast. En nú þegar átti að breyta lögunum hvort sem var, var tími til þess að hreyfa málinu á ný. Eg lít svo á, að það megi ekki vera tilgangur löggjafarvaldsins að láta menn verða fyrir réttindamissi, vegna þess eins, að þeir eiga mörg börn, ef þeir annars eru nýtir borgarar. Og þann mann, sem á mörg börn, tel eg með betri mönnum þjóðfélagsins. Það má ekki láta þá gjalda þess, að þeir geta ekki séð fyrir þeim öllum. Mér finst talan 6 nokkuð há — hefði helzt kosið, að takmörkuð væru 4 eða 5, en hitt varð nú að samkomulagi. Brtill. er alveg réttmæt, þótt

hún fari eigi svo langt, sem eg hefði kosið. Eins og eg sagði fyrst, komum við að eins með hana, af því að lögunum átti að breyta hvort sem var og eg vona að háttv. deild samþykki hana.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að fara örfáum orðum um brtill., sem eg á við þetta frv. Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að ef dvalarsveit kemur sjúklingi, sem ekki á framfærslusveit þar, á sjúkrahús, sem liggur fyrir utan dvalarsveitina, þá eigi hún ekki heimtingu á borgun fyrir það. Þetta álít eg mjög ósanngjarnt ákvæði, því að það er auðvitað, að sjúklingurinn verður ekki fluttur á hæli í annari sveit, nema ekkert sjúkrahús sé í dvalarsveitinni, eða læknishjálp sé þar ekki fáanleg. Eg hefi því leyft mér að koma með brtill. við þetta ákvæði. Einnig get eg, að því er aðrar brtill. snertir, lýst því yfir, að eg er þeim fylgjandi. Eg álít sjálfsagt, að heilsubótarstyrkur til fátæks manns sé ekki reiknaður sveitarstyrkur, ennfremur finst mér það eðlilegt, að sveitir taki þátt í fræðsluskyldunni, þegar á þarf að halda og ekki sízt er það eðlilegt, að þegar maður, sem á 6 börn eða fleiri og getur ekki framfært þau öll, þiggur hjálp af því opinbera, missi ekki rétt sinn fyrir það.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg finn, að háttv. þingdeildarmönnum, sem enn hafa talað, hefir ekki skilist það, sem meðal annars er athugavert við tillögur þeirra frá minu sjónarmiði, en það er það, að þær koma ekki heim við lögin sjálf, sem í gildi eru.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er það að segja, að hún nær ekki nógu langt. Með henni er ekkert sagt um það, hvort framfærslusveitin eða dvalarsveitin eigi kröfu til endurgjalds fyrir flutning þurfalingsins á sjúkrahús eða hæli. Þá væri nær, ef það er meiningin, að hvorug sveitin eigi endurgjaldsrétt, að hafa tillöguna svo, að styrkur fyrir læknishjálp svifti menn aldrei réttinum, því að jafn verðugur er maðurinn, hvort sem hann fær sjúkdóminn á ferðalagi, þar sem hann dvelur, eða í framfærslusveit sinni. Í öðru lagi þyrfti að breyta þeim ákvæðum, sem standa í sambandi við þetta, bæði í lögunum um geðveikrahæli og almenna sjúkrahússvist. Því að ef maðurinn missir ekki réttinn í þessum tilfellum, fellur skylda landsjóðs burtu, því að þá er hann ekki lengur þurfamaður, sbr. 73. gr. fátækralaganna.

3. liður tillögunnar á þgskj. 601 getur þar á móti staðist; það er almenn regla og rekur sig ekki á önnur ákvæði.

En 1. liður tillögunnar fær alls ekki staðist; hann er hvorki hrár né soðinn. Eg býst ekki við, að menn séu svo hugsunarlausir, að menn samþykki þann lið.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg skal játa það, að breyt.till. á þgskj. 601 stefnir í mannúðaráttina og er að því leyti virðingarverð. En eg verð að taka undir þzð með háttv. framsm. (J. M.), að eg álít ekki rétt, að þingið fari að samþykkja slíka tillögu, sem ekkert hefir verið rædd áður. Eg lít svo á, að þetta geti haft mikla þýðingu fyrir þjóðina í framtíðinni; þetta getur orðið til þess að gefa mönnum undir fótinn að leita styrks úr sveitarsjóði. Það á ekki að ala upp í mönnum þann hugsunarhátt. Það á að vera æzta mark manna að lifa upp á eigin spýtur og vera ekki upp á aðra komnir. Eg vona því, að deildin samþykki ekki þessa tillögu nú, en lofi þjóðinni að taka hana til athugunar.

Um 3. lið breyt.till., að telja fjölskyldumönnum, er 6 börn eiga eða fleiri, styrk úr sveitarsjóði, er þeir fá, ekki sem sveitarstyrk, þá er sama að segja. Það er mannúðleg tillaga, en er

varhugaverð og getur ýtt undir fleiri en beint eru þurfandi að leita sér styrks.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Með því að flutningsmaður tillögunnar á þgskj. 601 er ekki viðstaddur, en mér er kunnugt um, að hann óskar, að málið sé tekið út af dagskrá, þá leyfi eg mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseti.

Forseti tók máli því næst út af dagskrá.

Þriðja umr. (frh.), 18. apríl. (A. 543, 594, 601).

Björn Þorláksson: Það var að undirlagi vor flutningsmanna breyt.till. á þgskj. 601, að frumv. var tekið út af dagskrá. Reyndar er ekkert fram komið síðan, sem breytt hafi skoðun vorri. Vér leggjum þann skilning í breyt.till., að með henni sé bæjarstjórnum og hreppsnefndum að eins veitt heimild til að veita sveitarstyrk, án þess að réttindamissir bakist þiggjandanum. Það ætti því engin hætta að stafa af þessu ákvæði. Þetta miðar til frjálslegri umbóta og er samkvæmt þeim mannúðaranda, sem nú er ríkjandi.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi ekkert að segja um þessa breyt.till. á þgskj. 601 framar en eg hefi sagt hér áður. Mér er óskiljanlegt, að hinn háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) skuli halda fram þeim skilningi, sem hann gerir nú, því fremur sem eg þekki það að fornu fari, að hann getur haft skýran skilning á lögum. Lagaákvæði geta stundum skilist á fleiri vegu, en þessi breyt.till. getur ekki skilist nema á einn veg og get eg ekki hugsað mér, að nokkur dómstóll geti lagt í hana annan skilning en þann, er eg hefi haldið fram. En eg sagði þetta sem athugasemd. Eg áleit þetta kost á breytingartillögunni. Ákvæðið verður þannig miklu viðtækara en flutningsmaður auðsjáanlega ætlaðist til og þannig fæst það, sem hlýtur þó að hafa vakað fyrir honum sem aðalregla, að styrkur, sem sveitarfélagið veitir sjúkum mönnum, skuli ekki valda réttindamissi. Eins og greinin er orðuð, þá er hún miklu betri og skynsamlegri en hún var meint.

Annars skal eg ekki tala frekar um þetta, en eg hefi gert áður. Eg skal þó geta þess, að nefndin er að sjálfsögðu á móti tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), því með þeirri tillögu er numið burt það, sem nefndin hefir bætt við frumv. og það af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í nefndarálitinu.

Björn Þorláksson: Mér er óskiljanlegt, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) skuli halda fram þessum skilningi á á orðum mínum. En eg skal ekki tala meir um það. En með því hann er lögfræðingur, þá vildum við taka tillit til þess, sem hann sagði, og óskuðum því að málið væri tekið út af dagskrá, til að geta borið okkur saman við aðra lögfræðinga. Nú hefi eg borið þetta undir annan lögfræðing og hann sagði, að ekki væri hægt að skilja þetta ákvæði öðru vísi en eg geri og hefi fram tekið. Þetta sýnir, að lögfræðingar eru hér ekki á sama máli, eins og svo oft hefir áttt sér stað. Eg trúi þessum lögfræðing, sem eg hefi leitað ráða hjá, eins vel og háttv. þm. Vestm. (J. M.), án þess að gera lítið úr honum og þess vegna held eg fast við minn fyrri skilning á málinu. Legg eg nú breytingartillöguna undir atkvæði deildarinnar í þeirri von, að hún verði samþykt.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg get vel trúað því, að háttv. þm. Söfjk. (B. Þ.) hafi borið sig saman við lögfræðing. En eg leyfi mér að ef-

ast um, að sá lögfræðingur hafi hugsað málið vel, áður en hann svaraði. Hér stendur það beinum orðum, að þegar hreppsnefnd eða bæjarstjórn veiti sjúkum mönnum hjálp, þá skuli það ekki teljast sveitarstyrkur. Eg veit ekki betur, en að hreppsnefndir og bæjarstjórnir séu skyldugar að veita hjálp, þegar á þarf að halda, og hefir það hingaðtil verið talinn sveitarstyrkur. Ef brtill. verður samþ., þá verður slíkur styrkur ekki lengur talinn sveitarstyrkur. Þetta er svo ljóst, að ómögulegt er að skrifa lög, ef þetta ákvæði yrði misskilið.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 601, 1. liður feldur með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Pétur Jónsson.	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.

2. liður sþ. með 12 atkv. shlj.

3. liður sþ. með 13 : 3 atkv.

Brtill. á þgskj. 594 feld með 12 : 5 atkv.

Frv. þannig orðið sþ. með 14 atkv. shlj. og afgr. til Ed.

Eftirlaun Torfa Bjarnasonar.

FRUMVARP til laga um eftirlaun handa skólastjóra Torfa Bjarnasyni.

Fyrsta umr., 6. marz (A. 84).

Flutnm. (Pétur Jónsson): Frv. þetta þarf ekki meðmæla við, Torfi í Ólafsdal mælir með sér sjálfur. Það er öllum kunnugt, að hann hefir helgað líf sitt framförum í landbúnaði og til þess að viðurkenna það, er frv. þetta komið fram. Það eru engar ofsögur, þótt sagt sé, að hingað til hafi landbúnaðurinn borið menning landsins öðrum atvinnuvegum fremur. Væntanlega verður svo einnig framvegis, en til þess þarf landbúnaðurinn að geta tekið þeim framförum og fullnægt þeim skilyrðum, sem breyttir tímar, auknar framfarir annarsstaðar og breytt lífskjör heimta. En í þá átt hefir enginn einn núlifandi maður unnið slíkt starf, sem Torfi í Ólafsdal. Eg vil að eins nefna tvö dæmi: Hann hefir verið aðalfrömuður búnaðarskólanna hér á landi, stofnaði fyrstur búnaðarskóla á eigin ábyrgð og varði til þess efnum sínum og kröftum. Mun það vera einmælt, að flestar framfarir í landbúnaði vorum eru þaðan sprotnar, að allmiklu leyti beint og óbeint, enda hefir skóli Torfa borið af öðrum skólum, og lærisveinar hans haft ómetanlegt gagn af þeim tíma, sem þeir voru undir hans hendi. Annað er það, hve mjög hann hefir stutt að endurbótum á búnaðarverkfærum vorum, það eru ekki eingöngu ljáirnir, sem bera hans menjar, margt annað mætti nefna, og munu slíkar endurbætur á sínum tíma verða nefndar í menningarsögu landsins.

Það hefir þótt hlýða, að heiðurslaun þessi væru veitt með sérstökum lögum, en ekki á fjárlögunum, slík laun eru ekki veitt öðrum en afbragðsmönnum og þarf því enginn að óttast, að hættulegt fordæmi skapist með þessu frumv. Þess skal loks getið, að fjárlaganefndinni hefir borist skjal, þar sem Torfi skýrir frá, að hann muni ekki framvegis geta notað styrk þann, sem honum hefir áður verið veittur til verklegra framkvæmda í Ólafsdal, og sé því þýðingarlaust að halda honum áfram. Vona eg

að þetta styðji að því, að frumv. fái góðar móttökur hér í deildinni.

Benedikt Sveinsson: Eg er sammála háttv. flutningsm. (P. J.) um, að tilhlýðilegt sé að veita Torfa Bjarnasyni heiðurslaun, en eg er ekki samdóma honum um formið. Mér finst nægilegt, að fjárveiting þessi komist inn í fjárlögin, eins og titt hefir verið um slíkar veitingar fyrri. Eins og kunnugt er, þá er þjóðin mótfallin eftirlaunum yfir höfuð, og mundi mælast illa fyrir, ef farið væri að veita hinum og þessum eftirlaun með sérstökum lögum. Ef til vill þykir það meiri heiður, en það tel eg litlu skifta, enda getur vel svo farið, ef þetta frumv. verður samþykt, að margir þeir menn, sem nú njóta styrks samkvæmt fjárlögunum, taki að óska hins sama forms, og þyki það viðhafnarmeira. Eg vil því leyfa mér að leggja það til, að málið verði afgreitt með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

»Í trausti þess, að alþingi veiti skólastjóra Torfa Bjarnasyni viðunanleg heiðurslaun á fjárlögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Jón Sigurðsson: Eg get sagt hið sama sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að þó að eg telji Torfa Bjarnason alls góðs maklegan fyrir æfistarf sitt og vilji því fúslega unna honum þeirra heiðurslauna, sem frumvarpið fer fram á, þá finst mér formið óheppilegt. Á síðasta þingi var svipað mál til umræðu hér í deildinni, sem sé umsókn frá einum hinum atkvæðamesta bónda landsins, Þorvaldi á Eyri, um 1000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll; sú umsókn mætti hinum mesta andbyr hér í deildinni, mönnum þótti ótilhlýðilegt, að bóndi væri að sækja um eftirlaun, enda vil eg játa, að bezt væri, að bændur þyrftu ekki að sækja um slíkan styrk. En úr því honum, slíkum öndvegishöld, var neitað um svo lítinn styrk, þykir mér eigi hlýða, að Torfa Bjarnasyni séu veitt eftirlaun með sérstökum lögum. Eg vil engan veginn gera lítið úr þeim áhrifum, sem hann hefir haft, en flest það, sem hann hefir unnið, hefir hann unnið á landsjóðs kostnað, og þeir menn finnast mér meira virði, sem framfarasporin hafa stigið á eigin kostnað. Trú slíkra manna er sannarlega verðlauna verð. — Eg felst því á tillögu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um rökstudda dagskrá.

Flutnm. (Pétur Jónsson): Mér virðist fullkomlega rangt, að nokkuð geti verið athugavert við, að málið hefir verið borið fram í þessu formi. Allir vita, að það er miklu auðveldara að útvega sér styrk á fjárlögunum, heldur en með sérstökum lögum, og er það því fjarri öllum sanni, að viðsjárvert fordæmi geti skapast með þessu frumv.

Samanburður háttv. þm. Mýr. (J. S.) á Torfa í Ólafsdal og Þorvaldi á Eyri, er með öllu rangur. Eg vil alls ekki rýra Þorvald, en verð að játa, að mér er ekki kunnugt, að hann hafi borið af öðrum mönnum að öðru leyti en því, að hann efnaðist venju fremur, og var stórbóndi. Það gerði hann fyrir sjálfan sig. Hitt er mér ókunnugt um, að hann hafi lagt neitt öðrum framar í sölurnar fyrir landið, og gat eg því ekki skilið, að hann ætti neinn rétt til eftirlauna, öðrum bændum fremur. Fullyrðing háttv. þm. um, að Torfi hefði gert alt á landssjóðs kostnað. er allsendis röng. Hann hefir að vísu notið styrks af landssjóði, sömuleiðis bæði af amti og sýslu, en hann hefir einmitt varið öllu sínu fé og öllum sínum kröftum til þess fyrirtækis, sem hann hefir helgað krafta sína. Hann hefir jafnframt alið upp stóra fjölskyldu í sparnaði og vinnusemi, og mundi hafa komist í góð efni, ef hann hefði ekki verið riðinn við kostnaðarsöm fyrirtæki í almennings

þarfir. Eg vona því að frumv. verði samþykt.

ATKV.GR.:

Með því að atkvæðagreiðslan um hina rökstuddu dagskrá (A. 121) var óljós, fór fram nafnakall, og var hún samþ. með 14 : 12 atkv., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Frumv. sjálfu þannig vikið frá.

Kaup á Skálholti.

FRUMVARP til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur, jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Fyrsta umr., 7. marz (A. 89).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg hefi ekkert að segja um þetta frv. nú, því að hinum háttv. þm. má vera málið kunnugt frá síðasta þingi, þá var frv. samþykt 4 sinnum hér í deildinni. Eg óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Önnur umr., 9. marz (A. 89).

Jón Sigurðsson: Þetta frv. var hér á þingi síðast og þá felt af háttv. Ed. Eg skal ekki tala langt mál um það, bæði af því að umr. urðu litlar þá og svo hinu, að eg sé ekki, hver nauðsyn er á þessu frv. og virðist mér svo, sem ástæður hafi vantað fyrir því við framsöguna.

Nú er sú stefna efst á baugi, að ábúendur jarða eigi að vera sjálfseignarbændur, og álít eg það að vísu heppilegt, enda hafa í því skyni verið seldar margar landssjóðsjarðir og eg skal játa, að það kann að hafa verið gert full mikið að því, að selja höfuðból þannig. En með þessu er lítil bót á því ráðin, og úr því menn einu sinni hafa tekið þessa stefnu, þá sé eg ekki ástæðu til, að fara að láta landssjóð kaupa aftur fornt höfuðból, sem komið er í aðra eins niðurníðslu og sagt er að Skálholt sé. Þar við bætist, að ekki er sagt, að jörðin fáist einu sinni keypt, eða hvergi hefi eg séð neitt um það. Þetta mál er því harla óupplýst.

Þá er enn að geta þess, að verðið er alls ekki ákveðið, og það er þó víst ekki meiningin, að jörðina beri að kaupa, hvaða verði sem er. Og þótt svo væri nú ekki, þá sé eg ekki betur, en að óhlutvönd stjórn kynni að geta makað krókinn á slíkri kaupaheimild. Það er hægur vandi að láta einhvern »prókuratoren« kaupa jörðina og kaupa svo aftur af honum, úr því að verðið er ekki takmarkað. Eg verð því að líta svo á, að frv. þetta sé óheppilega ótakmarkað og yfirleitt lítt rætt og undirbúið, og þess vegna mun háttv. Ed. hafa felt það á síðasta þingi.

Eg legg því til, að samþykt verði rökstudd dagskrá í málinu, því að eins og það er vaxið nú, álít eg ekki rétt að samþykkja það. Annað mál væri það, ef það sannaðist í umræðunum í dag, að þetta sé nauðsynjamál. Þá skal eg ekki verða því til fyrirstöðu, að málið nái fram að ganga.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg hélt, að mál þetta hefði verið svo

vel upplýst á síðasta þingi, að það væri ljóst í flestum greinum og ekki ástæða til þess að skýra það nú. Það er aðgætandi, að hér er ekki um neina skipun að ræða til stjórnarinnar um að kaupa þessa jörð, heldur einungis heimild til þess, ef hún sér sér það fært, fyrir það verð sem hún fæst keypt fyrir, eða með öðrum orðum sæta lagi, ef góð kjör bjóðast. Að færa ástæður fyrir því, hvers vegna jörðina eigi að kaupa, hélt eg að ekki þyrfti. Það eru sömu ástæðurnar, sem landsjóður hefir áður haft til þess að eiga vissar jarðirí Þingvallasveitinni: Brúsastaði og Kárastaði, þar sem mest er um menjar úr sögu vorri frá liðnum öldum. Og ef nokkursstaðar er fornmenjar að finna, þá er það einmitt í Skálholti, því að þar hlýtur öll jörð að vera full af fornmenjum, ekki einasta heima um tún og kirkjugarð, sem eiginlega þyrfti nú að grafast upp rækilega, heldur miklu víðar.

Þá er og þess að gæta, að þótt staðurinn sé í góðra manna höndum og jörðin vel setin, þá er þess þó ekki að vænta, að sögumenjum jarðarinnar sé sá gaumur gefinn, sem vera ætti og það opinbera er skyldugt að gera, og er það oss vansi, einkum frammi fyrir útlendingum. Svo er mér og kunnugt um það, að kirkjustjórn þessa lands hefir allmikinn áhuga á að hressa við staðinn, með því að þar sé vandað til kirkjugerðar við hans hæfi.

Það þykir galli á þessu frumvarpi, að kaupverðið sé ekki ákveðið, en eg hygg, að þar yrði farið líkt að og þá er þjóðjarðir eru seldar, að það yrði látin fara fram virðing á staðnum eða annars kostar færi kaupin að samkomulagi.

Í sambandi við þetta mál, mætti og þess minnast, að réttast væri að hætta við alla þjóðjarða- og kirkjujarðasölu. Sú er einmitt stefna tímans, að ríkið eigi allar fasteignir og því ætti landsjóður að kaupa jarðir en ekki selja. Að vísu hefir lítið bólað á þessari stefnu hér, heldur hafa menn þvert á móti fleygt stundum fyrir lítið burtu beztu jörðunum, sem landið hefir átt. En um þessa jörð stendur auk þess sérstaklega á, svo að það verður að treysta þingi og stjórn til þess, þó þau stundum hafi látist blekkjast, er um aðrar jarðir var að ræða, að aldrei fari svo um þessa, svo þjóðfræg sem hún er. Og það eru jafnvel ýmsar fleiri jarðir, sem skylt væri að landið ætti, þó að tillögur um það liggi ekki fyrir hér.

Eg ræð frá að samþykkja hina órökstuddu dagskrá frá háttv. þm. Mýr. (J. S.). Þessi heimild getur aldrei orðið til skaða, en hún gæti orðið að happi, ef vel fellur.

Jón Sigurðsson: Því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði um þjóðjarða. söluna, er eg sammála. Þjóðjarðasalan er mjög varhugavert mál og það hefir verið alt of mikið gert að því, að selja hin fornu höfuðból landsins. En ekki tjáir að sakast um orðinn hlut. Eg tel þess fulla nauðsyn, að landsstjórnin athugi, hvort ekki beri að setja lög um sölu fornra höfuðbóla og þar með athugist um leið, hvort ástæður séu fyrir hendi til að kaupa Skálholt, eins og hin rökstudda dagskrá fer fram á. Þá má það vera hvöt fyrir landsstjórnina til að athuga, hvort ekki hefir verið of langt gengið fram í því að selja jarðeignir landsins.

Hvort fornmenjar eru margar og merkilegar í Skálholti veit eg ekki. Það væri ekki síður takandi til rækilegrar íhugunar, þótt hin rökstudda dagskrá væri samþykt. Og því ætti að samþykkja dagskrána; þar með væri öllum gert til hæfis, bæði þeim, sem vilja láta

kaupa Skálholt og eins þeim, sem í vafa eru um það, hvort nægar ástæður eru fyrir sölunni.

Sigurður Sigurðsson: Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli. Eg stend að eins upp til að mótmæla þeim orðum háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. þm. Mýr. (J. S.), að Skálholt sé illa setið og staðurinn niðurniddur og að nú sé jafnvel svo komið, að farin sé að rætast hin forna spá um það, að Skálholt ætti að verða eitt hið argasta kot í Biskupstungum. Þetta er með öllu tilhæfulaust. Enginn kunnugur getur haldið slíku fram. Til þess er þeim einum trúandi, sem annaðhvort aldrei hafa komið í Skálholt, eða þá ekki komið þar í mörg ár. Mér er kunnugt um það, að í síðastliðin 10 ár hefir jörðin verið mjög vel setin. Þar hefir verið mikið unnið að jarðabótum og staðurinn húsaður vel. Það má vera, að háttv. þm. hafi með ummælum sínum átt við það, að kirkjan væri ekki blómleg og er nokkuð til í því. En hér við er það að athuga, að söknin er fámenn, enda hefir jafnvel komið til tals að leggja kirkjuna niður.

Eg hefi þá tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa, að staðurinn í Skálholti væri vel setinn og fyrirmyndar búskapur hjá báðum búendum þar.

ATKV.GR.:

Hin rökstudda dagskrá (A. 156) feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Björn Þorlákson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Benedikt Sveinsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.
	Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson S.-M. greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hl.

1. gr. frv. sþ. með 15 shlj. ötkv.

2. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 11. marz (A. 89).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 12 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Sjómannavátrygging.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909.

Fyrsta umr., 8. marz (A. 108).

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Um þetta frumv. er það að segja, að það er fram komið eftir áskorun ýmsra manna, bæði í mínu kjördæmi og víðar, sem lögin frá 30. júlí 1909 taka mest til. Í verstöðunum í Árnessýslu er almenn óánægja með þessi lög um vátrygging sjómanna.

Þetta frumvarp ræðir að eins um sjómenn, er stunda fiskiveiðar á vélarbátum og róðrarbátum, en raskar ekkert lögunum, þegar um þilskip er að ræða. Áskoranir frá verstöðunum í Árnessýslu og Snæfellsnessýslu, sem óska að lögunum sé breytt, liggja frammi á lestrarsalnum. Eg vænti þess, að deildin taki máli þessu vel og setji nefnd í það til þess að athuga það.

Óánægjan með lögin frá 30. júli 1909 er mjög almenn, og ekki að ástæðulausu. Fáist lögunum ekki breytt, óska kjósendur mínir, sem stunda sjó þar eystra, að þeir verði undanþegnir ákvæðum laganna. Eg skal líka geta þess, að í veiðistöðunum austanfjalls stendur sérstaklega á. Þar eiga sjómenn styrktarsjóði, sem eru orðnir allstórir og aukast árlega. Þessa sjóði hafa þeir mikinn hug á að efla og kosta kapps um að gera þá svo öfluga, að þeir geti útborgað jafnháan styrk og nú er ákveðinn í lögum um vátrygging sjómanna.

Annars skal eg geta þess, að það er víðar en í Árnessýslu og Snæfellsnessýslu, að menn eru óánægðir með lögin. Jafnvel hér í Reykjavík eru menn talsvert óánægðir með þau, og svo er sjálfsagt víðar.

Að lokum vil eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Stefán Stefánsson: Áður en gengið er til atkvæða, vildi eg mælast til, að flutningsm. (S. S.) gefi skýringar um það á hverju byggist, að farið er fram á svo gagngerðar breytingar á lögunum um vátrygging sjómanna, sem hér er gert. Er þeim það fyllilega ljóst, hvort sjóðurinn má við því, að færa vátryggingargjöldin niður nær því um $^{3}/_{5}$ hluta fyrir allan þann fjölda manna, sem er á vélarbátum og róðrarbátum kringum land alt. Og hvort hættan er þessum mun minni á bátum en skipum, að nemi $^{3}/_{5}$. Lögin hafa nú ekki staðið nema rúmlega eitt ár, svo reynslan er lítil fyrir því, að gjaldið sé of hátt, en á því hlýtur frumv. að byggja, að svo sé, þar sem það gerir ráð fyrir að eins 10 aura iðgjaldi frá hverjum skipverja vikulega, í stað þess að í lögunum eru það 18 aurar, og þess utan þá losar það útgerðarmann við alt vátryggingargjaldið, sem hann á nú að gjalda að þriðjungi á móts við skipverja, eða 6 aura fyrir hvern á viku.

Nú hefir sjóðurinn, sem stofnaður var með lögunum frá síðasta þingi, tekið við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðsins frá 10. nóv. 1903, og eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi getað aflað mér, þá hefir sjóðurinn síðustu 4 ár greitt í vátryggingarupphæðum 52,500 kr., skuldar lán út á vaxtabréf 3,500 kr., og auk þess hvíla á sjóðnum vátryggingarupphæðir, sem verða að greiðast á næstu árum, fullar 24,000 kr. En hrein eign sjóðsins nú mun vera sem næst 15,500 kr.

Eg sé því ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að færa vátryggingargjaldið niður, þegar maður lítur á hag sjóðsins. Að vísu er nokkur trygging fyrir því, að sjóðurinn geti enn greitt nokkrar vátryggingarupphæðir, því árstekjur hans nema talsverðri upphæð, og hrökkvi hann ekki til, leggur landssjóður fram það sem á vantar, alt að 15,000 kr. En það er hvorki hyggilegt að eyða upp sjóðnum eða nota lánsheimildina úr landssjóði, nema brýnustu nauðsyn beri til þess.

Eg hefi þá gert grein fyrir, hvernig málið horfir við í mínum augum, en máske flutningsmenn geti fært einhverja sennilega ástæðu fyrir því, að frumv. eigi að ganga fram; ef þeir geta það ekki, þá er frumv. ekki orð í tíma talað.

Þá er talað um lögskráning á vélar- og róðrarbáta, sem á sér engan stað, enda er hvorki sýslumönnum né hreppstjórum upp á lagt að lögskrá þessa báta, en hver á þá að gera það? Komi ekki fram nokkurn veginn sæmilegar ástæður fyrir breytingunni, vil eg að frumv. sé felt, því án þess tel eg ekki rétt að breyta lögunum eftir að eins eins árs reynslu.

Magnús Blöndahl: Eg get verið

stuttorður, því að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefir tekið fram hið helzta, sem eg ætlaði að segja. Eg get ekki séð, að ástæða sé til að færa tillagið svo niður, sem farið er fram á. Lögin hafa að eins staðið stutta stund, og þótt nokkur óánægja hafi verið með þau á stöku stað, þá er mér kunnugt, að hún hefir ekki verið almenn. Enda hafa sjómenn enga ástæðu til óánægju, ef tilgangur laganna frá 1909 er réttilega athugaður. Þvert á móti mættu þeir óska — og það munu margir þeirra gera — að tillögin yrðu hækkuð, svo að þeim kæmi sjóðurinn að betri notum.

Eg vil leyfa mér að beina þeirri spurning til háttv. flutnm., hvort leitað hafi verið álits sjóðsstjórnarinnar um það, hvort sjóðurinn þoli slíka lækkun? Það er nauðsynlegt að vita það, og yfir höfuð hefðu menn átt að afla sér greinilegra upplýsinga um alt ásigkomulag sjóðsins, áður en lagt var á stað með þetta frumv.

Eg mun ekki verða á móti, að nefnd verði skipuð í málið, þótt eg hins vegar ekki geti heitið frumv. stuðningi mínum.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal játa, að eg hefi ekki talað við sjóðsstjórnina né leitað mér upplýsinga hjá henni. Eg bjóst við, að nefnd yrði skipuð í málið og að hún svo annaðist um það. Eg hygg, að hagur sjóðsins sé eigi sem beztur, en eg vil benda á, að landssjóði er heimilt að lána sjóðnum, ef á þarf að halda. Annars vil eg ekki orðlengja um þetta mál frekar að sinni.

Gagnvart háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) verð eg að játa, að eg heyrði ekki glögt hvað hann sagði, vegna þess að annar maður var að tala við mig meðan hann hélt ræðu sína. En eg vona að hann verði kosinn í nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð í þetta mál, og fá um við þá tækifæri til að bera okkur saman.

ATKV.GR.

5 manna nefnd samþ. með 12 shlj. atkv., og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Magnús Blöndahl,
Bjarni Jónsson,
Pétur Jónsson.

1. umr. frestað.

I nefndinni var Sigurður Sigurðsson valinn formaður, en Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 108, n. 280, 301).

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Eg sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv. þetta, en vil geta þess, að einn af nefndarmönnunum, flutningsm. málsins, (S. S.), hefir ekki getað fylgst með okkur hinum, sem í nefndina voru skipaðir. Eins og nefndarálitið ber með sér, þótti meiri hl. nefndarinnar ógerlegt að breyta lögunum í það horf, sem frumv. fer fram á, þar sem lögin hafa gilt að eins rúmt ár, og reynslan því lítil orðin, en breytingarnar miða að því, að veikja þá tryggingu, sem lögin gefa, þar sem það fer fram á, að nema burt nær því $^{3}/_{5}$ af árlegum tekjum sjóðsins. Raunar leggur flutningsmaður nú til, að breyta þessari tillögu sinni lítið eitt, en eftir því, ætlast hann þó til, að þær lækki um helming. Nefndin getur ekki álitið þetta tiltækilegt. Hún skrifaði stjórn vátryggingarsjóðsins og spurðist fyrir um, hvort gerlegt mundi, að tryggingin næði yfir lengri tíma árs, en stjórnin svaraði á þá leið, að hún áliti óhyggilegt að breyta til í þá átt, fé sjóðsins væri svo lítið, að hann mætti ekki við miklum misfellum,

og þá alls ekki gera viðtækari ábyrgðarskylduna. Þetta var okkur nefndarmönnunum fullljóst áður, en okkur þótti samt réttara að fá umsögn sjóðsstjórnarinnar. Annars vil eg benda þeim mönnum á, sem eru að tala um þessi »geysiháu iðgjöld« til sjóðsins, að þau eru í eðli sínu alls ekki berandi saman við venjuleg líftryggingargjöld, þar sem greiðsla gjaldsins nær að eins yfir þann tima, sem hættan vofir mest yfir. Vilji menn t. d. athuga hag sjóðsins, ef til þess hefði komið, að hann hefði þurft að greiða vátryggingarupphæðir fyrir þá 57 menn, sem fyrir sérstaka heppni og tilviljun björguðust úr sjávarháska fyrir fáum dögum síðan, þá er það ljóst, að hann hefði ekki nándarnærri til þess hrokkið.

Eg mun svo ekki við þessa umr. minnast nánar á einstakar brtill. flutnm., mér mun gefast tækifæri til þess við 2. umr.

Framsm. minni hl. (Sigurður Sigurðsson): Eins og háttv. framsm. meiri hl. (St. St.) hefir tekið fram, klofnaði nefndin í þessu máli, og eg varð einn í minni hluta. Það mun því ekki þýða mikið fyrir mig að halda langa ræðu um þetta mál. Aðalástæða meirihlutans er sú, að lögin séu svo ung, að menn geti ekki ennþá vitað, hvernig þau muni reynast, og því sé varhugavert að breyta þeim þegar í stað. Eg get að vísu kannast við þetta, en því er hinsvegar ekki að leyna, að lögin hafa þegar vakið almenna óánægju. Gjaldið til sjóðsins þykir of hátt, og er það almenn krafa sjómanna, að það sé lækkað. Það er satt, að sjóðurinn er fátækur, og þolir það illa, en hins vegar kom öllum í nefndinni saman um, að ekki væri fært að auka útgjöld landssjóðs til hans. Um veiðistöðvarnar í Árnessýslu er það að segja, að þar hafa menn komið sér upp sérstökum tryggingarsjóðum, sem aukast árlega, og innan skamms verða færir um að inna sömu skyldur af hendi, sem vátryggingarsjóðurinn. Undanfarin ár hafa þeir greitt nokkra styrki til ekkna og vandamanna þeirra, sem farist hafa. Háttv. meiri hl. leggur það til, að frumv. sé felt; það þykir mér leitt, og til þess að bæta úr þeim göllum, sem nefndin hefir fundið á því, hefi eg komið fram með brtill. á þgskj. 301, um að hækka iðgjöldin o. fl. Eg vona, að menn hugsi sig um, áður en þeir fella frumv., því að óánægjan með það ástand sem er, á sér víðar stað en í Árnessýslu. Það er hægt að sýna það með skjölum og skilríkjum. Eg vona því, að frumv. fái að ganga til 2. umr., og að menn heldur komi fram með brt. við það, heldur en að fella það.

Sigurður Gunnarsson: Eg hafði leyft mér snemma á þessu þingi að flytja þetta frumv. ásamt með 2. þm. Árn. (S. S.) og þm. A.-Sk. (Þ. J.). Eg hafði fullkomna ástæðu til að bera fram frumv. sakir umkvartana sjómanna undir Jökli yfir lögunum frá 1909 um vátrygging sjómanna. Þykja þeim lögin ósanngjörn, enda er málum oft flýtt á þingi án nægilegrar athugunar, og virðist mér það hafa komið tilfinnanlega fram á þessu frumv. Kjósendur mínir vilja heldur láta nema lögin úr gildi, ef þau verða ekki endurbætt; því til sönnunar skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp skjal, undirritað af fjölda sjómanna bæði í Ólafsvík og á Hellissandi. Þar segir:

> »Það sem vér finnum lögum þessum til foráttu, er, að iðgjaldið er að voru áliti helmingi of hátt, samanborið við það, sem sjóðurinn borgar, ef slys ber að höndum, og sá, sem vátrygður er, fær, ef hann deyr á landi, ekkert úr lífsábyrgðarsjóðnum« o. s. frv.

Það kemur oft fyrir, þar sem brimasamt er, að sjómenn drukna í lendingum, aðrir komast að vísu lífs af, en deyja eftir einn sólarhring eða svo. Þessir menn, eða eftirkomendur þeirra fá ekkert. Þessu þarf að breyta. Sömuleiðis kemur oft fyrir, að bómu eða rá slær á menn, svo að þeir hljóta bana af. Þeirra eftirkomendur fá ekki heldur neitt. Skal eg í þessu sambandi leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr skjali frá sjómönnum í veiðistöðunum Keflavík og Sandi. Þar segir:

»Hér í veiðistöðunum, Sandi og Keflavík, munu það vera 20 menn, sem druknað hafa á síðastliðnum 20 árum, m. ö. o.: 1 maður á ári að meðaltali. Árleg iðgjöld mun óhætt að ætla 1000—1100 kr. héðan. Á 20 árum borgum við því 20—22 þús. kr. en fáum aftur 8000 kr. Ekki virðist ástæða til að ímynda sér að slysförum, fari fjölgandi með vaxandi menningu og varfærni í sjóferðum. Að þessu athuguðu hljóta allir að sjá, að iðgjaldið er mikið of hátt. Í öðru lagi er þetta umræddu iðgjald svo þungur skattur, ofan á alla hina mörgu skatta til almennings þarfa, að við teljum okkur ekki rísa undir honum. Reynslan sýnir oss, að sjósóknir hér eru afar stopular, og getum vér fullyrt, að ekki er komið á sjó hér oftar en einu sinni til tvisvar í viku á vetrinum að meðaltali. Fyrir það skal hver háseti greiða 18 aura um vikuna, hver bátseigandi $^1/_8$ hluta móti bátshöfninni. Nú er formaðurinn, sem venjulega telst eigandi bátsins, bláfátækur ómagamaður, jafnvel dæmi fyrir hendi, að hann þiggi sveitarstyrk. Hann skal greiða þetta gjald, hvernig sem ástæðurnar eru, og þótt verðið gefi lítið meira af sér en gjaldið sjálft, t. d. síðastliðinn vetur var róðið hér 6 róðrar frá 1. febrúar til 1. apríl, og fiskirí mjög lítið«.

Þeir enda orð sín með því, eins og eg tók fram áðan, að betra sé að nema lögin alveg úr gildi, heldur en að breyta þeim ekki á þann veg, sem þeir greina og frumv. gerir ráð fyrir. Ennfremur er fundið að því, að orðatiltæki séu ónákvæm, t. d. má deila um það, hvað orðið vertíð þýði, en í frumv. okkar er því slegið föstu, að það skuli þýða sá tími, sem hver sjómaður er lögskráður til í hvert sinn.

Frumv. gerir ráð fyrir að færa iðgjaldið niður, og hygg eg, að það sé óhætt, hvað sem stjórn vátryggingarfélagsins segir, hún getur ekki staðhæft að sjóðurinn, með hjálp landssjóðs, þoli ekki niðurfærslu iðgjaldsins, en iðgjaldið eins og það er, er afarþungur skattur á fjölda fátækra manna, er flestir njóta aldrei neins úr sjóðnum, né þeirra niðjar.

Að öllu þessu athuguðu, vona eg að þingd. flani ekki að því að fella frumv.

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Þetta frv. er komið fram að mér virðist af því aðallega að iðgjaldið til vátryggingarsjóðsins þykir of hátt og óánægjan, sem háttv. þm. eru að tala um, að sé með lögin, stafi af því og jafnframt, að greiðsluskylda sjóðsins sé of takmörkuð. Hvað iðgjöldin til sjóðsins snerta, þá hefi eg drepið á afstöðu nefndarinnar, að hún lítur svo á, að með því að lækka þau að nokkrum mun, þá sé það til eyðileggingar fyrir sjóðinn.

Um óánægju manna með lögin, að því sem eg þekki til, þá hygg eg að mér sé óhætt að fullyrða, að allflestum sjómönnum við Eyjafjörð hafi lögin verið mjög kærkomin og jafnvel því kærari, sem þeir voru fátækari og höfðu þyngri fjölskyldu; get eg í því sambandi getið þess, að í vor sem leið fórst skip

með 12 mönnum af Eyjafirði, sem létu eftir sig sumir sárfátækar fjölskyldur og aftur aðrir örvasa foreldra, sem einasta sumir hverjir geta varist þess, að leita til sveitarinnar, af því að þeir fengu 100 kr. úr vátryggingarsjóðnum, og eiga vissu fyrir því, að fá þá upphæð um næstu 3 ár.

Eg er viss um það, að í mínu kjördæmi yrði megn óánægja, ef lögin yrðu afnumin, eg segi afnumin af því, að það væri sama sem að afnema þau, að samþykkja þetta frv., sem fer fram á að minka tekjur sjóðsins um helming. Eftir minni reynslu greiða menn gjöldin með glöðu geði, enda hafa Eyfirðingar engum óskum hreyft um það, að fá lækkuð gjöld til sjóðsins.

Þar sem háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að til væru líkir sjóðir í Árnessýslu, þá hefir það enga þýðingu gagnvart almennum lögum og engin ástæða í því að fara að undanskilja sérstök svæði þess vegna, því vart munu vátryggingarupphæðirnar þykja of háar, þegar slysin bera að höndum, þótt nokkru hærra sé greitt, en þær 400 kr., sem úr þessum sjóði ber að greiða.

Háttv. þm Snæf. (S. G.) var að tala um, að engin ákvæði væru um það, að aðstandendur þeirra manna, sem deyja af slysum á sjó, fengju vátryggingarstyrk. Væri slíkt ákvæði sett inn, þyrfti þá einnig að hækka iðgjöldin til sjóðsins að mun, en yrði þannig löguðu ákvæði bætt inn í lögin, hygg eg, að mjög vandlega þyrfti um það að búa til þess, að ekki gæti af því leitt misklíð og jafnvel málaferli. Það væri máske ástæða til, að ákveða enn ljósar, að lögin nái einnig til þeirra sjómanna, sem drukkna í lendingu. En eg verð nú að líta svo á, að vilji slíkt slys til á þeim tíma, sem maðurinn er vátrygður fyrir, þá sé ekkert efamál, að sjóðnum beri að greiða vátryggingarfé hans vegna.

Eg ræð háttv. þingd. til að fella frv. og get ekki séð, að það sé til nokkurra bóta, nema því að eins, að landssjóður verði látinn leggja í sjóðinn talsverða upphæð árlega, eða þá að öðrum kosti að vátryggingarupphæðirnar úr sjóðnum verði lækkaðar að mun; en það sýnist mér hvort á sinn hátt misráðið.

Sigurður Gunnarsson: Mig furðar á háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Hann talaði eins og væri eg á móti lögunum í heild sinni. Eg mæli alls ekki á móti stefnu laganna, en vil að eins láta lagfæra þau. Eg færði það til, að iðgjaldið væri of hátt í hlutfalli við það, sem skyldulið druknaðra fær. Sömuleiðis mintist eg á ónákvæmt orðalag, t. d. hverja báta í raun og veru væri átt við í lögunum, orðið »vertíð« o. fl., og er nauðsynlegt að fyrirbyggja misskilning um slíkt.

Það er ennfremur í svo nánu sambandi við druknanir, er menn farast af sjóslysum eða drukna í lendingu, að sanngjarnt er að láta styrkinn ná til þeirra manna eða aðstandenda þeirra.

Eg endurtek það, þrátt fyrir öll ummæli háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) að mjög ósanngjarnt er, að ráða ekki bót á þessu.

Skúli Thoroddsen: Eg tek undir það með háttv. þm. Snæf. (S. G.), að það væri illa farið, ef frv. væri felt frá 2. umr. Mér er kunnugt, að lögin þykja ósanngjörn og hafði eg hugsað mér að koma með brtill. við frv. til 2. umr., en hefi ekki haft tíma til að athuga málið til hlítar. Á fundi í Norður-Ísafjarðarsýslu óskuðu menn breytinga á lögunum og svo mun víðar vera.

Eg mæli því með því, að frv. gangi til 2. umr.

Bjarni Jónsson: Eg sé ekki, að

lögin þurfi umbóta og því var eg samþykkur meiri hluta nefndarinnar. Það eina, sem meðhaldsmenn þess hafa til síns máls er, að lögin eru sumstaðar óskýr, svo sem hvort fjölskyldur þeirra, sem í lendingu drukna, skuli fá vátryggingarféð. Því væri ekki ástæðulaust að orða frv. upp, og eg vil ekki vera meinsmaður þess, að því sé vísað til 2. umr. þótt eg sé andvígur því, að iðgjaldið verði lækkað og vátryggingarfé veitt öðrum fjölskyldum en þeirra manna, sem farast af slysum á sjó, eða við vinnu, sem er í beinu sambandi við atvinnu sjómannsins.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 : 5 atkv.

Önnur umr., 19. apríl (A. 108, n. 280, 301, 547).

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Það hefir ekki verið kallaður saman fundur í nefndinni til að ræða þær brtill., sem fram hafa komið, en þrátt fyrir það þykist eg geta mælt það fyrir munn meiri hluta nefndarinnar, að hann sé mótfallinn þeim öllum. Aðaltilgangur frv. var að lækka iðgjöldin; það fer fram á, að þau verði lækkuð úr 24 aurum á viku niður í 10 aura.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir komið með brtill. um að lækka gjaldið um heldming, úr 24 aurum niður í 12 aur.

Loks hefir hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagt til að færa gjaldið niður um $^1/_4$ úr 24 aur. niður í 15+3 a., eða með öðrum orðum, að hver sjómaður greiði 15 aur. um hverja viku, sem hann er lögskráður og útgerðarmaður 3 aura vikulega fyrir hvern skipverja.

Allar þessar brtill. miða að því að eyðileggja sjóðinn eða girða fyrir það, að þessi nytsemdarstofnun komi að nokkrum verulegum notum.

Eg skal svo ekki fara nánara út í þessar brtill., fyr en flutningsm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim. En það er fyrirsjáanlegt, að ef þessar brtill. verða samþyktar, verður afleiðingin sú, sem eg hefi bent á.

Í sambandi við það, vil eg minnast á hvernig hagur sjóðsins hefir staðið síðastliðið ár. Þá druknuðu vátrygðir 52 menn og kostar það sjóðinn 20800 kr., en tekjur hans í greiddum iðgjöldum voru að eins 13918 kr. Tekjuhalli því 6882 kr. Væri nú hætt að vátryggja, og sjóðurlnn ætti að greiða hinar áföllnu vátryggingarupphæðir, ætti hann ekki nærri því til fyrir því og yrði þá landssjóður að hlaupa undir bagga og láta af hendi í það minsta 10—20 þúsund kr. Auðvitað er ekki hægt að segja um þetta nákvæmlega, af því að yfirstandandi ár er enn ekki komið til sögunnar, hvorki að því, er tekjur eða gjöld snertir. En við síðustu árslok voru í sjóði rúm 11 þús. kr., en áhvílandi vátryggingargjöld voru þá tæp 30 þúsund kr., sem sjóðnum er skylt að greiða. Af þessu sést, að sjóðurinn verður á ári hverju að nota þau iðgjöld, sem þá koma inn til greiðslu á eldri vátryggingargjöldum og getur hann á þann hátt komist af, en þó því að eins, að hann fái ekki stór mannskaðaár, að minsta kosti eigi í bráð. Þótt nú landssjóður eigi samkvæmt lögum sjóðsins að leggja fram 15 þús. kr., þá er ekki meiningin að grípa til þess fjár nema brýn nauðsyn beri til. Og þegar nú sjóðurinn vart fær risið undir útgjöldunum með þeim iðgjöldum, sem eru, þá er það bersýnilegt, að hverju það stefnir að lækka iðgjöldin. Þeim, sem nota sjóðinn, mundi því síður en svo vera kært að þessar brtill. næðu fram að ganga.

Skal eg svo ekki að þessu sinni fara lengra út í málið, enda tel eg víst, að bæði flutningsm. frumv. og þeir háttv.

þingm., sem flytja breytingartillögur, biðji um orðið og gefst mér þá kostur á að heyra, mæli eitthvað sérstakt með breytingu á lögunum.

Framsögum. minni hl. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal geta þess, út af ummælum framsögum. meiri hlutans (St. St.), að eg hugði, að það hefði enga þýðingu að kalla saman fund, þar sem meiri hluti nefndarinnar hafði lýst yfir því, að hann væri mótfallinn breyt.till minum á þgskj. 301.

Þær miða allar að því, að bæta úr þeim göllum, sem nefndinni þóttu vera á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til, að iðgjaldið sé fært úr 10 aurum upp í 12 aura. Í öðru lagi eru skýrð orðatiltæki frumv., sem vafi getur leikið á, eins og orðið »vertíð«. Það getur verið mjög mismunandi á ýmsum stöðum og héruðum, bæði hvað vertíðir eru langar og hvað þær eru margar. En nú legg eg það til, að »vertíð« sé sá tími, sem sjómaður er ráðinn í skiprúm í hvert sinn. Venjulega er hver sjómaður ráðinn alla vertíðina, hvort sem hún er stutt eða löng.

Ákvæði 2. greinar frv., um lögskráning háseta á róðrarbátum, hefi eg lagt til að fella burt, vegna þess að mér hefir verið bent á, að hásetar séu ekki lögskráðir á báta, heldur sendi formaður skýrslu um tölu þeirra.

Loks hefi eg lagt til, að vátryggingarféð sé einnig greitt eftirkomendum þeirra manna, sem deyja af slysförum, er orsakast af atvinnurekstrinum á útveginum.

Eftir núgildandi lögum er vafasamt, hvort eftirkomendur þeirra manna, sem deyja af slysum við atvinnureksturinn, t. d. á meðan þeir flytja fisk úr skipum í land, geti fengið styrkinn.

Eftir því sem nú var sagt, vona eg, að menn sjái, að breyt.till. mínar miða að því, að bæta frumv.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir komið með breyt.till. á þgskj. 547, sem ganga í þá átt, að færa frumv. nær núgildandi lögum, og eru þannig aðgengilegri fyrir þá, sem eru á móti frv. Eg þykist vita, að háttv. þm. N.-Ísf. muni gera grein fyrir breyt.till. sínum, og vænti eg þess, að háttv. þingdeild samþykki þær, ef hún aðhyllist ekki mínar tillögur.

Frá mínu sjónarmiði er bót í allri lækkun á iðgjöldunum. Eg skal ekki bera brigður á það, sem háttv. framsögum. meiri hl. (St. St.) sagði, að hagur sjóðsins væri ekki góður. En brt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fara svo skamt, að það getur ekki munað miklu fyrir sjóðinn. En einstöku menn getur munað mikið um það. Eins og skjöl, sem lögð hafa verið fyrir þingið, bera með sér, eru sjómenn mjög óánægðir með lögin. Það eru þeir, sem bera þetta gjald, og finna bezt hvar skórinn kreppir. Í verstöðunum í Árnessýslu, þar sem óánægjan út af þessu er einna ríkust, hafa menn þótst geta reiknað út eftir reynslu undanfarinna ára um slys, sem þar hafa orðið, að það væri nóg að hafa iðgjaldið 10—12 aura. Þessi óánægja þeirra er líka sprottin af því, að þeir hafa sjálfir sjóði, sem miða að hinu sama, og er eðlilegt, að þeim þyki ilt að þurfa að greiða tvöfalt gjald.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi leyft mér að koma með breyt.till. við þetta frumvarp samkvæmt óskum sjómanna í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þótt þar sé óánægja út af því, hve gjaldið er hátt, þá er það ekki aðalatriðið, heldur hitt, að í lögunum 30. júlí 1909 eru ýms ákvæði, er menn geta ekki felt sig við, einkum ákvæðið um það, að sjómenn geti ekki fengið styrk, eða eftirkomendur þeirra, sem ekki hafa að minsta kosti stundað sjó eina vertíð eða lengur. Það kemur oft fyrir, að menn stunda sjó

skemur, og því hefi eg komið með brt. um það, að skylt sé að vátryggja líf sjómanna, sem stunda sjó í viku eða lengur. Ennfremur stendur í lögunum frá 1909, að bátarnir þurfi að vera fjórrónir. Engu síður er ástæða til að tryggja tvíróna báta, sem mjög tíðkast á vorin um Ísafjarðardjúp og máske víðar, og því hefi eg komið með brt.till. um það. Hjá útgerðarmönnum hefir gjaldið einnig þótt hátt, og hefi eg lagt til að lækka það um helming. Óánægja hefir líka verið um það, hve lágt innheimtugjald hreppstjórar fá. Eg hefi því lagt til að hækka það upp í 4% og að skrásetningarstjóri fái ennfremur 2% fyrir að koma gjaldinu áleiðis.

Gagnvart ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans (St. St.) skal eg taka það fram, að frá mínu sjónarmiði á sjóðurinn ekki að græða á þessu. Sem betur fer, eru drukknanir sjaldgæfar og fjöldi manna greiðir í sjóðinn án þess að njóta hans nokkurn tíma. Og þótt svo væri að sjóðurinn tapaði, þá álít eg réttara að landsjóður leggi til hans. Í lögunum frá 1909 er gert ráð fyrir, að landsjóður hlaupi undir bagga með sjóðnum og láni honum 15 þús. kr., er sjóðurinn borgi síðar meir. Mér þykir full ástæða til þess að leggi fé til sjóðsins, annað hvort í eitt skifti fyrir öll, eða árlega, til þess að iðgjöldin geti lækkað, og sjóðurinn þó staðið í skilum þrátt fyrir það.

Sigurður Gunnarsson: Mér skildist á ræðu háttv. framsögum. meiri hl. (St. St.), að hann liti svo á, að allar breyt.till., sem fram hafa komið, miðuðu að því að eyðileggja vátryggingarsjóðinn, eða að minsta kosti girða fyrir að sú nytsemdarstofnun geti komið að fullum notum. Þetta hygg eg vera ofmælt. Raunar las hann upp skýrslu um sjóð:nn um það eina ár, sem hann hefir starfað, og gat þess, að sjóðurinn hefði beðið tekjuhalla. Mér kemur ekki til hugar að vefengja það, að þessi skýrsla sé rétt. En eg vil benda á það, að til þess heimila lögin 1909 sjóðinum fé úr landssjóði, að grípa megi til þess, ef nauðsyn er, þótt betra sé, ef kostur er, að láta það ónotað.

Ennfremur vil eg geta þess, að þótt hann gæti um slysfarirnar þetta eina ár, þá átti hann eftir að sýna, hvert meðaltal er í manndauða á sjó, einmitt á því ári. Eg gat þess í ræðu minni um daginn, eftir skýrslu sjómanna undir Jökli, að eftir reynslu manna þar í 20 ár, mundi upphæðin, sem þeir hefðu orðið að gjalda í sjóðinn, ef hann hefði verið til öll þau ár, nema 22 þús. kr., en í þess stað fengið á móti 8—9000 kr., og það væri sannarlega óþarflega mikill gróði fyrir sjóðinn.

Eg heyri á háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að svipuð sé reynsla manna í hinum miklu veiðistöðum í Árnessýslu.

Af framangreindum ástæðum get eg ekki annað ætlað, en óhætt sé að færa niður iðgjöldin til sjóðsins. Eg mun því hallast að breyt.till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), láta mér hana nægja, úr því hin komst ekki að og að sjálfsögðu, ef þær ná ekki fram að ganga, að breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um að færa iðgjaldið niður úr 18 aurum í 15 aura fyrir háseta og úr 6 aurum niður í 3 aura fyrir útgerðarmenn, ef till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) fellur.

En auk þessa atriðis, að eg álít óhætt að færa niður iðgjöldin, skal eg benda á það, þótt eg viðurkenni að lögin frá 1909 horfi í rétta átt, að í nefndarálitinu stendur, að ekki séu öll ákvæði laganna vel ljós, þótt nefndin vilji nú ekki fallast á neinar breyt.till., jafnvel ekki þær, sem miða að því að skýra frumvarpið. Það hefði þó mátt ætla, að vert hefði verið að skýra t. d. orðið »vertíð, það er er ekki neitt »juridisk

Begreb«, ef svo má að orði kveða, og hefði ekki verið úr vegi að slá því föstu, hvað með því er meint. Eg hefi heyrt það á sýslumanninum í Snæfellsnessýslu, að honum hefir þótt erfitt að úrskurða, hvað rétt væri í þessu efni, svo og um heiti bátanna, eins og eg hefi margbent á. Ennfremur segir nefndin í niðurlagi nefnarálitsins, að ákveðin stærð bátsins mundi vera betri skýring á því til hverra báta lögin næði. En alt um það vill nefndin þó ekki hallast að breytingum á lögunum, sem miða í þessa átt. Þetta er harla undarlegt.

Eg legg mikið upp úr þeirri brt.till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að eftirkomendur þeirra manna, sem farast af slysförum, sem beint standa í sambandi við útveginn, geti orðið styrks aðnjótandi. T. d. eru víða svo illar lendingar, að það væri hart, ef þeir, sem svo farast, gætu eigi heimfærst undir lögin.

Af greindum ástæðum hallast eg að breyt.till. á þgskj. 301 eða 547, ef þær hljóta meiri náð fyrir augum þingdeildarinnar, og vona eg, að deildin verði líknsamari eða sanngjarnari í atkv.gr. sinni um málið, heldur en mér finst háttv. framsögum. (St. St.) vera í ræðum sínum.

Framsögum. meiri hl. (Stefán Stefánsson): Allar ræður manna hafa lotið að því, hve iðgjöldin til sjóðsins séu ósanngjarnlega há. En menn gá ekki að því, að þessi gjöld geta ekki miðast við venjuleg iðgjöld. Ef menn vátrygðu sig alt árið, þá væru iðgjöldin ekki eins há vikulega og þegar menn menn tryggja sig eða greiða gjald að eins þann tímann, sem menn eru á sjónum; þetta hlýtur mönnum að geta skilist, þó það komi ekki fram í umræðunum. Og eigi vátrygging að geta átt sér stað, þá mega iðgjöldin ekki vera lægri en er, eftir þeirri reynslu, sem menn hafa í þessu efni, eigi vátryggingarsjóðurinn að geta borið sig, nema mönnum sýnist, að landsjóður greiði árlega nokkrar þúsundir króna til vátryggingannna, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir stungið uppá. En nú er »principið« það, að sjóðurinn beri sig, og landssjóður hlaupi ekki undir bagga, nema stórtjón beri að höndum og það að eins til bráðabirgða, eða sem lán.

1. breyt.till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, að sama gjald sé tekið af þeim sem ráðnir eru á tvíróna báta, er eg mótfallinn. Eg veit ekki til, að menn séu ráðnir á tvíróna báta, nema dag og dag, en ekki fastákveðnar vertíðir, að minsta kosti er það þannig við Eyjafjörð. Slys vilja heldur varla til á tvírónum bátum, því menn róa þeim ekki nema í góðu veðri og þá venjulegast örstutt fram fyrir landsteinana, svo menn geta strax skotist í land, ef eitthvað versnar í veðri. Þess vegna tel eg enga nauðsyn á, að þeir menn séu háðir sömu skyldu, og þeir, sem eru á skipum, eða stærri bátum, enda ekki að öllu leyti sanngjarnt, þegar um enga stöðuga vertíð er að tala. Um það má máske deila, hvort lækka eigi tillag útgerðareigenda eða ekki. Eg veit til þess, að í Eyjafirði er það þannig, að ekki er síður sóst eftir sjómönnum á skip eða báta úthaldseigenda, en sjómenn sækjast eftir að fá skiprúm hjá útgerðarmönnum. Og sé þetta það almenna, þá verð eg að líta svo á, að öll sanngirni mæli með því ákvæði í lögum um vátrygging sjómanna, að úthaldseigandi taki þátt í vátryggingargjaldinu að $^1/_4$ hluta.

Þá hefir verið farið fram á að hafa innheimtulaun á iðgjöldunum hærri en 2% svo sem nú er. Til þessa er því einu að svara, að mér er ekki kunnugt

um, að nokkur hafi óskað eftir, að þau væru hækkuð. Sjóðurinn er enn þá lítill og þarf að vaxa, og mér finst, að nægur tími sé að hækka innheimtulaunin, þegar sýslumenn og hreppstjórar, eða þeir aðrir, sem kunna að hafa innheimtuna á hendi, óska þess. Alment er ekki mikil fyrirhöfn að heimta inn iðgjöldin.

Ef menn, þrátt fyrir þær fjárhagsástæður sjóðsins, sem eg hefi gert nokkurn veginn ljósa grein fyrir, þykjast vera sannfærðir um að vátryggingargjaldið sé of hátt, þá ættu þeir hinir sömu menn heldur að leggja til að hækka vátryggingarupphæðina, sem útborguð er af sjóðnum. Segjum t. d. 100 kr. á á ári í 6 ár. En sem sagt, bæði lækkun iðgjalda og hækkun vátryggingarupphæða, er að mínu áliti jafn óhugsandi, eins og nú til hagar. Að fara að láta landssjóð leggja fram nokkrar þúsundir árlega, tel eg svo óheilbrigða pólitík, að slíkt geti alls ekki komið til greina.

Skal eg svo ekki fleiri orðum um þetta mál fara, en vænti þess, að bæði breytingartillögurnar og frumv. verði fellt.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 547 við 1. gr. feld með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 301 við 1. gr. feld með 13 : 6 atkv.

1. gr. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Ólafur Briem,	Björn Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Björn Kristjánsson,
Sig. Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Skúli Thoroddsen.	Hannes Hafstein,
Þorleifur Jónsson.	Hálfd. Guðjónsson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson.
	Stefán Stefánsson.

Benedikt Sveinsson var ekki viðstaddur.

Frumvarpið þar með fallið.

Prestakallaskipun.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla.

Fyrsta umr., 10. marz. (A. 122).

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson: Frumvarp þetta er, eins og háttv. þingmenn þekkja, gamalkunnugt hér í háttv. deild. Var það til umræðu hér á síðasta þingi og málið þá sett í nefnd, en vegna þess, að ýmsir háttv. þingmenn dembdu inn í nefndina samskonar frumvörpum úr ýmsum áttum lands, varð niðurstaðan sú, að málið varð ekki útrætt. Auk þess voru margir þingmenn öllum slíkum frumvörpum andvígir, og báru aðallega við auknum útgjöldum fyrir landssjóð.

Það mun, ef til vill, þykja dirfska af mér að koma fram með frumvarp þetta enn á ný, en sú dirfska er sprottin af því, að traust mitt á sanngirni háttv. deildar er svo mikið. Eg vona, að háttv. þingmenn muni átta sig og sjá, að krafa hlutaðeigandi safnaða er einkar sanngjörn, og því í alla staði vert, að styðja hana, en fella ekki.

Ástæðurnar fyrir frumvarpinu eru háttv. þm. kunnar frá síðasta þingi og því óþarft að fjölyrða um þær að sinni. Eg vil að eins taka það enn fram, eins

og 1909, að prestakall það, er hér ræðir um, mundi verða eitt hið erfiðasta hér á landi og því ekki rétt að setja fyrir sig dálítinn útgjaldaauka. Millíþinganefnd sú, er sat á rökstólum, áður en prestakallalögin öðluðust gildi, réði alls ekki til sameiningar Staðastaðar- og Miklaholtsprestakalla, en þingið 1907 komst því miður að þeirri niðurstöðu, að svo skyldi gert, og er eg hræddur um, að það hafi verið sprottið af ókunnugleika, eða að öðrum kosti fljótræðisverk. Vona eg nú svo góðs til háttv. deildar, að hún leyfi málinu í nefnd, og vil eg, að umræðu lokinni, stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Jónsson 1. þm. S.-M.: Eg er hræddur um að hv. flutnm. (S. G.) þyki eg ekki réttlátari nú en í hitt eð fyrra, þar sem eg álít það algerlega ótímabært að koma nú fram með þetta frv. Prestakallalögin eru ekki gömul og því ástæðulaust að breyta þeim, áður en vissa er fyrir, hvernig þau reynast. En ef fjölgað er prestaköllum á ný á einum stað, munu margir koma á eftir og heimta, að einnig sé fjölgað prestum hjá sér, og eftir þekking þeirri, sem eg hefi í þessu efni — og hún er talsverð, sökum kunnugleika míns á flestum stöðum landsins — þá er ástæða til prestakallafjölgunar á Snæfellsnesi miklu minni en víða annarsstaðar. Eg skal t. d. benda á Austurland. Þar eru prestaköllin mörg afarstór og erfið yfirferðar. Má nefna sem dæmi, að einni kirkjusókn þar, Kirkjubæjarsókn í Hróarstungu, er skift í þrent, þar sem stórvötnin Lagarfljót og Jökulsá renna bæði gegnum sóknina.

Háttv. flutnm. (S. G.) sagði, að prestakallalögunum hefði verið flaustrað af 1907. En þetta er ekki rétt. Eg hefi aldrei verið í neinni nefnd, er betur hefir starfað en nefnd sú, er hafði lög þessi til meðferðar í neðri deild. Þar voru samankomnir menn, er þektu allvel til staðhátta um land alt og nefndin hélt oft 2—3 fundi á dag.

Eg álít, að frv. þetta eigi að falla. En ef það mót von minni skyldi verða samþykt, álít eg mér skylt, vegna kjósenda minna, að koma fram með frumv. um ný prestaköll, samkvæmt rökstuddum óskum kjósenda minna, eitt eða fleira í mínu kjördæmi. Eg býst varla við, að háttv. flutnm. (S. G.) taki frumv. aftur. En verði það ekki felt nú þegar, óska eg að það verði sett í nefnd og vona þá, að hún láti það ekki komast út úr þinginu.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Eg held að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hafi talað af sér, þar sem hann sagði, að hann mundi ekki verða réttlátari nú en á síðasta þingi. Eg hygg að hann hafi gert of lítið úr sér, því að eg ætla að honum geti altaf farið fram í réttlæti.

Háttv. þm. sagði, að ekki væri fengin reynsla fyrir prestakallalögunum, þar eð þau væru svo ung. Þetta getur vel verið alment talað. En að því er kemur til þessarar prestakallasamsteypu, geta kunnugir með vissu sagt fyrirfram, að hún mundi reynast allsendis óhæf. Það mun reynast ofætlun fyrir einn mann að þjóna slíku prestakalli og jafn mikil fjarstæða, að þær 5 söknir, er hér ræðir um, gætu haft prestsins nein veruleg not. Þetta *hljóta* allir að játa, sem *vilja* kynna sér, hvílík vegalengdin er vestan frá Arnarstapa suður í Hnappadalsbotn, með öllum þeim torfærum, sem á þeirri leið eru, einkum að vetrarlagi.

Háttv. þm. talaði um prestakall á Austfjörðum, þar sem Lagarfljót skiftir sóknum. Þar þekki eg mjög vel til og get sagt háttv. þm., að Lagarfljót er engin sérleg torfæra.

Fyrst er þess að geta, að ferjustaðir

eru víða á Lagarfljóti, þar sem það er nálega straumlaust, og þar næst má benda á, að tryggur ís er á því venjulega alla vetur. En þverárnar á Snæfellsnesi, þótt miklu vatnsminni séu, eru straumharðar, bólgna þráfaldlega upp og þá hvorki reiðar né gengar.

Sami háttv. þm. mótmælti því, að prestakallalögunum hafi verið flaustrað af á þinginu 1907, en eg verð að halda fast við þá skoðun mína, að í þessu atriði, er hér ræðir um, hafi þinginu illa missést.

Eg vil ekki taka frv. aftur; til þess er engin ástæða, þar sem hér er um mjög sanngjarnt mál að ræða. Frv. er komið fram samkvæmt margítrekuðum tilmælum og óskum safnaðanna, meðmælum héraðsfunda, þingmálafunda og biskups. Eg vona, að háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún skellir skolleyrum við þessu máli. Eg þekki svo vel til þessara eindregnu óska, að eg tel ekkert líklegra, en að söfnuðirnir sjái sig neydda til að ganga úr þjóðkirkjunni, ef endilega á að neyða upp á þá þessari óhæfilegu samsteypu. Eg endurtek ósk mína um nefnd í málið.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Eg er háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) samdóma um, að rétt hafi verið að fella frumv. þetta á síðasta þingi. Meiri hluti nefndar þeirrar, er þá hafði málið til meðferðar bjóst við, að stjórnin mundi leggja frv. fyrir næsta þing, en það hefir hún ekki gert. Stjórnin hefir gert rétt í þessu, enda mun hún ekki hafa séð sér það fært. Eg hygg, að þingið 1907 hefði ekki samþykt prestakallalögin, ef prestunum hefði ekki verið fækkað. Það væri því á móti stefnu þings og þjóðar, að fara að fjölga þeim nú. Það getur vel verið að ástæða sé til að fjölga prestum á einstöku stað, en það er ekki hægt að taka tillit til þess. Og yrði eitt slíkt frv. samþykt, mundu fleiri koma á eftir. Margir prestar hafa yfirleitt lítið að starfa og gætu því gert miklu meira. Það er því engin ástæða til að fjölga þeim.

Eg sting upp á því, að háttv. flutningsm. (S. G.) taki frv. aftur. Það er árangurslaust að skipa nefnd í það, því eg get ekki skilið, að það nái fram að ganga.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Eg heyri að háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) er mér mótfallinn í þessu máli. Hann sagði, að síðasta þing hefði búist við, að stjórnin mundi leggja frv. fyrir næsta þing, en að hún hefði ekki gert það. En eg legg ekki mikið upp úr því, að stjórnin gerði það ekki, þar sem þingið hafði skilið við frv., eins og það gerði. Háttv. þm. sagði einnig, að það væri öfugt að fjölga prestum nú, þar sem stefnan hefði áður verið að fækka þeim. Eg fer alls ekki fram á að prestum verði fjölgað yfirleitt, heldur að eins það, að þingið kippi í lag þeim göllunum, sem allra lakastir eru.

Háttv. þingm. þótti harðleikið af mér, að flytja þetta frv. enn á ný. En má eg spyrja? Er það ekki harðleikið, að gera söfnuðum þeim, er hér eiga í hlut nálega ómögulegt að nota prest sinn? Það er þetta, er vakir fyrir mér og þess vegna álít eg frumv. á fullum rökum bygt.

Sigurður Sigurðsson: Á síðasta þingi var eg samflutningsmaður háttv. þm. Snæf. (S. G.) að frumvarpi svipuðu þessu, en nefndin, sem þá var skipuð í málið, klofnaði. Var þá engin von um, að frumv. kæmist í gegnum þingið, en augsýnilegt, að ótal tillögur mundu koma á þinginu um að skifta prestaköllum og alt þannig komast í glundroða. Eg hygg nú, að afstaða deildarinnar sé óbreytt í þessu máli, síðan á síðasta þingi, og undrar mig því, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) skuli flytja þetta frumv. Það mun

áreiðanlega reynast árangurslaust. En ef svo ólíklega kynni að fara, að samþykt yrði að láta frumv. ganga til 2. umræðu, þá er eg siðferðislega skyldugur til að verða við áskorun þeirri, sem eg hefi fengið úr kjördæmi minu, um að Selvogur sé gerður að sérstöku prestakalli, og koma fram með breyt.till. þar að lútandi.

Flutnm. (Sigurður Gunnarsson): Undirtektir hins háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) í þessu máli, koma mér nokkuð á óvart. Það er auðvitað alveg satt, að á síðasta þingi var svo mörgum frv. þess efnis hrúgað inn á þingið, að það varð einnig þeim frumv., sem réttmæt voru, að bana. Eg þykist geta fullyrt, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé svo nauðsynlegt, að sjálfsagt sé, að það fái góðan byr hér í deildinni, og þar sem hv. þm. talaði um viðlíka kröfu úr Árnessýslu, þá vita allir, hversu ólíkt háttar til í Snæfellsnessýslu og Árnessýslu, að þess leyti. Háttv. þm. talaði um þá djörfung mína, að eg hefði flutt þetta frv., en eg get látið hann vita, að meira þarf til að hræða mig, en stór orð og digurbarkaleg, og það tel eg meiri djörfung að sitja söfnuðum í ljósi fyrir réttmætum kröfum.

ATKV.GR.:

Stungið var upp á 5 manna nefnd, en með því að atkvæðagreiðsla var óljós, var viðhaft nafnakall, og var nefndarskipun feld með 12 : 12 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Ólafsson,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Þvínæst var frv. felt frá 2. umr. með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfd. Guðjónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sigurður Sigurðsson.
	Stefán Stefánsson.

Kosningarréttur og kjörgengi.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppafélaga.

Fyrsta umr., 14. marz (A. 159).

Flutnm. (Björn Þorláksson): Svo sem mönnum er kunnugt, lá hér fyrir fáum dögum fyrir deildinni frv. um rétt kvenna til námsstyrks og embætta og var því vel tekið við 1. umr. og fór nefndarlaust til 2. umræðu; það voru víst að eins einir 2 háttv. þm., sem greiddu atkv. móti því. Í frumv. þessu var mælt svo fyrir, að konur ættu að hafa allar hinar sömu skyldur, sem karlmenn, er að embættisrekstri lyti, og þótti mér það eðlilegt ákvæði. Í frv. því, er nú liggur fyrir deildinni, er stefnt í sömu átt. Samkvæmt gildandi lögum, hafa konur rétt til að skorast

undan kosning í hreppsnefndir og bæjarstjórnir. En allar slíkar undanþágur tel eg óheppilegar, því að öllum réttindum eiga jafnan að fylgja skyldur, annars kemur fram misrétti; konur eru því nú rétthærri en karlmenn, og er það ósanngjarnt. Eg er því sannfærður um, að allir þeir, sem eru kvenréttindamálinu mótfallnir, hljóta að vera samþykkir því, að slíkt ákvæði falli í burtu. En frá sjónarmiði þeirra, sem vilja styðja að auknum kvenréttindum, er það og mjög óeðlilegt og óheppilegt, að þessi undanþága haldist, því að hún miðar ekki til þess að auka skyldutilfinning kvenna, né gera þær hæfari til þess að taka þátt í opinberum málum. Eg minnist þess, að þegar sveitarstjórnarlögin gengu í gildi fyrir 40 árum, og hreppsnefndir komu í stað hreppstjóranna, sem áður voru, þá var mörgum illa við þetta nýmæli, og reyndu að smeygja sér hjá því að komast í hreppsnefnd, með því að láta unga syni sína, sem voru innan 25 ára, taka við búi. Á þann hátt völdust lakari menn í hreppsnefndir, en ella mundi orðið hafa. Eg lít nú svo á, að svipaðar afleiðingar muni verða af hinu umrædda ákvæði gildandi laga, nefnilega að margar konur, — og það jafnvel hinar beztu konur, — muni nota sér réttinn til að skorast undan kosningu, en í þeirra stað mundu svo komast að þær, sem framgjarnari eru og meira hafa sjálfstraust. En framgirni og sjálfstraust er engin trygging fyrir hæfileikum manna, hvorki kvenna né karla. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem efla vilja kvenfrelsið, er því sjálfsagt að fella þetta ákvæði úr gildi. Það er mikils um vert, að konur fái sem fyrst það orð á sig, að þær séu hæfar til slíkra starfa, en þá verður að reisa skorður við því, að hinar beztu konur geti dregið sig í hlé; enda er mér kunnugt, að margar góðar konur líta svo á þetta mál. Skyldan á altaf að fylgja réttinum, þá verður tilfinningin fyrir ábyrgðinni miklu næmari. — Eg hygg, að þetta mál sé svo einfalt, að ekki þurfi að skipa nefnd í það, og vona að það geti gengið orðalaust og hljóðalaust til 2. umr.

Einar Jónsson: Það er frá mínu sjónarmiði ósannað, hvor okkar háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) sé meiri kvenfrelsismaður. Eg hygg, að við séum það báðir í góðu lagi, viljum kvenþjóðinni alt hið bezta. En því síður skil eg, að hann skuli koma fram með þetta frumv., einkum þar sem hann segir í öðru orðinu það, sem hann neitar í hinu. Í öðru orðinu segir hann, að ákvæði laganna frá 1909 sé *réttur* handa kvenfólkinu, en í hinu, að með því sé kvenþjóðinni sýnd lítilsvirðing. Ef ákvæðið væri til lítilsvirðingar, væri sjálfsagt að afnema það. En ef álita má — og á þeirri skoðun er eg — að ákvæðið sé sett til að venja konur við þennan rétt sinn, meðan þær eru óframfærnar og feimnar að nota hann, þá á ákvæðið að standa. Auk þess veit eg ekki til, að komið hafi fram nokkur áskorun frá konum, um að fella ákvæðið burtu, og meðan mér er ókunnugt um það, mun eg greiða atkv. móti frumvarpinu.

Flutnm. (Björn Þorláksson): Mér virtist hv. 2. þm. Rang. (E. J.) misskilja orð mín. Eg sagði aldrei, að ákvæði laganna 1909 væri til lítilsvirðingar fyrir kvenþjóðina, heldur að það væri henni til skaða. Að þetta frumvarp kemur ekki frá konum, er ekki nema eðlilegt, þar sem engin kona á sæti í deildinni. En að eg ber frumv. fram, er að ósk margra kvenna, sem á þetta hafa minst við mig, enda álít eg, að hverjum rétti beri að fylgja skylda, og eigi beri að veita konum undanþágu í þessu efni.

ATKV.GR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkv.

Önnur umr., 16. marz (A. 159).
ATKV.GR.:
Frumv. sþ. með 13 : 4 atkv.
Fyrirsögnin sþ. með 15 shlj. atkv.
Málinu þvínæst vísað til 3. umr. með 15 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-Múl.,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson.
Jón Jónsson S.-M.	Þorleifur Jónsson.
Jón Þorkelsson.	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Þriðja umr., 18. marz (A. 159).
ATKV.GR.:
Frumv. sþ. með 14 : 5 atkv., og afgr. til Ed.

Póstsendingatollur.

FRUMVARP til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Fyrsta umr., 30. marz (A. 374).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Það er sama að segja um þetta mál, sem það er næst var á undan á dagskránni (farmgjald af aðfluttum vörum), að það hefir komið of seint inn á þing. Eg óska, að því verði einnig vísað til skattalaganefndarinnar og beint þaðan til 2. umr.

ATKV.GR.:
Samþykt í einu hljóði að leyfa að taka málið til umræðu.
Vísað til skattalaganefndar með öllum atkv.
Vísað til 2. umr. með öllum atkv.

Önnur umr., 21. apríl (A. 374, n. 643, 650).

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Jafnframt því sem meiri hluti skattanefndarinnar ber fram frumvarp um farmgjald, þá leggur hún til að lagt sé gjald á þann varning, sem til landsins flytst í pósti og ekki er tollskyldur að öðru leyti. Frumvarp þetta er fylgifiskur farmgjaldsfrumvarpsins, og má ganga að því vísu, að bæði frumvörpin sæti sömu örlögum á þinginu. Frumvarpið er sett til þess að varna því, að menn skjóti sér undan farmgjaldi með því að senda vörurnar í pósti og er því nauðsynlegt, að það nái fram að ganga jafnframt farmgjaldsfrumvarpinu.

Eins og frumvarpið liggur fyrir, þarf það nokkurra orðabreytinga. Við leggjum því til, að orðin »í landsjóð« falli burt, því að gjaldið rennur í póstsjóð en ekki landsjóð, þótt hvorttveggja komi í einn stað niður. Ennfremur, að í stað »póstkröfusendingar« komi »póstsendingar«.

Breytingar þessar eru svo sjálfsagðar, að ekki tekur að orðlengja um þær frekara.

ATKV.GR.:
Br.till. á þgskj. 643, 1. við 1. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
Br.till. á þgskj. 643, 2. við 1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
Br.till. á þgskj. 643, 3. við 1. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 643, 4. við 2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 643, 5. við 2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. gr. svo orðuð samþ. með 13 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 6 atkv.

Þriðja umr., 24. apríl (A. 697).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 12 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Tollvörugeymsla o. fl.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 53, 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

Fyrsta umr., 21. apríl (A. 651).

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg hefi leyft mér að koma með þetta stutta frumvarp, af því ekki er leyfilegt að flytja vín til landsins lengur en til loka þessa árs. Eins og nú stendur, þá má ekki dragast að greiða tollinn lengur en eitt ár. Það væri því mikill óhagnaður fyrir kaupmenn, sem þurfa að flytja inn vín nú fyrir árslokin að verða að hafa greitt tollinn af öllum sínum 3 ára birgðum fyrir árslok 1912. Þess vegna hafa ýmsir þeirra óskað þess, að frestur sá, sem veittur er í lögunum 1907 um tollvörugeymslu og tollfrest væri lengdur um eitt ár þannig, að fresturinn til tollgreiðslu á ölföngum væri 2 ár. Ef þetta er samþykt, þá hefðu kaupmenn enga örðugleika af því, þótt þeir yrðu að birgja sig upp með vín til 3 ára. Ef þessu yrði breytt með tollgreiðslufrestinn, eins og frv. fer fram á, þá væri þar með numin burt ástæðan til þess að fresta bannlögunum, því það er engin ástæða að ætla, að landsjóður missi neins í af tolli, ef þessu er þannig fyrir komið. Aðalatriðið er, að landsjóður fái sínar tekjur og að kaupmönnum sé ekki gert of örðugt með greiðslu tollsins.

Eg býst við, að þeir, sem greiddu atkv. með bannlögunum síðast, en hefir snúist hugur síðan, muni ekki gera sig ánægða með frv. En það væri að lítilsvirða atkvæði þjóðarinnar, ef menn færu nú að breyta þeim lögum, að henni fornspurðri, sem eru þau einu lög, sem hafa verið borin undir atkvæði hennar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg verð að taka mér í munn hið fornkveðna: *Longe alia mihi mens est, patres conscripti!*

Eg er í þessu máli á algerlega gagnstæðu máli við heiðr. flutningsm. þessa frv., sem væri réttnefnt: frv. til þriggja ára eflingar brennivínsdrykkju í landinu.

Vel veit eg það, að ekki hefir háttv. flutningsm. haft þennan *tilgang*, en þessi hlýtur þó eina teljandi *afleiðing* þess að verða.

Eg þykist vita, að tilgangur frv. sé sá, að drepa frv. það um lenging á aðflutningsleyfi áfengra drykkja, sem háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar (Sig. Stef.) hefir borið fram í Ed.

Eg verð að geta þess, hversu eg sem bannlagamaður lít á hvort þetta frv. um sig.

Frv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar (Sig. Stef.) miðar til þess, og til þess *eins*, að auka tekjur landsjóðs af áfengistolli þessi ár, sem eftir eru til þess er bannlögin ná gildi (1. jan. 1915).

Og hvað sem því að öðru leyti líður, er það ómótmælanlegt, að það *hlýtur að ná tilgangi sínum.*

Hitt er annað mál, að tímatakmarkið

(3 ár) er óþarflega langt, að því er brýnar fjárhagsþarfir snertir.

En eg heyri, að sumir bannlagavinir álíta þennan 3 ára tíma hagfeldastan fyrir bannlögin og þeirra tilgang — þó að eg sé ekki allskostar á því máli.

Eg vil ekki efa, að *tilgangur* þessa frv. (651) eigi að vera, að auka nokkuð tekjur landssjóðs af áfengistolli, með því að gera áfengissölum léttara fyrir að flytja landsmönnum nóg að drekka þangað til 1. jan. 1915.

En eg vil spyrja: hvers er mest *þörf fjárhagslega?* Auðvitað er sú þörf brýnust, að sjá fyrir *því* fjárhagstímabili, *sem í hönd fer*, — þangað til næsta þing kemur saman og þing og stjórn geta samið lög um nýja tekjustofna handa landssjóði eða auknar tekjur af núverandi tekjustofnum. Það er verk, sem nú er ekki auðið að vinna nema til *bráðabirgða* sakir vanrækslu síðustu stjórnar á að hafa nokkurn undirbúning til þess.

En er það gert með *þessu* frv.?

Því miður alls ekki.

Óhjákvæmilegar afleiðingar þess eru auðsæjar.

1. Fyrsta og beinasta afleiðingin er sú, að efla innflutning *brendra drykkja* (brennivín, cognac, romm, arrak, whisky). Þetta gerir frv. með því að lengja tollgreiðslufrestinn (eða tollvörugeymsluna).

2. Að varna því, að á þessum tíma verði neytt í landinu *óskaðlegustu* áfengu drykkjanna, svo sem eru öl, landvín, Rínarvín og þess konar drykkir.

3. Að varna því, að landssjóður fái nema sem allra minst á næsta fjárhagstímabili af tollgjöldunum, með því að fresta greiðslu af öllu, sem neytt verður síðasta árið, fram að *síðustu* dögum fjárhagstímabilsins (ársloka 1914).

Munur frumvarpanna er sá, að innflutningslengingin dreifir tolltekjunum jafnt á árin, gerir það að verkum, að landssjóður fær *venjulegar* tolltekjur af áfengi hvert ár, bætir þannig verulega fjárhag *næsta* fjárhagstímabils, eins og mest er líka þörfin á.

Og *það* frv. gerir skaðlitlu drykkjunum, öli og léttum vínum, auðið að sporna við *brenni*vínsdrykkjunni.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir, hlýtur aftur á móti að neyða alla þá, sem einhverra áfengra drykkja vilja neyta, til að drekka *brennivínsdrykki*. Því er það, að þetta frv. er réttnefnt: *frv. til eflingar þriggja ára brennivínsdrykkju í landinu.*

Það nafn er réttnefni, það lýsir í einni setningu skýrt og ljóst efni frumvarpsins og afleiðingum þess.

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.: Eg gæti raunar sparað mér ómakið að taka til máls, því hv. samþingismaður minn hefir tekið svo greinilega fram flest af því, sem eg vildi sagt hafa. Ef frumv. þetta nær fram að ganga, þá verður afleiðingin sú, að miklu meira brennivín verður flutt inn en ella. Það kostar svo lítið í innkaupi, að auðvelt verður fyrir kaupmenn að afla sér birgða af því. Aftur á móti hverfur ölið að kalla strax, því að það þolir ekki geymslu, og góð vín munu og hverfa, því að kaupmönnunum verður um megn að birgja sig upp af svo dýrri vöru. Það verður því »bara brennivín«, sem menn eiga kost á að staupa sig á, þegar líður á árið 1912 og þar á eftir, en væntanlega getur orðið nóg af því. Það er þetta, sem hlýtur að verða afleiðingin af þessu frv. Það vona eg, að allir óblindaðir menn geti séð; svona verkar það í bindindisáttina.

Háttv. flutnm. (B. K.) nefndi eitt, sem oft er notað af bannmönnum, en er jafn vitlaust fyrir því: Að það sé að mis-

bjóða þjóðinni að hagga við bannlögunum. Á síðasta þingi var því haldið fram af mér og öðrum, að réttast væri að skjóta bannmálinu aftur undir atkvæði þjóðarinnar. Þessu börðust bannmenn móti, þeir þorðu ekki og þora ekki enn að skjóta málinu til þjóðarinnar. Þeir vita sjálfir vel, að það eru einmitt þeir, sem eru að misbjóða þjóðinni með öllu þessu bannfargani.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hélt því fram, að þetta frumv. væri óheppilegt, því það væri einkaleyfi fyrir menn til að drekka brennivín Það getur verið, að það sé erfitt að geyma öl lengi, en svo er þess að gæta, að ölið gefur minst af tolltekjunum, svo það getur ekki verið aðalatriðið, enda finst mér standa á sama, hvort menn drekka sig fulla í öli, eða brendum drykkjum.

Þá sagði háttv, 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að við bannmenn hefðum ekki þorað að bera málið aftur undir þjóðina. Það er ekki rétt, að við höfum ekki þorað það, en við álítum, að það væri engin ástæða til þess að láta hana greiða atkvæði um það *tvisvar*, þar sem við tökum fullgilda *eina* atkvæðagreiðslu, er vér sjálfir framkvæmum. Eg met ekki þjóðaratkvæði það mikið minna en mitt atkvæði, að eg álíti nauðsyn á, að hún greiði tvisvar atkvæði um sama málið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg greiddi bannlögunum atkvæði í hitt eð fyrra, enda þótt eg væri ekki ánægður með hverja grein í þeim. Þjóðin hefir aldrei greitt atkvæði um þessi lög, aldrei greitt atkvæði um að líða þrjú ár á milli aðflutningsbanns og vínsölubanns, þennan þriggja ára kensluskóla til að lauma inn víni. Það er þetta atriði, sem eg held að sé til hins mesta spillis fyrir bindindismálið. Annars álít eg að frestunin, frá fjárhagsins sjónarmiði séð, mundi nægja um eitt ár. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar í gagnstæða átt við bannlögin.

Sigurður Gunnarsson: Eg legg til, að 5 manna nefnd sé sett í málið.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþ. með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Sigurðsson,
Einar Jónsson,	Ólafur Briem.
Hálfd. Guðjónsson,	
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,
Þorleifur Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Kristjánsson valinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 29. apríl (A. 651, n. 782).

Framsögum. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér er óhægt að vera framsögumaður í þessu máli, með því eg er því í raun og veru mótfallinn. Nefndin hefir klofnað í tvent. Meiri hlutinn játar, að ein afleiðing af þessum

lögum sé sú, að kaup á áfengum drykkjum aukist, og það þeim, sem skaðlegastir eru, brendu drykkjunum.

Minni hlutinn vill ekki styðja að því, að háttv. deild samþykki þetta frumv. Afleiðing þess, að tollgreiðslufrestur yrði lengdur yrði sú, að kaupmenn mundu flytja meira áfengi inn í landið. Sem meðmæli með þessu frumvarpi hefir verið sagt, að útlendingar neyti svo mikils áfengis hér á landi, en að hagnýta sér það, virðist koma í bága við stefnu þings og þjóðar í þessu máli. Annars virðist mér, að það sé neyðarúrræði að auka tolltekjur landsins á þann hátt, að sem mest áfengi flytjist inn. En háttv. deild hefir með meðferð sinni á frv. háttv. þm. Ísafj.kaupstaðar (Sig. Stef.) neytt þá, sem ant er um hag landssjóðs, til að greiða þessu frumv. nú atkvæði.

Jón Magnússon: Eg er eins mótfallinn þessu frumv· og frestun bannlaganna. Það er ekki nema til að gabba sjálfan sig, ef landssjóður færi að byggja tekjur sínar á slíku frv. sem þessu. Svo er það að minsta kosti að tilganginum til, á móti stefnu þeirri, er bannlögin eru af sprottin, því að hún er sú, að varna á allan hátt, að áfengi flytjist inn landið. Þannig virðist mér frumvarpið verða að skoðast frá bannlagamanna sjónarmiði, annaðhvort einkis virði eða verra, nefnilega ef tekjurnar ykjust þess vegna.

Það var eitt, sem mig stansaði á í nefndarálitinu, það var það, að það gerði ekki mikið til með brendu drykkina, því útlendingar drykkju mest af þeim. En nú er þess að gæta, að það eru brendu drykkirnir, sem gefa mestallan tollinn, hinna gætir tiltölulega lítið. Tvö síðustu árin hefir tollurinn af áfengi hér í Reykjavík numið rúmum 90 þús. kr., en þar af hefir tollurinn af brendum drykkjum numið um $^{7}/_{9}$. Þessi ástæða nefndarálitsins er því beint stýluð gegn bannlögunum, þótt það hafi máske ekki verið tilgangur nefndarinnar.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg vil bara geta þess, að eg sagði ekki, að þetta mundi ekki auka tekjur landssjóðs, heldur sagði eg að það væri ekki heppileg leið til þess.

ATKV.GR.:

Málið felt frá 2. umr. með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfd. Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Ólafsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Blöndahl.
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Björn Þorláksson og Eggert Pálsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Þrir þingmenn fjarverandi.

Barnafræðsla.

FRUMVARP til laga um breyting á 4. gr. laga 9. júlí 1909 um breyting á lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907.

Fyrsta umr., 6. apríl (A. 482).

Flutnm. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Þegar eg sá, að frumv. stjórnarinnar um fræðslumál var vísað frá umræðum í efri deild, datt mér í hug að koma fram með frv. þetta. Eins og menn sjá, er að eins farið fram á, að

fresta framkvæmd fræðslulaganna 2 ár. Það hafa margir þá skoðun, að skólaskylda barna undir 14 ára aldri, sé mjög bagaleg á ýmsan hátt. Fyrir þessu þarf eg ekki að færa frekari rök, það hefir svo oft verið gert. Að vísu hefi eg heyrt sagt, að fræðslumálastjórinn hafi litið svo á, að hægt sé, að hreppunum fornspurðum, að launa kennara, en eg lít svo á, að fræðslumálanefnd hafi ekki heimild til að ráða kennara, án þess að spyrja hreppsbúa eða hreppsnefnd að því. Hinsvegar er menning komin á svo hátt stig í landi voru, að ekki virðist vera brýn þörf á því, að hafa þessa skólaskyldu, því víða má trúa heimilunum fyrir uppfræðslu barnanna, og eg fyrir mitt leyti felli mig betur við, að skólaskyldualdurinn væri 14—16 ára aldurinn, eins og stungið var upp á í frumv. stjórnarinnar, því er Ed. ekki gat samþykt. Skal eg svo eigi fjölyrða meir um þetta mál að sinni, en vonast til, að þetta mál gangi til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Fjórir þingmenn voru ekki viðstaddir.

Önnur umr., 11. apríl (A. 482).

Flutnm. (Jón Jónsson N.-Múl.): Eg gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins, hvers vegna eg sæi ekki ástæðu til, að nefnd væri kosin í það. Það var athugað svo vel á síðasta þingi, sem félst á að fresta nokkrum ákvæðum laganna um hríð. Eg hefi nú leyft mér að koma fram með frumv. þess efnis, að framkvæmd skólaskylduákvæðisins sé dregin á langinn 2 ár enn þá. Það er farið fram á í frumv., að 15. gr. laganna komi ekki í gildi fyr en eftir 2 ár. 15. gr. hljóðar svo:

> Fræðslusamþyktir skulu samdar og samþyktar í hverju héraði eigi síðar en svo, að þær geti legið fyrir yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar 1. janúar 1910, ella er héraðið frá byrjun næsta skólaárs skylt til annaðhvort að halda uppi farskóla þannig löguðum, að hvert barn á skólaaldri geti fengið að minsta kosti 2 mánaða fræðslu á ári, eða, ef fræðslunefnd kýs það heldur, að ráða kennara, einn eða fleiri eftir þörfum, til eftirlits með heimafræðslu. Ef fræðslunefnd kýs heldur að halda uppi farskóla, skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að láta þau njóta farkenslunnar, og gilda um undanþágur frá farskólaskyldunni og brot gegn henni, sömu reglur og settar eru, að því er skólahéruð snertir, í 6. gr., um samskonar efni, með þeirri einni breytingu, að fræðslunefnd kemur í stað skólanefndar.

Þetta frumv. hefi eg komið fram með vegna þess, að skólaskylduákvæðið hefir víða vakið allmikla gremju. Menn hafa verið óánægðir út af því, að þeir séu neyddir til að hafa farskóla í sveitum, hvort sem fræðslunefnd hefir lagt það

til eða ekki. Það er líka mismunandi, hvernig hægt er að framkvæma þetta til sveita, þar sem strjálbygt er og slæm húsakynni. Vitaskuld þurfa börnin fræðslu, en mín og margra annara meining er, að holt sé heima hvað, og eg ber það traust til almennings, að hann sjái börnum sínum fyrir nægilegri fræðslu á bernskuskeiðinu, þótt þeim sé ekki dembt á barnaskóla. Eg legg meiri áherzlu á að hafa góðan unglingaskóla, þar sem börnunum verður kenslan að miklu meiri notum, þegar þau eru orðin þroskaðri, en á barnaskólum, sem þeim er troðið í á unga aldri og verður lítið úr fræðslunni. Eg vil því vona, að háttv. deild fresti ákvæðinu enn um hríð, einkum þar sem óskir hafa komið um það á þingmálafundum. Eg álít réttara að bíða dálítið, svo að það sjáist, hvort menn af sjálfsdáðum vilja fylgja ákvæðinu eða ekki. Ef sú verður reynslan, að þeir vilja það ekki, þá álít eg ekki rétt að neyða menn til þess.

Pétur Jónsson: Þegar fræðslulögin voru á ferðinni hér á þinginu, var eg sízt hvatamaður þess, að fræðsluskylduákvæðið gengi í gegn. Mín skoðun var, að bezt mundi að leggja þetta atriði í vald sveita eða fræðsluhéraða með samþyktarheimild, en ekki með almennri lagaskyldu. En úr því þetta varð nú ofaná, og lögunum hefir ekki verið breytt gersamlega í þessu efni, þá álít eg það óheppilegt, að ráðast á tilgang laganna, sem var sá, að koma sem fyrst skipulagi á fræðslumálin, með stöðugri frestun. Ef framkvæmd er dregin ár frá ári, án þess að koma á fræðslusamþyktum, þá er tilgangi laganna kollvarpað. Og það er eg hræddur um, að sé meining háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.). Þegar lögin voru til umræðu fyrst, var eg sömu skoðunar og hann er nú, en nú, þegar búið er að samþykkja þau, og langt á leið komið að fullnægja þeim, álít eg óheppilegt að fresta framkvæmd þeirra enn. Eg hefi heldur ekki orðið var við svo mikla örðugleika á því, að koma þeim á. Eg get upplýst háttv. þm. um það, að að eins 30—40 hreppar eiga eftir að búa til fræðslusamþyktir, í flestum þeirra munu þær í smíðum, og frá mörgum eru þær komnar í hendur stjórnarinnar. Það er líka búið að gefa mönnum svo langan umhugsunar- og undirbúningstíma, að eg álít óþarfa vegna þessara fáu hreppa, að gefa lengri frest. Fræðslumálastjóri hefir líka ferðast um landið og hvatt menn til framkvæmda í stað þess að reka áfram með harðri hendi. Eg vil því leggja til, að þetta frv. verði felt.

Jón Magnússon: Eg er samdóma háttv. flutnm. (J. J. N.-M.), að óþarft sé að skipa nefnd í þetta mál. En það er af nokkuð öðrum ástæðum. Eg lít svo á, að hvaða skoðun sem menn hafa á fræðslulögunum, þá eigi að fella þetta frumv. Eg skil ekki þau rök háttv. flutnm., að sjálfsagt sé að fresta framkvæmd laganna nú, þótt nefnd á seinasta þingi hafi álitið sjálfsagt að fresta því þá um tvö ár. Það er líka hið stakasta ranglæti við þá hreppa, sem þegar hafa komið þessu fyrirkomulagi á hjá sér, vegna þess að þeir hafa haldið, að þingið mundi ekki altaf vera að hringla með þau lög, sem það hefir einu sinni samþykt. Nú sem stendur, eru það að eins 34 hreppar, sem ekki hafa tekið upp ákvæði laganna enn, og það er búist við, ef alþingi leggur ekki hindranir í veginn, með stöðugum frestunum, að lögin komist í framkvæmd í öllum hreppum á þessu ári. Jafnvel þótt menn líti að eins á lögin sem bráðabirgðarlög, þá er samt ástæða til að taka strax upp ákvæði þeirra og lofa þeim að sýna sig. Það er ósanngjarnt

að láta 20 hreppa vera undanþegna, þegar allir aðrir hreppar haf hlýtt lögunum.

Hvað mótspyrnuna og óánægjuna með lögin snertir, þá hygg eg, að hún sé meira í orði en reynd, og það sýnir sig einmitt í því, hve fáir hreppar hafa notað þann frest, sem alþingi hefir gefið. Ef óánægja hefði verið, mundi framkvæmd lagaákvæðanna hafa verið dregin meir. Eg sé því alveg ástæðulaust, vegna einna 20 hreppa, að vera að grauta í því, sem alþingi hefir einu sinni samþykt og vona að háttv. deild felli þetta frumvarp, hvernig sem hún annars lítur á fræðslulögin sjálf.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vil að eins benda háttv. flutningsm. (J. J. N.-M.) á, að samkvæmt fjárlögunum 1912—1913, er numinn burtu allur farkennarastyrkur. Þeir hreppar, sem þessa styrks vilja njóta, verða því að flýta sér að koma hinu nýja fyrirkomulagi á hjá sér fyrir árslok. Eg vil því skjóta því til háttv. flutningsmanns, að hann taki frumv. aftur.

Flutningsmaður (Jón Jónsson N.-Múl.): Eg get ekki orðið við óskum háttv. samþingismanns míns, um að taka frumv. aftur. Eg ber það fram samkvæmt óskum manna úr kjördæmi mínu og jafn vel þótt svo hafi verið gengið frá fjárlögunum nú, að erfitt verði að fá farkenslustyrk, þá er samt ekki útilokað, að ákvæði verði sett inn í fjárlögin aftur. Mér finst í raun og veru sjálfsagt, að það standi á fjárlögunum, þangað til allir hreppar hafa haft not af því.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að eg hefði verið að ráðast á tilgang fræðslu laganna, en það er ofmælt hjá háttv. þm., eins og liggur í augum uppi af því, að eg fer ekki fram á neina breytingu á lögunum, heldur er að eins um frest á framkvæmd eins ákvæðis þeirra að ræða.

Það er hægur hjá að klemma á þjóðina nýjum lögum og segja svo, þegar farið er fram á að breyta þeim, að bezt sé að bíða og vita, hvort ekki lagist. Almannarómur hefir ætíð eitthvað við að styðjast. Þótt lögin séu að ýmsu leyti góð, þá er þetta ákvæði þó á móti anda manna víðsvegar um land.

Háttv. samþm. minn (Jóh. Jóh.) sagði, að rétt væri að taka frumv. aftur vegna fjárveitingar þeirrar á fjárlögunum, sem ætluð er farskólum. En eg sé enga þörf á því, að taka frumvarpið aftur. Eftir fræðslulögunum er skylt að styrkja farskóla, hvar sem þeir eru. Þetta frumv. getur því alls ekki hindrað það, að slíkir skólar komist á fót.

Það er einkum þetta, sem eg legg áherzluna á, að þetta er mikill kostnaður fyrir sveitarsjóðina og í strjálbygðum héruðum getur það verið mjög tilfinnanlegt og erfitt að koma barnaskólum á laggir. Það er satt, að í lögunum er heimiluð heimafræðsla, ef hún er jafn góð hinni lögboðnu. Eg vil sem minst eiga undir fræðslunefnd; eg vil að vér ráðum sjálfir, hvað vér álítum börnum vorum fyrir beztu. Þannig eru margir skapi farnir og vilja heldur kosta kennslu á börnum sínum heima hjá sér, heldur en að hlíta ákvæði einstakra manna, sem máske ekkert vit hafa á fræðslu og beita harðneskju þar ofan á. Sjá því allir, hve fráleitt þetta ákvæði er.

Jón Þorkelsson: Þrátt fyrir góð kynni og gott álit á fræðslumálastjóranum, hygg eg, að þetta frumv. hafi við nokkur rök að styðjast. Eg hefi raunar ekki verið viðriðinn fræðslumál og það hefir háttv. þm. Vestm. (J. M.) ekki verið heldur, síðan þessi fræðslulög 22. nóvember 1907 komust í gildi. En eftir því, sem eg hefi orðið áheyrsla og áskynja um, hygg eg, að þessi lög séu ein hin óvinsælustu lög, sem út

hafa gengið á þessu landi. Eg miða ekki við það, þótt þjóðin hafi gengið undir þau með nauðung, ef til vill mest fyrir kapp og forgang einstakra manna; þau eru jöfn landplága fyrir því. Það mætti og vera þessu til stuðnings, að fyrverandi ráðherra (B. J.) lagði einmitt fyrir þingið nýtt frumvarp um fræðslumál, en það hefir hann án efa gert af því, að honum hafa ekki þótt þessi lög frá 22. nóvbr. 1907 hentug og vegna kvartana almennings. Þess vegna álít eg rétt að fresta framkvæmd laganna og greiði því atkvæði með frumvarpi þessu og mundi greiða atkvæði með frumv., sem færi fram á, að nema lögin alveg úr gildi. Yfir höfuð á illa við hér á landi ströng löggjöf um barnafræðslu. Heimilisfræðsla hefir hér jafnan verið góð, og þá aðferð tel eg hollasta. En með þessum fræðslulögum frá 1907 er settur á menn gífurlegur kostnaður. Enn er það og, að með slíkri fræðslu verður alt steypt í sama mótið, ef kenslan annars hefir nokkur áhrif, sem eg er í miklum vafa um, að öðru en þá heldur til spillis. Þetta mentunargutl og gukt, sem verið er að troða inn í fólkið, er ein spillingin, sem er að færast yfir landið. Fólkið þarf ekki þessa mentun alla, ef mentun skyldi kalla. Það þarf að læra það, sem því er holt og þarflegt er, það þarf að læra að vinna. Sú er líka raun á, að unglingarnir vita ekkert þegar kenslunni er lokið, og eru fyrir löngu leiðir á kenslustaglinu. Þetta eitt hefst upp úr skólunum, auk þess sem þeir hafa drepið þá forvitni og fræðafýsn, sem haldist hefir með þjóð vorri fram á vora daga, og hafa áunnið það, að margir unglingar fást ekki til að líta í bók, eftir að þeir eru úr skólanum slopnir.

Hannes Hafstein: Mér kemur það kynlega fyrir, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skyldi kalla fræðslulögin *land*plágu. Eftir hans orðalagi, sem hann svo oft og ötullega hefir barist fyrir í tillögum sínum hér á þinginu, hefði mátt búast við, að hann léti ekki sæma að nefna þau minna en *þjóð*plágu. Og það má, ef til vill, búast við þingsályktunartillögu frá honum, sem breyti nafninu í þessa átt. En hvað sem um það er, þá er það víst, að það er regluleg þingplága að heyra aðrar eins ræður, eins og þá, sem hann nú hélt um fræðslulögin, og sumar aðrar ræður hér um frestun ákvæðisins um fræðslusamþyktir. Fræðslusamþyktir eru nú komnar á í 166 hreppum, svo að eins rúmir 30 hreppar eru eftir, og er þó víst um marga af þeim, að þeir gangast undir lögin á næsta ári, ef þeir verða ekki hindraðir frá því með nýjum lögum. Það er að brjóta niður alla virðingu fyrir lögum og lagasetningu, að láta lítinn minni hluta landsmanna komast upp með það ár frá ári, að láta vera að fullnægja lögunum, og löggjafarvaldið sjálft löghelgi undanfærsluna með nýjum og nýjum frestunarlögum, alveg að ástæðulausu, að öðru en því, að lögin finna ekki náð í augum einstakra manna.

Jón Þorkelsson: Þessi fræðslulög 22. nóvember 1907, þetta þjóðráð háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), sem hann á sínu máli mundi vilja kalla »landráð«, sem þau og eru af mörgum talin, ættu sennilega að afnemast eða umsteypast með öllu, og frestunin á þeim til 1914 ætti, ef til vill, að verða til að afmá allvíða fræðslusamþyktir þær, sem eru á komnar.

Út af orðum háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um fjárveitingu til farskólanna, skal eg geta þess, að þeirri fjárveitingu mætti kippa burtu, þegar fjárlögin koma hingað aftur úr Ed.

Annars hirði eg ekki að vera að yrðast við háttv. 1. þm. Eyf. Hann tekur

sér nærri, að komið er við fræðslulögin, enda urðu þau til á stjórnarárum hans og hann hefir barist fyrir þeim með oddi og egg.

Flutnm. (Jón Jónsson N.-Múl.): Út af ummælum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um að fræðslusamþyktir væru víðast komnar á, þá er ekki svo alstaðar, þar sem fræðslunefndir eru þó komnar. Eg get bent á dæmi um það austan úr Fljótsdalshéraði. Þar var komin fræðslunefnd, kennari ráðinn, en vantaði fræðslusamþykt. Eftir úrskurði fræðslumálastjórans varð að borga kostnaðinn úr sveitarsjóði, þótt efamál sé um, hvort þetta sé rétt. Ef viðar er farið svona að, álít eg lögin mjög bagaleg. Það er ómildilega að farið að beita lögunum bæði með góðu og illu, hvort sem mönnum er ljúft eða leitt.

Eg heyri, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) segir, að það sé sjálfsagt. Eg hélt, að hann væri frjálslyndari maður en svo, að hann vildi þvinga menn til að búa við slík lög.

Eg vil taka það fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að það er ekki meiningin hjá mér að draga úr framkvæmd laganna á þeim stöðum, þar sem þau eru þegar komin á, heldur að eins fresta þeim, þar sem þau eru ekki komin á.

ATKV.GR.:

Frv.greinin samþ. með 12 : 8 atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 5 atkv.

Þriðja umr., 19. apríl (A. 482).

Flutnm. (Jón Jónsson N. Múl.): Frv. þessu hefir verið tekið vel áður. Það, sem fyrir mér hefir vakað, er að takmarkalausri skólaskyldu sé ekki varpað á þjóðina. Þess vegna hefi eg komið með frv. þetta um að fresta framkvæmd 15. gr. laganna enn í 2 ár. Eg skal benda á það, að ekki er enn sem komið er kostur á boðlegum kennurum og þess vegna gæti verið nokkur ástæða til þess að fresta enn framkvæmd laganna. Auðvitað hefir þeim fjölgað nokkuð síðan á síðasta þingi, en þó ekki svo, að enn sé ekki skortur á þeim. Eg skal benda á út af því, sem sagt var við 2. umr., að á þinginu 1905 þótti mörgum athugavert að innleiða skólaskyldu. Margir merkir menn höfðu þá málið til meðferðar og álits sýslunefnda út um landið var leitað. Í nefndinni um fræðslulögin í efri deild sátu margir merkir menn, af þeim eiga ekki aðrir sæti á þingi nú en Sigurður Stefánsson. Og nefndinni í efri deild þótti eins og menn muna mjög athugavert að innleiða skólaskyldu. En hún vildi heimila þeim héruðum hana, sem vildu. Eg þykist tala í nafni margra manna, þegar eg vil fá lögunum frestað enn. Kostnaðurinn við framkvæmd laganna er svo mikill, að menn ættu ekki að hrapa að því að koma þeim í framkvæmd. Það er almenn skoðun, að skólaskylda barna eigi ekki við hjá okkur. En eg gæti fallist á að hafa skólaskyldu ungmenna, sem væru þroskuð. Tryggingin fyrir gagnlegri fræðslu barnanna er mjög lítil. En þetta fargan, sem hefir verið lagt á þjóðina með fræðslulögunum, er of dýrkeypt og þvingandi. Þetta er svo hófleg breyting, sem hér er farið fram á, að það raskar ekki framkvæmd laganna, þar sem hún er komin á, heldur að eins frestar framkvæmdinni, þar sem hún er *ekki* komin á enn.

Stefán Stefánsson: Eg veit ekki, hvort háttv. flutnm. hefir gert sér ljóst, hvað hann er að vinna með því, að koma fram með þetta frv. Eg held hann hefði ekki komið fram með það, ef hann hefði gert sér ljósa grein fyrir, hversu mikla óánægju hann vekur með þessum fræðslusamþyktarfresti. Eg lít

nefnilega svo á, að þessum tveggja ára fresti, sem enn á að veita með frv., verði afarilla tekið, sérstaklega af þeim, sem þegar hafa komið á hjá sér fræðslusamþyktum og öðrum þeim mönnum, sem mestan hafa áhugann á fræðslumálum. En hitt efast eg ekki um, að þeir sem minst um þau mál hugsa og þeir sem ekkert hafa enn gert í þá átt, að koma lögunum í framkvæmd, muni taka frv. fegins hendi, en þingið ætti sannarlega ekki að ala upp þann hugsunarhátt, að einu gildi fyrir þjóðfélagið, hvernig um þessi mál fari og að ákveðið skipulag á fræðslumálum sé með öllu óþarft. Það er líka að mér virðist ástæðulítið fyrir löggjafarvaldið að vera að fresta lögunum, þegar að eins eru eftir 20—30 hreppar á öllu landinu, sem ekki hafa komið lögunum í framkvæmd. Þetta eru nú þessir mörgu, sem háttv. flutnm. talaði um, að einkum væru óánægðir með lögin. En þessi frestur mundi verða til þess, að í þeim sveitum, sem lögin eru komin í framkvæmd og hafa komist það, þótt töluverð mótspyrna hafi verið gegn þeim af einstökum mönnum, þá mundu þessir sömu menn nú verða allháværir yfir því að fræðslusamþyktum hafi verið óþarflega snemma og fyr en löggjafarvaldið hafi ætlast til, komið í framkvæmd hjá þeim, og sveitarfélögunum með því bakaður óþarfur kostnaður um fleiri ár. Þetta finst mér sú eðlilega afleiðing, því ef fræðslusamþyktirnar eru ekki nauðsynlegar, þar sem alt hið nánara fyrirkomulag er ákveðið, þá eru lögin ekki verulega nauðsynleg, því þá væri réttara að tiltaka að eins, hvaða fræðslumarki hver einstaklingur yrði að ná, en láta það algerlega laust og án alls skipulags, á hvern hátt. En fræðslulögin gera nú ráð fyrir samþyktunum, og það álít eg líka sjálfsagt, enda er það álit þess manns, sem stjórnin hefir sér til aðstoðar í þessum málum. Það er annars einkennilegt, hvað sú fráfarandi stjórn hefir gersamlega gengið fram hjá tillögum þeirra manna, sem skipaðir eru henni til aðstoðar bæði í fræðslumálum og öðrum málum.

Þessa stefnu tel eg mjög óheppilega af stjórninni, og sama er að segja um það, fari þingið nú að fyrirskipa það, sem fræðslumálastjórinn álítur öldungis óráðlegt, eins og hér á sér stað um frestun samþyktanna. Enda lít eg svo á, að sé það rétt, sem háttv. flutningsm. heldur fram, að menn óski enn frestunar á framkvæmd laganna, þá lægi beinna við, og væri eðlilegra, að flytja frv. um að nema lögin úr gildi. Eg skil ekki að þingið vilji enn fresta þessu ákvæði í lögunum um 2 ár, því með því gefur það í skyn, að það hafi ekki meint annað með þeim, en að sveitafélögin gætu hagað fræðslunni, eins og þeim sjálfum sýndist bezt henta, án þess það væri nokkru föstu skipulagi bundið.

Flutnm. (Jón Jónsson N.-Múl.): Orð háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sýna, að hann veður reyk í þessu máli. Það stendur hvergi í frv. þessu, að fræðslusamþyktir megi ekki komast á. Það er að eins farið fram á, að þau héruð, sem ekki hafi komið á hjá sér fræðslusamþyktum enn, þau skuli ekki vera neydd til þess. Ef þeir, sem ekki hafa komið fræðslusamþyktum á enn, álíta að það muni efla mentun barnanna og vera til bóta að hafa fræðslusamþyktir, þá munu þær sveitir koma á hjá sér fræðslusamþyktum.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) fór nokkuð freklegum orðum um þessa menn, sem ekki hafa komið á hjá sér fræðslusamþyktum enn og áleit að það væru ekki nema trassarnir, sem vildu komast hjá því, að lögin kæmust í framkvæmd.

En eg neita, að hann sé fær að dæma þannig um menn, sem hann ekki þekkir, þetta eru sleggjudómar hjá honum. Hér er farið fram á að fresta lögunum í 2 ár, 1912—1914, eða með öðrum orðum, að mönnum sé ekki gert að skyldu að koma á hjá sér skóla, en þeim er það heimilt, ef þeir vilja. Þeir menn, sem vilja kúga þjóðina til þess að gera þetta eða hitt, verða að hafa sterka trú á sínu máli. Eg álít ekki gerlegt að halda þessu til streitu, fyr en landsmenn hafa samþykt það.

Stefán Stefánsson: Háttv. flutnm. talaði um, að þeir vildu kúga þjóðina, sem vilja að lögunum sé framfylgt. En það er athugavert, að hann er þá einn meðal þeirra manna, sem hafa viljað kúga þjóðina með því að samþykkja á síðasta þingi frestun um 2 ár. Þá ætlaðist hann þó til, að þessi »kúgun«, sem hann svo kallar, gengi í gildi. Hér er hann því fyllilega samsekur öðrum. En þótt þessi fáu bygðarlög, sem nú eftir nær 4 ár ekki hafa fengið löggilta neina fræðslusamþykt, vilji fá þessu máli enn frestað, þá eru óefað margir hreppsbúar meðal þeirra, sem óska að samþyktir komist sem fyrst á, en hafa ekki fengið því framgengt, vegna þess að fjöldinn, eða máske lítill meiri hluti, hefir viljað koma sér hjá kostnaðinum meðan hægt væri. Þegar þetta er athugað, bæði að hér er um örfáa hreppa að ræða, og sennilega lítinn meiri hluta í ýmsum þeirra, þá virðist það vera sá »reykur«, sem flutnm. hefir á að byggja, að þingið eigi ekki að fara eftir slíku.

Háttv. flutnm. sagði, að skortur væri á góðum kennurum, og skildist mér að fræðslusamþyktirnar ættu að bíða, þangað til þeir væru fengnir, en þetta er sá mesti misskilningur, því verði þetta frv. samþykt, þá má eiga það á hættu, að aldrei fáist góðir kennarar í flesta eða alla hreppa landsins, því það er hæpið, að menn fari að leggja stund á kennaranám, haldi þingið áfram að fresta lögunum, hvað snertir fræðslusamþyktirnar; þetta yrði óefað árangurinn og afleiðingin af samþykt frumvarpsins, að það kemur í veg fyrir, að þjóðin fái kennara, sem hún getur verið ánægð með og treyst á.

Eg þykist þess fullviss, að háttv. þingmönnum sé ant um mentun alþýðunnar og vilji hindra alt það, sem því máli getur orðið til fyrirstöðu, og þá fella það frv. sem fyrir liggur.

Hálfdan Guðjónsson: Háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir nú tvisvar gert sér ferð til mín úr sæti sínu til þess að vekja athygli mitt á frv. því, sem hér ræðir um og ummælum háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) um það. Þennan áhuga hans á því að leiðbeina mér hlýt eg að meta svo mikils, að eg láti skoðun mína í ljósi með nokkrum orðum. En í aðra átt stefnir hún en skoðun háttv. þm. Vestm. (J. M.), því að mér þóttu það vera hörð orð, sem háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sagði um andmælendur fræðslulaganna. Eg verð að benda honum á, að það sem hann sagði um óánægjuna er ekki fyllilega rétt. Hann hefir ekki nægа þekkingu á því, hvernig skoðanir manna eru á þessu máli um land alt. Eg veit, að óánægjan er ekki minni með fræðslulögin sumstaðar þar sem þau eru komin í framkvæmd og að þau eru víða framkvæmd að eins eftir bókstafnum og hafa þá ekki reynst annað en kák. Vera má, að smátt og og smátt verði kákið að einhverju verulegu gagni, en það er of víða ekki orðið enn. Það er að eins lítill hluti landsins, sem ekki hefir komið lögunum í framkvæmd, segja menn. En það eru ekki þeir einir, sem eru óánægðir með lögin, sem ekki hafa reynt að framkvæma þau, heldur einnig ýmsir þeir, sem hafa komið þeim í framkvæmd og sjá, hvern-

ig þau gefast. Það er réttmæt krafa, að möunum gefist kostur á að átta sig á þessum lögum, áður en lengra er gengið og harðari kröfur gerðar. Það er mikil ábyrgð, sem fylgir því að lögskylda foreldrana að senda börn sín að heiman á fræðsluheimili þessi í sveitunum. Í kaupstöðum eru börnin eftir sem áður hjá foreldrunum, en til sveita verður að senda þau að heiman. Og þá er það réttmæt krafa, að gott heimili og fullkomið sé í boði. Ella væri hart að heimta það af foreldrunum, að þeir láti börnin frá sér og komi þeim fyrir til kenslu. Kenslulögin þurfa að vinna ást þjóðarinnar, eigi þau að verða að góðu liði. En þau ná henni aldrei með káki. Mér finst, að það ætti að taka sem mest tillit til óska manna út um landið, þegar um framkvæmd þeirra er að ræða í fræðsluhéruðunum, því að þar þekkja menn bezt til erfiðleikanna. Vænti eg því, að hin háttv. deild fallist á frv. þetta, en knýi ekki of harðri hendi til framkvæmdar fræðslulaganna án nægilegs undirbúnings.

Flutnm. (Jón Jónsson N.-Múl.): Eg vil þakka hinum háttv. þingm., sem síðast talaði. Eg vil benda á 10. gr. laganna. Það þarf ekki nema helming fundarmanna, eða $^1/_4$ allra kjósenda í hreppnum til þess að lögin gangi þar í gildi. Hér er heldur ekki að ræða um að breyta lögunum, heldur að eins að fresta þeim. Það er mjög athugavert og ósanngjarnt að láta $^1/_4$ hluta hreppsbúa ráða um þetta efni, enda má haga svo fundum, að menn eigi ekki hægt með að mæta. Út af því, sem kom fram við 2. umr., að ekki væri fé til kenslu í sveitum, þá vil eg fá sett ákvæði um það efni inn í fjárlögin, því eg álít ekki rétt að útiloka þær sveitir frá styrk, sem ekki hafa tekið upp farskóla, þó þær hafi nýta kennara.

Pétur Jónsson: Eg vil að eins mæla örfá orð út af ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.). Hann talaði um að óánægja væri með fræðslulögin, þar sem þau væru komin á. Eg sé ekki að það atriði snerti þetta mál, því hér er að eins farið fram á frestun. Ef koma á í veg fyrir óánægju með lögin, þá eru að eins 2 vegir: breyta þeim eða afnema þau. Annað er gagnslaust, ef óánægjan er á verulegum rökum bygð. Hér er nú ekki farið fram á slíkt, heldur einungis að fresta á ný framkvæmd á einu atriði þeirra, sem langt er komið með að framkvæma. Það er búið að gefa frest einu sinni áður. Eigi enn að gefa frest, er það sama og að slá veilur í tilgang þeirra, og það er rangt og hefir illar afleiðingar. Þeim sem þykja lögin óheppileg er um að gera að fá þeim breytt, hitt gerir vont verra.

Jón Magnússon: Eg get ekki gert háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) það til geðs að fara að ræða málið nú; í ræðu hans var hvorki neitt nýtt né nýtilegt.

Björn Kristjánsson: Það er ekki margt, sem eg ætla að minnast á. Þó skal eg geta þess, að í mínu kjördæmi er almenn óánægja yfir fræðslulögunum. Það mun rétt vera, að það séu um 50 héruð eftir, sem ekki hafa tekið upp fræðslulögin, og verð eg að álíta, að það sé rétt að leyfa þeim að spara þennan kostnað, því þessi fræðslulög munu eiga skamman aldur; þeim mun verða breytt svo fljótt og auðið er, því fyrirkomulagið er ekki gott. Vil eg því mæla fram með frestuninni líkt og á síðasta þingi, enda vita það allir, að þó svo víða sé búið að pína menn til þess að beygja sig undir fræðslulögin, þá eru menn harðóánægðir með þau, og það af gildum ástæðum.

Hannes Hafstein: Eg get ekki kannast við, að í þessari frestun felist

neitt annað en eftirlátssemi við nokkra menn. Væri að ræða um óánægju yfir óheppilegum ákvæðum, sem þingið kannaðist við að væri á rökum bygð, þá ætti að breyta því sem óheppilegt þykir eða fella lögin að öllu úr gildi. En hér er einungis farið fram á, að einstakir hreppar fái að trássast enn þá um nokkurn tíma við að hlýða lagaákvæðinu, sem að öðru leyti er látið standa óhaggað í lögunum. Mér finst, að það gæti ekki bætt úr óánægjunni, ef einhver er hjá þeim, sem þegar eru búnir að framkvæma það, sem lögin skipa fyrir um, heldur þvert á móti, og álít því mjög misráðið að samþykkja frestunina.

Hálfdan Guðjónsson: Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að ekkert hefði verið nýtt né nýtilegt í því sem eg sagði. Um það ætla eg ekki að deila við hann En á það vil eg minna hann, að þótt hann sé dómari, þá er hann enginn hæstiréttur i þessu efni, hvorki að þekkingu né reynslu, sem ekki er heldur við að búast. Er honum því vorkunn, þó að orð hans séu eins og töluð úti á þekju. Mér finst það einkennileg röksemdaleiðsla hjá háttv. andmælingum, að ekki megi fresta lögunum vegna þeirra, sem farnir eru að framkvæma þau og eru óánægðir. Mér skilst ekki, að það bæti neitt úr skák fyrir þeim, þótt öðrum sé þröngvað nauðugum til hins sama, sem þeir sjálfir eru óánægðir með. Hygg eg þvert á móti, að miklu skynsamlegra sé að lofa mönnum að átta sig og undirbúa sem bezt, áður en þeir ráðast i kostnaðarsamar framkvæmdir laga þessara, án nauðsynlegrar og nægilegrar þekkingar á því, hvernig öllu megi sem bezt haga, svo að það verði að sem fyllstum notum.

ATKV.GR.

Frv. (A. 482) felt með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen.	Jón Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson.
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

Byggingarsjóður.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. okt. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Fyrsta umr., 6. marz. (A. 77).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg hefi leyft mér, að koma fram með þetta frumvarp hér í deildinni.

Eins og menn munu vita, var landsbankanum gert að skyldu 1885, er hann fékk seðlaútgáfuréttinn, að greiða 1% af seðlaupphæðinni i landsjóð. Þetta greiddi bankinn alt til 1905. Þá var byltingaöld. Þá var stofnaður byggingarsjóður og bankanum íþyngt með því að tvöfalda gjaldið, svo að það varð 2%. Þetta væri nú ekki svo tiltakanlegt, ef hagur bankans væri góður. En hann á í vök að verjast og auk þess eru honum lagðar með þessu þyngri byrðar á herðar en Íslandsbanka að tiltölu. Íslandsbanki hefir rétt til að gefa úr $2^1/_2$ miljón króna í seðlum gegn tryggingu í gulli, $^3/_5$ af því, sem er í umferð. Meðalafgjald Íslandsbanka á árunum 1906—1909 af seðlum hefir ver-

ið 13386 kr. Seðlafúlga landsbankans er 750,000 kr. og ætti hann þá að tiltölu við Íslandsbanka að greiða 6427 kr. á ári.

Af þessu er augljóst, að landsbankanum er íþyngt meira að tiltölu en Íslandsbanka, og þar að auki stendur hann ver að vígi, að því leyti, að hann verður að leggja stórfé á kistubotninn fyrir veðdeildina. Eg vonast því til þeirrar sanngirni, að frumvarpið nái fram að ganga. Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti nefnd í málið, en sjálfur vil eg ekki stinga upp á henni.

Jón Sigurðsson: Þegar litið er yfir sögu landsbankans, sést það, að það var vilji ekki allfárra þingmanna fyrir nokkrum árum að leggja niður landsbankann. En það tókst ekki, svo að eg skal ekki fara meira út í það. Nú hafa aðrir menn tekið við stjórn bankans. Það þótti nauðsynjaverk vegna óreglu, sem fyrri bankastjórn var borin á brýn. Eg skal ekki blanda mér í það, því að rannsókn á því stendur nú yfir. Það, sem liggur fyrir, er skattur sá, sem lagður var á landsbankann 1905 til byggingarsjóðs. Sá skattur var á hann lagður af því, að menn treystu gjaldþoli bankans og töldu sanngjarnt, að hann legði nokkuð af mörkum til sjóðs opinberra bygginga.

Nú er farið fram á, að losa bankann við þetta gjald, en ekki hefi eg heyrt ástæður fyrir því, að rétt sé að létta af þessu gjaldi, og hygg eg raunar, að þær séu engar fyrir hendi. Síðan 1905 hefir veltufé bankans aukist mjög. Hann hefir að mér er sagt, tekið $1^1/_2$ miljón króna lán. Hafi því landsbankinn fyrir 1905 getað borgað 7500 kr., þá ætti honum ekki að vera ofvaxið eftir þessa aukningu, að greiða 15 þús. kr. Það hefir verið mikið talað um að stjórn bankans hafi verið í ólagi, og það hefir verið sagt, að lagi hafi verið komið á við brottrekstur bankastjórnarinnar 22. nóvember 1909. Þegar nú tekið er tillit bæði til þessarar lántöku og hinsvegar þess, að hagur bankans hlýtur að hafa batnað við það að fá nýja reglusama bankastjórn, þá verð eg að álíta, án þess að eg blandi mér nokkuð í bankamálið, að bankanum sé ekki of vaxið að greiða þetta árgjald. Það er og enn til stuðnings, að eftir skýrslu nýju bankastjórnarinnar var lagt í varasjóð 70 þús. kr. Og það eftir að búið var að greiða árgjaldið. Landsbankinn er landseign og ekki nema sanngjarnt að hann greiði eitthvað til almennra þarfa, ekki sízt eftir að hann hefir fengið þá stjórn, sem ætla má um, að hvorki hafi blett né hrukku. Miklu fremur hafði eg hugsað mér að ástæða væri til að hækka árgjaldið, því að svo mörgum nýjum starfsmönnum hefir verið við bætt, að viðskiftin hljóta að hafa vaxið og ágóðinn því orðið meiri; annars hefði verið ástæðulaust að fjölga starfsmönnunum.

Af framantöldum ástæðum get eg ekki verið með því að fella niður árgjaldið, heldur miklu fremur þykir mér ástæða til að hækka það.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Háttv. þm. Mýr. (J. S.) hefir lagt móti frumv., að það næði fram að ganga, og fært til þess ýmsar ástæður. En þessi mótstaða hans kemur fram af því, að hann hefir ekki heyrt mína ástæðu fyrir frumv, en hún er sú, að koma á jafnrétti með báðum bönkunum.

Háttv. þm. mintist á starfsfé bankans, að það hefði aukist við nýja lántöku. En það er athugandi, að fyrir lánið verður að greiða nokkuð háa vexti, svo að arðurinn verður ekki mikill. Lánið var meira tekið til að hjálpa mönnum yfirleitt og svo til að borga skuldir bankans.

Háttv. þm. mintist og á fjölgun starfsmanna í bankanum. Ekki þarf sú fjölgun að vera sprottin af auknum viðskiftum. Til þess getur legið sú ástæða, að koma þarf bankanum í reglu, sem hann hefði þurft að vera í frá öndverðu.

Háttv. þm. sagði enn fremur, að gjaldið væri sanngjarnt og að rétt væri að íþyngja honum með þessu gjaldi, af því að bankinn væri landseign. Það sýnist mér ekki rétt. Það er einmitt nauðsynlegt vegna þess að bankinn er landsstofnun, að hann geti notið fulls jafnréttis og trausts, og því ætti háttv. þm. að réttu lagi að styðja frumvarpið, til þess að bankinn vaxi að trausti.

Hannes Hafstein: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) færði það sem aðalástæðu fyrir frv. sínu, að með því fengist jafnrétti milli bankanna beggja. Þetta ætla eg, að sé ekki rétt. Það gjald, sem landsbankinn greiðir, er renta af fé, sem bankinn hefir fengið hjá landssjóði. Gjald það til byggingarsjóðsins, sem lagt var á bankann 1905, var ekki sett hærra en svo, að bankinn þótti sleppa vel, jafnvel þótt gjaldið væri skoðað sem viðbót við vextina af seðlaláni landssjóðs til bankans og vel gat þetta blessast undir gömlu bankastjórninni. Íslands banki hefir ekkert slíkt seðlalán af landssjóði, en fyrir seðlaútgáfuréttinn greiðir hann hundraðsgjald af ágóða sínum, sem þegar er orðið allhátt. Það var að meðaltali fjögur árin 1908—1909 13386 kr. á ári og fer vaxandi. Þar að auki fylgir þar sú kvöð, sem landsbankinn er laus við, að liggja með arðlausan gullforða, til tryggingar seðlum bankans.

Sé þessi »jafnréttis«hugmynd aðalástæðan, þá er hún svo léleg, að eg býst við, að eg geti ekki fallist á frv. Réttast væri þó að setja nefnd í málið, sem athugaði öll þau atriði, sem til greina gætu komið.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Hér stendur nokkuð öðruvísi á. Tillag Íslandsbanka til landssjóðs fer ekki altaf vaxandi, en það gengur dálítið upp og niður.

Hann galt í landssjóð:

1906	. . kr.	8.042
1907	. . —	6.279
1908	. . —	14.709
1909	. . —	12.063

Það er okkar skylda sem bankastjóra að gæta hags bankans og vernda hann. Það er vitanlegt, að bankinn mun bíða stórtap á næstu árum og ætti það að vera hvöt til þess að afnema þennan skatt. Þingið ætti líka að reyna að koma í veg fyrir, að bankareikningarnir sýni ávalt tap og með því að létta af þessum skatti, þótt eigi sé hann hár, væri þó spor stigið í áttina til þess að vernda traust hans. Ef þingið vissi hvað það gerði, ætti það að veita bankanum svo sem 50 þús. kr. styrk á ári í nokkur ár, svo að varasjóðurinn gæti haldist óskertur.

Pétur Jónsson: Af því hér er verið að ræða um landsbankann og útgjöld hans, þá ætla eg að gera fyrirspurn, sem að vísu ekki beinlínis snertir landsbankann, til bankastjórans. Ef ráðh. (B. J.) hefði verið viðstaddur, þá hefði eg spurt hann, en af því hann hefir ekki látið sjá sig hér, þá beini eg fyrirspurninni til bankastjórans. Það er svo frá skýrt í skilagrein, sem er aftan við landsreikninginn fyrir 1909 fyrir lánsfé því, er stjórnin fékk til þess að kaupa bankavaxtabréf landsbankans, að fram til ársloka 1909 hafi orðið rentutap á þessu láni 4664,45 kr. Eg er í vafa um, hvar þessi skaði kemur niður. Hvort hann lendir á landsbankanum eða landssjóði. Eg hefi leitað bæði í landsreikn-

ingunum og í aukafjárlögum, en ekki getað fundið, að leitað sé aukafjárveitingar á þessari upphæð. En einhvernveginn þarf hún að greiðast. Þess vegna hefi eg nú komið með þessa fyrirspurn til bankastjórans til þess að vita, hvort svo gæti verið, að landsbankinn hefði greitt hana.

Hannes Hafstein: Flutningsm. (B. Kr.) gat þess, að það væri fyrirsjáanlegt, að landsbankinn biði tap. En eg hygg, að það sé réttast að láta það atriði liggja milli hluta að svo stöddu. Hins vegar vita menn, að bankinn hefir haft mikil útgjöld og kostnað nú seinasta ár, síðan »system« skiftin urðu, útgjöld, sem ekki er víst að ástæða sé til að »múlktera« landssjóðinn fyrir frekara en gert hefir verið. »Rannsóknarnefndin« svonefnda, kostaði 9000 kr. út af fyrir sig, að því er sagt er. Fjöldi nýrra og hálaunaðra starfsmanna kostar líka nokkuð. Þetta getur valdið því, að bankinn í svipinn hafi allmiklu minna að leggja við varasjóð sinn, heldur en tíðkast hefir að undanförnu. Slíkt þarf að athugast nákvæmlega. En um hitt, hversu mikið tjón bankinn bíði í framtíðinni getur enginn sagt nú, og er nær að reyna að fyrirbyggja það, að bankinn bíði tjón, heldur en að spenna upp einhverjar tapáætlanir, sem auðvitað ef til vill væri hægt að framfylgja, en sem engin ástæða er til að byggja á fyrirfram. Það verður að gera ráð fyrir, að allir geri sitt bezta.

Jón Sigurðsson: Það er ekki nema eðlilegt, að landsbankinn standi sig illa og sé lítt fær um að borga þetta, því eins og kunnugt er, hefir hann haft mörg útgjöld. Fyrst kostaði rannsóknarnefndin 9000 kr. og svo hafa þessir ólöglegu gæzlustjórar kostað hann 3000 kr. Það verður til samans 12000 kr., sem hann hefir orðið að gjalda fyrir þetta ólöglega bankafargan. Það er ekki rétt að skella þessu á landssjóð, en það gera menn með því að samþykkja þetta frumv. Það er búið að fara svo með landssjóð, að hann hefir nóg með sjálfan sig. Auk þess hefir hann í mörg horn að líta. Það er skylda þingsins að fara varlega í því að íþyngja landssjóði og losa bankann við lögboðin gjöld. Menn þurfa að þekkja sögu bankans betur en menn gera nú, áður en þeir samþykkja þetta frumv.

Eg legg því til, að máli þessu sé vísað til landsbankanefndarinnar eða einhverrar annarar nefndar.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg skal svara fyrirspurninni þannig, að eg veit ekki til að bankinn hafi beðið neitt tap. Við höfum afhent bréfin með sama verði og við gáfum fyrir þau.

Hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að tapið ætti að liggja milli hluta. 9000 kr., sem bankarannsóknin hefir kostað, hefir bankinn borgað hér um bil að hálfu, með þeim fyrirvara, að þingið skæri úr, hvort landssjóður ætti að borga það eða bankinn. Það er nógur tími að tala um aukagepla-gæzlustjóra, þegar úrskurður hæstaréttar er kominn. Hingað til hefir bankinn ekki borgað nema einum gæzlustjórum. Hvað þingið kann að gera, veit eg ekki; hvort það lætur bankann borga tvennum gæzlustjórum eða einum, en það væri óréttlátt að láta hann borga tvennum.

Háttv. þm. Mýr. (J. S.) talaði mikið um það, að landssjóður hefði mikil gjöld en litlar tekjur. Eg verð að segja það, að ef allir hefðu jafnan aðgang að því að útvega sér tekjur, eins og landssjóður hefir, þá væru ekki eins mikil vandræði og nú eru. Hann talaði um, að maður þyrfti að þekkja bankann og kynna sér bankasöguna. Það var auðheyrt á því sem hann sagði, að hann þarf að kynna sér hana; og ef hann

hefði ómakað sig ofan í bankann, þá hefði hann getað fengið þær upplýsingar, sem hann auðsjáanlega vantar nú.

En þeir þingmenn, sem eru andvígir því, að bankarannsóknin fór fram, loka nú augunum. Fyrst er þó að hafa einhverja vissu, svo er að dæma.

Þetta mál er rannsókninni alveg óviðkomandi, og harla einkennilegt, að bankafarganinu skuli vera fléttað inn í þetta mál. Og þeir menn, sem bera hag bankans fyrir brjósti, — og það vona eg að allir geri, — munu eflaust samþykkja frumv.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson S.-M.
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Pétur Jónsson: Eg legg til, að málinu sé vísað til peningamálanefndarinnar.

Sþ. með 19 shlj. atkv. að vísa málinu til peningamálanefndarinnar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 77, n. 319).

Forseti lýsti því yfir, að frumv. hefði verið tekið aftur.

Lögheiti á stofnunum.

FRUMVARP til laga um lögheiti á nokkrum stofnunum á Íslandi.

Fyrsta umr., 21. febr. (A. 32).

Flutnm. (Benedikt Sveinsson): Með því að eg er einn af flutningsmönnum þessa frv., þykir mér hlýða að gera grein fyrir því með nokkrum orðum. Á síðasta þingi bar virðul. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) fram frumv. líks efnis þessu; miklu var það þó víðtækara en frumv. það, sem nú liggur fyrir. Frv. náði ekki fram að ganga þá, en samþykt var áskorun til stjórnarinnar um að leggja fyrir alþingi frumv. líks efnis. Með þessu félst deildin á, að málið væri athugunarvert, og vænti eg því, að þessu frumv. verði vel tekið. Stjórnin hefir nú ekki orðið við þessari áskorun þingsins, og því samdi virðul. flutningsmaður frv. á síðasta þingi þetta frv., sem hér liggur fyrir, og fékk okkur 2 með sér sem flutningsmenn, er á frv. standa.

Eg skal þá gera nokkura grein fyrir heitunum, og hirði þó ekki að fara ítarlega út í það mál. Eg skal fyrst benda á bókasöfn þau, sem kend eru við ömt. Þau heiti eru orðin úrelt, því að þær stofnanir eru ekki til hér lengur. Ömtin voru einveldisstofnanir, settar upp á 17. öld, og stóðu til 1904. Eg vænti því, að menn verði fúsir á að lagfæra þetta, enda er nú sem betur fer, fátt eftir af einveldisstofnununum, eða ekkert, ef frá er skilinn landsyfirdómurinn. En nú liggur fyrir þinginu tillaga um að endurskoða dómaskipan í landinu, og er líklegt, að þar með verði þeirri stofnun, landsyfirdómnum, komið í annað horf. Vér leggjum til, að bókasöfnin verði kend við landsfjórðungana. Fjórðungur er eldgamalt heiti og þjóðlegt og hefir haldist allar götur frá því er Þórður gellir kom fram fjórðungsdómum á alþingi 965.

Viðvíkjandi því að setja »þjóð« fyrir »land«, má vera að sumum sé ekki ljós munurinn á því, en við nánari athugun býst eg við, að það skýrist fyrir mönnum. Með útlendum þjóðum er forskeytið »land« venjulega haft um minni háttar stofnanir, héraða eða sveitastofnanir, en allsherjarstofnanir eru kendar við þjóð (nation, national). En þar sem Ísland er sérstakt þjóðland, þá þótti oss réttara að taka upp orðið »þjóð« í heitum ýmsra stofnana, enda er orðið vel fallið til samskeyta.

Eg tel víst, að ekki muni allir verða á einu máli um heiti þau, er frumv. fer fram á að lögleiða, og tel því réttast að setja nefnd í málið. Leyfi eg mér að stinga upp á þriggja manna nefnd í það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal ekki fara langt út í efni þessa frv. Mér finst það vera að leika sér með tíma þingsins að bera upp slíkt frumv. sem þetta, og skipa sérstaka nefnd til að íhuga það. Alþingi getur breytt heiti þeirra landsstofnana, sem á fjárlögum eru, á annan hátt en með sérstökum lagaboðum, enda hefir alþingi gert það. Landsbókasafnið hét í öndverðu »stiftsbókasafn« alt til 1881; þá breytti alþingi nafninu á fjárlögunum, Og þannig mætti fara að með fleiri stofnanaheiti, blátt áfram breyta nöfnunum á fjárlögunum.

Um landsbankann er það að segja, að mér er illa við að breyta nafninu. Bankinn er orðinn þektur með því nafni, sem hann hefir, og honum mætti vel verða bagi að nafnbreytingu, einkum að því er kemur til viðskifta bankans við útlönd.

Aftur er öðru máli að gegna um forngripasafnið; það er miklu fremur þjóðmenjasafn en forngripasafn, því að þar varðveitast þjóðmenjar frá öllum tímum, enda minnir mig, að þess fulla heiti sé »Forngripa- og þjóðmenja safn«.

Nafninu á bókasöfnum fjórðunganna má vel breyta á fjárlögunum.

Mér hugnar ekki að kalla landssjóð »allsherjar féhirzlu Íslands«, þykir það of langt nafn.

Ástæða virðul. flutningsmanna fyrir frumv. þessu, að minni háttar stofnanir séu víða á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð og í Danmörku, kendar við »land« þ. e. sveit eða hérað, og því sé réttara að taka upp heitið »þjóð«, hefir ekki stoð í íslenzku máli, því að ríki eða þjóð hefir ekki víðari merkingu í íslenzku en *land*. Með Norðmönnum hefir einnig haldist sama merking í orðinu land sem með oss. Það er fornt og ramíslenzkt, að hafa »land« í merkingunni »ríki«.

Eg vil leyfa mér að skjóta því til virðul. flutningsm. hvort þeir mundu ekki vilja taka frv. aftur; það er of mikill »apparatus« um svo lítilfjörlegt mál, að gefa út um það sérstök lög og eyða tíma þingsins í nefnd og umræður um málið, þar sem einfaldast er að breyta heitunum á fjárlögunum.

Flutnm. (Benedikt Sveinsson): Mér kemur það á óvart, að virðul. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skuli taka svo óstint í þetta mál, því að hann hefir oftast tekið í þann strenginn, er betur gegndi um íslenzka tungu og lagfært ýmislegt í málinu.

Virðul. þm. drap á, að breyta mætti nöfnunum í fjárlögunum, og gat þess, að svo hefði verið gert um landsbókasafnið 1881. Það er að vísu fær vegur að breyta nöfnunum í fjárlögunum, en efamál, hvort sé fyllilega löglegt, og er það meðal annars athugandi í nefnd.

Viðvíkjandl landsbankanum hélt v.l. þm. að nafnaskifti mundu spilla fyrir viðskiftum bankans utanlands. En við-

skifti bankans eru ekki svo margbreytt né við svo margar stofnanir utanlands, að það væri neinum vandkvæðum bundið fyrir bankann að tilkynna skiftavinum sínum nafnsbreytinguna. Það væri einnig síður en svo, að vegur bankans yrði minni, ef hann héti *þjóð*banki (Nationalbank) í stað landsbanki, að slíkt mundi einmitt auka álit hans í útlöndum. Auk þess er það óheppilegt, að báðir bankarnir hér skuli heita nálega sama nafni, og er það eitt með öðru, sem styður breytinguna. Þessi samnefni bankanna, »landsbanki Íslands« og »Íslands banki« hafa oft valdið ruglingi og misskilningi utanlands, einkum framan af, enda var heitið á »Íslands banka« tekið upp fyrst meðan sú var tilætlunin, að hann yrði *einn* banki hér á landi og hinn yrði lagður niður, en nafnið hélzt síðan óbreytt, þótt landsbankinn stæði. Nú er tækifærið til þess að afstýra öllum ruglingi, er leitt getur af þessum líku heitum bankanna.

Það er satt, að »allsherjar féhirzla Íslands« er ekki sem viðkunnanlegast heiti, og mætti vafalaust finna heppilegra nafn.

Það er rétt, að »land« hefir oft sömu merkingu sem »ríki«i í slenzku, einkum að fornu fari, en munurinn kemur glögglegast fram, þegar orðinu er snúið á útlendar tungur, eins og eg tók áður fram.

Að lokum vil eg endurtaka þá ósk, að háttv. deild kjósi nefnd í málið, sem vinni að því að ráða því til heppilegra lykta.

ATKV.GR.:

3 manna nefnd kosin með 13 : 8 atkv. og hlutu kosningu með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson.
Jón Ólafsson.
Sigurður Gunnarsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var kosinn formaður Sig. Gunnarsson, en skrifari Benedikt Sveinsson. Frá nefndinni kom ekkert nefndarálit.

Lögskráning mannanafna.

FRUMVARP til laga um lögskráning mannanafna.

Fyrsta umr., 6. marz (A. 73).

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki halda langa ræðu. En byrja skal eg á því, að eg álít það bæði leiðinlegt og sorglegt, ef þessi þjóð þarf að gæta þjóðernis síns með löggjöf. Íslendinga mætti þó reka minni til þess, að það er tunga þeirra, sem þeir eiga alt að þakka, bæði að varðveitst hefir þjóðernið sjálft, og eins frægð sína meðal annara þjóða. Þeir ættu því sízt að láta skemmast þann dýrgripinn, sem þeir eiga beztan. En eg hygg, að enginn geti neitað því, að það sé skemd að breyta mannanöfnum, sem hafa haldið sér óbreytt alla tíð hingað til. Og þessi ósiður að kenna sig við afa sína og langafa, og kalla kvenfólkið syni feðra sinna eða manna sinna, en ekki dætur o. s. frv., alt er þetta ekkert annað en apakattarháttur, sem óþjóðræknir Íslendingar hafa tekið upp eftir útlendingum nú á síðari tímum, eins og mönnum hættir við að gera, þegar þeir eru að missa virðinguna fyrir sjálfum sér. Öll ónöfn bera vott um vanrækt við þjóðernið. Ekki er svo að skilja, að eg telji bót að neinum þjóðernishroka, en svo mikið á hver að virða sjálfan sig, að hann taki það góða, sem hann hefir fram yfir það illa, sem aðrir hafa. . Eða hugsum oss að á kjörskrám þessa bæjar standi: »Vogi frá Jónsson Bjarni«. Hér var boðað til þingmálafundar í vetur, og á þeim skrám var t. d. Bjarnason Lárus talinn með» B«-um,

og Björn Ólsen, er líka hefir ættarnafn, sömuleiðis talinn með »B«. Þetta er engin samkvæmni. Það ætti að vera nokkurn veginn sjálfsagt, enda auðveldast, að hafa skírnarnafnið fyrst. Þetta hefir leitt til þessa frumvarps, sem fer fram á það, að íslenzk mannanöfn skuli framvegis verða rituð á skrám og skýrslum samkvæmt tungu og þjóðsiðum, eins og áður var.

Menn munu nú segja, að þetta sé smátt. En ef þjóðin lærir að óvirða sig í mörgu smáu, þá kemur hitt á eftir, sem stærra er. Sumir segja, að ættarnöfnin séu svo glögg og góð fyrir ættfræðingana. En nú vita það allir menn, að hvergi hefir ættfræðin blómgast eins vel og hér, og einmitt í öðrum löndum eru menn í vandræðum með ættarnöfnin, t. d. í Danmörku. Það er ekki stórt betra að heita Jensen eða Sörensen þar heldur en Jón Jónsson hér.

Það má líka bæta úr samnöfnunum með kenningarnöfnum, líkt og áður var títt, en aldrei myndi Snorri goði hafa verið kallaður goði Snorri, og því síður myndi Þorgerður Egilsdóttir nokkuru sinni hafa verið kölluð fröken Skallagrímsen, eins og »Þorgils gjallandi« komst svo heppilega að orði.

Eg vil nú ekki orðlengja frekar, heldur einungis segja það, að eg álít fulla ástæðu til að samþykkja frumv. þetta, með þeim breytingum, er háttv. deild kynni að þykja nauðsynlegar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er nú hvorttveggja, að eg er hvorki læknir né yfirsetukona, enda er eg því óvanur að fást við ófullburða fóstur. Öll ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) var um eitthvert frumv., sem ekki er fætt enn þá, en snerti varla þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það lítið að hann mintist á það, virðist hann vera því heldur andvígur. Hann talaði um ættarnöfn og þótti þau óþjóðleg. En það er ekkert í þessu frumvarpi, sem bannar mönnum ættarnöfn. Þvert á móti gerir það ættarnöfnunum enn þá hærra undir höfði, því að þau eru hér undanþegin reglunni. Þau eiga að koma á undan skírnarnöfnunum, en hin ekki. Þetta frumv. segir ekkert um það, hvort menn eigi að heita synir eða dætur feðra sinna, heldur bannar það mönnum eingöngu að raða nöfnum hentuglega eftir stafrófsröð, t. d. á niðurjöfnunarskrám o. fl. þ. h. Engum dettur í hug að skrifa sig Jónsson Bjarna, en hraðvirkara er og hentugra, að svo standi á skránum. Því að enginn á nema 1 föður, en margir heita fleiru en einu skírnarnafni, og verður þá og verktöf að, ef menn þekkja þau ekki öll í röð. Eg man eftir því, að eg þurfti einhverju sinni að athuga aldur prestsins okkar síra Jóhanns Þorkelssonar, og fór að leita í stúdentatalinu, en fann það ekki á skránni, og leitaði eg lengi, þangað til eg datt ofan á Hans Jóhann Þorkelsson. Eg var búinn að gleyma þessu nafni mannsins, og eg hygg að varla muni fleiri en svo sem 10 af sóknarbörnum hans vita um þetta heiti. Svipað þessu hefir oftar komið fyrir mig. Einu sinni t. d. fann eg hvergi Júlíus Havsteen. Eg hringdi fóninum, og spurði J. H. af hverju það stafaði,og fékk þá að vita, að hann heitir Jóhannes Júlíus Havsteen. Öðru sinni var eg að leita að Skafta Jósefssyni og varð eg þá að fara gegn um stafrófið frá byrjun, þangað til eg fann Björn Skafta Jósefsson.

Þetta er mál, sem ekkert snertir tungu þjóðarinnar, því menn munu nefna sig eins og áður, þrátt fyrir þetta. Þetta er eingöngu gert til hægðarauka, að raða eftir föðurnöfnunum. Eg get bent á það, að Grikkir nefna sig eins og vér, með skírnarnafni og föðurnafni. En

takið grískar bókaskrár, þar er þeim raðað eftir föðurnöfnunum, því að það gera allar þjóðir undantekningarlaust. Mér virðist það satt að segja kenna nokkurs harðræðis á þessari frelsistíð, að leggja lögbann við því, að menn raði í registrum, eins og handhægast er og varla annað en trúðleikur og skrípaskapur, að koma með annað eins frv. og þetta inn á þingið. Það hefir nóg önnur markverðari verkefni.

Alt þetta mikla tal háttv. flutnm. (B. J.) um óþjóðleg nöfn kemur þessu máli ekki við. Hér er hvort sem er í þessu frumv. gert ráð fyrir því, að ættarnöfn séu jafnrétthá og útlend nöfn, eða réttbærri en hin alíslenzku. Enn er það, að spurning getur orðið um það, hvenær nafn er íslenzkt og hvenær ekki. Nú heitir maðurinn *Niels*, og kalli sonur hans sig *Nielsson*, þá á það að koma á eftir skírnarnafninu, samkvæmt þessu frumv. En kalli hann sig Nielsen þá á það víst að koma á undan. Um þetta og þvílík markverð tilfelli þyrftu að vera ákvæði.

Alt er þetta markleysa ein, sem er ekki eyðandi tíma til og kemur auk þess ískyggilega nærri persónufrelsinu.

Jón Sigurðsson: Eg hafði búist við þessu líku frumv. frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.). Það er hans andi, sem leikur um það. Þessi dragsúgur misskilins þjóðernisrembings. En hann hefir fundið þann kost vænstan, að mæla eigi fram með því sjálfur, því að hann veit að hann er hér eins og hræða í varpi. *(Forseti:* Eg vil áminna þingmanninn um að viðhafa sæmileg orð).

Það er þá fyrst, að hér á að fara að lögákveða, hvernig nöfn skuli bóka hér á landi. Eg veit nú ekki til, að ágreiningur sé um það, því að allir skrifa skírnarnöfnin fyrst. Lögin eru því fyrst og fremst óþörf, og svo ganga þau mjög nærri einstaklingsfrelsinu. Það er þetta sem sumir vilja, að setja lög um alla skapaða hluti, láta löggjafarvaldið reka nefið niður í hvern kopp og kyrnu svo að segja. En sú stefna vona eg að ekki fái að festa djúpar rætur, því að það veldur aldrei öðru en ófriði og óánægju. Um útlendinga er ekki nema sjálfsagt að gera undantekningu, því að þeir eiga ekki að gjalda þess, að þeir eru í ókunnu landi. Um innlend ættarnöfn er öllu vafasamara, en margt er það, sem mælir með þeim, einkum þegar fólkið fer að fjölga. Aðrar þjóðir hafa séð það fyrir löngu, hvílíkur ófarnaður stafar af því, að girða um of fyrir útlend áhrif, hlaða um sig nokkurs konar kínverskan múr, sem ekkert kemst inn fyrir. Eg segi fyrir mig, að eg vil feginn halda í það, sem þjóðlegt er og engu góðu glata, en séu útlendu áhrifin þannig vaxin, að þau geti orðið landi og þjóð til heilla, þá vil eg hafa þau. Og eg vil benda á Kínverja og Japana. Kínverjar bygðu endur fyrir löngu múr í kringum sig, til þess að girða fyrir öll útlend áhrif, og afleiðingin varð sú, að þeir hafa nú staðið í stað 2000 ár. Öðru máli er að gegna með Japana. Þeir hafa lært af öfórum Kínverja. Þeir hafa samið sig að siðum annara þjóða, mest fyrir tilstilli keisara síns, sem er einhver frægastur maður, sem nú er uppi, sent menn til skólanáms til Evrópu o. s. frv. — Eins ættum við að gera. Þó að við enn höldum fast við okkar menningu, þá ættum við ekki að spyrna á móti framfara áhrifum frá þeim þjóðum, sem lengra eru komnar á menningarbrautinni, því að við erum orðnir allmikið á eftir. Það eina, sem eg gæti verið með í þessa átt, væri það að banna nafnaskrípi og vitlausan og óeðlilegan nafnasamsetning. En það mætti gera á annan hátt, en með lögum, og yfir-

leitt er þetta frumvarp þannig, að það ætti ekki að verða að lögum, og eg vona að það verði það aldrei.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Um þetta ljósmóðurhjal háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ó.) er það að segja, að hann er fróður maður og veit það, að Sókrates var vanur að líkja sér við ljósmóður. Hann var nú kunnur að því að leiða menn að sannleikanum, en þeir eru ekkert líkir menn. Þess háttar ljósmóðurstörf verður þessi háttv. þm. aldrei bendlaður við, nema ef hann vill leiða einhverja í gagnstæða átt við Sókrates. Ónýtist því fyrir honum samlíkingin, þótt hann hafi langt til hennar seilst.

Hann var að tala um það heilmikla langloku, að hægra væri að finna nöfn manna í skrám, væri þeim raðað eftir feðranöfnum og taldi þess mörg dæmi. En þá fyrst er örðugt að finna menn á slíkum skrám, er menn vita skírnarnöfn þeirra, en ekki hvers synir þeir eru. En það er þó miklu algengara, en hitt, sem hann taldi. Þá yrðu menn að leita gegn um alt stafrofið í hvert sinn.

Út af því, sem hinn háttv. þm. fann að frv. skal eg hugga hann með því, að ekki skal standa á mér, að taka upp frv. hans sjálfs frá 1881, og þá fundust honum engin vandræði í þessu, né held ur að banna að skíra konur *syni* einhverra manna. Hann talaði mikið um útlendinga, en það sjá allir, að hagræði er að því að hafa landlæg og útlend ættarnöfn fyrir framan, enda ófrelsi, ef útlendingar fá ekki að hafa þetta eins og þeir eru vanir; það myndi háttv. þm. sjálfur finna, ef hann væri erlendis og fólkið færi að kalla hann einhverju nafni, sem enginn kannaðist við. Það væri ofbeldi, og það vildum við ekki setja í lög. Hitt er rétt, að það mætti tiltaka, hve lengi það mætti haldast. Það er því svo langt frá, að hér sé verið að beita harðræði, að það er ekki nema andhælisskapur að finna sér þetta nokkuð til.

Þó að eg í ræðu minni hafi farið dálítið lengra en frv. sjálft, þarf háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ekki að vera að fjargviðrast út af því. Eg hefi tekið það fram, að gjarnan mætti gefa út lög í þá átt, að banna mönnum að bera annað nafn en skírnarnafn sitt og mun eg vera fús til samvinnu við háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) í því efni.

Að umræðum loknum vil eg svo leyfa mér að stinga upp á þriggja manna nefnd í málið.

Hannes Hafstein: Hvaða skoðanir sem menn annars hafa, kemur mönnum alment saman um það, að eitthvert vit þurfi að vera í frumvörpum þeim, sem flutt eru inn á þingið, — en það finst mér ekki vera í þessu frumvarpi. Frumv. segir í 1. gr., að sú ein skuli lögmæt skrásetning mannanafna í opinberum skrám, að skírnarnöfn séu látin standa á undan föðurnafni, ef maðurinn er íslenzkur og á ekki ættarnafn en á eftir ættarheiti í nöfnum útlendra manna. Á hitt er ekki minst einu orði, hverjar afleiðingar það eigi að hafa fyrir hlutaðeiganda, ef nafn hans er rangt skrásett. Það er því ómögulegt að átta sig á því atriði t. d., sem ekki virðist hafa svo óverulega þýðingu, hvort maður eigi að missa kosningarrétt sinn fyrir það, að kjórstjórn skráir nafn hans á kjörskránni öðru vísi, en hér er ákveðið, setur föðurheiti á undan skírnarnafni eða skírnarnafn á undan ættarnafni. Er það meiningin, að kjörstjórn eigi að neita að taka við atkvæði manns fyrir slíka »galla«, og alþingi að geta ónýtt kosningar fyrir slíka galla á kjörskrám? Er yfir höfuð meiningin, að nöfnin skuli skoðast sem óskráð og öll réttindi missast, sem við skráninguna eru bundin, sé ekki þessum kreddum fylgt?

Í 2. gr. frv. er fallinn burtu grein-

armunurinn á Íslendingum, sem ekki hafa ættarnöfn og útlendingum. Þar er alment ákveðið, að enginn skuli skyldur til að sinna reikningskröfu, nema skírnarheitið sé tilfært á kröfuskjalinu á undan föðurnafni eða ættarnafni. Þar er þannig skipað, að því er útlendinga snertir, þveröfugt við það, sem segir í 1. gr. Á skrám á ættarnafnið að vera á undan, ella er skráningin ógild. Á reikningum á skírnarnafnið að vera á undan, annars þarf hann ekki að borga. Þetta er skýrt, þó ástæðurnar séu torskildar. Hitt sést ekki, hvort krafan á alveg að missast — falla niður sem goldin skuld, eða fyrnd krafa — ef nafnið letrast á reikninga öðru vísi en 2. gr. frv. tiltekur. Yfir höfuð virðist frumvarpið alt tóm vanhugsuð lokleysa, og er vonandi að háttv. deild sýni nú þegar eindreginn vilja sinn í að vera ekki að eyða tímanum til hégóma og felli frv. strax.

Jón Þorkelsson: Þó að mitt nafn hafi nokkrum sinnum verið nefnt í þessum umræðum, hefi eg þó að eins heyrt 3 menn tala þá: 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), þm. Dal. (B. J.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) — aðra ekki.

Það kom fram í ræðu hv. 1. Eyf. (H. H.), að engar reglur væru settar fyrir því í frv., hvaða afleiðingar það hefði í för með sér, ef nöfn væru ekki rétt skrásett. Hann hefði víst ekki þurft að segja þetta neinum öðrum en sjálfum sér, því að það er skýrt tekið fram í frv., að ef nafnið er rangt sett á skrá, getur viðkomandi með slíkri skrásetning hvorki bundist skyldum né öðlast réttindi. Af því leiðir auðvitað, að menn eru ekki skyldir að borga þá reikninga, sem nöfn þeirra eru rangfærð á. Og eg vil taka það fram, að það er ekki að orsakalausu, að ákvæði þetta er sett inn í frv. Bæði eg og aðrir fleiri höfum rekið okkur á það, hve oft nöfn okkar hafa verið rangt rituð. Eg hefi t. d. fengið reikning fyrir aukaútsvari, þar sem á stóð Þorkelsson Jón. Eg heiti það ekki og vil ekki vera skyldaður til að borga þá kröfu, þar sem menn ekki kunna að fara með nafn mitt.

Mundi Íslandsbanki, þar sem hinn hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) er bankastjóri, taka þann víxil gildan, sem öfugt væri á rituð nöfn, svo sem Ólafsson Jón, Hafstein H. og þar fram eftir götunum? Mundi nokkur dómari skylda skuldunaut til að greiða þann víxil? Það er ekki rétt eða sæmilegt, að tala um þetta mál eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gerði. Þetta er enginn leikur. Það er alvörumál. Ruglingur á opinberum nafnaskrám hér á landi hefir verið og er til hins mesta óhagnaðar. Og hér er nú verið að setja fastar reglur um slík efni við opinbera starfrækslu, þar sem enn eru engar reglur. Það hefir engin regla verið á stærstu lögskrám hér í Reykjavík, það þekkjum við allir, og það hefir verið til hins mesta »trafala« að nota þær og »controllera« réttleik þeirra, eins og sagt er. En með þessu frv. fáum við skipulag á þær og tilgangurinn með frumv. er sá, að bæta úr því, sem bágur eru í — en leikur enginn.

Það blandast engum hugur um það, að um endilangt Ísland hefir það verið og er enn þá venja, að nefna menn að eins með skírnarnafni. Það kemur mjög oft fyrir, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, að menn vita alls ekki föðurnafnið, þekkja manninn ekki undir öðru nafni en fornafni, t. d. Jón frá Hólum o. s. frv.

Sú venja, að nefna menn eingöngu með skírnarnafni, er orðin svo rótgróin hjá þjóðinni, að það væri stakasta ofbeldi á landsvana, að leiða það gagnstæða inn, eins og nokkrir menn, einkum hér í Reykjavík virðast hafa fyrir stafni. Fyrir slíku verður að stemma stigu, ekki eingöngu af því, að það er

óþjóðlegt, heldur og vegna þess, að það er óhaganlegt.

Eg er alveg samdóma hv. þm. Dal. (B. J.) í því, að það væri full ástæða til þess að athuga og setja reglur fyrir hvaða ættarnöfn megi taka upp.

Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir í þessu efni einnig verið þeirrar skoðunar fyrir 30 árum síðan, því að hann lagði fyrir þingið 1881 frv. þess efnis, að hver sá maður, sem í leyfisleysi tæki sér ættarnafn skyldi gjalda alt að 500 kr. sekt. Nafnbótarskatt vildi hann líka hafa, 10 kr. á hvert atkvæði í orðinu. Síðan hefir þessi háttv. þm. verið í Ameriku, þar sem það er venja meðal landa vorra að skrumskæla svo nöfn sín, að enginn þekkir þau. Og því mun hann nú kominn á aðra skoðun, en fyrir 30 árum. Var þá vel á stað farið hjá hv. þm. og málið fullkomlega þess vert, að því væri gefinn vendilegur gaumur.

Eg man ekki afdrif málsins á þinginu 1881, »en hérna liggur bevísið« fyrir því, hvað háttv. þm. vildi þá.

Hann talaði og mörgum orðum um það, að frumvarp þetta gengi of nærri persónulegum rétti manna, en því er til þess að svara, að það gengur ekki nær persónulegu frelsi en frumv. þingmannsins 1881, og fer jafnvel skemra en hv. þm. fór þá, því að eg man ekki betur, en hann færi líka fram á það, að ekki skyldi leyfilegt að skíra börn nema ákveðnum nöfnum. Það situr því illa á þingmanninum, að vera að bera brigsl á okkur flutningsmenn þessa frumvarps. Annars væri ekki fjarri að setja inn í frumv. ákvæði um ættarnöfn og að hver maður, sem vildi taka upp nýtt nafn, skyldi kaupa leyfi til þess. Það er ekki hvað sízt ástæða til þessa einmitt nú, þar sem margir menn á seinni tímum hafa hlaupið í að taka upp ýms nafnskrípi. Hún mun alkunn sagan úr landsbankanum, þegar maður kom inn og bað um lán. Hann var spurður að heiti og kvaðst heita Stefán Loðmfjörð. Annar gæzlustjórinn, Eiríkur Briem, sagði, að ekki væri hægt að lána þeim mönnum, sem hvergi fyndust í nokkrum bókum, enda mundi Stefáni þessum hafa orðið torvelt að ná sér í skírnarvottorð með þessu nafni á. Það eru jafnvel dæmi til þess, að menn hafa tekið upp áður kunn nöfn og stolist þannig inn í aðrar ættir. Það er því ekki vanþörf á lagaákvæðum um það, að enginn megi breyta um eða taka upp ný nöfn án leyfis og eftir ákveðnum fyrirmælum. Það eru líka dæmi til þess, að kunnum jarðanöfnum hefir verið breytt upp úr þurru. Menn hafa hlaupið að þessu eins og orfinu sínu; stundum hefir það verið auglýst og stundum ekki. Hér þarf líka fastar reglur um.

Eg vona nú, að háttv. deild taki máli þessu með þeirri skynsemd og alvöru, sem jafn merkilegu máli sæmir. Eg býst við, að þriggja manna nefnd verði kosin í það og það nái fram að ganga óbreytt, eða með skynsamlegum breytingum, sem frá nefndinni kunna að koma.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er einkennilegt með háttv. flutningsm. þessa frumv., að þeir tala um alla heima og geima, nema bara ekki um frumv. sjálft. Þeir ætla að nota það sem vopn á mótl mér, að eg bar fram hér á þingi 1881, frumvarp þess efnis, að mönnum skyldi ekki leyft að breyta nöfnum sínum alveg út í blåinn. Þetta er alveg rétt. Eg bar það frumvarp fram og eg er samdóma því enn þann dag í dag. Hugsum okkur t. d. mann, sem heitir Meyvant, hann tekur upp á því einn góðan veðurdag að kalla sig Eymund. Slíkt ætti að vera óleyfilegt. Það er ekki til annars en að rugla heimildum, svo að erfiðara verður fyrir þá, sem eiga hann t. d. um skuldir að krefja, að hafa

upp á honum. Það er alveg eins með dæmið, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) nefndi: Maður, sem heitir Stefán Jónsson, tekur upp á því að kalla sig Loðmfjörð. Slíkt á ekki að eiga sér stað. Hvað það snertir, að skíra upp jarðir, þá er það alsendis ólöglegt. Öll bæjarnöfn eru löglega skráð í jarðabókinni frá 1861. Það er lögtekin bók og breytingar einstakra manna á nöfnum þeim, sem í hana eru skráð, eru ólögmætar. T. d. er það fullkomin lögleysa að kalla Hvammkot Fífuhvamm eða Grafarkot Grafarholt. Lögheitið er í jarðabókinni frá 1861.

Þetta er nú alt saman mikið rétt, en það kemur ekki minstu vitund við því frumvarpi, sem nú er verið að bera hér fram, því að þess efni er ekki neitt annað, en að banna starfsmönnum að raða nöfnum í þeirri röð, sem þeim er hentast og greiðvirkast. Eg vil líka leyfa mér, að benda á eina afleiðingu, sem það hefir í för með sér, ef frumv. þetta verður samþykt. Með því yrði kastað í sjóinn um 8000 kr., eða meiru, sem eytt hefir verið í að skrásetja allar bækur landsbókasafnsins. Þær hafa verið skrásettar á þann hátt, sem tíðkast í öllum heiminum og er undarlegt, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), sem þó er einn í þeirri nefnd, sem hafði umsjón með þessari skrásetningu skuli nú fyrst koma með þessa breytingu. Það er skritið að hann vill nú gera það að engu, sem hann áður hefir samþykt. (*Jón Þorkelsson:* Hefi aldrei samþykt það, það var byrjað á því, áður en eg kom í nefndina). Háttv. þm. átti þá að fá því breytt. (*Jón Þorkelsson:* Gat það ekki). Onei — reyndi það víst aldrei. Jæja! En þetta yrði samt allkostnaðsöm breyting.

Stundum er það líka, að menn breyta ekki sjálfir nöfnum sínum, heldur gera aðrir það í þeirra stað. Eg var nýverið að skrifa upp hjá mér skrá yfir nefndir hér í deildinni, og hverjir væru í hverri. Eg hafði af hending fyrir mér »Ísafold« og fann þar nokkrum sinnum Bjarna Jónsson frá Vogi. En eftir »Föstudaginn langa«, þegar vantraustslýsing var samþykt hér í Nd., hverfur þetta nafn, en í staðinn kemur »Vog-Bjarni«. Slíkt er algerlega óheimil breyting. Annars skal eg ekki fjölyrða um þetta. Eg vona, að málið verði strádrepið og ekki einu sinni sett í nefnd. En verði nefnd sett í það, vildi eg leggja til, að það yrði 5 manna nefnd og álít eg þá heppilegast, þar sem 5 Jónar eru í deildinni, að það yrði »Fimmjóna nefnd.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J.Ól.) vill ekki batna. Hann heldur því enn þá fram, að við flutningsm. séum aldrei við efnið, en tölum um alt annað. Þar á hann víst við, að okkur hefir verið fjölrætt um frumvarp hans frá 1881. Nú hefir hann sjálfur sagt, að það hafi verið framflutt til þess, að menn gætu ekki vilt heimildir á sér, og sýnir þar með, að frumv. fer í sömu átt og okkar frv. Við viljum ekki láta villa heimildir á okkur né öðrum manni og því er það rangt, að eg sé á kjörskrá nefndur Jónsson Bjarni. Eg heiti það alls ekki. Eg er skírður Bjarni og faðir minn hét Jón. Það er því að villa heimild á mér, ef eg er kallaður annað en Bjarni Jónsson. Það er alveg rétt hjá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að mörg dæmi eru til þess, að menn yfirleitt þekkja ekki nema skírnarnöfn margra manna. T. d. er Torfi í Ólafsdal alþektur maður, en fæstir munu vita, hvers son hann er. Eg gæti nefnt fleiri. Jón Ólafsson þekkja flestir, en hvað margir ætli kannist við Ólafsson Jón? Allir mundu

leita að honum undir Jón — hann er og verður meðal Jónanna í hvaða Jónasambandi svo sem hann er.

Undarleg mótbára er það gagnvart frumvarpi okkar, að það á að gera mönnum erfiðara að semja skrá í stafrófsröð. Eg hélt þó satt að segja, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem er orðabókahöfundur, væri kunnugt um það, að það er jafn erfitt, eða jafn létt, að raða öllum orðum eftir bókstöfum. Því skyldi þá vera erfiðara að raða sonarnöfnum en föðurnöfnum? Það er mér óskiljanlegt.

Ein ástæðan móti frumvarpi okkar á að vera sú, að nái það fram að ganga, fari 8000 kr., sem landsbókasafnið hefir varið til bókaskrársetningar, til ónýtis. En má eg spyrja? Hvenær hefir alþingi veitt fé til þess að semja skrá yfir öfug mannanöfn. Mér er ekki kunnugt um það. En hafi hér verið farið að eins og ónefndur maður gerir, þegar hann les bibliuna, er víst ekki vanþörf á að endurskoða það og láta þá, sem það hafa gert, standa reikningsskap gerða sinna.

Hvað ummælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, að eitt meiri hl. blað, hafi kallað mig Vog-Bjarna, viðvíkur, vil eg geta þess, að eg tel það mikið betra og réttara nafn en Jónsson Bjarni, því að Vog-Bjarni er þó símnefni mitt og hefi eg ekkert á móti því, þótt einhver nefni mig með því, en hitt er uppnefni, sem mörg af Heimastjórnarblöðunum hafa kallað mig, Voga-Bjarni, og hefi eg hugsað mér að stefna þeim fyrir það.

Eg hygg nú, að menn hafi heyrt nægju sína í þetta sinn. Vona að nefnd verði kosin í málið og henni gefist tóm til að lesa gömul frumvörp Jóns Ólafssonar og sjá samkvæmni hans.

Jón Magnússon: Það er hv. flutningsm. (B. J.) að kenna, að umræðurnar um mál þetta eru komnar inn á nokkuð óeðlilega braut. Hér er ekki um annað að tala, en að fyrirskipa, hvernig nöfn manna á opinberum skrám verði haganlegast skráð. Háttv. flutningsm. talaði mörg óþarfa orð um þjóðerni og þjóðernistilfinningu. Þetta mál kemur þjóðernistilfinningunni ekkert við. Heldur háttv. flutningsm. (B. J.), að menn geti ekki verið eins þjóðræknir, þótt þeir hafi eða taki sér ættarnafn. Halda menn að aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, Danir og aðrar þjóðir, hafi mist þjóðerni sitt, er þeir tóku upp ættarnöfn alment í stað þess að kenna sig við föður sinn, eins og hér tíðkast. Slíkt er hin mesta heimska og fjarstæða. Önnur heimskan er sú, að vera að blanda hér inn í reglum um viðskifti manna í milli, eins og gert er í 2. gr. Slíkt á alls ekki hér við, auk þess sem fyrirmælin eru í sjálfu sér óheppileg. Það getur vel verið, að þurfi að gefa reglur um skrásetningu mannanafna, en alstaðar annarstaðar en hér, mundi hafa verið vísað til stjórnarinnar, að setja slíkar reglur. En hér á landi þarf alt að koma frá þingmönnum. Þeir koma hver úr sínu horni með breytingar og nýmæli um alla skapaða hluti; þess vegna verður engin eining í löggjöfinni.

Mér liggur í léttu rúmi, hvort nefnd verður skipuð í málið eða ei. Það væri að eins tímatöf. Réttast væri að fella frumvarpið þegar. Eg stóð aðallega upp til þess að mótmæla því, að þingmenn eigi rétt á að koma með slík frumvörp og þetta, og hafa svo í brigslum, að þeir, sem væru móti þessu frumv., væru óþjóðræknir ef ekki föðurlandssvikarar. Slíkt er óhæfa einber og mjög vítavert.

Jón Þorkelsson: Háttv. þm. Vest. (J. M.) gerðist nokkuð stórorður í garð okkar flutnm. út af 2. gr. frv., og lá við

að hann væri að bregða okkur um heimsku. En eins og eg hefi áður tekið fram, var sú grein ekki að þorsakalausu né óviljandi sett inn í frumv. Eg sagði það áðan, að mörg dæmi væru til þess, að nöfn manna væru rangfærð á reikningum, t. d. hefi eg fengið reikning fyrir aukaútsvari undir ólöglegu nafni. Og eg efast ekki um, að bæjarfógeti mundi hafa hikað sér við að taka lögtaki upp á slíka nafnleysu. Allar opinberar skrár hér í bæ úa og grúa af vitleysum og ósamkvæmni. Raunar hefir bæjarfógeti ekki samið þær, heldur bæjarstjórnin. En það varðar minstu máli. Hitt skiftir meiru, að hér þarf að lagfæra, og því er frumvarp þetta því ekki að ástæðulausu fram komið.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Eg vildi aðeins mótmæla þeim orðum háttv. þm. Vest. (J. M.), að mál þetta væri ranglega bendlað við þjóðernið. Hver þjóð verndar tungu sína, ekki að eins í orða- og setningaskipun, heldur og í mannanöfnum. Þetta frumv. er stílað upp á það, að mannanöfn standi þveröfug á opinberum skrám. Það á að koma í veg fyrir, að menn séu nefndir öðrum nöfnum en þeim, sem þeir heita. Ef sú lenzka kæmist á, að nöfn stæði öfug á slíkum skrám, þá mundu öfugu nöfnin festast við menn, og valda skemdum á máli og þjóðerni. Frv. girðir fyrir þá hættu, og því með réttu sett í samband við þjóðernisrækt. Eg skal kannast við, að það ristir eigi nógu djúpt, en vonandi kemur áframhald seinna, þannig að margir óþjóðlegir siðir verði afnumdir. En með þessu frv. er þó ein greinin af okkar versta þjóðernismeini af höggvin.

ATKV.GR.:

3 manna nefnd sþ. með 14 : 6 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jón Ólafsson,
Bjarni Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jón Þorkelsson valinn formaður, en Bjarni Jónsson skrifari. Frá nefndinni kom ekkert nefndarálit.

Bændaskóli á Eiðum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um bændaskóla 10. nóv. 1905.

Fyrsta umr., 4. marz (A. 74).

Flutnm. (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Frv. þetta er framkomið út af því, að sýslunefndir Múlasýslna sampyktu að bjóða landssjóði Eiðaskóla með öllum eignum skólans gegn því, að halda þar uppi bændaskóla.

Eins og kunnugt er, er það hið mesta áhugamál vor Austfirðinga að hafa búnaðarskóla eystra, en erfitt veitir að hafa hann í lagi. Bændaskólalögin frá 1905 slógu því föstu, að bændaskólar skyldu vera tveir á landinu, annar á Suðurlandi, en hinn á Norðurlandi og skyldi sá síðartaldi vera á Akureyri. Nú atvikaðist svo, að Hólaskóli var aldrei fluttur, og þar er nú skólinn fyrir Norðurland. Oss Austfirðingum þykir erfitt að sækja til Hóla, en þykir sárt að leggja niður vorn eigin skóla. Þau ráð, sem fram hafa komið, til að dubba upp á skólann, hafa reynst erfið í framkvæmdinni, því að tvö sýslufélög eiga skólann og skiftar skoðanir, hver ráð eigi að hafa við hann. Þess vegna hefir þetta frumv. komið fram, og er ætlun vor með því, að tryggja oss skólann áfram, og tálma því, að hann mæti nokkurum þeim hindrunum, sem dregið geti úr framkvæmdum hans.

Skólinn á töluverðar eignir, rúmlega

60 þús. kr. Það virðist því ekki ósanngjarnt skilyrði fyrir því, að landssjóður fái fullan eignar- og afnotarétt á eignum skólans, að landið taki að sér að halda þar uppi bændaskóla samskonar og þeim tveim, sem fyrir eru.

Eg vænti að þingið taki þessu máli vel. Eg býst við að það verði falið nefnd til athugunar, og geri ráð fyrir að það gangi til landbúnaðarnefndarinnar. Um þetta vænti eg uppástungu úr annari átt. Eg vonast fastlega eftir, að þeir háttv. þingm., sem aðhyllast stefnu miliiþinganefndarinnar frá 1905, taki liðlega í málið, í fyrsta lagi sökum þess, að Hólaskóli var ekki fluttur, í öðru lagi við athugun á því, hve hart er að oss gengið, ef hvorki er samþykt að gera skólann að landseign, né heldur veittur svo ríflegur styrkur til hans, að hann geti komið að fullum notum. Þetta er sú eina mentastofnun vor Austfirðinga, og er þjóðleg stofnun, því að skólinn er í blómlegu héraði.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um málið. Vænti eg góðs fylgis hinnar hv. þingd.

Sigurður Gunnarsson: Eg er hlyntur því, að málið sé tekið til rækilegrar íhugunar. Mér og fleiri háttv. þm. hafði komið til hugar að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar. En síðan hefi eg heyrt raddir um, að heppilegast væri, að kosin væri sérstök nefnd. Nú með því, að mér er kunnugt um, að háttv. þdm. eru yfirleitt ekki vel búnir undir nefndarskipun í þetta sinn, skal eg leysa hnútinn með því, að leyfa mér að æskja þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Flutnm. (Jón Jónsson N. Múl.): Eg fyrir mitt leyti get fallist á, að frv. verði tekið út af dagskrá.

Forseti: Samkvæmt ósk flutnm., tek eg frumv. hér með út af dagskrá.

Fyrsta umr., (framh.) 6. marz (A. 74).

Flutnm. (Jón Jónsson N.-Múl.): Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, vil að eins leggja til, að nefnd verði kosin til að íhuga það; vænti eg að hin háttv. deild telji málið svo þýðingarmikið, að það sé þess vert. Hér er um stórmál að ræða fyrir heilan landsfjórðung. Eigendur skólans hafa gert tilboð um að selja hann, ekki vegna þess, að þeir vilji losna við eignina, heldur vegna hins, að þeir vilja að hann verði landinu til gagns. — Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að skipuð verði 5 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.

5 manna nefnd sþ. með 18 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Jónsson, N.-Múl.
Jón Jónsson, S.-Múl.,
Björn Sigfússon,
Sigurður Gunnarsson,
Pétur Jónsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jón Jónsson (N.Múl.) valinn formaður, en Pétur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framh. 1. umr., 11. apríl. (A. 74, n. 474).

Forseti tók mál þetta út af dagskrá samkvæmt ósk flutningsm., og kom það ekki aftur til umræðu, en í þess stað næsta frumvarp.

Stofnun húsmæðraskóla.

FRUMVARP til laga um húsmæðraskóla.

Fyrsta umr., 11. apríl (A. 473).

Framsm. (Pétur Jónsson): Eg hefi gert svo mikla grein fyrir þessu

máli í nefndarálitinu, að eg þarf ekki að fara mörgum orðum um málið.

Sem kunnugt er hefir legið fyrir tilboð frá sýslunefndum Múlasýslna, að þær vildu selja landssjóði Eiðaskólann, með því skilyrði, að þar yrði framvegis rekinn bændaskóli upp á landsins kostnað, líkt og á Hólum og Hvanneyri nú. Milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu lagði til, að skóli þessi væri lagður niður sem bóklegur skóli, en þar væri haldið við verklegri búnaðarkenslu á sumrum, og þingið félst á þetta og hefir veitt styrk einungis til verklegrar kenslu. En sýslurnar hafa haldið skólanum uppi síðan með líku sniði og á bændaskólunum er og vilja nú losna við veg og vanda af því. Það er sjálfsagt, að þó alþingi samþykki frumv. það, sem hér liggur fyrir um stofnun húsmæðraskóla á Eiðum, þá er þar í fólgið einungis tilboð þingsins um slíkan skóla. Haldi t. d. Múlasýslur því fast fram, að hafa þar bændaskóla og ekki annað, verður ekkert úr framkvæmd um húsmæðraskóla á Eiðum. En haldi þær aftur á móti ekki því máli til streitu, þá verður stofnaður þar húsmæðraskóli.

Húsmæðraskólamálið hefir fengið talsverðan undirbúning hér á þingi. Fyrst var flutt frumv. 1907 og samþykt í Nd. um húsmæðraskóla á Norðurlandi, en dagaði uppi í efri deild. Þar næst var málið til meðferðar 1909 hjá landbúnaðarnefndinni, og þá samið nefndarálit og samþykt þingsályktunartillaga um að stjórnin undirbyggi og rannsakaði málið til næsta þings. Um aðgerðir stjórnarinnar í því efni er þinginu ekkert kunnugt um. Eg vona nú, þar sem nefndin hefir orðið sammála um að snúast að þessu ráði, að mál þetta sæti ekki mótstöðu hjá hinni háttv. deild, enda fyllilega réttmætt og rétt, að þingið hugsi um, að konur geti átt kost á að búa sig undir æfistarf sitt, jafnt og karlar.

Bjarni Jónsson: Eg ætlaði að koma með brtill. við frumv. þetta, ef tími hefði til unnist. En með þeim hraða, sem öll mál eru nú rekin hér á þingi, þá þarf meiri mann en mig til að kynna sér öll gögn og afla sér nægilegra upplýsinga um hvert mál á örfáum dögum. Austfirðinga vantar bændaskóla, en húsmæðraskólinn ætti að sjálfsögðu að vera fyrir alt land, en með því að setja hann að Eiðum, mundi hann verða að eins fyrir Austfirðingafjórðung. En eg skal geyma mér frekari ummæli til 2. umr., og jafnframt rétt til að koma þá fram með brtill.

Framsm. (Pétur Jónsson): Gagn vart ummælum háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg taka það fram, að Austfirðingafjórðung vantar engu síður húsmæðraskóla en bændaskóla. Það bætir aftur á móti úr bændaskólaþörfinni þar, að ætlast er til að haldið verði þar uppi verklegri búnaðarkenslu eftir sem áður, og að það eru til bændaskólar í landinu, þó langt sé tilsóknar, en enginn húsmæðraskóli. Hins vegar skal eg játa, að skólinn er máske ekki eins vel settur og æskilegt væri, en engan veginn svo illa settur, að það þurfi að verða málinu að tjóni. Þetta verður ekki stór skóli hvort eð er; en þær konur, sem hingað til hafa orðið að sækja til útlanda í svona skóla, eiga þó léttara að sækja þennan.

Jón Jónsson (1. þm. M.-Múl.): Eg er framsögumanni þakklátur fyrir, hve vel hann hefir stutt þetta mál, og vona nú, að þetta mál fái góðar undirtektir. Eg hefi fallist á þessa stefnu, þótt eg sé ekki beinlínis ánægður með hana. Það liggur í hlutarins eðli, að eg hefði heldur viljað fá bændaskóla á Eiðum, en hins vegar játa eg fyllilega, að hús-

mæður þurfa engu síður en bændur að fá einhverja mentun, og að því leyti álitamál, hver skólinn er þarfari. Hér er heldur um enga stefnubreyting að ræða, heldur fylgt fram stefnu, sem áður hefir verið haldið fram hér á þingi um búnaðarfræðslu.

Bjarni Jónsson: Eg ætla mér ekki að ræða þetta mál neitt við þessa umr., en mun skýra frá því við 2. umr., hver skoðun mín er í þessu efni. Þó skal eg geta þess, að húsmæðraskóli er að mínu áliti alveg eins bráðnauðsynleg stofnun, og bændaskóli, en eg hefði helzt kosið að slá tvær flugur í einu höggi, og hafa bæði húsmæðra- og bændaskóla á þessum sama stað. Kvenfólk hefir ekki síður en karlmenn þörf á að læra að búa vel; það getur svo oft komið fyrir, að þær verði að öllu leyti að standa fyrir búi, t. d. ekkja, sem heldur áfram búskap að bónda sínum látnum. Um leið gæti kvenmaðurinn á þessari stofnun lært húsmóðurstörf. Þá yrði raunar meira verkefni skólans, en árangurinn yrði líka mikið meiri, og kostnaðurinn tiltölulega minni við það, að sameina þessar tvær kenslugreinir á einum stað, því að bókleg kensla yrði öll sameiginleg og þyrfti eigi að fjölga kennurum. Eg skal ekki fara út í þetta mál frekar að sinni, en mun, eins og eg sagði, skýra nákvæmar frá skoðun minni við 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 19. apríl (A. 473).

Framsm. (Pétur Jónsson): Eg hefi engu við að bæta það sem sagt er í nefndarálitinu. Eg skal geta þess, að samskonar frumvarp var til meðferðar hér í deildinni 1907, en náði ekki fram að ganga. Sumir munu hafa rekið augun í eitt ákvæði, nefnilega það, að landssjóður hafi á hendi rekstur skólabúsins, ef eigi verði hægt að fá hæfan mann til þess að reka bú á skólajörðinni. Þetta virðist nefndinni nauðsynlegt. Hinsvegar væri æskilegt, að búið væri rekið af góðum leiguliða, og á hans kostnað. Jörðin er sauðjörð góð, en ef búið er rekið vegna skólans einungis, þá mundi það aðallega vera kúabú.

Eg hefi viljað gera þessar stuttu athugasemdir, og heyra svo undirtektir þingmanna. Mun eg svo svara þeim, ef á þarf að halda.

Bjarni Jónsson: Eg hefi ekki haft tíma til að athuga þetta mál enn þá. Vinnubrögðin eru þau hér á þinginu, að 14—15 mál eru tekin fyrir daglega, og hefi eg ekki gáfur svo miklar, að eg geti sett mig inn í þau öll í einu. Eg vildi því beina þeirri fyrirspurn til háttv. framsm. (P. J.): Er það meiningin, að þetta sé húsmæðraskóli, sem sé fyrir alt landið og það eigi og styrki? Þá finst mér nokkuð öfugt, að fara að fara stofnsetja hann á Austfjörðum, þar sóm engir ná til hans, nema Héraðsbúar. Væri nú ekki vinnandi vegur að hafa skólann í því formi, að hann væri samskóli, þar sem bæði væru kend kvenleg fræði og svo bændavinna. Það stæði einmitt vel á, ef slíkur skóli væri fyrir alt Austurland. Ef 30 manns gæti verið í húsinu, mundi það nokkurnveginn svara til aðsóknarinnar, 15 af hvoru kyni. Nemendur gætu notið þar góðrar tilsagnar. Á slíkri stofnun myndi margt verða kent viðvíkjandi húsforsjá, sem konum er líka nauðsynlegt að læra. Þetta var að eins fyrirspurn til nefndarinnar, hvort þetta myndi ekki heppilegasta lausn á málinu, því að vel virðist mega koma slíkum samskóla á á þessum stað. Hvort eg kem með brtill. við 3. umr., get eg ekki enn sagt um með vissu, það er alt undir því komið, hvort eg hefi nægan tíma til þess að búa það undir eða ekki.

Björn Sigfússon: Þar sem eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, hlýt eg að verða að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Eg var svo óheppinn, að eg gat ekki verið staddur við fyrri umræðu þess og verð því að minnast á það nokkuð almennt. Þó skal eg lofa háttv. deild því, að vera stuttorður.

Eg skal þá fyrst taka það fram, að eg viðurkenni, að hugsunin að koma svona skóla á stofn á þessum stað er alveg réttmæt, en eg get ekki allskostar fallist á það, sem mér virðist liggja á bak við hana, þó að það komi ekki beinlínis fram í nefndarálitinu, að einn slíkur skóli skuli vera nægilegur fyrir Norður- og Austurland. Húsmæðraskólar eru nokkuð annars eðlis en aðrir skólar og í öðrum löndum munu þeir alt af hafðir fremur fámennir. Það er ekki gert ráð fyrir, að þess konar skólar nái yfir stór svæði og séu að eins ársskólar, t. d. í 2 deildum yfir veturinn; kenslan er að mestu verkleg og henni er svo varið, að því er mér er skýrt frá, að í hússtjórnar- eða matreiðsludeildinni geta ekki margir nemendur tekið þátt í henni í einu. Varla fleiri en 6. Meðfram af þessu leiðir það, að skólarnir eru hafðir fremur fámennir. Raunar væri hugsanlegt, að hafa fleiri nemendur, en þá þyrfti líka fleiri kennara, meiri áhöld og stærra hús, þar á meðal 2 eldhús með eldavélum, en það mundi verða alt of dýrt. Húsið á Eiðum mun vera of lítið fyrir fjölmennan skóla. Eg hygg, að 25—30 nemendur sé helzt til mikið fyrir húsið. Í þeirri verklegu kenslu, sem þar getur fram farið, geta ekki tekið nema fáir nemendur þátt í einu. Það þyrfti því, ef að fullum notum ætti að koma, að auka kenslukrafta og stækka húsið og þótt kannske einhverntíma reki að því, að þetta verði að gera, þá munu, hygg eg, margir í byrjuninni víla fyrir sér að leggja í öllu meiri kostnað. Af þessu leiðir, að skólinn getur alls ekki orðið fyrir stærra hérað en Austurland, að meðtaldri N.-Þingeyjarsýslu. Jafnvel þótt hann gæti tekið á móti 30 nemendum, sem eg hygg að vafasamt sé, þá verður hann sýnilega ófullnægjandi, nema fyrir lítinn blett, 2—3 sýslur. Þetta, sem eg hefi nú sagt, er ekki að skoða sem *mótmæli* gegn frumvarpinu, því að eg viðurkenni, að Austurland hefir mikla sanngirniskröfu til að hafa sérstaka mentastofnun fyrir sig, einkum þegar á það er litið, að Eiðaskólinn gamli var sérstök stofnun fyrir Austurland. Það frumvarp, sem fyrst lá fyrir nefndinni hljóðaði upp á það, að Eiðaskóli væri gerður að 3. bændaskóla landsins. Hvort Austfirðingar fella sig við þá breytingu, sem hér er ráðgerð, veit eg ekki, en sé svo, þá skal eg sannarlega ekki *hafa á móti* því, að þeir fái það. Hitt vil eg taka skýrt fram, að eg tel það hégómamál, að gera ráð fyrir því, að 2 slíkir skólar séu nægilegir fyrir húsmæðrafræðslu, þessi og svo annar fyrir Suðurland.

Að því er eignina snertir, sem skýrt er frá í nefndarálitinu, að Múlasýslur eigi og skuli leggja fram, þá er það að athuga, að steinsteypuhúsið á Eiðum mun vera alt of hátt virt, en móti því getur komið, að jarðeignir og sérstaklega búpeningur mun vera heldur *lágt* metinn.

Þá skal eg minnast á eitt sérstakt ágreiningsatriði milli mín og háttv. meðnefndarmanna minna. Það er viðvíkjandi niðurlagi 8. gr., þar sem stendur, að búskap á jörðinni megi reka á landssjóðskostnað, ef nauðsyn krefur. Þetta álít eg mjög varhugavert ákvæði, sem eg ekki get fallist á, því að þegar heimildin er einu sinni gefin, þá nálgast það mjög fyrirskipun. Eg vil ekki eiga þetta

á hættu. Landssjóður má vera mjög hepp-inn með ábúanda, ef það á að verða hættulaust. Eg held, að svo mikil reynsla sé fengin í þessu efni, að vara-samt sé að gera slík ákvæði með lög-um. Verði frumvarp þetta að lögum og gangi Múlasýslur að því, þá ætti að koma sem mestu af eigninni í peninga, sérstaklega öllu lausafénu, en jörðina Eiða ætti að leigja góðum manni og býst eg ekki við, að vandkvæði yrðu á því, ef jörðin er svo góð, að nokkurn tima hafi verið vit í að setja þar bænda-skóla. Það er auðgert að láta þessa þriggja manna stjórn, sem ætlast er til að standi fyrir skólanum, velja hæfan mann fyrir ábúanda úr tölu umsækenda. Mætti þá undanskilja í skólans þarfir einhver afnot, jafnvel sneið af túni, sem sem skólinn þyrfti að hafa. Mætti setja ábúanda ýms skilyrði skólanum til hags-muna, gegn því, að eftirgjaldið yrði minna. Eg held, að engin vandræði yrðu úr þessu og það yrði bæði hyggi-legra og notadrýgra, heldur en búskap-ur á jörðinni á landssjóðskostnað. Eg er því mótfallinn þessu ákvæði 8. gr. Samt hefi eg ekki enn komið með neina breyt.till. við greinina, en vil mælast til þess, að hæstv. forseti beri hana upp í tvennu lagi, þannig að síðasta máls-greinin, sem eg er á móti, verði borin upp sér. Að öðrum kosti mun eg flytja breytingartillögu um þetta við 3. um-ræðu.

Fyrirspurn háttv. þm. Dal. (B. J.) þarf eg ekki að svara, því að eg býst við, að háttv. framsögumaður (P. J.) geri það.

Að svo stöddu skal eg ekki fara fleir-um orðum um málið, en varð að taka þetta fram, vegna þess að eg hafði skrifað undir nefndarálitið með fyrir-vara.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Háttv. þm. Dal. (B. J.) gerði þá fyrir-spurn til okkar nefndarmanna, hvers vegna hér væri farið fram á að breyta bændaskóla í húsmæðraskóla. Eg hygg, að nægileg grein sé fyrir því gerð í nefndarálitinu og því óþarft annað en vísa háttv. þm. þangað. Þó skal eg taka það fram, háttv. þm. til hægðar-auka, að hér lá í fyrstu fyrir frv. um að gera þennan skóla jafnan hinum tveim bændaskólum, sem landið á, eða með öðrum orðum að stofna landsskóla, en nefndin leit svo á, að einmitt nú væri tækifæri til þess að stofna hús-mæðraskóla, sem mikil þörf er á, en ef þessi þriðji bændaskóli væri stofnaður á undan, þá mundi það af fjárhagsástæð-um skjóta því enn á allmikinn frest, að húsmæðraskóli yrði stofnaður hér á landi.

Í öðru lagi spyr háttv. þm. að því, hvers vegna nefndin ætlist til, að þessi eini húsmæðraskóli skuli einmitt vera á Eiðum. Nefndin hefir aldrei sagt, að þetta skuli verða eini húsmæðraskólinn á landinu. Þetta er vafalaust spor í þá átt, að fleiri verði stofnaðir síðar, en alls ekki því til hindrunar, heldur þvert á móti, ef þessi skóli gæfist vel. Nefnd-arálitið gerir að minsta kosti ráð fyrir fleiri slíkum skólum.

Í þriðja lagi spyr háttv. þm. að því, hvers vegna nefndin hafi ekki lagt það til, að Eiðaskólinn yrði samskóli fyrir húsmæðra- og bændaefni. Það kemur í fyrsta lagi til af því, að engin slík uppá-stunga lá fyrir nefndinni og í öðru lagi af því, að nefndin sá sér ekki fært að koma þessu við, nema með því móti, að húsmæðraskólinn yrði talsvert ófull-komnari og minni. Annað mál væri að koma upp húsmæðrakenslu á þeim stöð-um, þar sem nú eru bændaskólar, við hliðina á þeim, bæði á Hvanneyri og Hólum. Að því gæti orðið talsverður hagnaður, einkum sparaðist talsvert við það að hafa sameiginlega kennara í sumum greinum. En það lá nú ekki

fyrir á þessum stað, enda ómögulegt að koma því við. Nefndin hefir átt kost á að kynna sér málið rækilega og eg hefi sett mig grandgæfilega inn í það, með því að tala við þær konur,sem hafa fengið fræðslu í þessu efni erlendis; er eg viss um, að þeim þætti samsteypuskóli fyrir búnaðarfræðslu karla og kvenna ekki geta komið til mála. Hitt er annað mál, að húsmæðraskóli og bændaskóli kynnu að geta verið í sama stað og haft hagræði hvor af öðrum.

Hvað fyrirkomulagið á þessum skóla snertir, þá er það hið sama og á samskonar skólum í Noregi og Danmörku, en fyrir því er gerð nákvæm grein í nefndarálitinu 1909, svo að óþarfi er að fara meira út í það nú.

Þá skal eg snúa mér að ræðu háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.). Hann hreyfði ekki að því er mér virtist, nokkrum verulegum ágreiningi. Hann sagði, að sú skoðun lægi bak við nefndarálit okkar, að við álitum einn skóla nægilegan fyrir Norður- og Austurland. Eg get frætt hinn háttv. þm. um það, að þetta kemur hvergi fram í áliti okkar og liggur alls ekki á bak við. Það er satt, að á þingi 1907 var fyrst gert ráð fyrir tveim skólum, öðrum fyrir Suður- og Vesturland, hinum fyrir Norður- og Austurland og að því vildu menn ekki ganga, en það kom af því, að Sunnlendingar kærðu sig þá ekki um slíkan skóla, eftir því sem virtist. Nú mun raunar annað álit á því máli, þótt það sé ekki komið fram hér á þingi. Eg get lýst því yfir fyrir mína hönd, að strax og talað var um húsmæðraskóla á þessum stað, sá eg að hann mundi aðallega koma Austurlandi að notum og því er sennilegt, að þurfi einn eða fleiri samskonar skóla síðar meir. En stofnun þessa skóla er því alls ekki til fyrirstöðu, að svo geti orðið á sínum tíma.

Háttv. þm. sagði, að skóli þessi mundi verða ófullnægjandi. Það er satt, ef fjöldi kvenna vill leita sér fræðslu í þessari grein, mundi skólinn verða það og jafnvel þótt 1—2 aðrir skólar væru líka, en það er betra að veifa röngu tré en engu og eg get sýnt fram á það, að þótt skólinn sé ekki nema einn, þá getur hann samt komið að nokkru gagni fyrir landið alt, þótt hann auðvitað verði mest sóttur úr héruðunum í kring. Í sambandi við samskonar skóla í Danmörku og Noregi standa aðrar kensluaðferðir. Það eru færanlegir 3 mánaða skólar í matreiðslu og þess konar. Sama kenslukonan kennir t. d. á 3 stöðum sama árið, 3 mánuði í stað. Þetta hefir gefist mjög vel í Noregi. Líka hefir verið höfð umferðarkensla, þar sem húsmæðrum hafa verið sýndar aðferðir í matreiðslu, eins og reynt hefir verið hér í landi með styrk búnaðarfélagsins og hefir líkað mjög vel. Þessi kensluaðferð hefir breiðst mjög út í Danmörku á seinustu árum. Það var byrjað á því þar veturinn 1900—01 með 632 nemendum, en árið 1906—07 voru þeir orðnir 8000. Til þess að slík kensla geti farið fram hér, þarf að ala upp konur, sem verið hafa á húsmæðraskóla fyrst og síðan gengið á skóla fyrir kenslukonur í húsmæðrafræðslu. Eins og nú er, þarf hvorutveggju skólana að sækja til útlanda, en ef þessi skóli kemst upp, þarf hálfu minna til útlanda að sækja, því eg tel víst, að konur af húsmæðraskóla hér fái inntöku á skóla kenslukvenna í Noregi.

Svo væri ekki óhugsandi, að hægt væri að koma upp kenslu fyrir þessar kenslukonur við kvennaskólann í Reykjavík. Eg held því, að þessi fyrsti skóli verði að miklu liði í bráðina. En hinsvegar býst eg þó ekki við, að látið verði lenda hér við, því ef aðsóknin að skólanum verður svo mikil, að úr því þyki nauðsynlegt að bæta, áður en langt um

liður, þá verður það gert. Það verður enginn aukakostnaður við að hafa þarna húsmæðraskóla. Honum verður hvort sem er haldið uppi á kostnað héraðanna eða landssjóðs, annaðhvort sem bændaskóla, eins og verið hefir, eða húsmæðraskóla. Hér er þá einungis að ræða um að breyta fyrirkomulagi skólans þannig, að hann verði gerður að húsmæðraskóla. Það er auðvitað ekki víst, að Múlasýslurnar gangi að þessu, en það nær þá ekki lengra.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) var að hafa á móti 8. gr. frv.; skildi hann greinina svo, að landssjóður væri skyldur til þess að halda uppi búskap á jörðinni. Þetta er ekki réttur skilningur á greininni og vil eg leyfa mér að lesa hana upp; hún hljóðar svo:

»Stjórnarráðið skal með aðstoð og ráði skólanefndar sjá um, að hæfilegur búskapur sé rekinn á skólajörðinni bæði eftir þörfum skólans, og til þess að viðhalda ræktun jarðarinnar. Reka má búskap þennan á landssjóðs ábyrgð, ef nauðsyn krefur«.

Hér er gert ráð fyrir, að fenginn sé maður til þess að reka búskapinn á eigin ábyrgð. En sé það *ekki hægt, má* reka hann á kostnað landssjóðs. Það er ekki heimilt að reka búskapinn á kostnað landssjóðs *nema* ef nauðsyn krefur, eða með öðrum orðum, *nema ef ekki er hægt að fá* neinn hæfan mann með hæfilegum kjörum. Það er því augljóst, að það er engin skylda eða heimild fyrir landssjóðinn að reka búskapinn á eigin kostnað, ef hægt er að fá þennan mann, Ákvæðið er nauðsynlegt, því ef ekki væri þessi heimild fyrir landið, gæti svo farið, að skólinn legðist niður. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta, en vona það nái fram að ganga.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og háttv. deild er kunnugt, hafa eigendur Eiðaskólans boðið landssjóði hann til eignar, með því skilyrði, að bændaskóla væri haldið þar áfram. En þetta hefir ekki fengið byr hjá nefnd þeirri, er kosin var í málið, þrátt fyrir ósk okkar þingm. Viljum við því ekki halda því til streitu, enda er það ef til vill ekki sanngjarnt að íþyngja landssjóði með að halda uppi skóla fyrir einstök héruð. Nefndin hefir skilið svo við mál þetta, að hún hefir lagt það til, að skólinn yrði gerður að húsmæðraskóla, ef Múlasyslurnar vilja ganga að því. Þessi eign er virt á 60 þús. kr. og er virðingin víst lág. Húsið sjálft t. d. er sett eftir því sem það kostaði sýslufélögin og þó er eg ekki viss um, að alt sé talið með, eins og t. d. vinnan við það frá skólabúinu. Á eigninni hvíla 20 þús. kr. Fylgja henni ýmsar tekjugreinar t. a. m. vextir af jarðeldasjóði, búnaðarsjóði Austuramtsins og búnaðarskólasjóði Austuramtsins. Eg ímynda mér, að eigendur skólans gangi að þessu tilboði alþingis, úr því að það vildi ekki taka tilboði þeirra.

Þá vil eg að eins minnast á stjórn skólans. Sýslunefndir Múlasýslna eiga samkvæmt 2. gr. frv. að kjósa einn af stjórnendum hans. En til þessa þyrftu sýslunefndirnar að halda sameiginlegan fund og væri slíkt kostnaður. Hygg eg því, að þær vildu afsala sér þessum rétti, og væri því æskilegt, að breytingartillaga kæmi fram um þetta atriði, er t. d. færi í þá átt, að búnaðarsamband Austurlands kysi þennan mann.

Björn Sigfússon: Það getur verið að eg hafi ekki tekið nógu skýrt fram áðan skoðun mína á 8. gr. frv. En þó að gr. kveði að eins á um heimild fyrir landssjóð til þess að reka búið á jörðinni á eigin kostnað, ætti það eigi að síður ekki að standa í frv. Það sem heimilað er með lögum, má altaf búast við

að verði framkvæmt, hversu óheppilegt sem það er. Það er engin hætta á að þessi jörð byggist ekki með aðgengilegum skilmálum, og finst mér stjórninni treystandi til að sjá um það. Ef landssjóður ætti að reka búið á sinn kostnað, mætti ekki selja búið, eða nokkurn hluta þess. En eg vil að búið sé selt, svo að landssjóður eigi ekkert á hættu.

Að því er stjórn skólans snertir, er eg samþykkur því, er háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) tók fram um hana. Það er einnig annar vegur hugsanlegur og er hann sá, að 3 menn væru í stjórninni, auk forstöðukonu skólans, og væri 1 þeirra kosinn af Norður-Múlasýslu, 1 af Suður-Múlasýslu og 1 af Búnaðarfélagi Íslands.

Þessu vildi eg skjóta fram til athugunar.

Framsm. (Pétur Jónsson): Eg vona að h. 2. þm. Hún. (B. S.) ætlist ekki til, að bann sé í frv. gegn því, að landssjóður reki bú á jörðinni. En eg hygg, að nefndin geti fallist á, að niðurlag 8. gr. frv., sem kveður á um heimild fyrir landssjóð að reka bú á jörðinni, sé felt niður, því að sú heimild er sjálfsögð hvort sem er.

Háttv. þm. talaði um, að æskilegt væri, að búið væri selt og komið í peninga og er eg honum samdóma um það. Ef stjórnin fær mann til þess að taka jörðina á leigu, er betra að selja búið. En nefndin hefir ekki viljað taka ákvæði um þetta, því að þetta verður væntanlega komið undir samkomulagi stjórnarráðsins og skólanefndar. Þess vegna getur verið athugavert að setja ákvæði um það í frv. Eg fyrir mitt leyti vildi haga þessu, eins og háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) stakk upp á. Þetta segi eg frá eigin brjósti, en ekki fyrir hönd nefndarinnar.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

3., 4. og 5. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

6. og 7. gr. frv. samþ. með 16 shlj. atkv.

8., 9. og 10. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr., 22. apríl (A. 473, 681, 702).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg hélt ekki að eg þyrfti nú að taka til máls í máli þessu, því að það hefir fengið svo góðan byr. En nú er komin fram breytingartillaga á þgskj. 702 frá háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) við frv., sem fer fram á að breyta 8. gr. þess þannig, að landssjóður geti ekki rekið bú á skólajörðinni. Eins og eg tók fram við 2. umr. málsins, heimilar 8. gr. ekki að landssjóður reki bú á jörðinni, nema því að eins að ekki fáist neinn nýtur leiguliði, sem rekur búskapinn á eigin ábyrgð. Þetta er því eins og stendur í lögunum um bændaskóla, því þar er sagt, að búskapur skuli ekki rekinn á landssjóðs ábyrgð, nema að nauðsyn krefji. En þó að þessi breytingartillaga verði samþykt, gerir það í raun og veru engan mun, því ef stjórnin getur ekki fengið nýtan mann til þess að reka búskap á jörðinni, verður að reka hann á kostnað landssjóðs. Slíkt er óhjákvæmilegt. Það er því réttara að halda 8. gr. frv. óbreyttri, því að frv. væri þá skýrara.

H. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) hefir komið fram með breytingartillögu á þgskj. 681, sem fer fram á að breyta kosningu í skólanefndina þannig, að sýslunefndir Norður- og Suður-Múlasýslna kjósi hvor um sig 1 mann í stjórnina, í staðinn fyrir að kjósa 1 mann báðar, eins og

frv. fer fram á. Þetta er gert til þess að spara kostnað við sameiginleg fundarhöld sýslunefndanna. Get eg felt mig við þessa breytingartillögu. Vænti eg svo, að frv. nái fram að ganga, hvort sem breytingartillögurnar verða samþyktar eða ekki.

Jón Jónsson N.-M.: Eg vildi að eins leyfa mér að minnast stuttlega á breytingartillöguna á þgskj. 702. Skal eg geta þess, að mér finst ekki ástæða til að útiloka að hægt sé að reka búskap á skólajörðinni á kostnað landssjóðs, ef þess gerðist þörf. Því í fyrsta lagi er ekki hætta á, að slíkt komi oft fyrir og í öðru lagi mundi búskapurinn borga sig vel, ef hann væri rekinn vel, svo að það væri alls engin áhætta, þó að svo ólíklega skyldi fara, að þörf gerðist á að reka hann á kostnað landssjóðs. Hér er um svo stóra jörð að ræða, að sjálfsagt er að hafa þar sem stærst bú. Það gæti því svo farið, að ekki væri hægt að fá mann, er gæti haft þar nægilega stórt bú. En þótt ekki fengist neinn nýtur og duglegur leiguliði og landssjóður þess vegna yrði að reka búskapinn á eiginn kostnað, væri slíkt alveg áhættulaust. Þetta er mikið nauðsynjamál og vona eg því, að það nái fram að ganga, enda þótt eg hefði heldur kosið að hafa bændaskóla á jörðinni.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil leyfa mér að mæla með nokkrum orðum með breytingartillögunni á þgskj. 702, þar eð háttv. meðflutningsmaður minn er ekki viðstaddur nú. Hann talaði við síðustu umr. fyrir sömu stefnu og tillagan fer fram á. Og býst eg við að háttv. þm. reki minni til þess, að það, sem hann hélt fram, var, að landsjóður ætti að eiga sem minst á hættu og ætti því ekki að reka búskap á jörðinni á eigin ábyrgð og kostnað. Þetta er einnig mín skoðun. Þess ber að gæta, að ef landssjóður rekur búskap á jörðinni, verður hann, auk hennar, að leggja til alla áhöfn og áhöld. Eg hefði fyrir mitt leyti viljað, að öll áhöfnin væri seld og jörðin seld á leigu áhafnarlaus. Það getur varla hent að jörðin leigist ekki; hún væri þá illa valið skólasetur. Eg hygg að hún muni leigjast. Það er alkunnugt, hvílík rekistefna á sér oft stað og hvílíkt verðfall hefir orðið á eign landssjóðs, þá er slíkar jarðir eru teknar út og búin afhent af leiguliðum. Hygg eg ekki að hægt væri að búa svo um hnútana, að slíkt gæti ekki komið fyrir hér. Það hefir því vakað fyrir mér, eins og háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.), að búskapurinn á jörðinni væri rekinn á kostnað leiguliða, en ekki landssjóðs.

En úr því, að eg fór að minnast á þessa skólastofnun, skal eg geta þess, að mér þykir skólasetur þetta ekki vel valið handa húsmæðrum, þar eð það liggur talsvert langt frá sjó, og þess vegna verður ferðakostnaður þeirra, er sækja þangað úr fjarlægð, talsvert mikill. Sjóleiðin mundi notuð af öllum þeim, er koma lengra að. Þar sem skólinn stendur uppi í Héraði, langt frá sjó, mundi allmikill landferðakostnaður bætast við. Eg sætti mig þó við, að hér sé settur upp húsmæðraskóli, eftir því sem á stendur, úr því ekki var hægt að halda hér uppi bændaskóla, enda þótt skólinn verði ekki nægilegur fyrir alt landið og muni aðallega koma þeim landsfjórðungi að notum, er hann stendur í.

Jóhannes Jóhannesson: Eg sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um breytingartillöguna á þgskj. 681, þar sem háttv. framsm. (P. J.) hefir skýrt réttilega frá því, að tilgangurinn með henni sé, að losa sýslunefndirnar við að halda sameiginlegan fund til þess að

kjósa 1 mann í stjórn skólans. Hefir slíkt kostnað í för með sér, sem hægt er að sneiða hjá með breytingartillögunni. Og hins vegar er það eðlilegt, að stjórnarráðið sjálft kjósi formanninn, úr því hér er um landsskóla að ræða.

Breytingartillagan á þgskj. 702 er fremur til skaða en bóta, þar sem hún fer fram á, að búið megi ekki reka á kostnað landssjóðs. Það verður að vera heimilt fyrir landssjóð að reka búið, eins og á sér stað með bændaskólana. Nú er búið selt á leigu og slíkt mundi einnig verða gert framvegis, þótt þessi heimild væri í frumvarpinu. Og mundi hún ekki verða notuð, nema ef nauðsyn kræfi. Eg er breytingartillögunni mótfallinn og vona, að hún verði feld.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 681 sþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 702 feld með 12 : 6 atkv.

Frumvarpið sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Breyting á landsbankalögum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 og lögum um breytingar á þeim lögum 9. júlí 1909.

Fyrsta umr., 8. marz. (A. 98).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Það er ekki langt síðan lögum þessum var breytt. Það var gert á síðasta þingi, og þá kom málið limlest úr háttv. Ed. frá meiri hluta þar. Nú hefir bankastjórnin óskað aftur þeirra breytinga, sem þá voru feldar, ásamt fleiri breytingum, er reynslan hefir bent á, að muni vera heppilegar. Það hefir vakað fyrir bankastjórninni, að koma bankalögunum í sem mesta heild, svo að ef frumvarp þetta nær samþykt, verða bankalögin ekki nema í tveim deildum.

Það er ætlast svo til, að þrjár greinar bankalaganna fái að standa óbreyttar.

Fyrsta höfuðbreytingin er sú, að bankanum er veitt heimild til þess að setja á stofn útibú, bæði hér á landi og erlendis. Það er nauðsynleg heimild, þótt ekki kunni að þurfa á því að halda í svipinn.

Þá er og bætt inn í lögin ákvæði, sem í ógáti hefir fallið í burtu úr lögunum frá 1885, 4. gr., sem sé því, að seðlar bankans skuli vera gjaldgengir í landssjóð og aðra opinbera sjóði hér á landi og að þeim megi skifta gegn öðrum seðlum hans.

Það er ein aðalbreytingin, að breyta launakjörum féhirðis að nokkru leyti. Nú sem stendur eru föst laun hans 2400 kr. En ef stranglega væri gengið eftir upphækkun þeirri, sem honum er áætluð fyrir mistalningu, þá mundi það fara fram úr launum allrar bankastjórnarinnar til samans, svo óviturleg eru þau ákvæði gildandi laga. Auðvitað hefir núverandi gjaldkeri ekki reynt að að nota sér þetta, ekki tekið meira mistalningarfé en af því, sem í raun og veru gengur í gegnum hans kassabók, en það gerir engan mun. Fyrirkomulagið er úrelt, þótt launin þurfi auðvitað að vera hærri, ef breytt er til, og það sem hér er lagt til, er gert í samráði við gjaldkera. Eg get gert nákvæmari grein fyrir þessu, þegar til kemur, en nú hefi eg ekki við hendina í svipinn það sem til þess þarf.

Þá er það og ný tillaga, sem að mínu áliti miðar til þess að gera bankann sem öruggastan, einkum vegna sparisjóðanna, að rannsókn fari fram fimta

hvert ár á öllum hag bankans. Þetta er vilji bankastjórnarinnar, bæði vegna bankans og sjálfra sín.

Loks er það nýmæli, að bankastjórninni er gefin heimild til þess, ef svo ber undir, að bankinn tapar á einu ári meira en nemur hálfum ágóða hans það ár, — þá að skifta því tapi niður á 2 eða fleiri ár í bankareikningnum. Þetta tap getur komið fyrir af ýmsum ástæðum, bæði af stórlánum og verðfalli á verðbréfum, en það lítur illa út í augum útlendinga, ef reikningarnir sýndu svo mikið tap á einu ári. Það er því skynsamlegt, að slík stofnun sem landsbankinn hafi leyfi til þessa, svo að hún tapi ekki að þarflausu áliti sínu í augum útlendinga, og slík töp vofa yfir eins og stendur.

Eg álít sjálfsagt, að þetta mál verði sett í nefnd, og sting upp á því, að því verði að loknum umræðum vísað til peningamálanefndar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér virðist þetta frumv. vera athugavert í ýmsum greinum. Eg býst við því, að háttv. þm. hafi tekið eftir því, að tilgangurinn með frv. er sá, að alþing er svipt því eftirliti með landsbankanum, sem það hefir eftir núgildandi lögum. Alþing lætur að vísu landsstjórnina bera ábyrgð á gerðum sínum, en eftirlitinu er það svift með því, að gæzlustjóraembættin eru afnumin, og í þeirra stað settir þrír bankastjórar. Frv. fer einnig fram á lögskipaða rannsókn á hag bankans fimta hvert ár. Við höfum nú haft eina, og eg býst við því, að hvorki landsmenn né þingmenn langi til að hafa lögboðið slíkt fargan á landssjóðs kostnað með fimm ára millibili. Eg ætla annars ekki að fara út í einstök atriði þessa frv. að sinni. Sumt er í því nauðsynlegt og heppilegt, en allmargt býsna athugavert. Mér virðist sjálfsagt, að nefnd fjalli um málið, og álít þá réttast, að því sé vísað til bankarannsóknarnefndarinnar, sem kosin var hér í deildinni fyrir nokkrum dögum. Sú nefnd kynnir sér allan hag bankans, hvort sem er, og ætti því einnig hægast með að taka þetta frumv., sem hér er um að ræða, til íhugunar. Tillaga mín er því, að málinu verði vísað til bankarannsóknarnefndarinnar, að loknum umræðum.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) áleit margt athugavert við þetta frv., en mintist víst einungis eða aðallega á hættuna við það, að alþingi væri með frv. svift eftirliti með landsbankanum. Það er um þetta frumv. að segja, að það er alveg samhljóða frv., sem samþykt var hér í deildinnl á seinasta þingi, en var limlest í Ed. og náði því ei fram að ganga. Mig minnir ekki betur en háttv. 2. þm. S.Múl. (J. Ól.) hafi verið með því seinast. Það er því undarlegt, að hann skuli hafa svona mikið á móti því nú. Það er rangt að segja, að alþingi sé svift öllu eftirliti með landsbankanum, því að samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, getur þingið altaf látið rannsaka hag bankans. Yfirleitt getur alþingi látið rannsaka, hvað sem það vill. Eftirlitið er því eigi horfið, þótt gæzlustjórarnir falli burt. Enda höfðu þeir svo mörgum öðrum störfum að gegna, að þeir gátu ekki haft neitt verulegt eftirlit. Til þess hefðu þeir þurft að vera allan daginn. Þess vegna er stungið upp á nýjum bankastjóra, vinnandi manni, sem ekki hefði öðrum störfum að gegna, því að það eitt getur komið að haldi, og gerir tryggara, að alt sé í lagi, heldur en þótt gæzlustjórar séu einn tíma í bankanum á dag. Þeir geta ekki fylgst með í neinu, svo í lagi sé, og það átti þingið að vita fyrir löngu.

Að vísa málinu til bankarannsóknarnefndarinnar þykir mér kynlegt. Hún hefir ekkert um þetta að sýsla. Hitt virð-

ist sjálfsagt og liggja beinast við, að vísa því til peningamálanefndarinnar.

Hannes Hafstein: Háttv. flutnm. (B. Kr.) þótti það óviðeigandi, að vísa þessu máli til bankarannsóknarnefndarinnar, og álítur réttara að því sé vísað til peningamálanefndarinnar. Eg skal kannast við það, að í skjótu bragði kann svo að virðast, að það liggi fult eins nærri. En þegar betur er að gætt, finst mér liggja í augum uppi, að það á miklu meira skylt við starf það, sem rannsóknarnefndin nú hefir með höndum. Aðaltilgangur frumvarpsins er sá, að breyta fyrirkomulaginu á stjórn landsbankans, þannig, að afnema með öllu gæzlustjórasýslanirnar, sem deilan nú stendur aðallega um, þegar um það stjórnarframferði er að ræða, sem bankarannsóknarnefndin á að athuga. Marga grunar, hver niðurstaða nefndarinnar muni verða, að því er snertir lögmæti afsetningar gæzlustjóranna, og þegar nú þetta frumv. kemur úr þeirri átt, sem það kemur, þá er vissulega örðugt að verjast þeirri hugsun, að frumv. standi í allbeinu sambandi við mál það, sem bankarannsóknarnefndin sérstaklega hefir með höndum, nfl. innsetning gæzlustjóranna aftur í lögleg réttindi þeirra í stjórn bankans. Meiningin með frumv. virðist blátt áfram vera sú, að gripa hér fram fyrir hendurnar á rannsóknarnefndinni, gera þinginu ómögulegt eða tilgangslaust að setja gæzlustjórana inn aftur, með því að nema stöður þeirra úr lögum, með öðrum orðum, sparka þeim út með lögum, fyrst ekki er hægt að gera það með rétti.

Það er ekki gott að sjá, hvað þessi og þvílík lagasmíð kemur við frumvarpinu um stofnun nýs veðbanka, sem peningamálanefndin hefir til meðferðar. Hér í þessu frumvarpi er alls ekki að ræða neitt um fjármál bankans, heldur hitt, að löghelga gerræðisverkið frá því í hitt eð fyrra, sem þetta þing nú á að leiðrétta, og þær lögleysur, sem framdar hafa verið, að því er gæzlustjórn bankans snertir.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að leggja til, að máli þessu verði vísað til peningamálanefndarinnar. Eg get ei fallist á ástæður háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) fyrir því, að vísa málinu til bankarannsóknarnefndarinnar. Jafnvel þó að alt það, sem háttv. 1. þm Eyf. gat um tilgangsinn með frv. væri rétt, á það samt heima hjá peningamálanefndinni, en hinni nefndinni er heimilt að taka það tillit til frv., sem henni þykir þurfa. Frumv. er útbýtt, og allir sjá, hvað í því felst. Báðar nefndirnar geta tekið það til meðferðar, en deildin hlýtar að vísa því til peningamálanefndarinnar.

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Það er undarlegt, að ef eitthvert frumv. landsbankanum viðvíkjandi kemur fram hér á þingi, þá er það strax sett í samband við frávikningu gæzlustjóranna. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði að frv. þetta stæði í nánu sambandi við það, að þingið ætlaði nú aftur að setja gæzlustjórana inn í embætti þeirra. Í fyrsta lagi er það nú alveg rangt, að þingið setji gæzlustjórana inn í embættin, því að það er stjórnin, sem það gerir (*Hannes Hafstein:* Hver velur þá?) Það gerir þingið, en það er stjórnin, sem framkvæmdarvaldið hefir og setur þá inn í embættin. Í öðru lagi er alveg rangt, að sjá nokkurt samband hér á milli, því að háttv. 1 þm. Eyf. (H. H.) er það fullkunnugt, að sama frumv. kom hér fram á seinasta þingi, áður en nokkrum manni hafði komið frávikning gæzlustjóranna til hugar. Hvað gæzlustjórana snertir, *þá eru þeir handónýtir, geta ekkert eftirlit haft*, þann litla tíma, sem þeir starfa, og eg get lýst því yfir, ef menn vita það ekki, að þeir geta ekk-

ert gagn gert, annað en hirða launin. Þess vegna leggur frumv. til, að þeir séu afnumdir. Bankinn þarf *starfskrafta*, menn, sem vinna allan daginn, eins og núverandi bankastjórar, og hafa ekkert annað starf á hendi.

Að vísa þessu máli til nefndar, sem hefir alt annað hlutverk, en að fást við peningamál, er alveg fráleitt, og í því felst lítil kurteisi frá tillögumönnum. Hvað rannsókn á hag bankans, fimta hvert ár, snertir, þá er það að eins gert til þess, að þing og þjóð geti verið örugg um, að bankanum sé vel stjórnað. Bankastjórnin hefir engan persónulegan hag af þessu, því eins getur verið, að landstjórnin sé henni óvinveitt, þegar rannsókn fer fram, en bankastjórnin sér fulla nauðsyn á þessu, og ekki einungis að landsbankinn sé rannsakaður almennings vegna, heldur líka aðrir bankar og sparisjóðir. En vegna þess, að bankinn er opinber stofnun, eign þjóðarinnar, álítum við sérstaklega þessa rannsókn bráðnauðsynlega tryggingu fyrir þing og þjóð, og aðhald fyrir bankastjórnina. Eg hélt annars ekki, að svona mikill þytur gæti orðið út af þessu, þegar við 1. umræðu málsins.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg veit, að þeim manni er vorkunn, sem sameinar í sér fleiri en eina persónu og á ilt með að aðskilja þær. Hv. seinasti ræðumaður gerir það, því hann er bæði alþingismaður og bankastjóri landsbankans. Það var bankastjóri landsbankans, sem seinast talaði. Hann ætlar að telja mönnum trú um, að það að svifta þing og þjóð eftirliti, sé að auka eftirlit með landsbankanum. Það er býsna undarleg aðferð. Hann segir, að fullkomlega sé bætt úr því, að gæzlustjóraembættin séu lögð niður, með rannsóknarnefnd, sem stjórnin á að skipa fimta hvert ár. En það sér hver heilvita maður, að eftirlit þings og þjóðar er ekki minstu vitund trygt með því. Bankastjóri er settur af ráðherra, rannsóknarnefndin sömuleiðis. Það er því ráðherra, sem er einvaldur »Zar« yfir bankanum, ef frumv. þetta fær fram að ganga.

Hinn háttv. þm. (B. Kr.) sagði, að gæzlustjórarnir gerðu *bankanum* ekkert gagn, væru handónýtir minnir mig að hv. þm. kæmist að orði. En gera þeir *þinginu* þá ekkert gagn með því að hafa eftirlit með öllu, sem fram fer, og skýra því frá, hvað athugavert er, og þá fyrst getur komið til mála, að alþingi skipi rannsóknarnefnd bygða á skýrslu gæzlustjóranna. En að vera að halda því fram, að þingið geti, ef það vilji, árlega sett rannsóknarnefnd samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, og hafi því jafnt eftirlit með bankanum og áður, það er beinlínis að gera gys að oss. Höfum við ekki nóg að gera þessar fáu vikur, sem þingið stendur yfir, og ættum að gera leik að því, að setja stóra nefnd, sem ekki gæti öðru annað allan þingtímann, — og gera þetta án þess að knýjandi ástæður séu fyrir hendi, einkum þegar þess er gætt, að rannsóknarnefndin gæti ekkert farið út í smáatriði, en yrði að láta sér nægja með fljótfærnislega rannsókn á aðalatriðunum, vegna naums tíma. Hjá þessari eyðslu á tíma þingsins er komist, ef gæzlustjórarnir halda áfram eftirliti með bankanum fyrir þingsins hönd. Og hver maður verður að játa, að þar sem landssjóður lánar bankanum fé og gengur í ábyrgð fyrir hann, er þinginu rétt og skylt að hafa eftirlit með, að alt sé í lagi. Og án þess eg ætli að gera nokkuð lítið úr landsjórninni, þá er það áreiðanlegt, að þjóðin treystir betur tveim gæzlustjórum, sem fulltrúar hennar velja, en ráðherra.

Hv. flutningsm. (B. Kr.) var að tala um, að svipað frumv. hefði verið samþykt hér í deildinni á seinasta þingi,

en það er, sem betur fer, ekki orðið að lögum ennþá og vonandi líta margir öðrum augum á málið nú en þá. Föstudagurinn »langi« í hitt eð fyrra hefir opnað augun á mörgum, svo að háttv. flutnm. getur ekki gert ráð fyrir jafnmörgum atkvæðum með frv. og seinast.

Eins og eg hefi sagt, ætla eg ekki að fara út í einstök atriði frumv. nú, og ekki heldur minnast á reglugerð bankans, sem stjórnin á seinasta þingi var skylduð til að semja og ekki hefir sést enn þá.

Hvað því viðvíkur, hvort málinu skuli vísa til bankarannsóknarnefndarinnar eða peningamálanefndarinnar, þá er það ekkert efamál, að bankarannsóknarnefndin á að fjalla um það, því að þetta frumv. kemur að eins stjórn bankans við, en hefir ekki minstu áhrif á peningamál landsins.

Pétur Jónsson: Eg get tekið undir það, að frumv. þetta virðist fram komið sem áframhald af atburðum þeim, er gerst hafa á seinustu missirum. Skipun rannsóknarnefndar fimta hvert ár virðist eiga að vera til staðfestingar því, að rannsóknarnefndin í hitt eð fyrra hafi verið nauðsynleg. En það er fleira einkennilegt við þessa rannsókn fimta hvert ár. Svo sem kunnugt er, þá er þingkjörtímabilið 6 ár. Ef nýr ráðherra kemst að í byrjun kjörtímabilsins, þá getur maður vænst þess, að hann sitji út kjörtímabilið og haldi fylgi sínu með ýmsu móti. Ef hann skyldi nú vera óvandur að meðölum, þá er eitt meðal til þess að hafa vald yfir æztu peningastofnun landsins. Ef það er misendismaður, sem í ráðherrastöðunni er, getur hann skift um bankastjórn strax og hann kemst til valda. Eg segi ekki, að margir ráðherrar mundu gera það, en bendi á, að slíkt getur komið fyrir. Hina nýju bankastjóra hefir hann í vasa sínum, og að fimm árum liðnum lætur hann rannsaka hag bankans af mönnum, sem hann velur sjálfur, og er þá líklegt, að ekki verði miklir misbrestir taldir á. Það er ekki víst, að rannsóknin verði þá til þess að gera grein fyrir hag bankans og starfi, heldur einungis til að blekkja þing og þjóð. Eg vil taka það fram, að ráðherra getur verið samvizkusamur maður, sem ekki misbeitir valdi sínu og velur góða menn til rannsóknarinnar, en það má líka búast við hinu, og þá þarf einmitt á óhlutdrægu eftirliti að halda. Nú aftur á móti velur þingið 2 gæzlustjóra, góða og samvizkusama menn, til þess að hafa eftirlit með öllu. Hv. flutnm. (B. Kr.) sagði raunar, að þeir væru gagnslausir, gætu ekkert eftirlit haft. Til þess þyrftu þeir að vera svo langan tíma daglega í bankanum. En mér er spurn, hvað ætti þá rannsóknarnefnd, sem að eins starfar fimta hvert ár, að geta afrekað, þar sem 2 gæzlustjórar, er starfa 1 til 2 tíma á dag, geta ekki fylgst með í neinu? Nei! Það liggur í augum uppi, hve miklu sjálfsagðara er að halda gæzlustjórunum, sem hafa daglegt eftirlit og áhrif og geta á hverju þingi vakið athygli á því, sem þeim virðist athugavert og aflaga, en að láta stjórnina setja rannsóknarnefnd 5. hvert ár, einkum nú, þegar menn hafa eins og vaknað af draumi og séð, að nauðsynlegt er að taka í taumana til þess að hindra það, að stjórnin geti misbeitt valdi sínu yfir bankanum eftir geðþótta.

Magnús Blöndahl: Mér finst kenna nokkuð mikillar viðkvæmni í orðum þeirra hv. þm., sem móti frumv. þessu hafa talað, og ekki laust við hita, sem allir ættu að geta útrýmt. Menn ættu að líta á málefnið sjálft, en ekki á persónur. Fyrir mér er það aðalatriðið, hvort sé að tryggja betur stjórn bankans en áður hefir verið, og skoðun mín á þessu máli hefir ekki breytst síðan

á seinasta þingi. Eg álít nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi því, sem nú er á stjórn bankans, því að þó að það hafi ef til vill verið nægilega gott 1885, þá er svo langt síðan og störf bankans nú orðin margfalt umfangsmeiri og margbrotnari en þau voru í byrjun, og getur því alls ekki talist fulltryggilegt lengur.

Það hefir verið talað mikið um, að eftirlit það, er þessir tveir gæzlustjórar hafa með bankanum, sé nægilegt, og að skýrsla þeirra um hag hans sé fullnægjandi. En ef sanngjarnlega er litið á þetta, hljóta allir þeir, er eitthvert skyn bera á þetta mál, að játa, að þetta eftirlit getur alls ekki verið fullnægjandi lengur, og það af þeirri ástæðu, að starf það, er gæzlustjórunum er ætlað að leysa af hendi á jafnstuttum tíma, er of mikið. Þeim er ætlað að starfa 1—2 tíma á dag í bankanum. En það liggur í hlutarins eðli, að þeir geta ekki, þótt hæfileikamenn væru, leyst starfið fulltryggilega af hendi á svona stuttum tíma. Þar eð umsetning bankans hefir farið og fer vaxandi, hefir starf þeirra vaxið þeim yfir höfuð. Eg held líka, að vér finnum hvergi slíkt bankafyrirkomulag í nágrannalöndunum. Það var bent á þetta á síðasta þingi. Eg hygg, að allir séu einhuga um, að nauðsynlegra sé að tryggja svo stjórn bankans og eftirlitið með honum, sem frekast er unt, heldur en að þrátta um, hvort setja eigi gæzlustjórana inn í starf þeirra aftur.

Það er þó ýmislegt í frv. þessu, sem er ábótavant, og mun eg ekki greiða atkv. með því óbreyttu. En það má auðvitað laga það svo, að það verði viðunandi, og ætti hver og einn þingdeildarmanna að stuðla að því. Eg skil ekki í þeim háttv. þm., sem vilja vísa frv. þessu til bankarannsóknarnefndarinnar. Slíkt er algerlega rangt. Það ber að vísa frumv. til peningamálanefndarinnar, eða, ef menn kjósa heldur, að skipa sérstaka nefnd í það, en það tel eg þó óþarft.

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) tók fram ýmislegt af því, er eg ætlaði að segja, svo eg álít óþarft að endurtaka það. En þm. S-Þing. (P. J.) hélt því fram, að frv. væri komið fram vegna frávikningar gæzlustjóranna. En það er undarlegt, að halda slíku fram, þar sem flestar breytingar þær, sem frv. gerir á gildandi lögum, standa *ekki í nokkru sambandi* við frávikningu gæzlustjóranna. Eða í hvaða sambandi geta t. d. ákvæðin um seðlaútgáfu bankans eða launakjör gjaldkera staðið við frávikningu gæzlustjóranna? Þetta eina atriði, sem háttv. þingm. hneykslast svo mjög á, að afnema gæzlustjórana, kom fram á síðasta þingi, áður en bankarannsóknin var fyrirskipuð, og *getur því ekki* átt neina rót að rekja til frávikningar gæzlustjóranna. Hér er því haldið fram sömu stefnu, sem á síðasta þingi. En kjósi háttv. deild að breyta þeirri stefnu nú, þá er það á hennar valdi. En eg álít, að gæzlustjórarnir séu bankanum til engra nota og engin trygging fyrir því, að honum sé vel stjórnað þeirra vegna. Eða hafa þeir nokkurn tíma skýrt þinginu frá því ólagi, sem bankinn hefir verið í? Nei, af því að þeir hafa ekki vitað af því, þar sem þeir venjulega sátu ekki í bankanum, nema 1—2 klukkutíma á dag, og störfuðu ekki að öðru en lánveitingum og víxlakaupum, enda ekki við því að búast, að þeir á svo skömmum tíma gætu gefið sig við fleirum störfum, eða haft nokkuð eftirlit með bankanum yfirleitt. En þó að gæzlustjórarnir verði feldir burtu, missir þingið samt ekki eftirlit með bankanum, þar sem það velur annan endurskoðanda

hans, eða ef til vill báða. En breytingin á stjórn bankans er nauðsynleg, til þess að hann geti notið trausts almennings hér á landi og viðskiftamanna sinna í öðrum löndum. Þetta er vort markmið, og annað ekki. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) áleit, að rannsókn á bankanum 5. hvert ár, gæti ekki veitt eins mikla tryggingu, eins og að hafa gæzlustjórana, en því fer fjarri, því að gæzlustjórarnir geta ekki haft neitt verulegt eftirlit með bankanum, eins og margtekið er fram, en aftur á móti yrði rannsókn á honum 5. hvert ár nægileg trygging. Eg óska, að málinu verði vísað til peningamálanefndarinnar, enda þótt óviðfeldið sé, að keppinautur landsbankans sitji í nefnd, er fjallar um mál hans.

Hannes Hafstein: Eg ætla ekki að svara ummælum háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um það að óviðfeldið væri að »keppinautur landsbankans« sæti í peningamálanefndinni, sem jafnframt hefir veðbankafrumvarpið til meðferðar, enda þótt eg þykist vita, að hann muni hafa beint þessu skeyti til mín, þar sem eg er í stjórn Íslandsbanka, sem hann nú skoðar sem einhvern varg í véum, síðan hann sjálfur varð forstjóri landsbankans. Eg vil að eins geta þess, að mér finst það hálf hjáleitt og fáránlegt að heyra einmitt þennan háttv. þingm. láta í ljós þennan kala og úlfúð til Íslandsbanka, þann manninn, sem einna mest og áfjáðast hamaðist fyrir því, að Íslandbanki yrði settur á stofn, og honum fenginn seðlaútgáfurétturinn í hendur, og manna mest láði það gömlu bankastjórninni, að hún skyldi ekki verða himinlifandi yfir því, heldur vera svo þröngsýn, að skoða hann sem keppinaut.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) lét í ljósi undrun sína yfir því, að ýmsir þingm. vildu vísa þessu máli til bankarannsóknarnefndarinnar. Það er mér óskiljanlegt, að háttv. þm. skuli furða sig á þessu, þar sem hann þó sjálfur telur það aðalatriði í frumvarpinu, að losna við gæzlustjórana, og játar, að aðalverkefni bankarannsóknarnefndarinnar sé að athuga, hvort ástæða hafi verið til þess að fara með gæzlustjórastöðurnar, eins og gert hefir verið seinasta ár, og þar með hvort fyrirkomulagið sjálft gefur tilefni til slíkra aðfara af landsstjórnar hálfu. Hann getur ekki látið vera að sjá, að frumv. er mótbragð móti því, að gömlu gæzlustjórarnir verði settir aftur inn í bankann, enda á frv. upptök sín hjá þeim mönnum, sem mest er um það hugað, að koma í veg fyrir það. Þetta út af fyrir sig, er ærin ástæða til að vísa frumv. til rannsóknarnefndarinnar.

Hinn háttvirti þingmaður sagði, að uppástungan um afnám gæzlustjóranna hefði komið fram á síðasta þingi og væri því engin nýung. En þetta er engin mótsönnun gegn því, að tilgangurinn með því að koma fram með þessa tillögu *nú*, sé sá, að grípa fram fyrir hendurnar á rannsóknarnefndinni og blanda sér inn í starfsvið hennar, að því er innsetningarmál gæzlustjóranna snertir. Þvert á móti liggur mjög nærri að líta svo á, að aðfarir stjórnarinnar gagnvart gæzlustjórum landsbankans, er nú eru til rannsóknar, sanni, að tillögurnar um afnám gæzlustjórasýslananna 1909, hafi í rauninni að eins komið fram til þess að hrinda úr sessi þeim mönnum, sem í þessar stöður voru skipaðir af þinginu, og gera landsstjórnina og hennar menn einvalda yfir bankanum; þegar það mistókst, að fá þessu framgengt með lögum, var það gert með valdi, og nú, þegar það dugar ekki lengur, þá á að reyna aftur að breiða yfir gerræðið og fyrirbyggja afleiðingarnar með því, að fá þingið til að samþykkja lög um að stjórnin skuli eftirleiðis hafa þau tögl og hagldir á bankanum, sem hún hefir tekið sér sjálf haustið 1909 og haft

til þessa — alt ein samanhangandi milla.

Bjarni Jónsson: Eg skal ekki ræða neitt um frumv. Eg vildi að eins víkja að nefndarskipuninni. Bankarannsóknarnefndin var að eins skipuð til þess, að rannsaka gerðir stjórnarinnar gagnvart landsbankanum, en þetta frumvarp kveður á um stjórn landsbankans o. fl. á komandi tíma. Það liggur því í augum uppi, að það nær engri átt að vísa frv. til bankarannsóknarnefndarinnar.

Jón Magnússon: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það væri óviðkunnanlegt, að bankastjóri úr Íslandsbanka væri kosinn í nefnd þá, er fjalla ætti um mál landsbankans. En þetta er ástæðulaus áburður á háttv. deild, um að hún hafi hylst til þess, að kjósa þann bankastjóra í nefndina. Hér var kosin nefnd til að athuga peningamál landsins alment, og virtust ekki aðrir líklegri til að fara í þá nefnd, en þeir tveir bankastjórar, sem eru í deildinni, enda voru þeir kosnir í hana.

Það er einmitt háttv. þm. sjálfur, sem vill leggja mál þetta í hendur bankastjóra Íslandsbanka, með því að leggja það til, að því verði vísað til peningamálanefndarinnar. Þetta er því hreinasta meinloka hjá háttv. þm.

Pétur Jónsson: Út af ummælum háttv. flutningsm. (B. Kr.), vil eg geta þess, að eg meinti ekki, að hvert einasta atriði í þessu frumvarpi væri sprottið af viðburðum síðustu missira, heldur frumv. sjálft.

Háttv. flutningsm. (B. Kr.) spurði, hvort hinir fráförnu gæzlustjórar hefðu nokkurn tíma skýrt þinginu frá hag bankans, og svaraði þeirri spurningu neitandi, því að þeir hefðu engan tíma haft til þess, að setja sig inn í hag bankans. En þetta er ekki rétt. Að minsta kosti framan af, var eftirlitsstarf gæzlustjóranna létt og hingað til hafa þeir fylgst svo vel með hag bankans, að rannsóknarnefnd 5. hvert ár mundi ekki gera það eins vel. Hefðu þeir áreiðanlega skýrt þinginu frá því, ef eitthvað hefði verið við hann að athuga, sem þeir fengu eigi lagfært án afskifta þingsins. Auk þess voru gæzlustjórarnir áður ekki eingöngu eftirlitsmenn, heldur einnig bankastjórar og gátu því sjálfir lagfært það, sem ábótavant var og þurftu ekki að snúa sér með það til þingsins. En eftir nýju lögunum eru þeir því nær eingöngu eftirlitsmenn.

Magnús Blöndahl: Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) vildi láta vísa máli þessu til bankarannsóknarnefndarinnar, vegna þess, að hér væri að ræða um að afnema gæzlustjórana og að rannsaka allan hag bankans 5. hvert á. En þetta hefir aldrei fyrir mér verið aðalatriði þessa máls, heldur það eitt að tryggja svo vel stjórn bankans, sem unt er og þetta vakti einnig fyrir mér á síðasta þingi. Það veit háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sjálfur mjög vel.

Jón Ólafsson: Eg skal fúslega kannast við, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, að bankarannsóknarnefndin er kosin til þess að rannsaka bankamálið, en eg sé ekki, að það geti verið neitt því til fyrirstöðu, að hún hafi þetta mál líka til meðferðar.

Sigurður Sigurðsson: Að mínu áliti er það alls ekki nægilegt eftirlit, að bankinn sé rannsakaður að eins 5. hvert ár. Sé eitthvað í ólagi hjá bankastjórunum, þá er svo auðvelt fyrir þá, að kippa því í lag, áður en rannsóknin færi fram. Við þekkjum dæmi til þess, að þetta hefir átt sér stað. Það, sem fyrir mér er aðalatriðið er, að tryggin sé nægileg. Eg man nú ekki, hver afstaða mín var í þessu máli á síðasta

þingi, en það hefir ekki svo mikið að segja; maður hefir ávalt leyfi til þess, að hugsa sig um, bæði í þessu máli og öðru.

Það hefir verið fundið gæzlustjórafyrirkomulaginu til foráttu, að þeir hafi verið svo stuttan tíma í bankanum, að lítið gagn hafi verið að því. En minna má á það, að þeir voru þar oft lengur en þeir þurftu að vera samkvæmt reglugerðinni. En væri það ekki ráð að lengja starfstíma þeirra? Hafa hann t. d. 3 stundir á dag og bæta við laun þeirra.

Frumv. gerir ráð fyrir, að þriðji bankastjórinn hafi 4000 kr. í laun. Væri ekki rétt að sleppa þriðja bankastjóranum og skifta að helmingi launum þeim, sem honum eru ætluð, milli gæzlustjóranna tveggja? Eg segi ekkert um það, hvort eða hvað mikið er við landsbankann að athuga. En maður hefir leyfi til þess og enda skyldu, að vera tortryggur nú á þessum tímum og fyrir mér er aðalatriðið, að svo verði búið um hnútana, að eftirlitið geti orðið svo gott sem unt er, og fullnægjandi gagnvart þingi og þjóð.

Að öðru leyti skal eg ekkert fullyrða um það, hver vera muni tilgangurinn með þessu frumvarpi. Eg vænti þess, að hann sé sá einn að tryggja sem bezt eftirlitið með bankanum og öllum hag hans.

Eg hallast að því, að máli þessu sé bezt komið hjá peningamálanefndinni. Hún er þannig skipuð, að þeim sem sitja í henni, er trúandi til að ráða fram úr, hvað bezt er að gera í þessu efni.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vildi að eins segja örfá orð út af yfirlýsingu háttv. 2. þm. S.-Múl., (J. Ól.) sem sagði, að bankarannsóknarnefndin liti svo á, að þetta mál lægi ekki fyrir utan sinn verkahring. Eg get sagt það, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir ekki talað fyrir munn allra nefndarmanna, er hann sagði þetta. Eg lít svo á, að rannsóknarnefndin í bankamálinu eigi að rannsaka afsetningu gæzlustjóranna. En þetta mál er þess eðlis, að það á ekki heima í þeirri nefnd. Mér virðist, að annaðhvort eigi að kjósa nýja nefnd í málið, eða þá vísa því til peningamálanefndarinnar, eins og ýmsir hafa þegar stungið upp á.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til peningamálanefndarinnar með 12 : 9 atkv.

1. umr. frestað.

Í máli þessu kom ekkert nefndarálit fram.

Veðdeildarlagabreyting.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík 12. jan. 1900. Fyrsta umr., 8. marz (A. 102).

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Það er von mín, að enginn hvellur verði gerður út af þessu máli, eins og næsta máli á undan, og að það verði ekki sett í samband við afsetningu gæzlustjóranna eða blandað saman við þá.

Frumv. þetta fer fram á, eins og menn sjá, að breyta veðdeildarlögunum frá 1900. Þau og öll seinni veðdeildarlög gera ráð fyrir, að í veðdeildina megi greiða auka-afborganir og skuldir með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði. Eins og menn vita, er ekki meira dregið út af veðdeildarbréfum en svo, að sú upphæð samsvari því, sem afborgast af lánum veðdeildarinnar. Notarius publicus eða hans umboðsmaður draga bréfin út einu sinni á ári, og hann dregur ekki út hærri upphæð en hefir innborgast á árinu. En eins og eg tók fram, þá er lántakanda veitt

heimild til þess að borga lánin með veðdeildarbréfum eftir ákvæðisverði og veðdeildin verður að kaupa þau og liggja með þau, og getur það sett hana í óþægilega klípu. Veðdeildin hefir enga peninga nema varasjóð, en hann næði skamt, ef margir fyndu upp á því, að borga skuldir sínar með veðdeildarbréfum, enda er engin nauðsyn á því. Þetta atvik hefir einmitt komið óþægilega fyrir í ár. Einn maður, sem ekki fékk lán, eins hátt og honum líkaði, fann upp á því, að borga 25,000 kr. lán, sem hann þá hafði nýlega fengið, með veðdeildarbréfum. Og nú situr deildin uppi með þau. Það ber einnig að líta á það, að þessi regla mun eigi vera almenn annarsstaðar, og þó svo væri, stendur þar öðru vísi á, þar sem nógur markaður er fyrir slík bréf. Ef bréfin fengu »kurs«, þá gætu féglæframenn fundið upp á því, að setja verð þeirra niður svo og svo mikið, keypt þau fyrir lítið verð og fengið svo fullvirði fyrir þau með því að taka að sér greiðslu veðdeildarlána í bankanum. Fyrir þessu stendur veðdeildin berskjölduð. Og þó hún ekki tapaði beint sjálf við þessar greiðslur, þá yrðu verðbréf hennar í óáliti og lántökur áfram óframkvæmanlegar.

Eg vona menn sjái nú hættuna, sem af þessu gæti leitt. Ef háttv. þm. þykir ástæða til þess að athuga málið í nefnd, þá má annaðhvort vísa því til peningamálanefndarinnar eða setja sérstaka nefnd í það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla ekki að halda neina ræðu, en að eins gera eina litla fyrirspurn. Eg sé, að hér í deildinni hefir verið útbýtt lögum um stofnun fasteignabanka. Væri nokkuð á móti því að taka þetta mál út af dagskrá nú og geyma það þangað til frumv. um stofnun fasteignabankans kemur til umr. hér í deildinni og vísa þessu máli þá til þeirrar nefndar, sem skipuð verður til að athuga hann?

Hannes Hafstein: Eg álít þetta svo einfalt mál, að ekki sé þörf á að eyða tíma til að skipa nefnd í það; legg eg því til, að því verði vísað til 2. umr. án nefndarsetningar.

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Eg er á sama máli og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að engin ástæða sé til þess að athuga málið í nefnd og fell því frá nefndarskipun.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. marz (A. 102).

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Eg hefi engu við að bæta, sem eg sagði við 1. umr., og þá var fallið frá að setja nefnd í það. Sé ekki, að það sé nein þörf á að setja nefnd í málið nú fremur en þá.

Jón Magnússon: Eg vildi gera fyrirspurn til háttv. flutningsm. Er það hugsunin, að ákvæðið nái til þeirra manna, sem þegar hafa fengið lán? Eg veit, hvernig svarið muni verða Til þeirra manna, sem hafa fengið lán, er ekki hægt að láta þetta ákvæði ná. Þeir hafa fengið lánin með þessum kjörum, er veðdeildarlögin nú ákveða, og þeim kjörum er ekki hægt að breyta. Ef þetta atriði væri borið undir dómstólana, mundu þeir eflaust halda uppi rétti lántakendanna. En úr því það getur ekki náð til þeirra, sem lán hafa fengið, þá er þetta frumv. fremur þýðingarlitið. Eg var ekki viðstaddur, þegar flutningsm. reifaði málið, svo eg þekki ekki ástæður hans. Mér er kunnugt um að tilfelli, sem kom fyrir í vetur, var dálítið óþægilegt fyrir veðdeildina eða bankann, og vera má að hafi orðið tilefni til frumv., en eg hygg vel megi fyrirbyggja það, að slíkt hið sama komi

fyrir aftur. Mér finst það ekki nema sanngjarnt, að veðdeildin taki á móti veðdeildarbréfum sama flokks sem fullgildri borgun, er ræða er um sérstakar afborganir, er ekki eru áskildar. Eg veit ekki betur, en að samskonar ákvæði séu hjá veðdeildum eða slíkum stofnunum hjá öðrum þjóðum. Eg get því með engu móti gefið frumv. mitt atkvæði.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg skal svara háttv. þm. Vestm. (J. M.) þannig, að það er okkar meining, að ákvæðið nái til allra, einnig til þeirra, sem lán hafa fengið. Því næði það ekki til þeirra, sem þegar hafa tekið lán, þá væri mjög lítið gagn að þessu ákvæði. Það er ráð í þessu atriði eins og oftar, að byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann. Það hefir verið gerð tilraun til þess að bjarga þessu við, en sú tilraun hefir ekki hepnast. Veðdeildin hefir enga peniga nema varasjóð og hann má hún ekki brúka til þess að kaupa fyrir þessi veðdeildarbréf. Það er heldur ekki hægt að skylda bankann til þess að kaupa bréfin fyrir fullvirði, enda vantar hann fé til þess. Mér þætti vænt um að fá að heyra, hvernig háttv. þm. Vestm. (J. M.) hugsar sér að fyrirbyggja þetta?

Eg held mér sé óhætt að fullyrða, að þess konar ákvæði eru ekki almenn annarsstaðar í veðdeildarlögum. Ef bréfin hafa lágan »kurs«, þá gæti það orðið til þess að fjárbrallarar færu að kaupa bréfin fyrir sem lægst verð, og *að setja þau niður í verði*, til þess að hagnast sem mest á þeim, sem lægi opið fyrir að gera, þegar markaður væri fyrir þau í veðdeildinni fyrir fullvirði.

Eg álít nú, að það sé nauðsynlegt, að vísa málinu til nefndar og þá finst mér sjálfsagt að vísa því til peningamálanefndarinnar.

Jón Magnússon: Eg veit ekki, hversu óeðlilegt þetta ákvæði er, en eg veit, að það er til annarsstaðar. Eg hefi hér eitt eintak af veðdeildarlögum Revisionsbankans í Kaupmannahöfn og þar er það beint ákveðið, að lántakendur geti borgað lánin aftur, með sama flokks bréfum og bankinn hefir goldið þeim lánin með, þegar ræða er um ótilskildar afborganir. Eg skal samt ekki þrátta um það við háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), hvort slíkt ákvæði sé í öllum veðdeildarlögum annars; eg býst við að hann sé um það fróðari en eg, en undarleg tilviljun er það, að það skuli einmitt vera í þeim einu veðdeildarlögum, er eg sem stendur hefi komist yfir.

Eg skal ekki vera svo mjög á móti því, að málinu verði vísað til nefndar. En eg get ekki horfið frá þeirri skoðun minni, að rétt sé að halda því ákvæði, sem frumvarpið fer fram á að burtu sé felt.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Það getur verið, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) hafi hér veðdeildarreglugerð með þessum ákvæðum. En útdráttarákvæði landsbankaveðdeildarinnar eru þannig löguð, að þau bréf, sem eiga að ganga til útlanda, má ekki draga frá þeirri summu. Hinum háttv. þm. hefir þá yfirsést þetta ákvæði í veðdeildarlögunum:

> »Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl«.

Fyrirvarinn, sem hér er átt við, sést af lagagreininni á undan þessari setningu. Frumv. á að ná fram að ganga, eins og það er. Vegna þeirra, sem bréf eiga í útlöndum, álít eg ekki rétt að breyta lögunum á annan hátt en þenn-

an. Að vísu kemur það mjög sjaldan fyrir, að menn fái bréf annarsstaðar til þess að borga með lánin, en það hefir skeð í stórum mæli eitt sinn og getur skeð oftar.

Eg vona, að menn styðji frumv. og eg er ekki mótfallinn því, að nefnd sé sett í málið.

Jón Magnússon: Eg legg til, að málinu sé vísað til peningamálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til peningamálanefndarinnar með 14 shlj. atkv.

2. umr. frestað.

Í máli þessu kom ekkert nefndarálit fram.

Fasteignaveðbanki.

FRUMVARP til laga um stofnun fasteignaveðbanka.

Fyrsta umr., 13. marz (A. 131).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til peningamálanefndar með 21 shlj. atkv.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 4. apríl (A. 131, n. 304).

Forseti tók málið út af dagskrá samkvæmt ósk flutningsmanns og framsögumanns (B. Kr.) og kom það ekki síðar til umræðu (sbr. n. þgskj. 304).

Gerðardómur í brunabótamálum.

FRUMVARP til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

Fyrsta umr., 11. marz (A. 125).

Flutnm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! — Við flutnm. höfum komið fram með þetta frv. af því, að við lítum svo á, að hér sé um nauðsynjamál að ræða. Það er orðin föst reynsla hér á landi, að vátryggingarfélögin leyfa sér að beita þeirri aðferð, einkum við þá, sem lítils mega sín, að neita að greiða nema nokkurn hluta vátryggingarupphæðarinnar, jafnvel ekki nema $^1/_4$ eða þaðan af minna, þótt bersýnilegt sé, að bruninn hafi ekki hlotist af mannavöldum. Fátækir menn hafa neyðst til að taka þessum boðum, sökum þess, að þeir hafa ekki haft bolmagn til að bíða mörg ár borgunar og kosta fé til að sækja mál sitt til hæstaréttar. Eg get nefnt til dæmis, að fyrir 5 árum var fátækum manni einum boðnar 250 kr. upp í vátryggingarupphæðina, en hann vildi ekki þiggja það. Gekk svo í stappi um þetta, þar er til aðilar urðu ásáttir um, eftir meir en 4 ára þref, að leggja málið undir gerðardóm í Kaupmannahöfn. Og hvernig fór? Í stað 250 kr. gerði gerðardómurinn félaginu að greiða 4500 kr. Þetta er til marks um það, hvað óprúttin félög leyfa sér. Þótt félögin beri það fyrir, að brunar séu hér tíðir, þá hafa þau sett undir þann leka með því að hafa iðgjöldin svo há, að eindæmi er. Þótt þessi félög drægju sig burt héðan sakir þessa skilyrðis, sem varla er hætt við, þá mundu önnur félög, og það öll vönduðustu og áreiðanlegustu félögin, gangast undir það. Vátryggingarfélögum má ekki líðast, að misbjóða almenningi og fyrir það er girt með þessu ákvæði. Ef ágreiningur rís upp, þá skulu málin lögð í gerðardóm; nefnir hvor aðila einn mann, en landsyfirdómur þrjá, og sé einn þeirra, er landsyfirdómurinn tilnefnir, oddviti og löglærður maður. Með þessu er trygging fengin til handa báðum aðilum og lítill vafi á, að félögin vilji hlíta ákvæðinu. Góð félög hafa oftast ákvæði

um gerðardóm í lögum sínum og mundu lúta þessu ákvæði Það mundu að eins vera refjafélög, sem ekki vildu beygja sig undir það, og væri þá bættur skaðinn, þótt þau drægju að sér klærnar.

Eg vona, að frv. fái framgang, en með því að hér er um mikilsvert mál að ræða, býst eg við, að hlýða þyki að skipa nefnd í það, og leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Stefán Stefánsson: Eg skal geta þess, að eg hafði ætlað mér að flytja þingsál.till. um að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumv., er ákvæði skyldur og réttindi erlendra ábyrgðarfélaga hér á landi, en úr því að þetta frumv. er fram komið og nefnd er væntanleg í það, skal eg leyfa mér að beina því til nefndarinnar, hvort ekki muni vera hægt að sameina við það ákvæði um lífsábyrgðarmál. Það kom fram á þingmálafundum í mínu kjördæmi, að mikil nauðsyn væri á að til væru almenn lög í þessa átt, hvort heldur væri að ræða um brunaábyrgðir eða lífsábyrgðir erlendra félaga hér á landi, og með því að fyrirbyggja það, að einstakir menn væru beittir misrétti. Í sambandi við það kom fram á fundunum sú tillaga, að félögin hefði hér varnarþing, umboðsmenn þeirra fengju sérstakt leyfi frá stjórninni til þess að takast umboðsstarfið á hendur og nægilegt tryggingarfé, undir umsjón landsstjórnarinnar.

Þetta óska eg, að væntanleg nefnd taki til athugunar, svo að það gæti sameinast þessu frv., ef kostur er á.

Annars hafði eg hugsað mér að koma fram með þingsályktunartillöguna, sökum þess að málið er afar vandasamt og þarf að minni hyggju meiri undirbúning en hér er kostur á.

Flutnm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Út af orðum hins hv. 2. þm. Eyf. (St. St.) skal eg taka það fram, að við völdum ekki þá leið, að skora á stjórnina, sökum þess að við treystum henni ekki til að semja betra frumv. Frumv. er ekki samið af okkur; það er samið af lögfræðingi hér í bæ, sem hefir manna mesta reynslu í þessum efnum, og er það því svo vel undirbúið, sem kostur er á.

Hannes Hafstein: Mér finst það liggja í augum uppi, að þetta frumv. mundi verða haft á frjálsum viðskiftum Íslendinga við útlend ábyrgðarfélög. Vér getum ekki skuldbundið aðra menn til að lúta lögum vorum en íslenzka þegna. Þessi lög yrðu því bann fyrir Íslendinga, að vátryggja í öðrum félögum en þeim, sem vildu beygja sig undir þau fríviljuglega. Undanfarin reynsla sýnir, hversu erfitt hefir veitt að fá viðunanlegar brunabótaábyrgðir til sveita og í kauptúnum út um land, og tel eg vafasamt, að þessi lög verði til að bæta. Mér finst réttara, að fyrst væri leitað upplýsinga hjá félögunum um það, hvort þau mundu vilja hlíta þessum skilyrðum, en fyrst nefnd er væntanleg í málið, má gera ráð fyrir því, að hún gangi úr skugga um það, áður en hún gerir endanlegar tillögur.

Flutnm. (Jón Ólafsson): Mig furðar á því, að hinn hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) skuli halda því fram, að við getum ekki sett skilyrði öðrum en íslenzkum félögum. Mörg lönd hafa þó slík ákvæði um vátryggingarfélög. Skal eg í því efni benda á t. d. Bandaríkin og Þýzkaland. Það væri undarlegt, ef vér mættum ekki setja ákvæði um þessa sem hverja aðra atvinnu. Að hér sé verið að banna félögunum atvinnuna, er einber hégómi. Að erfitt hafi verið að fá breytt kjörum, er satt, en það stafar af því, hve brunar eru hér tíðir. Þetta frv. miðar ekki að því að auka brunana, heldur að því að bæta úr rangsleitni.

Hannes Hafstein: Það er misskilningur hjá háttv. flutningsmanni (J. Ól.), að eg hafi haldið því fram, að vér mættum alls ekki setja lög um þetta efni. Eg sagði, að lögin yrðu haft á Íslendingum, bann gegn því, að skifta við önnur félög en þau, sem vilja ganga inn á skilyrðin. Spurningin er, hvort gera eigi fólki enn erfiðara með vátryggingar heldur en nú er, og eg tel hætt við því, að svo yrði í reynd með þessum ákvæðum.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd sþ. með 19 atkv. shlj., og í hana kosnir með hlutfallskosningum:

Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,
Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Magnús Blöndahl valinn formaður, Björn Þorláksson skrifari og Jón Ólafsson framsm.

Framhald 1. umr., 19. apríl. (A. 125, n. 508).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Frumvarp þetta, sem hér liggur fyrir háttv. deild, hefir verið til umræðu í nefnd og er hún öll sammála um, að það verði gert að lögum án breytingar, að undanskildum nokkrum orðabreytingum og 1 efnisbreytingu. Orsökin til frumvarpsins er sú, að ýms brunabótafélög neita að greiða bætur, nema lítinn hluta, þá er fátækir menn eiga hlut að máli, í því trausti, að þeir hafi ekki efni á að halda málum sínum til hæstaréttar, og þoli ekki þá 3—4 ára bið, sem slíkt málskot hefir í för með sér, því að menninirnir þurfa venjulega að reisa hús aftur þegar. Nýskeð var maður þannig neyddur til þess að taka á móti $^2/_3$ hluta brunabótafjár, enda þótt hann hefði getað fengið sér alla upphæðina tildæmda með hæstaréttardómi. Fyrir 4 árum brann hjá manni nokkrum hér á landi. Neitaði félagið að greiða honum meira en 225 kr. af brunafénu, sem var 5000 kr., og var þó ekkert grunsamlegt þar um brunann. Málið var nú loks í vetur eftir fullra 4 ára drátt lagt í gerð í Kaupmannahöfn og fékk hann 4500 kr. Það er auðvitað þau óvandaðri félög, sem beita þessu, hin gera það ekki. Eg skil ekki, að nokkur geti haft neitt á móti gerðardómi. Það er ekki hægt að finna honum til foráttu, að ekkert vátryggingarfélag vildi þá starfa hér á landi, eða það, að ikveikjur væru hér svo tíðar. Því að það eru svo mörg vátryggingarfélög, er sækjast eftir að starfa hér, af því að það er arðvænlegt, og brunar af mannavöldum ættu ekki að vera nein ástæða til þess að óttast gerðardóm, heldur þvert á móti. Gerðardómur mundi láta sér ant um, landsmanna vegna, að vera strangur. Því að óorð á landsmönnum gerir vátryggingar dýrari. Það er og venjulegt ákvæði í vátryggingarskirteinum hinna betri félaga, að gera ráð fyrir gerð í málunum. En í frumv. er svo mikil trygging fyrir góðum gerðardóm sem unt er. Þess vegna hefir nefndinni virst frumv. bæði réttlátt og nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt að setja tryggingu gegn því, að einstök félög hafi einstaklinga að féþúfu. Öll nefndin hefir orðið sammála um frv. Hefir hún að eins komið fram með eina efnisbreytingu við 10. gr.; hinar breytingarnar, er hún hefir komið með, eru að eins orðabreytingar til þess að skýra sem bezt frumv.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. apríl (A. 125, n. 508).

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skýrði við framhald 1. umr. álit nefndarinnar. Breytingartillaga á þingskj. 508 hefir verið tekin aftur, en hinar voru samþyktar ásamt frumv.

Hannes Hafstein: Þetta frumv. er mjög varhugavert, og mjög óvíst, að það nái tilgangi sínum. Eg er hræddur um, að það gæti haft þær afleiðingar, að útlend félög mundu ekki vilja takast á hendur ábyrgðir á sumum stöðum hér á landl, og hverjar afleiðingar það mundi hafa og hvílíkur lánstraustsspillir það yrði fyrir þá, er hlut eiga að máli, liggur í augum uppi.

Sömuleiðis mundi það oft hafa mjög lítið að segja, þótt gerðardómar fengjust hér gegn útlendum félögum, því félögin gætu látið vera að beygja sig undir þá, og yrði þá, þrátt fyrir gerðardóminn, að höfða mál í útlöndum. Mér finst og varhugavert að útiloka menn frá að nota dómstólana, ef menn óska þess. Sömuleiðis hygg eg, að kostnaður yrði að meiri með þessu móti.

Við frv. er ýmislegt fleira að athuga, en eg ætla ekki að tala fleira um það að sinni, fyr en eg sé, hvort það verður látið fara lengra eða sérstakt tilefni gefst.

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér þykir leitt, að vinur minn hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) skuli líta svona á þetta mál, en eg vona að háttv. þingdeild sannfærist ekki af því. Hann taldi lítið unnið með þessum gerðardómum. Það yrði þó stór munur að fá þá. Má meðal annars benda á það, að dómsskot til hæstaréttar tekur oft 4—5 ár; yrði því mikill munur til batnaðar, ef hægt væri að útkljá málin á styttri tíma. Hann er hræddur um það, að útlend brunabótafélög mundu hætta viðskiftum hér, en ekki veit eg á hverju hann byggir það. Ef hann kynnir sér málavöxtu, þá mun hann sjá, að meginþorri allra brunabótamála er útkljáður, án þess að dómstólarnir komi nærri; eru þá stundum viðhafðir gerðardómar. Þau félög, sem hætta mundu viðskiftum ef til vill, eru þau ein, sem lifa á því að féfletta menn, og er engin eftirsjá í þeim. Hin þarf ekki að óttast.

Þá gat hann þess, að kostnaður mundi verða meiri fyrir félögin, því að þau þyrftu að senda mann til að mæta fyrir sína hönd. Mér er óskiljanlegt, að þeir menn mundu verða betri til að fylgja þeirra máli en lagamenn hér, því ekki munu útlendir menn þekkja betur lög landsins og staðháttu. Nú er því svo farið, að mörg félög hafa í hótunum að skjóta málum til hæstaréttar til þess að hræða menn til að þiggja smánarboð. Honum þótti ósanngjarnt að útiloka menn frá dómstólunum. Eg vil í því efni að eins minna á Samábyrgðina. Þar er gerðardómur lögboðinn. Annars virðist mér kenning hans vera meira á hugarburði bygð en reynd eða skynsamlegum rökum.

Hannes Hafstein: Því fer mjög fjarri, að eg sé því mótfallinn, að réttur vátryggjanda sé sem bezt trygður. En álit mitt er, að þetta frumv. komi ekki að fullum notum í því efni. Við megum ekki fæla útlend félög frá okkur, en svo getur farið, ef þetta frumv. nær fram að ganga, að víða verði erfitt að fá vátryggingu yfirleitt, meðan innlent ábyrgðarfélag er ekki til.

Hv. framsm. (J. Ól.) var í efa um á hverju eg bygði þá skoðun mína, að hætt gæti verið við því, að útlend félög neituðu viðskiftum við oss. Eg ræð það það af líkindum, sem liggja mjög nærri, en auk þess hefi eg nokkra reynslu í því, hversu útlend ábyrgðarfélög eru sólgin í viðskifti við Ísland. Það kom glögt fram í tilraunum þeim,

er gerðar voru hér um árið til að koma í framkvæmd lögunum um innlent ábyrgðarfélag og fá útlend félög til þess að takast á hendur endurtrygging fyrir það félag, enda höfum vér og daglega reynslu fyrir því, að þau álíta ábyrgðarviðskifti við oss ógerning, nema fyrir hærra gjald heldur en annarstaðar er heimtað. Vér höfum ekki sem bezt orð á okkur, þar sem það er kunnugt, að slökkvitæki og slökkvilið vantar víðast hvar, og grunur leikur á, að íkveikjur séu mjög tíðar, þótt sjaldan verði uppvíst. Eg tel mjög óheppilegt, að löggjafarvaldið fari að setja skorður, er geti gert mönnum enn erfiðara að fá ábyrgðir en nú er, eða alls ómögulegt.

Hv. frsm. (J. Ól.) hélt, að engin hætta mundi á því vera, að gerðardómi þeim, sem frv. fyrirskipar, mundi ekki verða hlýtt, og í öllu falli mundi málfiutningur um það efni verða greiður og stuttur utanlands, en illa þekkjum við þá útlenda málafærslumenn, ef við byggjum á því, að þeim mundi verða skotaskuld úr því að finna einhverja annmarka við form gerðardóms eða annað, sem að minsta kosti gæti tafið fyrir fullnægjudómi erlendis. Eg held að þetta gefi enga verulega tryggingu, nema þá að ábyrgðarfélögin væru jafnframt skylduð til að setja tryggingarfé, líkt og útflutningafélögum hefir verið gert að skyldu, er halda mætti eftir eða taka af, ef dómur félli á þau. Áður en það fæst, hygg eg að lítið sé unnið við slíkar lagasetningar.

Að lokum skal eg taka það fram, að það er mjög óviðfeldið, að útiloka menn alveg frá því að fara til dómstólanna, ef þeir óska þess, og telja það sé hagfeldara eða ódýrara.

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) kom aftur með þá mótbáru í móti þessu frv., að það mundi fæla vátryggingarfélögin burt úr landinu. Eg er hræddur um, að hv. þm. hafi alls ekki heyrt þau orð mín, sem eru sönn, að beztu félögin, sem hér eru, hafa sjálf skuldbundið sig til þess að leggja þau mál, sem ágreiningur ris út af, í gerð. Hví ættu þau þá að fælast okkur, þótt við fyrirskipum það með lögum, sem þau sjálf hafa heimilað? Eg get ekki séð það og eg hygg, að flestir aðrir sjái það ekki heldur, hvaða hvöt þau hafa til þess. Eg held, að þetta sé að eins einhver grýla, eða óþörf hræðsla. Háttv. þm. sagði og, að langur tími og miklir vafningar mundu fara í það að fá dómi gerðardóms fullnægt í öðrum löndum. Það held eg nú ekki. Þrætan er einu sinni fyrir alt útkljáð með úrskurði gerðardóms og ekki þarf annars með en að fá »executions« dóm fyrir þeim úrskurði í því landi, sem félagið er í. Hið sama verðum við líka að gera, þótt við fáum hæstaréttardóm í brunabótamálum, ef félagið er í öðru landi, t. d. í Havre á Frakklandi, þá verður alveg eins að fá »executions«-dóm þar.

Þá sagði háttv. þm., að erfitt væri að fá endurvátryggingu, þegar um íslenzka ríkisábyrgð væri að ræða, hann kvað það vera af hræðslu við Íslendinga. Það held eg nú ekki, heldur hygg eg, að þessir erfiðleikar stafi af því, að félög þau, sem talað hefir verið um að fá endurvátryggingu í, voru hin sömu og vátryggingafélögin hér hafa endurvátrygt hjá. Þau félög hafa hótað því, að endurvátryggja ekki í sama stað aftur, ef íslenzkt ríkisvátryggingarfélag fengi endurvátrygt þar. Svona þykir þeim mikils um vert, að geta rekið störf sín hér, og kemur það ekki vel heim við þau orð háttv. þm., að þau muni fælast okkur.

Þá sagði háttv. þm. að úr göllunum mætti bæta með því, að heimta af félögunum, að þau legðu fram tryggingarfé hér í landi. En það er ekki þar sem skórinn kreppir, að félögin borgi ekki, þegar dómur einu sinni er fallinn, heldur hvað málareksturinn kostar mikið fé og fælir menn frá því, að sækja félögin að lögum, en knýr menn til að þola heldur rangláta fléttting. Það getur staðið yfir 4—5 ár. Og á því yrði engin bót ráðin, þótt tryggingarfé væri sett hér á landi.

Eg vona nú, að háttv. deild fallist á þetta frumv.

Eg skal geta þess, að við nefndarmenn gerðum alt, sem í okkar valdi stóð, til þess að vanda sem mest til frumv. og reyndum að kynna okkur það hjá útlendum félögum, hvort þau mundu fælast landið, þótt lög þessi yrðu samþykt. Félögin voru nokkuð þögul, en eg hefi ástæðu til þess að halda, að beztu félögin fari ekki. Frumvarp þetta er samið af lagamanni, sem hefir mikla þekkingu í þessum málum og manna mesta reynslu hér fyrir því, hve mikinn hnekki margir hafa beðið af hrekkjum hinna lakari félaga, sem fólkið hefir oft vátrygt hjá, eins og verða vill um almenning, að hann fer til hins fyrsta hins bezta.

Eg er sannfærður um það, að í frv. felst mikil réttarbót og hræðslan við, að það muni fæla góð félög úr landinu, hygg eg að sé ástæðulaus. Þótt það fæli hin lakari burt gerir ekkert til. Þau ættu að fara sem fyrst.

ATKV.GR.

1. gr. frumv. sþ. með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	

Þrír þingmenn ekki viðstaddir.

2. gr. frumv. sþ. með 11 : 3 atkv.

3. gr. frumv. sþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson.
Jón Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Tveir þingmenn ekki viðstaddir.

4. gr. frumv. sþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. við 5. gr. sþ. með 16 : 1 atkv.

5. gr. frv. þar með fallin.

Breyt.till. við 6. gr. sþ. án atkvæðagreiðslu.

6. gr. þannig breytt sþ. með 13 atkv. shlj.

Breyt.till. við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

7. gr. þannig breytt sþ. með 13 : 1 atkv.

8. og 9. gr. sþ. með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 508, um að ný 10. gr. komi, sþ. með 15 atkv. shlj.

10. gr., sem verður 11. gr., sþ. með 13 atkv. shlj.

Fyrirsögn frumvarpsins sþ. án atkv.-gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 4 atkv.

Þriðja umr., 24. apríl (A. 716).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson.
Jón Ólafsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

5 þingmenn fjarverandi.

Frumvarpið því næst afgreitt til Ed.

Bygging, ábúð og úttekt jarða.

FRUMVARP til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884.

Fyrsta umr., 16. marz. (A. 169).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Háttv. deildarmenn munu minnast þess, að þetta frumvarp var til til umræðu hér í deildinni á seinasta þingi, og var því þá vel tekið og afgreitt til Ed., en þar varð það ekki útrætt, enda var það og tilætlun landbúnaðarnefndarinnar, að svo yrði ekki, því að hér var um svo gagngerðar breytingar að ræða á ábúðarlöggjöfinni, að ekki virtist heppilegt, að málið yrði afgreitt sem lög frá þinginu fyr en landsmönnum hefði gefist kostur á að íhuga það, sem rækilegast.

Að hve miklu leyti þetta frumvarp hefir verið rætt út um land, er mér ókunnugt, en í Eyjafjarðarsýslu var það bæði rætt á leiðarþingum að loknu síðasta þingi og á þingmálafundum og var því alstaðar vel tekið. Eg get ekki talið, að nokkur rödd heyrðist á móti því, miklu fremur virtust menn sammála um, að breytingar þær, sem frv. fer fram á, væru bráðnauðsynlegar til þess að veita leiguliðaábúðinni eðlilegar réttarkröfur. Aðalbreytingin er sú, að leiguliðum er gefinn meiri endurgjaldsréttur á jarða- og húsabótum en nú er, enda hafa umkvartanir eða óánægja manna með ábúðarlöggjöfina einkum hneigst að því er þetta snertir. Búnaðarmálanefndin hefir litið svo á, að endurgjaldsskylda landsdrottins yrði að vera í samræmi við sennilegan framtíðartekjuauka, er hann nyti af endurbótum leiguliða, því auðvitað er engin sanngirni, að auka svo rétt einstakra manna, að með því sé gengið á rétt annara.

Önnur breytingin er sú, að leiguliðum skuli heimilt að leysa til sín kúgildi þau, sem á jörðinni hvíla, með því móti, að þeir láti jafn góða eign í staðinn.

Þessa heimild hefir nefndinni þótt sjálfsagt að veita, til þess að koma í veg fyrir svo óeðlilega og þunga kvöð, sem kúgildin eru nú á ýmsum jörðum víðsvegar um land.

Þá eru loks ákvæði um skifting á landi, hæði á milli einstakra ábúenda, og einstakra jarða, þannig, að hver einstakur ábúandi geti krafist skifta á öllu því landi, er hann á kröfu til og ætlar að nota til slægna eða ræktunar á annan hátt, en þetta sama ákvæði kemur

fram í öðru frumvarpi, sem liggur hér fyrir deildinni og verður það því nánara rætt síðar.

Þetta eru þá aðalatriðin í frumvarpinu, sem eg nú hefi tekið fram, og vænti eg þess, að háttv. deild taki málinu vel og lofi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 20. marz (A. 169).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Eg tók fram við 1. umr. þessa máls aðaldrætti frv., og mælti þá enginn á móti. Eg vona því að háttv. deild verði í aðalatriðunum samþykk þessu frumv. Skal eg þá leyfa mér að fara út í einstaka greinar frv., og skýra fyrir háttv. þm. ákvæði þeirra.

1. gr. frv er um jarðabætur þær, er ábúandi gerir og ekki eru áskildar í byggingarbréfi. Ber ábúanda fyrst að bera sig saman við jarðeiganda um hvernig kostnað við verkið skuli greiða. Vilji eigandi ekkert kosta til jarðabótarinnar, er ábúanda heimilt að gera hana á eigin kostnað. Hafi ábúandi notið ávaxta jarðabótarinnar í 10 ár, fær hann ekkert endurgjald fyrir hana, en ef svo er ekki, þá á $^1/_{10}$ kostnaðarins að dragast frá fyrir hvert ár, sem hann hefir notið jarðabótarinnar. Það er sjáanlegt, að ef ábúandi hefir notað ávaxta jarðabótarinnar í 10 ár og eigi fengið upp í kostnaðinn, þá er hún í sjálfu sér ekki mikilsverð jarðabót. Það er úttektarmannanna að segja um það, hvers virði jarðabótin er; mætti máske segja, að það væri ef til vill réttara, að láta dómkvadda menn meta þennan kostnað, því að hér getur verið um ekki svo litla fjárupphæð að ræða, en hvað sem því viðvíkur, þótti nefndinni nauðsynlegt, að skorður væru reistar við því, að jarðeigandi gæti neitað að borga, að vissum hluta tiltölulega nýunnin frambúðarverk. En nú er því svo varið, að jarðeigandi er ekki skyldur að borga neitt fyrir unnar jarðabætur, þó að verðgildi jarðarinnar hækki að miklum mun. Þetta ákvæði um borgunarskyldur jarðeiganda getur líka orðið til þess, að leiguliði, sem mikið vinnur til bóta ábýli sínu, geti trygt sér lengur ábúð á jörðinni, því að þurfi jarðeigandi að borga mjög háa upphæð, við fráför leiguliða, mun hann kynoka sér við að svifta hann ábúðinni, einkum þar sem hann þá jafnframt missir góðan ábúanda. Eg álít því þetta atriði mjög þýðingarmikið og um leið sjálfsagður hlutur, að leiguliðar, sem bæta og prýða annara eignir, eigi heimting á rétti sínum óskertum.

2. og 3. gr. eru um húsabætur á leigujörðum, sem nauðsynlegar eru fyrir ábúð á jörðum, og er eiganda gert að skyldu að leggja fram $^3/_4$ kostnaðar af aðkeyptu efni. En leiguliðar verða án endurgjalds að annast um alt það byggingarefni, sem jörðin sjálf leggur til, og ennfremur að kosta allan aðflutning. Ef til vill þykir mönnum það koma of hart niður á eiganda, að borga $^3/_4$ kostnaðarins, en eg hygg, að það geti ekki talist ranglátt, þegar þess er gætt, að eigandi hefir rétt til að hækka eftirgjald af jörðinni um 4% af kostnaðarupphæðinni og sömuleiðis rétt til að ráða allri húsagerðinni, og láta vinna að húsabótunum að tiltölu við framlagið. Það sýnist líka séð um, að leiguliði fari ekki að óþörfu að fást við húsabyggingar, þar sem svo mikið af kostnaðinum kemur niður á honum sjálfum. Hér sýnist því beggja hag gætt og eðlileg þátttaka frá hálfu hvors þeirra. En það er að eins þetta, sem verður að leggja áherzlu á, að eftir þessum lögum getur ábúandi krafist nauðsynlegra húsabóta, og það er ekki nema sanngjarnt, að eigandi leggi fram nokk-

uð af kostnaðinum við þær. Nú er því svo varið, að við ábúendaskifti gengur nær helmingur húsa kaupum og sölum, og það jafnvel nauðsynlegustu hús. Þetta fyrirkomulag kemur oft og einatt fyrir mjög hart niður sérstaklega á fráfarendum, og það því tilfinnanlegar, sem þeir hafa meiru til kostað.

Ákvæðin í 4. og 5. gr. heimila leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á jörðum sínum, að leysa þau til sín gegn því, að leggja jörðinni aðra eign jafngóða, annaðhvort í jarðabótum, sem auka verð og framleiðslu á jörðinni, eða óhjákvæmilegum húsabótum, samt svo að leiguliði leggi jafnframt frá sér $^1/_4$ húsaverðsins eða jarðabótanna. Kúgildin og þessar endurbætur meta dómkvaddir menn, og telst leigan síðan með landsskuldinni. Einnig getur landsdrottinn tekið kúgildi af jörð og hækkað landsskuldina um mismuninn á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna.

Með þessu ætti það að vera fyrirbygt, að leiguliða sé íþyngt tilfinnanlega með kúgildunum, en þess þó jafnframt gætt, að jörðin falli ekki að veðgildi eða verði, sökum breytingarinnar.

6. gr. frv. er um skifti á engjum, beitilöndum eða hlunnindum jarða og jarðaparta. Það er nauðsynlegt ákvæði, því ábúandi á heimtingu á að fá að vita, hve mikið land hann hefir til umráða, en einkum er þetta nauðsynlegt, gangi jörðin kaupum og sölum. Skiftin gera tveir óvilhallir, dómkvaddir menn.

Eg hefi þá tekið fram helztu ákvæði frumv., og vona að það fái að ganga til 3. umr.

Pétur Jónsson: Eg ætla ekki að lengja umræður um þetta mál. Framsögum. (St. St.) tók það fram, að breytingar frumv. væru nauðsynlegar, og er það rétt.

Í 2. gr. innifelast verulegar réttarbætur. Ef leiguliði vill byggja ný jarðarhús eða breyta gömlum húsum, þá á kostnaðinum að skifta þannig, að landsdrottinn leggi fram $^3/_4$ hluta hans, en sjálfur leggi hann fram það sem á vantar.

Þau nýmæli, sem fram koma í 6. gr. tel eg mjög athugaverð, nefnilega það, að hver einstakur skuli geta krafist skifta á óskiftu beitilandi. Þetta getur vakið deilur og óbilgirni. Gæti það orðið til ills að heimila þetta með lögum. En ef beitiland er tekið til ræktunar, þá á hlutaðeigandi að geta fengið skifti.

Vona eg, að mér geti komið saman við nefndina um breytingar á þessu ákvæði.

Eggert Pálsson: Af því málið er nú til 2. umr., en þess þarf með, eins og yfir höfuð nauðsynlegt er með öll mál, að það liggi sem ljósast fyrir við 3. og síðustu umr., þá vil eg leyfa mér að skjóta þeirri spurningu til háttv. framsm. (St. St.), hvað hann eða nefndin hugsi sér að liggi í orðinu landsdrottinn, þegar um kirkjujarðir er að ræða. Mér er kunnugt um, að um þetta eru talsvert skiftar skoðanir. Það er álit sumra, að presturinn sé landsdrottinn þeirra kirkjujarða, sem hann hefir undir höndum, en aðrir álíta landssjóðinn vera það, en prestinn sem nokkurskonar umboðsmann, og hallast eg fyrir mitt leyti að þeirri skoðun. En þetta verður að vera alveg skýrt. Vil eg því mælast til, að nefndin athugi þetta atriði, áður en málið verður tekið til 3. umr., svo að það komi glögglega í ljós, hver skilningur löggjafarvaldsins er í þessu efni. Það er, eins og augljóst er, afar áríðandi að vita, hver hinn rétti landsdrottinn er, þar sem hann á samkv. frumv. að leggja fram $^3/_4$ hluta til húsabótanna. Sé landsdrottinn kirkjujarðanna, eins og eg vil álíta, sjálfur landssjóðurinn, og komi það skýrt fram, þá hefi eg ekkert út á ákvæði þetta að

setja. En sé presturinn skoðaður sem landsdrottinn þeirra jarða, er hann hefir undir höndum, og ætti hann að greiða alt þetta fé, sem hér um ræðir, þá mundi það í mörgum tilfellum gleypa allar tekjur hans, og leiða til algerlegrar, óbrúklegrar rangsleitni, sem eg hygg að enginn háttv. þingm. gæti greitt atkv. með.

Ólafur Briem: Þetta mál er mikils varðandi og þess vert, að það sé vel athugað. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins eru settar reglur um það, að ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklum mun, eða byggja ný jarðarhús, þá sé landsdrottinn skyldur að greiða þrjá fjórðu hluta byggingarkostnaðarins, þó að því áskildu, að húsin eða umbót þeirra sé nauðsynleg vegna ábúðar á jörðinni. Við þetta er margt að athuga. Um það geta verið skiftar skoðanir, hver hús séu nauðsynleg. Húsakostnaður getur orðið allmikill. Á smájörðum getur hann orðið eins mikill og jarðarverðið, og sé um steinbyggingar að ræða jafnvel tvöfalt svo mikill. Landsdrottinn á svo að eiga heimtingu á 4 % af því, sem hann hefir lagt fram. Í mörgum tilfellum mundi því landskuld hækka um helming, yrði því í mörgum tilfellum erfitt að byggja jarðina. Húsin gefa ekki beinan arð. Eg er hræddur um, að ef þessi regla yrði sett, þá mundu jarðir lækka í verði, því þá getur enginn keypt jörð, sem hann tekur ekki þá strax til ábúðar sjálfur, án þess að eiga það á hættu, að þurfa að leggja mikið fé fram til húsabóta, sem hann ef til vill hefir ekki efni á. En þá er spurningin, hvort ekki sé hægt að gera neitt fyrir þetta þarflega og mikilsverða mál. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að margt mæli með þeirri tillögu, sem kom frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar (Jóni Sigurðssyni á Gautlöndum og Bergi Thorberg). Til þess að koma betri skipun á húsabyggingar í sveitum, lögðu þeir til, að kosin væri byggingarnefnd og stofnaður byggingarsjóður í hverjum hreppi. Væri slíkur sjóður stofnaður og í hann rynni fyrningargjald fyrir bæjarhús allra jarða í hreppnum og hver þeirra hefði sinn eiginn reikning, en sjóðurinn að nokkru leyti sameiginlegur fyrir allar jarðirnar þyrfti að líkindum ekki að hafa mjög hátt árgjald. Með góðri stjórn og haganlegu fyrirkomulagi, ætti sjóðurinn að geta smámsaman aukist svo, að hann þegar stundir liðu fram gæti staðist allan kostnað af húsabyggingum. Jafnframt þyrfti að hafa tryggingu fyrir því, að húsin yrðu bygð eftir ákveðnu »plani« og við hæfi jarðanna bæði að stærð og allri tilhögun. Þetta þyrfti að vera í samráði við byggingarfróðan mann, sem sérstaklega væri til þess kjörinn að leiðbeina mönnum við húsabyggingar.

Viðvíkjandi 6. gr, er eg því samþykkur, að það gæti oft og tíðum komið í veg fyrir nábúakrit, að hver og einn gæti krafist að sameiginlegu landi væri skift. Einkum er það þó mikilsvert, að hver einstakur geti fengið útskift land til ræktunar. En þegar um beitiland er að ræða, mun sundurskiftingin í mörgum tilfellum koma að litlu haldi, nema að landið sé jafnframt girt, og væri rétt að taka þar að lútandi ákvæði upp í frumvarpið.

Sigurður Sigurðsson: Það voru fáeinar athugasemdir, sem eg vildi leyfa mér að gera út af andmælum hv. þm. S. Þing. (P. J.) og hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) gegn 6. gr. frumvarpsins. Eg skal leyfa mér að skýra frá því, hvað fyrir nefndinni vakti. Tilætlunin er, að hver einstakur maður geti krafist skifta á landi til slægna og ræktunar. Í núgildandi lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, er svo ákveðið, að þegar

margir eiga land saman óskift, þá þurfa þeir *allir* að koma sér saman um að óska skifta, til þess því geti orðið framgengt. Er því nauðsynlegt og sjálfsagt að bæta úr þessu með því að ákveða, að hver einstakur geti krafist þess, að landinu sé skift. Þessi 6. gr. frumv. miðar því til bóta og mér er sárt um hana. Ákvæði hennar eru að vísu sérstaklega miðuð við sýslurnar austanfjalls, en þau geta átt við hvar sem er á landinu.

Hvað húsabæturnar snertir, eða skyldu landsdrotna að leggja til þeirra ákveðinn hluta kostnaðarins, gegn 4 % í vöxtu, þá skal eg kannast við, að af því geti hlotist óþægindi og erfiðleikar að fá jörðina bygða, ef ábúandaskifti verða á henni.

Hins vegar er það kunnugi, að það er oft erfitt að fá ábúendur á þær jarðir, sem illa eru hýstar. Annars verð eg að telja ákvæði 2. og 3. gr. frumv. til bóta, og geri ekki ráð fyrir, að af þeim geti leitt nein vandræði.

Þetta, sem háttv. 1. þm. (Skagf. (O. Br.) nefndi, um stofnun byggingarsjóðs og byggingarnefnda í sveitunum, þá kom það til tals í nefndinni, En hún sá sér ekki fært að taka upp í frumvarpið ákvæði þar að lútandi.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Viðvíkjandi fyrirspurn frá hv. 1. þm. Rang. (E. P.) skal eg taka það fram, að viðvíkjandi allri greiðslu til jarða og húsabóta af hendi landsdrottins, þá er það að sjálfsögðu kirkjujarðaeða prestlaunasjóður, sem svarar því fé, að svo miklu leyti sem frumv. mælir fyrir um. Þetta áleit nefndin, að ekki gæti komið til að valda misskilningi, enda ætti hverjum meðal skynsömum manni að vera það ljóst, að ekki kemur til mála, að viðkomandi prestur svari þessu fé úr sínum vasa, sem að eins ber að skoða sem umboðsmann fyrir þessa sérstöku eign prestlaunasjóðs.

Annars er það undarlegt, að þeir menn, sem hafa ýmislegt við frumv. að athuga, skuli ekki hafa komið með breytingartillögur, áður en þessi umræða fór fram og mun nefndin því athuga frv. enn nánar til 3. umr.

Þá var það þyrnir í augum 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) að landsdrotni er gefin heimild til þess að hækka ársleiguna um 4 % af því fé, sem hann hefir lagt fram, en menn verða að gá að því, að þetta er að eins heimild en engin skylda. Og byggist jörðin ekki með þeim hækkandi leigumála, þá er það annað tveggja sönnun fyrir því, að hún hefir áður verið óhæfilega hátt leigð, eftir verðmæti húsanna, eða þá að öðrum kosti, að menn hafa ekki alment efni á því, að búa í góðum húsakynnum. Þær kröfur, sem menn gera til þeirra, samsvara þá ekki framleiðslunni, eða efnalegum ástæðum manna og er þá í algert óefni komið, því þó það sé fyrsta skilyrðið, að hafa ofan í sig og á, þá er það litlu ónauðsynlegra, að búa í sæmilegum húsum. Þessi fyrirmæli frumv. álít eg að mundu verða fult eins vinsæl og einn sameiginlegur byggingarsjóður. Það kom ekki skýrt fram hjá sama hv. þm., hver átti að leggja í þennan byggingarsjóð, hvort það er leiguliði eða landsdrottinn. Sé það leiguliði, sem á að leggja í sjóðinn árlegt gjald, er mjög vafasamt, hvort hann kysi það fremur, en sé það landsdrottinn, þá er það líka víst, að hann verður að hækka sem því nemur jarðarafgjaldið, og ber þá að sama brunni. Það hefir verið tekið fram, að ef leiguliði og landsdrottinn geta ekki komið sér saman um tilkostnað til húsagerðar, þá skuli úttektarmenn tilkvaddir að skera úr þeirra á milli. Með því móti getur leiguliði ekki gert ótakmark-

aðar kröfur, eða jarðeigandi komið fram of miklum sparnaði, því þá skera úttektarmenn úr því, sem á milli ber.

Þá hafa menn álitið, að skifting á landi gæti valdið þrætum, en það ætla eg sé viðbára, því að það, að menn eigi land saman, getur öllu fremur valdið þrætu. Þar sem að hinu leytinu svo hagar til, að beitilönd liggja saman, þá munu ábúendur ekki krefjast skifta, nema sérstakar ástæður séu til þess.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg skal svara athugasemdum hins háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) nokkrum orðum. Eg skil þó ekki fyllilega meiningu hans. Hann áleit, að nefndin hefði ekki tekið nægilegt tillit til húsabygginga. Nefndin hefir athugað mál þetta rækilega og eg hygg það sé alveg rétt stefna, sem hún hefir tekið. Eg hefi talsvert hugsað þetta mál, og er sannfærður um, að þetta hefir margt gott í för með sér.

Lítum á ástandið, eins og það er nú. Ef leiguliði á hús á jörð, þá á sá, sem tekur jörðina næst, að kaupa húsin, ef hann vill. Neiti hann því, getur fráfarandi neyðst til að rífa húsin sér til stórskaða og jörðinni til niðurniðslu.

Ef jörðin er illa hirt, þá er hætt við, að lítil eftirsókn verði eftir henni. Hinn háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hélt að ákvæðið um prósentgjaldið mundi fæla menn frá að taka jörðina. En á því held eg sé engin hætta. Hinn sami hv. þm. talaði sömuleiðis um, að óákveðið væri, hve mikið verðgildi húsanna yrði. En hér er vel og tryggilega um búið. Ef leiguliða og landsdrottni kemur ekki saman um verðið, þá geta þeir kvatt til úttektarmenn að meta húsin og skera úr ágreiningnum. Hér er einmitt vel um hnútana búið, eftir því sem eg hefi bezt vit á.

Ef jörðin er byggileg, mun leiguliði ekki horfa í þetta. Það er rangt að þetta lækki verð jarðarinnar, heldur mun hún þvert á móti hækka í verði. Mér blandast ekki hugur um, að þegar farið er að beita þessu, þá muni verða alment betur hýst, en nú á sér stað. Höfuðatriðið er, að jörðin sé vel hýst, því eftir því sem húsakynni eru betri á jörðinni, því meiri rækt leggja menn við landið. Það er líka landinu til sóma að húsakynni séu góð, og það gerir líka það að verkum, að menn eru spakari á jörðunum. En þegar mönnum líka ekki húsin á jörðunum, eru menn að flækjast frá einni jörðinni til annarar.

Það er aðgætandi, að það er ekki útlit fyrir stóra hækkun á landskuld, þó þetta komist á. Eg lít svo á, að bezta trygging fyrir því, að hús séu vel bygð og varanleg, sé sú, að landsdrottinn leggi þau til. Þau mundu ekki verða svo dýr, að hann munaði tilfinnanlega um það, og það mundi fljótt borga sig.

Pétur Jónsson: Hinn háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir bent á, að það sé vafasamt, hvað landsdrottinn þýði í frv., þegar kirkjujarðir eiga hlut að máli. Eg vil ráða nefndinni til þess að athuga þetta og ráðfæra sig við lögfróðan mann um þetta efni.

Þá þótti hinum háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) athugavert ákvæði 2. gr. og djarflegt nýmæli. Eg skal játa, að þetta er nokkuð djarflegt nýmæli viðvíkjandi einstakra manna eignum. En gagnvart landssjóði er þetta ekki nýmæli. Það hefir einmitt verið veittur byggingarstyrkur á þjóðjörðum í samræmi við þessi ákvæði, og bætir það mjög úr misrétti, sem góðir leiguliðar verða fyrir með húsabætur sínar.

Þegar eg var í milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, átti eg kost á að kynna mér ýmislegt ástand leiguábúðar hér á landi, af skýrslum þeim, er stjórnin hafði safnað um þau efni, svo sem um tölu og verð jarðarhúsa, um ábúðartíma leiguliða o. s. frv. Kom þá í ljós,

að verð jarðarhúsa á hinum einstöku jörðum er alveg ótrúlega lágt, og furðu lítill hluti af verði þeirra húsa, sem jörðin þarf og ýmsar leigujarðir hafa. Og einna verst er þessu farið á eignum einstakra manna, eins og öðru sem að leigukjörunum lýtur, svo sem stuttum og stopulum ábúðartíma. Sjálfur þekki eg þetta einnig allvel, bæði sem umboðsmaður jarða og úttektarmaður oft og tíðum. Get eg bent á, að það mun vera algengt, að baðstofan sé óþiljuð og auðvitað öll önnur jarðarhús. Allar þiljur eru eign leiguliðans nema þaksúðin, ef hún er til, jafnvel fjalirnar í gólfinu eru oft leiguliða eign, þó fjós sé undir pallinum, svo að baðstofan, sem jarðarhús er eiginlega bara fjós. Þiljaða gestastofu er ef til vill ekki óhjákvæmilegt að hafa, en eitthvert hús þarf þó til að geyma í muni sína óskemda, og óþiljað má það ekki vera. Þeir verða ekki allir geymdir í baðstofunni, þó hún væri þiljuð. Þegar nú framhús eða stofa fylgir, þá fylgja þær jörðinni næstum aldrei þiljurnar innanvert, heldur einungis þilið fram á hlaðið. Þannig er háttað kjörum leiguliða um jarðarhús. Þeir verða að byggja og eiga húsin sjálfir að miklu leyti.

Á hinn bóginn er leigumáli jarða svo lágur víðast hvar, að ekki verður heimtað af landsdrotnum, að leggja til hæfileg jarðarhús án afgjaldshækkunar. Hinsvegar er það kunnugt, að leiguliðar eru á ekkert jafn ófúsir, og hækkun jarðarafgjalds. Leiguliðar vilja oft heldur illa húsaða en vel húsaða jörð, ef leigumálinn er talsvert lægri. En þetta er skaðlegur hugsunarháttur, og ekkert stendur eins mikið í vegi fyrir húsabótum og þessi hugsunarháttur. Niðurstaðan verður sú, að trassarnir hafa hagnaðinn af niðurníðslunni, en góðu og atorkusömu mennirnir borga tvöfalt: niðurníðslu hinna, sem aldrei er fullmetin við jarðarúttekt, og svo þær umbætur húsa, sem tímans kröfur heimta. Hér þarf umbóta við, og það má ekki sífelt dragast úr hömlu, og bíða eftir því, að þessi hnútur leysist að allra skapi og meiðslalaust. Það er sannfæring mín, að hér verði að ríða djarflega á vaðið og höggva þennan Gordionsknút í sundur.

Helzta ráðið til þess að kippa þessu máli í betra horf, virðist mér nú það, að skylda lnndsdrotna til þess að leggja til nauðsynleg bæjarhús á þann hátt, sem frumv. mælir fyrir, gegn samsvarandi afgjaldshækkun. Þá festist afgjaldshækkunin við jörðina með fúsum vilja leiguliða.

Æskilegt væri, ef þar við bættist, að stofnuð væri samvinnufélög í sveitum til þess að létta fyrir einstaklingum, að koma upp nauðsynlegum, en hagkvæmum og endingargóðum bæjarhúsum, t. d. baðstofum.

Á Þýzkalandi eru byggingarsjóðir mjög margir eða félög í þessa átt, og geta meðlimir þeirra fengið hús sín bygð án þess að borga annað en árlegt iðgjald. Eg hefi þá trú, að þess konar félög geti átt hér við, eða þá, að sveitafélögin taki að sér sama hlutverk. Tel eg það vænlegra til framkvæmda, en hugmynd þá, er hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hreyfði. Það getur verið, að leiguliðar fari nokkuð djarft í byggingum, ef frumv. þetta verður að lögum. En í 3. grein er sleginn sá varnagli, að landsdrottinn getur haldið þessu nokkuð í skefjum, ef hann leggur fé til byggingarinnar. Auk þess er skipun úttektarmanna trygging fyrir því, að hófs muni gætt.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. sþ. með 12 : 8 atkv.
7. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins sþ. með 15 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkvæðum.

Þriðja umr., 22. marz (A. 169, 269).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Það er eftir bendingum, sem komu fram við 2. umr. þessa máls, að nefndin hefir leyft sér að koma með nokkrar breytingar á frv.

Við 2. grein hefir nefndin komið fram með tillögu, til þess að skýra nánar það atriði, hver svari til húsabóta, svo hljóðandi, að »sé jörðin þjóðeign, svarar umboðssjóður til húsabóta, en kirkjujarðasjóður á kirkjujörðum«. Nefndinni virtist öllu réttara, að hér væri nefndur umboðssjóður þjóðeigna, en landssjóður, sem ætti að greiða þennan kostnað, því auðvitað mundi sá kostnaður takast af árstekjum umboðanna, og þá dragast frá þeirri upphæð, er rynni í landssjóð. Hið sama á sér einnig stað hvað húsabótakostnað snertir á kirkjueignum, að hann sé greiddur af árlegum eftirgjöldum, áður en þau eru afhent til prestlaunasjóðs. Þetta vona eg, að ekki þurfi frekari skýringar.

Hin breytingartillagan er við 6. gr. Frumvarpið gefur hverjum ábúanda skilyrðislausan rétt til skifta á öllu landi. Breytingartillagan er í því fólgin, að þegar um engi og slægjur er að ræða, þá getur hver ábúandi um sig krafist skifta á þeim til slægna, sömuleiðis um þann hluta bithaga, sem taka á til ræktunar, enda sé hann í samhengi við tún jarðarinnar og girtur gripheldri girðingu. En beitilandi getur hann því að eins krafist skifta á, að hann girði það innan tveggja ára, frá því skifti voru gerð. Þetta þóttu nauðsynleg skilyrði, því þótt beitilandi væri skift, þá mundi það samt sem áður verða notað í sameiningu og skifti þess vegna þýðingarlaus, nema landið væri girt.

Fleiri bendingar, sem komu fram við 2. umr. gat nefndin ekki tekið til greina. Vér nefndarmenn lítum svo á, að þetta sé afarmikið nauðsynjamál og væntum þess, að deildin samþykki breytingarnar og frv. í heild sinni.

ATKV.GR.

Brtill á þgskj. 259, 1. við 2. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

Brtill. 2. við 6. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Frumv. sþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Botnvörpulagaundanþága.

FRUMVARP til laga um að fella úr gildi lög nr. 56, 30. júlí 1909 um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Fyrsta umr., 17. marz. (A. 190).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg leyfi mér að koma fram með þetta litla frv., samkvæmt áskorunum frá þingmálafundum í Keflavík og Garði.

Það hafa komið fram sterkar kvartanir um, að íslenzkir botnvörpungar hafi misbrúkað það leyfi, sem þeim var veitt með lögum frá síðasta alþingi, til að hafa hlera útbyrðis. Þetta hefir valdið mikilli óánægju, en ekki veit eg, hvort kært hefir verið yfir því til stjórnarráðsins. Það er þó talið áreiðanlegt, að botnvörpungarnir hafi notað sér þetta leyfi til þess að brjóta botnvörpulögin en varðskipið hefir ekki getað haft

hendur í hári þeirra, því að ekki hefir verið hægt að sanna upp á þá brotið, þar sem þeir hafa leyfi til þess að hafa hlerana útbyrðis.

Eg veit ekki, hvort háttv. deild telur þörf á að seja nefnd í mál þetta. Eg vil ekki sjálfur stinga upp nefnd, en er samt ekki mótfallinn því, að sett sé 3 manna nefnd í það.

Jón Magnússon: Eg get skilið, að háttv. flutningsm. (B. Kr.) hafi komið fram með frumv. þetta til þess að þóknast kjósendum sínum, en varla að hann hafi þrek til þess að halda því til streitu. Eg skil ekki, að háttv. deild geti fallist á frumvarpið. Undanþága sú, sem hér er farið fram á að nema úr lögum, nær að eins til fárra manna, sem telja má úrval íslenzku sjómannastéttarinnar. Er næsta ólíklegt, að þessir menn hafi misbrúkað leyfi þetta, enda mundu slíkar ásakanir að eins bygðar á óljósum getgátum. Eg staðhæfi og er þess fullviss, að þetta er ósannur áburður á umrædda heiðursmenn. Eg hefi fullan rétt til þess að segja, að hér sé farið með ósatt mál, þangað til að færð verða rök fyrir að öðru vísi sé háttað. Eg veit að vísu, að kærur hafa komið yfir þessum mönnum, en við rannsókn hefir það komið í ljós, að þær hafa ekki verið á neinum rökum bygðar. Það er ekki nóg að slá slíku fram, eins og háttv. flutningsmaður (B. Kr.) gerði, rakalaust.

Jón Sigurðsson: Eins og kunnugt er, var þessi undanþága veitt á síðasta þingi íslenzkum botnvörpungum, vegna þess, að óþægilegt er fyrir þá, að taka hlerana inn í hvert skifti, sem þeir koma inn í landhelgi.

Nefnd sú, er skipuð var í málið, komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að veita þessa undanþágu vegna þess að fyrir því væru góðar og gildar ástæður. Hlerarnir á botnvörpungunum er ekkert leikfang og ekkert barnagaman að vera sífelt að bisa við þá.

Þegar bannið gegn því að hafa hlerana útbyrðis í landhelgi, var leitt í lög voru engir íslenzkir botnvörpungar til. En nú eru komnir margir íslenzkir botnvörpungar og mun það vera arðvænleg útgerð. Er því ekki vert að íþyngja henni að óþörfu með frumv. þessu.

Háttv. flutningsmaður (B. Kr.) sagði, að hann hefði borið frumv. þetta fram, samkvæmt ósk kjósenda sinna. Eg get trúað því, að þeir sjái ofsjónum yfir vexti og velmegun botnvörpuútgerðarinnar, en slíkt mun þingið ekki gera, enda veit eg að það muni vilja styðja þennan atvinnuveg af fremsta megni. Eg tel það óforsvaranlegt af þinginu, að fara nú að breyta lögunum frá síðasta þingi, þar sem þau einmitt gera og hafa gert gagn.

Háttv. flutningsmaður (B. Kr.) sagði, að þau hafi verið misbrúkuð. En á meðan slíkt er ekki sannað, er alls engin ástæða að taka það til greina, heldur á að taka því sem hverri annari sögu frá »Gróu á Leiti« og vísa því heim á sína sveit.

Eg vona, að háttv. deild felli frumv. þetta og er því óþarft að setja það í nefnd.

Jón Þorkelsson: Eg skal geta þess að eg var við mál þetta riðinn á á síðasta þingi, bæði flutti eg það og var í nefnd þeirri, er hafði það til meðferðar. Skal eg játa, að eg var því þá hlyntur. En, eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók fram, hafa nú komið fram ýmsar kærur yfir því, að lögin hafi verið misbrúkuð.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) og annar háttv. þm., sem eg ekki vil nefna, hafa haldið því fram, að þessar kærur og kvartanir séu ekki á rökum bygðar. En það getur þó enginn um dæmt til hlítar, nema því að eins, að kærur þessar séu rannsakaðar.

Virðist mér því bezt, að nefnd sé skipuð í málið til þess að rannsaka það. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að kærur þær og kvartanir, er fram hafa komið, séu á rökum bygðar, finst mér geta komið til athugunar, að nema þessi lög frá síðasta þingi úr gildi, en annars ekki. Það væri ósómi, ef þingið, þvert ofan í kærur og kvartanir, kastaði þessu máli frá sér og liti ekki við því. Málið á að rannsakast og þingið á að gera það, sem það veit að er rétt, en ekki það, sem það heldur að sé rétt. Hér má til hvorugrar hliðar halla réttu máli.

Benedikt Sveinsson: Mál þetta var til umræðu á þingmálafundum hér í vetur og var eg þar staddur. Var þar borin fram tillaga um að fella úr gildi undanþágu þá, er síðasta alþingi veitti íslenzkum botnvörpungum. Málið var ítarlega rætt á 1. þingmálafundinum og var tillagan feld með 90 atkv. gegn 10—20. Menn álitu, að ekki væri ástæða til að fella undanþáguna úr gildi, þótt einhverjar kvartanir hefðu komið fram yfir því, að hún hefði verið misbrúkuð, þar sem ósannað er, að þær séu á rökum bygðar.

Íslenzkir botnvörpungar verða auðvitað að hlýða landhelgislögunum og eru sektarákvæðin fyrir brot á þeim nægileg. Þeir geta eins brotið lögin, þótt þeim væri ekki leyft að hafa hlerana útbyrðis, þegar þeir fara í gegnum landhelgina. Lögin frá síðasta þingi voru sett samkvæmt ósk útgerðarmanna hér. Íslenzkir botnvörpungar eru vanir að fara út á kvöldin og koma inn aftur á morgnana um sumartímann. Það væri því erfitt og óþægilegt fyrir þá, ef þeir þyrftu að taka hlerana, sem eru þung bákn, inn í hvert skifti. Það var til þess, að hlynna að atvinnuveginum, að síðasta þing veitti þessa undanþágu. Þetta er ekki misrétti gagnvart útlendum botnvörpungum, því að þeir eiga oftast nær ekkert erindi inn í landhelgina, en íslenzkir botnvörpungar eiga oft erindi þangað tvisvar á sólarhring.

Íslenzkir botnvörpungar eru einnig skyldir til að hafa sérstakt merki, þá er þeir sigla í gegnum landhelgina, en slíkt gæti ekki komið til greina með útlenda botnvörpunga. Kærur þær, er fram hafa komið yfir því, að forréttindi þessi hafi verið misbrúkuð, eru ekki á svo miklum rökum bygðar, að unt sé að taka þær til greina. Það er einnig aðgætandi, að hér er um uppvaxandi atvinnuveg að ræða, sem vert er að hlynna að. Þá er botnvörpuveiðar hófust fyrst hér við land var hér talsverður kali til þeirra, vegna þess að útlendingar áttu í hlut, sem lítt fóru að lögum. En nú þegar Íslendingar sjálfir eru teknir að stunda þessa atvinnugrein virðist rétt að hlynna að henni af fremsta megni. Eg vil því ráða háttv. deild til að fella frv. nú þegar.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Frumv. þessu er misjafnlega tekið. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) og fleiri háttv. þm. hafa látið í ljósi, að eg hafi komið fram með frv. að eins til þess að þóknast kjósendum mínum, en þetta er tilhæfulaust. Það er auðvitað skylda hvers þingmanns að flytja erindi kjósenda sinna. En eg mundi ekki mæla með frv., ef mér væri það ekki alvörumál og eg teldi það ekki mjög nauðsynlegt. Þessi svæði suður með sjó eru þau einu, sem nota þorskanet. Þeim er því sérstök hætta búin af botnvörpungunum og þess vegna þarf að gæta þeirra vel. Það hefir nokkrum sinnum borið við, að varðskipið hefir séð þarna botnvörpunga í landhelgi, en hefir ekki getað fest hendur í hári þeirra vegna þess, að þeim er leyfilegt að hafa hlerana útbyrðis.

Háttv. þm. Mýr. (J. S.) talaði um, að það væri erfitt verk að losa hlerana og

að það tæki langan tíma. En þetta er ekki rétt. Kunnugir segja, að það sé hvorki langrar stundar verk né erfitt. Háttv. þm. talaði einnig um, að frumv. mundi vera sprottið af því, að menn sjái ofsjónum yfir botnvörpuveiðunum. Þetta er heldur ekki rétt. Frv. er að eins komið fram til þess að vernda þorskanetin, sem er mikil hætta búin, ef landhelgisbrot á sér stað. En slíkt er botnvörpungunum miklu hægara að fremja, ef þeim er leyft að hafa hlerana útbyrðis.

Ef málið yrði sett í nefnd, gæti ef til vill orðið samkomulag um að leyfa botnvörpungunum að hafa hlerana útbyrðis í björtustu mánuðunum, en ekki í hinum. Mundi þá með slíku samkomulagi takmarki frumv. að mestu leyti náð. Þess vegna mæli eg með nefnd.

Jón Þorkelsson: Það er svo langt frá því að eg sé á móti íslenzkum botnvörpuveiðum, þar sem eg á síðasta þingi flutti einmitt þetta mál um að botnvörpungunum væri veitt þessi undanþága. En það er hins vegar sjálfsagt, að hjálpa bátafiskiveiðunum, ef þær verða fyrir ólögmætum ágangi. Þess vegna verður að taka þessu máli með viti og athuga það með skynsemi.

Mér þótti leitt að heyra, að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) skyldi skýra rangt frá samþyktum þingmálafundanna hér. Mál þetta var felt á 1. fundinum, en samþykt á hinum fjórum. Það hafa einnig komið kærur úr Borgarfjarðarsýslu yfir því, að botnvörpungarnir hafi misbrúkað undanþágu þá, er síðasta þing veitti þeim. Mér finst því full ástæða til að skipa nefnd í málið og athuga vel, hvort kærur þær og kvartanir, er fram hafa komið, séu á rökum bygðar eða ekki. Þetta er skylt að gera og það má þingið ekki láta undir höfuð leggjast.

Það er bezt að athuga mál þetta í nefnd. Því að þótt ýmsir þingm. segi þetta sé á engum rökum bygt, þá trúi eg því betur, ef nefnd, sem fjallað hefir um málið segir það. Þess vegna legg eg til, að nefnd sé sett í málið.

Jón Magnússson: Mér skilst það eigi að setja nýja rannsóknarnefnd í þetta mál. *(Jón Þorkelsson:* Allar nefndir eru rannsóknarnefndir), því að með öðru móti er ekki hægt að fá skýrslur. En eg vil enga rannsóknarnefnd hafa, því eg álít hana óþarfa. Eg þori að fullyrða, að botnvörpungarnir hafa ekki gert sig seka í landhelgislagabroti og eg stend við það, þangað til það er sannað, að þeir hafi brotið lögin. Og nú á að fara að taka þessi litlu forréttindi af okkar ötulustu fiskimönnum af því, að einhver hefir sagt, að botnvörpungarnir héðan hafi brotið lögin. Þingið getur ekki, að óskertum sóma sínum, tekið af innlendum botnvörpungum þessi forréttindi, meðan það hefir engar sannanir fyrir því, að lögin hafi verið brotin. Eg veit, að ekki er hægt að sanna, að botnvörpungarnir hafi misbrúkað þessa undanþágu. Og þótt öll deildin væri sett í rannsóknarnefnd, þá mundi hún ekki finna eitt einasta brot.

Eg þarf ekki að skýra mál þetta frekar. Það var á fullum rökum bygt að veita undanþáguna og botnvörpungarnir hafa ekki í neinu brotið hana af sér.

Bjarni Jónsson: Eg gæti reyndar sparað mér ómakið að taka til máls, því háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir tekið fram flest það, sem eg vildi hafa sagt.

Eg er hinum háttv. þm. Vestm. (J. M.) sammála um, að þingið geti ekki, að óskertum sóma sínum farið að breyta þessu ákvæði og nema undanþáguna úr gildi, meðan menn hafa ekki öðru eftir að fara um landhelgisbrotin, en einhverjum lauslegum skilaboðum frá pilt-

unum á þessu danska varðskipi. Og eg mun aldrei ljá mitt atkvæði til þess, hvort sem eg verð lengur eða skemur á þingi. Eg fæ ekki skilið, að neta- eða lóðafiskiveiðum geti verið hætta búin, þótt botnvörpungarnir hafi leyfi til þess að hafa hlerana utanborðs. Þeir eru ekki svo síðir, að þeir flækist í netunum eða duflunum. Það er undarlegt, að menn skuli telja það víst, að botnvörpungarnir brjóti lögin, af því að þeir hafa þessa undanþágu og þó hafa þeir enga ástæðu til þess að ætla, að þeir hafi brotið lögin, nema þessi skilaboð frá varðskipinu. Það er næsta hlægilegt.

Benedikt Sveinsson: Háttv. flutnm. (B. Kr.) hélt því fram, að það væri ekki svo mikið í húfi, þótt umrædd lög frá síðasta þingi væri afnumin, því að það væri svo auðvelt og fljótlegt að losa hlerana. Þeir, sem á botnvörpungunum eru og hafa bezt vit á þessu, segja nokkuð annað. Þeir segja, að það sé að minsta kosti hálftíma vinna í hvert skifti og hún erfið og hættuleg, því að hlerarnir eru mjög þungir og í miklum og slæmum sjó getur það valdið slysum að fást við þá.

Eg hefi heyrt skipstjórana á íslenzku botnvörpuskipunum segja, að ef þessi undanþága væri tekin af þeim, þá mundu þeir spara sér það ómak að koma inn hingað, nema sem sjaldnast. Og eg verð að segja, að það væri skaði fyrir Reykjavíkurbæ, því að þá mundi verða þurð hér á fiski, ef botnvörpungarnir hættu að koma hér inn daglega, eins og þeir gera á vorin og fyrri part sumars. Eg hygg að mótspyrnan gegn undanþágunni sé mest frá þeim runnin, sem selja fisk hér frá róðrarbátum, þeir vilja útiloka þennan ódýra markað, sem hér er nú á fiski, því að nú kostar fiskpundið oft ekki nema 3 aura, en kostaði áður 6 og 7 aura.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) bar mér það á brýn, að eg hefði ekki hermt rétt frá því, sem gerðist á þingmálafundi Reykvíkinga. Eg var á fyrsta fundinum og þar var þetta mál borið upp og rætt og þar var það felt að taka þetta leyfi af botnvörpungunum. Eg var ekki á hinum fundunum og sagði heldur ekkert um það, hversu málinu hefði reitt af á þeim, en eg hygg, að þar hafi það verið lítið eða ekki rætt, heldur hafi menn farið eftir hleypidómum einstakra manna, en ekki eftir viti eða skynsemi. Skýrsla mín af þingmálafundi Reykvíkinga var alveg rétt. Eg vitnaði að eins í fyrsta fundinn, en ekki hina síðari.

Þessa málaleitun, sem hér er farið fram á, á alls ekki að taka til greina. Því hefir verið haldið fram, að botnvörpungarnir eigi hægra með að brjóta lögin, þegar þeir hafi þessa undanþágu. En úr því er lítið gerandi. Það er alt af mikil áhætta fyrir þá að brjóta lögin, því að þá eiga þeir á hættu, að afli og veiðarfæri verði gerð upptæk og auk þess eru þeir sektaðir um stórfé. Engar rökstuddar kvartanir hafa heldur komið yfir því, að lögin hafi verið brotin og er þetta mál því borið hér fram alveg að ástæðulausu. Þingið hefir nú með vitagjaldinu lagt þung gjöld á þessi skip og það ætti ekki að gera þeim enn óhægra fyrir með því að taka af þeim þessa lítilfjörlegu og sjálfsögðu ívilnun, sem þeim var veitt á seinasta þingi.

Ráðherrann (Kr. J.): Það var réttilega tekið fram af háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að það eru meir en lausleg skilaboð, sem liggja hér fyrir því til sönnunar, að lögin hafi verið brotin. Frammi á lestrarsalnum liggja skilríki fyrir því, að það er áhugamál Akurnesinga, að þessi undanþága verði tekin af íslenzku botnvörpungunum, og eins og flestum mun kunnugt er Akranes eitt af stærstu fiskiplássum landsins. Eg

vil biðja menn að athuga nákvæmlega það sem fram hefir komið í málinu og kynna sér það.

Á Akranesi eru menn ekki svo mjög hræddir um, að innlendu botnvörpungarnir muni fremur en ella fiska í landhelgi, þótt þeim sé leyft að hafa hlerana úti, en hitt eru menn hræddir um, að útlendir botnvörpungar muni nota sér það, þegar hinir innlendu hafa þessi hlunnindi, þannig að þeir í þessu efni fari að eins og þeir væru innlendir botnvörpungar, en oft er erfitt að þekkja útlenda botnvörpunga frá innlendum. En þá eiga botnvörpungarnir hægra með að hleypa niður dragneti og fiski, þó í landhelgi sé. Því þótt þeim sé gert að skyldu að sýna glögg merki, þá vita menn að þesskonar fyrirmæli eru oft ekki annað en dauður bókstafur; afar-erfitt að sjá um, að þeim sé hlýtt.

Eg óska helzt, að málið sé sett í nefnd. Það er þess vert vegna þess mikla áhuga, sem menn hafa á því í einu stærsta fiskiplássi landsins. Eins og kunnugt er, styðst Akranes nær eingöngu við fiskiveiðar og lifir af þeim, og þar á fiskimiðum þeirra er yfirgangur botnvörpunga einna mestur. Þess vegna er sanngjarnt, að tekið sé fult tillit til málaleitana þeirra í þessu efni, og bæta má því við, að það er ekki mætara að liggja undir yfirgangi innlendra botnvörpunga en útlendra.

Eg álít rétt að setja nefnd í málið, sem athugi það, sem fram hefir komið í því, og hvað mæli með málaleitunum þeim, sem frumv. styðst við.

ATKV.GR.:

3 manna nefnd samþykt með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson.
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Í nefndina voru því næst kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Kristjánsson valinn formaður, en Jón Magnússon skrifari. Frá nefndinni kom ekkert nefndarálit.

Kjördæmaskipun.

FRUMVARP til laga um kjördæmaskipun.

Fyrsta umr., 21. marz (A. 196).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Þetta frumv. stendur í nánu sambandi við þær breytingar, sem væntanlega verða gerðar á stjórnarskránni og komnar eru fram, sumar frá stjórnarskrárnefndinni, en sumar ókomnar þeirra manna, sem ágreiningsatriði hafa gert. Frumv. þetta stendur einnig í sambandi við aðra skipun á þinginu, sem eg legg til, að gerð verði. Aðrir nefndarmenn leggja til, að kosið verði til hvorrar deildar sér, til efri deildar 15 menn kjörnir með hlutfallskosningu um land

alt. Þetta þykir mér fremur margbrotið auk annara annmarka. Annarstaðar á allfjölmennum þingum, t. d. í Finnlandi og Noregi, er látið nægja að kjósa í senn á alt þingið, og skipi svo þingið í deildir eða nefndir. Þar með er settur sá hemill á þingstarfið, sem nægja þykir. Þetta frumv. byggist á því, að eg álít, að kjósa beri alt þingið í einu lagi, þingmenn alla, og sameinað þing velji síðan efri deild. Að öðru leyti skal eg ekki víkja meira að stjórnarskránni eða öðru því, sem þar að lýtur; það getur komið til greina síðar.

Við samning þessa frumv. höfum við farið sem næst fólkstölu 1908. *(Jón Jónsson*, 1. þm. S.-Múl.: Ekki nálægt því). Jú, eg hefi hér fyrir mér uppskrifaðan lista, sem sýnir kjósendafjöldann. Það var helzt vafi á um, hvort auka bæri við þingmönnum í Húnavatns-, Hegraness- og Vaðlaþingum, en frá því var þó horfið.

Að öðru leyti býst eg við umræðum um málið og kann eg þá að segja fleira. Nú læt eg þetta nægja. Sökum þess, að þetta frumv. er nákomið stjórnarskrármálinu, legg eg til, að því verði vísað til nefndarinnar í því, hún er svo margmenn, að ekki er hætt við, að frumv. verði ekki rækilega íhugað.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla mér ekki að fara út í einstök atriði þessa frumv. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp 1. lið 14. gr. stjórnarskrárinnar, sem nú er í gildi. Þar stendur:

»Á alþingi eiga sæti 34 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu«.

Þetta frv. fer fram á stjórnarskrárbreytingu og á því að verða vísað frá, því að ekki stendur í fyrirsögninni, að það sé frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Þótt stjórnarskrárbreyting verði gerð nú, þá á þetta frumv. ekki að koma fram fyr en á næsta þingi, sem samþykkir stjórnarskrárbreytinguna. Konungur getur ekki skrifað undir þetta frumv, nema stjórnarskrárbreyting hafi farið fram. Þetta frumv. mun vera eitt af þeim mörgu nafnafrumvörpum, sem hér sjást stundum. En eg hirði ekki um að fara fleiri orðum um frumv. vegna þess, að því á að vísa frá.

Forseti: Út af orðum hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skal eg geta þess, að það er rétt, að svo stendur í 14. gr. stjskr., að 34 þjóðkjörnir þm. og 6 kgkj. skuli eiga þingsetu, en það er jafnframt tekið fram, að tölu þingmanna megi breyta með lögum. Það er því rangt að vísa frumv. frá, og ósk þm. verður ekki tekin til greina.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Ef hæstv. forseti vill ekki vísa frv. frá, þá getur deildin það, með því að fella það. Fyrst þarf að fá lög, sem breyta tölu þingmanna, en háttv. flutnm. (J. Þ.) gengur að því vísu, að þau lög séu til. Það getur ekki komið til mála, að þetta frumv. komi fram fyr en á því hinu síðara þingi, er samþykkir stjórnarskrárbreytingu.

Eg fyrir mitt leyti hefi þó ekkert á móti því, að frumv. verði vísað til stjórnarskrárnefndarinnar.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Mér komu ekki á óvart orð háttv. 2. þm. S.Múl. (J. Ól.). Hann er vanur að gera sig breiðan, þegar hann hefir ekkert að segja, og fettir þá fingur út í formið á hinu og þessu, sem til nytsemdar má horfa. Eg skal benda háttv. þm. á það, að það stendur hvergi í frumv., að það skuli afgreiðast frá þessu þingi. Það er að eins lagt fyrir þingið til athugunar. Þeim hlýtur að skiljast það þessum tólfkongavitsmönnum, þessum pólitisku könnusteypurum, að þetta mál, kjördæmaskifting landsins, stendur í svo nánu sambandi við stjórnarskrána, að sjálf-

sagt er að athuga það, er um breytingar á þinginu er að ræða, hvort það skuli vera óskift eða eigi. Það er því engin ástæða til að fara að gera sig gleiðan nú yfir þessu frv. Það væri ef til vill einmitt ástæða til að koma nú fram með frumv. um öll þau atriði, sem leiðir af breytingum á stjórnarskránni.

Pétur Jónsson: Mér finst það ekki eins ómerkilegt atriði í sjálfu sér, og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að leggja frv. fyrir þingið. Eg tel það að eyða tíma þingsins, að koma með eins mörg þarfleysufrumv., eins og þessi þm., hefir gert, bæði nú og á síðasta þingi. Það er ekki rétt að leika sér með tíma þingsins og gera þinginu trafala að þarflausu. Það hefir verið tekið fram, að þetta frv. kemur í bága við gildandi stjórnarskrá. Nú er á ferðinni frumv. um breytingar á stjórnarskránni. Fyr en það er samþ. af þinginu, getur enginn vitað, hvað ofan á verður um skipun þingsins og þingmanna tölu. En það er undirstaða kjördæmaskipunar. Hvað hefir þá þetta frumv., þetta »skrif«, að þýða fyrri? Ekki er langrar stundar verk að skrifa það upp, þegar á þarf að halda. Það er því allsendis óþarft að koma fram með þetta frumv. nú. Eg álít, að það eina rétta, sem gera beri, sé að fella frumv. undir eins, og þeir, sem greiða því atkvæði, séu samsekir í því að leika sér með tíma þingsins.

Flutnm (Jón Þorkelsson): Það lá að, að þessi háttv. þvoglari og þófari úr Þingeyjarþingi kæmi fram jafn skynsamlega að ástæðuvali, sem skoðanabróðir hans, sá er á undan honum talaði. Það vita allir, að ef stjórnarskránni verður breytt, þá verður að breyta kjördæmaskipan landsins. Það er því af atriði, að athuga þetta mál nú þegar, svo að ekki lendi það í handaskolum síðarla á næsta þingi. Þetta er beint nauðsynlegt, og er um það efni ekki takandi mark á skrafi slíkra manna, sem hins háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til stjórnarskrárnefndarinnar með 14 shlj. atkv., og 1. umr. þess frestað.

Um mál þetta kom ekkert nefndarálit fram frá nefndinni.

Hegningarlagabreyting.

FRUMVARP til laga um breyting á almennum hegningarlögum 25. júní 1869.

Fyrsta umr., 17. marz (A. 202).

Jón Jónsson (1. þm. S.Múl.): Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþ. með 13 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem,
Jón Ólafsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen valinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari.

Frá nefndinni kom ekkert nefndarálit.

Merking á kjöti.

FRUMVARP til laga um merking á kjöti.

Fyrsta umr., 22. marz. (A. 240).

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Landbúnaðarnefndin hefir

leyft sér að koma fram með þetta stutta frumvarp.

Eins og kunnugt er, hefir nú fyrir skemstu verið tekið upp hér á landi að merkja kjöt til útflutnings. Dýralæknarnir hafa gert það aðallega, en þeir eru að eins tveir. Jafnframt hefir það komið fyrir, að aðrir menn hafa gert það og notað stimpla, sem eru líkir þeim, sem dýralæknarnir brúka. Þetta getur orðið þýðingarmikið. Ef útlendir kaupendur komast að því, að hér geti hver sem vill merkt og stimplað kjöt, án þess að hafa þá þekkingu, sem þarf til þess, þá má búast við, að slik merking verði þar álitin þýðingarlaus og veiti enga trygging fyrir gæðum vörunnar. Því er sjálfsagt að setja lög um merki dýralækna, og annara, sem það er leyft, svo að aðrir geti ekki falsað. Og þetta er aðaltilgangur frumv.

En með því nú, að dýralæknarnir eru að eins 2 á öllu landinu, þá er nauðsynlegt að hafa ákvæði um það, að fleiri menn gætu notað stimplana. Það yrðu að vera menn, sem næmu þessa grein af dýralæknunum og tækju próf í henni. Eg ímynda mér, að allir deildarmenn séu sammála um það, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða. Nú er það svo, og verður sjálfsagt framvegis, að kindakjöt verður ein af aðalútflutningsvörum landbænda. Það er því fljótséð, að það varðar landið svo hundruðum þúsunda króna skiftir, hvort kjötið selst meira eða minna. Það hefir sýnt sig, að kjöt, sem hefir verið stimplað af dýralæknunum, hefir komist í hærra verð erlendis en annað kjöt, og er það eðlilegt, því að merki þeirra er skoðað sem talsverð trygging fyrir því, að fæðan sé holl og að öllu leyti vel með farin.

Vel má vera, að það gæti komið til greina, meðan ekki eru nógu margir dýralæknar hér á landi, að fá dýralækna frá útlöndum til þess að leysa þetta af hendi, þó hætt sé við, að það yrði svo dýrt, að ekki svaraði kostnaði. Nefndin hefir þó ekki tekið það ákvæði upp í frumvarpið beinlínis.

Málið virðist einfalt og skal eg ekki fjölyrða um það að sinni, en vona að deildin sýni því velvilja og lofi því að ganga til 2. umr. En áður en eg sest niður, skal eg taka það fram, að í niðurlagi 3. gr. er prentvilla eða misritun. Þar stendur »innan í merkinu«, en á að vera: »innan í þríhyrningnum«.

Bjarni Jónsson: Eg er á sama máli og háttv. framsögum. (B. S.), að merki á kjöti eigi að vera trygging fyrir þá, sem verzla við okkur, fyrir því, að þeir kaupi heilbrigt kjöt. Og þá er fyrst hægt að búast við, að verð á kjöti hækki erlendis. En til þess þetta geti orðið, þurfa ráðstafanir þær, sem gerðar eru, að vera svo tryggilegar, að kaupendur hafi ástæðu til þess að halda, að það kjöt, sem er sagt heilbrigt sé heilbrigt. Frumvarp þetta er að því leyti gott, sem það verndar stimpil dýralæknis. Eg hygg það sé ekki hægt að kenna kjötskoðun fljótlega, svo gagn sé að. Sá, sem skoðar kjötið verður að geta þekt bakteriurnar og það tekur all-langan tíma. Og þótt dýralæknir gæti kent þetta nokkurn veginn til hlítar, þá hefði það ekki þá tryggingu, sem það hefði, ef dýralæknir gerði það, og það mundi þessvegna ekki hafa áhrif á markaðinn erlendis.

Eg álít, að þessi viðbót við uppkast dýralæknis sé til skaða. Dýralæknir gerir ekki ráð fyrir í sínu uppkasti, að aðrir skoði kjötið en dýralæknar og eg álít það sé rétt. Reyndar mundi það verða til þess, að sumir landshlutar fengju ekki kjöt sitt skoðað og mundu því fá lægra verð fyrir það.

Eg skal að lokum geta þess, að við

2. umræðu þessa máls mun eg koma með breytingartillögu í þá átt að fella þessa viðbót burtu.

Pétur Jónsson: Það er enginn vafi á því, að frumvarp þetta, jafn vel eins og það kom frá dýralækninum, er nauðsynlegt.

Ef kjötið á að stimplast heilbrigðisvottorði, þá verður að vernda stimpilinn, svo menn fái þá tiltrú til hans, sem hann á að hafa. En eins og háttar hjá okkur, að við höfum ekki nema tvo dýralækna, þá nær kjötskoðun lærðra dýralækna skamt.

Það er mikið vafamál, hvort stimplun sú, sem hér hefir farið fram, gerir betur en borga sig, meðan ekki eru tök á því, að dýralæknir stimpli mest alt vel verkað kjöt, sem út er flutt. Það er alls óvíst, að verðhækkunin á stimplaða kjötinu jafni sig á móti því, sem það óstimplaða lækkar í verði. Stimplun þessi er eins og hver önnur »reklame«, ekki til annars en gylla vöruna í augum kaupanda; stimplunin bætir hana ekki, því hér er engin sýki í kjöti, og hefir aldrei orðið vart við neina sýki í því kjöti, sem út hefir verið flutt. En í samkepni kjötsins sín á milli erlendis, er hætt við að hið óstimplaða kjöt líði við þess konar »reklame«, eins og hitt græðir eða jafnvel meira.

Meðan við ekki höfum nema tvo dýralækna, þá er ekki hægt að stimpla nema lítið af því kjöti, sem út er flutt, og það hefir ekki verið bent á neina leið, til þess að ráða bót á þessu, nema þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það hafa gengið 20 ár til þess að fá þessa tvo dýralækna og hefir þó ávalt verið veittur styrkur á fjárlögunum til dýralæknaefna. Ef það ganga önnur 20 ár til þess að fá aðra tvo, þá yrði það nokkuð langt að bíða fyrir þá, sem þurfa að láta stimpla kjöt sitt í haust og næsta haust o. s. frv. En ef við ættum að fá dýralækna frá útlöndum, þá mundu þeir verða dýrir, svo það væri hæpið það bæri sig. Auk þess óvíst, að við eigum kost á öðrum dýralæknum en þeim, sem væru atvinnulausir, af því þeir þættu lítt hæfir. Kjötskoðun slíkra manna mundi því ekki vekja meiri tiltrú, en þó við hefðum einhverja ólærða menn, sem lært hefðu hjá dýralækni að skoða kjötið og þekkja úr þá kroppa, sem grunsamir eru. Eg held því, að þetta ákvæði frv. mundi gera töluvert gagn. Þegar einn dýralæknir getur skoðað 600 kroppa á dag, þá er það varla svo vandasamt verk, að skynsamur og aðgætinn maður, sem hefði verið við kjötskoðun hjá dýralækni og fengið tilsögn hans, gæti ekki þekt þá kroppa frá, sem grunsamir væru. Ef þar að auki stimplunin er bundin við vel verkað kjöt eingöngu, eins og sjálfsagt er, þá hefir stimplunin tvöfalda þýðingu, að sínu leyti eins og vottorð fiskimatsmanna.

Eins og tillagan liggur fyrir, þá er það á valdi stjórnarinnar, hvort hún »autoriserar« þessa menn, sem tekið hafa próf hjá dýralækni til þess að skoða kjötið. Og hún myndi ekki fá öðrum en skynsömum mönnum stimpilinn í hendur, og slíkt mundi verða allmikils metið á erlendum markaði.

Bjarni Jónsson: Eg álít þessa skottuskoðun, sem frv. gerir ráð fyrir, alveg gagnslausa; hún mundi enga tiltrú hafa erlendis, og það er þó tilætlunin með skoðuninni, að hún geri erlenda menn örugga og þeir séu ekki hræddir um, að þeir kaupi sjúkt kjöt. Okkar vegna þarf ekki að stimpla kjötið, við erum ekki hræddir við að borða það, þó það sé ekki stimplað. Það er ekki til neins að bera á móti þessu, því í útlöndum hafa menn ekki tiltrú til skottulækna. Það kjöt, sem þessir skottudýralæknar stimpluðu, mundi í útlönd-

um aldrei verða álitið annað en nr. 2. Þess vegna væri það ef til vill hyggilegt, að stimpla kjötið ekki fyr en við höfum fengið svo marga dýralækna, að það sé hægt að stimpla alt það kjöt, sem út er flutt. Hitt væri ófært, að fá þessum mönnum, sem ekki bera skynbragð á, hvort kjötið er sjúkt eða ekki, stimpil dýralæknis í hendur, því þá mundi dýralæknir óðara taka upp nýjan stimpil.

Framsögum. (Björn Sigfússon): Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir svarað háttv. þm. Dal. (B. J.), svo að eg losna við það að miklu leyti. Að eins vildi eg benda á, að það er ekkert nema spádómur, að stimplun annara manna en dýralækna muni enga tiltrú hafa erlendis. Það hafa verið lögð drög til þess að fá fulla vitneskju um þetta efni frá útlöndum, og er von á svari innan skamms. Eg get ekki fallist á það, að þessir menn, sem numið hefðu kjötskoðun hjá dýralækni, yrðu ekki færir til þess að dæma um, hvort kjötið væri heilbrigt eða ekki. Stjórnin mundi ekki fela öðrum þetta verk á hendur en þeim, sem full trygging væri fyrir, að hefðu vit á því.

Eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók fram, þá væri þessi stimplun jafnframt trygging fyrir því, að vel væri með kjötið farið. Eg treysti því, að hin hv. deild hafi ekki á móti frumv. og lofi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 6. apríl (A. 240, 271, 296).

Framsögum. (Björn Sigfússon): Við frv. hafa komið fram brtill. frá h. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 296. Nefndin hefir tekið þær til íhugunar, en verður að leggja á móti þeim. Að vísu sýnist 1. brtill. meinlaus, um að á eftir »lögskipaðir dýralæknar« í 1. gr. frv. komi: »eða aðrir dýralæknar«, en nefndin leit svo á, að hún væri óþörf, þótt eg fyrir mitt leyti hafi ekkert á henni.

Þá er önnur brtill. við 2. málsgr. 1. gr., að sú málsgr. falli niður. Sú brtill. fer fram á að umsteypa mjög frv., og er nefndin eindregið á móti henni.

Aðrar brtill. eru flestar afleiðingar af þessari. Þó er 3. brtill. ekki í nánu sambandi við frumv.; hún fer fram á að að fella burt úr 2. lið 1. gr. orðin: »Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp«. Ef þessu væri slept, væri það sama sem að gefa dýralæknum fult einokunarleyfi. Nefndin er á móti þessari brtill., eins og hinum. Hún lítur svo á, að þar sem dýralæknarnir eru að eins 2, þá megi ekki útiloka, að aðrir þar til færir menn framkvæmi kjötskoðun, og er þá rétt, að stjórnarráðið ákveði einnig kaup þeirra. Má líkja þessu við það, sem lengi hefir verið gert, að setja læknum og yfirsetukonum reglur fyrir hvað háa borgun má taka.

Bjarni Jónsson: Eg hefi komið fram með brtill. við frumv. í samræmi við ræðu mína við 1. umr. þess. Eg skal enn taka það fram, að það mun ekki leiða til þess, að kjöt hækki í verði, að skottulæknum verði leyft að merkja. Síðan dýralæknar fóru að stimpla hér kjöt hefir kjöt merkt af þeim hækkað um 7—8 kr. tunnan, en annað kjöt þó ekki fallið í verði. Þessi mismunur stafar af því, að efnafólk í Kaupmannahöfn lítur ekki við öðru kjöti en því, sem merkt er af dýralæknum. Annað kjöt kaupa fátæklingar. Ef skottudýralæknum yrði leyft að merkja kjöt, mundi það ef til vill leiða til þess, að stimplað kjöt lækkaði í verði, því að enginn

mundi þar hinna efnaðri manna reiða sig á merking þeirra. Eina ráðið til þess að meira kjöt seldist dýrara væri að fjölga dýralæknunum, enda mundi það borga sig, þótt hér yrðu t. d. 8 dýralæknar, og fram yfir það; mætti meðan ekki er völ á innlendum dýralæknum taka norska eða danska dýralækna. Það er enginn efi á því, að ef slíkum aukastimplurum væri leyft að merkja, mundu dýralæknarnir taka sér annað merki en þeir. Það er varhugavert að nota stimpla, sem verða mega til þess að veikja tiltrú á íslenzku kjöti, og er það aðalatriðið í þessu máli. Vona eg því, að mínar brtill. verði samþyktar.

Framsögum. (Björn Sigfússon): Það, sem hinn hv. þm. Dal. (B. J.) sagði, var ekki annað en endurtekning á því, sem hann sagði við 1. umr. Hann sagði, að stimplað kjöt hefði hækkað um 7—8 kr., án þess þó að annað kjöt hefði lækkað. En honum er ekki hægt að fullyrða neitt um það, allra sízt hvernig verður í framtíðinni. Eins og bent var á við 1. umr. eru að eins 2 sláturfélög, sem not geta haft af dýralæknum, í Reykjavík og Akureyri, og getur vel verið, að það verði til þess, að lækka kjötið hjá öðrum félögum, en það væri enginn smáræðisskaði, ef svo yrði, og máske meiri en svo, að hagnaður þessara tveggja vegi upp á móti þeim skaða.

Hinn hv. þm. (B. J.) kallaði þessa menn skottudýralækna, og vildi með því fyrirfram reyna að gera þá auðvirðilega. Oss nefndarmönnum kom ekki til hugar að kalla þá dýralækna, hvorki með skotti eða án þess. En þrátt fyrir það vildi nefndin tryggja, að þeir hefðu fulla þekking á þessu verki, sem þeim er ætlað að vinna. Það er ekkert hætt við, að dýralæknarnir gæfu þeim prófsvottorð, nema þeir stæðust prófið, né heldur hitt, að þeir yrðu löggiltir af stjórninni þekkingarlausir.

Háttv. þm. veit alls ekkert um það, hvort stimplun þessara manna yrði síður tekin gild en dýralæknanna. Það eru bara fullyrðingar hans, ef til vill eftir innblæstri frá þeim, sem er illa við að gengið sé inn á sérmálasvið dýralæknanna.

Sami háttv. þm. sagði, að eina ráðið til þess að bæta úr þessu, væri að fjölga dýralæknum. Nefndin hefði helzt kosið, að dýralæknum væri fjölgað, en það er ekki hægt nema á nokkuð löngum tíma. Það eru nú liðin eitthvað 20 ár, síðan þingið fór að hvetja menn til þess að nema dýralækningar, með því að veita styrk til þess á fjárlögunum. Á þessum tíma hafa 2 lokið prófi, en margir fleiri hafa þó fengið styrkinn. Svipað mundi verða eftirleiðis, þótt þingið veiti styrkinn. Það yrði í fyrsta lagi eftir 6 ár, að við getum búist við að fá dýralækni, þó við veitum fé til dýralæknisnáms nú. Þetta á að vera bráðabirgðaákvæði, þangað til við fáum dýralækna.

Bjarni Jónsson; Eg skal geta þess, að eg notaði ekki orðið: skottudýralæknir í neinu óvirðingarskyni, heldur hafði eg það um þá menn, sem lært hefðu kjötskoðun hjá dýralækni, af því mér datt ekki neitt annað heppilegra orð í hug í svipinn. Þessir menn eru ekki annað en skottudýralæknar, því þeir hafa ekki fullkomna þekkingu í þeirri grein, sem þeir eiga að fást við. Með þessu fyrirkomulagi, sem nefndin stingur upp á, er kjötskoðunin þannig úr garði gerð, að hún getur ekki vakið traust og tiltrú erlendis, en það er þó tilgangurinn með kjötskoðuninni.

Nefndin hefir leitast við að finna ráð við því, að kjötið verði útgengileg vara erlendis, en það er ekkert annað ráð við því, en að láta dýralækni skoða

kjötið og stimpla það. Þeir menn, sem gefa háa verðið fyrir það erlendis heimta að kjötið sé gott. Þeir neyta aldrei nema þess kjöts, sem skoðað er af dýralækni. Þetta eru efnamenn, sem hafa ráð á að borga hátt verð. Ef þessir skottudýralæknar fá leyfi til þess að setja stimpil á kjötið, þá mundi sá stimpill alstaðar í útlöndum vera skoðaður sem nr. 2, eða með öðrum orðum, þetta mundi verða skoðaður sem svartur stimpill á kjötinu og tiltrúin á kjötinu mundi veikjast erlendis. Ef þetta verður samþykt, þá yrði það til þess, að alt kjötið félli í verði. Þeir landshlutar, sem ekki eiga kost á að ná í dýralækni, verða að sætta sig við að fá lægra verðið, sem þeir fá nú. Það eru að eins þeir landshlutar, sem ná til dýralæknis, sem geta fengið hærra verðið. En ef skottudýralæknarnir hefðu leyfi til þess að nota stimpil dýralæknis, þá mundi það verða til þess, að alt kjötið félli í verði. Þeir menn, sem nú kaupa óstimplað kjöt, mundu einnig kaupa það kjöt, sem þessir skottudýralæknar hafa stimplað og gefa sama verð fyrir það og þeir gefa fyrir óstimplað kjöt nú.

Þá kem eg að einum lið, sem ekki má standa. Það er liðurinn um, að ekki megi taka hærra gjald af hverjum kropp, sem skoðaður er en 5 aura. Eg hefi heyrt sagt, að menn hefðu í hyggju að fá dýralækna hingað frá Noregi til þess að skoða kjöt í haust. En það er hætt við, að þeir mundu ekki fást, ef ekki má taka hærra gjald en 5 aura fyrir að skoða hvern kropp.

Eg hefi ekki sannfærst af ræðu hv. framsm. (B. S.) og get ekki fallist á tillögur nefndarinnar í þessu máli. Eg vona, að háttv. deildarmenn geti verið mér sammála í þessu máli. Eg hefi ekki flanað að þessu. Eg hefi leitað upplýsinga hjá Magnúsi Einarssyni dýralækni um þetta mál, og eg er sannfærður um, að þetta er rétt.

Sigurður Gunnarsson: Þetta er mjög alvarlegt mál, og eg get ekki láð nefndinni, þó hún hafi reynt til þess að finna eitthvert ráð til þess að bæta úr dýralæknaskortinum, því reynslan hefir sýnt, að það kjöt, sem stimplað er af dýralækni, selst miklu betur, svo að það hafa fengist 4 til 5 og upp í 8 kr. meira fyrir tunnuna af því kjöti en óstimpluðu kjöti. Eins og nú standa sakir, þá er það ekki nema nokkur hluti landsins, sem nær til dýralæknis, og á þann hátt orðið þessa hærra verðs aðnjótandi. Þetta er með öllu ófært.

Nú hefir nefndin reynt að bæta úr þessu, með því að leggja það til, að menn, sem lært hafi hjá dýralækni að rannsaka kjöt, séu látnir stimpla kjötið, þar sem þeir sjálfir ná ekki til. En hv. þm. Dal. (B. J.) segir, að þessi stimplun slíkra manna sé sama og engin stimplun. Líklega er hann, eða ætti að vera reyndari í þessu efni en eg. En eg vil samt sem áður spyrja hann um, hvort hann sé alveg viss um, að þessi staðhæfing hans sé rétt. Það er þvert, finst mér, að að eins nokkur hluti landsins skuli geta orðið þessa hærra verðs aðnjótandi, ef, sem eg ekki efast um, má bæta úr þessu á þann hátt, sem nefndin leggur til. Ef þetta væri ekki tiltækilegt, munu landsmenn í þeim hlutum lands, er dýralæknar ná ekki til, hljóta að heimta ný dýralæknaembætti, og ekki verður það ódýrara.

Jón Ólafsson; Herra forseti! Þessu máli er þannig farið, að reynslan hefir sýnt, að stimplun á kjöti hækkar verðið að miklum mun. Ef öðrum en dýralækni væri heimilað að stimpla kjöt með sama stimpli og dýralækni, eins

og tillaga nefndarinnar fer fram á, þá mundi það hafa í för með sér, að alt kjötið mundi komast í lægra verðið.

Niðurlag 1. gr. frumvarpsins verður að falla burtu. Nú er sagt, að Húnvetningar ætli að fá dýralækni frá Noregi til þess að stimpla kjöt fyrir sig í haust, en það er hætt við því, að hann fái ekki ferðina borgaða, ef hann má ekki taka nema 5 aura af hverjum kindarkropp, sem hann skoðar. Það er hart að meina bændum að nota útlendan dýralækni, þegar innlendur dýralæknir er ekki til. Tillaga þm. Dal. (B. J.) er vel hugsuð og á góðum rökum bygð.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Eg þarf að eins fáu að svara.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) áleit, að það væri til skemda, að ekki mætti taka hærra verð fyrir stimplunina en 5 aura af hverjum kropp, og sagði, að Húnvetningar ætluðu að fá sér dýralækni frá Noregi í haust, til þess að stimpla kjöt fyrir sig, en ef ekki mætti taka nema 5 aura fyrir hvern kropp, þá yrði þeim meinað það. Kynlegt þykir mér það, að hann sé fróðari um þá hluti en eg. Eg veit ekki til þess, að Húnvetningar ætli að fá dýralækni frá Noregi. En þó svo væri, að þeir eða aðrir gerðu þetta, þarf það ekki að standa í vegi, þó ekki mætti taka meira en 5 aura fyrir hvern kropp. Hvort sem væri sláturfélög eða kaupmenn, má vel borga ferðakostnað aukreitis, ef það þætti borga sig. Annars mun sú raun á verða, að sú leið reynist ófær vegna kostnaðar.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hélt því enn fram, að stimplun annara manna en dýralækna mundi ekki vinna tiltrú í útlöndum. En meðan engin reynsla er fengin fyrir þessu, fullyrði eg, að hann viti ekkert um það og mótmæli því. Eg legg engan trúnað á þetta, þó dýralæknirinn, sem eg sé, að nú stendur á bak við hann, kunni að hafa hvíslað því í eyra hans. Eins og dýralæknar hafa verið svo hugvitssamir að finna upp þessa stimplun til að auka atvinnu sína, eins má búast við, að þeir reyni að koma í veg fyrir kjötskoðun annara, svo að þeir taki ekki atvinnuna frá þeim. Ef ekkert gagn reynist að stimplun þessara manna, sem gert er ráð fyrir að læri þetta sérstaklega, þá mun verða hætt við það aftur og þar með er það mál úr sögunni.

Eg held, að hér liggi einhver fiskur undir steini. Það virðist vera svo mikið kappsmál, að koma í veg fyrir, að kaup dýralæknanna verði takmarkað. Mér virðist 5 aurar fyrir hvern kropp, vera sæmilega hátt, og ekki ástæða til að meira sé okrað á því. Mér er sagt, að dýralæknir geti skoðað 600 kroppa á dag. Það verða 30 kr. um daginn með 5 aura gjaldi, og mér finst það vera full boðleg daglaun, þó lærður dýralæknir eigi í hlut. Eg vona, að deildin samþykki frumvarpið, eins og það liggur fyrir, nema 1. breytingartillögurnar má gjarnan samþykkja, eins og eg hefi áður sagt.

Bjarni Jónsson: Eg skal segja það strax, að mér er þetta alveg kapplaust og það liggur hér enginn fiskur undir steini frá minni hálfu.

Eg skal svara háttv. þm. Snæf. (S. G.) því, að eg hefi ekki lögfullar sannarir fyrir því, sem eg hefi sagt. En eg »þekki á fólkið« og þær kröfur, sem það gerir í þessu efni. Það kaupir aldrei kjöt nema það hafi stimpilinn nr. 1, og það kaupir ekki heldur kjöt, sem er með stimpli, sem það ekki þekkir. Þegar þessir menn nú koma til kjötsalans og spyrja hann, hvernig standi

á þessum stimpli, þá mun hann segja, að þetta kjöt sé stimplað af »autoriseruðum« stimplara á Blönduós. »Er það dýralæknir«?, segja þeir. »Nei«, segir kjötsalinn, »en það er maður, sem hefir leyfi til þess að stimpla kjötið«. Þegar kaupendurnir hafa heyrt þetta, mun enginn kaupa kjötið, þó það sé stimplað. Þeir, sem ná til dýralæknis, munu þá fara til hans og biðja hann að setja aukastimpil á kjötið, svo það sjáist, að það sé frá dýralækni. Og þeir, sem hafa þennan aukastimpil á kjötinu fá háa verðið og aðrir ekki. Þeir menn, sem aldrei hafa talað við þessa menn og aldrei skift við þá, geta talað, eins og hér hefir verið talað en aðrir ekki.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 296, 1. við 1. gr. sþ. með 17 atkv. shlj.

Breyt.till. á þgskj. 296, 2. feld með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 296, 3. sþ. með 12 : 4 atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 16 : 2 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 296, 4. við 2. gr. tekin aftur.

2. gr. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 271, við 2. gr. sþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Þriðja umr., 8. apríl. (A. 572).

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Eg finn ekkt ástæðu til þess að ræða neitt um mál þetta nú, því að það er svo ítarlega rætt við 1. og 2. umr. Óska eg að eins, að frumv. nái fram að ganga.

ATKV.GR.

Frumvarpið sþ. með 17 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Búnaðarmálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um 5 manna nefnd til að íhuga búnaðarmál. (A. 27).

Ein umræða samþykt á fundi 20. febrúar.

Ein umr., 21. febr. (A. 27.).

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson). Það hefir verið venja á undanförnum þingum, að kjósa nefnd til að íhuga búnaðarmál landsins og eg er þess fullviss, að flestir óska, að þeirri reglu verði einnig fylgt að þessu sinni. Eg býst við, að á þessu þingi verði flutt ýms mál, sem vísað verði til þessarar nefndar og sum af þeim, sem ekki urðu útrædd á seinasta þingi, og landbúnaðarnefndin þá hafði til meðferðar, verði tekin upp á ný. Eg skal t. d. leyfa mér að nefna frumvarp um breyting á ábúðarlöggjöfinni.

Annars virðist óþarfi að að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Eg býst við, að háttv. deild taki henni vel og samþykki nefndarkosninguna.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþykt með öllum þorra atkvæða og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-Múl.
Stefán Stefánsson,
Sigurður Sigurðsson,
Einar Jónsson.

Í nefndinni var Sigurður Sigurðsson kosinn formaður, en Jón Jónsson N.-Múl. skrifari.

Frá nefndinni kom ekkert allsherjarálit.

Landssjóðsstyrkur til búnaðarfélaga.

TILLAGA til þingsályktunar um styrkveiting til búnaðarfélaga úr landssjóði. (A. 28).

Tvær umr. samþ. á fundi 21. febr.

Fyrri umr., 27. febr. (A. 28, 51).

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal ekki tefja tímann með langri ræðu. Það eru þegar komnar fram brtill. við tillögu mína, á þgskj. 51, en það yrði of langt mál að ræða þær nú. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á, að málinu sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar og 1. umr. þess frestað.

Forseti: Ef þessari fyrri umr. verður ekki frestað, verður að bera brtill. upp undir atkvæði nú; en eg álít heppilegra, að vísa málinu til nefndarinnar og fresta þessari fyrri umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til landbúnaðarnefndariunar með 20 samhlj. atkv. og fyrri umr. þess frestað.

Framh. fyrri umr., 20. marz (A. 28, 51, 65, n. 126).

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal reyna að vera eins stuttorður og mér er hægt.

Eins og kunnugt er, þá er alllangt síðan, að tillagan um breytingar á skilyrðum og reglum um styrkveitingu til búnaðarfélaga lá hér fyrir deildinni til 1. umr. Var þá þessu máli vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Búnaðarþingið stóð yfir um þessar mundir og hafði það einnig málið til meðferðar og gerði ýmsar breytingar við tillöguna. Tók hv. þm. S.-Þing. (P. J.) að sér að flytja þessar breytingar inn á þingið, og hefir þeim verið útbýtt meðal deildarmanna. Nefndin hefir aðhylst þær flestar og tekið upp í sínar brtill. En brtill. nefndarinnar eru á þgskj. 126. Breytingar nefndarinnar eru nokkuð margar, en af því nokkuð er umliðið, síðan þeim var útbýtt, þá munu þingmenn hafa áttað sig á þeim, og mun þess vegna ekki þörf á að fara langt út í hin einstöku atriði í brtill. En þar sem um verulegar efnisbreytingar er að ræða, þá vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær.

Eg gat þess upphaflega, að tillaga mín á þgskj. 28 breytti öllu máli í búnaðarstyrksreglunum í metramál. Nefndin hefir nú við nánari athugun gert nokkrar breytingar við tillögu mína. Á þgskj. 28 er gert ráð fyrir, að 10 menn séu í félagi hverju að minsta kosti, og að hver þeirra hafi unnið minst 12 dagsverk. Nefndin hefir fært félagatöluna niður í 8, og að hver þeirra hafi unnið 10 dagsverk. Þetta eru efnisbreytingar og vona eg að hin háttv. deild fallist á þær. Breytingartillaga þm. Sfjk. (B. Þ.) á þgskj. 65 leggur til, að tala félagsmanna sé færð niður í 5. Nefndin leggur til, að sú tillaga sé feld. Það sem vakti fyrir nefndinni, er hún færði töluna úr 10 niður í 8, var, að hún vildi með því gera þeim hreppum, sem hafa færri en 10 búendur, mögulegt að vera í félagi fyrir sig.

Þá er 4. brtill. um útnefning skoðunarmanna. Nú eru þeir útnefndir af sýslunefnd, en hér er farið fram á, að þeir verði framvegis útnefndir af sýslunefnd (eða bæjarstjórn) eftir tillögum búnaðarsambandanna. Eg hefi lagt til, að þeir verði ekki fleiri en 2 í hverri sýslu, en háttv. meiri hl. nefndarinnar

vill hafa þá fleiri. En eg verð að halda því fram, að það sé óheppilegra, því að hættara er þá við ósamræmi í skoðunargerðinni, ef þeir eru fleiri en 2.

Þá er brtill. frá hv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem gengur í þá átt, að eftir árið 1915 megi skoðunarmaður eigi taka upp í skýrsluna túnasléttur, túnaútgræðslu né sáðreit á þeim sveitabæjum, þar sem ekki er til salerni og áburðarhús«. Nefndinni þótti hér helzt til langt gengið, og varð það ofan á, að hún vildi að eins láta skilyrðið ná til salerna, en ekki til áburðarhúsa.

Brtill. 6. og 7. gera ráð fyrir, að túnútgræðsla falli burt og verði gerð að sérstökum lið. Túnútgræðslu kallar maður það, þegar teknar eru sléttar grundir, sem lítið þarf að gera við, og þær gerðar að túni með áburði og friðun.

Flestar aðrar brtill. eru að eins orðabreytingar, eða þá að þær standa í sambandi við það, sem eg hefi þegar minst á.

Eg hefi lagt það til um túnasléttur, að 50 fermetrar (= 14 faðm.) séu lagðir í dagsverkið, í stað þess að nú eru lagðir 12 faðmar í það. Þetta hygg eg vera sanngjarnt, þegar tekið er tillit til aukinnar notkunar plógs og herfis. Aftur á móti legg eg til, að 75 fermetrar séu lagðir í dagsverkið í kálgörðum. Að öðru leyti er lagt svipað í dagsverkið og nú gerist, að því er girðingar snertir o. fl., ef til vill þó víðast dálítið lægra. Þegar núgildandi reglur og skilyrði voru samþykt 1901 var mjög lítið um áburðarhús, svo að alla reynslu vantaði, hvað þau snerti. Þar hefir verið ofhátt lagt í dagsverkið; eg hefi því lagt til, að það væri lækkað, en nefndin vill lækka það meir.

Loks vil eg minna á, að inn í þessar reglur hafa verið teknir tún- og engjavegir. Engjavegir eru mjög þýðingarmikil jarðabót og skilyrði fyrir því, að hægt sé að aka heim heyi; það veit eg nú vera gert að eins á tveim stöðum, Hvanneyri og Þorvaldseyri. En sjálfsagt mætti víðar koma þessu við, ef gerðir væru engjavegir, og þá er einnig rétt, að hvetja til þess, að þeim sé komið á, með því að taka þá upp í reglurnar, svo þeir verði aðnjótandi styrks eins og jarðabætur.

Eg hefi þá minst á helztu brtill., er hafa í för með sér efnisbreytingar, en farið fljótt yfir sögu. Sé eg svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta mál að þessu sinni.

Björn Þorláksson: Eg á 2 örlitlar brtill. við þetta frv. og hefir hv. frsm. getið þeirra beggja. Önnur gengur í þá átt, að ekki þurfi að vera fleiri en 5 menn í félagi til þess að geta orðið styrks aðnjótandi. Eg þekki dæmi um fámennan hrepp á Austurlandi, sem ekki getur fengið neinn styrk, vegna þess að búendur eru þar færri en 10; en færri bændur mega ekki vera í búnaðarfélagi, ef það á að geta fengið styrk samkvæmt núgildandi reglum. Nefndin hefir lagt til, að lágmark félagatölunnar sé fært úr 10 niður í 8. En mér þykir það ekki nógu langt gengið; mér þykir hart, að 5 bænda félag sé útilokað frá öllum styrk, vegna þess að hreppurinn er fámennur og sumir bændur hreppsins skerast úr leik. Menn kunna að segja, að þessir bændur gætu þá myndað félag við annan hrepp, þar sem búnaðarfélag er. En eg get svarað því svo, að búnaðarfélag hvers hrepps hefir sérstök lög, sem ekki er víst, að bændur í nágrannahreppnum vilji játast undir; og þar að auki má benda á það ákvæði, að viss hluti af styrknum á að ganga í fastan félagssjóð. Mér er enda ekki kunnugt um, hvernig á því stóð, að talan nokkurn tíma var takmörkuð. Upphaflega var styrkur þessi veittur til þess að laða menn til jarðabóta, og

hefir hann gert mikið gagn í þá átt, en nú er hans minni þörf, því að nú munu menn almennt sjá, að það borgar sig vel að vinna að jarðabótum, þó að enginn styrkur sé veittur til þess.

Hin síðari brtill. min fer fram á, að skoðunarmennirnir haldi áfram að vera 3 í hverri sýslu, eins og þeir hingað til hafa verið. Ef þeir væru aðeins tveir, þá mundi ferðakostnaður þeirra verða miklu meiri, sérstaklega þar sem sýslur eru víðáttumiklar. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hélt því fram, að hætt væri við meira ósamræmi í skoðanagerðinni, ef þeir væru 3, en úr þeirri mótbáru get eg ekki gert mikið. Annars er mér ekkert kappsmál um þessa brtill., og skal eg því ekki fara fleiri orðum um hana.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 651 samþ. með 15 : 4 atkv.

1. brtill. á þgskj. 126 þar með fallin.

2. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 17

Brtill. á þgskj. 65, 2. samþ. með 13 : 1 atkv.

5. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

Kaflinn A, þannig breyttur, samþ. 17 shlj. atkv.

6. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. brtill. á þgskj. 126 samþ. án atkv.gr.

9. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 15 shlj. atkv.

10. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 15 shlj. atkv.

11. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 15 shlj. atkv.

12.—13. brtill. á þgskj. 126 samþ. án atkvgr.

14. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

15. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

16., 17., 18., 19., 20. og 21. brtill. skoðaðar samþ. án atkv.gr.

22. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

23 brtill. á þgskj. 126 talin samþ. án atv.gr.

24. brtill. á þgskj. 126 samþ. með 16 shlj. atkv.

Kaflinn B. þannig breyttur samþ. með 18 shlj. atkv.

25. brtill. samþ. án atkv gr.

26. brtill. við C 3. samþ. með 13 shlj. atkv.

27. brtill. skoðuð samþ. án atkv.gr.

28. og 29. brtill. sömuleiðis skoðaðar sþ. án atkvgr.

30. brtill. sþ. með 17 shlj. atkv.

31. brtill. sþ. með 17 shlj. atkv.

32. brtill. sþ. án atkvgr.

Kaflinn C. þannig breyttur sþ. með 19 shlj. atkv.

Málinu vísað til síðari umr. með 20 shlj. atkv.

Síðari umr., 23. marz (A. 248, 285).

Frams.m. (Sigurður Sigurðsson): Brtill. hafa engar komið fram við tillöguna, nema ein á þgskj. 285. Hún er fólgin í því, að meter sé breytt í stiku, fermeter í ferstiku o. s. frv. Eg hefi ekki átt kost á að ráðfæra mig við landbúnaðarnefndina um þessa brtill., og get því ekki sagt, hvernig nefndin muni taka henni. En sjálfur er eg henni mótfallinn og mun greiða atkvæði á móti henni. Orðið meter er nú orðið rótgróið í málinu og því miklu eðlilegra að nota það en önnur orð, sem einstakir menn hafa verið að mynda. Sem sagt, eg tek þetta fram að eins frá mínu sjónarmiði, en ekki í umboði nefndarinnar.

Bjarni Jónsson: Eg verð að játa, að eg á það að þakka vinsamlegri bendingu háttv. meðflutningsmanns míns að þessari brtill., að eg varð var við, hvílíkt skrípi hér er á ferðinni. En úr því mér var bent á það, skal það ekki mót mælalaust af minni hálfu, að móðurmál vort sé atað með slíkum óþverra. Þegar um það er rætt, að byggja út útlendum orðum, sem eru nýsloppin eða eru að sleppa inn í íslenzkuna, þá er algengt, að menn spyrji, hvers vegna vér ekki getum tekið upp þessi orð, eins og forfeður vorir hleyptu ýmsum útlendum orðum inn í málið, t. d. orðunum: prestur, biskup o. s. frv. En því er auðvelt að svara. Forfeður vorir voru að vísu ágætir menn, en í þessu sást þeim yfir og væri oss sæmra að líkja eftir þeim í einhverju öðru. Ennfremur spyrja menn oft, hvers vegna ekki sé farið fram á að útrýma öllum þessum gömlu útlendu orðum úr málinu, úr því menn amist við hinum nýju. En allir ættu að geta séð, að mismunur er á orðum, sem eru orðin mörg hundruð ára gömul í málinu og þess vegna rótgróin, og orðum, sem eru nýsloppin inn og næstum því eingöngu notuð af mönnum, sem hafa gaman af að sýna menningarþroska sinn á þann hátt. Eg get ekki skilið, að þeir grísklatnesku kentaurar, sem hér ræðir um, eigi að hafa neinn sérstakan rétt á sér. Latneska orðið mille þýðir þúsund, griska orðið kilioi þýðir hið sama, en í hinu útlenda orðakerfi er mille látið deila, kilioi margfalda (millimeter, kilometer). Í hinu íslenzka orðakerfi, sem við Guðm. Björnsson landlæknir mynduðum, var talan látin deila, er hún var forskeyti, en margfalda er hún var skeytt aftan við orð (þúsundstika, stikuþúsund). Það er bágt að gizka á, hvers vegna þessi heiti ættu ekki að geta orðið Íslendingum jafntöm sem hin útlendu heiti, sem í sjálfu sér eru ófær orðskrípi. Og ekki tjáir að bera það fyrir sig, að ókleift sé að útrýma slíkum orðum; áður sögðu menn t. d. jafnan cigar, en nú er vindill í hvers manns munni. Nei, kerfi okkar Guðm. Björnssonar var að vísu gott, en það hafði þann ókost, að allir skildu það og þess vegna töldu sumir það óhæft, því að margir halda, að ekkert geti verið nýtilegt nema moldviðrið eitt. Sumir þykjast líka fjarska miklir menn, þegar þeir eru að hreyta úr sér þessum útlendu orðum; það er ekki lítill sómi að kunna svo vel að apa útlendinga! Þó munu flestir góðir menn vera sammála um, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, enda hefir ráðherra sá, er nýlega fór frá völdum, reynt að koma föstu skipulagi á alt þetta orðakerfi. Allir játa, að meter fari illa í íslenzku máli. *(Sigurður Sigurðsson:* Í tillögunni stendur hvergi meter). Jú, hér stendur meter á einum stað og ef það er prentvilla, þá er það prentvilla, sem verður að standa, því að þetta er síðari umr. Þar að auki er orðið stika nú orðið fast í málinu; allir skilja við hvað er átt og er því óþarfi að gera sér grýlur úr slíku. Rúmstika þarf ekki skýringar við, þó mætti eins vel nota orðið teningsstika.

Eg get ekki skilið annað, en að menn alment fari að sjá, að full ástæða er til að standa á verði gagnvart slíkum orðskrípum. Það tjáir ekki að vitna í dæmi annara þjóða, þar hafa þessar grísk-latnesku ófreskjur komist inn fyrir löngu og sitja því nú eins og goð á stalli. Þó gera nú t. d. Þjóðverjar alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að vikja þessum álfu orðum (eða álfa orðum) úr málinu, og það jafnvel í svo hávísindalegri fræðigrein sem læknisfræðinni.

Vér ættum að hafa þá föstu venju að reyna altaf að þýða öll þau útlend orð,

sem smeygjast vilja inn í málið; þótt illa takist í fyrstu, þá lánast það ef til vill síðar.

Enn vil eg minnast á eina röksemd, sem eg hefi heyrt flutta gegn nýyrðum. Hún er sú, að ef vér ekki tökum upp þessi útlendu orð, þá verði mönnum erfiðara að læra dönsku. Slík ósköp eru á borð borin í röksemda stað! Og svo vill svo illa til, að íslenzkan afbakar þessi orð, svo þau fljótt verða ókennileg, og er því þessi röksemd einkisverð einnig af þeirri ástæðu.

Eg hefi oft haft tækifæri til þess að tala um þetta fyr, en hér á þingi veit eg ekki til, að þetta hafi verið vitt sem skyldi, síðan Guðm. Björnsson var alþingismaður. Hann gerði það og gerði það vel, svo sem vænta mátti af honum, málfróðum manni og orðhögum.

Eg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en ef eg mætti vera ráðunautur háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), þá vildi eg ráða honum til, að leggja meiri rækt við móðurmál sitt, en þessi tillaga ber vott um.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar litið er á 2. bls. till. sést, að þar kemur orðið meter fyrir 5 sinnum í nefnifalli, en 31 sinni í öðrum föllum. Brtill. á þgskj. 285 fer fram á að breyta meter í stiku í tveim tilfellum; hin eiga víst að haldast.

Hér er ekki að velja milli lögboðinna eða heimilaðra heita. Hver sem vill má tala um hundþunga, seitil eða dreitil o. s. frv. En hin heitin eru *lögboðin* með metralögunum og háttv. þm. Dal. (B. J.) verður að sætta sig við, að hann varð undir í því máli. Nú vil eg spyrja hann um, hvort honum finst ástæða til að breyta tveimur af öllum þessum heitum, en láta hin haldast.

Mér finst þetta skrípaleikur, að vera að rífa tvö heiti út úr metrakerfinu og leggja þau út í þessari þingsáltill. Hví kemur hinn háttv. þm. ekki með frv. og þýðir þar í öll heiti metrakerfisins.

Þetta kemur raunar lítið þessu máli við. Eg nota jafnan útlendu heitin, get ekki lært hin og vil ekki læra þá sérvizku; þau eru svo hjákátleg. En það væri hlægileg niðurstaða, að rífa þessi 2 heiti út úr kerfinu og íslenzka þau.

Bjarni Jónsson; Tillaga mín fer fram á það, að breytt sé alstaðar í þingsáltill. útlenda orðinu meter og afbökunum af því, sem þar í finnast og sé það gert í öllum föllum. Þetta eiga allir að geta skilið, að leiðréttingin er fólgin í því að setja inn íslenzku heitin. Tilgangurinn er ekki sá, að tína til allar prentvillur þingsáltill., því að segja má, að hún sé ein prentvilla frá upphafi til enda.

Það er undarlegt að heyra hjá háttv. 2. þm. S. Múl. (J. Ó.), að hann geti ekki lært íslenzku heitin í stikukerfinu, maður, sem nýlega hefir gefið út kenslubók í íslenzku og fengið styrk þar til. Þetta segi eg ekki til þess að rýra þekkingu mannsins, heldur til að sýna, hversu honum er tamt að tala þvert um hug sér.

Sami hv. þm. taldi mér liggja nær að koma með sérstakt frv. um þýðingu á stikukerfinu. Það ætti eg að gera og mundi gera, ef eg óttaðist ekki, að andi hans svifi til mikið yfir vötnunum. Mér þætti vænt um, ef maður svo fróður um íslenzka tungu yrði til að styðja mig um það. Ella er mér óskiljanlegt, hvernig hann fer að gefa út næstu kenslubók í íslenzku og nota önnur eins skrípi.

Annars er engin fyrirhöfn að breyta þessu. Heitin geta engum misskilningi valdið; þau eru lögheimiluð. Þess ber og að gæta, að þetta er að eins þingsályktunartill., og þótt heitin kæmu ekki heim við eldri lög, þá er þingið bært að breyta þeim, og sýnir með breyt-

ingunni, að það vill ekki hlíta hinum eldri lögum í þessu.

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Hin fyrri ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) er naumast svaraverð. Hún var ekkert annað en mótmæli gegn ímynduðum ástæðum, sem einhverntíma höfðu átt að vera færðar fram gegn þessari skoðun þingmannsins um heitin á metramálinu, en sem aldrei hafa komið fram hér. Annars eru heitin í samræmi við núgildandi lög. »Meter« kemur að vísu að eins tvisvar fyrir í tillögunni, og er prentvilla. Eg fyrir mitt leyti geri breytingartillöguna að engu kappsmáli, en mun samt greiða atkv. á móti henni.

Bjarni Jónsson: Að eins örstutt fyrirspurn til háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Í þingsáltill. stendur í 2. lið:

»Jarðabætur eru lagðar í dagsverk þannig: a. Túnasléttur 50 fermetra«. Á nú 50 að teljast nafnorð og stýra eignarfalli í fleirtölu, það er fermetra, eða er fermetra nefnifall í fleirtölu?

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg hefi aldrei gefið mig við málfræði, og ætla mér ekki að fara út í málfræðis-diskussionir við háttv. þm. Dal. Eg veit, að hann kann meira í málfræði en eg, en það situr illa á honum að vera að hella sér út yfir menn, sem minni málaþekkingu hafa en hann. Eg veit ekki hvorum munntamari er danskan, mér eða honum, þótt hann sé á vörunum alt af að níða Dani og það, sem danskt er.

Það er einn h. þm., sem notar oft orðið »ofurmenni«. Það orð finst mér eiga mjög vel við hv. þm. Dal. (B. J.), hann er »ofurmenni« — í munninum.

ATKV.GR.:

1. brtill. (285) sþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Sigurðsson.
Þorleifur Jónsson.	

2. og 3. brtill. (285) þar með sampyktar.

4. brtill. (285) feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Ólafsson,
Stefán Stefánsson.	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson.

Till. sjálf (248) þannig breytt sþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fjármál (peningamál o. fl.).

I.

TILLAGA til þingsályktunar um 5 manna nefnd til að íhuga peningamál landsins. (A. 30, 41).

Ein umræða sþ. 20. febr.

Ein umr., 21. febr. (A. 30, 41).

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Eg hefi komið hér fram með dálitla breytingartillögu, og er það eftir samkomulagi við fleiri háttv. þingm. Það er óþarfi að fara mörgum orðum um till., hún mælir bezt með sér sjálf. Málið er svo stórvægilegt, að það verður ekki of vandlega hugsað. Samskonar nefnd á síðasta þingi vann þó nokkuð á, enda þótt æskilegt hefði verið, að meiru hefði verið afkastað. Sumar uppástungur hennar komust í framkvæmd, og hafa borið góðan árangur, en aðrar náðu ekki fram að ganga, og skal eg t. d. leyfa mér að nefna uppástunguna um millibinganefnd í peningamálunum. Annars virðist langur formáli óþarfur, við erum allir sammála um, að fjármálum landsins verður að koma í betra horf, en nú er.

Vona eg því að háttv. deild taki málinu vel.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (41) við till. á þgsk. 30. sþ. með þorra atkv.

Aðaltill. sþ. með 18 atkv.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl,
Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,
Þorleifur Jónsson,
Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson.

Í nefndinni var kosinn formaður Magnús Blöndahl, en skrifari Björn Kristjánsson.

Frá nefndinni kom ekkert allsherjarálit.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga peninga- og bankamál landsins og stofnun fasteignaveðbanka. (A. 675).

Ein umr. samþ. 25. apríl.

Ein umr., 28. apríl (A. 675).

Tillagan var tekin aftur.

III.

TILLAGA til þingsályktunar um einkarétt landssjóðs á aðfluttum vörum. (A. 631).

Ein umr. sþ. 19. apríl.

Á dagskrá var málið 22. og 25. apríl, en tekið þá umræðulaust út af dagskrá eftir ósk framsögumanns (Ó. Br.).

Ein umr., 27. apríl (A. 631, 669, 706, 723, 731, 739, 741).

Framsm. (Ólafur Briem): Þessi tillaga, sem hér er um að ræða er upphaflega frá tolllaganefndinni, en síðan hafa margar breytingartillögur komið fram við hana. Upphaflega voru tillögurnar tvær. Fór önnur þeirra fram á að skipa nefnd til þess að rannsaka, hvort tiltækilegt mundi að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem kolum, steinolíu, tóbaki o. fl., og er sú tillaga nefndarinnar á þgskj. 631. Hin tillagan var frá bankanefndinni um nefndarskipun til að íhuga peninga- og bankamál landsins.

Til þess að koma samræmi á þetta mál, hefir tolllaganefndin leyft sér að bera fram nýjar tillögur, og eru þær á þgskj. 706 og verða þær tillögur nefndarinnar, sem þar eru, að skoðast sem grundvöllur málsins. Það hafa komið fram 4 breytingartillögur við þessa tillögu á þgskj. 706. Nefndin hefir athugað þær og leggur til, að tillögurnar á þgskj. 723 og 731 verði samþykt-

ar, en aftur er meiri hluti nefndarinnar á móti tillögunum á þgskj. 739 og 741. Þessar tvær síðastnefndu tillögur ganga nokkuð í sömu átt, og snerta fyrirkomulagið á skipun nefndarinnar.

Nefndin vill, að 4 af nefndarmönnum séu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en sá 5. sé tilnefndur af stjórninni.

Tillagan á þgskj. 741, frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), fer fram á víðtækastar breytingar. Þar er farið fram á, að tillagan sé að eins frá neðri deild og séu allir nefndarmennirnir kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi.

Tillagan á þgskj. 739, frá h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fer að því leyti skemra, að þar er að eins hreyft við skipun nefndarmanna, á þann hátt, að þeir séu allir kosnir af þinginu.

Það, sem aðallega vakir fyrir nefndinni, er hún heldur því eindregið fram, að nefndarskipunin sé borin upp í báðum deildum þingsins og formaður nefndarinnar tilnefndur af landsstjórninni, er það, að með þessu fyrirkomulagi sé fengin bezt trygging fyrir góðri samvinnu milli stjórnarinnar og nefndarinnar. En þetta er einmitt afarþýðingarmikið atriði, þar sem nefndinni er ætlað að búa málin í hendur stjórnarinnar, en stjórnin aftur að leggja þau fyrir þingið.

Aðalverkefni hinnar fyrirhuguðu milliþinganefndar er að benda á ráð til þess að útvega landssjóði auknar tekjur og í sambandi við það að rannsaka, hvort haganlegt muni vera, að landið taki einokun á einstökum vörutegundum. Kosturinn við það að afla landssjóði tekna með þessu móti er sá, að með því þarf landsmönnum ekki að vera íþyngt frá því sem áður hefir verið, þar sem á hinn bóginn tollar eru ávalt viðbót við vöruverðið og svo er það ekki óhugsandi, að með því að spara ýmsan kostnað og útgjöld, er leiða af samkepni og sundurgreining starfrækslu milli fleiri smá-atvinnurekenda, sé hægt að láta landsmenn fá þessar vörur með lægra verði en nú, jafnframt því, að landssjóður njóti nokkurs gróða. Þetta er vitaskuld órannsakað mál. Landsmenn hafa árið 1908 borgað um 520 þúsund kr. fyrir alskonar tóbak, þar af er tollur 160 þús. kr., en afgangurinn 360 þús. kr. er sumpart innkaupsverð vörunnar og sumpart gróði seljanda. Hvernig þetta verði, ef landssjóður tekur að sér tilbúning, innflutning og útsölu á öllu tóbaki, er auðvitað ekki hægt að segja með fullri vissu, en ekki er ólíklegt, að landsjóður fengi alt að $^1/_3$ af þessari upphæð, eða þeirri upphæð, sem selt væri fyrir að tollinum frádregnum, enda væri enginn vafi á því, að stórsalar í útlöndum mundu gefa mikinn afslátt, þegar svo mikið væri keypt í einu, en um þetta þarf milliþinganefnd með aðstoð stjórnarinnar að afla sér upplýsinga og gefa áreiðanlega skýrslu um.

Af steinolíu var sama ár innflutt um 18000 tunnur, er seldar voru á 28 kr. hver til jafnaðar, sem sé hér í Reykjavík á 27 kr., en nokkru hærra verð á ýmsum stöðum út um landið. Nú ber þess að gæta, að innflutningur á steinolíu hefir mikið aukist á síðustu árum til mótora og iðnaðar. Ef nú gert er ráð fyrir 4 kr. hag af hverri tunnu, þá ætti það að geta orðið, ef innflutningur fer vaxandi, alt að 100,000 króna, sem landssjóður fengi í tekjur af sölunni, og þegar þess er gætt, að nú má heita einokun á þessari vöru, þá virðist eins vel viðeigandi, að landið hafi hana, eins og privatmenn.

Af 3. vörutegundinni, kolum, fluttist inn 1908, 58 þús. tonn fyrir 1,400,000 kr. Sá innflutningur fer vaxandi, og ef gróði á hverju tonni er áætlaður

2 kr., mætti gera ráð fyrir meira en 100 þús. króna tekjuauka fyrir landssjóð.

Þá er breyt.till á þgskj. 731, um niðurröðun efnisins, þannig, að 2. liður verði 1. liður og er sú meining með því, að ætlast er til, að rannsókn einkaréttar-fyrirkomulagsins verði fyrsta verk nefndarinnar og að tillögur hennar þar að lútandi verði lagðar fyrir aukaþingið næsta ár.

Svo er tillaga á þgskj. 723, um, að bæta því verkefni við nefndina, að íhuga verzlunar-og atvinnumál landsins einkum í sambandi við stofnun, starfsemi og reikningsskil hlutafélaga og samvinnufélaga. Þetta stendur að vísu ekki í eins föstu sambandi við fjárhag landsins, en hins vegar vitanlegt, að stórfyrirtæki komast ekki í framkvæmd, nema menn sameini krafta sína.

En nauðsyn er, að allrar varúðar sé gætt við stofnun slíkra félaga, sem og að allir reikningar þeirra séu glöggir og áreiðanlegir og blekki ekki menn hvorki inn á við né út á við — en eins og nú er, er mikill misbrestur á þessu — og get eg því til dæmis nefnt kaupfélögin, sem mörg hver standa á veikum fótum sökum vantandi fyrirhyggju við stofnun þeirra og ófullnægjandi fyrirkomulags að ýmsu leyti.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg býst við, að það sé árangurslaust að bera fram brtill. við till. á þgskj. 706, þar sem fjölmenn nefnd hefir stungið upp á að skipa skuli 5 manna nefnd í þessi 2 mál, sem þó eru alveg óskyld. Eg vildi því skora á nefndina að taka tillögu sína aftur. Það liggur í augum uppi, að erfitt verður að fá hæfa menn í þessa nefnd, og mín skoðun er sú, að betra væri að kjósa tvær þriggja manna nefndir, held að þær muni vinna betur en þessi eina, sem nefndin ætlast til að kosin verði.

Jón Þorkelsson: Eg er sammála hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um að heppilegra mundi vera að skipa 3 manna nefndir í þessi mál, heldur en 5 manna eins og lagt hefir verið til.

Frsm. (Ólafur Briem): Út af því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J.Ól.) tók fram, skal eg fyrir mitt leyti ekki vera á móti því, að ef til vill væri heppilegra að hafa tvær nefndir, sem skipaðar væru færri mönnum. En nú er málið komið í það horf, að tveim nefndum hefir komið saman um, að þetta væri heppilegra, enda ber þess að gæta, að 5 manna nefnd hefir þann kost, að því fleiri sem nefndarmennirnir eru, þess hægra ætti að vera að velja þá með tilliti til þess starfa, sem þeim er ætlað að vinna í nefndunum.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 669 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 741 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 731 sþ. með 19 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 739 þar með fallin.

Viðaukatill. á þgskj. 723 sþ. með 19 : 1 atkv.

Brtill. á þgskj. 731, síðari liður, sþ. án atkv.gr.

Brtill. á þgskj. 706 II sþ. án atkv.gr.

Meginmálsgreinin á þgskj. 706 sþ. með 19 : 1 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Till. á þgskj. 631 þar með fallin.

Tillagan þannig orðuð afgr. til Ed. með fyrirsögninni: »Tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins«. Till. var breytt í Ed., en því næst sþ. í sam. þingi 6. maí (sbr. þgskj. 926 og 944).

Hagur landsbankans.

TILLAGA til þingsályktunar um 5 manna nefnd til að íhuga hag landsbankans. (A. 31). Ein umr. samþ. 20. febr.

Ein umr., 21. febr. (A. 31).

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Það hafa víða á þingmálafundum komið fram sterkar raddir um það, að þinginu væri skylt að efla hag landsbankans eftir mætti. Hér í Reykjavík var tillaga í þá átt samþykt með afarmiklum atkvæðafjölda, enda er ekki nema eðlilegt, að mönnum sé ant um landsbankann, sem er alíslenzk stofnun og landið sjálft á. En öllum er það ljóst, að starfsfé bankans er ónógt og slíkt stendur mörgum þjóðþrifafyrirtækjum í vegi. Í öðru lagi er hið núverandi fyrirkomulag á veðdeildinni mjög svo óheppilegt, og brýn nauðsyn til að breyta því sem fyrst og mundi það að sjálfsögðu verða eitt af aðalhlutverkum væntanlegrar nefndar, að finna ráð til þess, að bætt yrði úr því.

Annars þarf ekki að fjölyrða um tillöguna — hún mælir sjálf með sér og eg vona, að hin háttv. deild taki henni vel.

Björn Kristjánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til hinnar sömu nefndar og kosin var til að íhuga peningamál landsins.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að gera þá fyrirspurn til háttv. flutningsmanna, hvort ætlast er til, að væntanleg nefnd taki nokkuð til athugunar eða rannsóknar meðferð stjórnarinnar á landsbankanum 2 seinustu ár — ef svo er ekki, álít eg réttast að vísa málinu til þeirrar nefndar, er á að fjalla um peningamálin.

Jón Magnússon: Það hafa heyrst raddir um það hér í deildinni, að máli þessu beri að vísa til hinnar nýkosnu peningamálanefndar. En í því formi, sem málið er nú komið inn í deildina, er það ekki hægt. Hér er um eitt af tvennu að velja, annaðhvort að fella till., eða hún sé tekin út af dagskrá í dag og það álít eg hið réttasta. Flutningsmenn gætu þá fljótt komið henni breyttri inn í deildina aftur, en hitt væri ólöglegt, að vísa málinu nú þegar til 7 manna nefndar, er tillagan er um 5 manna nefnd.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er mótfallinn þeirri till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að nefnd þessi fjalli nokkuð um aðferð stjórnarinnar í landsbankamálinu. *(Pétur Jónsson:* Eg hefi aldrei lagt það til, kom að eins með fyrirspurn til flutningsm). Jæja, þá bið eg afsökunar, en annars er eg alveg samdóma háttv. þm. Vestm. (J. M.), að í því formi, sem málið nú er, er ekki hægt að vísa því til annarar nefndar.

Eg vil því leyfa mér að skjóta því til háttv. flutningsm., að þeir taki það út af dagskrá núna og komi því svo aftur inn í því formi, að því verði vísað til peningamálanefndarinnar. Ef önnur nefnd færi að fjalla um það, er hætt við að nefndirnar færu sín í hverja áttina og gæti það orðið málunum bæði til tjóns og tafar.

Eg vil því, eins og eg tók fram, mælast til, að tillagan verði tekin út af dagskrá nú.

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Sem svar upp á fyrirspurn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vil eg taka það fram, að tillaga þessi snertir alls ekki það atriði, er hann gat um. Tillaga þessi til þingsályktunar gengur að eins út á það, hvernig heppilegast sé að efla hag landsbankans, en alls ekkert annað. Með því að eg fellst algerlega á það, er hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó,) og hv. þm. Vestm.

(J. M.) sögðu viðvíkjandi tillögunni, óska eg að mál þetta verði tekið út af dagskrá.

Forseti: Með því að háttv. flutnm. (M. Bl.) óskar þess, þá tek eg málið út af dagskrá í dag.

Ein umr. (framh.), 22. febr. (A. 31, 45).

Flutnm. (Magnús Blöndahl): Eg álít óþarft að tala mikið fyrir tillögu þessari eða breytingartillögu þeirri, er fram er komin í máli þessu. Eg vildi að eins benda á það atriði, hvort heppilegra mundi vera, að vísa máli þessu til peningamálanefndarinnar, eða að kjósa sérstaka nefnd til þess að íhuga það. Eg fyrir mitt leyti álít réttara, að máli þessu sé vísað til peningamálanefndarinnar, af þeirri ástæðu, að þessi tvö mál, landsbankamálið og peningamálið eru svo skyld. Þykir mér því heppilegast að sama nefndin íhugi bæði málin.

ATKV.GR.:

Samþykt með 21 atkv. að vísa málinu til peningamálanefndarinnar.

Um mál þetta kom ekkert sérstakt álit frá nefndinni.

Dómaskipun.

TILLAGA til þingsályktunar um 5 manna nefnd til að íhuga dómaskipun landsins (A. 29).

Ein umr. samþ. 21. febr.

Ein umr., 22. febr. (A. 29).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg þarf í raun og veru ekki að fara neinum orðum um tillögu þessa, því að eg veit að engum muni blandast hugur um það, að sjálfsagt sé að taka til íhugunar dómaskipan og réttarfar landsins. Það er orðið svo langt á eftir tímanum, að ekki veitir af að fara að gera ráðstafanir til þess að þrífa til í því. Mál þetta mælir svo mikið með sér sjálft, að eg álít óþarfa að fjölyrða um það.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 18 atkv.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Skúli Thoroddsen.
Jón Magnússon.
Jón Þorkelsson.
Sigurður Sigurðsson.
Jóhannes Jóhannesson.

Í nefndinni var Jón Þorkelsson valinn formaður, en Jón Magnússon skrifari. Nefndarálit á þgskj. 946.

Landsbankarannsókn.

TILLAGA til þingsályktunar um að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka landsbankamálið (A. 47).

Ein umræða samþ. 24. febr.

Ein umr., 28. febr. (A. 47).

Flutningsm. (Hálfdan Guðjónsson): Þó eg hafi óskað að tala um þingsál.till. þá, sem hér liggur fyrir, sem einn flutningsmaður hennar, þá skal eg ekki vera langorður. Eg vil að eins benda á, að engum, sem þekkir til um þetta mál, mun koma það á óvart, þótt þannig löguð tillaga komi fram hér í deildinni. Marga mun miklu fremur furða á því, að þessi tillaga hafi ekki komið fyr fram hér í deildinni, þar sem hálfur mánuður er nú liðinn af þingtímanum. Þetta er því einkennilegra, sem allmargir þm. sóttu það fast, að kvatt yrði til aukaþings til þess að íhuga þetta mál. Að vísu mætti svara því, að hin hv. Ed. hafi þegar skipað nefnd til þess að rannsaka þetta mál. En þrátt

fyrir það, sé eg ekki, að það geti komið í bága við það, að neðri deild geri slíkt hið sama, því engum getur blandast hugur um það, að neðri deild eigi að teljast fult eins vel þungamiðja þingsins. Allir ættu að geta verið einhuga um að setja nefnd í málið, og legg eg til, að hún verði kosin.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg hefði getað skilið það, ef tillaga þessi hefði komið fram í byrjun þings og áður en Ed. hafði málið til meðferðar. En nú finst mér hún alveg óþörf. Það er dálitið skrítið, að skipa tvær nefndir til þess að rannsaka sama málið. Það er á sinn hátt, eins og ef afbrot væri drýgt og tveir rannsóknardómarar væru skipaðir til þess að rannsaka sama glæpinn samtímis. Ef nefnd verður skipuð, þá getur svo farið, að báðar nefndirnar stefni sama manninum fyrir sig sama daginn og heimti af honum sömu upplýsingar. En hvað er það, sem nefndin á að rannsaka? Á hún að rannsaka bankamálið að nýju? Tillagan þegir alveg um þetta atriði. Eins og nú standa sakir, er ekkert vit í að setja nefnd í málið. Eg legg til, að það sé tekið út af dagskrá.

Jón Þorkelsson: Þótt nefnd hafi verið skipuð í Ed., þá er það engin ástæða til þess, að Nd. skipi ekki nefnd til þess að rannsaka líka þetta mál. Fjárlaganefndir eru líka oftskipaðar í báðum deildum á sama tíma. Nefndirnar geta unnið samtímis og undirbúið málið í félagi sín á milli. Það horfir einungis til þess að fá málið betur rannsakað, að Nd. skipi einnig nefnd í það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er undarlegt skilningsleysi, sem hér kemur fram. Hér blandar 1. þm. Rvk. (J. Þ.) saman almennum nefndum og nefnd, sem skipuð er samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar. (*Jón Þorkelsson:* Er nokkuð á móti því, að báðar nefndirnar rannsaki sama mál?). Nefndirnar geta tafið hvor aðra, og það er þó varla tilgangurinn.

Flutningsm. (Hálfdan Guðjónsson): Eg ætla að eins að segja nokkur orð út af ummælum 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Hann taldi formgalla vera á tillögunni og sagði, að hún væri óákveðin og vildi láta taka hana út af dagskrá. En þó hann láti svo, sem hann skilji ekki, hver meiningin sé með nefndarskipuninni, þá veit hann, að hún á að rannsaka gerðir landstjórnarinnar í bankamálinu. Hvað hér er átt við með orðinu »landsbankamálið« mun áreiðanlega vera ljóst almenningi um land alt.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 15 : 4 atkv., og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.,

eftir hlutkesti milli hans og Þorleifs Jónssonar.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson valinn formaður, en Benedikt Sveinsson skrifari.

Skýrslur og nefndarálit á þgskj. 966 og 974 komu í þinglok.

Innsetning gæzlustjóra landsbankans.

TILLAGA til þingsályktunar um gæzlustjóra landsbankans (A. 43).
Ein umr. samþ. 24. febr.

Ein umr., 28. febr. (A. 43).

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg legg til, að málinu sé vísað til nefndarinnar í næsta máli

á undan (landsbankarannsóknarnefndarinnar).

Skúli Thoroddsen: Hæstvirti forseti! Flutningsmenn þessa máls óska, að það sé tekið út af dagskrá.

Forseti tók málð því næst út af dagskrá.

Ein umr., (frh.) 13. marz (A 43).

Forseti. Eg skal geta þess, að flutningsm. þessar tillögu hafa óskað þess, að það yrði tekið út af dagskrá í dag.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Sem einn flutningsmanna þingsályktunartillögu þessarar, vil eg leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu sé vísað til nefndarinnar, sem skipuð var til þess að rannsaka landsbankamálið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til nefndarinnar í landsbankamálinu með 15 samhljóða atkv.

Framh. einnar umr., 24. marz (A. 43, n. 242, 251).

Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eins og nefndarálitið ber með sér, heldur meiri hl. nefndarinnar því fram, að það beri að hlýða fógetaúrskurði þeim, sem setti gæzlustjórana inn í starf sitt við landsbankann, meðan enginn úrskurður æðri dómsvalds á málinu breytir honum. Nú er þess að gæta, að með úrskurði þeim frá 4. jan. 1910, sem setur gæzlustjórana inn í landsbankann, sem löglega gæzlustjóra, heldur fógeti því fram, að afsetningin hafi ekki verið fullnaðarafsetning, en að eins bráðabirgðaráðstöfun, sem að sjálfsögðu félli úr gildi, um leið og nýju bankalögin gengu í gildi 1. jan. 1910. Landsbankinn lét sér nú ekki lynda þennan úrskurð, heldur áfrýjaði honum til landsyfirréttar, en yfirdómurinn staðfesti úrskurð fógeta.

Málaflutningsm. ráðherra hefir haldið því fram, hvað eftir annað í þessu máli, að frávikningin væri til fullnaðar, en alls ekki um stundarsakir. Af þessu varð eg dálítið hissa á því, að heyra fyrv. ráðh. (B. J.) um daginn í efri deild, þegar mál þetta var þar til umræðu, halda því fram, að frávikningin hefði ekki verið fyrir fult og alt, meðal annars væri það skýrt tekið fram í afsetningarskjalinu. Mér þykir þetta dálítið undarlegt, sagði eg, einkum af því, að háttv. fyrv. ráðh. (B. J.) hlýtur að vita það, að það sem málaflutningsmaður aðila heldur fram eða viðurkennir fyrir rétti, það er bindandi fyrir málsaðilann, sem hann er fyrir, enda hefir fyrv. ráðh. (B. J.) svo að orði kveðið í umboðsskjali sínu til málflytjanda síns, að alt sem hann segir og gerir í málinu, skuli vera svo gilt og bindandi, sem umbjóðandi hefði það sjálfur sagt og gert. Það er því sama sem háttv. fyrv. ráðherra (B. J.) hafi sjálfur lýst yfir því fyrir dóminum, að frávikningin væri fyrir fult og alt. Og á þessu hefir yfirdómur því bygt, því að þar kom þessi viðurkenning fram, og er það samkvæmt fastri «processuel» reglu.

Fógetaúrskurðir, slíkir sem þessir, eru þess eðlis, að þeim ber að hlýða, þangað til æðri dómur hefir felt þá. Nú ber þess að gæta, að landsyfirdómurinn *staðfesti* í einu hljóði fógetaúrskurðinn, eins sá dómarinn, er hæstv. ráðherra (B. J.) hafði tilnefnt í dóminn. Því að þess er vert að minnast, að *hann*, málsaðilinn, skipaði *sjálfur* setudómara í yfirrétt. Úrskurðinum ber því að hlýða, og þannig lítur meiri hluti nefndarinnar á. Landsbankastjórnin hefir nú aftur á móti neitað að kannast við þann gæzlustjóra, sem inn er settur, sem löglegan gæzlustjóra. En þótt að eins annar gæzlustjórinn leitaði fógetaúrskurðar, þá er það vafalaust, að sama rétt eiga báðir að lögum, því

þessi deild hefir sama rétt um sinn gæzlustjóra, sem Ed. um sinn.

Aðferðir landsbankastjórnarinnar og ráðherra hafa því ekki verið til annars gerðar, en til að reyna að villa mönnum sjónir um þetta mál, því réttur þingsins er óhagganlegur.

Þá skal eg minnast lítið eitt á sakir þær, sem rannsóknarnefndin ber fram, og sem réttlæta á frávikninguna.

Nú stendur raunar þetta mál þannig af sér, að landsstjórnin hafði engar sakir á gæzlustjórana, þegar þeim var vikið frá 22. nóv. 1909, því þá hafði rannsóknarnefndin ekki lokið störfum. En þótt einhverjar hefðu verið, þá heimilaði það á engan hátt umboðsvaldinu að gera það, sem ekki er heimilt að lögum.

Eg minnist þess, að rétt eftir nýjárið 1910, var þess getið í Ísafold, — er talað var í blaðinu um ofstæki það og yfirgang, sem gæzlustjórinn Kristján Jónsson sýndi með því að leita til dómstólanna til að ná rétti sínum — að þá væri þó munur á aðferð hins gæzlustjórans, Eiríks Briems, sem að sjálfsögðu mundi leita réttar síns á alþingi, því að *það væri hið rétta »forum«* fyrir þetta mál. *Þá* áleit stjórnarblaðið, að þingið væri hið rétta »*forum*«, en nú á þingið engan rétt að hafa — *nú* eru það *dómstólarnir*! — Nei, gæzlustjórarnir verða auðvitað að bera ábyrgð fyrir sínum umbjóðanda, og umbjóðendur þeirra eru þingdeildirnar, hvor um sig, og þennan rétt getur þingið ekki gefið eftir.

Minni hluti nefndarinnar vill láta þetta mál bíða, þangað til nefnd sú, er skipuð hefir verið hér í deildinni, til að rannsaka bankamálið, hefir lokið störfum sínum, en slíkt er ástæðulaust með öllu, því sú nefnd mun á sínum tíma koma fram með álit sitt, og ef svo skyldi þá fram koma, að eitthvað vítavert fyndist hjá gæzlustjórunum, þá hagar þingið sér auðvitað eftir því, — en eins og málið nú liggur fyrir, verður þingið að halda í heiðri þeim rétti, sem það hefir, og landsstjórnin hefir með ólögum traðkað.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, eg hefi reynt að forðast að tendra í því gasi, sem mér virðist liggja hér í loftinu — þó ekki meini eg þar með gaslampana, sem hanga hér niður úr loftinu — og vonast eg einnig til, að aðrir ræðumenn, sem kynnu að tala í þessu máli, gæti allrar rósemi og stillingar.

Björn Jónsson: Eg þarf ekki að vera langorður að þessu sinni, því eg hefi gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls í Ed., þegar það var þar til umræðu. Þó vil eg taka fram tvö atriði. Fyrst það, hvort stjórnin hafi haft leyfi til þess lögum samkvæmt að vikja gæzlustjórunum frá 22. nóv. 1909. Það held eg í rauninni enginn efist um, að lagaheimild hafi verið til, — en svo segja þeir herrar, mótstöðumennirnir, að sú afsetning hafi ekki getað staðið lengur en til 1. janúar 1910, er hin nýju bankalög gengu í gildi. — En tökum nú til dæmis, að gæzlustjórunum hefði verið snarað í gæzluvarðhald eða þeir dæmdir í margra ára hegningarvinnu, það er að eins *hugsað* dæmi. Hefði þá átt að taka þá úr hegningarhúsinu aftur, þegar hin nýju lög gengu í gildi og setja þá inn í bankann aftur sem gæzlustjóra? Eg held að slíkt gæti ekki komið til mála. — Þingið getur að eins á þessu stigi málsins látið í ljósi annaðhvort velþóknun sína eða vanþóknun á þessari stjórnarráðstöfun, meira getur það ekki gert.

Framsögumaður vildi halda því fram, að frávikning stjórnarinnar hefði verið fyrir fult og alt, en þar til er því að svara, að í sjálfu frávikningarskjalinu er vitnað í þá grein í bankalögunum frá 1885, sem tilnefnir að eins frávikningu

um stundarsakir, það var ekki fyr en síðar, sem stjórnin úrskurðaði, að frávikningin skyldi einnig gilda eftir 1. janúar 1910 um ótiltekinn tíma. Að stjórnin hafi ekki haft neina ástæðu fyrir sér, er hún úrskurðaði frávikninguna 22. nóv., er alls ekki rétt. Stjórnin sá altaf þegar hún vildi bækur rannsóknarnefndarinnar, enda hafði hún þá lokið þeim störfum, en átti að eins eftir að orða nefndarálitið, og nefndin fann engar stórsakir eftir 22. nóv. Eg álít það ekki rétt, að þingið kveði upp dóm í þessu máli, fyr en rannsókn hefir fram farið, en að málinu rannsökuðu er það að sjálfsögðu skylda þingsins að segja sitt álit um málið.

Hinn nýi ráðherra (Kr. J.) telur sjálfsagt, að gæzlustjóri Nd. verði settur inn og er þá hlægilegt að skora á hann að gera það. Hin virðulega þingdeild mundi misbjóða virðingu sinni með slíkri áskorun, þar sem hinn nýi ráðherra telur innsetninguna ekki einungis löglega, heldur jafnvel sjálfsagt skylduverk stjórnarinnar og íhlutun deildarinnar því allsendis þarflausa.

Virðul. framsögum. meiri hl. (J. Ó.) talaði eitthvað í þá átt, að stjórnin hefði ekki fremur haft heimild til þess að víkja gæzlustjórunum frá, en forseta þessarar deildar. Allir hljóta að sjá, hver fjarstæða þetta er. Stjórnin hefir eftirlitsvald með gæzlustjórunum, en ekki með forseta og það gerir greinarmuninn. Þessi samanburður er því með öllu villandi og blekkjandi.

Eg get sagt mína skoðun um þetta mál í fám orðum. Virðuleg deild getur að rannsökuðu máli kveðið upp þann úrskurð, að frávikningin hafi verið ástæðulaus og samkvæmt því skorað á stjórnina að setja gæzlustjórann inn aftur. Deildin getur einnig látið hjá líða að koma fram með slíka áskorun, ef henni virðist rannsókn benda til þess, að embættisræksla gæzlustjórans hafi ekki verið vítalaus.

Þótt virðul. framsögum. meiri hl. (J. Ó.) staðhæfði, að sú skoðun eða skilningur á máli, sem málaflutningsmaður lýsti yfir fyrir rétti, væri skuldbindandi fyrir málsaðila, þá munu snjallari lagamenn en hann er, líta öðru vísi á það mál. Mér er ókunnugt, hvernig á því stendur, að málaflutningsmaður stjórnarinnar lét þá *skoðun* í ljósi, sem hér ræðir um, enda get eg ekki séð, að það snerti á neinn hátt málið eða geti ráðið úrslitum þess.

Ráðherrann (Kr. J.): Nokkur orð hins háttv. þm. Barð. (B. J.) knýja mig til þess að taka til máls, þótt eg hafi eigi annars ætlað mér það. Hann sagði, að eg væri alráðinn í að setja gæzlustjóra neðri deildar inn, það væri fullráðin stjórnarathöfn af minni hendi. Þetta er rangt. Stjórnarráðið hefir enga ákvörðun tekið í þessu máli. Eg hefi litið svo á, að sjálfsagt væri að bíða eftir úrskurði þessarar háttv. deildar, það er hennar að segja, hver er löglegur gæzlustjóri og hver ekki. Þingið á einkadóm á því máli, hver er þjónn þess og hver ekki. Allir aðrir dómar um það mál eru þýðingarlausir. Eg skal ekki minnast á einstök atriði, þótt ræða háttv. þm. Barð. (B. J.) gæfi tilefni til þess. Eg býst við, að bæði hv. framsögum. og aðrir muni koma fram með allar nauðsynlegar upplýsingar og deildin svo kveða upp dóm sinn, eins og hún á að gera, stjórnarvöldunum til leiðbeiningar.

Skúli Thoroddsen: Afstaða mín til þessa máls er þannig, að þegar fyrv. ráðh. (B. J.) skipaði rannsóknarnefndina í bankamálinu, þá var eg því ekki mótfallinn, þó að mér þætti aðferðin óhyggileg. Eg leit svo á, að það hefði verið

heppilegast bæði fyrir bankann og viðskiftamenn hans, að ráðherra hefði í kyrþey leitað sér upplýsinga um hag bankans. Þegar svo að því kom, að gæzlustjórunum var vikið frá 22. nóv. 1909, þá leit eg svo á, sem hér væri beitt aðferð, er væri alt of hörð gagnvart gæzlustjórunum, þar sem allir hlutu að játa, að aðalábyrgðin hvíldi ekki á þeim, heldur á framkvæmdarstjóra. Eg leit ennfremur svo á, að frávikningin gæti að eins verið um stundarsakir samkvæmt bankalöguuum frá 1885, og gerði eg ráð fyrir í blaði mínu, að hún mundi verða upphafin 1. jan. 1910, sérstaklega þar sem bankalögin frá 1909 að minni hyggju ekki heimila frávikning gæzlustjóranna. Þar er kveðið svo á beinum orðum, að vikja megi framkvæmdarstjóra frá, en þess er eigi getið um gæzlustjórana og er því hér að ræða um sönnun »e contrario« fyrir því, að gæzlustjórunum megi ekki vikja frá. Eg áleit því, að rétti gæzlustjóranna hefði verið traðkað og þótt þeim hefði orðið eitthvað á í starfsemi þeirra við bankann, þá hefði stjórnina brostið lagaheimild til þess að láta frávikninguna gilda lengur en til ársloka 1909. Eg hafði því þá skoðun í þingbyrjun, að réttast væri að útkljá þetta ófriðarmál, sem hefir valdið svo miklum óróa um land alt, með því að setja gæzlustjórana inn.

Háttv. fyrv. ráðh. (B. J.) hefir og látið í ljósi í efri deild, að ástæðan til frávikningarinnar hafi aðallega verið sú, að gæzlustjórarnir hafi verið til tálma fyrir starf rannsóknarnefndarinnar, en sú ástæða féll burt á sömu stund, sem nefndin hafði lokið störfum sínum. Eg hygg, að það hafi verið hiti sá og æsingur, er mál þetta hafði vakið, sem olli því, að frávikningin var ekki hafin þá.

Slík var þá mín skoðun í þingbyrjun, að rétti gæzlustjóranna hefði verið traðkað og að sjálfsagt væri að rétta hlut þeirra. En nú get eg ekki betur séð, en að margt hafi breytst síðan. Þegar eg kom fram með þingsályktunartillögu þá, sem hér liggur fyrir, vakti það talsverða óánægju og mér var borið ýmislegt á brýn. Svo var rannsóknarnefndin skipuð og var þá ekki nema eðlilegt, að beðið væri þangað til hún hefði lokið störfum sínum.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að þegar eg var tilvonandi ráðherra bar á góma um þetta og varð eg þess var, að ýmsir vildu, að úrslit þessa máls biðu, þangað til hæstaréttardómur væri fallinn. Eg svaraði því svo, að sjálfsagt væri að fullnægja þingsályktunartillögu efri deildar og ef eg hefði orðið ráðherra, þá hefði eg sett gæzlustjórana inn. En eg verð að taka undir með háttv. þm. Barð. (B. J.), að nú horfir alt öðru vísi við. Þá var gæzlustjórunum varnað af stjórninni að taka sæti í bankanum og gegna þar störfum sínum, en núverandi ráðherra álítur það skyldu stjórnarinnar að setja þá inn. Og hvers vegna ættu menn þá að skora á stjórnina að framkvæma það, sem hún sjálf telur skyldu sína. Áður en ráðherraskiftin urðu, gat slík áskorun verið til þess að hjálpa þessum mönnum til þess að ná rétti sínum, en nú er hún ekki til neins annars en að útvega heimastjórnarmönnum efni til þess að skrifa um fyrir fólkið. Áður var um réttlætisverk að ræða, en þetta er ekki annað en pólitiskur leikur á borði. Eitt hið fyrsta embættisverk núv. ráðh. (Kr. J.) var að skipa landsbankanum að veita þegar í stað viðtöku gæzlustjóra efri deildar! Það er furðulegt, úr því að hann mundi svo vel eftir sjálfum sér, að hann skyldi ekki muna eftir embættisbróður sínum um leið, en sjálfsagt er það ekki annað en gleymska, sem hann er viss með að bæta úr nú,

þegar hann er mintur á það. En sé svo, að þingsályktunartillagan eigi að veita gæzlustjóra Nd. uppreisn, þá verð eg að segja, að Ed. hefir þegar veitt *báðum* gæzlustjórunum uppreisn. Og ekki eingöngu Ed. hefir gert það, heldur einnig konungur, þar sem hann hefir gert annan gæzlustjórann að ráðherra, og þar með dregið stórt stryk yfir alt, sem þeim var gefið til saka. Hvernig geta þessir menn fengið fullkomnari uppreisn? Nd. hefir sannarlega engu hér við að bæta, enda má óhætt fullyrða um annan gæzlustjórann að minsta kosti, að hann muni meta meira uppreisn frá konungi en frá alþingi. Hann hefir sýnt, að honum er ekki svo ant um vilja þingsins.

Enn er þess að geta, að rannóknarnefndin hefir enn ekki lokið störfum sínum. Hvers vegna á þá að flýta þessu máli svo mjög? Raunar sagði háttv. framsm. (J. Ól.), að ef rannsóknarnefndin fyndi eitthvað athugavert við embættisrækslu gæzlustjórans, þá væri hægt að koma fram með það seinna. En þá aðferð tel eg mjög kynlega, og hefir mér því hugsast, að réttast væri að afgreiða málið með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

»Með því að nefnd sú, er neðri deild alþingis skipaði til þess að rannsaka landsbankamálið hefir enn ekki lokið störfum sínum, og ekki sízt þar sem máli þessu víkur nú eftir ráðherraskiftin alt öðru vísi við, en þegar þingsályktunartillagan var borin fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.«

Í mínum augum mælir það aðallega móti þingsályktunartillögunni, að málið horfir nú alt öðru vísi við en í þingbyrjun. Það sem áður var þarft og sjálfsagt réttlætisverk er nú ekkert annað en »númer« handa heimastjórnarritstjórunum. Eg tek það enn fram, að það er þessi breytta »situation«, sem stjórnar framkomu minni; eg tel sjálfsagt, að ráðherra setji gæzlustjórann inn og þó að hann segði, að stjórnin hefði ekkert afráðið um það, þá vitum við allir hug hans í því máli. (*Ráðherrann (Kr. J.:* Eg sagði stjórnarráðið!) Eg veit ekki betur en að ráðherra sé húsbóndi stjórnarráðsins og að því sé skylt að framkvæma skipanir hans. En þar sem ráðherrann sagði, að neðri deild væri einkadómari í þessu máli, þá er það rangt; stjórnin veik gæzlustjórunum frá, og hún getur því einnig hafið frávikninguna. Yfir höfuð er engan greinarmun hægt að gera milli gæzlustjóranna. Þeim var báðum gefið það sama að sök, og úr því að annar þeirra hefir verið settur inn, þá er sjálfsagt að setja hinn inn líka.

Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér var sagt það fyrir nokkrum dögum, mig minnir kveldið eftir að samþykt var rökstudd dagskrá í vantrauststillögunnar stað, að hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), meðflutningsmaður með mér að tillögu þeirri, sem nú er til umr., væri að kúfvenda í málinu, og er það nú komið á daginn, þótt eg tryði því ekki þá. Nú hefir hann komið með rökstudda dagskrá í stað tillögu okkar. Eg get ekki neitað því, að mér þykja röksemdir hans undarlegar. Eg verð að halda því fram, að það sé réttur og skylda deildarinnar að segja það, sem hún álítur rétt að gera, hvað sem ráðherra kann að segja. Hinn háttv. þm. (Sk. Th.) talaði svo, sem hann liti á rétt gæzlustjóranna, en vér verðum og að líta á rétt þingdeildarinnar. Eins og hún hefir kosið gæzlustjórann, hefir hún einnig rétt til að setja hann inn. Reyndar skoraði háttv. þm. á ráðherra að setja inn gæzlustjórann, og hefir hann

með því siðferðislega greitt atkv. með tillögu vorri, og gleður það mig, að hann er oss samdóma í aðalefninu; þetta er að eins formsatriði hjá honum.

Eitt var ekki rétt hermt hjá háttv. þm. (Sk. Th.), en það var það, að málið hafi verið tekið út af dagskrá til þess að bíða þess að bankanefndin hefði lokið störfum sínum. Till. var tekin út af dagskrá, til þess að vér gætum hlustað á umr. í Ed., sem átt að vera daginn eftir. Þegar nú aftur kom áskorun um að taka till. út af dagskrá, lögðum vér til að vísa henni til bankanefndarinnar, en héldum því aldrei fram, að hún ætti að bíða þangað til nefndin hefði lokið öllum störfum sínum. Nefndin hefir lokið við einstök atriði í rannsókn sinni, og mun láta þau koma fram smám saman. En hún mun vart fá lokið öllu, fyr en í þinglok, og varla þá, einkanlega þar sem þrjózkast hefir verið við að láta nefndinni í té gerðabók rannsóknarnefndarinnar, þangað til fyrir 2—3 dögum. Svo sést nú og á gerðabókinni, að haldnar hafa verið 2, ef ekki fleiri gerðabækur, sem nefndin hefir ekki fengið, auk ýmsra annara skjala. Og í þessari gerðabók, sem enn er haldið leyndri, eru skráðir miklu fleiri fundir nefndarinnar, en í hinni, sem fengist hefir sýnd, og það einmitt þeir fundirnir, sem mest (eða nálega alt) á ríður. Þessar tálmanir tefja mjög störf nefndarinnar. Eg veit ekki, hvort eg hefi haft rétt eftir fyrv. ráðh. (B. J.), og bið hann leiðrétta mig, ef svo er ekki.

Mér skildist hann láta í ljósi þá skoðun, að málflytjandi fyrir yfirrétti hefði ekki haldið fram, að afsetningin væri til fullnaðar, heldur um stundarsakir. Ef eg hefi tekið rétt eftir orðum hans, virðist mér minni hans vera farið að ryðga. Því til sönnunar skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr stjórnarblaðinu, sem þá var, 26. tbl. 1910. Þar stendur:

»Gert hafði verið ráð fyrir í málfærslunni við fógetarétt og yfirdóm, að landsstjórninni hlyti að vera heimilt að víkja gæzlustjórunum frá, ekki að eins um stundarsakir, heldur til fullnaðar. Það notar yfirdómur til að staðhæfa, að frávikningin 22. nóv. sé fullnaðar frávikning, þótt ekki sé til um það nokkur stafur frá stjórnarinnar hendi, og orðin »um stundarsakir« geti vel merkt marga mánuði, ef svo stendur á«.

Þetta stendur á 1. síðu, en svo hefir blaðið leiðrétt sig á 3. síðu og segir:

»Vér höfum eftir að búið var að prenta fyrstu greinina í blaðinu fengið upplýsingar um, að umboðsmaður áfrýjanda hefir í málsskjali fyrir yfirdómi talið frávikning gæzlustjóranna $^{22}/_{11}$ fullnaðarfrávikning. Þessa er getið til leiðréttingar«.

Nú skal eg benda á, hvað landsyfirréttardómurinn segir sjálfur um kröfu stjórnarinnar:

»Þá er það enn varakrafa af hálfu áfrýjendanna, að úrskurðurinn verði ónýttur og algerlega úr gildi feldur, sökum þess að hann sé rangur og ólöglegur að efninu til. Er því í þessu efni haldið fram, að þar sem gert sé ráð fyrir því í úrskurðinum, og hann byggður á því, að stefndi hafi þá enn verið gæzlustjóri landsbankans, þá sé þetta lögleysa, með því að stefnda hafi verið vikið frá gæzlustjórastarfinu *til fullnaðar* með stjórnarráðstöfunni 22. nóv. f. á., og heimild fyrir þessari frávikningu sé í 20. gr. bankalaganna 1885; það sjáist af þessari grein, samanborinni við 4. gr. í auglýsingu um verksvið landshöfðingja 22. febrúar 1875, að ákvæðið í bankalögunum sé ekki annað en upptekning hinnar almennu reglu í auglýsingunni um vald landshöfðingja til að víkja frá um stundarsakir öllum embættismönnum á Íslandi, en öllum hinum sömu

embættismönnum og starfsmönnum, að fráskildum nokkrum dómurum, hafi ráðherrann, sem ber alla ábyrgð á stjórnarathöfninni, vald til að víkja frá til fullnaðar, og séu gæzlustjórar landsbankans einnig háðir þeirri meginreglu. Þá er það og tekið fram, þessum málsstað til stuðnings, að eftir hlutarins eðli hljóti landsstjórnin að reka ýms erindi fyrir hönd alþingis, þegar nauðsyn krefur milli þinga, einnig í þeim málum, sem beint heyra undir úrlausn þingsins, svo sem að skipa til bráðabirgða gæzlustjóra landsbankans«.

Þetta er krafa stjórnarinnar, er hún fer fram á, að fógetaúrskurðurinn verði ónýttur. Svo vitnar málflutningsmaður ennfremur í heimild í bankalögunum fyrir frávikningunni, en landsyfirdómur segir:

»Með því að landstjórnina samkvæmt þessu brast heimild til frávikningar stefnda frá gæzlustjórastarfinu að fullu og öllu . . . verður stjórnarráðstöfunin 22. nóv. f. á., er stefnda var algerlega vikið frá gæzlustjórastarfi við landsbankann, eigi álitin lögum samkvæm, og gat hún því eigi svift stefnda rétti hans sem gæzlustjóra samkvæmt kosningu alþingis«.

Um þetta er dómurinn kveðinn upp, og þetta er það, sem krafa stjórnarinnar miðar að.

Eg skal ekki fara langt út í ræðu fyrv. ráðherra. Hún var mjög hófleg, og í rauninni ekki svo ýkjamikið, sem okkur ber á milli. Hann spyr að því, hvort ekki hafi verið *ástæður* til að víkja gæzlustjórunum frá, en vér spyrjum, hvort *heimild* hafi verið til þess. Þetta er dómsmál og *er* dæmt, og þingið er bært að neyta réttar síns.

Eg vona, að deildin sýni þessum gæzlustjóra ekki minna traust, en Ed. sýndi sínum gæzlustjóra, eða lítilsviði hann í nokkuru, og vona eg, að engum blandist hugur um það, að sýna honum þann sóma að samþykkja fremur tillöguna en hina rökstuddu dagskrá, þar sem þjóðkunnugt er, að ekki getur vandaðra mann en hann.

Björn Jónsson: Hv. rh. (Kr. J.) hélt því fram, að spurning sú, sem lögð hafi verið fyrir Ed., sú hin sama, sem nú er hér fram borin, hafi verið og sé sú, hver gæzlustjórn sé lögleg, hvort sú fráfarna eða sú, sem nú er. En eg mótmæli því, að það sé þessi spurning, sem lögð sé fyrir þingið. Þingið getur að eins kosið gæzlustjóra. Það getur ekki úrskurðað, hvort gæzlustjórn sé lögleg eða ekki. Það er dómsmál. Jafnharðan sem þingið hefir kosið gæzlustjórana, og þeir hafa tekið til starfa, er lokið afskiftum þess af því máli. Þeir verða upp frá því að hlíta eftirliti landstjórnarinnar, svo sem aðrir sýslunarmenn landsins, og þingið hefir þá ekkert yfir þeim að segja. Það getur nú rætt mál þetta, látið í ljósi álit sitt um það, en það getur ekki sett gæzlustjórana inn. Það getur að eins kosið menn í gæzlustjórn eftirleiðis, en frekara ekki.

Eg skal skjóta því inn, áður en eg gleymi því, að það er ranghermi hjá virðul. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að stjórnin hafi óhlýðnast fógetaúrskurðinum frá 6. jan. 1910. Hann heimilaði gæzlustjóranum að eins aðgang að húsum, bókum og skjölum bankans; hefir því alla tíð verið hlýtt.

Þessi þræta við virðul. 2. þm. S.-Múl. um, hvað eg hafi skuldbundið mig til fyrir rétti breytist ekki né fellur við skýringu hans. Ógerla man eg, hvað staðið hefir í því blaði, sem hann kallar stjórnarblað, enda kemur það ekki mér við; það er á ábyrgð ábyrgðarmannsins og eg hefi engu um það ráðið. Lagaheimild er fyrir því í bankalögunum 25. sept. 1885, að víkja megi gæzlu-

stjórunum frá um stundarsakir, og er nóg að vísa í það. Þetta »um stundar sakir« er ekki ákveðinn tími; tímalengdin hlýtur að fara eftir atvikum. Aðalástæðan fyrir frávikningunni var það efnalega tjón, sem gæzlustjórnin bakaði bankanum, og drátturinn, sem á því varð að setja þá inn aftur, stafaði af háskanum, sem yfir bankanum vofði, ef stjórnin hefði gert það. Það er glögt tekið fram í svörum bankastjórnarinnar, sem nú er, hversu iskyggilegar og óviðráðanlega háskalegar afleiðingar það hefði haft um viðskifti bankans erlendis, ef stjórnin hefði gert það.

Virðul. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þótti of hart í sakir farið við gæzlustjórana. Má vera, að honum og mörgum öðrum þyki það. En þetta bíður nú úrskurðar hæstaréttar. Honum fórust svo orð, að þessi ráðstöfun stjórnarinnar, að skipa rannsóknarnefnd, hafi verið óholl bankanum út á við. En þar blandar hann saman stjórninni og áliti bankans út á við. Það var ekki tilgangur stjórnarinnar að gera þann hvell út úr þessu, sem aðrir gerðu. Ef stjórnin hefði verið látin í friði, mundi aldrei hafa borið á neinu. Stjórnin gerði skyldu sína og ætlaðist til að fá að gera hana í friði og kyrð, þótt svo færi ekki.

Þótt svo væri, að gæzlustjórana bæri að álíta óafsetjanlega eftir 1. jan. 1910, þá er öðru máli að gegna um það, ef þeir hafa verið settir af fyrir þann tíma. Þetta er dómsmál og nú fyrir hæsta rétti.

Eg tek það upp aftur, að þingið hefir í þessu máli vald til þess eins, að lýsa velþóknun eða vanþóknun á gerðum stjórnarinnar. Ef það lýsir velþóknun á þeim í þessu máli, er það hið sama sem að segja þær nauðsynlegar til þess að aftra því, að bankinn sykki dýpra og dýpra í það fen og forað, sem hann var í kominn, að kunnugra manna dómi, þegar frávikningin fór fram.

Frsm. minni hl. (Bened. Sveinsson): Mér þykir hlýða að fara nokkrum orðum um álit minni hluta nefndarinnar. Raunar eru skoðanir þess hlutans settar fram á þgskj. 251, svo að eg get verið stuttorður, því fremur sem margt hefir áður verið tekið fram, bæði af virðulegum þm. Barð. (B. J.). og þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þótt eg sé þeim ekki samdóma í öllu.

Þegar tillögunni var vísað til bankanefndarinnar, var það skoðun sumra nefndarmanna, eða eins þeirra að minsta kosti, að nefndin ætti að taka till. til meðferðar í sambandi við rannsókn á bankamálinu í heild sinni og leggja fram álit sitt um það í einu lagi. Nú greinir þingmenn á um þetta. Telur framsögum. meiri hlutans tillöguna hafa verið tekna út af dagskrá vegna umræðna um samskonar till. í Ed.

En nú var till. tvisvar tekin út af dagskrá og síðan vísað til bankanefndarinnar, og virðist það benda til þess, að nefndin skyldi rannsaka, hverjar verulegar ástæður lægju til grundvallar fyrir gildi tillögunnar, en þær geta ekki komið í ljós, fyr en nefndin hefir lokið störfum sínum, eða að minsta kosti gert eitthvað meira en ennþá er orðið. Nefndin er skamt á veg komin í störfum sínum og lítur því minni hluti hennar svo á, að ekki sé tími til kominn enn að taka till. fyrir; er það ein af ástæðum okkar til þess að við viljum láta vísa till. til nefndarinnar aftur.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans (J. Ól.) kendi gömlu rannsóknarnefndinni það, að störfum þessarar nefndar væri svo skamt komið, en ekki er það réttmætt. Að vísu var þref nokkurt við einn nefndarmanninn úr rannsóknarnefndinni um afhending gerðabókar,

en það stafaði af því, að hún var geymd í innsigluðum pakka og þurfti leyfis formanns nefndarinnar til að opna hann. Varð því að bíða samþykkis hans, en það tók tíma, því að hann er búsettur í Vestmannaeyjum. Eg tel vafalaust, að nefndin mundi hafa getað haft nægilegt að gera þennan tíma, því að landsbankinn hefir jafnan staðið henni opinn og hún getað snúið sér til hans hvenær sem hún hefði viljað fara þangað.

En hvað viðvíkur hinni formlegu hlið málsins, þá er eg einnig annarar skoðunar en meiri hluti nefndarinnar. Minni hluti nefndarinnar er þar á sama máli og háttv. þm. Barð. (B. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Allir eru samdóma um það, að stjórnin hafi haft lagalegan rétt til þess að víkja gæzlustjórunum frá fyrir 1. jan. 1910. Um hitt er þrætt, hvort ráðherra hafi haft vald til þess eftir þann tíma, þegar ný lög voru komin í gildi. Eg hefi þá skoðun, að ráðherra geti vikið gæzlustjórunum frá; þeir eru opinberir starfsmenn, sem eru háðir eftirliti landsstjórnarinnar og eftir stjórnarskránni getur stjórnin vikið öllum frá nema dómurum, en þeim getur hún ekki við frá nema eftir dómi. Sumir hafa talað um, að stjórnin hafi ekki haft þetta vald, nema gæzlustjórarnir hefðu orðið uppvísir að glæpum, en þó hér sé ekki um slíkt að ræða, þá getur starfið verið rækt þannig, að nauðsyn beri til þess að víkja manninum frá því.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) líkti gæzlustjórunum við forseta þingdeildanna og spurði, hvort stjórnin mundi hafa leyfi til að víkja þeim frá milli þinga. En hér getur enginn samanburður átt sér stað. Því fyrst og fremst er störfum forsetanna alt öðru vísi háttað, en störfum gæzlustjóranna og svo taka þá varaforsetarnir við, ef hinir verða forfallaðir; en gæzlustjórarnir hafa dagleg störf á hendi við stofnun, sem er háð eftirliti landsstjórnarinnar. Hér kemur því enginn samanburður til greina.

Það hefir verið talað um, að stjórnin hafi verið skyldug að hlýða úrskurði fógeta og setja gæzlustjórana tafarlaust inn í embættið. Fógetaúrskurðurinn hljóðaði þannig, að Kristjáni háyfirdómara Jónssyni væri veittur aðgangur að húsi, bókum og skjölum bankans, og eftir því sem mér er frekast kunnugt, þá hefir þessu verið vendilega hlýtt. Annars er það mál nú fyrir dómstólunum, hvort það hafi verið löglegt, að víkja gæzlustjórunum frá eftir 1. jan. 1910, og er ekki útkljáð enn.

Eg verð að taka í sama strenginn og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að mál þetta horfi alt öðruvísi við nú, heldur en þegar þessi þingsályktunartillaga kom fram fyrst hér í deildinni. Hin núverandi stjórn hefir alt aðra skoðun á þessu máli en hin fyrverandi stjórn hafði, og maður hefði getað búist við, að þessi stjórn, sem nú situr, hefði álitið það skyldu sína að setja gæzlustjórann inn í embætti sitt jafnskjótt og hún tók við. Og það er beinlínis hlægilegt, að vera að skora á stjórnina að gera það, sem hún álítur skyldu sína að gera og vill gera. Það er líkt og þegar eg og hv. þm. Dal. (B. J.) komum fyrir skömmu með þingsályktun um að skora á stjórnina að gefa út frímerki með mynd Jóns Sigurðssonar; en þegar við fengum að vita, að stjórnin hafði þegar gert ráðstafanir til þess að búa til frímerkin, þá tókum við tillöguna aftur. Líkt er hér ástatt. Nú er ný stjórn tekin við, sem telur það eitt rétt og löglegt, að gæzlustjórarnir taki sæti sitt í bankanum. Er því numin hér burt ástæðan fyrir þingsályktunartillögunni og þess vegna óskum við minni hluta nefndarmennirnir, að hún sé tekin aftur. En ef þingsályktunartillagan verður ekki

tekin aftur, þá munum við greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá, sem fram hefir komið.

Jóhannes Jóhannesson: Meiri hluti nefndarinnar kannast við, að ráðherra hafi haft »formellan« rétt til þess að víkja gæzlustjórunum frá um stundarsakir, er frávikningin fór fram.

Hins vegar hafa dómstólarnir íslenzku skorið svo úr eða bygt á því, að rangt hafi verið að meina þeim að hafa á hendi þann starfa sinn eftir 1. janúar 1910, en því dómsákvæði hefir ekki verið hlýtt. Gæzlustjóra efri deildar hefir að vísu verið veittur aðgangur að bókum og skjölum bankans, en aðrir menn en hinir þingkosnu gæzlustjórar hafa haft störf þeirra á hendi.

Með þessu hefir rétti og sóma þingsins og dómstólanna verið hnekt og því má ekki láta ómótmælt.

Á þessu bygggir meiri hluti nefndarinnar tillögur sínar í málinu. Að vísu hefir yfirréttardómum þeim, sem kveðnir hafa verið upp í þessu máli, verið skotið til hæstaréttar, en það »suspenderar« ekki gildi fógetagerðarinnar og því bar að hlýða henni. Og eg verð að segja, að það er mér með því ógeðfeldara, sem eg hefi verið vitni að, er foringjar sjálfstæðismannanna íslenzku fóru að skjóta yfirréttardómunum í þessum málum til hæstaréttar í von um, að danskir dómendur kynnu að geta fengið þeim geðfeldari skilning á íslenzkum lögum út úr danskri þýðingu á þeim.

Meiri hluti nefndarinnar lítur því svo á, að nauðsyn beri til, að þingsályktun sú, sem hér liggur fyrir verði samþykt, til þess að endurreisa virðinguna fyrir þinginu og dómstólunum.

Björn Jónsson: Eg veit ekki, hvort eg má tala í þriðja sinn, en þar sem eg er nokkurskonar sakborningur í þessu máli, þá vil eg þó fara þess á leit. *(Forseti:* Jú).

Eg vil þá leyfa mér að leiðrétta ýmislegt af því, sem framsm. meiri hl. (J. Ól.) sagði. Hann ákærði mig fyrir það, að nefndin hefði ekki fengið ýms plögg, sem bankarannsóknarnefndin hefir undir höndum, og eg hefði þar með tafið fyrir þingnefndinni. Það sem mér er kunnugt um þetta mál, er, að það var borið undir mig sem ráðherra, hvort afhenda skyldi gerðabók bankanefndarinnar, sem var forsigluð með innsigli formanns nefndarinnar, og úrskurðaði eg, að brjóta skyldi innsiglið og afhenda gerðabókina. Annað hefi eg ekki gert í þessu máli. Aðra bók, sem talað hefir verið um, svonefnda matsbók, þar sem ýmislegt stóð í, sem ekki mátti koma fyrir augu almennings, þekki eg ekki. Hygg það hafi ekki verið annað en minnisbók nefndarmanna, sem þeir hafi skrifað upp hjá sér til minnis fyrir þá sjálfa. Enda hefði það verið brot á þagnarskyldu þeirra gagnvart þeim mönnum, sem létu þeim í té ýmsar nauðsynlegar skýrslur og skýringar um viðskifti bankans. Engin önnur lögleg fundabók var til, en sú, sem þingnefndin hefir fengið í hendur.

Þá á stjórnin að hafa óhlýðnast fógetaúrskurðinum frá 6. jan. 1910. Það var formaður nefndarinnar, háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), sem kom með þetta. Eg hefði sízt búist við, að lagamaður mundi koma með annað eins og þetta. Hann veit, að úrskurðurinn hljóðaði þannig, að háyfirdómari Kristján Jónsson skyldi hafa aðgang að bókum og skjölum bankans, en það stendur hvergi, að hann skuli vera gæzlustjóri bankans; og þessum úrskurði hefir verið nákvæmlega hlýtt.

Þá á það að vera vítavert (*Jóh. Jóh.:* Eg sagði ógeðfelt), að skjóta þessum úrskurði til æzta dómstóls landsins, þó hann sé í öðru landi. Þetta er hlægilegt. Og þetta á að vera af þjóðræknu.

Nú hefir maður tapað hér fyrir rétti 100 þúsund kr. skuldakröfu og hann telur sér víst að vinna það mál, ef hann áfrýjar dómnum til æzta dómstóls landsins, en af því þessi dómstóll er í öðru landi, þá á hann nú að gera sér að góðu að missa þessar 100 þús. kr., heldur en skjóta málinu þangað. Það er heilvita mönnum ósamboðið að koma með aðra eins fjarstæðu og þetta.

Ráðherrann (Kr. J.): Út af hinni fyrri ræðu háttv. þm. Barð. (B. J.) skal eg enn taka það fram, að 22. nóv. 1909 sagði hann berum orðum við mig uppi í stjórnarráði, að afsetningin væri fyrir fult og alt. Út af þessum ummælum hans reit eg honum bréf, sem birt var í flestum blöðum landsins, og er það óræk ur vottur þess, að samtalið hefir átt sér stað. og á þann hátt, sem eg hefi nú frá skýrt.

Lögin segja það bert, að eftir 1. jan. 1910 séu tveir menn kosnir af alþingi gæzlustjórar við landsbankann; eg og Eiríkur Briem vorum þessir menn, því að við féllum beint undir ákvæði laganna, eins og þau eru skýr og óbrjáluð. Að tala um, að afsetningin hafi áhrif á ákvæði laganna og geti breytt þeim eða vikið þeim við, er fjarstæða og barnaskapur. Það hefði verið annað mál, ef gæzlustjórarnir, hinir þingkjörnu, hefðu verið í þeim kringumstæðum við byrjun ársins 1910, að þeir hefðu ekki verið hæfir til að taka við starfa sínum. Það var ráðgert að höfða sakamál gegn okkur, vitanlega til þess að réttlæta afsetninguna, en lengra komst það ekki, en til ráðagerðar; varð ekkert úr henni.

Eftir bankalögunum frá 1909 eru gæzlustjórarnir ekki embættismenn í eiginlegum skilningi. Þeir eru starfsmenn og trúnaðarmenn alþingis, og má setja þá á borð við endurskoðunarmenn landsreikninganna. Þess vegna eru þeir ekki á sama hátt sem embættismenn, undir eftirliti landsstjórnarinnar. Til þess þingdeildin haldi sóma sínum og virðingu, þá verður hún að sjá svo um, að sá gæzlustjóri, sem hún hefir kosið, fái að framkvæma starf sitt í bankanum.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) talaði um bækur rannsóknarnefndarinnar. Þessar bækur eru eign landsstjórnarinnar og annara ekki. Stjórnin hefir bygt á þeim úrskurð sinn. Það verður að heimta, að þær liggi í stjórnarráðinu og það verður sjálfsagt reynt að koma því í það horf, að þær verði þar eftirleiðis og býst eg við, að ráðstafanir verði gerðar í þá átt.

Þá hefir frámunalegur misskilningur komið fram á því, hvað feldist í fógetaúrskurðinum frá 4. janúar 1910. Fógetaúrskurðurinn er ekki að eins úrskurðurinn sjálfur, þ: niðurlag hans, heldur og líka forsendurnar, því í þeim er skýrt frá, hvað sé gildandi lög um þetta efni, og í forsendum úrskurðarins er það skýrt tekið fram, að maður sá, er þar er nefndur, sé löglegur gæzlustjóri við landsbankann, eftir kosningu alþingis, — og þá getur enginn annar verið það. Um þetta eru dómsúrskurðirnir alveg ljósir og ótvíræðir.

Björn Jónsson: Eg skal stuttlega drepa á, að þessu samtali, sem hæstv. ráðherra (Kr. J.) talaði um að hefði farið fram milli mín og hans uppi í stjórnarráði 22. nóv. 1910, man eg alls ekki eftir. Hver og einn hefir leyfi til að trúa þeim, sem hann vill, en eg minnist ekki, að eg hafi nokkurntíma talað þessi orð, sem hann hefir eftir mér.

Það er ranghermi, að eg hafi ætlað að höfða sakamál gegn bankastjórninni. Það er án minnar vitundar, hafi verið talað um slíkt.

Gæzlustjórarnir eru starfsmenn við

stofnun, sem landsstjórnin er skyld að hafa eftirlit með, og eru því ekki óafsetjanlegir, hvað sem þeir hafast að, og hvernig sem á stendur. Því þó því sé haldið fram, að þeir séu óafsetjanlegir, þá getur það ekki merkt það, að þeir séu löglegir, hvernig sem á stendur, því engir nema dómendur eru óafsetjanlegir eftir stjórnarskránni. Þingið hefir ekki framkvæmdarvald. Það hefir ályktunarvald, þannig að það getur skorað á stjórnina að gera hitt eða þetta.

Framsm. meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg ætla ekki að fara langt út í þetta mál að þessu sinni. Hinn háttv. framsm. minni hl. (B. Sv.) skýrði málið frá sinni hlið, og talaði mjög hógværlega. Þó ætla eg að leyfa mér að leiðrétta fáein af hans ummælum. Háttv. framsm. minni hl. talaði um það, að nefndin hefði brúkað nokkuð langan tíma, og ekki unnið af nægu kappi. En hún hefir unnið af miklu kappi. Haldið fundi á hverjum degi og unnið eftir föstu plani. Nefndarmenn hafa sjálfir sótt fundi reglulega, nema hvað háttv. framsm. minni hl. (B. Sv.) hefir gleymt að mæta á þrem fundum tvo daga í röð.

Því var haldið fram af háttv. þm. þm. Barð. (B. J.), að gæzlustjórarnir væri ekki starfsmenn þingsins, heldur landsins, og stæðu því undir stjórninni. En þetta er ekki rétt. Eftir bankalögunum nýju, eru þeir fulltrúar þingsins, settir af því til að hafa eftirlit með, hvernig bankanum er stýrt. Þeir eiga að skýra alþingi frá því, sem þeim þykir athugavert við bankann. Þetta starfssvið gæzlustjóranna sýnir, að þeir eru verkamenn þingsins en ekki landsstjórnarinnar.

Háttv. framsm. minni hl. (B. Sv.) hélt því fram, að landsstjórnin gæti tekið fram fyrir hendurnar á gæzlustjórunum, en það er ekki rétt, því þeir eru ekki hennar starfsmenn. (*Björn Jónsson:* Hvað sem þeir hafast að?) Ef þeir verða forfallaðir sakir glæpa, þá er það ekki landsstjórnin, sem ræður neinu um það.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) hélt því fram, að bankarannsóknarnefndin hefði ekki tafið fyrir gerðum nefndarinnar, en það er ofmælt. Það er langt síðan þessi nefnd var kosin, og þá skrifaði hún þegar bankanum og stjórnarráðinu, og bað um gerðabók rannsóknarnefndarinnar. En hún var í hvorugum staðnum. Fyrst fékk hún eina bók 23. þ. m. En hver segir, að það hafi ekki verið til nema ein gerðabók. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar á bls. 60 stendur:

»*Síðan 6. október 1909 hefir nefndin svo að segju daglega verið að störfum í landsbankanum við rannsókn sína, og og hafa skýrslur þær, er hún hefir tekið upp, verið innfærðar í* **sérstaka** *bók, og sýnir bók þessi, hvernig störfunum hefir verið varið og* **hvað gert hefir verið.**

Þess utan hefir hún daglega utan bankans unnið að rannsókn sinni og einstöku daga hefir það starf hennar tekið upp allan daginn, svo að hún hefir þá ekki verið til staðar í bankanum, **og sést einnig þetta af fyrnefndri bók**«.

Eðlilega lítum við því svo á, að enn sé haldið, að minsta kosti einni gerðabók leyndri, þar sem í þeirri, sem við höfum fengið, er alger eyða fyrir allan tímann frá 6. okt. til 8. nóv., en af skýrslu rannsóknarnefndar sést, að fundir hafa verið haldnir daglega. Það er því ekki ofmælt þó eg segi, að við höfum verið hindraðir í okkar störfum. Eg gef ekki háttv. fyrverandi ráðherra svo mjög sök á þessu, því eg lái honum ekki, þótt hann hafi ekki athugað þetta. En það er rannsóknarnefndin, sem er vítaverð. Hún var samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar skyldug til að veita okkur allar þær upplýsingar, sem hún gat í té látið. Þessi rannsóknarnefnd kostaði

landið 9000 kr., og ætti svo landið ekki að eiga gerðabækur hennar?

Því hefir verið haldið fram, að þessar gerðabækur hefðu að geyma trúnaðarmál. Þar væru um »status« manna manna staðhæfingar, sem ekki mættu fara út á meðal fólks. En ættu ekki nefndarmenn kosnir af alþingi að vera nógu trúverðugir til að þegja yfir slíku? Þingnefnd sú, sem rannsakar þetta mál, á *heimtingu* á því að fá í hendur *öll* plögg því viðvíkjandi.

Það hefir verið sagt, að matsbókinni væri betur borgið sem *privateign* en í höndum landsstjórnarinnar!! En hvernig fer, ef þessir menn deyja. Þá yrðu bækurnar ef til vill seldar á uppboði og kæmust fyrir allra augsýn.

Ætti til dæmis setudómari að hafa burt með sér allar þær embættisbækur, sem hann hefir skráð gerðir sínar í, og lýsa þær sína eign? Eða skyldu bréfabækur Vestmannaeyjasýslu geta skoðast privateign sýslumannsins þar. Það virðist mega vera öllum ljóst, að gerðabækur þær, sem hér um ræðir, *hljóta* að vera eign landsstjórnarinnar.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að þessu sinni.

Björn Jónsson: Að þessi gerðabók hafi verið afhent ekki fyr en fyrir nokkrum dögum, kemur mér mjög á óvart. Stjórnarráðið úrskurðaði þegar, að hún skyldi afhend hinni háttv. þingnefnd. Um hina, sem um er rætt, get eg ekki sagt. Annars hefir verið lögð áherzla á það, og það með réttu, að skuldamatið yrði ekki hljóðbært á fyrstu mánuðunum. Seinna gerði það minna til.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að gera fyrirspurn til hins háttv. forseta.

Eg greiði nauðugur atkvæði í þessu máli í dag. Eg vildi helzt, að það mætti bíða með þetta mál, þar til rannsókn í bankamálinu er lokið, og ef þá kemur ekki neitt nýtt fram og óvænt í þeirri rannsókn, þá mun eg greiða þingsályktartillögunni atkvæði. Eg vil því leyfa mér að spyrja hinn háttv. forseta, hvort rökstudd dagskrá hafi þá þýðingu, að ekki megi taka það mál aftur fyrir á þessu þingi.

Forseti: Rökstudda dagskrá verður tvímælalaust að skilja þannig, að sé hún samþykt, þá getur ekki það mál, sem hún hljóðar um, komið aftur fyrir deildina.

Verði því rökstudd dagskrá samþykt, þá er því máli, sem hér um ræðir, algerlega vikið frá á þann hátt og getur því ekki komið aftur til atkvæðagreiðslu í þinginu.

Framsögumaður meiri hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg vil leyfa mér að koma fram með dálitla athugasemd.

Háttv. framsögum. minni hl. (B. Sv.) talaði um, að nefndin mundi leggja málið fram, undir eins og rannsókninni væri lokið. En að rannsaka annað eins mál og þetta er ekki hægt á einu þingi, að minsta kosti ekki til hlítar. Nefndin mun því leggja fram hvern kafla, þegar honum er lokið og reyna að skýra þá hlið málsins sem auðið er.

Pétur Jónsson: Það hafa nokkrir þingmenn haldið því fram, að ekki væri rétt að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, þar sem málið væri í hæstarétti og biði úrslita. Ætti því að bíða dóms þaðan. En spurningin, sem fyrir þessu þingi liggur, er ekki um það, hvað hæstiréttur segir í því máli. Hún er einmitt um ástandið, eins og það er nú og ekki getur beðið eftir hæstaréttardómi. Hún er sú: hverjir eru löglegir og réttmætir gæzlustjórar landsbankans? Eða er sá gæzlustjóri, sem þessi

deild kaus á sínum tíma réttmætur gæzlustjóri, eða hinn, sem settur var í hans sæti af stjórninni?

Eg hefi ekki heyrt neinn halda því fram, að sá, sem nú situr í bankanum, sé sá löglegi gæzlustjóri. Hið gagnstæða hefir komið fram í ræðum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og þm. Dal. (B. J.). Sama má draga út úr ræðum háttv. þm. Barð. (B. J.) og sama hefir hann sagt hér, að stjórnin hafi sett gæzlustjórana frá einungis um stundarsakir.

En þær stundarsakir geta þó ekki, hvað sem öðru líður, talist ná lengra en til næstu þingsamkomu. Enginn hefir heldur haldið því fram, að þeir, sem nú sitja í landsbankanum sem gæzlustjórar, séu löglegir gæzlustjórar. Enginn hefir bent á neinn lagastaf fyrir því. Loks er það mín skoðun og margra annara, að afsetning gæzlustjóranna, að því leyti, sem hún náði lengra en til 1. jan. 1910 hafi verið heimildarlaus að lögum, því aldrei hefir komið fram ákæra, því síður sönnun í átt, að gæzlustjórarnir hafi gert sig seka í neinu því, er varði embættismissi, en slíkt þurfti að vera til þess að tekið væri af þeim starf, sem alþingi sjálft fól þeim. Af öllu finst mér þetta mál ofur einfalt. Neðri deild á að setja gæzlustjórann inn aftur í starf sitt og átti að vera búin að því fyrir löngu.

Skúli Thoroddsen: Út af ræðu hins háttv. þm. Dal. (B. J.) verð eg að geta þess, að eg skil ekki, hvers vegna hann óttast, að gæzlustjórinn verði í hættu staddur, þótt hin rökstudda dagskrá yrði samþykt. Hann hlýtur þó að vita, að gæzlustjórinn á hauk í horni, þar sem núverandi ráðherra er. En ef svo ólíklega skyldi fara, að ráðherra setti hann ekki inn í embætti sitt, þá gæti deildin látið nýja gæzlustjórakosning fara fram og kosið þann mann, sem hér á hlut að máli. Og yfir höfuð hefði deildin ótal vegi til þess að rétta hlut hans.

Bjarni Jónsson: Fyrirspurn mín var svo ljós, að hún hefði átt að vera öllum skiljanleg; eg vildi að eins fá að vita, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef hin rökstudda dagskrá yrði samþykt. Mér virðist augljóst, að núverandi ráðherra ætli sér ekki að seta gæzlustjórann inn, hann mundi þegar hafa gert það, ef það væri ætlun hans. Háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.) taldi það óþarft af neðri deild að skifta sér neitt af þessu máli nú eftir ráðherraskiftin. En þá hafa líka allar þessar löngu umræður verið óþarfar. Fyrir mér vakir það eitt, að sá maður, sem hér á hlut að máli, nái rétti sínum.

Framsm. minni hl. (Benedikt Sveinsson): Eg vil að eins leyfa mér að gera örlitla athugasemd við eitt atriði í ræðu hins hv. frams. meiri hl. (J. Ól.). Hann gat þess, að nefndin hefði komið sér saman um að gefa út nefndarálitð í smáköflum. Þetta er ekki rétt, nefndin hefir enga ákvörðun tekið í þessu efni, en hitt er satt, að að hv. framsm. kom upp með þetta á nefndarfundi í morgun, en ekki tóku aðrir nefndarmenn afstöðu til þess.

Úr því eg stóð upp, vil eg leyfa mér að benda á, hvað kynlegt það er, að þótt hæstv. ráðherra telji ekki neinn löglegan gæzlustjóra nema Eirík Briem, þá hefir hann þó ekki ennþá sett hann inn í embætti sitt. *(Ráðherra:* Það er úrræðaleysi þingsins að kenna!). Eg vildi benda á, að ráðherra er hér í mótsögn við sjálfan sig og gerir sig sekan í hinu sama, sem hann hefir mest áfelt fráfarandi ráðherra fyrir. Honum var legið á hálsi fyrir það, að setja ekki gæzlustjórana inn í starf sitt. Núverandi stjórn vill ekki heldur framkvæma þetta sjálfsagða réttlætis- og skylduverk sitt, sem hún kallar í öðru

orðinu, og vill að þingdeildin taki af sér vandann.

Skúli Thoroddsen: Eg sting upp á, að málinu verði vísað til nefndarinnar aftur.

Forseti: Eg ber ekki þessa uppástungu upp. Málið hefir þegar verið í nefnd.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (frá Sk. Th.) feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Þingsályktunartillagan samþykt með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson.
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hl.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Rannsókn símaleiða.

TILLAGA til þingsályktunar um rannsóknir símaleiða (A. 103).

Ein umr. samþ. 8. marz.

Ein umr., 9. marz (A. 103).

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Að því er þessa þingsályktunartillögu snertir, þá er ekki annað um hana að segja, en það, sem hún sjálf ber með sér. Hún er hér fram komin eftir ósk kjósenda minna, um að rannsakað verði, hvað símalína um þau héruð, sem tillagan getur um, kosti. Héruð þessi eru mjög afskekt og því æskilegt, að sá tími komi bráðum, að fé verði veitt á fjárlögunum til þess að leggja síma þangað. Hér er þó ekki farið fram á annað en áætlun sé gerð um kostnaðinn við væntanlega símalagningu. Það er á þingsins valdi, hvenær eða hvort það leggur símann. Eg vil því vona, að háttv. deild hafi ekki neitt á móti því, að verða við þessari ósk.

Hannes Hafstein: Eg held eg megi fullyrða, að símaleið þessi hafi verið rannsökuð um leið og Ísafjarðarálman. Eg vildi því leyfa mér að spyrja hv. flutnm. (Sk. Th.), hvort honum hafi verið ókunnugt um þá rannsókn, eða hvort hann telur hana ófullnægjandi og þess vegna óskar þess, að ný rannsókn fari fram.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg skal geta þess, að eg í þessu máli hefi að eins ósk þingmálafundar við að styðjast. En ef hv. 1. þm. Eyf.

(H. H.) man það glögt, að símaleið þessi hafi verið rannsökuð, þá er auðvitað, að ekki verður gerð ný rannsókn. En ef svo er ekki, þá sé eg ei, að neitt geri til, þótt þessi þingsályktunartillaga sé samþykt.

Hannes Hafstein: Eg hefi ekkert á móti því, að tillagan sé samþykt, fyrst það er ekki meiningin að heimta undir öllum kringumstæðum nýja rannsókn, heldur að eins að fara fram á rannsókn á því, sem óathugað *kynni* að vera á símaleið þessari, en þó nauðsynlegt að rannsaka, til þess að nægileg áætlun gæti orðið gerð.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan (103) sþ. með 13 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Strandgæzla.

TILLAGA til þingsályktunar um strandgæzlu (A. 104).

Ein umr. samþ. 8. marz.

Ein umr., 9. marz (A. 104).

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Það er sama að segja um þessa tillögu og hina fyrri, að hún er borin hér fram eftir ósk kjósenda minna á þingmálafundi. Það hefir verið kvartað yfir því, að á tímabilinu frá 1. sept. — 1. marz héldu botnvörpungar sig mjög fyrir utan Vestfirði, færu inn á fjörðuna og gerðu þar mikinn usla. Varðskipið sést nær aldrei á þeim stöðvum og því er hér farið fram á, að stjórnin hlutist til um það. Nægilegt mundi vera, að ráðherra beindi þessari ósk til yfirmannsins á Valnum og má þá ganga að því vísu, að hann verði við henni.

Ef betur þætti á því fara, mætti og verja einhverju fé á fjárlögunum til þess að halda úti vélarbát, sem næði númerum á sekum botnvörpungum.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla ekki að fara neitt að mótmæla þessari tillögu, það er síður en svo. Strandgæzlan er ónóg bæði á Vestfjörðum og annarsstaðar, yfirgangur botnvörpunga er mikill og þá ekki hvað sízt í veiðistöðvunum fyrir norðan Snæfellsjökul. Þar má segja, að atvinnuvegur 1200 manna sé í veði, því eins og kunnugt er, eru fiskiveiðar aðalatvinnuvegurinn þar. Botnvörpungar eru þar hrönnum saman, einkum á tímabilinu, sem til er tekið í þingsályktunartillögunni, frá 1 sept.—1. marz. Varðskipið sést þar heldur aldrei og finst mér því till. hv. flutnm. (Sk. Th.) eigi nógu víðtæk. Hv. flutnm. getur ef til vill sagt, að eg hefði þá átt að koma með viðaukatillögu og skal eg játa, að svo hefði átt að vera. En eg hefi verið vesall undanfarna daga og því ei tekið eftir till. þessari fyr en orðið var of seint að koma með viðaukatillögu.

Eg vil því mælast til þess við háttv. flutnm. (Sk. Th.) að hann taki till. út af dagskrá í þetta sinn, svo mér gefist tími til að koma með viðaukatillögu og vona, að hann hafi ekki á móti að verða við þessari ósk minni.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg hefi ekkert á móti að verða við ósk háttv. þm. Snæf. (S. G.) og vil mælast til þess við forseta, að hann taki tillöguna út af dagskrá.

Tillagan var því næst tekin út af dagskrá eftir ósk flutnm.

Ein umr. (framh.), 11. marz (A. 104, 157).

Sigurður Gunnarsson: Eg lýsti yfir því um daginn, er till. hins háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var til umræðu, að eg gæti fallist á hana, en þó hefi eg

leyft mér að koma fram með 2 brtill. í því skyni einu, að svæði það, sem till. ræðir um, verði víkkað. Eins og menn muna, fór tillagan fram á betri strandgæzlu við Vestfirði, en eg vil að Breiðafjörður verði tekinn með. Bæði mér og öðrum er fullkunnugt, að strandgæzlan á Vestfjörðum og Breiðafirði er allsendis ónóg. Sannast að segja horfir til vandræða á Breiðafirði, sérstaklega í veiðistöðvunum Ólafsvík og Hellisandi. Sérstaklega verða mikil brögð að yfirgangi botnvörpunga, þegar kemur fram yfir miðt sumar. Koma þeir þá á kvöldin og fiska að nóttunni og helzt þetta fram eftir öllum vetri. Má nærri geta að þeir stórspilla bæði fiskiveiðum og veiðarfærum. Satt mun það, að víða er strandgæzlunni hér við land ábótavant, en eg hygg þó, að þetta svæði hafi sérstaklega orðið út undan.

Eg vona, að hin háttv. deild sjái, að hér er um alvarlegt mál að ræða, er snertir aðalbjargræðisveg svo að segja allra íbúa tveggja hinna fjölmennustu hreppa og er því lífsnauðsyn að landsstjórnin leggi sig alla fram til þess, að fá ráðna bót á þessum hrapallega atvinnuspilli.

Að endingu vil eg mæla fram með þeirri brtill., að í staðinn fyrir 1. sept. komi 1. ágúst.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend ekki upp til þess að mæla með né móti þingsál.till., en vildi að eins grípa tækifærið til þess að benda á, hvað óviðurkvæmilegt það er, að dag eftir dag, viku eftir viku, sést háttv. ráðh. (B. J.) ekki í sæti sínu, svo að öll samvinna milli hans og deildarinnar verður ómöguleg. Það er hart að vera t. d. sviftur þeim upplýsingum, sem hann eflaust getur gefið í þessu máli, eftir að hann hefir rætt við dönsku stjórnina um strandgæzluna. Það er ilt fyrir Barðstrendinga, að fulltrúi þeirra sést ekki á þingi, en óþolandi fyrir alþingi að geta aldrei náð tali af ráðherra.

Bjarni Jónsson: Eg get hvorki greitt atkvæði með né móti þessari till., því að Íslendingar hafa ekki veitt neitt fé til strandgæzlu og hafa engin skip úti í því skyni. Og ekki er nein ástæða til að skora á stjórnina að áminna sýslumenn eða gefa þeim nýjar reglur. Danir hafa herskip við land, eitthvað í hafi en mest á höfnum að sögn sjálfra þeirra til þess að sýna, að þeir hafi drottinvald yfir íslenzkum sjóleiðum. En því neita eg með öllu og tel fleytu þessa oss með öllu óviðkomandi og mun aldrei styðja það með orði né atkvæði, að stjórn Íslands skifti sér af henni.

Forseti: Út af orðum hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) vil eg taka það fram, að því miður ákveða þingsköpin ekkert um, hvað gera skuli, ef þingm. vanrækja fundi. Sem betur fer, hefir það sjaldan komið fyrir, að þingmenn hafi gert sig seka í slíku, en þingsköpin heimila forseta ekki neitt vald til þess að skapa mönnum víti fyrir slíka vanrækslu, sem er óafsakanleg án löglegra forfalla, og ekki sízt hjá ráðherra.

ATKV.GR.

Brtill. á þgskj. 157, 1. samþ. með 22 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	
Eggert Pálsson,	
Benedikt Sveinsson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfd. Guðjónsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-Múl.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson.	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	

Já:	*Nei:*
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson, Jón Jónsson S.-M., Jón Ólafsson, Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og töldust því með þeim, er já sögðu.

Breyt.till. á þgskj. 157, 2. sþ. með 12 : 1 atkv.

Þingsályktunartill. í heild sinni, þann ig breytt, sþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Stefán Stefánsson.
Hálfd. Guðjónsson,	
Jón Jónsson N.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson.	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Þorleifur Jónsson.	

Tillagan afgreidd til *ráðherra* sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Bréfhirðing og aukapóstar.

TILLAGA til þingsályktunar um bréfhirðingu og aukapósta (A. 105).

Ein umr. samþ. 9. marz.

Ein umr., 10. marz (A. 105).

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Þessi þingsályktunartillaga ber það með sér, hvers efnis hún er. Hún er til orðin af því, að á sýslufundi Norður-Ísfirðinga var samþykt till. í þessa átt í febr. í vetur, eftir áskorun frá hlutaðeigandi hrepp, og var síðan skorað á mig, sem þingmann kjördæmisins, að koma þessu á framfæri hér í þinginu.

Það má nú segja, að þegar um þetta er að ræða, að fá nýja bréfhirðingu, þá mætti snúa sér beint til póststjórnarinnar, en almenningur hefir nú betri trú á því að snúa sér til þingsins. Það liggur líka í augum uppi, að þegar um það er að ræða, að póstmeistari geri eitthvað, sem hefir fjárútlát í för með með sér, þá álítur hann sér það heimilla en ella, ef hann hefir samþ. þingsins að bakhjalli.

Það má líka geta þess, að það er orðið mjög mannmargt í Bolungarvík; þar munu vera 1200—1300 manns, og á vorvertíðinni enn fleira, því að þá sækir þangað fólk úr öðrum sýslum, Barðastranda-, Stranda-, Dala- og jafnvel Húnavatnssýslu.

Annars skal eg ekki fjölyrða um þessa tillögu, en vona að háttv. deild taki henni vel.

Pétur Jónsson: Eg var ekki svo heppinn að vera viðstaddur, þegar háttv. þm. N.-Ísf. mælti fram með þessari till. sinni, svo að mér er ekki fullkunnugt um, hvað fram hefir komið í málinu. En eg skal benda á það, að það er ekki heppileg aðferð, að alþingi fari að samþykkja fyrirmæli um póstafgreiðslu hér, bréfhirðingu þar, aukapóst og annað þess konar, án þess slíkt komi þá frá póstmeistara, hvað þá þegar þetta er á útkjálkum, þar sem fæstir þingmenn þekkja til, en póstmeistari miklu betur. Hví er verið að fara til þingsins með

annað eins og þetta? Er ekki einfaldast að snúa sér til póststjörnarinnar eða landstjórnarinnar? Póstmeistarinn er manna kunnugastur öllum póstleiðum, og veit hvað hægt er að gera í þessum efnum. Því að eins ætti þingið að skifta sér af slíku, að póststjórnin eða landstjórnin hefði gert einhverjum rangt til, og ef það yrði bert, þá væri öðru máli að gegna. En um það hafa engar kvartanir heyrst. Það eru auðvitað takmörk og þurfa að vera fyrir því, hve mikið landstjórnin vill leggja út í af þess konar. En eg veit þó, að póststjórnin hefir verið liðleg í þeim sökum og fer árlega fram á aukið fé til umbóta og viðauka í þessum efnum.

Það getur vel verið, að efni þessarar tillögu sé sanngjarnt og réttmætt út af fyrir sig; um það geta fæstir þingmenn dæmt. En að þingið samþykki hana getur ekki þýtt annað en að þrýsta póststjórninni til að láta þetta sitja fyrir öðru, sem vera kann enn þá sanngjarnara og sjálfsagðara, en henni getur maður trúað til mestrar yfirlitsþekkingar og réttlætis í þessum efnum.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Eg þarf eiginlega ekki að svara því, sem hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, en eg skal þó benda á það, að það er ekki nýtt, að annað eins og þetta sé samþ. hér á þingi. Eg hygg meira að segja, að ekki hafi verið haldið það þing nú í seinni tíð, að ekki hafi verið samþykt eitthvað svipað þessu.

Eg skal játa það, að þess er engin von, að hver einstakur þingmaður sé persónulega kunnugur, hvar sem er á landinu, en það verður ekki fremur heimtað í þessu tilfelli en þegar um einhvern vegarspotta er að ræða, sem hér er samþykt að leggja. Hér er ekki á öðru að byggja, en óskum héraðsbúa sjálfra, sem líka liggja frammi hér á lestrarsalnum. Og þar sem þeir menn, sem kunnugastir eru, hafa álitið þetta þarft, þá get eg ekki séð neitt á móti því, að snúa sér til þingsins með þetta. Það hefir þeim mönnum, sem þessa óska, eins og eg tók fram áðan, þótt líklegasti og vænlegasti vegurinn til þess að fá því framgengt. Því þegar þingið hefir hvatt til einhvers slíks, þá álítur póstmeistari sér það heimilla en ella, og það þótt útgjöldin kynnu að fara fram yfir það, sem áætlað hefir verið. Og ef samþykki þingsins fæst, þá getur stjórnin líka frekar lagt að póstmeistaranum, að verða við þessu, en ef krafan kæmi eingöngu heiman úr héraði. Þótt þetta verði samþykt hér, þá segir hv. deild ekki annað með atkv.gr. en það, að hún vilji ekki beitast gegn sanngjarnri ósk þeirra manna, sem búa á þessum afskekta stað, og telji ekki eftir kostnaðinn, þar sem heldur ekki er um meira að ræða en hér.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg var ekki við meðan hv. flutnm. (Sk. Th.) var að byrja ræðu sína, svo eg veit ekki, hvort hann hefir tekið það fram, hvort þess hefir verið leitað við póststjórn og landsstjórn að fá þessa bréfhirðingu. Það var sú leið, sem sjálfsagt var að fara, en ekki fyrst til þingsins.

Háttv. flutningsm. (Sk. Th.) sagði, að þetta væri ekki nýtt; það er satt, áður meðan við höfðum ekki þingræðisstjórn þá var það eðlilega altítt, að knýja stjórnina til hins og annars, sem hún vildi ekki góðfúslega gera, með þingsályktunartill. En nú síðan þingræðisstjórn er fengin, álít eg að ekki beri að nota þingsályktunartill., nema brýna nauðsyn beri til, og þá eingöngu um eitthvað það, sem meiri hluta þingsins greinir á um við stjórnina. Á síðasta þingi var mikið um þingsályktunartill., og þá hélt eg því fram, að það væri á

næstu grösum við vantraustsyfirlýsingu, þegar stór meiri hluti fer þannig með sína eigin stjórn, og því held eg fram enn.

Auðvitað eiga þingmenn að hafa rétt til þess að koma fram með þingsályktunartill., en sá réttur verður gagnslaus, ef hann er notaður um of, notaður í þýðingarlitlum málum hvað eftir annað. Eg vil óska þess, að þingið fari vel með það góða vopn, og annað eins og þetta er hreinasta óvirðing þinginu. Síðasta þing gekk alt of langt í þessu. Meðal annars kom þá háttv. flutningsmaður þessarar till. með eina þingsályktunartillögu, sem langar umræður urðu um, og kom þá í ljós á eftir, að það, sem heimtað hafði verið, var þegar fengið. Þá kom og eitthvað svipað fyrir í efri deild. Eg verð því að vera þessari till. mótfallinn, og vænti þess, að þeir séu fleiri, sem líta á aðalatriði þessa máls líkt og eg, líta svo á, að þessi réttur sé meira og betra vopn í höndum meiri hlutans en svo, að það megi gera hann að hégóma.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg vildi eingöngu svara fyrirspurn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um það, hvort búð sé að leita hófanna um þetta mál við póststjórnina og landsstjórnina. Eg veit það ekki, en trúlegt þykir mér það, og hitt veit eg, að þegar menn snúa sér til póstmeistarans með slíkar óskir, þá er það svo, þótt hann sé liðlegur maður, að þá ber hann því oft við, að engin fjárveiting sé áætluð, og því er það, að menn snúa sér til þingsins.

Háttv. þm. gat um tillögu, sem eg bar fram á síðasta þingi um bréfhirðingu á Hornströndum. Þar hafði áður verið kvartað, en ekkert fengist fyr en 1909. *(Hannes Hafstein:* Staðurinn var kominn í áætlunina). Um það fer nú tvennum sögum, að minsta kosti var það ekki glögt.

Annars skal eg geta þess, að eg hefi ekkert á móti rökstuddri dagskrá. Verði hún samþykt, þá felst þar í trygging fyrir því, að stjórnin sinni málinu, svo að ef einhver háttv. þm. vildi bera hana fram, þá er ekkert á móti því. Sjálfur þykist eg ekki hafa ástæður til þess, en vil fyrir mitt leyti samþykkja till., eins og hún er.

Pétur Jónsson: Eg vona að hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skiljist það, að eg vil ekki spilla neitt fyrir þessu máli, efni tillögunnar, þótt eg sé því mótfallinn, að samþ. séu þingsályktunartill. um slíkt. Til þess að þingið gæti sagt fyrir um slík efni þyrfti að liggja fyrir því tillögur um samskonar alstaðar annarstaðar frá á landinu og taka svo það sem mest mælir með.

Eg get fullyrt það, að póstmeistarinn fær altaf hjá þinginu aukna fjárveitingu, ef mikil nauðsyn er á einhverju þessu líku. Það er regla og þótt stundum kunni að vera klipið af öðrum fjárveitingum, sem hann fer fram á, þá má segja, að þingið hafi æfinlega vikist vel undir það, að bæta úr þess konar. Það er því trygg leið og góð að snúa sér til póststjórnarinnar. Annað mál væri, ef póstmeistarinn væri sinnulítill og óliðlegur. Bezt væri í þessu máli að samþykkja rökstudda dagskrá, eins og háttv. flutningsm. gat um.

Þá kom fram rökstudd dagskrá frá 1. þingm. S.-Múl. (J. J.), svo hljóðandi.

»Í því trausti, að stjórnin taki það tillit, sem hún telur rétt og sér sér fært, til óska þeirra, sem fram eru bornar með þingsályktunartillögunni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.«

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (A. 168) sþ. með 18 shlj. atkv. og tillögunni sjálfri á þann hátt vikið frá.

Brúarstæði á Langadalsá.

TILLAGA til þingsályktunar um rannsókn brúarstæðis. (A. 106).

Ein umr. samþykt 9. marz.

Ein umr., 11. marz. (A. 106).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Tillaga þessi er borin fram samkvæmt óskum, sem komu fram á þingmálafundi í kjördæmi mínu. Áin, sem till. fer fram á, að brúuð verði, er Langadalsá. Hún er á aðalpóstleið og verður oft ófær í vatnavöxtum. Það væri því mjög mikilsvert fyrir héraðið, að brú fengist á hana, og þyrfti því sem fyrst að láta rannsaka brúarstæði og gera áætlun um þann kostnað, sem brúargerðin hefði í för með sér. Eg vona, að hin háttv. deild verði tillögunni hlynt. Verkfræðingur landsins gæti annast rannsóknina og allan undirbúning málsins, svo að það myndi eigi baka landsjóði neinn sérstakan kostnað, þótt till. yrði samþykt.

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.: Eg vil leyfa mér að spyrja hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hvort þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafa leitað til landsstjórnarinnar um þetta mál eða hvort þeir hafa nokkuð ráðgast við landsverkfræðinginn. Mér þykir undarlegt, að þessi till. skuli koma fram hér, ef svo er ekki og verð þá að greiða atkvæði móti henni.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg get ekki svarað fyrirspurn hins háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Mér er ókunnugt um, hvort leitað hefir verið til stjórnarinnar í þessu máli; hins vegar get eg ekki séð annað, en að rétt leið hafi verið valin í þessu máli. Tillagan gefur að eins kröfunni meiri þunga og vona eg, að hin háttv. deild veiti henni fylgi sitt.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan samþykt með 14 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson S.-M.,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Bened. Sveinsson,	Jón Sigurðsson,
Einar Jónsson,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Hannes Hafstein og Hálfd. Guðjónsson greiddu ekki atkvæði og töldust því með meiri hlutanum.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Strandferðir.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um strandferðir (A. 107).

Ein umr. samþ. 9. marz.

Ein umr., 15. marz (A. 107, 118, 185).

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Eg finn eigi ástæðu til þess að segja neitt um þessa tillögu, þar sem hún ber það sjálf glögglega með sér, hvað efnið

er. En vegna þess, að fram hefir komið viðaukatillaga, vil eg leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætlaði að eins að leyfa mér að gera sömu uppástungu og hv. flutningsm., en nú þarf þess ekki; vil eg því styðja uppástungu hans um 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Þorleifur Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,
Sigurður Gunnarsson,
Björn Sigfússon,
Einar Jónsson.

Umræðunni frestað.

Í nefndinni var Þorleifur Jónsson kosinn formaður og framsm., en Sigurður Gunnarsson skrifari.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um strandferðir (A. 164).

Ein umr. samþ. 14. marz.

Ein umr., 15. marz (A. 164).

Flutnm. (Þorleifur Jónsson): Eg vildi að eins leyfa mér að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til hinnar nýkosnu strandferðanefndar.

ATKV.GR.:

Samþ. með 22 shlj. atkv. að vísa till. til þeirrar nefndar.

III.

Framh. einnar umr., 2. maí (A. n. 807, 836, sbr. 107, 118, 164, 185).

Benedikt Sveinsson: Þó langt sé síðan þetta mál kom úr nefnd, þá hefi eg þó ekki átt kost á að sjá þær breyt.till., sem síðast hafa komið fram, og svo hefir fleirum farið. Það eru því tilmæli okkar þingmanna Þingeyinga og eins deildarmanns enn að minsta kosti, að málið sé tekið út af dagskrá.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Nefndin er ekki á móti því, að málið sé fært fram um einn dag, þótt leiðinlegt sé, að menn skuli enn ekki hafa athugað að koma með þær tillögur í þessu máli, sem þeim lágu á hjarta.

Jón Jónsson (1. þm. S.-M.): Sem nefndarmaður er eg því *mótfallinn*, að málið sé tekið út af dagskrá nú. Á dögunum, þegar nefndin var að starfa að þessum till., þá talaði eg við hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), og benti honum á að bera fram fyrir nefndinni till. þær, er hann kynni að vilja gera. Það gerði hann ekki, og nú sé eg enga ástæðu til að fresta framgangi þessa máls fyrir það eitt, að hann vill nú fara að koma með brtill. Það er nóg annað að starfa þessa daga, sem eftir eru.

Pétur Jónsson: Eg tek undir með hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Eg hefi ekki haft tækifæri til að sinna þessu máli rækilega. Eg bjóst nfl. ekki við, að svona miklar og margar tillögur kæmi fram viðvíkjandi strandferðaskipunum og álít viðsjála aðferð, að þingið taki svona tillögur frá einstökum þingmönnum til greina, án þess nefndin, sem kosin var í þetta mál hafi haft þær til athugunar. Þær komu allar fram síðar og alt heildaryfirlit verður torvelt. En úr því út í þetta er komið, þá virðist ekki annað forsvaranlegt en að allir þingmenn þreyti kapphlaupið hver fyrir sitt kjördæmi. Það er afsökun mín, hve seint eg er á ferðinni með þetta, að eg er óvanur og ófimur í svona kapphlaupi fyrir hérað mitt.

Forseti: Mér þykir mjög leitt, hve seint þessi beiðni kemur fram, og þar eð á morgun er fullskipað á dagskrá þar á meðal stjórnarskráin, þá getur málið ekki komið þá til greina. Þó skal eg, þar eð svo margir mælast til

þess og nefndin leggur ekki á móti því, leyfa mér að taka málið út af dagskrá í dag.

Framh. einnar umr., 6. maí (A. n. 807, 836, 840, 850, 940, sbr. 107, 118, 164, 185).

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Nefndin í þessu máli hefir öll orðið á eitt sátt, eins og nefndarálitið ber með sér. Nefndarálitið er ljóst og greinilegt, en eg vil þó leyfa mér að segja nokkur orð um breytingar þær, sem nefndin leggur til að verði samþyktar.

Nefndin hafði til meðferðar tvær þingsályktunartillögur, á þgskj. 107 og tillöguna á þgskj. 164, og 2 viðaukatill. (á þgskj. 118 og 185). Nefndin hefir athugað þessar tillögur nákvæmlega og reynt að kynna sér málið sem bezt. Meðal annars hefir hún átt fund með skipstjórunum á strandferðabátunum og fengið hjá þeim upplýsingar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að flestar þessar tillögur hefðu við allgóð rök að styðjast, og hefir hún því mælt með þeim mörgum. En einstöku hefir hún þó vísað á bug.

Eg skal taka tillögurnar eftir röð.

Það er þá fyrst tillagan á þgskj. 107, um að Vestfjarðabáturinn komi í hverri ferð við í Bolungarvík. Þar er fólksmargt, verstöð mikil og verzlun; það er líka lítill krókur fyrir bátinn að koma þar við, svo þessi tillaga er ekki ósanngjörn, og mælir nefndin með henni.

Annar liður á þessu þingskjali fer fram á það, að báturinn komi tvisvar við á Arngerðareyri. Um þennan stað er alt öðru máli að gegna en Bolungarvík. Arngerðareyri liggur langt inni í Ísafjarðardjúpi, og það er mikill krókur að koma þar við, svo þetta mundi verða mikill krókur fyrir bátinn. Eianig eru reglulegar gufubátsferðir og mótorbátaferðir um Djúpið, svo þær ferðir geta bætt það upp, þótt strandferðabáturinn sé ekki látinn koma þar við. Menn verða að fara varlega í það, að íþyngja strandferðabátunum með mörgum viðkomustöðum fram yfir það sem er, því þá er hætt við, að þeir geti ekki fylgt áætlun. En það kemur sér ávalt mjög illa, ef þeir geta ekki haldið áætlun. Eg skal geta þess, að »Vestri« hefir nú 47 viðkomustaði milli Reykjavíkur og Akureyrar. Og það er lítt gerlegt að fjölga þeim að mun, einkum úrleiðis. Nefndin getur því ekki aðhylst þessa tillögu.

Eg skal geta þess, að nefndin hefir sett á þgskj. 807, allar þær tillögur, er þá lágu fyrir, og sem hún aðhyltist. En svo hafa komið fram ýmsar nýjar viðaukatillögur við tillögur nefndarinnar. Ein þeirra er frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og fer hún þess á leit, að báturinn komi í hverri ferð við á Hesteyri í Ísafjarðardjúpi. Nefndiu hefir athugað þessa tillögu og getur hún heldur ekki mælt með því, að hún sé samþykt, eins og hún liggur fyrir. En nefndin mundi mæla með því, að báturinn kæmi þar í 2—3 ferðum, með því þar er verzlun og hvalveiðastöð. Það er heldur ekki mikill krókur að fara þangað.

Þá hefir háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) komið með viðaukatill. um, að báturinn sé látinn koma við í Selvík á Skaga. Nefndin mælir með því, að báturinn komi þar við í tveim ferðum fram og aftur. Lengra sá hún sér ekki fært að fara. Sami háttv. þm. hefir enn komið með tillögu um, að báturinn komi við á Kolkuós í þrem ferðum; það er ekki mikill krókur fyrir bátinn, að koma þar við, og ekki bætt við nema einni ferð, því nú hefir hann áætlun þangað tvisvar, svo nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykt.

Þá skal eg minnast á tillögur háttv. þm. Snæf. (S. G.) á þgskj. 118, um að

báturinn komi við í hverri ferð fram og aftur, á Búðum, Hellissandi og Grundarfirði. Nefndin er því meðmælt, að báturinn komi við á Búðum og Hellissandi í hverri ferð fram og aftur, og er það nauðsynlegt, því brim er þar oft og ilt í sjó, og hindrar samband við land í sumum ferðum. En á slíkum stöðum er nauðsynlegt, að strandferðabátarnir hafi sem oftast áætlun til viðkomu, því með því móti verða þó einhverjar ferðirnar að notum. Þá hefir nefndin bætt inn Kvíabryggju í Eyrarsveit og leggur nefndin til, að báturinn komi þar við í tveim ferðum. Höfn er þar góð, og heldur ekki mikili krókur, enda kemur strandferðabáturinn þangað stöku sinnum, hvort sem er, án áætlunar, en betra að hafa vissa áætlunardaga.

Þá er þingsál.till. á þgskj. 164, sem er aðallega viðvíkjandi ferðum Suðurlandsbátsins. 1. liður þessarar tillögu fer fram á að betra skip komi í stað »Perwie«, sem hefir verið notað til þessara ferða, því það er ekki hægt að segja, að »Perwie« sé viðunanlegt *strandferðaskip*, enda hefir verið töluverð óánægja með hana þennan tíma, sem hún hefir farið ferðirnar. Sérstaklega er hún illa fallin til fólksflutninga. Farþegarúmið er mjög óþægilegt og lítið, það geta að eins verið 8—10 manns á fyrsta farrými, en annað og þriðja farrými er ekki til, svo eg viti. Einnig er mjög kvartað yfir því, að hún sé ganglítil, og komist því lítið áfram, ef ilt er í sjó, eða mótstormur, og þess vegna á hún líka oft mjög erfitt með að halda áætlun, eins og sýndi sig síðastliðið sumar, því þá var hún oftast langt á eftir áætlun. Auðvitað getur það komið fyrir, að skipið tefjist á vondum höfnum, en því meira áríðandi er, að það sé hraðskreitt meðan það er á ferð hafna á milli. Þar sem »Perwie« er ganglítil, og hefir algerlega ófullnægjandi farþegarúm, er ástæða til þess að heimta betra skip af útgerðarfélaginu, og nefndin leggur mikla áherzlu á, að það sé gert og stjórnin gangi ríkt eftir, að félagið haldi loforð, sem það mun hafa gefið um betra skip, hið bráðasta. Enda á þessi hluti landsins heimting á, að hafa jafngott strandferðaskip, eins og hinir hlutar þess.

2. liður þessarar tillögu fer fram á, að báturinn hefji ferðir sínar í miðjum apríl, eins og hinir strandferðabátarnir. Þetta er nauðsynlegt, því hafnir á þessu svæði eru vondar og skipagöngur engar frá því á haustin, að báturinn hættir ferðum sínum. En í apríl er oft alt eins gott í sjó fyrir Suðurlandi eins og í maí. Það má einnig geta þess, að á þessum slóðum er meiri hafíshætta í maí, en í apríl, eins og sýnir sig nú. Nefndin hefir því lagt áherzlu á, að Suðurlandsbáturinn hefji ferðir sínar ekki seinna en í miðjum apríl.

3. liðurinn í þingsáltill. á þgskj. 164 fer fram á það, að báturinn hafi aðal endastöð að austan á Eskifirði. Síðastliðið sumar fór báturinn oft til Eskifjarðar. þótt það stæði ekki á áætlun hans, og væntir nefndin, að útgerðarfélagið hafi eigi neitt á móti þessari tillögu, né heldur hinni, að báturinn fari helzt í annarihvorri ferð til Seyðisfjarðar. Það tryggir og eflir samgöngur milli Suðurlands og Austurlands.

4. liður þessarar sömu till. fer fram á, að Suðurlandsbáturinn hafi viðkomustað við Ingólfshöfða í 1 eða 2 ferðum vegna Öræfinga. Það er ekki hægt að búast við, að það verði að miklum notum, en þó gæti það hepnast, ef ládeyða væri. Það er enginn krókur fyrir bátinn að koma þangað, þegar hann fer austur, því hann fer framhjá höfðanum, hvort sem er. Og ef slæmt er í sjó, þá heldur hann áfram, svo þetta tefur ekki fyrir honum.

Þá hefir nefndin tekið það upp, að báturinn komi við í Papey. Það er

enginn krókur, því báturinn siglir þar fram hjá. En bóndinn þar hefir mikið umleikis, og þarf að hafa mikla flutninga milli lands og eyjar. Það gæti komið að miklu liði, þótt báturinn kæmi þar við að eins í stöku ferð. Það mundi ekki tefja ferð hans að mun, og þessvegna væntir nefndin þess, að útgerðin muni ekki verða á móti þessu.

Áður en eg lýk máli mínu um ferðir Suðurlandsbátsins, skal eg geta þess, að við þær hafnir, sem brimhætta er, þá er nauðsynlegt, að báturinn bíði í 2—3 klukkustundir, til þess að sjá, hvort brimið lægi ekki, því það er mjög óþægilegt fyrir landsmenn á slíkum stöðum, að báturinn haldi viðstöðulaust áfram, án þess að bíða neitt. Brim getur lægt alt í einu, og þá er skipið á bak og burtu. En notin missast algerlega af þeirri ferðinni.

Báturinn þarf að hafa nægan tima til ferðanna. Og nefndin ætlast til, að ferðaáætlun Suðurlandsbátsins sérstaklega sé þannig, að honum sé ætlaður nægilegur timi. Hún hefir ekki sett þetta beint inn í tillögurnar, en hún ætlaðist til, að það kæmi í ljós við framsöguna.

Þá fer síðasti liður tillögunnar á þgskj. 164 fram á það, að »Austri« komi oftar á Djúpavog, en nú á sér stað, helzt í hverri ferð. Nefndin leggur til, að hann komi oftar við í suðurleið en nú, einkum í 1. og 6. ferð og í austurleið í 2. ferð. Þess ber að gæta, að á þeim tíma er engin ferð héðan austur, en ferð þangað í maí væri einkar hentug fyrir þingmenn úr Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu. En þótt þessum ferðum yrði bætt við, þá ætti báturinn að geta haldið áætlun. Upphaflega var það tilætlunin, að báturinn kæmi í hverri ferð við á Djúpavogi, en skipstjóranum á »Austra» þótti það of djarflega á stað farið. Nefndin hefir því dregið úr þessu, og komið með tillöguna á þgskj 807, og vonar hún, að sú tillaga verði samþykt.

Þá vil eg og geta þess, að það væri heppilegt, að meira samræmi væri á milli áætlana Suðurlands- og Austurlandsbátsins, þannig, að þeir hittust á ýmsum höfnum á Austurlandi. Gæti það verið til mikils hægðarauka fyrir fólk, sem bátana notar.

Þá er viðaukatillaga á þgskj. 940 frá háttv. þingm. Þingeyjasýslna beggja, um að »Austri« komi í hverri ferð við á Þórshöfn. Þar er verzlun mikil og mannmargt og þótt það sé nokkur krókur fyrir bátinn, vill nefndin mæla með því, að þessi liður verði samþyktur. Hér er heldur ekki nema um 1 eða 2 ferðir að ræða í viðbót við það sem er og sama máli er að gegna um viðkomu á Raufarhöfn og Fjallahöfn. Nefndin er því einnig samþykk, að báturinn komi við í Flatey á Skjálfanda í september. Það er enginn krókur að koma við þar, en til mikils hægðarauka fyrir íbúana.

Eg man nú ekki eftir fleirum tillögum, sem fyrir nefndinni lægju. Nefndin hefir brætt upp úr þeim tillögum, sem fyrir henni lágu, tillöguna á þgskj. 807 og vonast hún til, að sú tillaga verði samþykt og auk þess viðaukatillögurnar á þgskj. 836, um að báturinn komi við á Kolkuós í fyrstu og síðustu ferð og tillögurnar á þgskj. 940.

Eg man svo ekki, að eg þurfi að taka fleira fram viðvíkjandi þessu máli að sinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar tillagan um ferðir millilandaskipanna var til umræðu hér á dögunum í þessari háttv. deild, þá var þeirri tillögu vísað frá með rökstuddri dagskrá. Eg hefi nú leyft mér að koma með samskonar rökstudda dagskrá nú og vil eg með leyfi forseta lesa hana upp:

»Í því trausti, að landsstjórnin taki alt það tillit, sem hún sér framast

fært, til óska einstakra þingmanna og héraða, um ferðir strandferðaskipanna, og með skírskotun til þingsályktunartillögu efri deildar á þingskjali 931, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Það sem fyrir mér vakir er, að það mundi gera alveg sama gagn, þótt hver þingmaður minnist á það við ráðherrann og þótt þingdeildin geri það. Eg er alveg viss um, að báðir hinna fráfarandi ráðherra hafa gert það, sem þeim var hægt að gera í þessu efni og eg efast ekki um, að núverandi ráðherra muni gera sitt bezta. Eg hygg, að deildin geti verið mér hér alveg sammála. En eg kom með þessa dagskrá meðfram af því, að mér er flutt af mönnum af báðum flokkum, að þingsályktunartillaga muni verða samþykt í efri deild með öllum atkvæðum, um að strandferðunum sé hagað sem hagkvæmast fyrir alla landshluta.

Eg mæli því fastlega fram með því, að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Eg fékk sem aðrir áskorun úr minu kjördæmi um strandferðir. En eg fór ekki þingsályktunarleiðina, heldur fór til útgerðarinnar og varð hún þegar við tilmælum mínum að láta Vestra fara inn í Hvammsfjörð í fyrstu og síðustu ferð. Vil eg nú þess eins biðja stjórnina, að hún verði ekki meinsmaður okkar Dalamanna í þessu.

Annars virðist mér, að rökstudd dagskrá dugi eins vel í þessu efni, og hefi eg svo ekki meira að taka fram.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Eg er ekki því samþykkur, að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt. Þgsáltill. er svo réttmæt og sanngjörn, að hver stjórn getur mælt með henni, enda efast eg ekki um, að háttv. stjórn hafi bezta vilja í þessu efni.

Eg get ekki betur séð, en að stjórnin hafi meiri bakhjall í þingsályktunartillögu, heldur en í dagskrá. Og þetta mál er mörgum svo mikið áhugamál, að það er óviðeigandi að vísa því frá og grafa það í þingtíðindunum, með þessari dagskrá og vil eg því mælast til, að háttv. deild felli hana, en samþykki heldur þingsályktunartillöguna.

Sigurður Gunnarsson: Eg er á sama máli og háttv. framsögum. (Þ. J.), eg kysi heldur að þingsályktunartillagan yrði samþykt. Það má raunar búast við, að stjórnin geti ekki tekið tillit til allra þeirra beiðna, sem fram eru komnar um breytingar á ferðaáætlunum strandbátanna, en það er þó sterkari bakhjallur fyrir stjórnina að hafa þingsályktunartillöguna samþykta af þingdeildinni. Stjórnin gæti svo valið úr, en væri jafnframt aðhald að henni, að fara lengra, en ef að eins rökstudd dagskrá væri samþykt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil geta þess, að í hinni rökstuddu dagskrá felst alt það, sem taka þarf fram. Munurinn að eins sá, að í tillögunni er skorað á stjórnina, en hér er henni treyst til að framkvæma þetta. Það er eins og í þingsályktunartillögunni liggi óbeinlínis óánægja yfir framkomu beggja hinna fyrverandi ráðherra, en það er tilefnislaust, því þeir hafa gert sitt bezta í þessu efni.

Björn Sigfússon; Mér er þetta mál ekki kappsmál, en þó álít eg verra, að þetta mál fái þann endi, að hin rökstudda dagskrá verði samþykt, því þá veit stjórnin ekki á hvað mest áherzla er lögð. Á þingskjali 807 er safnað saman öllu því, er mest áherzla er lögð á og jafnframt er hægast að framkvæma. Þetta hefir nefndin gert með samráði við skipstjórana og einstaka þingmenn. Ef nú þingsályktunartillagan næði fram að ganga, þá sæist

það, hvað hv. þing legði mesta áherzlu á og þá væri stjórnin ekki í vafa um, á hverju mest er þörf. Auðvitað voru fleiri tillögur upphaflega, sem ekki geta komið til greina, t. d. þeir viðkomustaðir, sem tefja skipin um heilan sólarhring.

Að í þessu felist móðgun til fyrverandi stjórna er fjarri öllum sanni.

Benedikt Sveinsson: Mér þykir það mjög undarleg ástríða, sem farin er að þjá ýmsa þingmenn hér í deildinni, að þeir vilja nú bola frá hverju málinu á fætur öðru með rökstuddri dagskrá. Það er mjög röng og ótilhlýðileg aðferð gegn jafn-sanngjarnlegum og þarflegum till., sem hér liggja fyrir, um bætur á strandferðunum, þar sem þeim er mest ábótavant. Það mundi að maklegleikum verða deildinni til ámælis, ef þessu máli yrði eytt með rökstuddri dagskrá og tel eg það hreina og beina skyldu deildarinnar að sýna því meiri viðurkenning en svo, að vísa því þannig á bug.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að efri deild hefði nú meðferðis þingsályktunartillögu um skipaferðir, sem mundi verða samþykt þar í dag og þótti mega þar við hlíta. En þar sem menn eru nú farnir að telja það móðgun við stjórnina, að bera fram þingsályktunartillögur, þá þykir mér ólíklegt, að efri deild taki upp þá þvermóðsku, svo stjórnholl sem hún er — og sé því óvarlegt af þessari deild að festa þar alt sitt traust. En ef svo færi nú, að efri deild leyfði sér að samþykkja einhverja slíka till., þá skil eg ekki, hvers vegna þessi deildin ætti að vera þeim mun einurðarminni, að hún þyrði ekki að stynja því upp, að stjórnin reyni að fá Thorefélagið — sem hefir mikinn styrk úr landssjóði — til að koma oftar við á nokkrum höfnum umhverfis landið, heldur en það hefir gert.

Alþtíð. B. II. 1911.

Þingið hefir nú haft þetta mál til meðferðar í nefnd um langan tíma og eytt til þess nokkru verki. Héðan af er það enginn kostnaðarauki fyrir þjóðina, þótt till. sé samþykt, engum tíma eytt til þess, en þá meiri von um einhvern árangur af henni. Vil eg því mæla sem bezt fram með þingsál.till.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá frá J. Ól. samþykt með 13 : 8 atkv. og málinu þannig vikið frá.

Millilandaferðir.

TILLAGA til þingsályktunar um ferðir millilandaskipanna. (A. 806).

Ein umr. samþ. 2. maí.

Ein umr., 3. maí, (A. 806, 842, 843, 856, 858).

Benedikt Sveinsson: Viðaukatill. mín fer fram á það, að eitthvert millilandaskip komi við á hinum helztu höfnum í Norður-Þingeyjarsýslu. Hingað til hafa þau ekki komið þar við, hvorki fram né aftur. Ein ferð út og utan haust og vor mundi mikið bæta úr þeim torveldleikum, sem á því eru að fá útlendar vörur og koma innlendum frá sér. Þykir héraðsmönnum hart undir því að búa, sem von er, að skip þau, sem landssjóður kostar til ferða hér við strendurnar og landa á milli, skuli aldrei allan ársins hring koma þar nærri. Hafnir eru hér góðar og innsigling hættulítil og engu lakari en víða annarstaðar, þar sem skip koma við í hverri ferð. Vænti eg því góðra undirtekta um þessa málaleitan.

Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.: Fyrir mér hefir vakað svipað sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í viðaukatill. minum, að illt sé, að skip, sem njóta styrks

af landssjóði, skuli ekki skyld að koma á helztu hafnir landsins, t. d. Reyðarfjörð. Þangað liggur aðalvegur og verzlun er þar mjög að aukast. Ennfremur Vopnafjörður; þangað koma Thoreskipin ekki, nema þau hafi nægilegan farm, og er það ný stefna, því að sameinaða félagið lét sín skip jafnan koma þar samkvæmt áætlun og gerir raunar enn. Þetta getur verið mjög bagalegt farþegum, að vita ekki, hvenær skipin koma við og þurfa að hrekjast þannig hafna á milli. Kaupstaðurinn er fjölmennur og í viðgangi. Höfn góð og ekkert út á að setja nema í hvassviðrum, svo sem víða annarstaðar. Er ilt að sneiða svo fram hjá merkustu stöðum landsins, auk þess sem undir hælinn er lagt, að einstaklingar geti haft skipanna not.

Á Borgarfirði eystra er höfn ekki góð, en þó má oft skipa þar upp vörum og með því þar er fjölmenni, þá ættu skipin að koma þar við, eftir því sem hentugleikar leyfa. Þetta, sem hér er farið fram á, er svo sanngjarnt, að þau félög, sem njóta styrks úr landssjóði til ferðanna, ættu að kappkosta að gera landsmönnum eins þægilegt og unt er bæði með vöruflutninga og fólksflutninga.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg efast ekki um, að þessar tillögur séu allar á góðum rökum bygðar. En eg held, að þær séu allar óþarfar, af því eg skil ekki annað en ráðherra muni eins taka tillit til óska þingmanna í þessu efni, þótt þær komi ekki fram í þingsályktunarformi frá deildinni. Tillögurnar eru þannig vaxnar, að hávaðann af deildarmönnum mun bresta kunnugleika til þess að geta dæmt um þær, nema að eins fáar þeirra. Ef menn sneru sér privat til ráðherra, þá mundu menn betur geta rökstutt þær. Og á þann hátt mundu þeir gera meira gagn, en með því að samþykkja þingsályktun.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Eg og háttv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.) höfum leyft okkur að koma fram með tillögu um, að millilandaskipin komi við í Bolungarvík í marz og september. Það er bygt á því, að skipin fara ávalt fram hjá Bolungarvík og enginn krókur er að koma þar við, en verzlun er þar mikil og margt fólk. Kaupmenn þar verða því ávalt að sækja vörur sínar inn á Ísafjörð á eftir og er það töluverður bagi fyrir þá.

2. liður tillögu okkar fer fram á, að millilandaskipin komi eins oft á ári í Stykkishólm eins og 1910. Nú er orðin stór breyting á því, sem þá var. Nú koma skip frá sameinaða gufuskipafélaginu þangað ekki nema 6 sinnum, en 1910 komu þau þangað 13 sinnum. Þetta er niðurfærsla meir en um helming og veit eg ekki hvað því veldur. Það hefir verið borið fyrir, að það væri af því að ekki væri flutt eins mikið með þessum skipum og skipum Thorefélagsins. En það ætti alls ekki að vera næg ástæða, þar sem þetta félag nýtur opinbers styrks. En sú saga hefir gengið, að þetta eigi rót sína að rekja til þess, að brytinn á »Botníu« var sektaður um 50 kr. síðastliðið sumar fyrir ólöglega vínsölu, og þá er sagt, að Aasberg, skipstjórinn á »Botniu«, sem annars er mörgum að góðu kunnur, hafi hótað því, að það skyldi koma niður á þessum stað. Eg hefi bréf í höndum frá einum formanni félagsins, sameinaða gufuskipafélagsins, sem er svar upp á fyrirspurn, sem afgreiðslumaður þess í Stykkishólmi gerði út af þessu. Að vísu er það ekki sagt í bréfinu berum orðum, að þessi sekt sé aðalástæðan, en það má lesa það milli línanna. En nú er vonandi, að félagið verði ekki látið framvegis komast upp með slíkt, og þoli mönnum ekki lög.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að stjórnin mundi eins taka tillögurnar til greina, þótt

hver þingmaður privat ætti tal um þetta við stjórnina, þá er eg ekki þar á sama máli. Þingsályktunartillaga hefir ólíkt meiri kraft, þegar hún kemur frá þingdeildinni en málaleitanir frá einstökum mönnum eða héruðum. Annað mál er það, að naumast má búast við, að *allar* tillögurnar verði teknar til greina, eins og t. d. tillögurnar frá háttv. 1. þm. N. Múl. (J. J.) því þær ganga nokkuð langt, sérstaklega 4. liðurinn um, að skipin komi 8 sinnum á Vopnafjörð, en eg mun þó ekki sem nefndarmaður verða á móti þeim lið.

Þegar hér var komið umræðunum gat forseti þess, að komin væri fram rökstudd dagskrá frá 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og 2. þm. Árn. (S. S.) svo látandi:

»Í trausti þess, að stjórnin taki alt það tillit, sem hún sér fært til óska þingmanna, sem þeir láta í ljósi við hana um ferðir póstskipanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.«

Jóhannes Jóhannesson: Viðaukatillaga mín og hv. þm. Sfjk. (B. Þ.) á þgskj. 842 fer fram á það, að alþingismenn á Austurlandi eigi hægra með en nú er að komast af þingi og á. Þingmenn af Austurlandi eru 5, 2 úr hvorri Múlasýslu og 1 af Seyðisfirði, og getur verið, að þingmaður Austur-Skaftafellssýslu noti þessa ferð. Í vetur átti »Vesta« að vera á Seyðisfirði 29. jan., en kom ekki þangað fyr en 1. febr. og kom ekki hingað fyr en 13. febr., svo við vorum 12 daga að hrekjast með henni. Nú fer skip ekki héðan fyr en 17. maí, svo við verðum að bíða viku eftir að þingi er sagt upp. Þetta er dýrt fyrir landssjóð og óþægilegt fyrir okkur. En hægðarleikur að laga þetta með því að fá »Botniu«, sem nú fer bráðlega til útlanda, til þess að koma við á Seyðisfirði, og þá væru þingmenn þaðan ekki nema 36—40 klukkustundir á leiðinni. Þannig sparaði landssjóður sér marga peninga og þetta yrði mikill hægðarauki fyrir þingmenn.

Eg vona, að þessi viðaukatill. verði samþykt, ef rökstudd dagskrá skyldi verða feld.

Björn Sigfússon: Eg og hv. samþingismaður minn höfum komið með eina viðaukatill. Hún fer fram á það, að skip, sem kemur á Steingrímsfjörð á norðurleið 4. júlí, komi einnig á Hvammstanga. Eg tel víst, að þetta muni verða tekið til greina, því það er afar auðvelt án þess að raska nokkuð áætlun skipsins, en þessi viðkomustaður hins vegar þýðingarmikill fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

Sökum þess, að því hefir verið haldið fram, að það mundi gera sama gagn að snúa sér til ráðherra, þá skal eg geta þess, að það hefir verið reynt, en engin áhrif haft. Eg held því fram, að það muni fremur verða tekið til greina, ef það yrði samþykt í þingsályktun.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Ræða háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) sannfærði mig um, að okkar leið er sú eina tiltækilega í þessu efni. Mér skildist á þm., að hann hefði snúið sér til ráðherra, en hann hefði ekki getað komið þessu í framkvæmd. En úr því ráðh. getur ekki komið þessu í verk, þá getur þingdeildin það heldur ekki, því að það verður að taka það til athugunar, að ráðherra hefir engin yfirráð yfir millilandaskipunum. Þau hafa ekki styrk úr landssjóði og við getum ekki skyldað þau til að koma við í Stykkishólmi eða neinum öðrum stað. Eg fæ ekki séð, að það hafi meiri áhrif, þótt þingdeildin skori á ráðherra að taka þetta til greina, en hver einstakur þingmaður. Eg er sannfærður um, að fyrverandi ráðherrar hafa gert, og að hver sem er

ráðherra, gerir í þessu efni það, sem hann getur.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg mótmæli því, að það sé þýðingarlaust að samþykkja þessa tillögu, því það hefir meiri kraft, að samþykkja þingsályktun en dagskrá, og er styrkur fyrir stjórnina gagnvart félögunum að hafa yfirlýstan, skýran þingvilja að baki sér. Mér finst það undarlegt, að þingmenn skuli koma með rökstudda dagskrá, því hún grefst í þingtíðindunum og hefir ekkert gildi.

Eg vil benda hv. þm. Snæf. (S. G.) á, að það er engin ósanngirni í því, þótt Thore-skipin séu látin koma við á Vopnafirði 8 sinnum hvora leið. Beri maður saman Vopnafjörð og Mjóafjörð, þá er miklu meiri ástæða til þess, að láta skipin koma við 16 sinnum á Vopnafirði, heldur en 24 sinnum á Mjóafirði.

ATKV.GR.:

Röddstudd dagskrá samþykt með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Ólafur Briem.
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Bjarni Jónsson þm. Dal. var ekki viðstaddur.

Málinu þannig vikið frá.

Frímerki.

TILLAGA til þingsályktunar um frímerki með mynd Jóns Sigurðssonar (A. 111).

Ein umr. samþ. 10. marz.

Ein umr., 14. marz (A. 111).

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Eg býst við, að hin hv. þingd. taki þessari tillögu vel, svo að ekki þurfi að styðja hana með mörgum orðum.

Eins og menn vita, er aldarafmæli Jóns Sigurðssonar í vor, og hefir margt verið gert til að gera það sem vegsamlegast. Minnisvarði verður honum settur þá, sömuleiðis hafa margar raddir heyrst um það, að stofnsetja háskólann þann dag. Í þriðja lagi hefir tillaga sú, sem nú liggur hér fyrir, verið rædd nokkuð í blöðunum og víðar.

Eg þarf ekki að taka það fram, að þetta er alíslenzkt mál, þótt póststjórn Dana muni hafa ráðið mestu um gerð frímerkja hingað til, enda hefir gerð þeirra verið eftir því. En nú er mál til komið, að Íslendingar fari sjálfir að ráða gerð frímerkja sinna. Það verður ekki alllítill tekjuauki, sem landið fengi af þessum frímerkjaskiftum, þótt tæplega mundi hann verða eins mikill og síðast, er skift var um frímerki.

Við flutningsmenn höfum ekki viljað tiltaka fjölda frímerkjanna, gerð þeirra né hve lengi þau skuli gilda; það viljum við leggja á vald póststjórnarinnar, er betri þekking hefir á þeim málum en við.

Það má vera, að sumum kunni að þykja óþarft að bera upp þessa tillögu, en þar til er því að svara, að þar sem engin trygging er fyrir því, að stjórnin taki þetta upp hjá sjálfri sér, teljum vér þessa leið öruggari til þess að koma málinu í framkvæmd.

Bjðrn Jónsson: Eg skal að eins geta þess, að hin fráfarandi stjórn hefir fyrir löngu lagt drög til frímerkjaskifta, en virðulegir flutningsmenn hafa ekki látið svo lítið, að spyrja stjórnina um það. Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að tvíkongafrímerkin verði lögð niður, en í stað þess verði tekin upp frímerki, er verði sum með mynd konungs einni, sum með mynd Jóns Sigurðssonar, og enn nokkur með íslenzkum landslagsmyndum.

Það getur verið, að þetta þyki ónýtt af því, að það er gert af vantraustsstjórn. En ef þessir vantraustsmenn vilja láta hætta við það, þá er vandinn enginn annar en að síma þegar þá skipun til Khafnar.

Hannes Hafstein: Eg mótmæli þeim orðum háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), að póststjórn Dana hafi ráðið gerð íslenzkra frímerkja. Það er ráðherra Íslands í samráði við póstmeistara, sem ráðið hefir þessu. Gerð frímerkjanna nú er miklu betri en áður, því að nú eru notaðar stálstungumyndir í stað tréskurðarmynda, sem áður var, og tekur lengri tíma nú en áður að fá ný frímerki gerð. Seinast þegar skift var um frímerki, voru myndir beggja konunganna, Chr. IX. og Fr. VIII, settar á frímerkin til bráðabirgða, og var frá upphafi tilætlunin, að bráðlega kæmu önnur frímerki í staðinn. Í samræmi við það hefir fyrverandi ráðherra nú gert ráðstafanir til breytinga á frímerkjunum. Að því er snertir frímerkin til minningar um 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, á fráfarandi stjórn þakkir fyrir, að hafa tekið þetta upp hjá sjálfri sér, og sett það í verk, ella hefði ekkert orðið úr þeirri tilbreytni. Ef fyrst nú hefði átt að fara að gera ráðstafanir í þessa átt, hefði verið ómögulegt að fá frímerkin fyrir 17. júní vegna þess, hve langan tíma það tekur að fá ný frímerki gerð.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Háttv. tveir fyrv. ráðherrar hafa tekið illa þessari meinlausu tillögu. Það var óþarft af háttv. þm. Barð. (B. J.) að ásaka oss um, að vér vildum gera honum einhverja skráveifu með tillögunni. Vér höfðum enga hugmynd um ráðstafanir hans í þessu efni, en þótt það komi oss á óvart, erum vér honum þakklátir fyrir þessa óvæntu röggsemi hans, sem farið hefir verið með sem mannsmorð. Vér höfðum því síður ástæðu til að búast við þessu, þar sem landritari gat þess á fundi í vetur, að hann væri mótfallinn frímerkjaskiftum, og sýndi það að minsta kosti, að honum var ókunnugt um þessa ráðagerð.

Um það, sem 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að Danastjórn hefði engu ráðið um gerð frímerkjanna, þá fullyrti eg ekkert um það atriði. En það stend eg við, að gerð þeirra hafi farið hnignandi. Frímerkin með tveimur kongunum eru óskýrari í allri gerð en þau eldri voru, og þarf nú að rýna lengi í þau, til þess að sjá »Ísland«. Það eina, sem er nokkurnveginn skýrt á þessum frímerkjum, er myndin af kongunum tveimur og stafirnir »*R. D.*« (Rex Danorum, konungur Dana). Eldri frímerkin voru skýr og glögg, og »Ísland« stóð þar greinilega.

Að það taki svo langan tíma að búa til frímerki, að ekki mundi vera búið að því fyrir afmælisdag Jóns Sigurðssonar, nær engri átt. Nú er miður marz, og afmælisdagur Jóns Sigurðssonar 17. júní. Það eru þrír mánuðir fullir og skil eg ekki annað, en það sé yfrið nógur tími til þess að gera úr garði eina tegund frímerkja.

En úr því skýlaus yfirlýsing hefir komið um, að verið sé að búa frímerkin til, þá eru óþarfar frekari umræður um þetta mál, og tek eg tillöguna aftur.

Bjðrn Jónsson: Eg kannast ekki

við, að eg hafi farið með þetta mál, eins og neitt mannsmorð. Flutningsmenn hafa rokið til og borið þessa tillögu fram, án þess að spyrja mig, hvort eg hafi nokkuð gert í þessu máli. Eg hefi þó daglega verið hér í deildinni, svo þeir hefðu getað spurt mig um það, og þá hefðu þeir getað sparað sér þetta ómak.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla ekki að blanda mér í deilur þær, sem hér hafa orðið. En eg get ekki stilt mig um að lýsa gleði minni yfir því, að hin fráfarandi stjórn hefir gert ráðstafanir til þess að láta búa til þessi frímerki og alt landið mun vera henni þakklátt fyrir það, og telja þetta vel gert, með því tilbúningur þessara frímerkja er einkarvel fallinn til þess að minna á og gera hátíðlegt aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, og tel eg litla þörf á að sakast um það, þótt stjórnin væri ekki nú búin að birta þessa ráðstöfun sína.

Hannes Hafstein: Háttv. flutnm. (B. Sv.) efaðist um, að það væri rétt hermt hjá mér, að það tæki svo langan tíma að búa til frímerkin, en eg get fullvissað hann um, að það er alveg rétt. Það er ekki hægt að búa til frímerkin, fyr en búið er að grafa stimplana, og það er ekki nóg, að grafa einn stimpil, heldur þarf að grafa eins marga og frímerkin eru í hverri örk. Og síðast, þegar frímerkin með tveim kongunum voru búin til, tók það næstum því eitt ár.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg heyrði áðan, að flutningsm. tók tillögu sína aftur. Mætti eg spyrja, hvaða mál það er, sem nú er til umr. hér í deildinni?

Forseti: Eg er svo frjálslyndur, að eg vildi ekki meina hinum tveim fyrv. ráðherrum að svara fyrir sig, þótt búið væri að taka tillöguna aftur. En háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) getur tekið hana upp aftur, ef hann vill. Vilji hann það ekki, þá er hún úr sögunni. Háttv. þm. veit það vel, að tillögu, sem tekin er aftur, getur hver þingdeildarmaður sem er tekið upp, og tillagan er þá fyrst dauð, er enginn vill taka hana að sér.

Spurði þá forseti, hvort nokkur þingdeildarmanna óskaði að taka upp tillöguna og gaf enginn sig fram til þess.

Skipaafgreiðslumenn.

TILLAGA til þingsályktunar um skipaafgreiðslumenn. (A. 139).
Ein umr. samþykt 14. marz.

Ein umr., 15. marz (A. 139).

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Það er vegna almennra umkvartana í sumum norðurhreppum Eyjafjarðarsýslu, að eg ber fram þessa þingsályktunartillögu, enda lýsti þingmálafundur, er eg hélt á Dalvík, yfir óánægju að þessu leyti; sérstaklega var því beint að Thorefélaginu, sem nýtur aðallega styrks úr landssjóði, að það léti ekki svo litið að fela neinum sérstökum manni móttöku eða afgreiðslu á slíkum farangri. Þetta er mjög bagalegt fyrir menn, sem búa í fjarlægð frá viðkomustað skipanna og annaðhvort ætla að senda eitthvað, eða eiga von á einhverju með skipunum, að vita ekkert, hvert þeir eiga að snúa sér með þau erindi sín. Þess vegna er það, að eg hefi leyft mér að flytja þessa ósk kjósenda minna í því formi að skora á stjórnina, að hún hlutist til um, að öll þau skip, eða útgerðarfélög, sem njóta landssjóðsstyrks til strandferða, hafi að sjálfsögðu ákveðinn afgreiðslumann á hverjum viðkomustað, er stendur á áætlun. Þessum umkvörtunum er sérstaklega, eins og eg gat um, beint til Thorefélagsins og furðar mig það ekki, ef það er rétt, sem eg

hygg að sé, að það borgi ekki afgreiðslumönnum nema 4% af fragtinni, en hvorki fyrir farþega eða ferðir sérstaklega, í það minsta ekki á smærri viðkomustöðum, þar sem hið sameinaða mun borga auk þessa 2% af farþegagjaldi, 5 kr. fyrir hverja ferð strandbátanna og 10 kr. fyrir hverja ferð millilandaskipanna. Það er því eigi að furða, þótt illa gangi fyrir Thore að útvega afgreiðslumenn á öllum viðkomustöðum, því það mundi ekki borga sig svo sérlega vel.

Eg vona nú, að stjórnin hlutist til um, að hér verði ráðin bót á. Sérstaklega er það óheppilegt og ilia liðið, þegar afgreiðslumenn eru engir til á afskektum stöðum og dvöl skipanna því venjulegast lítil.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Guðsþakkafé.

TILLAGA til þingsályktunar um gæzlu á guðsþakkafjám (A. 334).
Ein umr. samþ. 31. marz.

Ein umr., 18. apríl (A. 334).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg hefi leyft mér að koma fram með þessa tillögu sökum þess, að sjóðum og gjafafé til guðsþakka hefir á ýmsan hátt verið stjórnað og varið öðru vísi en tilgangur hefir til verið í öndverðu. Eins og menn vita, hafa kristfé og kristfjárjarðir víða verið til hér á landi frá fyrri öldum. Lá þetta fé lengi undir stjórn biskupa og prófasta. Á 17. öld, þegar höfuðsmannavaldið var hér sem magnaðast, vildu höfuðsmenn ná í kristfén og leggja til Viðeyjarklausturs, en flytja þangað ómagana, sem þeirra nutu. Ekki náði það þó fram að ganga, því að biskupinn, sem þá var, Brynjólfur Sveinsson, var ráðríkur og lét ekki á sig ganga. Á 18. öld, þegar Harboe var hér, heimtaði hann skýrslur um fén og enn voru skýrslur heimtaðar 1820; þótti misjafnlega ganga um meðferð og stjórn fjárins. 1859 komu bænarskrár til alþingis víða af landinu, þar á meðal úr Austfjörðum, um kristfén og höfðu þær þann árangur, að nokkur þessi fé voru lögð undir umsjón sveitarstjórna 3. júní 1867. Þetta var gert að því er auðsætt virðist þvert ofan í anda og tilgang gefendanna. Meiningin var sú, að veita þurfamönnum guðshneysulaust styrk, er eigi gæti metist sem sveitarstyrkur. Nú er þetta fé notað allvíða að minsta kosti í sveitarþarfir, og þurfamönnum, er þess njóta þar með gerð hneysa með styrkveitingunni. Nú vita menn ekki með vissu, hversu mikið þetta fé muni vera frá fyrri og síðari öldum. Stendur svo í mörgum gjafabréfum, að féð sé lagt til framfærslu náskyldustum ómaga í ætt gefandans. Svo er í gjafabréfi Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar 1386, er hann gefur sína beztu jörð, er hann telur, Grund í Svarfaðardal, til kristfjárómagaframfæris. Sama er að segja um kristfjárómaga í Hítardal, er vera skyldi af ætt Þorleifs lögmanns hreims, er uppi var í það mund, er konungsvald komst hér á. Enn var kristfjárómagi á Hvalsnesi af ætt Svarthöfða, sem þar bjó. Þórarinsstaðalegat eða Arnsteinslegat, sem fylgt hefir Hrunaprestakalli, var og gefið með sama fororði. Í Mýrasýslu voru þrætur um eina slíka jörð á 19. öld, hvort varið skyldi til hreppsnota eða ekki. Landstjórnin hefir verið mjög kærulaus í þessu efni og ólöglegt virðist það með öllu, að láta sveitarstjórnirnar hafa afskifti af þessu fé.

Tildrögin til þess, að eg ber fram þessa tillögu eru þau, að nefnd sú, er fráfarandi ráðherra skipaði til að íhuga meðferð Thorkilliisjóðsins, fal mér eftir samþykt á fundi að gera það. Það er eins og með þennan sjóð. Hann er gef inn til guðsþakka og skal ávöxtum hans varið til kenslu fátækum börnum í Kjalarnesþingi. Hefir stjórnarráðið úthlutað styrknum og afhent hann hreppstjórnunum, en þær notað hann að nokkru leyti til framfærslu fátækum börnum. Nú er barnafræðsla auk þess öll lögð á landssjóð og héruðin.

Það hefir ennfremur þótt bóla á því, að kristfjárjarðir væru bygðar óhæfilega lágt, kostajarðir fyrir eins ómaga framfæri, þótt afgjaldið að réttu lagi ætti að vera jafnvel tveggja ómaga framfæri. Þetta kom fram í bænarskránum 1859, og mér er sagt, að svo sé enn, t. d. um kristfjárjarðir í Austfjörðum, mestu kostajarðir: Fossvellir, Ketilsstaðir, Kóreksstaðir, (Grímsstaðir), Arneiðarstaðir, Sómastaðir og Búlandsnes og enn fleiri. Kristfé átti og ferjan á Jökulsá. Í Þingeyjarþingi voru kristfjárómagar á Grenjaðarstað og stóð fyrir Geitafell, Hóll í Höfðahverfi, Fagrabær, Prestshvammur, Bakki á Tjörnesi og Grænavatn. Í Skaftafellssýslu voru þessar kristfjárjarðir: Breiðabólstaður og Keldugnúpur á Síðu, Dalbær, Uppsalir, og ómagaskylda á Stafafelli. Í Húnavatnsþingi: Hvammur í Vatnsdal og Hóll á Skagaströnd. Í Eyjafjarðarsýslu: Laugaland syðra, 5 hndr. úr heimalandi á Tjörn í Svarfaðardal, Núpufell, Grund í Svarfaðardal, sem áður er getið, Teigur, Fagraskógur, Kleif, Kristnes, Möðrufell, Björk, Þórisstaðir, Kroppur, Uppsalir. 15 hndr. í Auðbrekku, 15 hndr. í Saurbæ. Þyrfti að athuga þetta, þegar Saurbær kynni að verða seldur. Í Árnesþingi auk Þórarinsstaða, sem getið var: Kolsholt hálft og ómagaskyld í Villingaholti. Í Skagafirði: Ytra-Vallholt. Í Mýrasýslu: Hítardalur, sem getið var, en löngu mun kvöðin þar af fallin, og Ferjubakki; mun kvöðin einnig vera þar af fallin, því að á jörðum, er konungur tók undir sig, féllu niður slíkar kvaðir.

Eftir því sem nú hefir verið rakið, hefi eg komið með tillöguna til þess, að alt þetta mál verði rannsakað, bæði fornar gjafir og seinni tíma gjafir. Það, sem hefir hingað til runnið í sveitarsjóðina, verður ekki hægt að krefja aftur. En fén má heimta, eftir því sem gjafirnar hafa verið til stofnaðar: fátækum þurfamönnum guðs til styrktar hneysulaust. Thorkillinefndinni þykir nauðsyn til bera að rannsaka þetta og hefir farið þessa leið, að snúa sér til þingsins, til þess að einhlítt væri, að málið næði fram að ganga og gangskör kæmist á það, því að rannsóknin mun verða svo mikil, að nokkurt fé þarf til. En ekki mun Thorkillinefndin taka neitt fyrir sinn starfa. Málið alt er svo merkilegt, að nauðsynlegt er að rannsaka meðferð og stjórn fjárins, og vona eg því, að till. nái fram að ganga, þar sem um nauðsynjamál er að ræða, er alt landið varðar.

ATKV.GR.

Till. feld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,

Já:	*Nei:*
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Fjarverandi voru: Eggert Pálsson, Einar Jónsson, og Jón Jónsson N.-M.

Stöðulögin.

TILLAGA til þingsályktunar um hin svo nefndu lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871 (A. 422), 31. marz.

Hannes Hafstein: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að tillaga þessi verði *ekki* rædd hér í deildinni. Efni hennar er áður samþykt á þinginu 1873, og seinast, þegar rætt var um sambandsmálið í millilandanefndinni í Khöfn, var því lýst yfir af íslenzku nefndarmönnunum, að Íslendingar viðurkendu alls ekki stöðulögin sem bindandi lög fyrir Ísland. Það er ekkert tilefni til að fara að endurtaka þessi mótmæli nú, sizt í þessu formi. Orðalagið »hin svo nefndu lög« er ókurteislegt, því að þótt vér ekki viðurkennum þau sem íslenzk lög, þá eru þau gildandi lög í Danmörku, samþykt af ríkisþinginu og staðfest af konungi og eftir þeim njótum vér fjárframlags úr ríkissjóði, sem vér víst ekki viljum afsala oss, og fleiri hluta, er frá sjónarmiði Dana eru mjög mikil hlunnindi. Eg vildi helzt, að þingsályktunartillaga þessi væri tekin aftur, eða þá felt að ræða hana.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það er svo langt frá því, að ástæða sé til að taka þessa tillögu aftur, að hún er alveg sjálfsögð og á að samþykkjast hér í deildinni, einmitt nú, þegar breyting á stjórnarskránni, er ný samþ. hér, og við, sem vildum nema burt úr stjórnarskránni tilvitnunina í stöðulögin, fengum því ekki framgengt. Það er þessvegna því meiri ástæða til að bera þessa tillögu fram nú.

Forseti gat þess, að umræður um málið væru ekki leyfðar á þessu stigi og ákvað eina umræðu um það.

Ein umr., 5. apríl. (A. 422, 471).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hygg bezt að hafa sem fæst orð um þetta mál; það er svo skýrt og ljóst, að í raun og veru gætu menn þegar gengið til atkvæða um það umræðulaust. Okkur flutningsm. þótti sjálfsagt að láta þessa tillögu koma fram um leið og stjórnarskrárfrv. væri afgreitt af deildinni. Svo sem mönnum er kunnugt, hefir tilvitnunin í stöðulögin verið látin óbreytt í 1. gr. frumv., og hefir það eingöngu verið gert af »taktiskum« ástæðum; menn greindi á um það við 1. umr., hvort betra væri að orða þessa grein um eða láta hana óbreytta, og varð hið síðara ofan á. En úr því að svo fór, þótti okkur flutningsm. sjálfsagt, að alþingi tæki það skýrt fram á annan hátt, að það teldi ekki stöðulögin bindandi fyrir Ísland; þess vegna höfum við látið þessa till. verða samferða stjórnarskránni. Í till. er vísað til mótmæla þeirra, er komu fram gegn stöðulögunum á alþingi fyrir 40 árum, 19. ágúst 1871. Í alþingistíðindunum fyrir það ár, er greinilega skýrt frá, hvað þá fór fram. Atkvæðagreiðslan um málið fór fram með nafnakalli og getur hver sem vill kynt sér, hverjir nýtir menn þá greiddu atkvæði með og móti.

Að svo vöxnu máli finn eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efni þetta. Eg óska að eins að till. geti farið rifrildislítið til atkvæða, enda hygg eg flesta hér inni sammála um innihald hennar. Því hefir verið hreyft, að

óþarfi væri nú að koma fram með slík mótmæli, því að millilandanefndin hafi á sínum tíma gert það. En ekki er góð vísa of oft kveðin, enda hefir komið fram krafa á þingmálafundum allvíða um land, um að endurnýja þessi mótmæli, og tjáir ekki að skella skolleyrunum við því.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg býst við, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hafi sannnfært hina tómu stóla hér í deildinni. Eg er samdóma honum um efni till., en finst það óviðkunnanlegt að vega oft að dauðum hundi, að vera altaf að krukka í sama farið. Þegar nefnd var skipuð til þess að fjalla um stjórnarskrárfrv., var mikið um það rætt, hvort koma ætti fram með algerlega nýtt frumv., eða að eins breyta hinum einstöku greinum stjórnarskrárinnar. Menn völdu hið síðara vegna þess, að þá þurfti ekki að hreyfa við þeim greinum, þar sem vitnað er í stöðulögin og þar með stofna allri stjórnarbótinni í bersýnilega hættu. Hins vegar kom nefndinni saman um að tekið skyldi fram í deildinni, að þar með væru stöðulögin engan veginn viðurkend. Það er því ekki um efni till., að eg er ósamdóma hinum háttv. flutnm. (J. Þ.), heldur um formið. Þess vegna hefi eg og hv. þm. S-Þing. (P. J.) komið okkur saman um að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

»Þingdeildin lýsir yfir því, að með því að ganga í breytingum sínum á stjórnarskránni fram hjá öllum stöðulagaatriðum, hefir hún alls ekki viljað viðurkenna gildi þessara laga, eins og alþingi, síðan það mótmælti gildi stöðulaganna 19.ágúst 1871, aldrei hefir samþykt þau, og með þessari yfirlýsing tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Eg skil ekki annað, en að allir sjái að dagskráin tekur fram hið sama sem þingsályktunartillagan. Hér er skýrt og ljóst að orði kveðið, svo að engum þarf að blandast hugur um, hver sé skoðun og vilji þingsins í þessu máli. Við flutningsm. óskum nafnakalls, svo að það sjáist, hverjir greiða atkvæði með dagskránni og hverjir móti. Ef hún verður feld ætlum við ekki að greiða atkvæði um tillöguna.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Um dagskrána er það að segja, að eg álít hana óhafandi. Að efninu til er hún að vísu samhljóða þingsályktunartillögunni, en hún hlýtur að vera fram komin eingöngu vegna þess, að flutnm. vilja fara sem vægast í þetta mál, — því að rökstudd dagskrá, er veikari, vægari en þingsályktun — eða þá vegna þess, að þeir þykjast of miklir menn til þess að greiða atkvæði með tillögu, sem mótstöðumenn þeirra bera fram. Eg vil því skora fastlega á hina háttv. deild að aðhyllast þingsályktunartillöguna.

Skúli Thoroddsen. Eg verð að taka undir með háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), að þessi dagskrá getur að eins verið fram komin til þess að draga úr og milda málin. Þingsályktunartillagan er mun kröftugri. Þessi rökstudda dagskrá mundi hvergi vekja neina eftirtekt, en fyrir hinu er full trygging, að þingsályktunin þó kemur til eyrna dönsku stjórnarinnar, svo að hún fær að vita skoðun alþingis um þetta mál. Hér er ekki um annað að ræða, en áminning til Dana um, að alþingi vilji ekki una við stöðulögin og ætti þetta að geta orðið konungsvaldinu og Dönum hvöt til þess, að taka kröfur vorar í sambandsmálinu til íhugunar. Eg vil því eindregið mæla með, að tillagan verði samþykt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil leyfa mér að vekja athygli á, að það er alveg rangt, að dagskráin fari

vægara í málið en tillagan; hún er þvert á móti fult svo skorinorð og þar að auki er þetta miklu heppilegri aðferð, heldur en að vera að samþykkja eina þingsályktunartillöguna ofan í aðra. Alþingi hefir þegar einu sinni látið skoðun sína um þetta mál í ljósi með þingsályktun og hefir aldrei síðan vikið frá þeirri skoðun og mun aldrei víkja frá henni. Eg get ekki heldur séð, að þingsályktunin geti haft nein meiri áhrif en dagskráin. Dagskráin mundi ekki síður verða heyrin kunnug og í henni eru fólgin hin sterkustu mótmæli þingsins. Eg vona því, að hin háttv. deild samþykki hana.

Jón Magnússon: Mér stæði á sama, hvort dagskráin eða tillagan væri samþykt, ef ekki væri vísað til þess í tillögunni, að hún væri látin verða stjórnarskránni samferða, eins og til áréttingar. Við fyrri breytingar á stjórnarskránni hafa menn óttast, að það kynni að verða skoðað sem samþykking á stöðulögunum, að tilvitnunin til þeirra hefir verið látin standa óbreytt. Að því leyti getur að eins stj.skrárfrv. það, sem samþykt var á þingunum 1902 og 1903, haft þýðingu. Eg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að það sé röng kenning, að það atriði hafi haft nokkra þýðing, hvorki til né frá um viðurkenning eða gildi stöðulaganna, en þessi þingsályktunartillaga gæti bent í þá átt, að menn væru hræddir um, að svo væri. En þá hefði einmitt þingsályktunartill. einmitt enga þýðing. Þar að auki ætti hún ekki að koma fram, fyr en stjórnarskrárfrv. væri samþykt í efri deild. Yfir höfuð er þessi aðferð, að samþykkja þingsályktunartillögur, mjög svo misbrúkuð hér á þinginu. Það var eðlilegt, að ráðgjafarþingin reyndu að koma áhugamálum sínum fram á þann hátt, en það er óviðfeldin aðferð fyrir löggjafarþing.

Loks vil eg geta þess, að eg kann ekki við, að vitnað sé í rit í þingsályktunartillögu; slíkt líkist meir skjalaverði en löggjafa og minnist eg ekki, að það hafi verið gert fyr hér á þingi.

Bjarni Jónsson: Eg vil að eins lýsa yfir þeirri skoðun, að mér virðist augljóst, að ályktunin muni verða áhrifameiri en dagskráin, sérstaklega þegar þess er gætt, að dagskráin miðar að því að taka ályktunina út af dagskrá. Annars skil eg ekki, hvers vegna dagskráin er fram komin, úr því að þeir, sem bera hana fram, eru sammála okkur hinum um aðalatriðið.

Skúli Thoroddsen: Eg skil dagskrána svo, að flutningsmenn hugsi sér tvent með henni. Gagnvart Dönum geta þeir sagt: Við drápum þingsályktunartillöguna með dagskránni. Gagnvart Íslendingum: Dagskráin er skorinorð, ekki vantaði það, að við tókum munninn nógu fullan. Þetta hlýtur að vera meining þeirra. Þess vegna vil eg skora á hina háttvirtu deild að samþykkja tillöguna.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Út af orðum hins hv. þm. Vestm. (J. M.) vil eg geta þess, að þó að svo geti staðið á, að það sé lítilsvert og jafnvel óviðeigandi fyrir löggjafarþing að samþykkja þingsályktunartillögur, þá er það í slíku stórmáli, sem hér er um að ræða, afarmikilsvert, að alþingi lýsi yfir skoðun sinni og er þá þingsályktunin bezta og ákveðnasta formið.

Hinn sami háttv. þm. fann það að tillögunni, að í henni væri vitnað í bók (Alþingistíðindin 1871), en það er að eins gert til hægðarauka. Mér varð leit úr því að finna mótmælin í alþingistíðindunum og þess vegna tók eg upp til-

vitnunina, svo að hver sem vildi gæti fundið þau og lesið. Tilvitnunin ætla eg því að sé til bóta, en ekki baga.

Eg hygg, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafi getið nokkuð rétt til um, hver væri tilgangur dagskrárinnar og vona eg að hún verði feld.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil að eins gera örstutta athugasemd. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að dagskráin horfði í tvær áttir, til Dana og Íslendinga. Það er alveg rétt, en að eins á annan hátt, en hann vildi vera láta. Hún er skorinorð gagnvart Dönum, en Íslendingum bendir hún á það, að vér viljum ekki hafa að engu þingsályktun þá, sem samþykt var af alþingi í tíð Jón Sigurðssonar. Þetta er hinn rétti skilningur á dagskránni.

Sigurður Sigurðsson; Eg vil að eins leyfa mér að fara fram á það við hina háttv. flutningsm. till., að þeir taki hana út af dagskrá að þessu sinni, því að stjórnarskráin er ennþá ekki afgreidd af þinginu og virðist því heppilegra að bíða með tillöguna, þangað til búið er að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna til fullnustu.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Út af þessari áskorun skal eg geta þess, að stjórnarskráin er í rauninni afgreidd af þinginu, að því er þetta atriði snertir. Þetta veit hinn háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) ofur vel. Þingsályktunin er því orð í tíma talað og er sjálfsagt að samþykkja hana í dag og einmitt í dag.

Benedikt Sveinsson: Mér finst tilhlýðilegt, að þingsályktunin verði samþykt í dag, þar sem hin háttv. deild einmitt fyrir rúmum hálftíma hefir afgreitt stjórnarskrárfrv. Engum kemur til hugar að Ed. muni gera breytingar á frv. að þessu leyti og virðist því í alla staði eðlilegt, að ályktunin sé látin fylgja frumvarpinu. Annars get eg ekki séð, að það sé »rökstuddu dagskránni« til málsbóta, að hún er stórorðari en till. Ályktunin mun áreiðanlega reynast áhrifameiri, þótt hún sé höglegar orðuð en dagskráin. Það er mjög leitt, að menn skuli ekki allir geta orðið á eitt sáttir um þetta mál og fylgst að í atkvæðagreiðslu um það með einu samþykki. Í þessu efni má enginn flokkarígur komast að. Hér eigum vér allir sem einn maður að fylgja fram réttindum þjóðarinnar.

Eg vona nú að flutningsmenn »dagskrárinnar« taki hana aftur og greiði síðan atkvæði með tillögunni sem einlægir og sannir föðurlandsvinir.

Pétur Jónsson: Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) fékst um, að ekki skyldu allir þingmenn, allir sannir föðurlandsvinir geta orðið sammála um að samþykkja þessa þingsál.till. En þessi ósk hans kemur nokkuð seint fram; að minsta kosti veit eg ekki til, að leitað hafi verið samkomulags um tillöguna, áður en hún var borin fram hér í deildinni. Hér greinir menn eiginlega á um form eða framgangsmáta, en ekki um innihald. Ef háttv. flutningsm. tillögunnar hefir verið það kappsmál, að allir föðurlandsvinir samþyktu hana, þá áttu þeir að bera hana undir fleiri en flokksmenn sína eina. *(Benedikt Sveinsson:* Við berum hana undir alla þingdeildina). Það er töluverður munur á formi, hvort valinn er sá vegur að taka rökstudda dagskrá eða þingsályktunartillögu. Þgsáltill. er venjulegt form fyrir áskorun til stjórnarinnar um að gera það og það. Þar á móti er dagskrá heppilegt form fyrir yfirlýsing um skoðun þingdeildar á máli, sem deildin að öðru leyti gerir enga ályktun um. Rökstudd dagskrá á því betur við í þessu máli.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar málið var rætt í nefndinni, var rætt um, að þingið kæmi fram með yfirlýsingu í þessa átt. Nú hefir minni hl.

einn komið með þessa yfirlýsingu, en ef hann hefði beðið lengur, mundi nefndin hafa flutt hana fram, en orðað hana öðru vísi. Ef tillögumenn taka till. sína aftur, tökum vér till. vora um rökstudda dagskrá aftur.

Bjarni Jónsson: Eg skil ekki, hví þessi rökstudda dagskrá er fram komin. Vér berum fram vora tillögu með skírskotun til alþingissamþ. 1871, og er hún fram komin af því, að vér höfum ekki farið sömu leið, sem á síðasta þingi. Rökstudd dagskrá er grafin í þingtíðindunum, og menn munu segja, að úr því að málið hefir verið tekið út af dagskrá, hafi stjórnin enga hvöt til að framfylgja málinu. Það var rétt hjá háttv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.), að tvær væru hliðar á þessu máli, önnur inn á við, en hin út á við gagnvart Dönum, og er það skylda vor að fylgja þeirri hlið málsins einarðlega fram. Allar fortölur háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) eru árangurslausar, því að þótt hann sé sléttmáll, þá kann hann þó ekki það, sem á grísku er kallað τὸν ἥττω λόγον χρείττω ποιεῖν, eða að gera lakara málstað betra. Þeir sem komið hafa fram með dagskrána, hafa engar ástæður getað fært fyrir henni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Má eg benda á það, að rökst. dagskrá er ekki beint að nokkurum lifanda manni, hvorki konungi né stjórninni, heldur að þingsályktunartillögunni.

ATKV.GR.:

Till. um rökst. dagskrá feld með 16:9 atkv. með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hl.

Brtill. á þgskj. 471 sþ. með 24 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	
Bened. Sveinsson,	
Bjarni Jónsson,	
Björn Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Sigfússon,	
Einar Jónsson,	
Hálfd. Guðjónsson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Atkv. greiddu ekki og voru taldir í meiri hlutanum: Eggert Pálsson, Hannes Hafstein, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, Pétur Jónsson og Stefán Stefánsson. Jón Jónsson S.-Múl. var ekki viðstaddur.

Tillagan (A. 422) þannig breytt sþ. með 20:2 atkv. með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Benedikt Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson.
Bjarni Jónsson,	
Björn Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Björn Sigfússon,	

Já:	*Nei:*
Hálfd. Guðjónsson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Atkv. greiddu ekki og voru taldir með meiri hlutanum: Eggert Pálsson, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, Pétur Jónsson og Stefán Stefánsson.

Fjarstaddir voru: Einar Jónsson, Jón Jónsson S.-M. og Sig. Sigurðsson.

Landhelgisgæzla.

TILLAGA til þingsályktunar um landhelgisgæzluna við Ísland. (A. 468).
Ein umr. samþ. 5. apríl.

Ein umr. 19. apríl (A. 468, 662).

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Það var komið nærri þessu máli, sem hér liggur fyrir, í umræðunum um fjárlögin á dögunum, og þær umræður eru tilefnið til þess, að þessi till. er hér fram komin, það er að segja það af umræðunum, sem hneig að þeim hluta af botnvörpungasektunum, sem ætlast var til að rynnu í ríkissjóð Dana.

Þessi till. er ekki nein tituprjónastunga í Dani, heldur en fjárlagaákvæðið, sem á undan er gengið, það sýnir hún sjálf. Eg held að ræða Neergaards, sem við, háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og eg, höfum látið fylgja hér með kafla úr, sýni það svo ljóslega, í hverju skyni þetta skip er látið vera hér við land, að Íslendingar geti ekki að óskertum sóma sínum goldið neitt til þess, eins og það er skilið frá þeirri hlið, það er að segja sem storkunarfleyta á oss Íslendinga. En jafnskjótt sem Danir viðurkenna drottinvald vort yfir sjóleiðum hér og landhelgi, þá er sjálfsagt að gjalda þeim fyrir strandgæzluna, svo framarlega sem þeir vilja þá hafa hana á hendi áfram, og þá má líta á það, hvort vér viljum heldur sjálfir taka að oss varnirnar, eða semja um það við Dani eða aðra. Þessi tillaga er því fram komin til þess, að láta þá yfirlýsingu fylgja þeirri synjun um styrk til varðskipsins, er vér samþyktum hér á dögunum, að vér séum fúsir til þess, ef þeir kannast við vorn rétt, að láta þá koma fyrir strandgæzluna annaðhvort samning um veiðirétt, sem þeir hingað til hafa tekið sér í leyfisleysi, eða þá peninga. Þetta er til þess að sýna Dönum, að við neitum þeim ekki um þetta fé af óvild, heldur til þess að mótmæla skoðun þings þeirra á rétti okkar, og til þess að sýna góðan vilja vorn til samninga við þá, um leið og vér gætum þjóðarsómans.

Brtill. á þgskj. 662 er eingöngu til skýringar. Það er ekki heppilegt, að að orða þetta svo, að Ísland skuli leggja fram fé, því að eins og eg sagði áðan, getur hugsast, að í öðru yrði borgað, en þá væri að taka það til íhugunar, hvernig greiða skyldi.

Hugsa eg svo, að till. þurfi ekki mikillar umræðu við.

Hannes Hafstein: Eg ætla ekki að vekja hér umræður, en að eins gera grein fyrir atkvæði mínu.

Það er nú komin fram skýr yfirlýsing um það frá háttv. flutningsm. (B. J.), að hér er að ræða um handaþvott af hálfu þeirra manna, sem greiddu atkv. með því hér á dögunum, að alþingi skyldi ganga frá loforði sínu. Þessi þingsál.till er því okkur óviðkomandi, sem ekki gerðum okkur seka í því, og vildi eg því helzt ekki virða hana þess að greiða atkvæði um hana. Þó vil eg ekki láta telja mig til meiri hl., svo að

ef hæstv. forseti tekur ekki þessa ástæðu mína gilda, þá verð eg að greiða atkv. móti till., og það því fremur, að ef br.-till. yrði samþykt, þá verður tillagan í heild sinni hreinasta ómynd. Það yrði þá svo, að þegar Danir hafa lýst því yfir, að landhelgisgæzlan sé *eingöngu* íslenzkt sérmál, *þá* skuli Íslendingar *taka það til íhugunar*!!, hvort þeir eigi að borga nokkuð til strandgæzlunnar eða ekki! Það getum við gert, hvenær sem vera skal, þótt engin slík viðurkenning liggi fyrir. En sé landhelgisgæzla viðurkent eingöngu sérmál, þá er það sjálfsagt, að við eigum að bera allan kostnaðinn; þá þarf engrar sérstakrar »athugunar« við um það efni. Að ætlast til að Danir verji okkur »gratis«, þótt öllu sambandi sé slitið, er svo aumingjalegur kotungshugsunarháttur, að menn skyldu ekki hafa búist við slíku hjá þessum herrum, sem þykjast vera svo sjálfstæðir og sjálfum sér nógir.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Það er mikið mein, að hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) skuli vera svo skilningssljór í sumu, sem nú sýnist í þessu. Hann talaði um handaþvott, en það þarf ekki að þvo það sem hreint er, það þarf ekki að afsaka það, þótt vér gerum rétt, en á hinn bóginn er hér tækifæri fyrir hann til þess að þvo sig með atkvæði sínu, í stað þess að lýsa því yfir, að hann ætli ekki að gera það. Þetta er ekki af fégleggvi gert, heldur af hinu, að vér getum eigi, þjóðsómans vegna, goldið fyrir slíka gæzlu, og þetta er sannarlega ekki óviðkomandi þeim, sem áður hafa haldið fram hinu gagnstæða.

Honum þótti það ómynd, að taka fjárframlög til íhugunar, og sýna kotungshugsunarhátt. Hann gat sparað sér þau orð, því að eg hafði talað um að gjalda mætti eitthvað annað en peninga, og það ef til vill meira virði en þá peninga, sem greiddir hafa verið. Þetta er því misskilningur eða víssvitandi hártogun.

ATKV.GR.:

Brtill. 662 sþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Till. (468) þannig orðuð sþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Tillagan afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis*.

Sambandsmálið.

TILLAGA til þingsályktunar um samband Danmerkur og Íslands (A. 530). Ein umr. samþ. 11. apríl.

Ein umr., 6. maí (A. 530).

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Eg hafði ekki hugsað mér að hefja langar umræður um þetta mál. Eins og kunnugt er, þá samþykti síðasta alþingi lög um samband Danmerkur og Íslands. Danska stjórnin vildi ekki leggja þau fyrir ríkisþingið. Tilgangurinn með því að bera þessa þingsályktunartill. fram er tvenns konar. Annar er sá, sem veit út á við, að sýna Dönum, sem og öðrum þjóðum, að Íslendingar halda fast við réttarkröfur sínar. Með tillögunni fær ráðherra sérstaka hvöt til að hreyfa málinu og reyna að fá dönsku stjórnina til að leggja það fyrir ríkisþingið. Hefði það ekki litla þýðingu. Þó þau næðu þar ekki fram að ganga, þá ykist þó þekking danskra þingmanna á málum okkar og þekking hinnar dönsku þjóðar um leið. Þá mundu hefjast umræður um það í dönskum blöðum, og þó það bæri ekki árangur í svip, þá mundi það verða okkur mikils vert.

Þá er hin hliðin á málinu, sem snýr að oss sjálfum, að halda vakandi áhuga hinnar íslenzku þjóðar á málinu. Hann verður að vera sívakandi, þar til sigur vinst í máli þessu.

Eg finn svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta að sinni, en bið þangað til mótmælum verður hreyft. *(Jón Þorkelsson:* Það verður enginn á móti því). Því miður er eg hræddur um, að það verði ekki samþykt í einu hljóði.

Jón Magnússon: Eg ætla ekki að fara að ræða málið, og það skal ekki verða mér að kenna, ef deilur spretta af því sem eg segi. Að eins vil eg lýsa því yfir, að heimastjórnarmenn þeir, er hér sitja í deildinni munu greiða atkv. á móti tillögunni. Ástæðurnar til þess að greiða ber atkvæði á móti till. eru að minni skoðun þessar: Í fyrsta lagi er það gersamlega þýðingarlaust að samþykkja tillöguna; um það er ekki hægt að deila. Ráðherra Íslands hefir ekkert vald til að láta málið koma fyrir ríkisþing Dana, og það er engin von um, að hann geti komið því til leiðar, að það verði tekið þar fyrir. Fyrv. ráðherra (B. J.) reyndi það, en fékk afsvar. Það eru engin líkindi til, að öðrum tækist nú betur, þvert á móti.

Í öðru lagi er frumvarpið frá þinginu 1909 ekki þannig úr garði gert, að það sé að vorri skoðun aðgengilegt.

Og loks má geta þess, að þau lög, sem þingsályktunin vill láta ráðherra Íslands koma með til ríkisþingsins danska, eru ekki til, frumvarpið er fallið niður, þar sem lögin hafa ekki hlotið konungsstaðfestingu fyrir þetta þing. Ef hefði verið alvara í þessu, þá hefði átt að samþykkja lögin aftur á þessu þingi, en þar sem þau eru fallin niður, þá sé eg ekki að það sé heimtandi, að þau séu tekin fyrir á ríkisþinginu. Það er nefnilega engin vissa fyrir því, að þau yrðu samþykt af alþingi, þótt þau kæmu aftur samþykt af ríkisþinginu, nema alþingi væri áður búið að binda sig svo, að það gæti ekki tekið það aftur, eftir því sem fram kemur hér á þinginu á síðustu tímum.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að lýsa mínu áliti á þessu máli. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) talaði í nafni heimastjórnarmanna, og áleit tilgangslaust að samþykkja þetta. Hann sagði, að fyrv. ráðh. (B. J.) hefði fengið afsvar, en það er ekki áreiðanlegt fyrir það, að sá næsti fái það einnig. Það er alls ekki að vita, að Danir eða þeirra núverandi stjórn sé sama sinnis nú og þá. Það

hefir komið fyrir, að menn hafa sannfærst, og þó það ætti sér ekki stað nú, þá væri það ómaksins vert að sjá hug þeirra.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) bendlaði þetta mál við vantraust á fyrv. ráðh. (B. J.), til þess að spilla fyrir því við hans flokksmenn. En í þessu atriði á við hann: »Ultra posse nemo obligatur«. Svo lýsti hann því yfir, að flokkur hans mundi ekki samþykkja þetta. Það getur vel verið að svo sé, en eg veit þó, að margir í þeim flokk mundu helzt vilja þau sambandslög, sem samþykt voru á síðasta þingi, ef hægt væri að fá því framgengt (Mótmæli frá þm. Vestm. (J. M.) og 1. þm. Eyf. (H. H.). Það er mitt traust á sumum flokksmönnunum, sem eg segi með þessu. Svo sagði hann, að lögin væru fallin niður, þar eð þau hefðu ekki náð staðfestingu fyrir þetta þing. Það getur vel verið að svo sé, en það gerir engan mun. Ef þeir samþykkja þau, þá mun engin fyrirstaða hér verða fyrir því, að þau verði samþykt. Öll sú mótbára, sem var móti þeim á síðasta þingi var af því, að menn voru hræddir um að þau mundu ekki ná fram að ganga. Annars hefði ekki ein einasta sál verið á móti þeim.

Það voru að eins þessar athugasemdir, sem eg vildi koma fram með.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Eg vil svara háttv. þm. Vestm. (J. M.) nokkrum orðum, þó að háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi í rauninni tekið af mér ómakið. Ræða hans var mjög ihaldssöm, og sú kenning, sem hann flutti, að menn ættu að þagna, ef þeir fengju afsvar, er mjög ísjárverð. Slíkt getur enginn framfaramaður látið sér um munn fara, menn eiga einmitt að harðna við afsvörin. Hvernig hefði farið, ef þm. Vestm. (J. M.) hefði setið á þingum meðan stjórnarskrárbaráttan var háð? Þá hefði hann ekki þurft að vera í vandræðum með að vitna í lagasynjanir. En það var einmitt baráttan, sem gaf oss sigurinn að lokum, og svo mun enn fara. Það er rangt hjá hinum háttv. þm. (J. M.), að þetta sé endurnýjun á vantraustsyfirlýsingunni til fyrv. ráðh. (B. J.). Eg efast ekki um, að hann í þessu máli hefir gert sitt ýtrasta, þótt honum yrði ekkert ágengt. En hver veit, nema nú gangi betur. Allir munu þekkja það af eigin reynslu, að ef nógu lengi er nauðað á manni, þá verður maður að láta undan að lokum. Vér eigum einmitt sífelt að vera að ala á kröfum vorum, svo að Danir verði leiðir og slaki til.

Það er rétt, sem hinn háttv. þm. (J. M.) sagði, að ríkisdagurinn getur ekki sett lög um þetta mál upp á eigið eindæmi, það kemur líka til alþingis kasta. En gerir það nokkuð til, þótt Danir byrji einu sinni og Íslendingar komi svo á eftir. Vér vitum hvort sem er, að fyr eða síðar hlýtur þetta mál að koma til meðferðar á ríkisdeginum, þótt vér í rauninni eigum aðgang að konunginum einum.

Loks vil eg láta í ljósi undrun mína yfir því, að ráðh. (Kr. J.) er ekki viðstaddur, þegar slíkt mál er rætt. En hann hefir víst treyst heimastjórnarmönnum til þess að tala fyrir sína hönd.

Jón Magnússon: Mér heyrðist háttv. þm. Dal. (B. J.) segja, að eg talaði fyrir hönd heimastjórnarmanna, en eg vil leiðrétta þetta og taka það aftur fram, að eg talaði eingöngu fyrir hönd þeirra heimastjórnarmanna, er hér sitja í deildinni.

Út af því, sem háttv. flutningsm. (Sk. Th.) sagði, vil eg geta þess, að eg held að Dönum standi alveg á sama, hvort vér samþykkjum þessa þingsályktunar-

tillögu eða ekki, enda fylgir þessu enginn kraftur. Það er að eins selbiti í vasanum og ekkert annað.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan samþykt með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hálfd. Guðjónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Tillagan afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

TILLAGA til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« (A. 630).

Ein umr. samþ. 19. apríl.

Ein umr., 22. apríl (A. 630, 701).

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Eg álít, að ekki sé þess þörf að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er upplýst með tillögunni sjálfri, hvernig í því liggur. Nefndin, sem kosin hefir verið til þess að dæma um ritgerðir, sem sæma ætti — eða sæma ekki — verðlaunum af »Gjöf Jóns Sigurðssnnar« fann til þess, að not verða ekki að sjóðnum, því síðustu 10 árin hefir enginn sent verðlaunanefndinni ritgerðir. Á þennan hátt hefir sjóðurinn vaxið, og er það ekki nema gott, en hann hefir á þennan hátt ekki náð tilgangi sínum, því tilætlunin með sjóðnum er, að hann geri gagn. Þess vegna hefir verðlaunanefndin, sem kosin var á síðasta þingi, skotið því til alþingis í álitsskjali sínu, að breyta reglugerð sjóðsins í þá átt, sem eg hefi farið fram á í tillögum mínum. Það virðist svo sem menn séu ragir við að leita verðlauna af sjóðnum fyrir rit sín. Þess vegna hefir nefndin stungið upp á því, að reglugerðinni sé breytt þannig, að sjóðnum sé ekki eingöngu varið til verðlauna, heldur einnig til þess að gefa út þessi rit og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita. En öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn og framförum.

Eg skal geta þess um viðaukatill., að hún breytir orðinu »Landshöfðingi« í upphafi 4. gr. í »Stjórnarráð Íslands«, af því hitt á ekki lengur við. Þetta er gert til þess, þegar konungsstaðfesting er fengin á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, að þá megi færa þessar breytingar inn í meginmálið og gefa þær svo út sem heildartexta.

Hannes Hafstein: Eg tók svo eftir, að háttv. flutningsm. (J. Þ.) segði, að tillaga sín væri í fullu samræmi við uppástungu verðlaunanefndarinnar. En mér virðist ekki vera fult samræmi þar á milli. Ef eg má lesa upp tillögu verðlaunanefndarinnar á þgskj. 622 þá geta háttv. deildarmenn heyrt, hvað sú nefnd leggur til; tillagan hljóðar svo:

»Jafnframt leyfum vér oss að skjóta því til alþingis, hvort eigi þyki ástæða til að rýmka nokkuð um veitingaskilyrðin í 2. gr. Reglnanna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881, svo sem t. d. að það væri heimilt, þegar engin ritgerð bærist, sem þætti verð-

launaverð, að veita nokkuð til útgáfu vel saminna rita eða merkilegra heimildarrita viðvíkjandi sögu Íslands og bókmentum, lögum þess, stjórn og framförum«.

Þetta verður ekki skilið öðru vísi en svo, að því að eins, að verðlaunanefndinni berist engar ritgerðir, sem séu verðlaunaverðar, *þá megi* verja vöxtum sjóðsins til þess að styrkja útgáfu merkra heimildarrita, sem snerta sögu Íslands o. s. frv. En í þessari till. hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), eins og hún liggur fyrir, er þetta sett jafnhliða. Eftir henni má verja fénu eingöngu eða jafnframt til að styrkja útgáfur heimildarrita, jafnvel þótt verðlaunaverðar ritgerðir liggi fyrir. En tilætlun verðlaunanefndarinnar hefir þó verið, að verðlaun fyrir ritgerðir sé látin ganga fyrir hvorutveggju hinu: að styrkja útgáfur slíkra rita og að styrkja útgáfur gamalla heimildarrita.

Eg vil alls ekki geta þess til, að tillagan sé orðuð þannig með vilja, til þess að hér sé fremur »innhlaup« fyrir þá menn, sem oft þurfa á fé að halda til þess að gefa út gömul heimildarrit. En hitt er víst, að þingsályktunartillögunni ber ekki saman við tillögur verðlaunanefndarinnar.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) bar mér þær getsakir á brýn, að eg flytti þessa tillögu í eigingjörnum tilgangi, og að eg með þessari tillögu væri að vinna fyrir félag, sem eg er mikið viðriðinn, Sögufélagið. Tillagan hjá mér er ekki orðuð öðruvísi, en við nefndarmennirnir förum fram á í bréfi okkar til alþingis. Meiningin í tillögunni er alveg sú sama, ef háttv. þm. vill brjóta tillöguna til mergjar. Hér stendur í tillögunni, in primis að verðlauna skuli vísindaleg rit, en þegar þeirra er ekki kostur, þá styrkja útgáfu slíkra rita, og í þriðja lagi að styrkja útgáfu heimildarrita. Eg vil leyfa mér að lesa upp 2. gr. tillögunnar, hún hljóðar þannig:

»Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja

1. til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit.
2. til þess að styrkja útgáfu slíkra rita annars kostar, og
3. til þess að styrkja útgáfu merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum«.

Hér má ekki stryka út orðin »annars kostar«. Ef ekki er kostur vísindalegra rita til verðlauna, þá skal verja vöxtum hans, eins og hér segir. Eg vona nú menn skilji, að meiningin er hér sú sama og er í bréfinu. Það átti líka að vera sama meining. En það má orða þetta um aftur, ef mönnum sýnist svo. Misskilningurinn liggur í því, að h. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir ekki komið því fyrir sig, hvað »annars kostar« þýðir. (*Jón Ólafsson*: En 3. liður?). 3. liður kemur sem síðasta leyfi. (*J. Ól.*: Ekki frá nefndinni). Jú, nefndin leggur það til, »að veita nokkuð til vel saminna rita eða *merkilegra heimildarrita* viðvíkjandi sögu Íslands«. Hér stendur þetta í 3. lið með einmitt sömu orðunum og nefndin leggur til í bréfi sínu. Þótt menn hafi gaman af að gera ýmislegt að kappsmáli, þá bið eg menn um, að gera ekki jafn meinlaust mál og þetta er að því.

Hannes Hafstein: Eg skal taka það fram, að mér er þetta ekki kappsmál. En úr því háttv. flutnm. (J. Þ.) lýsir því hér með yfir, að meiningin í tillögum sínum á þgskj. 630 eigi að vera sú sama og í till. verðlaunanefndarinnar á þgskj. 622, þá er honum skylt að lagfæra orðalagið á tillögu sinni. Eins og þetta stendur hér í tillögunni, geta orð-

in: »annars kostar« ekki átt við 3. lið. 3. liður er hér alveg sjálfstæður, svo hann verður jafn rétthár 1. lið.

Ef hv. flutningsm. finnur ekki ástæðu til þess að fá málið tekið út af dagskrá í þessu skyni, þá verð eg að stinga upp á nefnd.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Eg hefi ekkert á móti því, að nefnd sé sett í málið, ef hún vinnur að málinu undandráttarlaust. En eg ætla orðin »annars kostar« hafi einkum flækst fyrir háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), því að honum mun vera annað mál tamara en ósvikin íslenzka. Ef honum er hugarhægð í því að færa þau í 1. lið, hefi eg ekki á móti því.

Hannes Hafstein: Mér hefir ekki dottið í hug að bregða háttv. flutnm. (J. Þ.) um eigingjarnar hvatir. Eg átti að eins við vísindalegar hvatir, sem lýstu sér í sérstökum áhuga á útgáfu fornra »heimildarrita«. En nú vænti eg, að hann sansist á þetta, og ef orðin, »annars kostar« eru sett strax eftir 1. lið, þá er alt komið í lag. Eg vil því leggja það til, að málið sé tekið út af dagskrá.

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Eg skal gjarnan mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók því næst málið út af dagskrá.

Ein umr., (frh.) 25. apríl. (A. 630, 701, 719).

Flutnm. (Jón Þorkelsson): Það þótti ekki nógu skýrt fram tekið í fyrra hluta þessarar umræðu, að verðlaunin væru eigi að eins bundin við vísindaleg rit, heldur mætti og verja því til útgáfu slíkra rita, svo og heimildarrita. Þessu hefi eg bætt úr með brtill. minum, og vona eg, að enginn ágreiningur verði um málið.

ATKV.GR.:

1. gr. till. sþ. með 16 : 1 atkv.

1. brtill. (719) við 2. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

2. brtill. (719) við 2. gr. samþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Viðaukatill. (701) (ný 3. gr. með 15 shlj. atkv.

Tillagan í heild sinni sþ. með 16 : 1 atkv. og afgreidd til Ed.

Tolleftirlit.

TILLAGA til þingsályktunar um tolleftirlit. (A. 645).

Ein umr. samþ. 19. apríl.

Málið var á dagskrá 1. maí, en samkvæmt ósk framsm. (Ó. Br.) tekið út af henni.

Ein umr., 5. maí (A. 645, 857).

Framsm. (Ólafur Briem): Það er sama að segja um þessa till. og till. um útflutningsgjald, að hún er líka frá tollaganefndinni. Tillagan miðar að því, að skora á stjórnina að hlutast til um, að gildandi reglum um tolleftirlit sé stranglega hlýtt. Hún er í tveim liðum, og lýtur fyrri liðurinn að því, að um leið og ítarlegri ákvæði eru sett í sjálfum tolllögunum um toll af vörum, sem flytjast hingað og teljast til skipsforða, þá sé þess gætt, að ekki sé flutt fleira né meira en rétt er og góðu hófi gegnir, undir því nafni, að það eigi að vera til neyzlu á skipinu sjálfu. Ástæðan til þess, að nefndin hefir hreyft þessu, bæði hér og í brtill. við tolllögin, er sú, að komist hefir upp, að nú að undanförnu hafa verið nokkur brögð að því, að brytar á skipum hér við land hafa flutt hingað tollskyldar vörur til landsins, án þess að greiða toll af þeim.

Viðaukatill., sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir komið fram með, býst eg við að hann skýri sjálfur, og hefir nefndin ekkert við hana að athuga.

Jón Þorkelsson: Þessi tillaga er svo til komin, að háttv. samflutnm. minn og eg höfum tekið aftur fyrri till. okkar hér að lútandi, af því að sumt af efni hennar er nú komið inn í aðra till., en þessi viðaukatill. á þgskj. 857 viljum við að bætist hér aftan við, og eftir því sem mér hefir skilist á nefndinni, mun hún vera því samþykk. Efnið er hvergi tekið fram í öðrum tillögum, en er nauðsynlegt.

ATKV.GR.:

Till. á þgskj. 645, 1. liður sþ. með 19 atkv. shlj.

Till á þgskj. 645, 2. liður sþ. með 21 atkv. shlj.

Viðaukatill. (857) 3. liður sþ. með 21 atkv. shlj.

Viðaukatill. (857) 4. liður sþ. með 20 atkv. shlj.

Tillagan þannig orðin sþ. með 20 atkv. shlj. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis*.

Tollskil.

TILLAGA til þingsályktunar um tollskil. (A. 648).

Ein umr. sþ. 19. apríl.

Málið var á dagskrá 1. maí, en tekið þá út af henni samkvæmt ósk flutningsmanna.

Við eina umr. till. 5. maí, var hún unræðulaust tekin aftur af flutningsmönnum.

Lyfjaverzlun.

TILLAGA til þingsályktunar um lyfjaverzlun. (A. 652).

Ein umr. sþ. 21. apríl.

Ein umr., 27. apríl. (A. 652).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þessi tillaga er frá tollaganefndinni. Þau ákvæði, sem nú gilda um lyfjaverzluu eru orðin gömul. Það er fyrst tilskipun 4. des. 1672 um lyfsala og lyfjabúðir. Konungsbréf 17. jan. 1783. Kansellíbréf 16. sept. 1797 og erindisbréf héraðslækna og landlæknis 25. febrúar 1824. Auk þess sem þetta eru orðin allgömul ákvæði, eru þau nokkuð á við og dreif og nefndin hefir því ekki komið með neitt óþarfa nýmæli hér. Enda kom J. Jónassen landlæknir með frv. á þinginu 1903, um þetta sama efni. Frv. þetta var samþykt í efri deild, en féll í neðri deild með jöfnum atkvæðum. Menn voru þá sammála um, að frv. væri nauðsynlegt, en þótti það fara of skamt, með því það var að eins um lyfjaverzlun héraðslækna, en ekki um lyfsala. Einkaleyfi til lyfjaverzlunar er hér í Reykjavík bundið við staðinn og helzt óhaggað, þótt eigendaskipti verði að lyfjabúðinni. Einkarétturinn gengur kaupum og sölum, án þess landssjóður hafi haft neinn hag af því, þótt þessi réttur hafi hækkað í verði.

Við sölu á lyfjabúðinni hér í Reykjavík, sem hefir farið fram á seinni árum mun verðhækkunin aðallega hafa stafað af því, að fólkið hefir fjölgað hér. Við síðustu eigendaskipti var lyfjabúðin seld fyrir 200,000 kr., þar áður fyrir 120,000 kr. og næst þar á undan fyrir 80,000 kr. Það er að vísu ekki hægt að taka réttinn af núverandi eiganda, en það gæti verið spurning um, hvort

ekki væri heppilegt að breyta þessu þannig, að sett væri upp önnur lyfjabúð hér við hliðina á þessari, sem er, — því til þess er full heimild — og veita henni leyfið með góðum kjörum og landssjóður hefði einhvern hluta af ágóðanum, eða þá með því, að lyfjaverðið væri lægra. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að til skamms tíma var það venja, þegar maður hafði fengið lyfseðil hjá lækni, þá gat hann framvegis fengið sama lyfið út á sama seðilinn, en fyrir nokkrum árum var þessari venju hnekt og mönnum var gert að skyldu, að fá nýjan seðil í hvert skifti, sem þurfti að fá lyfið; auk þess, sem þetta er fyrirhöfn fyrir þann, sem lyfið þarf að nota, þá hefir það aukin útgjöld í för með sér fyrir almenning. Auðvitað hefir þetta verið tekjuauki fyrir hlutaðeigandi lækni, en þó ekki ávalt því sú venja mun mun vera hér allvíða í bænum, að menn hafi fastan heimilislækni og borgi honum víst gjald árlega og þar sem þessi venja hefir verið, hefir þessi nýbreytni að vísu ekki haft bein, aukin útgjöld í för með sér, en þá hefir það ekki verið annað en aukin fyrirhöfn fyrir lækni. Það er heldur ekki víst, að læknar láti sér ant um að halda þessu. Þetta atriði ætti meðal annars að athugast, þegar lögin eru endurskoðuð, og vonar nefndin, að þessu verði vel tekið.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 18 atkv. shlj. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Útflutningsgjald.

TILLAGA til þingályktunar um útflutningsgjald. (A. 641).

Ein umr. samþ. 19. apríl.

Málið var á dagskrá 1. maí, en samkvæmt ósk framsögumanns (Ól. Br.) o. fl. tekið þá út af henni.

Ein umr., 5. maí. (A. 641, 852).

Framsögum. (Ólafur Briem]: Þessi till á þgskj. 641 er frá tolllaganefndinni.

Það sem fyrst og fremst vakti fyrir nefndinni var að safnað væri saman í eina heild núgildandi lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi og öðrum sjávarafurðum, sem nú eru öll á víð og dreif. Nú eru alls til ekki færri en 6 lög um útflutningsgjöld, og þau sjöundu hafa verið til meðferðar á þessu þingi.

Þetta var þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að jafnvel þótt aðallögin, sem gilda um þetta efni, frá 4. nóv. 1881 kveði svo á, að útflutningsgjald skuli greiða af öllum fiski og lýsi, sem flytst út á skipum, sem afgreiðast frá einhverri höfn hér á landi eða frá eða í skipum, sem hafa um hönd síldarveiði á fjörðunum og við strendurnar, eða leggjast við akkeri innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, til þess að fiska á bátum, þá hefir þó þetta ákvæði verið skilið svo, að skip, sem að eins koma inn á höfn með fisk eða aðra vöru, sem útflutningsgjald hvílir á, séu þó ekki skyldug að gjalda af henni, heldur eingöngu því, er úr landi flytst. Þótt að vísu séu skiftar skoðanir um þetta, þá hefir þó þessi skilningur lengi verið í gildi, og telur nú nefndin sjálfsagt að breyta þessu, ef nokkur tök eru á, því að það er mjög mikill tekjumissir fyrir landssjóð, að útlend skip skuli eigi vera skyld að greiða útflutningsgjald, þegar svo stendur á.

Hitt aðalatriðið, sem nefndin vill láta taka til athugunar, er um hækkun útflutningsgjalds á hvalafurðum.

Nefndin hafði nú fyrst hugsað sér að koma fram með frumvarp um þetta, en

hvarf þó frá því, og lét sér nægja að koma fram með tillögu um að skora á stjórnina að athuga þetta.

Nú sem stendur er útflutningsgjald af hvallýsi 1 króna af tunnu og virðist nefndinni mega hækka það, en svo eru til fleiri hvalafurðir, sem gjalda mætti af hærra en nú, svo sem hvalskíði, hvalbeinamjöl, hvalkjötsmjöl og hvalguano. Það sem einkum gerir það æskilegt, að auðið væri að hækka þessi gjöld, er það, að þetta er atvinna, sem landsmenn reka eigi sjálfir. Þótt þeir, er hana stunda, gjaldi töluvert til lands- og sveitarþarfa, þá eru þeir þó útlendingar og fara með arðinn af atvinnu sinni utan. Og hér er um atvinnu að ræða, sem ekki miðar til framleiðslu, heldur þvert á móti eyðir framleiðslustofninum. Þegar hvalir eru svo mikið veiddir sem hér, þá fer þeim auðvitað smáfækkandi, þannig að ef oss yxi einhverntíma svo fiskur um hrygg, að vér gætum farið að stunda hvalaveiðar, þá yrði búið að eyða þeim atvinnuvegi fyrir oss. Af þessum ástæðum virðist það ekki svo ísjárvert, þótt hátt gjald sé lagt á þessar afurðir, og það jafnvel þótt það kynni að verða til þess, að þeir menn, sem hlut eiga að máli, hefðu ekki þann hagnað af veiðunum, sem þeir hafa hingað til haft, því að á það er að líta, að það er af miklu að taka.

Svo er hér eitt lítið atriði um útflutningsgjald af lifur, sem ekkert hefir verið hingað til. Nú á síðustu árum hefir nokkuð verið gert að því, að flytja hana út óbrædda og er þá ekki nema eðlilegt, að lagt sé á hana tiltölulega við lýsið.

Þá hefir nefndin breytt nokkuð orðalagi fyrsta hluta till. sbr. þgskj. 852 og væntir hún þess, að háttv. deild fallist á það og till. alla í heild sinni.

Jón Magnússon: Eg vil benda mönnum á aths. við 1. lið, þar sem á að skylda stjórnina til að koma með lög, sem tolla umhleðslu milli skipa inni á höfnum. Eg held að þetta sé tæplega ráðlegt og að öðrum þjóðum mundi þykja þetta nokkuð nærgöngult þeim rétti, sem þær hafa alment til þess að sigla frjálst um höf og hafnir. Þetta er auðvitað nokkuð undir því komið, hvort þessi starfsemi er skoðuð sem partur af fiskiveiðunum sjálfum, eða þá eingöngu sem vöruflutningur. Ef hið síðara verður ofan á, þá efast eg um, hvort hægt er að leggja töll á vöruna samkvæmt gildandi reglum. Hennar er ekki aflað á Íslandi, því að það er gert ráð fyrir að hennar sé aflað utan landhelginnar. Og hitt vitum vér, að aðrar þjóðir reyna að gera skipum, sem inn á hafnir koma, sem allra léttast fyrir. Þess vegna eru hvarvetna, er tæki eru til, gerðar frihafnir, til þess að menn þurfi ekki að vera hræddir um, að tollmenn komi og hremmi skipin og taki toll af þeim, þó að þau komi á höfn. Þó að franskt fiskiskip komi inn í höfn og láti þar afla sinn yfir í annað frakkneskt skip, þá er valt að telja það skipið, er við aflanum tekur, til útgerðarinnar og eg er ekki viss um, nema hlutaðeigendum þætti svona ákvæði svo leið, að þeir hættu alveg að hafa þessa aðferð og þá missir landið tekjur sínar og sérstaklega skaðast hafnarsjóður á því. Það er ógn lítill munur á því og hinu, ef skip kemur snöggvast inn á höfn og heldur fiskinum í sér og getur þá enginn heimtað gjald af því. Þetta væri sama sem að banna mönnum hafnir, og eg held, að það væri í meira lagi varasamt.

Ólafur Briem: Þessar sömu efasemdir, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) taldi, vöktu einnig fyrir nefndinni, og voru þess valdandi, að hún hvarf frá því að koma fram með lagafrumv. um þetta efni, heldur vildi skjóta því til landsstjórnarinnar. Það er að minsta

kosti ekkert varhugavert við að þetta sé athugað og að þá komi fram tillögur um það, sem tiltækilegt þætti að laga. Og ekki virðist mér það eðlilegt, að landið geti ekki ákveðið gjald af slíkum afurðum, þegar þær koma inn á landhelgissvæðið, heldur sé bundið við það eitt, sem úr landi flytst. Aðalatriðið virðist mér vera það, að veiðin er fengin við landið, og því ósanngjarnt, að ekkert sé greitt af henni til landsþarfa.

Jón Magnússon: Mér skilst svo, sem það sé skoðun háttv. þingm., að landssjóður eigi að eiga hlut í þeim afla, sem fenginn er hér við land, hvort sem er utan eða innan landhelginnar. En eg veit ekki til þess, að nokkurri þjóð hafi nokkurn tíma dottið í hug að tileinka sér nokkuð af því, sem aflað er utan landhelgi og úr því komið er út fyrir hana, er það þýðingarlaust, hvort þess er aflað fjær eða nær, og eins hitt, hvort skipin koma inn í höfn eða eigi.

ATKV.GR.:

Brtill. 852 sþ. með 20 shlj. atkv.

Till. þannig orðin samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Vatnsveitingar o. fl.

TILLAGA til þingsályktunar um vatnsveitingar o. fl. (A. 786).

Ein umr. samþ. 29. apríl.

Ein umr., 2. maí (A. 786).

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Landbúnaðarnefndin hefir eftir tilmælum minum gerst flytjandi þessarar tillögu. Það hafa komið fram hér í deildinni lítt merkar og óþarfar þingsályktunartillögur, en um þessa till. er það að segja, að hún er fullkomlega á rökum bygð. Oss vantar tilfinnanlega lög um rétt til notkunar vatns o. fl. Um það eru engin ákvæði, nema ef til vill í Jónsbók og þá úrelt fyrir löngu. Frá 1901 eru til lög um samþyktir um varnir gegn vatnságangi og viðhaldi skurða, en þau ná svo skamt í þessu efni. Tillagan fer nú fram á það, að skora á stjórnina að leggja fyrir þingið frumv. um rétt til notkunar vatns til áveitu og framræslu o. s. frv. Slíkra ákvæða tel eg vera mikla þörf. Nú er svo háttað, að menn geta veitt vatni hver á annan, tekið vatn hver frá öðrum og hindrað þannig vatnsáveitur og gera öðrum með því óþægindi og skaða.

En það sem eg að öðru leyti hefi fyrir augunum með þessari þingsál.till., eru hin væntanlegu mannvirki, er liggja við borð hér austanfjalls, svo sem áveitan á Miklavatnsmýri og Flóaáveitan yfir höfuð, verndun Safamýrar o. fl. Þegar Flóaáveitan kemur til sögunnar, þá er nauðsynlegt, að til séu almenn ákvæði um notkun vatns, framræslu og fleira, er þar að lýtur. Þá er það og þýðingarmikið, að ákveða og skilgreina betur en nú er í lögum, réttindi og skyldur landsdrotna og leiguliða, hvors gagnvart öðrum, þegar um kostnaðarsöm vatnsveitingamannvirki er að ræða og gagnvart Flóaáveitunni fyrirhuguðu hefir þetta stórmikla þýðingu.

Eg vona því, að till. verði samþykt og að eg þurfi ekki að skýra frekar, en eg hefi gert, tilgang hennar og nauðsyn.

Eg skal að endingu geta þess, að í nágrannalöndum vorum eru til almenn lagafyrirmæli, stórir lagabálkar, um þetta efni, er till. ræðir um. Þar hafa menn fyrir löngu síðan séð þörfina á slíkum lagaákvæðum. Hér er orðin engu síður nauðsyn á samskonar lögum, og vona eg, að eigi líði á löngu, að vér fáum þau, ef till. verður samþykt.

Jón Magnússon; Það er að eins ein fyrirspurn, sem eg vildi leyfa mér að gera. Hvernig á að skilja þetta, að gera almenn *réttarfarsleg* ákvæði um notkun vatns? Það getur þó ekki verið meiningin, að fara að breyta réttarfarinu í neinum sérstökum málum. Annars verð eg að lýsa undrun minni yfir því, að tillaga, sem eflaust hefir fyrir augum ákvæði um rétt til notkunar vatns til áveitu eða þess konar skuli koma frá ráðunaut Búnaðarfélagsins, því að ef nokkuð ætti að koma frá búnaðarþingi, eða stjórn þess félags, sem hv. þm. er starfsmaður fyrir, þá væri það málaleitun í þessa átt. Og eg er sannfærður um það, að ef búnaðarþingið hefði farið fram á eitthvað þvílíkt, þá mundi hver einasta stjórn vera fús á að sinna því. Það getur vel verið, að þörf sé á eða gagnlegt geti verið, að fá lagaákvæði um notkun vatns og rétt manna til þeirrar notkunar. En eg skil ekki í því, að það þurfi að setja alla deildina í hreyfingu, til þess að fá stjórnina til að íhuga það mál. Mér er illa við þennan sand af þingsályktunartillögum, og mun því greiða atkv. móti þessari þingsál.till. af framantöldum ástæðum.

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Mér fanst háttv. þm. Vestm. (J. M.) taka mjög óstint upp fyrir mér, að hafa komið með þessa tillögu, og frekar en eg hafði búist við úr þeirri átt. Það getur verið, að eg hafi ekki notað orðið réttarfar eftir »juridiskum« nótum, en eg meinti með þessu að fá skýr lagaákvæði um réttindi manna og skyldur í þessu efni. Og þótt eitthvað kunni að mega hártoga orðalagið á tillögunni, þá á það ekki að verða henni að falli. Hann talaði um að þetta hefði átt að koma frá búnaðarþinginu. Þar til liggja þau svör, að búnaðarþingið er nú um garð gengið að þessu sinni, og því hafði ekki hugkvæmst þetta. Nú vill stjórn Búnaðarfélags Íslands gjarnan fá lög um þetta efni, en telur sig bresta lagaþekkingu til þess að undirbúa þau. Það er heldur ekki nema formspurning, hvort deildin afgreiðir þetta sem þingsál.till., eða málaleitunin kemur frá Búnaðarfélaginu til stjórnarinnar. Hins vegar þótti mér vænt um að heyra það, að hv. þm. taldi nauðsynlegt að fá lög um þetta efni, og vona eg að það sé næg trygging fyrir því, að háttv. deild muni óhætt að samþ. tillögu mína. Eg sé ekki heldur, að hún fari neitt út fyrir rétt deildarinnar, eða sé móðgandi fyrir stjórnina. Hún er einnig í samræmi við skoðanir búnaðarþingsins, þótt hún komi ekki frá því, enda vona eg, að menn sjái, að hún er jafnþörf, frá hverjum sem hún kemur.

Jón Magnússon: Eg skil ekki, að deildin geti samþykt þessa tillögu, að minsta kosti ekki eins og hún nú er orðuð, því að því er ekki að dreifa, að hægt sé að misskilja orðið réttarfar, og þegar af þeirri ástæðu er tillagan ófær. Þinginu getur ekki verið sama um það, hvort það samþykkir það, sem alls ekki getur staðist.

Framsm. (Sigurður Sigurðsson): Má eg þá óska að málið verði tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Forseti; Það er leitt, að till. skuli ekki vera gerðar svo úr garði, að ekki þurfi að tefja sig á slíku, einkum þar sem nú er orðið svo seint fyrir tímans vegna, að hraða verður málunum, en ekki tefja þau. Þó skal nú þessi till. tekin út af dagskrá í þetta sinn.

Ein umr. (frh.) 4. mai (A. 786, 841).

ATKV.GR.:

Brtill. 841, 1. sp. með 11 : 3 atkv.

Brtill. 841, 2. sþ. með 13 atkv. shlj.

Till. þannig orðin sþ. með 12 : 3 atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Laun ljósmæðra.

TILLAGA til þingsályktunar um launakjör ljósmæðra. (A. 787).

Ein umr. sþ. 29. apríl.

Ein umr., 2. maí (A. 787).

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg hefi leyft mér að koma fram með þessa þingsál.till. fyrir tilmæli ljósmæðra hér í bænum. Þetta er og mál, sem ekki er gripið úr lausu lofti, því þinginu hafa borist bænarskrár frá ljósmæðrum því nær í öllum héruðum landsins, þess efnis, að kjörum þeirra sé breytt til batnaðar. Úr Reykjavik hafa 5 ljósmæður sent erindi, úr Gullbr.s. 8, úr Kjósars. 1, úr Mýras. 1, Dalas. 5, N.-Ísf.s. 4, Skagaf.s. 4, Eyjaf.s. 10, N.-Múlas. 10, V.-Skaftaf. 4, Árness. 12, Borgarf.s. 5, Strandas. 3, Húnav.s. 5 og Rangárv.s. 11, eða með öðrum orðnm: alls hafa 92 ljósmæður beðið um, að þessu efni væri hreyft hér á þinginu. Þegar svo er, getur mönnum varla blandast hugur um það, að hér er ekki um neitt tilfelli, tilviljun eða »tilbúin« samtök að ræða, heldur er það nokkurnveginn almenn skoðun, að breyta þurfi kjörum þessarar stéttar. Þessum málaleitunum fylgir nú líka umsögn frá landlækni vorum frá 15. febr. þ. á.. Getur hann þess þar, að málið sé eigi fullrannsakað enn þá, en hitt er hins vegar vitanlegt, að ljósmæður eru einna verst settar að launum í fjölmennustu umdæmunum, en öllu skár í sveitunum, þótt laun þeirra séu þar ekki nema 60 kr., en 200 kr. í kaupstöðum. Það segir sig nú sjálft, þegar borið er saman við það, hve mikið fé gengur til allrar læknaskipunar hér í landi, að þessi stétt muni eigi vera of vel launuð í hlutfalli við það. Þarf þó ekki að lýsa því, hve nytsöm og kærleiksrík starfsemi þessarar stéttar er. Það vita allir, þótt því hafi ef til vill ekki verið sá gaumur gefinn, sem skyldi. Það er að hjálpa manneskjunum inn í, eða út í, veröldina. Það er sagt, að tveir séu í hættu hverri, en hvergi á það frekar við en þar: móðir og afkvæmi.

Mér þótti ekki þörf á því, að farið væri að setja lög um þetta nú, en af því að þessar almennu umkvartanir lýsa því, að þetta sé þarft og á rökum bygt, þá er ekki nema rétt og sjálfsagt að biðja stjórnina að ganga í þetta mál. Enginn taki orð mín svo, sem eg vilji með þessu grípa fram fyrir hendurnar á landlækni, sem er dugnaðar — og áhugamaður, en eg vildi gera mitt til þess, að minna stjórnina á það, að láta ekki málið sofna og láta ekki gleymast að undirbúa það undir næsta þing. Það munu flestir skynja, að það er þarft, að bæta kjör þessarar stéttar, sem innir af höndum jafn þarft hlutverk fyrir þjóðfélagið, jafnvel þarfara enn nokkur önnur stétt í landinu.

ATKV.GR:

Till, sþ. með 17 atkv. shlj. og afgr. til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Læknakosningar.

TILLAGA til þingsályktunar um læknakosningar. (A. 829).

Ein umr. samþ. 3. maí.

Ein umr., 4. maí. (A. 829).

Flutningsmaður (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Eg vænti, að háttv.

þingd. taki þessari tillögu vel. Mönnum er það kunnugt, að fullt eins mikil ástæða er til að kjósa lækna, eins og presta. Prestarnir eru kjörnir af söfnuðunum með það fyrir augum að sjá fyrir sálarheill safnaðanna, en læknar eiga að sjá fyrir líkamlegri heilbrigði. Er hér um nokkuð skylt mál að ræða, og ekki hægt að gera hér upp í milli.

Eins og kunnugt er, hagar veitingarvaldið veitingum svo, að eldri læknar eru látnir sitja fyrir hinum yngri, og sömuleiðis háskólakandídatar, þótt enga yfirburði, eða jafnvel síður en svo, hafi yfir hina. Einnig er talið sjálfsagt, að veita embættin, þótt ekki sé nema einn umsækjandi, án þess að hann hafi nokkur sérstök meðmæli né sé til stöðunnar fallinn. Eg vona, að hæstv. ráðherra hafi ekki á móti tillögunni og líti á þetta með sanngirnisaugum. Yfir höfuð er það slæmt, ef óánægja rís út af slíkum málum. Stjórninni er um kent, ef í embættin veljast miður hæfir menn, um leið og máske hæfum læknum er bolað frá.

Það vita allir, að það er svo margt, sem til greina kemur við slíkar embættaveitingar: pólitísk áhrif, vinfengi og frændsemi; því verður ekki á móti borið, menn þekkja það svo vel. Auðvitað er misjafnt, hvað stjórnin er óhlutdræg í þessu efni. En svona gengur það. Aðalreglan er að vísu sú, að fara eftir því sem mennirnir hafa reynst, og einmitt þess vegna ættu héraðsbúar að fá að leggja sinn dóm á manninn, áður en hann er skipaður. Það er oft bagalegt, þegar gömlum lækni, þótt hæfur sé, er veitt erfitt hérað, en ungur maður kemst ekki að, þótt miklu betur sé til stöðunnar fallinn.

Eg skal ekki fjölyrða meira um till.; eg vona, að henni verði vel tekið.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 11 : 6 atkv. og afgreidd til ráðherra *sem þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Vog og mælir.

TILLAGA til þingsályktunar um vog og mæli. (A. 794).

Ein umr. samþykt 29. apríl.

Ein umr., 2. maí. (A. 794).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það kom fram í ræðu hér í dag, að hér kæmi fram of margt af ómerkum þingsályktunartill., — að vísu eru ekki nærri allir deildarmenn nógu glöggir á, hvað merkilegt er eða ekki — og því finn eg ástæðu til að geta þess, að í þetta skifti kemur merkileg tillaga. Eg hefði kosið, að sá þm., sem þetta sagði, og flest þykist vita flestum betur, hefði talað nú, en nú er eg flutningsmaður, og verð því að segja að upphafi nokkur orð.

Það getur nú verið, að sumum mönnum sýnist þetta ekki stórt atriði í sjálfu sér og hafi lítið tekið eftir því. En það er þá ekki úr vegi, að gefa dálítið yfirlit yfir það, hvernig þessu efni hefir verið varið hér í landi, og það mun þá sjást, að þetta er stórt mál, rétt metið, þar sem um það er að ræða, að setja skorður fyrir því, hvað sé rétt vog og mælir í viðskiftum manna á landi hér.

Þegar á þjóðveldistímanum hafa menn fundið þörf á ákvæðum um þetta efni. Hafði þá ríkið sjálft í sinni hendi réttingu vogar og mælis, og eru til gömul ákvæði um stikumál frá því um 1200. Var kvarði merktur á kirkjuvegg á Þingvelli, og eftir honum áttu svo allir

að rétta stikur sína. En til þess að gera mönnum hægra fyrir, þá var og ákveðið að merkja stikulengd á hverri graftarkirkju. Á Þingvöllum er enn til sýnis stikumál á steini, þótt óhirt hafi verið um marga mannsaldra. Var eg þar við og sá á fyrir nokkrum árum, þegar það var mælt, og virtist sem það mundi varla vera hin elzta, íslenzka alin, heldur nær Hamborgaralin, sem hér tíðkaðist á 15. og 16. öld og lengi síðan. Lögrétting er nefnd þá þegar, og í Jónsbók er svo fyrir mælt, að »*sýslumaðr hverr skal rétta* sína pundara, stiku ok mælikeröld«, en bændur svo eftir þeim í hverri sýslu (Kaupab. kap. 28.), og jafnframt er þess getið, að »eigi eru allir bændr skyldir mælikeröld at eiga«. En »pundarar ok mælikeröld skulu liggja á Þingvelli undir lögmannslási«. Þessi ákvæði hafa nú staðið þangað til í byrjun 17. aldar. 1619 er svo ákveðið, að pundari og reizla skal vera á Bessastöðum eftir Kaupinhafnarvigt, og skal eftir þeim rétta vog í öllu landinu. Við þetta sat langt fram á 18. öld, og var fylgt jöfnum höndum bæði íslenzkri alin og Hamborgaralin. En þetta var tekið af Íslendingum með tilskipun 30. maí 1776, og skipað síðan danskt mál með tilskipun 10. jan. 1778. Áður hafði þó jafnvel verið fyrirskipuð lögrétting á hinni gömlu íslenzku alin á »justerkamrinum« danska, rentuk.brj. 7. maí 1755, og frá 1761 er bréf fyrir því, að íslenzkur kvarði jústerist af Hofagent Ryberg, og einnig stendur það í bréfi frá 12. febr. 1777, að lýsistunnur til íslenzkrar verzlunar jústerist á »justerkamrinum«. En þrátt fyrir þetta urðu menn ekki afvanir Hamborgaralininni, og með kgbr. 1781 er hún harðbönnuð, og skipað að senda verzlunarkvarðana til Kaupmannahafnar. Aðalákvæðin um vigt og mæli á Íslandi eru frá 18. júní 1784, þar sem ákveðið er, að lögrétting skuli hér vera hin sama og annarsstaðar í Danakonungs ríkjum, sem sé heyra undir staðarvaldið í Kaupmannahöfn. Sýslumenn máttu eiga smærri mæla og rétta eftir þeim, og senda þá til Hafnar, þegar þeir slitnuðu, og var þar gert að þeim og þeir smíðaðir upp. Frummál áttu að vera til hjá sýslumönnum og fylgdu þau meðal annars lengi vel bæjarfógetadæminu hér. En erfitt mun vera að hafa upp á því nú, og geta legið til þess ýmsar ástæður. Nú er orðin breyting á vog og mæli hjá oss, og eins í Danmörku. Við höfum tekið upp metra og litra, ef eg kann að nefna það. Danir með fleirum þjóðum gerðu samninga um þetta efni í París 1875, og er því þá þannig varið, að þau ríki, sem halda uppi kostnaðinum við »internationalt Bureau« í París, jafna honum á sig að tiltölu við fólksfjölda.

Ár 1907, hinn 4. dag maímánaðar, gefa Danir út lög um metramál. 5. gr. þeirra laga hljóðar svo:

»Justervæsenet bestyres af en af Kongen udnævnt Justerdirektör under Tilsyn af Indenrigsministeren, der nærmere bestemmer, paa hvilke Steder i Landet, der skal forefindes Udsalg og Oplag af justerede Maale- og Vejeredskaber«.

Og 7. gr. hljóðar:

»Fra dette Tidspunkt (ɔ: 3 ár frá 4. maí 1907) justeres ikke længere Maale- og Vejeredskaber efter det nugældende System undtagen til Brug for *Island* og de Vestindiske Öer, hvorimod Omjustering af saadanne Redskaber endnu kan finde Sted«.

Íslendingar geta án alls efa lögrétt vogir sínar og mæla, að öllum fornspurðum. Það mál tilheyrir verzlunarlöggjöfinni, sem er sérmál.

Hinn 7. des. 1907 gefa Danir út reglur um skammstafanir í metramáli og 14. maí 1909 lög um laun jústeringarem-

bættismanna hinna hærri. 12. nóv. 1909 kom út reglugerð fyrir justerstofnun þessa. Er hún ríkisstofnun. Árið 1907 lagði stjórnin fyrir alþingi frv. um metramál hér á landi. Var það samþykt og náði staðfestingu 16. nóv. s. á. Í þeim var ekkert talað um lögréttíng á vog og mæli. 27. des. 1909 kom út konungleg auglýsing um það, að metralögin kæmu til framkvæmda 1. jan. 1910.

Það getur haft verklega þýðingu og verið atvinnuatriði að hafa lögréttíng á vog og mæli hér í landinu sjálfu, og varla hygg eg þeykisiðn vera mögulega eða að gagni koma meðan svo er, enda er mér svo sagt af sérfróðum mönnum. Hygg eg ekki, að það þurfi útskýringar við. Nú brennimerkja ekki fógetar slík ílát lengur, heldur verður að fá lögréttíng á þeim í Kaupmannahöfn. Meðan svo er, getur engin laggaraiðn þrifist hér, því ódýrara er að kaupa hlutina beint frá Höfn heldur en kosta flutning á þeim héðan og þangað til lögréttíngar og svo heim aftur.

Að hv. ráðh. (Kr. J.) »akti« ekki þessa áskorun skil eg ekki. Hann er of skynsamur maður til þess, enda förum við ekki fram á annað en að stjórnin íhugi þetta mál og geri svo væntanlega nauðsynlegar ráðstafanir, sem við verður komið. Er það allilt að þurfa að leita til útlanda til að fá sér lögrétta koppa eða kyrnur eða kvarða lítinn. Ganga má að því vísu, að áhaldakaup yrðu nokkuð dýr, en rekstur ekki. Hér er maður á landi þessu, sem semur vörumerkjaskrá og hefir að launum, ef mig minnir rétt, 360 kr. Ekki er oss mögulegt að segja um það, hvort rekstrarkostnaður við lögréttíngu á vog og mæli yrði meiri, en óhætt er að fullyrða, að hann mundi ekki setja landið á höfuðið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vildi að eins mæla örfá orð. Eg vildi einungis mælast til eins lítilræðis af hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.). Þó að honum hafi mistekist að drepa háskólann, þá er hann, eins og maður veit, farinn að búa sig undir að halda fyrirlestra þar. Nú hefir hann haldið einn af þeim fyrirlestrum, sem hann er búinn að semja, yfir okkur hér í deildinni í dag. En eg vildi mælast til þess af honum, að hann framvegis vildi hlífa okkur við að hlusta á þessa fyrirlestra sína, en að hann afhenti skrifurunum þá, svo að þeir gætu komið í þingtíðindin.

Annars leiðir þingsályktunartillaga þessi ekki til annars en að auka óþarfakostnað, en hefir ekkert »praktist« gildi, því þá yrði að stofna nýtt embætti, auk margs annars kostnaðar. Hún er eitt af því marga, sem þessi þingm. ungar út, og ekki er til annars en að eyða tíma þingsins að óþörfu, og legg eg til, að hún verði feld.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Eg ætla að eins að bæta dálitlu við, en ekki að fara að svara hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Orð hans fyrirlít eg. Mér gleymdist að taka það fram, að öll ílát yrðu stórum ódýrari, ef við lögréttum þau sjálfir hér í landinu

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan (A. 794) samþ. með 13 : 2 atkv. og afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis*.

Skilnaður ríkis og kirkju.

FYRIRSPURN til ráðherra (A. 34).

Á fundi deildarinnar 21. febr. var fyrirspurnin leyfð með 20 shlj. atkv.

Ráðherra tilkynti, að hann svaraði fyrirspurninni 6. marz.

Á fundi deildarinnar þann dag fóru fram umræður um málið.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Það kom flatt upp á mig, að þessi fyrirspurn yrði tekin til umræðu hér í dag; eg vissi það fyrst, þegar eg kom inn í deildina í morgun; en það gerir ekki mikið til, því að hér er um einfalt mál að ræða.

Eg vil þá byrja með því, að þakka hæstv. ráðherra (B. J.) fyrir, að hann hefir tjáð sig fúsan til að svara fyrirspurninni.

Svo sem kunnugt er, skoraði síðasta alþingi á stjórnina að rannsaka, hvort nokkur leið væri til þess að gera aðskilnað ríkis og kirkju og leggja síðan frumv. um það fyrir alþingi, ef henni virtist það tiltækilegt. Þessu máli er nú svo komið meðal þjóðarinnar, að fjöldamargir óska, að sem fyrst verði gerð gagnger breyting á núverandi ástandi. Eg vil taka það fram nú þegar, að eg tel sjálfsagt, að bera slíkt mál sem þetta undir alla kjósendur landsins, áður en því verður ráðið til lykta. Nú vil eg leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um, hvað gerst hafi í þessu máli; mönnum er ekki kunnugt, að stjórnin hafi aðhafst neitt, en væntanlega getur hæstv. ráðherra nú gefið fullnægjandi skýringar.

Ráðherrann (B. J.): Fyrirspurninni er fljótsvarað: stjórnin hefir alls ekkert gert í þessu máli Ástæðurnar til þess eru þær, að þó að Nd. samþykti áskorun um rannsókn og undirbúning þessa máls, þá vísaði hún hvorki á fé til framkvæmda né hverja aðferð skyldi hafa við undirbúning málsins. Til eru margar aðferðir til þess að fá að vita vilja almennings, en beinasta og eina tiltækilega aðferðin er sú, að leita atkvæða allra alþingiskjósenda í landinu, en það hefir bæði kostnað og fyrirhöfn í för með sér. Þegar spurningin um aðflutningsbann á vín var lögð fyrir þjóðina, var alt öðru máli að gegna, því að þá fóru um leið fram almennar alþingiskosningar. En síðan á síðasta þingi hafa engar kosningar farið fram og stjórnin því ekki séð neina leið til þess að afla sér vitneskju um vilja kjósenda í þessu máli. Hefði átt að framkvæma téða áskorun, þurfti ekki einungis að vísa á einhverja tiltækilega leið til að komast fyrir vilja almennings, heldur löglega fjárveiting til að standast kostnaðinn, — ekki nóg að neðri deild láti í ljós ósk sína um þetta.

Jón Sigurðsson: Eg hafði búist við, að eftir því sem hæstv. ráðherra (B. J.) tók í mál þetsa á síðasta þingi, mundi hann gera eitthvað til þess að hrinda því áleiðis, en það hefir hann ekki gert. Hæstv. ráðherra sagði á síðasta þingi: »Hins vegar hefi eg ávalt verið þeirrar skoðunar, þegar eg hefi hugsað um þetta mál, að æskilegast væri að með almennri atkvæðagreiðslu væri leitað atkvæða um málið, því að þótt komið hafi fram meira og minna ákveðnar skoðanir um þetta mál á meira eða minna velsóttum þingmálafundum, þá tel eg það ekki nægilegt í þessu efni«. Að vísu verður slíkt stórmál og þetta ekki leitt til lykta á örstuttum tíma, en hæstv. ráðh. (B. J.) hefði þó bæði átt og getað undirbúið það. Ef hann hefði viljað slá sér upp og sýna að hann væri »radik..l« hefði hann átt að skipa fyrir um almenna atkvæðagreiðslu í máli þessu og greiða þannig eitthvað fyrir því. Kostnaðurinn við slíka atkvæðagreiðslu hefði ekki orðið mikill og þó að ekkert fé hafi verið veitt til þessa kostnaðar á síðustu fjárlögum hefði mátt veita það eftir á. Hæstv. ráðh. (B. J.) hefir veitt eins mikla fjárupphæð, enda þótt hún hafi ekki verið heimiluð á fjárlögunum. Aðalatriðið er að hann hefði átt að gera eitthvað í máli þessu, en hann

hefir alls ekkert gert og hefði verið rétt að bæta því á sínum tíma á syndaskrá hans.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.): Eg vil geta þess, að mér þykir svar hæstv. ráðh. (B. J.) hvorki gleðilegt né fullnægjandi. Hann hefði bæði getað og átt að undirbúa málið, en hefir alls ekkert gert. Ástæðurnar, sem hann færir fyrir því, eru ófullnægjandi og hefði hann ekki átt að virða vilja þingsins að vettugi.

Að því er fjárveitinguna snertir, er það ekki nægileg ástæða, að ekkert fé var veitt á fjárlögunum til þess að undirbúa mál þetta.

Í fyrsta lagi kostaði slíkur undirbúningur ekki mikið og í öðru lagi hefði mátt veita fé til hans eftir á. Slíkt er oft gert, þá er um nauðsynlega fjárveitingu er að ræða. Annars var hér ekki um neinn sérstakan kostnað að ræða, að eins nokkur fyrirhöfn fyrir stjórnina að bera málið undir landsmenn, en það var blátt áfram skylda hennar, samkvæmt ályktun alþingis.

Hæstv. ráðh. (B. J.) sagði, að ekki hefði verið bent á neina aðferð til þess að framkvæma mál þetta. En þetta er ekki rétt, því að síðasta þing benti á aðferðina. Það getur verið að hún sé ekki rétt, en eg álít hana rétta. Það á að bera mál þetta undir þjóðina. Stjórnin hefir ekkert gert í máli þessu og er það athugavert fyrir hana að hafa þannig lítilsvirt og traðkað vilja þjóðarinnar. Sá tími mun koma, að þetta verður alvörumál. Landsmenn una því ekki til lengdar, að vilji þeirra sé einkis virtur, hvorki í þessu máli né öðrum málum, hvort sem í hlut á landsstjórnin eða þingmenn þjóðarinnar.

Ráðherrann (B. J.): Eg hefi engu við að bæta. Stend við það, sem eg hefi sagt um þetta mál. Eg hleyp ekki eftir því, þótt virðul. fyrirspyrjandi (J. J.) segi, að þetta kosti ekki mikla peninga og þó hann benti á 10 leiðir án þess að ákveða þær. Annars þykist eg ekki þurfa að taka upp ástæðurnar fyrir því að mál þetta var ekki undirbúið. Að gera hvell, er alsiða orðið. Eg tek það ekki nærri mér, þótt virðul. fyrirspyrjandi *reyni* að gera hvell úr þessu og mun eg hvorki blikna né blána við það.

Umræðu lokið.

Lenging þingtímans.

Á fundi Nd. 10. apríl gat forseti (H. Þ.) þess, að þá væru nærfelt liðnar þær 8 vikur, er lögheimilaðar væru til þingsetu og spurðist því fyrir, hvort ráðherra hefði ekki fengið heimild hjá konungi til að lengja þingtímann.

Ráðherrann (Kr. J.) gat þess þá, að hann samkvæmt heimild frá konungi, lengdi þingið fyrst um sinn til aprílloka.

Á fundi 29. apríl vék forseti aftur að því, að enn myndi þörf að lengja þingtímann frekar og því svaraði:

Ráðherrann (Kr. J.): Eg skal lýsa yfir því, að eg hefi fengið heimild til þess að lengja þingið enn um nokkra daga og leyfi eg mér hér með í nafni Hans Hátignar konungsins að framlengja þingsetutímann til næsta laugardags (6. maí) og eg skal bæta því við, að það er ekki loku fyrir það skotið, að eg geti framlengt það enn í 2—3 daga í viðbót, ef á liggur, en mér virðist það augljóst að þingið, einkum háttv. Ed., eigi enn talsverðum störfum ólokið.

Síðar framlengdi ráðherra enn þingið til miðvikudags 10. maí.

Kosningar.

(Á deildarfundi 2. maí).

I.

Kosning gæzlustjóra landsbankans fyrir timabilið frá 1. júlí 1912 til 30. júní 1916.

Kosningu hlaut: Vilhjálmur Briem prestur á Staðastað með 13 atkv.

Jón Gunnarsson samábyrgðarstjóri fékk 10 atkv.

2 seðlar auðir.

II.

Kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðsins fyrir timabilið frá 1. sept. 1911 til 31. ág. 1915.

Kosningu hlaut: Magnús Stephensen fyrv. landshöfðingi með 24 atkv.

Jón Gunnarsson samábyrgðarstjóri fékk 1 atkv.

III.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna fyrir árin 1910 og 1911.

Kosningu hlaut: Skúli Thoroddsen alþingismaður með 15 atkv.

Hannes Þorsteinsson alþingism. fékk 10 atkv.

Fundalok í Nd.

(8. maí).

Forseti: Störfum deildarinnar er þá hér með lokið og mun svo fara um þau eins og önnur mannleg verk, að þau verði fyrir misjöfnum dómum. Af ópólitiskum málum tel eg hafnarmál Reykjavíkur eitthvert hið þýðingarmesta. Þjóðin mun nú með nýjum kosningum kveða upp dóm yfir starfsemi fulltrúa sinna og þeim dómi verða allir að hlíta. Mikil líkindi eru til, að talsverðar breytingar verði á skipun deildarinnar á ýmsan hátt, þótt enginn geti vitað, í hverja átt þær breytingar muni fara. Eg vil óska þess eins, að á næsta þing komi ekki einungis ákveðnir flokksmenn, heldur einnig stefnufastir *menn*, menn í orðsins bezta og sannasta skilningi, menn, sem eru »nec prece nec pretio mobiles«, því á slíkum mönnum þarf þjóð vor að halda.

Eg vil svo að lokum þakka öllum fyrir góða samvinnu og óska þeim þingdeildarmönnum góðrar heimferðar, er heimili eiga utanbæjar.

Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl.: Með því að vér erum nú að skilja í þetta sinn og ekki víst, eins og hæstvirtur forseti tók fram, að vér hittumst allir hér á næsta þingi, þykir mér hlýða, fyrir hönd flokks míns og væntanlega allra þingmanna, að þakka hæstv. forseta fyrir dugnað hans og drengilega framkomu, og góða samvinnu á þessum tveim þingum, sem hann hefir setið í forsetastóli. Vænti eg, að hv. þm. vilji lýsa samhug sínum með þessu, er eg hefi sagt, með því að standa upp.

Sigurður Gunnarsson: Mér þykir ástæða til að taka undir með háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), tel það almenna kurteisisskyldu, að þakka forseta góða samvinnu og árna honum alls góðs, þar sem orð hans áðan áttu við *alla* þingdeildarmenn án tillits til flokka. Og sérstaklega tek eg undir þá ósk forseta, að næsta þing megi sitja *menn* í orðsins sönnustu merkingu, það er hreinskilnir og sannir ættjarðarvinir. Með þessum orðum lýk eg forseta þakkir fyrir samvinnuna.

Forseti: Eg þakka hin hlýju og vingjarnlegu orð, er til mín hafa verið töluð og segi svo

fundi slitið.